Bækur.is
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Titill
Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenzkum málum.

Bindi
8.bindi (1908-1912)

Ár
1886

https://baekur.is/bok/001194492/8/Landsyfirrettardomar_og_Bindi_8
22.02.2019 19:13


EX-LIBRIS

Landsyfirréttardómar

og

hæstaréttardómar

í íslenzkum málum

VIII. bindi.

1908—1912

Reykjavík
Isafoldarprentsmiðja — 1913

Registur

við

dómasöfnin 1908—1912.

Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Ábyrgðarfélag þilskipa við Faxaflóa 36, 646
»Aldan« síldveiðafélag 58
Anna Kr. Bjarnadóttir. 137, 287
Anna Runólfsdóttir 308
Anton Jónsson 60
Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð 502
Árni Sveinsson 115, 301
Árni Thorlacius 82
Árni Þórarinsson 471
Á. Ásgeirssonar verzlun 125
Ásgeir Pétursson 195, 238, 673
Baldursfélagið á Akureyri 119
Balslev Johan 611
Bátaábyrgðarfélag Vestmanneyja 255, 632
Berg Kr. 769
Bjarnason Anton 714

Bls.

Bjarnason Brynjólfur H. 596
Bjarnason Lárus H. 14, 85, 535, 703, 710
Björn Bjarnarson 46
Björn Bjarnarson 348, 367
Björn Gíslason 685
Björn Jónsson. 439, 448, 506
Björn Kristjánsson 412, 528, 736
Björn Líndal 327
Björn Sigurðsson 105
Björn Sigurðsson 412, 528
Blöndahl Magnús 297
Brandur Bjarnason 297
Briem Eiríkur 416
Briem Vilhjálmur 14, 85
Brillouin J. P. 444, 456, 465
Bruun Ludvig Olaf Rye 356
Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar . . . 464, 593, 602
Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar 125, 554
Bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar . 181, 332, 596, 728
Carl Stenders Kunstforlag 474
Christensen I. An. 36, 63, 675
Clausen Fridrik 789
Clausen Torger 789
Dánarbú Gísla Bjarnasonar 270
Dánarbú Ólafs Ólafssonar 151
Davidsen Salomon 170, 477, 628
Eggerz Guðmundur 295
Eigendur Hrútafells með Hrútafellskoti 696
Eigendur Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal 696

Bls.

Eigendur skipsins Ruth 751
Einar Arnórsson 665, 678
Einar Gunnarsson 474
Einar M. Jónasson 72, 206, 250, 336, 348, 367, 388, 401, 422, 462, 531, 584, 650, 665, 678, 685, 697
Einar Markússon 51, 295
Eiríkur Eiríksson 206
Eyólfur Jónsson 745
Finnur Ólafsson 484
Flannery P. 41
Flygenring Ágúst 499
Frederikshavns Jernstöberi og Maskinfabrik . . . 492
Fredriksen & Co. Mandal 63, 675
Friðrik Hallgrímsson 317
Friðrik Þorgrímsson 10
Friis H. V. 259, 263, 266
Gautesen I. 36, 63, 675
G. Gíslason & Hay 485, 570, 578, 641, 769
Gísli Finnsson 259
Gísli Jóhannesson 255
Gísli Magnússon 325
Gísli Þorbjarnarson 98, 350
Gránufélagið á Akureyri 60, 362
Gregersen H. Chr. 288
Guðbrandur Magnússon 82
Guðjón Knútsson 723
Guðmundur Björnsson 46
Guðmundur Egilsson 431, 708
Guðmundur Gíslason 388

Bls.

Guðmundur Guðlaugsson 327
Guðmundur Guðmundsson 270
Guðmundur Guðmundsson 502
Guðmundur E. J. Guðmundsson 616
Guðmundur Hannesson. 21
Guðmundur Jónasson 158, 170. 348, 367, 477, 511, 628
Guðmundur Magnússon 350
Guðmundur Pétursson 189, 234
Guðmundur Þorbjarnarson 30
Guého Felix 41
Gunnar Egilson 736
Gunnar Þorbjörnsson 271
Gunnlaugur Marteinsson 740
Gutenberg hlutafélag 697
Hafstein Marino 188, 189, 229, 234
Halldór Daníelsson 1
Halldór Hávarðsson 421
Halldór Jónsson 745
Hallgrímur Jónsson 94
Hansen Nicolai 308
Hanson O. N. 511
Havsteen Christen 60
Havsteen J. V. 362, 452
Hekla hlutafélag 679
Herbert Sigmundsson 374
Hið danska steinolíufélag . . 605, 632, 714, 777, 780
Hjálmar Sigurðsson 641
Hjörleifur Þórðarson 374
Houmöller Brödrene 492
Hreppsnefnd Bessastaðahrepps 792

Bls.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps 278
Hreppsnefnd Búða- og Fáskrúðsfjarðarhrepps . . 210
Hreppsnefnd Gerðahrepps 539, 698
Hreppsnefnd Hólshrepps 542
Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps 786
Hreppsnefnd Nauteyrarhrepps 550
Hreppsnefnd Neshrepps innan Ennis 325
Hreppsnefnd Patrekshrepps 480
Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps 787, 789
Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps . . . 78, 181, 605
Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps 611, 616
Hreppsnefnd Torfalækjarhrepps 55
Höydal Lyder 658
Ingimundur Halldórsson 740
Ingólfur Kristjánsson 310
Íslandsbanki 189, 757
Islandsk Handels- og Fiskerikompagni 158
Jaðar hlutafélag 310
Jakob Gunnlaugsson 58, 344
Jóhann Jónsson 325
Jóhannes V. H. Sveinsson 51, 295, 619
Jón Árnason 777, 780
Jón Jensson 444, 456, 465
Jón Jónsson 175
Jón Jörundsson 46, 188, 229
Jón Magnússon 380, 388
Jón Ólafsson 23, 144, 374, 506, 562
Jón Ólafsson 105
Jón G. Ólafsson 480
Jón Pálmason 16

Bls.

Jón Bjarni Pétursson 238, 287
Jón Sigmundsson 109
Jón Sigurðsson 270
Jón G. Sigurðsson 14, 85
Jón Stefánsson 34
Jón Þórarinsson 792
Jón Þorsteinsson 740
Jónassen J. 332
Jónas Þorsteinsson 708
Jónatan Þorsteinsson 215
Jórunn Bjarnadóttir 308
Jósef Jóhannesson 757
Kálfatjarnarkirkja 28
Knudsen Vilhelm 344
Kristín Jónsdóttir 98
Kristján Jónsson 380, 412, 439
Kristján Jónasson 296, 359, 484, 511
Landsbanki Íslands . . 141, 339, 380, 522, 531, 584
Landssjóður 21, 271, 327, 352, 452
Landsstjórnin 380
Landt & Rickertsen 658
Lárus Benediktsson. 189
Lárus Halldórsson 330
Lauritzen Anna Marie 356
Leontio Warburgs Sön & Co. 115, 301
Magnús Guðmundsson 46
Magnús Jónsson 388, 578
Magnús Stefánsson 55
Magnús Torfason 352
Magnús Þórðarson 325

Bls.

Magnús Þórðarson & Co. 570
Margrét Guðmundsdóttir 308
Margrét Hróbjartsdóttir 92
Mollerups C. Maskinfabrik 147
Möller F. C. 764
Nielsen Carl P. M. 175
Nielsen Chr. 740
Oddur Gíslason 348, 367, 499
Odland Cornelius 751
Ólafur Árnason 728
Ólafur Björnsson 374, 535, 562
Ólafur Finnsson 296, 359
Ólafur Guðmundsson 141
Ólafur V. Ófeigsson 688
Ólafur Ólafsson 30
Ólafur Theódórsson 187, 240, 423, 523
Óli Kr. Jónsson Coghill 92
Olsen O. W. 464
Páll Einarsson 703, 710
Páll Markússon 60
Petersen A. L. 94
Petersen Waldemar 210, 764
P. M. Bjarnason & Co. 238, 245, 287
Pétur Jónsson 619
Pétur Jónsson og sonur 245, 287
Pétur Zóphoníasson 109
Pétur Þorgrímsson 757
Pomellec J. 41
Reykdal Jóhannes J. 266
Runólfur Stefánsson 485

Bls.

Runólfur E. Sverrisson 250, 336, 422, 462
Samson Eyólfsson 352
Separator Depot Alpha Laval, hlutafélag 679
Sigfús Eymundsson 330
Sigfús Pétursson 151
Sigfús Sveinbjarnarson 207, 421, 471
Sigríður Guðjónsdóttir 308
Sigríður Jónsdóttir 308
Sigtryggur Jóhannesson 60
Sigurður Finnbogason 424
Sigurður Gíslason 28
Sigurður Hjörleifsson 34
Sigurður Ingimundarson 325
Sigurður Jónsson 1
Sigurður Jónsson 542
Sigurður Sumarliðason 16
Sigurjón Baldvinsson 46
Sivertsen Vevang O. 416
Sjúkrahúsnefnd Ísafjarðar 550
Slippfélag Reykjavíkur 723
Snæbjörn Björnsson 538, 637
Sólborg Oddsdóttir 10
Stefán Björnsson 325
Stefán Th. Jónsson 147, 492
Stefán Stefánsson 538, 637
Strand Emil 187, 240, 288
Sturla Jónsson 206, 416, 697
Sveinbjörn Kristjánsson 78
Sæmundur Halldórsson 619
Thore gufuskipafélag 215

Bls.

Thorlacius Ólafur 108, 234
Thorsteinsson P. J. & Co. 263, 401, 423, 523, 593, 602, 661
Thorsteinsson Th. 646
Tómas Jónsson 317
Tryggvi Gunnarsson 448, 559
Tulinius A. V. 108, 234
Tulinius C. D. Efterfölger 787
Tulinius Thor E. 590
Valdemar Ottesen 23
Valtýr Guðmundsson 144
Wathnes O. Arvinger. hlutafélag 769
Victor Steam Fishing Co. 41
Vilhelm M. Jónsson 416
Willumsen John 431
Wollan N. 119
Þóra J. Einarsson 308
Þórarinn Eyólfsson 574
Þórarinn Gunnarsson 661
Þorbjörg Ármannsdóttir 650
Þorbjörg Runólfsdóttir 424
Þórður Sveinsson 559
Þórður J. Thoroddsen 522, 539, 574, 590, 688, 698, 786
Þorsteinn Gíslason 528
Þorsteinn Gunnarsson 783
Þorsteinn Jónsson 46
Þorsteinn Jónsson 278
Þorsteinn Magnússon 207
Þorsteinn Magnússon 339

Bls.

Þorsteinn Pétursson 270
Þorsteinn Þorkelsson 783
Þorvaldur Jónsson 554
Þrotabú Önnu Kr. Bjarnadóttur 238, 287
Örtenblad Fridtjof 195, 673
Östlund David 72

B. Opinber mál.

Anton Björn Tómasson 656
Axel Samúelsson 407
Bendtsen Anders Peter 624
Benedikt Bjarnason 340
Benjamín Guðmundsson 102
Bergþór Björnsson 729
Bjargmundur Guðmundsson 409
Bjargmundur Sveinsson 340
Bjarnason P. M. 134
Bjarni Sigurðsson 209, 244, 274
Björn Halldórsson 392, 442
Brynjólfur Brynjólfsson 340
Dagbjartur Einarsson 26
Egill Sigurðar Kristjánsson 403
Einar Jónsson 292
Eiríkur Eiríksson 250
Eyólfur Ófeigsson 520
Finnbogi Jensson 97
Friðrik Jónsson 565
Guðfinnur Kr. Guðmundsson 340
Guðjón Ágúst Jónasson 90

Bls.

Guðjón Magnússon 489
Guðjón Símonarson 321
Guðmundur Jónsson 15
Guðmundur Sigurðsson 624
Guðmundur Steinsson 340
Guðni Einarsson 795
Guðný Gísladóttir 75
Haakonsen S. A. 282
Halldór Hávarðsson 5, 7
Halldór Jónsson 340
Halldór Þorsteinsson 656
Helgi Bjarnason 340
Hinrik Árnason 219
Hjálmar Þorgilsson 774
Hreggviður Þorsteinsson 620
Jóhann Guðmundsson 155
Jóhann Kr. Guðmundsson 340
Jón Jónsson 667
Jón Jónsson 761
Jónas H. Jónsson 526, 672
Június Kr. Jónsson 340
Karl Lárusson 624
Karólína Gottskálksdóttir 247
Katrín Jónsdóttir 693
Kjartan Ólafsson 340
Kristján Jón Guðjónsson 370
Kvernberg A. 394
Magnús Hjaltason 607
Magnús Magnússon 340
Mattías Mattíasson 620

Bls.

Óli Magnús Arngrímsson 640, 718
Páll Bergsson 117
Páll Sigurðsson 396
Samson Eyólfsson 224
Sekse L. A. 269, 282, 334
Sigríður Jónsdóttir 729
Sigríður Jóafatsdóttir 669
Sigurgarður Sturluson 519, 598
Sigurgeir Sófus Gissurarson 222
Sigursteinn Þorsteinsson 340
Sigvaldi Guðmundsson 209, 244, 274
Steingrímur Benediktsson 454
Steinn Óli Jónsson 372
Strand Emil 620
Vilhelmína Hjaltadóttir 378
Þórður Jónsson 340
Þorsteinn Sigurðsson 340

Efnisskrá.

Ábyrgð.

Brenna.

Eiður.
Eignarréttur.
Einkaleyfisréttur.
Embættismenn og sýslunarmenn.
Embættistakmörk yfirvaldanna.
Erfðafesturéttur.

Faðerni.
Fals.
Farmannalög.
Fiskiveiðar, sjá veiði, veiðilög, veiðiréttur.
Fjárhaldsmenn og ómyndugir.
Fógetagjörðir.
Forkaupsréttur.
Frávísun.
Fæðing í dulsmáli.

Kaup og sala.

Landamerkjamál.
Lögreglu- og sveitarstjórn.

Manndráp.
Meinsæri og rangar skýrslur.

Ofbeldi og líkamlegar meiðingar.
Ólögmæt meðferð á fundnu fé og þvml.
Ómaksbætur.
Ómerkingardómar.

Reki, rekaréttur.
Réttarfarslög.

Sakhæfi.
Samningar.
Sáttalöggjöf.
Skaðabætur
Skattar og gjöld.
Skiftamál.
Skírlífisbrot.
Skulda- og reikningsmál.
Sveitarmál.
Svik, sviksamlegt athæfi.

Umboð, umboðslaun.
Uppboð.
Úrskurðir.
Útsvarsmál, sjá skattar og gjöld.

Valdstjórn og allsherjar regla.

Veð, veðréttur.
Veiði, veiðilög, veiðiréttur.
Verzlun, áfengisverzlun og veitingar.
Vitnamál.
Vörumerki.

Þjófnaður, þjófnaðarhilming.

Ærumeiðingar og skammir.

Ábyrgð. Bls.

Stefndu dæmdir samkvæmt sjálfskuldarábyrgð til að greiða verzlunarskuld annars manns . 175, 740, 745

Áfrýjandi dæmdur til að losa stefnda við ábyrgð á reikningsláni 688

Sjálfskuldarábyrgðarmönnum fyrir reikningsláni, er 2 menn tóku í félagi, eftir atvikum eigi álitið skylt að greiða þann hluta reikningslánsins, er annar lánþega notaði eftir dauða hins 757

Brenna.

2 menn dæmdir fyrir íkveikju í húsi, annar samkv. 283. gr. 2. málsgr., sbr. 53. gr. og 48. gr., hinn samkv. 283. gr. 2. málsgr., sbr. 48. gr. hegningarl. 274

Maður dæmdur fyrir íkveikju í húsi samkv. 283. gr. 2. málsgr. hegningarl. 321

Kona sýknuð af ákæru fyrir að hafa valdið húsbruna með óvarkárni 378

Eiður.

Barnsmóður dæmdur eiður í faðernismáli með því að vitnisburðir styrktu skýrslu hennar, og eigi varð fortekið, að barnið gæti verið komið undir á þeim

Bls.

tíma, er kærði kannaðist við að hafa átt samræði við hana 10
Úrslit máls út af ósamræmi tveggja samrita húsaleigusamnings um upphæð húsaleigunnar látin koma undir eið áfrýjanda 98
Lagt fyrir kærða að synja með eiði fyrir faðernislýsingu kæranda, eða greiða ella meðlag með barni hennar eftir yfirvaldsúrskurði 92, 356
Stefnda í skuldamáli fyrirlagður synjunareiður um undirskrift hans undir skuldabréf 574

Eignarréttur.

Felt úr gildi fógetabann, er stefndi lét lýsa gegn því, að áfrýjandi héldi áfram bólverksbyggingu á lóð, er báðir eignuðu sér, með því að áfrýjandi þótti vera búinn að helga sér eignarrétt á þeim hluta lóðarinnar, er bólverkið var bygt á 125
Áfrýjandi sýknaður af kröfum út af sandtöku og sandsölu, með því að hann áleizt vera eigandi lóðarinnar, er sandurinn var tekinn úr 362

Einkaleyfisréttur.

Maður, kærður um brot á einkaleyfisrétti með því að flytja til Íslands mótkassa og vélar til steinsteypu, sýknaður, með því að einkaréttur kæranda taldist ná til þess eins, »að gjöra eða láta gjöra á Íslandi« nefnd áhöld 60
Fógetaúrskurður feldur úr gildi eftir kröfu áfrýjanda

Bls.

og fógetinn skyldaður til að lýsa lögbanni gegn því, að stefndi seldi vöru með vörumerki, er áfrýjandi taldi vera eftirstæling á skrásettu vörumerki sínu 714

Embættismenn og sýslunarmenn.

Héraðslækni synjað um framlag úr landssjóði til að launa aðstoðarlækni í 2 mánuði, með því að maður sá, er stefnandi taldi verið hafa aðstoðarlækni sinn, var settur til að gegna embætti hans þessa 2 mánuði í fjarveru hans og gat því eigi jafnframt verið aðstoðarlæknir hans þann tíma 21

Dómari, lögsóttur til sekta og skaðabóta fyrir réttarsynjun og til að þinglesa og bóka landamerkjadóm, sýknaður, með því að landamerkjadómur hafði eigi orðið uppkveðinn, án þess dómarinn ætti sök á því 229

Fógetaúrskurður, er tók til greina kröfu gæzlustjóra landsbankans, er landstjórnin hafði vikið frá því starfi, um innsetningu hans í gæzlustjórastarfið, staðfestur 380

Gæzlustjóra við landsbankann, sem landstjórnin vék frá störfum við bankann 22. nóv. 1909, dæmd þóknun fyrir gæzlustjórastörfin frá 1. jan. 1910, með því að frávikningin taldist þá fallin úr gildi samkv. lögum nr. 12, 9. júní 1909 412

Bls.

Embættistakmörk yfirvaldanna.

Tekið fram, að réttur dómenda samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar til þess að skera úr ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna taki einnig til fógetaréttar 380

Staðfestur bæjarþingsdómur, er frávísaði meiðyrðamáli, af því að hin umstefndu ummæli voru höfð af hálfu stefnda til að rökstyðja stjórnarathöfn, er dómstólarnir eru eigi bærir að dæma um . . . 349

Erfðafesturéttur.

Hæstaréttardómur um tilkall bæjarstjórnar Reykjavíkur til að krefja í bæjarsjóð nokkurs hluta af andvirði fyrir skákir úr erfðafestulandi, er seldar voru til byggingarlóða. 332

Faðerni.

Barnsmóður dæmdur eiður í faðernismáli, með því að vitnisburðir styrktu skýrslu hennar, og eigi varð fortekið, að barnið gæti verið komið undir á þeim tíma, er kærði kannaðist við, að hafa átt samræði við hana 10

Maður dæmdur til að synja fyrir faðerni barns með eiði, eða greiða ella fúlgu með barninu eftir yfirvaldsúrskurði. Eigi álitið, að áfrýjanda væri frábægt að áfrýja málinu, þó að meðlagsúrskurður væri útgefinn og birtur honum 92

Lagt fyrir kærða að synja fyrir faðernislýsingu kær-

Bls.

anda með eiði, eða greiða ella meðlag með barni hennar eftir yfirvaldsúrskurði 356

Fals.

Maður dæmdur fyrir skjalafals samkvæmt 270. gr. hegningarl. 102, 598
Maður dæmdur samkv. 272. gr. sbr. 273. gr. hegningarlaganna fyrir að falsa nöfn 3 manna undir samskotalista 222
Maður dæmdur fyrir skjalafals samkv. 277. gr. sbr. 270. gr. hegningarl. 289

Farmannalög.

Útgerðarmaður fiskiskips sýknaður af kröfu skipstjóra um uppbót á skipstjórakaupi 51
Skipshöfn á fiskiskipi sýknuð af kæru valdstjórnar um strok af skipinu 340
Útgerðarfélag fiskiskips sýknað af kröfu sjómanns um skaðabætur fyrir riftingu á skiprúmssamningi . . 661

Fiskiveiðar

sjá veiði, veiðilög, veiðiréttur.

Fjárhaldsmenn og ómyndugir.

Krafa um ónýting samnings um húsbyggingu, sakir þess að annar semjendanna, byggingameistarinn,

Bls.

var ófullveðja, þegar samningurinn var gjörður, ekki tekin til greina 78

Maður sýknaður af víxilkröfu, með því að hann var ófullveðja þegar hann ritaði naín sitt á víxilinn, og tilsjónarmaður ritaði eigi undir með honum . . 207

Fógetagjörðir.

(sbr. skattar og gjöld skulda og reikningsmál).

Felt úr gildi fógetabann, er stefndi lét lýsa gegn því, að áfrýjandi héldi áfram bólverksbyggingu á lóð, er báðir aðilar eignuðu sér, með því að áfrýjandi þótti vera búinn að helga sér eignarrétt á þeim hluta lóðarinnar, er bólverkið var bygt á. . . . 125

Fógetaúrskurður um lögtak á aukaútsvari feldur úr gildi 210

Lögtak á uppboðsverði fyrir rekatré dæmt ómerkt . 234

Kyrsetningargjörð samkvæmt o. brj. 30. nóv. 1821 staðfest 259, 263, 266, 416, 769

Gagnáfrýjun fjárnámsgjörðar af hendi manns, er eigi var stefnt í aðalsökinni, vísað frá yfirdóminum . 477

Fógetaúrskurður, er synjaði um lögtak á landskuld af umboðsjörð, staðfestur 502

Staðfestir 2 fógetaúrskurðir, um framhaldsfjárnám og um töku fjármuna, er áður var gjört fjárnám í, úr vörzlu skuldara 628

Fjárnám samkvæmt veðskuldabréfi dæmt ógilt, með því að veðskuldabréfið var óþinglesið, þó að það væri fyrirfram innfært í veðmálabók til þinglesturs 658

Bls.

Staðfest fjárnámsgjörð í fasteign samkv. veðskuldabréfi. 665

Forkaupsréttur.

Ábúandi á jarðarhálflendu eigi talinn hafa forkaupsrétt á hinni hálflendunni, samkv. lögum 2. des. 1906, með því að eigi var sannað, að hann hefði byggingu fyrir þeirri hálflendu 105

Mál um kaupverð jarðar, er sveitarfélag átti forkaupsrétt að samkv. lögum nr. 30, 20. okt. 1905, en seld hafði verið öðrum manni 278

Frávísun.

Máli frávísað sakir þess, að eigi voru framlagðar fullnægjandi dómsgjörðir undirréttar 14, 234, 519, 522, 678

Máli vísað frá yfirdómi sakir ólöglegrar birtingar áfrýjunarstefnunnar 58

Máli vísað frá yfirdómi, af því að innsigli stefnuvottanna var eigi sett undir birtingarvottorðið á áfrýjunarstefnunni, og stefndi mætti eigi 108

Krafa um frávísun gagnsakar frá yfirdóminum, af því að réttum umboðsmanni aðaláfrýjanda hafði eigi verið stefnt, ekki tekin til greina 158

Sakamáli vísað frá yfirdóminum, með því að eigi var í áfrýjunarstefnu undirdómarans fylgt fyrirmælum tilsk. 31. maí 1805. 209

Krafa stefnda um frávísun málsins frá yfirdóminum

Bls.

fyrir þá sök, að innsigli stefnuvottanna var eigi undir birtingarvottorði þeirra á áfrýjunarstefnunni, eigi tekin til greina 210

Eigi tekin til greina krafa um frávísun máls fyrir þá sök, að dagsetning birtingarvottorðsins á áfrýjunarstefnunni var röng, með því að þetta var bersýnileg ritvilla 240

Máli vísað frá yfirdómi fyrir þá sök, að öðrum af 2 dómurum, sem farið höfðu með málið, var eigi stefnt 250

Almennu lögreglumáli vísað frá yfirdóminum sakir þess, að héraðsdómarinn hafði áfrýjað því af eigin hvötum, án þess kærði beiddist þess 269

Máli vísað frá yfirdóminum af því að fullnaðardómur var þar áður genginn í því 287

Máli vísað frá yfirdómi af því að áfrýjanda brast umboð til málskotsins 339, 401

Máli vísað frá yfirdómi af því að eigi var stefnt réttum varnaraðila 367

Krafa um frávísun máls frá fógetarétti, af því að hann væri eigi bær um að fara með það, eigi tekin til greina 380

Gagnáfrýjun fjárnámsgjörðar af hendi manns, er taldi sig eiganda nokkurra muna, er fjárnám var gjört í, vísað frá yfirdóminum, með því að manni þessum var eigi stefnt í aðalmálinu 477

Útsvarsmáli vísað frá yfirdóminum, með því að útsvarskröfunni var þar beint á hendur öðrum mönnum heldur en fyrir fógetaréttinum, án þess að sannað væri, að þeir væri löglega komnir í hinna stað 593

Bls.

Krafa um frávísun máls fyrir þá sök, að áfrýjunarfrestur samkv. 11. gr. laga 16. des. 1885 hefði verið liðinn, þegar áfrýjunarstefna var gefin út, eigi tekin til greina 602
Gagnsök vísað frá undirrétti, með því að hún var eigi lögð til sátta 637, 641
Kröfu um frávísun máls frá undirrétti, af því að það heyrði eigi undir úrlausn dómstólanna, eigi sint 646
Landamerkjamáli vísað frá yfirdómi sakir þess, að réttum málsaðilum var eigi öllum stefnt 696
Áfrýjun fógetaúrskurðar frávísað, af því að fógetanum var eigi stefnt 786

Fæðing í dulsmáli.

Stúlka dæmd samkv. 195. gr. hegningarl. fyrir fæðing í dulsmáli 75
Kona sýknuð af ákæru um brot samkv. 195. og 196. gr. hegningarl. 729

Kaup og sala.

Krafa kaupenda vélarbáts um rifting kaupanna sakir galla á vélinni og endurborgun þess, er greitt var upp í bátsverðið, eigi tekin til greina, en þeir dæmdir til að greiða seljanda eftirstöðvar kaupverðsins 46
Maður dæmdur til að greiða umsamið verð fyrir bátsvél (mótor) með því hann hafði bundist því, að kaupa vélina, ef hann skilaði seljanda henni

Bls.

eigi aftur innan 3 mánaða, en hélt henni fram yfir þann tíma 147

Kaupandi 1000 tunna af síld dæmdur til að greiða seljanda umsamið verð fyrir hana, með því að ósannað var, að síldin hefði eigi verið fullgild vara, og kaupandi gat eigi dregið frá kaupverðinu andvirði fyrir aðra kaupheild (Parti) síldar, er hann hafði borgað seljanda, en varð að teljast hinni óviðkomandi 195

Áfrýjandi talinn bera ábyrgð sem kaupandi á borgun fyrir 2 bátsvélar, er hann pantaði hjá stefnda handa öðrum 492

Landamerkjamál.

Landamerkjadómur um slægnaítak staðfestur . . . 436

Lögreglu- og sveitarstjórn.

Maður sektaður fyrir ólöglegar veitingar áfengra drykkja 117

Feldur úr gildi fógetaúrskurður um lögtak á kosnaði við ráðstöfun heilbrigðisnefndar, með því að eigi þótti vera lagaheimild fyrir þeirri ráðstöfun . . . 554

Manndráp.

Maður dæmdur samkvæmt 200. gr. hegningarl. fyrir að hafa af gáleysi orðið valdur að dauða annars manns 442

Maður sýknaður af ákæru um manndráp 729

Bls.

Meinsæri og rangar skýrslur.

Maður dæmdur samkvæmt 149. gr. hegningarl. fyrir ranga skýrslu fyrir rétti 526
Hæstaréttardómur í því máli 672

Ofbeldi og líkamlegar meiðingar.

Maður, er skaut á vélarbát, og særði einn af skipverjum, sýknaður, með því að tilverknaður hans taldist vera gáleysisverk og áverkinn, sem hlauzt af skotinu, eigi svo verulegur, sem lýst er í 206. gr. hegningarl. 218

Ólögmæt meðferð á fundnu fé og þvml.

Maður dæmdur samkv. 250. gr. hegningarl. fyrir að kasta eign sinni á fjármuni, er komnir voru í vörzlu hans án hans tilverknaðar 5, 396, 565
Maður dæmdur samkv. 250. gr. hegningarl. fyrir að slá eign sinni á peninga, er annar maður fekk honum í ógáti 90
Maður sýknaður um brot eftir 250. gr. hegningarl. 134
Maður dæmdur samkv. 249. gr. hegningarl. fyrir ólögmæta meðferð á fundnu fé 219

Ómaksbætur.

Stefnda dæmdar ómaksbætur, er áfrýjandi mætti eigi við fyrirtekt málsins 58, 187, 206, 295, 296, 422, 423, 464, 484, 538, 619

Bls.

Ómerkingardómar.

Dómur ómerktur af því að málsskjölin báru eigi með sér, að málið hefði verið lagt fyrir sáttanefnd . . 46
Gestaréttardómur og úrskurður, er synjaði um frest í málinu, ómerktir og héraðsdómaranum lagt fyrir að taka málið upp aftur og veita frest í því . . 85
Bæjarþingsdómur, er frávísaði gagnmáli, af því að það hafði eigi verið lagt löglega til sátta, ómerktur, og málinu heimvísað til nýrrar dómsáleggingar, með því að sannað var fyrir yfirdómi, að lögleg sáttatilraun hefði farið fram í gagnsökinni 94
Í máli, er héraðsdómurinn hafði vísað frá dómi með úrskurði, án þess að kveða upp reglulegan dóm, úrskurðurinn ónýttur, og málinu vísað heim til dómsáleggingar um aðalefnið 115
Tveir skiftaréttarúrskurðir ómerktir, fyrir þá sök, að sátta var eigi leitað um ágreiningsefnið 270
Fógetaúrskurður um lögtak á útsvörum fleiri manna dæmdur ómerkur sakir ólöglegrar málasamsteypu 325
Krafa um ómerking fógetaúrskurðar af því að hann væri eigi nægilega rökstuddur og af því að hann hefði verið ritaður í dómabókina áður en fógetagjörðin hófst, ekki tekin til greina 380

Reki, rekaréttur.

Lögtak á uppboðsverði fyrir rekatré dæmt ómerkt eftir kröfu uppboðskaupanda og honum dæmdar skaðabætur, með því að rekatréð áleizt hafa verið

Bls

orðið eign hans samkv. o. bréfi 4. maí 1778 og o. bréfi 2. apríl 1853, áður en uppboðið fór fram 234

Réttarfarslög.

Sekt dæmd fyrir ósæmilegan ritháttt í réttarskjali 72, 146, 367, 550, 554, 650

Eigi talin ástæða til, að 2 af yfirdómendunum vikju úr dómarasæti, þó að þeim hefði verið stefnt til vitnisburðar í málinu, með því að þeir gátu eigi borið neitt um það, er þeir voru krafðir til vitnis um 1

Synjað um frest til vitnaleiðslu, með því að vitnisburður sá, er nota skyldi frestinn til að fá, áleizt eigi ráða neinu um úrslit málsins . . 188, 189, 348

Dómari víttur fyrir meðferð sakamáls 224

Úrskurður um frestbeiðni 238

Stefnda synjað um frest til að koma málinu í samband við áfrýjun sjálfs hans á dómnum 245

Fundið að því, að dómur í sakamáli var kveðinn upp í gestarétti 250

Fundið að því, að 8 vitni voru yfirheyrð í senn við sakamálsrannsókn 321

Fundið að meðferð sakamáls, að málshöfðunarskipun stjórnarráðsins var eigi lögð fram 378

Meðdómendum yfirdómsins eigi talið heimilt að víkja úr dómarasæti í máli, þar er justitiarius var málsaðili 380

Synjað um frest til gagnáfrýjunar 421

Skipuðum talsmanni í gjafsóknarmáli eigi dæmd mál-

Bls.

flutningslaun, með því að gjafsóknarleyfið og talsmannsskipunin hljóðaði um annan mann heldur en þann, er stefnt var við áfrýjunina 593
Fundið að því, að undirdómari gaf út áfrýjunarstefnu í sakamáli áður en ákærði hafði lýst því yfir, að hann vildi eigi una við dóminn 607

Sakhæfi.

Eigi talin heimild til að beita 40. gr. hegningarl. 222, 667

Samningar.

Áfrýjandi dæmdur samkvæmt kaupsamningi um hús til að endurgreiða stefnda það, sem hann (stefndi) hafði goldið af húsverðinu 16, 109
Maður, er lögsóttur var fyrir vanefndir á samningi um ráðningu kaupakonu hjá áfrýjanda, sýknaður, með því að ráðningin áleizt því skilyrði bundin, sem áfrýjandi vildi ekki fullnægja, að kaupakonan mætti hafa barn sitt með sér í kaupavinnuna . . 30
Mál út af ósamræmi tveggja samrita af húsaleigusamningi 98
Mál út af kaupsamningi um húseign. Kaupandi dæmdur til að skila seljendum aftur húseigninni með leigu, með því hann stóð eigi skil á kaupverðinu 119
Skipstjóri, er tók til flutnings salt og tunnur, en kom þeim eigi til skila, dæmdur til að greiða eigandanum andvirði þeirra 310

Bls.

Afrýjandi sýknaður af kröfu stefnda um gabbsbætur fyrir samningsrof 388
Afrýjandi dæmdur samkvæmt samningi við stefnda til að nema burtu tálmanir fyrir umferð stefnda um veg, er áfrýjandi gjörði yfir tún hans . . . 456
Mál út af samningi um verzlunarviðskifti 511
Áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda umsamda húsaleigu 783

Sáttalöggjöf.

Dómur ómerktur, af því að málsskjölin báru eigi með sér, að málið hefði verið lagt til sátta 46
Krafa um ómerking dóms vegna ófullnægjandi sáttatilraunar ekki tekin til greina 23, 60, 144, 359, 448, 506
Bæjarþingsdómur, er frávísaði gagnmáli af því að það hefði eigi verið lagt löglega til sátta, ómerktur, og málinu heimvísað til nýrrar dómsáleggingar, með því að sannað var fyrir yfirdómi, að lögleg sáttatilraun hafði farið fram í gagnsökinni 94
2 skiftaréttarúrskurðir ómerktir fyrir þá sök, að sátta var eigi leitað um ágreiningsefnið 270
Maður sektaður fyrir að koma eigi á sáttafund . . 288
Krafa um að fá sáttanefndarmenn leidda sem vitni um orð, er töluð voru á sáttafundi, eigi talin á rökum bygð. 444
Eigi álitið nauðsynlegt, að vísa gestaréttarmáli frá dómi, þó að sáttatilraun væri gerð áður en stefnan var lögð fram 542

Bls.

Gagnsök vísað frá undirrétti, af því, að hún var eigi lögð til sátta 637, 641

Skaðabætur.

Áfrýjandi dæmdur í skaðabætur til stefnda fyrir vanefndir á kaupsamningi um hús . . . 16, 109, 119

Skipstjóri á gufuskipi, er rakst á gufubát á Reykjavíkurhöfn, svo að hann slitnaði upp og varð að algerðu strandi, dæmdur sjálfur og vegna eigenda skipsins til að greiða ábyrgðarfélagi því, er báturinn var vátrygður hjá, vátryggingarupphæð bátsins að fullu, með því að skipið áleizt eiga alla sök á bátstapanum 36

Skipstjóri á botnvörpuskipi, sem rakst á fiskiskip á Reykjavíkurhöfn, dæmdur sjálfur og vegna eigenda botnvörpungsins til að greiða bætur fyrir skaða þann, er varð á fiskiskipinu við samreksturinn, svo og fyrir atvinnutjón skipsins 41

Eigendur gufubáts, er strandaði fyrir árekstur gufuskips, álitnir hafa fengið fullar bætur fyrir bátinn hjá ábyrgðarfélagi því, er hann var vátrygður hjá, og krafa þeirra um frekari skaðabætur hjá eigendum gufuskipsins því eigi tekin til greina. . . . 63

Hæstaréttardómur í því máli 675

Kaupandi 4 kúa krafðist skaðabóta hjá seljanda fyrir það, að kýrnar reyndust kálflausar. Krafan eigi tekin til greina, með því að seljandi hafði eigi tekið ábyrgð á því, að kýrnar væru með kálfi, og

Bls.

hafði eigi ástæðu til að ætla, að það væri frá kaupanda hálfu skilyrði fyrir kaupunum 82

Stefndi sýknaður af skaðabótakröfu áfrýjanda út af ólöglegri fjárnáms- og uppboðsgjörð, með því að málinu var áður ráðið til lykta með réttarsætt . . 151

Áfrýjandi, sem fengið hafði að handveði hjá stefnda, til tryggingar víxli, veðskuldabréf annars manns óþinglesið, en tekið jafnframt við gjaldi fyrir þinglesturinn, er hann þó lét farast fyrir, svo að veðrétturiun varð ónýtur, dæmdur til að greiða stefnda bætur fyrir tjón það alt, er hann beið fyrir vanrækslu þinglestursins 189

Krafa um skaðabætur fyrir samningsrof eigi talin á rökum bygð 195

Dómari, lögsóttur til skaðabóta fyrir réttarsynjun, sýknaður 229

Gestaréttardómur í skaðabótamáli staðfestur eftir kröfu áfrýjanda 245

Kaupmaður sýknaður af kröfu vátryggingarfélags um skaðabætur fyrir það, að hann hefði selt 2 vélarbátum, er vátrygðir voru hjá félaginu, svo vonda steinolíu til vélanota, að það hefði valdið missi bátanna 255, 632

Áfrýjandi sýknaður af kröfu stefnda um skaðabætur fyrir vanskil á tunnum og salti, er áfrýjandi tók að sér til flutnings 310

Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda um skaðabætur fyrir skemdir, er urðu á munum áfrýjanda við eldsvoða í húsi stefnda og áfrýjandi taldi hann bera ábyrgð á 317

Bls.

Krafa áfrýjanda varðhaldsúrskurðar um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju eigi tekin til greina, með því að engin skýrsla kom fram um það, að sakamál hefði eigi verið höfðað gegn áfrýjanda, að lokinni rannsókn, né að hann hefði verið sýknaður í slíku máli 327

Krafa um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju eigi tekin til greina, með því að eigi voru framkomnar skýrslur, er nein ætlun eða álit um sakleysi sækjanda af broti því, er hann var kærður fyrir, yrði bygð á 352

Afrýjandi dæmdur til að greiða stefnda skaðabætur fyrir að hafa bannað honum afnot af vegi . . . 456

Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda um skaðabætur út af víxilkröfu, er hann fekk sér tildæmda hjá áfrýjanda 485

Stefnda dæmdar skaðabætur hjá áfrýjanda fyrir samningsrof um kaup á tveimur bátsvélum 492

Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda um skaðabætur fyrir vanrækslu á erindisrekstri 570

Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda um skaðabætur fyrir það, að stefndi hafði greitt umsamda borgun fyrir bryggjusmíð til bryggjusmiðsins sjálfs eftir að hann hafði framselt borgunarkröfuna til áfrýjanda, með því að það sannaðist eigi, að stefndi hefði í tækan tíma fengið vitneskju um framsalið . . . 611

Þilskipaábyrgðarfélag sýknað af kröfu skipseiganda um bætur fyrir sjóskemdir á skipi, er var vátrygt hjá félaginu 646

Stefndi (Slippfélag Reykjavíkur) sýknað af kröfu

Bls.

áfrýjanda um skaðtbætur fyrir uppboðssölu á skipi, með því að stefnda varð að vera heimilt að losa sig á þennan hátt við skipið, er áfrýjandi þrátt fyrir ítrekaðar kröfur, sinti því ekki, að taka skipið burtu af smíðastöð félagsins 733

Skipstjóri og eigandi skips, er sigldi á fiskiskip og sökti því, dæmdir til að greiða skaðabætur fyrir skipið sjálft, útbúnað þess og afla, svo og fyrir glataða fjármuni, heimsending og atvinnutjón skipshafnar 751

Skattar og gjöld.

Bónda, er eigi hélt hjú, álitið óskylt að greiða meir en hálfan ljóstoll 28

Fógetaúrskurður um lögtak á sveitarútsvari fyrir 2 ár staðfestur um útsvarið seinna árið, en ómerktur um útsvarið fyrra árið, af því að það hafði glatað lögtaksrétti. 55

Álitið, að eigi séu lög til að leggja aukaútsvar á utanhrepps-eiganda laxár fyrir laxveiði í ánni, er hann eigi stundar sjálfur, en leigir öðrum 181

Maður sýknaður af aukaútsvarskröfu, af því að hann var eigi útsvarsskyldur í sveitarfélaginu 210

Staðfestur fógetaúrskurður um lögtak á tollauka samkv. lögum 31. marz 1909 af vörum innfluttum áður lögin komu í gildi 271

Fógetaúrskurður, er synjaði lögtaks á tollauka samkv. lögum 31. marz 1909, feldur úr gildi 452

Útsvar talið réttilega lagt á mann í Patrekshreppi, með

Bls.

því að ætla varð að hann hefði haft aðsetur þar fardagaárið, er útsvarið miðaðist við 480
Kaupmaður sýknaður af kröfu bæjarstjórnar um aukavatnsskatt af sölubúð 596
Útgerðarmenn síldveiðiskips, sem seldi afla sinn í kaupstað, en hafði þar ekki önnur viðskifti, eigi taldir útsvarsskyldir í kaupstaðnum 602
Félag, sem geymdi vöruforða sinn í Viðey, en hafði eigi verzlun né borgarabréf til verzlunar þar, eigi talið útsvarsskylt í Seltjarnarneshreppi 605
Maður talinn útsvarsskyldur í Reykjavík, án tillits til þess, hvort hann sjálfur dvaldi þar lengur eða skemur, með því að hann var þar húsráðandi og hélt dúk og disk fyrir fjölskyldu sína 728
Útgerðarmenn á Eskifirði, er ráku síldveiði með nót fyrir landi Reyðarfjarðarhrepps, taldir útsvarsskyldir í nefndum hreppi, þó að ekkert af síldinni væri flutt þar í land 787, 789
Maður talinn útsvarsskyldur í Bessastaðahreppi, með því að hann hafði leiguliðaafnot af jörð í hreppnum fardagaárið, er útsvarið var miðað við . . . 792

Skiftamál.

Tveir skiftaréttarúrskurðir ómerktir, af því að sátta var eigi leitað um ágreiningsefnið 270

Skirlifisbrot.

Maður dæmdur samkv. 177. gr. hegningarl. fyrir saurlifnaðarathæfi við stúlkubarn 372

Bls.

Maður dæmdur samkv. 163. gr. hegningarl. fyrir sifjaspell 667
Maður dæmdur samkv. 162. gr. og 169. gr. sbr. 46. gr. hegningarl. fyrir nauðgunartilraun við dóttur sína 761
Maður dæmdur samkv. 175. gr. sbr. 167. gr. hegningarl. fyrir samlifnaðarathæfi við stúlkubörn 607

Skulda- og reikningsmál.

Mál út af sölu á verzlun og reikningsskilum við eigendaskiftin 158
Kaupmaður dæmdur til að greiða umboðsmanni sínum í Kaupmannahöfn verzlunarskuld 170
Mál um farmgjald fyrir stofugögn. Álitið sannað, að »Svenske Möbler« sé í verzlunarmálinu sama sem »Pindmöbler«, svo að áfrýjanda, sem hafði fengið loforð um lægra farmgjald fyrir »Svenske Möbler«, hafi verið óheimilt að telja þar til almenn stofugögn, þótt sænsk væru 215
Mál um greiðslu vinnulauna 240
Mál um skil á andvirði fyrir vörur, er áfrýjandi hafði í umboðssölu fyrir stefnda 288
Áfrýjandi dæmdur til að greiða kaupverð bátsvélar, með því að hann hafði lofað stefnda að sjá um skilvísa borgun á vélinni, og gat því eigi vísað honum um borgunina til annars manns, er tekið hafði við henni, en eigi greitt hana til stefnda . 297
Mál út af verzlunarviðskiftaskuld . 301, 344, 350, 359, 424, 431, 511, 523, 590, 641
Hæstaréttardómur um borgun fyrir prentun kóralbókar. Afrýjandi sýknaður, með því að stefndi

Bls.

varð að teljast með framkomu sinni hafa samþykt verð það á prentuninni, er sett var í reikningi áfrýjanda 330
Dómur í skuldamáli staðfestur eftir kröfu áfrýjanda 421, 474, 697
Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda út af makaskiftum á húsum 462
Áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda eftirstöðvar af skipsverði, en kröfum hans gegn stefnda til skuldajafnaðar vísað frá, með því að hann hafði eigi gagnstefnt málinu 471
Hæstaréttardómur út af ágreiningi um björgunarlaun 499
Krafa um landskuldargreiðslu af umboðsjörð eigi tekin til greina, með því að landskuldin taldist vera fyrirfram greidd árið áður 502
Áfrýjandi sýknaður af skuldakröfu stefnda, með því að stefndi varð eigi talinn réttur sóknaraðili . . 539
Áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda eftirstöðvar af kostnaði við kaup á skipi 578
Krafa málaflutningsmanns um laun fyrir innheimtu skulda og önnur störf fyrir Landsbankann eigi tekin til greina, með því að eigi var sannað, að hann ætti kröfu til frekari launa en hann hafði meðtekið fyrir þessi störf 584
Hreppsnefnd sýknuð af kröfu bryggjusmiðs um eftirstöðvar af borgun fyrir bryggjusmíði 616
Áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda eftirstöðvar af jarðarverði 637
Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda um greiðslu eftirstöðva af húsbyggingarkostnaði 650

Bls.

Stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda um borgun fyrir 50 skilvindur, með því að áfrýjandi hafði eigi í tækan tíma andmælt því, að andvirði skilvindanna væri greitt manni, er áður hafði skilvindurnar í umboðssölu fyrir áfrýjanda 679

Hreppsnefnd dæmd til að greiða skuld, er fyrverandi hreppsnefnd áleizt hafa skuldbundið hreppsfélagið til að greiða 698

Stefnda dæmd borgun á fjárkröfu af kyrsettum munum samkv. o. brj. 30. nóv. 1821 . . 259, 263, 266, 416, 769

Sveitarmál.

Hreppsnefnd dæmd til að greiða sjúkrahúskostnað þurfamanns 550

Hreppsnefnd sýknuð af kröfu kennara um kenslukaup, með því að hún taldist hafa haft heimild til að segja honum upp kenslustarfinu fyrirvaralaust 542

Svik, sviksamlegt athæfi.

Maður dæmdur fyrir svik samkv. 253. grein hegningarlaganna 97, 409, 489

Maður sýknaður af ákæru um svik 224, 370

Maður dæmdur fyrir svik samkv. 262. gr. hegningarl. 520

Umboð, umboðslaun.

Krafa áfrýjanda um umboðslaun fyrir sölu á húseign

Bls.

eigi tekin til greina, með því að áfrýjandi seldi eigi húseignina, með því að stefndi hafði eigi gefið honum einka-umboð til sölunnar, og með því að eigi varð litið svo á, að hann hefði lofað áfrýjanda sölulaunum, nema því að eins, að húseignin seldist fyrir hans milligöngu 72

Umboð málshefjanda talið vera í fullu gildi, þó að bú umbjóðanda væri tekið til opinberrar skiftameðferðar 115

Áfrýjandi dæmdur til að endurgjalda stefnda fjárhæð, er hann taldi sér í umboðslaun, og tók undir sjálfum sér af fé stefnda 336

Málfærslumaður, er hafði umboð til að innheimta skuldir fyrir Landsbankann hjá verzlunarfélagi, eigi talinn hafa heimild til að halda fyrir bankanum bókum og skjölum, snertandi umboðsreksturinn, eftir að umboðið var afturkallað, með því að ósannað var, að hann ætti neina kröfu á hendur bankanum, er gæti heimilað honum slíkt hald . . . 531

Krafa áfrýjanda um sölulaun fyrir makaskifti á húsum ekki tekin til greina, með því að ekki var sannað, að makaskiftin hefðu orðið fyrir milligöngu hans. 708

Umboðssali dæmdur til að endurgreiða umbjóðanda sölulaun, er hann hafði reiknað sér af vörum, er eigi voru borgaðar þegar hann slepti umboðinu. . 764

Uppboð.

Stefnda talið heimilt að selja við opinbert uppboð á

Bls.

kostnað eiganda skip, er þeir eigi, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur hans, vildu taka burtu af smíðastöð hans. 723

Urskurðir.

Synjað um frest til vitnaleiðslu, með því að vitnisburður sá, er nota skyldi frestinn til að fá, áleizt eigi ráða neinu um úrslit málsins . . 188, 189, 348
Ítarlegri skýrslur heimtaðar í sakamáli. 244, 392, 660, 669, 795

Útsvarsmál, sjá skattar og gjöld.

Valdstjórn og allsherjar regla.

Maður dæmdur samkv. 99. gr. hegningarl. fyrir mótþróa gegn sýslumanni, er hann var að embættisverki. 7
Maður sektaður fyrir óspektir og ofbeldi við samkomu Hjálpræðishersins. 15
Maður, kærður til refsingar samkv. 99. gr. hegningarl., sýknaður í yfirdómi. 250
2 menn dæmdir í héraði fyrir brot á tilskipun 12. febr. 1872 um fiskveiðar útlendra við Ísland og lögum 31. júlí 1907, sýknaðir í yfirdómi. . . . 282
Maður sektaður fyrir ólöglegar veitingar áfengra drykkja. 117
Síldarútgerðarmaður sektaður fyrir brot á lögum um síldarnætur 25. sept. 1902. 334

Bls.

Skipshöfn á fiskiskipi sýknuð af kæru valdstjórnar um strok af skipinu. 340
Skipstjóri sýknaður af kæru um brot á tilsk. 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland. . 394
Maður dæmdur samkv. lögum 11. nóv. 1899 fyrir ólöglegar veitingar áfengra drykkja. Tveir kærðir sýknaðir. 620, 624

Veð, veðréttur.

Eigi talið sannað, að veðhafi í skipi, er veðsali afsalaði öðrum manni, hefði leyst veðsala af ábyrgð á veðskuldinni við eigandaskiftin. Veðsali því dæmdur til að greiða skuldina. 137
Áfrýjandi, sem fengið hafði að handveði hjá stefnda til tryggingar víxli veðskuldabréf annars manns óþinglesið, en tekið jafnframt við gjaldi fyrir þinglesturinn, er hann þó lét farast fyrir, svo að veðrétturinn varð ónýtur, dæmdur til að greiða stefnda bætur fyrir tjón það alt, er hann beið fyrir vanrækslu þinglestursins. 189

Veiði, veiðilög, veiðiréttur.

2 menn dæmdir í héraði fyrir brot á tilskipun 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland og lögum 31. júlí 1907, sýknaðir í yfirdómi . . . 282
Síldarútgerðarmaður sektaður fyrir brot á lögum um síldarnætur 25. sept. 1902 334
Skipstjóri sýknaður af kæru valdstjórnar um brot

Bls.

á tilskipun 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland. . . . . 394.

Verzlun, áfengisverzlun og veitingar.

Maður sektaður fyrir ólöglegar veitingar áfengra drykkja 117
Maður dæmdur samkvæmt lögum 11. nóvbr. 1899 fyrir ólöglegar veitingar áfengra drykkja. Tveir kærðir sýknaðir. 620, 624

Vitnamál.

Afrýjað 2 úrskurðum í vitnamáli, þar sem synjað var að leggja nokkrar spurningar fyrir vitni. Annar úrskurðurinn feldur úr gildi, með því að spurning sama efnis hafði áður í málinu mótmælalaust verið lögð fyrir 2 vitni, hinn staðfestur, með því að eigi varð séð, að spurningarnar, þó að vitnið svaraði þeim, gætu skift máli um málsúrslitin. . . 374
Úrskurður, er synjaði um að leggja spurningar fyrir vitni, feldur úr gildi, og dómarinn skyldaður til að leggja hinar umþrættu spurningar fyrir vitnið, og taka málið til nýrrar meðferðar upp frá því. . 535
Mótmæli gegn vitnaleiðslu samkv. N. L. 1—3—22 tekin til greina. 703

Vörumerki.

Fógetaúrskurður, er neitaði áfrýjanda um að lýsa lögbanni gegn því, að stefndi seldi vöru með merki, er

Bls.

áfrýjandi taldi vera eftirstæling af skrásettu vörumerki sínu, feldur úr gildi, og fógeti skyldaður til að lýsa lögbanninu 714
Kaupmanni dæmdur réttur til að fá skrásett vörumerki. 777
Að stefndi hafði tekið orðið »Rocklight« upp í skrásett vörumerki sitt á steinolíu, eigi talið því til fyrirstöðu, að áfrýjandi seldi steinolíu með þessu nafni, með því að aðrir höfðu áður notað þetta nafn á steinolíu, en stefndi eigi fyrstur tekið það upp sem sérstaklega tilbúið heiti á steinolíutegund 780

Þjófnaður, þjófnaðarhilming.

Dómur fyrir einfaldan þjófnað framinn í fyrsta sinn 26, 102, 155, 403, 407, 656
Kvenmaður dæmd samkv. 232. gr. 1. málsgr. hegningarl. fyrir einfaldan þjófnað framinn í 2. sinn . 247
Maður dæmdur fyrir stórþjófnað samkv. 231. gr. hegningarl. 292, 396, 403, 407, 454
Kona dæmd samkv. 240. gr. hegningarl. fyrir þjófnaðarhilming 693
Maður sýknaður af ákæru um sauðaþjófnað. . 729, 774

Ærumeiðingar og skammir.

Sektadómar fyrir meiðyrði samkv. 219 gr. hegningarl. 1, 23, 34, 143, 308, 448, 506, 529, 559, 562, 710, 736
Staðfestur bæjarþingsdómur, er frávísaði meiðyrða-

Bls.

máli, af því að hin umstefndu ummæli voru höfð af hálfu stefnda til að rökstyðja stjórnathöfn, er dómstólarnir eru eigi bærir að dæma um . . . 349
Stefndi sýknaður í meiðyrðamáli, með því að eigi var sannað, að hann hefði viðhaft hin átöldu ummæli 444, 703
Sektadómur fyrir meiðyrði samkv. 217 gr. hegningarl. 465
Sektadómur fyrir meiðyrði samkv. 217 gr., sbr. 218 og 219 gr. hegningarl. 685

Prentvillur og leiðréttingar.

Bls. 141. A eftir »1908« í 2. l. a. o. komi ný lína: Föstudaginn 2. október 1908.
— 143. Fyrir orðin »hér að framan« í neðstu l. komi: í VII. b.
— 195. Í efstu l. »Ortenblad« les: Ørtenblad.
— 247. Í 9. l. a. n. »Gottskálsdóttur« les: Gottskálksdóttur.
— 284. Í 3. l. a. o. »ákærir« les: áhrærir.
— 284. Í 8. l. a. n. »dómurinn« les: dómarinn.
— 327. Í 13. l. a. n. »varðhaldskostnaðinum« les: varðhaldsúrskurðinum.
— 370. Í 9. l. a. o. »269« les: 259.
— 430. Í 12. l. a. n. »55« les: 54.
— 430. Í 6. l. a. n. »í« les: á.
— 444. Í 9. l. a. o. »27« les: 29.
— 445. Í 5. l. a. o. »1877« les: 1797.
— 610. Í 11. l. a. n. »275« les: 175.
— 631. Í 11. l. a. o. »á« les: í.
— 637. Í neðstu l. bætist inn á eftir »flutningsmaður«: fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu.
— 667. Í 11. l. a. n. »41« les: 40.
— 673. Í 8. l. a. n. »256—257« les: 526—527.

Bls. 693. Í 4. l. a. o. »órakskað« les: óraskað.
— 695. Í 7. l. a. n. »verða« les: vera.
— 709. Í 11. l. a. o. »sínum« les: sömu.
— 772. Í 14. l. a. n. »enn« les: eru.

Landsyfirréttardómar 1908.

Mánudaginn hinn 10. febrúarmánaðar.

Nr. 44/1907. Halldór bæjarfógeti Daníelsson
gegn
Sigurði Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn bæjarfógeti í Reykjavík Halldór Daníelsson fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn stefnda húsmanni í Reykjavík Sigurði Jónssyni frá Fjöllum, fyrir meiðyrði í grein með fyrirsögninni: »Bæjarfógetaskrifstofan«, í blaðinu Reykjavík, er út kom 23. febr. f. á, en nafn stefnda stendur undir grein þessari. Var málið dæmt í nefndum rétti hinn 15. ágústmán. f. á. þannig, að stefndi var samkvæmt 217. gr. sbr. 218. gr. og 219. gr. alm. hegningarlaga dæmdur í 150 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 40 daga einfalt fangelsi, og öll hin átöldu ummæli um áfrýjandann í téðri grein voru dæmd dauð og ómerk. Svo var og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda í málskostnað 30 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 26. okt. síðastl., og hefir hann

krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og stefndi dæmdur í málskostnað eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 1. nóvember síðastliðinn og krafist að verða sýknaður algjörlega í málinu og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Þar sem stefndi loks hefir krafist þess, að yfirdómararnir Kristján Jónsson og Jón Jensson víki úr dómarasæti í máli þessu, sakir þess að þeir hafi borið vitni í því fyrir undirrétti, þá er þess að geta, að yfirdómarar þessir voru að vísu kallaðir til sem vitni af stefnda hálfu meðan málið var fyrir bæjarþingsréttinum, en með því þeim var alls ókunnugt um það, er stefndi krafði þá vitnis um og gátu því ekkert vitni borið í málinu, er engin ástæða til þess að þeir víki sæti í máli þessu.

Umæli þau í fyrnefndri grein, sem átalin eru sérstaklega af áfrýjanda sem ærumeiðandi fyrir hann, eru þessi: »framhald á vanrækslufullri, óreglusamri starfsemi á skrifstofu bæjarins« — »hvort það sé ekki skjalafölsun að breyta stærð lóðarinnar í bókunum« — »úr því það (afsalið) sé athugasemdalaust, þá bendi alt á að breytingin sé gjörð e f t i r þinglestur skjalsins« — »þekkingarleysi ómentaðra manna á að ganga ríkt eftir rétti sínum getur þannig orðið skrifstofunni skálkaskjól, svo hún í næði getur vanrækt að gefa einstæðingunum grundvallarskilyrðin fyrir því að geta haldið eign sinni« — »Fleira mætti s a t t segja um vanrækslu, hirðuleysi og athugaverða bókfærslu á skrifstofu bæjarfógetans, ef lögum vorum væri ekki þannig háttað, að oft verður satt kyrt að liggja«.

Með framangreindum ummælum, í því sambandi

sem þau standa í hinni átöldu grein, er það borið á áfrýjandann, að hann stjórni svo skrifstofu sinni, að þar eigi sér stað hin mesta óregla og vanræksla (vanrækslufull og óreglusöm starfsemi), svo að réttindum manna sé mesta hætta búin, og það er gefið fyllilega í skyn, að skjalafölsun hafi jafnvel átt sér þar stað.

Að því er snertir áburðinn um óreglu og vanrækslu á skrifstofunni og athugaverða bókfærslu, hefir stefndi reynt að sanna það með umfangsmiklum vitnaleiðslum og ýmsum gögnum, að ummæli hans séu á rökum bygð. En þó að það hafi orðið upplýst á þennan hátt eða fyrir það að áfrýjandi hefir kannast við það að fyrra bragði, að misfellur hafi stöku sinnum komið fyrir á starfsemi skrifstofunnar eða mönnum þar hafi yfirsést á einhvern hátt, svo sem í útgáfu veðbókarvottorða eða innheimtu gjalda, sem innheimt eru þar svo þúsundum skiftir á ári hverju, þá gat slíkt á engan hátt heimilað stefnda að kveða upp almennan áfellisdóm yfir starfsemi skrifstofunnar og stjórn áfrýjanda á henni, eins og gjört er með hinum átöldu ummælum, en ummælin eru mjög meiðandi fyrir áfrýjandann sem embættismann og rýrandi álit hans sem embættismanns, því fremur sem ólag það á skrifstofunni, sem lýst er í greininni, er þar beinlínis kent áfrýjanda sjálfum, með því að það er talin afleiðing af því, að áfrýjandi fyrir áskorun bæjarbúa hætti við lausnarbeiðni frá embættinu og sat kyr í því áfram. Viðvíkjandi aðdróttuninni um skjalafölsun, þá er tilefnið til ummælanna í greininni það, að í fundargjörð einni í byggingarnefndarbókinni 7. desbr. 1901, er stærð nokkurra lóða við Grettisgötu, er þá voru útmældar, bókuð svo, að ritað er ofan í tölurnar og þeim breytt úr 25×

45 álnir í 25×40 álnir. Eftir að áfrýjandi hefir skýrt frá hvernig og hvenær þessi breyting hafi verið gjörð, að hún hafi verið fullkomlega réttmæt og á löglegan hátt gjörð, hefir stefndi, sérstaklega fyrir yfirdóminum, að eins fært það sér til varnar, að hann hafi í greininni eigi skýrt frá öðru en því, er annar maður, eigandi einnar lóðarinnar, er stærðin var breytt á í bókinni, hefði skýrt honum frá, og haft eftir honum hvað hann hugsaði um breytinguna, án þess að gera það að sínum orðum eða sínu áliti. En þetta getur ekk orðið stefnda til afsökunar eða réttlætingar, enda notar hann aðdróttunina í greininni til þess að styðja með henni árás sína á skrifstofu áfrýjanda og embættisfærslu hans og gerir hana þannig að sinni eigin og verður að bera ábyrgð á henni.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það að öll framangreind átalin ummæli stefnda um áfrýjanda í téðri grein eru í bæjarþingsdóminum dæmd dauð og ómerk, og verður stefndi að sæta sekt fyrir þau til landssjóðs samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, er þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum 150 kr. eða til vara 40 daga einfalt fangelsi. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, verður hann að öllu leyti staðfestur. Málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda að greiða með 20 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Stefndi Sigurður Jónsson (frá Fjöllum) greiði í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 17. febrúarmánaðar.

Nr. 48/1907: Réttvísin
gegn
Halldóri Hávarðssyni.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Ísafjarðarsýslu, gengnum 23. sept. f. á. var hinn ákærði Halldór Hávarðsson kaupmaður í Bolungarvík dæmdur samkvæmt 250. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hans í héraði cand. phil. Sigurðar Jónssonar, 8 krónur. En dómi þessum er að beiðni ákærða skotið til yfirdómsins.

Með »Laura«, skipi sameinaða gufuskipafélagsins, komu í febr. f. á. til afgreiðslu skipsins á Ísafirði 2 vefnaðarvörupakkar frá verzlunarhúsi Aug. Neubert í Kaupmannahöfn og voru pakkarnir merktir ákærða, en afgreiðslumanni skipsins var lagt fyrir að endursenda pakkana, en afhenda þá ekki, nema verð þeirra, samtals 426 kr. 99 a., væri greitt við móttöku. Afgreiðslumaður átti tal við ákærða rétt eftir komu skipsins um þetta, og neitaði þá ákærði að taka við pökkunum með þessum kjörum (þ: að borga þá strax), því að hann kvaðst að eins hafa beðið um vöru þessa gegn 4 mánaða borgunarfresti. Var þá afgreiðslumaður einráðinn í að endursenda pakkana, eins og fyrir hann hafði verið lagt, með næsta skipi, en litlu eftir þetta saknaði hann annars pakkans og fanst hann hvergi. Kom honum þá til hugar að hann kynni að hafa flækst með öðrum vörum ákærða til Bolungarvíkur og gerði sér 2 ferðir

þangað til þess að grenslast eftir því, en ákærði þvertók fyrir í bæði skiftin að pakkarnir hefðu til sín komið. En er frá leið fekk afgreiðslumaður vitneskju um að ákærði hefði selt vefnaðarvöru, af sömu tegund og í pakkanum átti að vera, og hefði hann, til að ganga úr skugga um það, fengið sér send sýnishorn frá Kaupmannahöfn af vörunni. Kærði hann þá ákærða fyrir sýslumanni og var hafin rannsókn gegn honum, og kannaðist hann þá við það, eftir miklar vífilengjur og ósanninda-undanbrögð, að hann hefði fengið pakkann og selt af honum, en hann hefir haldið því fram, að hann eigi ekki sjálfur sök á því, að pakkinn hafi þangað komist, heldur hafi menn hans fært honum hann af gáningsleysi með öðrum vörum hans úr »Laura«, og segir hann það hafa verið af stíflyndi og af því, að hann hafði selt þegar af pakkanum, að hann þrætti fyrir að að hafa fengið hann.

Eins og skýrslum málsins er varið um það atriði, verður nú að taka þá sögusögn ákærða trúanlega, að pakkinn hafi komist í hans vörzlur án hans tilverknaðar, en hins vegar ber öll aðferð ákærða vott um það, að það hafi verið ásetningur hans að kasta eign sinni á pakkann og leyna honum, og ber því að fallast á það, að undirdómarinn hefir heimfært atferli hans undir 250. gr. hegningarlaganna, en refsing hans þykir hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með þeirri breytingu á refsingunni, einnig málskostnaðarákvæði hans. Með því að ákærði hefir þegar greitt réttum hlutaðeigandi andvirði pakkans 264 kr. 59 a. og eftir kröfu 10 kr. 45 honum viðvíkandi, er eigi um iðgjöld að ræða í máli

þessu. Akærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Halldór kaupmaður Hávarðsson sæti fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, en að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 24. febrúarmánaðar.

Nr. 47/1907: Réttvísin
gegn
Halldóri Hávarðssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 8. júlí f. á., var hinn ákærði Halldór kaupmaður Hávarðsson í Bolungarvík dæmdur samkvæmt 99. gr. alm.

hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnaðinn, en dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir kröfu hins ákærða.

Um sakaefni er það sannað með skýrslu ákærða sjálfs og ýmsum vitnisburðum í málinu, að ákærði hafi sýnt sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu ofsafullan mótþróa og mótstöðu hinn 19. marz f. á., þá er sýslumaður kom með vottum á heimili hans í Bolungarvík til þess að gera lögtak hjá honum fyrir ógreiddum tollgjöldum. Þegar sýslumaður skýrði ákærða frá erindinu, sagði hann að hann væri búinn að senda gjöldin til Ísafjarðar til sýslumanns. Það er nú og sannað, að ákærði sendi þennan sama dag mann til Ísafjarðar með peninga til sýslumanns, en hann kom eigi til Ísafjarðar fyr en síðdegis, og eru allar líkur til þess, eftir því sem skýrslur málsins benda til, að hann hafi eigi farið af stað úr Bolungarvík fyr en um það leyti er sýslumaður var þangað kominn. Þegar nú ákærði eigi vildi skýra sýslumanni frá því, er hann beint spurði um það, með hverjum ákærði hefði sent peningana, lýsti sýslumaður því yfir, að hann tæki eigi orð hans trúanleg, og setti fógetarétt í sölubúð ákærða til þess að framkvæma lögtakið. Ákærði bannaði þá sýslumanni að framkvæma lögtakið, vísaði honum og réttarvottum á dyr, neitaði að vísa á muni til lögtaks og sagði að sýslumaður hefði þar ekkert að gera; aflæsti hann síðan ytri dyrum búðarinnar og ætlaði að bakdyrunum til að skreppa út um þær eða læsa þeim, en honum var eigi leyft það. Hann sagði þá og að þeir (þ: sýslumaður og réttarvottarnir) »skyldu verða að mölva sig út«

og að hann skyldi safna að sér mönnum til þess að koma í veg fyrir að hinir lögteknu munir væri fluttir burt. Ákærði var yfirleitt mjög stórorður og hávaðasamur, enda segir hann sjálfur, að hann hafi snöggvast orðið afskaplega reiður. Sýslumaður lauk þá lögtakinu eins og til stóð, án þess að ákærði gerði frekari tilraun til þess að framkvæma hótanir sínar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir sætt sekt fyrir brot á fiskiveiðasamþykt og sektardómi fyrir ólöglega vínsölu, og með landsyfirréttardómi 17. þ. m., sbr. aukaréttardóm Ísafjarðarsýslu 23. sept. f. á., hefir hann fyrir afbrot framið snemma á árinu sem leið (1907) verið dæmdur samkvæmt 250. gr. alm. hegningarlaga í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Afbrot hans, er hér hefir verið lýst, er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 99. gr. hegningarlaganna, en refsinguna virðist eftir öllum atvikum og með skýrskotun til 65. gr. hegningarlaganna mega ákveða 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að málskostnaðar-ákærði aukaréttardómsins samþykkist, verður þannig að staðfesta nefndan dóm með greindri breytingu á refsingunni. Akærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það er aðfinningarvert, að dómurinn í máli þessu hefir af setudómaranum, sem var sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, verið kveðinn upp í Patreksfirði »í aukarétti Ísafjarðarsýslu«, er þar var haldinn; en þetta var eigi lögum samkvæmt, þótt eigi verði það látið sæta ómerking dómsins. Að öðru leyti vottast, að rekstur

málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsingin sé 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Halldór Hávarðsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 23. marzmánaðar.

Nr. 40/1907: Sólborg Oddsdóttir
gegn
Friðrik Þorgrímssyni.

Dómur:

Í barnsfaðernismáli, er áfrýjandinn ekkjan Sólborg Oddsdóttir á Akureyri höfðaði fyrir lögreglurétti Akureyrarkaupstaðar gegn hinum stefnda úrsmið Friðrik Þorgrímssyni, til þess að fá hann skyldaðan með dómi til að greiða árlegt meðlag með barni hennar, Karli Friðrik, fæddum 19. sept. 1906, er hún hefir lýst stefnda föður að, og að minsta kosti helming af barnsfararkostnaði, var dómur kveðinn upp í nefndum rétti 4.

apríl f. á. með þeim úrslitum, að ef stefndi synjaði fyrir það með eiði að hafa haft holdlegt samræði við áfrýjanda á tímabilinu frá 1. des. 1905 til 22. jan. 1906, skyldi hann vera sýkn af kröfum hennar í málinu; en ynni hann eigi eiðinn, skyldi hann greiða ársmeðlag með umræddu barni, svo og barnsfararkostnað, hvort-tveggja eftir yfirvaldsúrskurði.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. sept. f. á., og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málfærslumann. Hefir þess verið krafist af hennar hálfu fyrir yfirdómi, að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjandi fái að útkljá málið með eiði sínum, svo, að stefndi, ef hún vinnur eiðinn, verði skyldaður til að greiða hin umkröfðu meðlög og barnsfararkostnað, og málskostnað fyrir undirrétti, svo og málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns hennar, en til vara verði málflutningslaunin greidd af almannafé. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdóms.

Stefndi hefir neitað því, að hann hafi haft samræði við áfrýjandann á þeim tíma, að hann geti verið faðir að ofangreindu barni hennar, Karli Friðrik er fæddist 19. sept. 1906 og áfrýjandi hefir lýst hann föður að. Málsaðilar eru þó sammála um það, að kunningsskapur hafi tekist milli þeirra nokkuru eftir að áfrýjandi varð ekkja og þau þá haft samræði saman nokkrum sinnum árin 1903 og 1904, en svo hafi hlé orðið á samförum þeirra þangað til seint á árinu 1905 eða snemma á árinu

1906. Þá hafi þau haft samræði saman tvívegis með fárra daga millibili og stefndi hafi komið í bæði skiftin heim til áfrýjanda, í fyrra skiftið til að taka við úri hjá henni til aðgerðar, en í síðara skiftið til að skila því. Um það, hvenær þetta nánara hafi gjörst, er aftur ágreiningur milli málsaðila. Stefndi heldur því fram, að það hafi verið 23. jan 1906 sem hann tók við úrinu til aðgerðar og 28 jan. sem hann skilaði því aftur, og geti barnið eigi verið komið undir svo seint, enda hefir héraðslækni vottað, að þar sem barnið var að öllu fullburða er það fæddist, 19. sept. 1906, álíti hann það »afar-ósennilegt« og »því sem næst ómögulegt, að það hafi verið getið 23. jan. 1906«. Áfrýjandinn hefir aftur á móti fullyrt, að umræddir samfundir þeirra málsaðila og samræði hafi átt sér stað í desembermán 1905, 2 eða 3 vikum fyrir jól, án þess hún geti tilgreint nánara hvaða dag það hafi verið, og með því að hún hafi eigi haft nein slík mök við neinn annan karlmann en stefnda á þeim tíma, er barn þetta hafi getað komið undir, hljóti það að vera ávöxtur af því samræði örðuhvoru, er þá hafi átt sér stað. Þessi skýrsla áfrýjanda kemur heim við framburð nokkurra vitna, er borið hafa um atvik þau, er málsaðilar hafa miðað við samfundi sína í þessi skifti, og þó að vitnisburðir þeir séu nokkóákveðnir, flestir þeirra, þar sem vitnin ekki þora að fulltreysta minni sínu, þá ber hins vegar að líta á það, að eftir áðurgreindri vottun héraðslæknis verður það ekki talið ómögulegt að barnið geti verið komið undir 23. jan. 1906, þann dag, er stefndi hefir kannast við að hafa haft samræði við áfrýjanda, og er þá eigi stefnda óréttur gjör þótt tekin sé til greina krafa áfrýjanda hér

fyrir réttinum um að hún fái að útkljá málið með eiði sínum á þann hátt, er hún hefir krafist, og ber því að breyta lögregluréttardóminum samkvæmt því. Málskostnaður virðist eiga að falla niður. Málflutningskaup hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, er ákveðist 20 krónur, greiðist af almannafé, og vottast það, að málsfærslan af hans hendi hefir verið óaðfinnanleg.

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega sem áfrýjandinn ekkjan Sólborg Ólafsdóttir innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa vinnur eið að því, eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi, að stefndi úrsmiður Friðrik Þorgrímsson hafi haft holdlegt samræði við hana á tímabilinu frá 1. des. 1905 til 22. jan. 1906, ber stefnda að greiða henni ársmeðlag með barni hennar, Karli Friðrik, fæddum 19. sept. 1906, og barnsfararkostnað, hvorttveggja eftir yfirvaldsúrskurði. En vinni hún eigi eið þennan, á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu. Málskostnaður fellur niður, og málflutningskaup hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmanns Eggerts Claessen, 20 krónur, greiðist af almannafé.

Mánudaginn hinn 30. marzmánaðar.

No. 53/1907: Vilhjálmur prestur Briem og Jón G. Sigurðsson
gegn
Lárusi H. Bjarnason

Dómur:

Í meiðyrðamáli þessu, sem skotið hefir verið til yfirdómsins, með stefnu dags. 30. des. f. á., bera dómsgerðirnar með sér, að lagt hefir verið fram fyrir gestaréttinum af stefnda hálfu (sækjandans í héraði) frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907 (auðkent nr. 7 í dómsgerðunum) og er skírskotað til skjals þessa, sem sagt er fylgja dómsgerðunum in originale, í málsfærslu stefnda fyrir gestaréttinum. Þetta skjal hefir þó eigi verið lagt fram í yfirdóminum ásamt öðrum skjölum málsins og hefir þannig eigi verið gætt fyrirmælanna í N. L. 1—6—10 og 1—5—13. Það verður því ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum. Stefndi hefir eigi komið í yfirdóminn samkvæmt stefnunni né nokkur af hans hendi, og fellur því málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn hinn 6. aprílmánaðar.

Nr. 8/1908: Valdstjórnin
gegn
Guðmundi Jónssyni

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, gengum 16. jan. þ. á., var hinn kærði, Guðmundur Jónsson frá Helgastöðum í Reykjavík, dæmdur fyrir brot gegn 43. gr. í lögreglusamþykt Reykjavíkur 15. nóv. 1890, sbr. viðauka við samþykt þessa 20. nóv. 1898, í 20 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða in solidum með öðrum manni, er kærður var í sama máli, allan af málinu leiðandi kostnað. En þessum dómi hefir eftir ósk hins kærða, að því er hann einan snertir, verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað, sumpart með játningu kærða og sumpart með vitnaskýrslum, að kvöldið 27. des. f. á. fór hann inn í forstofuna við samkomuhús Hjálpræðishersins í Reykjavík í forboði dyravarðarins og gerði síðan ítrekaðar tilraunir til þess að brjótast með ofbeldi, þrátt fyrir mótspyrnu liðsmanna Hjálpræðishersins, inn í samkomusal hersins, en með þessu atferli sínu raskaði hann friði á samkomu hersins, sem þá stóð yfir, og verður því að álítast hafa orðið brotlegur gegn ofannefndri grein lögreglusamþyktarinnar. Kærði hefir áður fleirsinnis verið sektaður fyrir lögreglubrot, síðast með lögregluréttardómi Reykjavíkur 12. sept. f. á. um 10 kr., og með því að sekt sú, sem ákveðin er í hinum áfrýjaða dómi, þykir hæfilega ákveðin 20 kr., og yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að stað-

festa lögregluréttardóminn að því er kærða áhrærir. Kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Guðmundur Jónsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og ber honum yfirleitt að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 31/1907: Jón Pálmason
gegn
Valdemar Thorarensen
fyrir hönd
Sigurðar Sumarliðasonar

Dómur:

Þann 30. jan. 1906 gerðu þeir kaupsamning sín í milli áfrýjandi, verzlunarmaður Jón Pálmason sem seljandi, og Sigurður skipstjóri Sumarliðason sem kaup-

andi um húsið nr. 2 í Brekkugötu á Akureyri, er þá var í smíðum og skyldi hús þetta fullgert eftir nánari ákvæðum samningsins, afhent kaupanda 14. maí s. á., en af kaupverðinu, sem var ákveðið 12000 kr., átti kaupandinn að greiða 1. marz 1000 kr. og fyrir 14. maí aðrar 1000 kr. og 700 kr. í ávísun, og enn átti kaupandi að greiða 1000 kr. fyrir lok nóvembermánaðar 1906, en hitt af kaupverðinu átti hann að gjalda með því, að taka að sér skuldir, er á seljanda hvíldu. Þá var það og ákveðið í kaupsamningnum, að sá, er ryfi hann, skyldi greiða hinum í skaðabætur 500 kr. Með því að kaupandinn áleit ekki húsið svo úr garði gert sem ákveðið var í samningnum þegar afhendingartíminn kom, sagði hann sig frá kaupunum og höfðaði umboðsmaður hans, cand. Valdemar Thorarensen fyrir hans hönd, mál þetta gegn áfrýjanda til endurgreiðslu á 1900 kr., er þegar höfðu greiddar verið upp í andvirði hússins og til greiðslu á gabbsbótum samkvæmt samningnum fyrir samningsrof 500 kr. ásamt vöxtum af hvorritveggja upphæðinni. Áfrýjandinn höfðaði aftur gagnsök á hendur stefnda til greiðslu á eftirstöðvum hins umsamda kaupverðs fyrir húsið, 10100 kr., og gabbsbóta 500 kr. fyrir samningsrof, auk þess sem hann og krafðist greiðslu á kostnaði við umsjón og umhirðing hússins þar til kaupandi tæki við því, og vaxta af þessum upphæðum. Var mál þetta dæmt í aukarétti Akureyrarkaupstaðar 14. febr. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandi skyldi greiða stefnda Valdemar Thorarensen fyrir hönd Sigurðar Sumarliðasonar 1900 kr. svo og skaðabætur fyrir vanefndir á samningnum eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, þó ekki hærri en 500 kr. með

vöxtum 5% p. a. af 1900 kr. frá 14. maí 1906 og af ídæmdum skaðabótum frá sáttakærudegi, hvorttveggja til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 9. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda — gegn móttöku hússins — 10100 kr. með vöxtum frá gjalddaga eftir kaupsamningnum, 500 kr. í skaðabætur fyrir samningsrof, kostnað af hirðingu og umönnun hússins eftir reikningi og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hinn stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 11. sept. f. á. og hefir hann krafist þess, að verða sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu, og að dóminum verði breytt þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér í skaða- eða gabbsbætur 500 kr. með vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en að öðru leyti verði dómurinn staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað.

Eins og áður er getið átti hús það, er mál þetta hefir spunnist út af, að afhendast kaupanda (Sigurði Sumarliðasyni) 14. maí 1906 svo úr garði gert að öllu leyti, sem kaupsamningurinn tiltók, en þegar afhendingin átti fram að fara, taldi stefndi þá galla vera á húsinu, að hann neitaði að taka við því, og höfðaði síðan mál þetta til endurborgunar á því, er hann hafði þegar greitt upp í kaupverð þess. Það er og sannað í málinu eða viðurkent af málsaðilum, að húsið var þá (á afhendingartíma) eigi í því ástandi, sem gert var ráð fyrir og lofað í kaupsamningnum 30. jan. 1906. Þannig voru

máttarviðir í húsinu grennri en ákveðið var, skilrúm á neðsta gólfi voru úr lélegra efni, múrpípu vantaði á efsta gólfi og útitröppur (steintröppur) að öllum þremur dyrum hússins, og loks var húsið alt ómálað utan, en átti að vera tvímálað. Stefndi hefir reyndar talið ýmsa fleiri galla, er á húsinu hafa verið, en flestir þeirra voru smávægilegir og virðist hafa verið bætt úr mörgum þeirra þegar í stað. En gallar þeir, sem að ofan eru taldir og viðurkendir eru af áfrýjanda, verða að álítast svo verulegir, að stefndi hafi haft rétt til að ganga frá kaupunum fyrir þá, enda má ráða það af yfirlýsing áfrýjanda 10. apríl 1906, að hann bjóst við kaupslitum af stefnda, ef húsið yrði ekki í standi, sem um samið er, og það á að vera í 14. maí. En í yfirlýsing þessari áskilur hann, að stefndi rifti þó ekki samningnum fyrir þá sök eina, að grennri tré séu í grind hússins en ákveðið hafi verið, né heldur fyrir þá sök, að skilrúm á neðsta gólfi séu úr lakara efni en skyldi, en lofar því aftur á móti fyrir þá tilslökun að »þá skuli alt annað vera í lagi.« En það virðist eigi vera unt að halda því fram, að »alt annað hafi verið í lagi« og að húsið hafi verið í »því ástandi, sem það átti að vera í 14. maí,« þar sem þessir áðurtöldu gallar voru á því. Áfrýjandi hefir reyndar borið það fyrir sig um hina vantandi múrpípu og steintröppurnar, að múrpípan hafi orðið óþörf fyrir breytingar á herbergjaskipun, er stefnda hafi verið kunnugt um og hann samþykt, og steintröppurnar hafi stefndi leyft að mættu bíða fyrst um sinn, enda hefði vegna frosts í jörðu verið óbær kostnaður að koma þeim niður fyrir tilsettan tíma. En þessum staðhæfingum hefir

stefndi neitað og áfrýjandi hefir engar sönnur fært á þær, og verður því ekkert á þeim bygt.

Með því svo verður á að líta samkvæmt framansögðu, að stefndi hafi haft réttmæta ástæðu til að ganga frá umræddum húsakaupasamningi fyrir vanefndir áfrýjanda, verður að fallast á þá niðurstöðu aukaréttardómsins, að áfrýjandi eigi að endurborga stefnda þær 1900 kr., er hann hafði þegar greitt upp í kaupverðið, en auk þess virðist og áfrýjanda samkvæmt kaupsamningnum bera að greiða stefnda skaðabætur þær, er í samningnum eru til skyldar fyrir rof á honum, 500 kr., eins og einnig verður að skylda hann til að greiða stefnda vexti af hvorritveggja upphæðinni frá sáttakærudegi. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkjast, og verður því dómur þessi staðfestur með greindri breytingu á skaðabótaákvæðinu. Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda með 25 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Jón Pálmason verzlunarmaður á Akureyri greiði stefnda cand. Valdemar Thorarensen fyrir hönd Sigurðar skipstjóra Sumarliðasonar 2400 krónur ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður, en í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn hinn 27. aprílmánaðar.

Nr. 50/1907: Guðmundur Hannesson læknir
gegn
ráðherra Íslands
fyrir hönd landssjóðs.

Dómur:

Áfrýjandinn, héraðslæknir Guðmundur Hannesson, fekk leyfi stjórnarráðsins til þess að ferðast til útlanda árið 1906, en þá var hann héraðslæknir á Akureyri, með því skilyrði, að hann fengi lækni, er sæti á Akureyri og landlæknir tæki gildan, til að gegna héraðslæknisembættinu í fjarveru sinni. Samkvæmt leyfi þessu ferðaðist hann til útlanda vorið 1906 og var erlendis mánuðina apríl og maí, en áður hafði hann samkvæmt fyrirlagi stjórnarráðsins fengið mann til að gegna héraðslæknisembættinu á meðan, er landlæknir samþykti, og var það læknir Sigurður Hjörleifsson, er áfrýjandi áður hafði ráðið aðstoðarlækni sinn samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1906 og 1907 11. gr. 2. tölul. Gegndi Sigurður Hjörleifsson héraðslæknisembættinu í fjarveru áfrýjanda. En er áfrýjandi síðan vildi fá greiddan úr landssjóði styrk til aðstoðarlæknis samkvæmt tilvitnaðri grein fjárlaganna, var honum synjað um greiðsluna fyrir mánuðina apríl og maí, með því að hann þá hafði eigi neinn aðstoðarlækni. Áfrýjandi höfðaði þá mál þetta gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs til greiðslu á aðstoðarlæknisstyrknum fyrir 2 mánuði, 133 kr. 33 aur., og var málinu ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkurkaupstaðar uppkveðnum 18. júlí f. á., á þá leið, að stefndi, ráðherrann fyrir landssjóðs

hönd, var sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir héraðslæknir Guðmundur Hannesson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. des. f. á. og krafist þess, að honum verði dæmdar úr landssjóði 133 kr. 33 aur. sem aðstoðarlæknisstyrkur fyrir mánuðina apríl og maí 1906 með 6% vöxtum af upphæð þessari frá sáttakærudegi til borgunardags, svo og að honum verði tildæmdur málskostnaður hjá stefnda eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda hefir þess verið krafist, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Grein sú í fjárlögunum, er áfrýjandi telur heimild fyrir kröfu sinni á hendur landssjóðnum, hljóðar svo: »Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri 800 kr. — 800 kr. Það er in confesso í málinu, að Sigurður Hjörleifsson var aðstoðarlæknir áfrýjanda á Akureyri áður en hann fór í utanlandsferðina og alt þangað til að hann fór í þessa ferð, sem virðist hafa verið um mánaðamótin marz—apríl 1906, og að Sigurður þá tók að sér að gegna héraðslæknisembættinu og gegndi því sem settur héraðslæknir mánuðina apríl og maí eftir ráðstöfun áfrýjanda og með samþykki landlæknis. Það þykir nú fullljóst, að Sigurður Hjörleifsson, sem þannig var héraðslæknir í fjarveru áfrýjanda, eigi gat um leið verið aðstoðarlæknir hans, og með því að hann eigi hafði fengið annan mann sem aðstoðarlækni á Akureyri þennan tíma, getur honum eigi borið aðstoðarlæknisstyrkurinn fyrir þessa mánuði, en í málinu er það komið fram, að styrkurinn hefir frá upphafi verið greiddur mánaðarlega með hlutfallslegri

upphæð. Samkvæmt þessu verður að fallast á úrslit bæjarþingsdómsins, og með því að málskostnaðarákvæði hans samþykkist, verður að staðfesta dóminn eins og hann er. Eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá því, að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Guðmundur héraðslæknir Hannesson greiði stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 4/1908: Valdemar Ottesen
gegn
Jóni Ólafssyni

Dómur:

Í 34. tölublaði af VII. árgangi blaðsins Reykjavíkur, er út kom 4. ágústm. 1906, er í grein með fyrirsögninni »Brennivargar« skýrt frá því meðal annars, að umliðna nótt hafi verið reynt til að kveikja í húsinu nr. 1 á Laugavegi, og að grunsamur um verknað þann sé orðinn »drykkjurútur einn, lánleysisgarmur, er rak hér verzlun stutta stund og varð brátt gjaldþrota.« — «Hann

heitir Valdemar Ottesen,« segir svo í greininni. Fyrir ummæli þessi höfðaði áfrýjandinn, verzlunarmaður Valdemar Ottesen, mál gegn ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins Reykjavíkur, hinum stefnda Jóni Ólafssyni, með því að greinin var nafnlaus í blaðinu, og krafðist þess, að hann yrði látinn sæta ábyrgð fyrir þau, en með dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur, þar er málið var sótt og rekið, uppkveðnum 25. júlí f. á., var stefndi sýknaður í málinu og málskostnaður látinn falla niður. Þessum bæjarþingsdómi hefir Valdemar Ottesen skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 23. jan. þ. á. og krafist þess, að orðin drykkjurútur og lánleysisgarmur verði dæmd ómerk, að stefnda verði dæmd refsing fyrir þau og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati yfirréttarins. Af annari hálfu krefst stefndi, ritstjóri Jón Ólafsson, þess, að svo framarlega málinu eigi verði ex officio vísað frá undirréttinum, þá verði hinn áfrýjaði dómur staðfestur, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það er réttilega tekið fram í undirréttardóminum, að málið hafi verið lagt nægilega og löglega til sátta, og með því að eigi var heldur að öðru leyti ástæða til þess að vísa því frá bæjarþingsdóminum, verður eigi fallist á þá skoðun stefnda, að það beri að ómerkja bæjarþingsdóminn og vísa málinu frá undirréttinum og verður að dæma málið í aðalefni þess, eins og það liggur fyrir.

Það eru færð rök fyrir því í málinu af hálfu stefnda, að áfrýjandi hafi verið drykkjugjarn í meira lagi með köflum, að hann hafi orðið gjaldþrota, og að grun-

ur hafi fallið á hann um að hafa gert tilraun til að kveikja í húsinu nr. 1 á Laugavegi; var hann fyrir þann grun settur í varðhald, en með því að ekkert sannaðist á hann í því efni, var honum slept svo sem sýknum af þeim grun. Þetta sem hér er tilgreint telur stefndi að réttlæti hin átöldu ummæli. En þó að áfrýjandi hafi verið drykkfeldur, og þó að hann hafi orðið gjaldþrota, og þó að hann hafi orðið fyrir áminstum grun, var stefnda eigi heimilt að svívirða hann í orðum, en það verður að álíta að hann hafi gert það með hinum átöldu móðgunar- og óvirðingarorðum, sem lýsa fyrirlitningu, sbr. viðskeyttu orðin »rútur« og »garmur.« Það verður því að taka kröfu áfrýjanda til greina, þannig að orðin drykkjurútur og lánleysisgarmur séu dæmd ómerk samkvæmt 220 gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og að stefndi verði dæmdur í sekt til landssjóðs fyrir þau samkvæmt 219 gr. sömu laga, er þykir hæfi lega ákveðin 20 krónur, og komi í stað hennar 5 daga einfalt fangelsi, verði hún eigi öll greidd innan ákveðins tíma; svo þykir og rétt eftir þessum úrslitum málsins, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón Ólafsson greiði 20 kr. sekt til landssjóðs, en verði sektin eigi öll greidd innan ákveðins tíma, skal hann sæta 5 daga einföldu fangelsi; svo skal og stefndi greiða áfrýjanda, Valdemar Ottesen, 30 kr. í málskostnað. Hin átöldu ummæli

drykkjurútur og lánleysisgarmur skulu vera dauð og ómerk.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 1. júnímánaðar.

Nr. 19/1908: Réttvísin
gegn
Dagbjarti Einarssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 23. jan. þ. á. var hinn ákærði, Dagbjartur bóndi Einarsson í Gröf á Rauðasandi, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns hans í héraði, Ólafs verzlunarstjóra Jóhannessonar, 5 krónur. En þessum dómi hefir af hálfu réttvísinnar verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum upplýstum atvikum er það sannað, að þriðjudagskvöldið 16. júlí f. á. var hann einn staddur í verbúð þeirri, er hann svaf í í Kollsvík og tók úr buddu undan sængurhorni í rúmi búðareiganda, er honum hafði sagt verið að hann ætti þar geymda, 6 krónur í peningum, 5 króna

bankaseðil og 1 krónu í silfri, og leyndi peningum þessum og hagnýtti sér þá. Í buddunni voru auk þessara 6 króna 40 kr. í bankaseðlum, en þær lét ákærði óhreyfðar. Eigandi hinna stolnu peninga hefir lyst því yfir, að hann krefðist ekki iðgjalda í málinu.

Ákærði er fæddur 2. jan. 1866 og er þannig kominn langt yfir lögaldur sakamanna. Hann hefir aldrei áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot, og ber að heimfæra brot hans, er hann nú hefir orðið uppvís að, undir 230. gr. alm hegningarlaga og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnaðinn samþykkjast og verður því dómurinn staðfestur með greindri breyting á refsingunni. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Dagbjartur Einarsson sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti á aukaréttdómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 22. júnímánaðar.

Nr. 13/1908: Kálfatjarnarkirkja
gegn
Sigurði Gíslasyni.

Dómur:

Fjárhaldsmaður Kálfatjarnarkirkju krafði hinn stefnda, Sigurð bónda Gíslason í Traðarkoti, um heilan ljóstoll til kirkjunnar fyrir árið 1906, en Sigurður þóttist eigi skyldur til að greiða hann allan. Var þá af hálfu kirkjunnar krafist lögtaks fyrir ljóstollinum, og var lögtakið framkvæmt af hreppstjóra Vatnsleysustrandarhrepps 8. júní 1907 fyrir hálfum ljóstollinum 68 aur., en hinn helming ljóstollsins, 68 aura, hafði Sigurður greitt góðviljuglega; hann leit svo á, að hann ætti eigi að lögum að greiða nema hálfan ljóstoll, mótmælti samkvæmt því lögtaksgjörðinni, og er hún kom undir fógetaúrskurð Kjósar- og Gullbringusýslu 27. okt. f. á., voru mótmæli Sigurðar tekin til greina og gjörðin feld úr gildi. Þessum fógetaúrskurði hefir verið skotið til yfirdómsins fyrir hönd Kálfatjarnarkirkju með stefnu, dags. 5. marz þ. á., og hefir kirkjan fengið gjafsókn til þess og skipaðan málsfærslumann, og hefir málsfærslumaður hennar krafist þess, að fógetaúrskurðurinn verði úr gildi feldur, að lögtaksgjörð hreppstjórans í Vatnsleysustrandarhreppi verði staðfest sem lögleg, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað, eins og málið eigi væri gjafsóknarmál, svo og að málsfærslumanninum verði dæmd hæfileg málsfærslulaun. Stefndi Sigurður Gíslason hefi eigi komið fyrir yfirdóminn eftir stefnunni, þótt löglega sé stefndur, og enginn af hans hendi, og verður því að

dæma málið eftir framkomnum gögnum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. grein.

Stefndi, Sigurður Gíslason, var árið 1906, þá er ljóstollurinn féll til greiðslu, bóndi í Traðarkoti, lögbýli á Vatnsleysuströnd, metnu til dýrleika, en hann hélt þá engin vinnuhjú, og fyrir því telur hann sér eigi skylt að greiða nema hálfan ljóstoll, og vitnar í því efni til laganna um prests- og kirkjugjöld 3. apríl 1900 5. gr., þar sem svo segir, að heilan ljóstoll til kirkju gjaldi búandi hver eða húsráðandi, sem heldur hjú o. s. frv. Grein þessi er nú þannig orðuð, að skilyrðismálsgreinin: »sem heldur hjú,« sýnist ótvíræðlega að eiga við bæði »búandi hver« og »húsráðandi«, sbr. sérstaklega samtengingarorðið »eða«. Eftir þessu kemur stefndi sem hjúlaus bóndi eða »búandi« undir orðið »húsráðendur» í 2. málslið lagagreinarinnar, enda er það málrétt að kalla bændur húsráðendur. Þó að venjan ef til vill í sumum sveitum landsins hafi farið í þá átt, að heimta jafnan af bændum heilan ljóstoll, án til lits til hjúahalds þeirra, þá getur venja þessi eigi hafa verið mjög víðtæk, því að fremur sjaldgæft hefir það verið fram á þessi síðustu ár, að bændur hafi verið algjörlega hjúalausir. Og eigi hefir venja þessi stoð í löggjöfinni, því að í tíundarreglugjörðinni 17. júlí 1782, 13. gr. segir svo: »Sá sem situr með húshald og heldur vinnufólk, geldur heilan ljóstoll«. Hér er það eigi vafasamt, að bændur koma undir ákvæðið: »sá sem situr með húshald» o. s. frv. (»den som sidder med Husholdning«). Samkvæmt þessu er úrskurður fógetans, sá er áfrýjað hefir verið, á réttum rökum bygður, og verður að staðfesta hann. Málskostnaður verður að

falla niður, og kaup málsfærslumanns kirkjunnar, er ákveðst 20 kr., greiðist þá úr landssjóði.

Það vottast, að sókn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður, og málsfærslukaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar, 20 krónur, greiðist úr landssjóði.

Nr. 51/1907: Ólafur Ólafsson
gegn
Guðmundi Þorbjarnarsyni.

Dómur:

Áfrýjandinn, Ólafur bóndi Ólafsson á Eyri í Svínadal í Borgarfjarðarsýslu, hefir höfðað mál þetta gegn hinum stefnda Guðmundi Þorbjarnarsyni húsmanni í Sandgerði á Akranesi, og hefir lýst tilefni málshöfðunarinnar á þá leið, að hann hafi 27. febr. 1906 gert þann samning við Þorbjörn heitinn Jónsson, föður hins stefnda, að ráðskona þeirra feðga, sem hann svo kallar, Katrín Gunnarsdóttir, færi til sín að Eyri sem kaupakona um heyannatímann 1906, 8 til 9 vikur, fyrir 7 kr. kaup í peningum fyrir hverja viku, en svo hafi stefndi með bréfi, dags. 2. júní 1906, tilkynt sér, að stúlkunni bjóðist hærra kaup annarstaðar, og að auk þess vilji

þeir, sem bjóða að taka hana í kaupavinnu, taka með henni yfir sumarið stúlkubarn, sem hún hafði í eftirdragi; þegar svo áfrýjandi hafi vitjað kaupakonu þessarar samkvæmt gjörðum samningi, hafi stefndi tjáð honum að hún væri fastráðin annarstaðar, og neitað að láta hana fara til sín. — Að svo komnu höfðaði Ólafur bóndi Ólafsson mál gegn Guðmundi Þorbjarnarsyni og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að greiða umsamið kaupgjald stúlkunnar í $8^1/_2$ viku 59 kr. 50 aura og málskostnað eftir reikningi, en með aukaréttardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu uppkveðnum 15. apríl f. á. var kröfum sækjanda hrundið, stefndi sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. — Dómi þessum hefir Ólafur Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 20. des. f. á., og hefir hann til þess fengið uppreistarleyfi, gjafsókn og skipaðan málsfærslumann, og hefir málsfærslumaðurinn krafist þess fyrir hönd áfrýjanda, að dómurinn verði úr gildi feldur og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð 59 kr. 50 aura og málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin ómakslaun til málsfærslumannsins. Af sinni hálfu hefir stefndi Guðm. Þorbjarnarson krafist þess, að aukaréttardómurinn verði staðfestur og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir kannast við, að áfrýjandi muni um það leyti, er að framan segir, hafa samið við föður sinn, Þorbjörn heitinn, um að fá Katrínu í kaupavinnu, en getur þess jafnframt, að Katrín hafi verið sín vinnukona en eigi Þorbjarnar, því að hann, Þorbjörn, hafi þá eng-

in búsforráð haft. Samt sem áður tjáist hann vilja standa við þann samning, er Þorbjörn hafi gert í þessu efni, en ágreiningurinn er um það, hvers efnis samningurinn hafi verið. Þegar þessi samningur gerðist milli áfrýjanda og Þorbjarnar, var stefndi eigi heima og kom eigi heim til sín fyr en í maímánuði um vorið (1906), en um sama leyti dó Þorbjörn faðir hans. Skýrsla Þorbjarnar hefir því eigi fengist um það, hvað þeim fór á milli, honum og áfrýjanda. En Katrín Gunnarsdóttir hefir skýrt svo frá fyrir rétti, að áfrýjandi hafi talað við sig um kaupavinnuna, áður en hann talaði við Þorbjörn um sama efni, og hafi hún þá sagt honum, að því að eins gæti hún farið til hans sem kaupakona, að hún gæti komið barni sínu fyrir í góðan stað um sumarið. Hún segist eigi vita, hvort Þorbjörn hafi sett þetta skilyrði um barnið, er hann samdi við Ólaf um kaupakonuráðninguna, en hún telur það ótrúlegt, að hann hafi eigi gert það, með því að hann hafi látið sér vera ant um barnið. Nú ritar stefndi áfrýjanda bréf 2. júní 1906, skömmu eftir að hann (stefndi) er heim kominn og rétt eftir lát Þorbjarnar, getur þess að hann ætli sér ekki að »rifta kaupsamningi þeim, sem búið sé að gera,« en spyr hann (áfrýjanda) að því, hvort hann gangi að þeim kjörum, að Katrín hafi telpuna með sér (í kaupavinnuvistina) frítt yfir sumarið«. Stefndi tjáist eigi hafa fengið neitt svar upp á þetta bréf og fyrirspurnina í því, og réði hann þá stúlkuna annarstaðar í kaupavinnu, þar sem hún gat haft barnið með sér. Sjálf hefir Katrín borið það, að hún hafi reynt að koma barninu fyrir yfir sumarið, en að það hafi ekki tekist.

Eftir öllum málavöxtum verður að líta svo á, að

það hafi verið eðlilegt skilyrði fyrir ráðningu Katrínar í kaupavinnuna, að hún mætti hafa barnið með sér, ef henni tækist eigi að koma því fyrir annars staðar einu sér, og þar sem áfrýjandi eigi vildi taka barnið með henni, verður eigi álitið, að stefndi hafi ólöglega rofið gjörðan samning með því að ráða Katrínu annarstaðar í kaupavinnu, þar sem hún gat haft barnið með sér. Það verður því að sýkna stefnda í málinu og staðfesta aukaréttardóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans. En málskostnað fyrir yfirdómi verður áfrýjandi eftir þessum úrslitum að greiða stefnda, og ákveðst hann 20 kr. Málsfærslukaup hins skipaða málflutningsmanns hans fyrir yfirdóminum, er einnig ákveðst 20 kr., greiðist úr landssjóði.

Það vottast, að sókn málsins hafi verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Ólafur Ólafsson greiði stefnda Guðmundi Þorbjarnarsyni 20 kr. sem málskostnað fyrir yfirdómi. Málflutningskaup hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda, yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 20 kr., greiðist úr landssjóði. — Málskostnaðurinn greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 52/1907: Sigurður Hjörleifsson
gegn
Jóni Stefánssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Jón Stefánsson ritstjóri blaðsins »Norðra« gegn Sigurði Hjörleifssyni ritstjóra á Akureyri út af ummælum í grein einni í blaðinu Norðurland 43. tölublaði 5. árg., sem út kom 7. júlí 1906 með yfirskriftinni: »Hafnarferð þingmannanna«, er hann taldi meiðandi fyrir sig, en grein þessi var nafnlaus, og ber því Sigurður Hjörleifsson, sem er ritstjóri blaðsins, ábyrgð á henni. Var málið dæmt í aukarétti Akureyrarkaupstaðar hinn 17. sept. f. á. með þeim úrslitum, að ummæli þau í greininni, sem Jón Stefánsson hafði átalið, voru dæmd dauð og ómerk, og Sigurður Hjörleifsson dæmdur til að greiða 25 kr. sekt í landssjóð eða sæta 5 daga einföldu fangelsi, ef sektin greiddist eigi í tæka tíð, svo og til að greiða sækjanda í héraði 10 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir ritstjóri Sigurður Hjörleifsson skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 20. des. f á. og krafist þess, að verða algjörlega sýknaður í málinu og að Jón Stefánsson verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins. Stefndi Jón Stefánsson hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 13. marz þ. á. og hefir hann krafist þess, að aðalstefnandi verði dæmdur í hina hæstu sekt fyrir hin umstefndu meiðyrði, og þau verði dæmd dauð og markLaus og gagnáfrýjanda verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum, en til vara hefir hann

krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Ummæli þau í áminstri grein, sem gagnáfrýjandi hefir átalið, eru þessi: »Í næsta blaði »Norðra« lætur ritnefnd hans »óþverralepp« sinn núa sér á Norðurlandi fyrir þetta«. — »Ritnefnd »Norðra« ætti að fara varlega með »óþverralepp« sinn eftirleiðis, helzt geyma hann með öðru erfðagóssi sínu . . . . hjá Gjallarhorni og öðru óféti og nota hann ekki til neins, nema hann sé áður þveginn úr hæfilega sterkum legi«.

Sýknunarkröfu sinni til stuðnings hefir aðaláfrýjandi haldið því fram, að umrædd grein sé eigi stíluð til gagnáfrýjanda og hin umstefndu ummæli eigi alls ekki við hann. Það er að vísu svo, að gagnstefnandi er eigi nefndur með nafni í greininni, en orðalag greinarinnar er þannig, að álíta verður að þau séu stíluð til ritstjóra blaðsins, Jóns Stefánssonar, en hin átöldu ummæli eru óvirðandi og lýsa fyrirlitningu á þeim manni, sem þau eru höfð um, sérstaklega orðið »óþverraleppur«. Aðaláfrýjandi getur því eigi komist hjá sekt fyrir meiðyrði þessi um gagnáfrýjanda eftir 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, en þegar ákveða skal sektina verður að taka tillit til þess, að gagnáfrýjandi hafði áður í 28. tölublaði I. árg. »Norðra« í grein með fyrirsögninni »Hálfsögð saga« dróttað því að blaði aðaláfrýjanda, að það hefði farið með ósannindi að gamni sínu og að því væri nautn í að fara með rangt mál og blekkja lesendur sína, og þessi aðdróttun verður eftir því sem fram er komið í málinu að álítast hafa verið algjörlega tilefnislaus. Þykir því sektin, 25 kr. svo og vararefs-

ingin 5 daga einfalt fangelsi, hæfilega ákveðin í undirdóminum. Þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði undirdómsins um ómerking hinna átöldu meiðyrða svo og málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta undirdóminn í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Aðaláfrýjandi, Sigurður Hjörleifsson, greiði stefnda, Jóni Stefánssyni, málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 2/1908: I. Gautesen sjálfs sín vegna og f. h. I. An. Christensen o. fl. í Haugesund gegn Stjórn ábyrgðarfélags þilskipa við Faxaflóa, Tr. Gunnarssyni o. fl.

Dómur:

I norðan-stórviðri hinn 19. febr. 1907 að kvöldi tók gufuspipið »Mod« frá Haugesund, sem lá á Reykjavíkurhöfn, að reka fyrir akkerum sínum, unz það rakst

á Faxaflóagufubátinn »Reykjavík«, sem lá sunnar á höfninni aftan undan »Mod». Rakst »Mod» hvað eftir annað á »Reykjavík«, braut stefnið á gufubátnum, borðstokkinn og yfirbygginguna á nokkrum stöðum; bakborðsfesti »Reykjavíkur« lenti í skrúfu »Mods« og slitnaði, og loks kom svo, að skipstjóra á »Reykjavík« þótti ekki annað fært en að sleppa hinni akkerisfestinni og setja skipið á land. Lenti það í stórgrýtisurð við Battaríið og varð þar að algjörðu strandi, en »Mod«, sem þá var búið að slíta aðra akkerisfestina og sleit nokkru síðar einnig hina festina, komst út fyrir skipaleguna á höfninni og hélt sér þar við þar til að veðrinu slotaði undir morgun.

Gufubáturinn »Reykjavík« var vátrygður gegn sjávarháska hjá Þilskipaábyrgðarfélagi við Faxaflóa fyrir 24,000 kr., sem félagið hefir greitt eigendum bátsins, Friðriksen & Co. í Mandal. Leit stjórn Þilskipaábyrgðarfélagsins svo á, að gufuskipið »Mod« hafi átt alla sök á skiptjóni þessu, þannig að skipstjóri þess, eigendur og útgjörðarmenn eigi að bera alla ábyrgð á því að endurgjalda félaginu tjón það, er það hefir beðið við strand »Reykjavíkur«. Höfðuðu því stjórnendur félagsins mál fyrir gestarétti Reykjavíkur á hendur skipstjóranum á nefndu skipi I. Gautesen sjálfum og fyrir hönd eigenda og útgjörðarmanna skipsins Ivar An. Christensen o. fl. í Haugesund til skaðabóta, og lauk því máli svo hinn 5. sept. f. á., að I. Gautesen var dæmdur til að greiða Þilskipaábyrgðarfélaginu sjálfs sín vegna og fyrir hönd nefndra eigenda og útgjörðarmanna skipsins 22314 kr. 31 e. með 5% vöxtum frá 23. maí 1907 til borgunardags og 100 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir I. Gautesen fyrir eigin hönd og fyrir hönd I. An. Christensen o. fl. í Haugesund skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 7. jan. þ. á. og hefir hann krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum Þilskipaábyrgðarfélagsins og það dæmt í málskostnað eftir mati réttarins. Hinir stefndu sjtórnendur Þilskipaábyrgðarfélagsins hafa á hinn bóginn krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn I. Gautesen verði sjálfs sín vegna og fyrir hönd Ivar An. Christensen o. fl. dæmdur til að greiða þeim hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Gufuskipið »Mod,« sem er $397^{86}/_{100}$ tons netto að stærð, kom á Reykjavíkurhöfn hinn 14. febr. 1907 í góðu veðri og lagði löggildur hafnsögumaður því í hægum suðvestan vindi fyrir 30 faðma keðju á bakborðsakkeri og 20 faðma keðju á stjórnborðsakkeri, og tjáði hafnsögumaður æðri stýrimanni, sem hafði á hendi stjórn skipsins eða stjórnaði því eftir nánari fyrirsögn skipstjórans, sem var undir þiljum, veikur í fæti, að ef nokkuð yrði að veðri, skyldi meira gefið út af keðjum, til þess að lega skipsins á höfninni væri trygg. Næstu daga fór veður versnandi og blés vindur af ýmsum áttum, svo að skipið snerist fyrir akkerum sínum, og við það flæktust festar skipsins eða krosslögðust, en þótt veður versnaði var að eins bætt 10 föðmum á stjórnborðsakkeri, svo 30 faðmar voru úti á hvoru akkeranna, er skipið tók að reka að kvöldi hins 19.; þar á móti voru akkerisfestarnar ekki greiddar eða akkerunum hagrætt eftir vindi. Áfrýjandi heldur því nú fyrst fram, að mál

þetta hafi verið höfðað of snemma af ábyrgðarfélaginu, því stefndu hafi ekki greitt ábyrgðarupphæðina fyr en 23. maí f. á., en þar eð stjórn ábyrgðarfélagsins hafði áður en málið var höfðað í undirrétti viðurkent ábyrgðina gagnvart eigendum »Reykjavíkur« og skuldbundið sig til að greiða ábyrgðarupphæðina samkvæmt lögum félagsins, þá verður að fallast á þá skoðun undirdómarans, að ekki beri að taka kröfu áfrýjanda til greina um sýknun að svo stöddu.

Svo sem fram hefir verið tekið lá gufubáturinn »Reykjavík« óveðursdaginn aftur undan »Mod;« hafði »Reykjavík« hinn 17. febr. komið úr ferð og lagst á höfnina suður frá »Mod« til hliðar stjórnborðs megin, en þegar vindur gekk í norður lá gufubáturinn beint aftur undan »Mod.« Heldur áfrýjandi því fram, því til réttlætingar, að festar á akkerum »Mod's« voru ekki lengdar samkvæmt fyrirlagi hafnsögumannsins, er veður tók að versna, að »Reykjavík« hafi lagst svo nærri »Mod,« að ekki hafi verið svifrúm til að gefa meira út af festunum, en þessi afsökun er ekki á rökum bygð, því með framburði hafnsögumanna, óæðra stýrimanns á »Mod« og annara vitna er það fullsannað, að »Reykjavík« hafi lagst í nægri fjarlægð frá »Mod« og að skip þetta hafi haft nægilegt svifrúm til að gefa út af festum sínum svo sem þörf var á, til að liggja örugt á höfninni, en áfrýjandi hefir enga afsökun komið með fyrir því, að akkerisfestarnar voru ekki greiddar eða akkerin færð til eftir vindstöðunni; en að liggja fyrir tveim akkerum með flæktar eða krosslagðar festar er eftir framkomnum skýrslum í reyndinni sama sem að liggja fyrir að eins einu akkeri en það er talið ótiltækilegt og ófor-

svaranlegt og tíðkast ekki á Reykjavikurhöfn, er um skip er að ræða á stærð við »Mod.« — Þá heldur áfrýjandi því fram, að »Reykjavík« hafi óveðursnóttina verið skyld til að flytja sig úr stað og hafi með því að gera það ekki losað áfrýjanda við alla skaðabótaskyldu, en eins og þegar hefir verið tekið fram er það sannað, að »Reykjavík« hefir lagst í nægilegri fjarlægð frá »Mod,« og hafði hún þá enga skyldu til að flytja sig, enda hafði »Reykjavík,« sem lá nær landi en »Mod,« fullar ástæðu til að gera ráð fyrir að »Mod« mundi sleppa festum frá sér og fara út af skipalegunni, þegar það var komið á rek, sem það gat ekki stöðvað.

Samkvæmt framansögðu verður yfirdómurinn að fallast á þá skoðun gestaréttarins, að stjórnandinn á »Mod« hafi átt alla sök á því, að gufubáturinn »Reykjavík« varð að strandi, og að sök hans sé svo vaxin, að skipstjórinn eigendur og útgerðarmenn skipsins eigi að bera alla ábyrgð á því tjóni, sem af strandinu hefir hlotist, og þar sem málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn I. Gautsen sjálfs sín vegna og fyrir hönd eigenda og útgerðarmanna gufuskipsins »Mod« Ivar An. Christensen o. fl. í Haugesund hinum stefndu stjórnend-

um ábyrgðarfélags þilskipa við Faxaflóa, Tryggva Gunnarssyni, Magnúsi Magnússyni og Jóni Jónssyni 50 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga aðför.

Mánudaginn hinn 6. júlímánaðar.

Nr. 48/1906: P. Flannery af hendi sjálfs sín og fyrir hönd Victor Steam Fishing Company L'dt Grimsby
gegn
Felix Guého f. h. sjálfs sín og J. Pomellec.

Dómur:

Hinn 14. marz 1906 rakst gufuskipið »St. Lawrence«, botnvörpungur frá Grimsby, sem áfrýjandinn var skipstjóri á og gert var út af ofan nefndu félagi í Grimsby, á seglskipið »Louise«, fiskiskip frá Binic, sem stefndi Felix Guého var skipstjóri á, en gjört var út af J. Pomellec í Benic, en skipin voru þá stödd á Reykjavíkurhöfn. Urðu skemdir nokkrar á báðum skipunum af árekstrinum og hefir skaðinnn á »Louise« verið metinn af dómkvöddum mönnum 975 kr., en skaðinn á »St. Lawrence« 810 kr. 89 a. Höfðaði stefndi mál gegn áfrýjanda fyrir gestaréttí Reykjavíkur til þess að fá hann og útgerðarmenn »St. Lawrence« dæmda til að

greiða sér og útgerðarmanni »Louise« greindar skaðabætur 975 kr. og bætur fyrir atvinnumissi við tafir skipsins af skemdunum, 720 kr., báðar upphæðirnar með vöxtum frá stefnudegi; en áfrýjandi höfðaði þá fyrir sama rétti gagnsök gegn stefnda og útgerðarmanni hans og krafðist skaðabóta af þeim fyrir skemdirnar á »St. Lawrence« 810 kr 89 a. og bóta fyrir atvinnumissi 5400 kr. Mál þetta var síðan dæmt í nefndum rétti 5. sept. 1906 með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var sjálfur, og fyrir hönd Victor Steam Fishing Company Ltd í Grimsby dæmdur til að greiða stefnda sjálfum og fyrir hönd J. Pomellec 975 kr. og ennfremur skaðabætur eftir dómkvaddra manna mati, þó ekki yfir 720 kr., báðar þessar upphæðir með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og loks málskostnað 40 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. nóvbr. 1906 og krafist þess fyrir yfirdóminum, að gestaréttardóminum verði breytt þannig, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður í málinu, en að stefndi Felix Guého verði sjálfur og fyrir hönd J. Pomellec dæmdur til að greiða áfrýjanda sjálfum og fyrir hönd útgerðarfélagsins, auk hæfilegs málskostnaðar fyrir báðum réttum, 810 kr. 89 a. í skaðabætur fyrir skemdir á skipinu »St. Lawrence« og 5400 kr. fyrir atvinnutjón. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og að sér verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinn 13. marz 1906 síðdegis kom »Louise« inn á Reykjavíkurhöfn og lagðist þar við stjórnborðsakkeri 40—50 föðmum fram undan »St. Lawrence« bakborðs-

megin, en skip þetta var lagst þar fyrir nokkrum dögum og hafði úti tvö akkeri, sitt á hvort borð. Daginn eftir, 14. marz, var komið stórviðri af suðaustri og var þá um kl. 10 árdegis hleypti niður bakborðsakkeri á »Louise,« en jafnframt gefið út á stjórnborðsfestinni, til að koma síðara akkerinu fyrir, en við það barst »Louise« nær »St. Lawrence,« svo að að eins urðu 7—8 faðmar milli skipanna. Þannig lágu skipin í hvassviðrinu til kl. 4 síðdegis. Þá þótti skipstjóra á »St. Lawrence« ekki hættulaust að halda kyrru fyrir lengur; hann hafði látið kynda vélina, dró inn stjórnborðsakkerið og lét skipið snúast fyrir bakborðsakkerinu, svo að það komst bakborðsmegin við »Louise,« silgdi svo skipinu áfram og fram með bakborðshliðinni á »Louise,« en þegar hann var kominn fram undan kinnungnum á henni, þá bauð hann að slaka á bakborðsfestinni, um leið og hann lét skipið fara aftur á bak, en skipun hans að slaka á festinni var ekki gengt og varð þá hreyfing skipsins aftur á bak til þess, að það rakst á »Louise« bakborðs megin og urðu við það skemdir þær á skipunum, er mál þetta er sprottið af. Það er af þessum atvikum að árekstrinn bjóst, að bein orsök hans voru hreyfingar skipsins »St. Lawrence« og stjórn á því.

Áfrýjandinn hefir viljað halda því fram, að samrekstur skipanna eigi að teljast hafa orðið af óviðráðanlegu slysi, orsökuðu af því, að stjórn varð ekki viðkomið á »St. Lawrense« fyrir ofviðrinu, eða jafnvel að stefndi, skipstjóri á »Louise« eigi beint sök á samrekstrinum, þar sem hann hafi lagt skipi sínu óforsvaranlega nærri »St. Lawrence,« svo að skip þetta hafi neyðst til að taka sig upp þaðan sem það lá, en vegna þess að akkeris-

festar skipanna hafi flækst saman, er »Louise« gaf út af stjórnborðsfesti sinni til að koma fyrir síðara akkeri sínu, hafi orðið að sigla »St. Lawrence« eins og gert var, til að reyna að ná upp bakborðsakkeri þess, en við þá tilraun hafi ofviðrið tekið ráðin af stjórn skipsins.

Af skýrslum málsins verður það þó eigi ráðið, að skipstjóri á »Louise« hafi gjört sig sekan í neinni þeirri yfirsjón eða óvarkárni, er samrekstur skipanna geti talist bein eða óbein afleiðing af. Þó að »Louise« hafi verið komin töluvert nærri »St. Lawrence« fyrir það, að hleypt var út síðara akkeri hennar morguninn sem árekturinn varð, þá er ekki sjáanlegt að »St. Lawrence« hafi staðið sú hætta af þeirri nálægð, að það skip þyrfti að hreyfa sig úr stað, því að »Louise« lá föst fyrir akkerum sínum og hafði ekkert rekið í veðrinu fulla 6 tíma þá er »St. Lawrence« tók sig upp, og þó hana hefði farið að reka, þá hefði hana eftir veðurstöðunni og afstöðu skipanna, eins og hún er sýnd á uppdrætti áfrýjanda sjálfs, borið fram hjá »St. Lawrence« og hún ekki rekist á það skip; það er og heldur ekki sannað, að nein flækja hafi verið á akkerisfestum skipanna, sem hefði verið til fyrirstöðu því að »St. Lawrence« hefði getað dregið inn bakborðsakkeri sitt, þar sem það skip lá, ef það á annað borð áleizt haganlegt sjálfs þess vegna, að færa það til á höfninni.

Það verður því að álíta, að stefnda verði engin sök gefin á hreyfingum »St. Lawrence« við umrættt tækifæri, en það er játað af áfrýjanda og skipsmönnum á »St. Lawrence«, að næsta orsökin til árekstursins var sú, að skipun áfrýjanda um að gefa út akkerisfestina, var ekki hlýtt, er hann lét skip sitt fara aftur á bak,

er hann var kominn bakborðsmegin við »Louise«, og verður hann að bera ábyrgð á því ólagi, er varð á stjórn skipsins. — Það ber því að fallast á það, að gestaréttardómurinn hefir dæmt áfrýjanda til að greiða stefnda bætur fyrir skemdir þær, er orsökuðust á »Louise« af árekstrinum, eins og þær hafa verið metnar af dómkvöddum mönnum, eða 975 kr., og sömuleiðis bætur fyrir atvinnutjón þá 2 daga, er »Louse« tafðist frá veiðum vegna skemdanna, eftir mati óvilhallra dómkvaddara manna, þó eigi hærri en 720 kr., hvoratveggju upphæðina ásamt 5% vöxtum þ. e. frá stefnudegi til borgunardags. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins ber að staðfesta dóm þennan í öllum greinum.

Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn greiði stefnda í málskosnað fyrir yfirdómi 40 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 13. júlímánaðar.

Nr. 16/1908: Jón Jörundsson
gegn
Magnúsi Guðmundssyni.

Dómur:

Í meiðyrðamáli þessu, sem höfðað var fyrir aukarétti Strandasýslu og þar dæmt 10 okt. f. á., hefir sáttakæra verið gefin út 23. maí 1906 og fyrirkall til sáttafundar 25. s. m., er birt var samdægurs, en málsskjölin bera það eigi með sér, að málið hafi nokkru sinni komið fyrir hina lögskipuðu sáttanefnd. Með því þannig brestur sönnun fyrir því, að lögleg sáttatilraun hafi fram farið í málinu. verður að dæma aukaréttardóminn og alla málsmeðferðina í héraði ómerka; málskostnaður fyrir yfirdómi verður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn og öll máls meðferðin í héraði skal vera ómerk.

Málskostnaður fellur niður.

Nr. 43/1907: Þorsteinn Jónsson og
Sigurjón Baldvinsson
gegn
Birni Björnssyni og
Guðmundi Björnssyni.

Dómur:

Með kaupsamningi dags. 18 júní 1906 seldu hinir stefndu, Björn Björnsson og Guðmundur Björnsson tré-

smiðir á Akureyri, þeim Þorsteini Jónssyni kaupmanni í Dalvík og Sigurjóni Baldvinssyni bónda í Árgerði mótorbátinn »Fálkann« fyrir 2800 kr., og greiddu kaupendum 600 kr. upp í andvirði bátsins við móttöku hans, en eftirstöðvarnar áttu að greiðast þannig: 1000 kr. fyrir 14. sept. 1906, 600 kr. fyrir 14. desbr. s. á. og 600 kr. fyrir 14. marz 1907. Með því að kaupendur greiddu eigi hina fyrstu afborgun 1000 kr. á réttum gjalddaga, höfðuðu seljendurnir með stefnu dags. 2. okt. 1906 mál á móti kaupendum bátsins til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðsins 2200 kr. og 200 kr. aukaborgunar samkvæmt 5. gr. samningsins. — Á hinn bóginn töldu áfrýjendurnir, hinir stefndu í héraði Þorsteinn Jónsson og Sigurjón Baldvinsson, að hreyfivélin í bátnum hefði reynst ónýt; gagnsóttu þeir því þá bræður Björn og Guðmund og kröfðust þess, að þeir tækju aftur við hinum umgetna bát, endurgreiddu þeim þær 600 kr., er þeir höfðu greitt upp í kaupverð bátsins og greiddu þeim alt að 2000 kr bætur fyrir atvinnutjón. Var málum þessum ráðið til lykta með gestaréttardómi Akureyrarkaupstaðar hinn 5. júní f. á. á þá leið, að gagnstefndu, Þorsteinn Jónsson og Sigurjón Baldvinsson skyldu greiða in solidum aðalstefnendum Birni og Guðmundi Björnssonum 2200 kr. með $5^1/_2$ % vöxtum p. a. frá 18. júní 1906 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hafa þeir Þorsteinn Jónsson og Sigurjón Baldvinsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. okt. f. á., og hafa þeir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og breytt þannig, að áfrýjendurnir verði sýknaðir fyrir kröfum hinna stefndu

í málinu, að stefndu verði dæmdir til að taka aftur við vélarbátnum »Fálkanum«, að þeir verði dæmdir til að greiða áfrýjendunum 600 kr. ásamt 5½% vöxtum frá 18. júní 1906 til borgunardags, svo og til að greiða þeim alt að 2000 kr. í skaðabætur fyrir atvinnutjón og málskostnað eftir mati yfirdómsins. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 25. jan. þ. á. og hafa þeir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er snertir greiðslu aðaláfrýjendanna á eftirstöðvum kaupverðsins 2200 kr. og að því er snertir sýknun gagnáfrýjenda af kærum og kröfum aðaláfrýjenda, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða gagnáfrýjendum 200 kr. í skaðabætur eftir 5. gr. samningsins með vöxtum frá birtingu gestaréttarstefnunnar og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Svo sem þegar er tekið fram er mál þetta risið út af því, að aðaláfrýjendur uppfyltu ekki samning þann, er þeir gjörðu við gagnáfrýjendur 18. júní 1906 um kaup á mótorbát kölluðum »Fálkinn«. Við móttöku mótorbátsins greiddu aðaláfrýjendur 600 kr. upp í bátsandvirðið, en eftirstöðvarnar hafa þeir neitað að borga af þeirri ástæðu, að vélin í bátnum hafi verið óbrúkleg er þeir veittu bátnum móttöku, að seljendum hafi hlotið að vera það kunnugt, en að þeir hafi leynt því fyrir kaupendum og hafi því sýnt af sér pretti í viðskiftum sínum við aðaláfrýjendur.

Það má telja það sannað í málinu, að kaupendur bátsins, aðaláfrýjendur máls þessa, hafi eftir að þeir tóku við honum, gert talsverðar tilraunir til þess að koma vélinni til að vinna, en að þeir hafi ekki fengið hana

til að ganga svo not yrðu að. Þetta telja þeir sönnun fyrir því, að vélin hafi verið ónýt, er þeir tóku við bátnum, og hafa þeir jafnvel haldið því fram, að smíðagallar hafi verið á vélinni frá fyrstu gerð, svo að hún hafi verið ótrygg frá upphafi. Að vísu hefir eitt vitni, er telur sig hafa þekkingu á mótorvélum, borið það fram, að smíðisgalli sé á vélinni, en þar sem vitni þetta hefir enga frekari grein gert fyrir þessu áliti sínu eða bent á hver galli þessi sé,* þá verður, svo sem fram er tekið af undirdómaranum, enginn dómur bygður á vitnisburði þessum, og því síður er það sannað, að seljendum hafi verið nokkur slíkur galli á vélinni kunnur, er þeir seldu hana. Að aðaláfrýjendur gátu ekki fengið vélina til að vinna er heldur ekki næg sönnun fyrir því að vélin hafi verið ónýt, er báturinn var seldur, því það er in confesso, að hinn seldi bátur gekk fyrir vélarkrafti sínum frá Akureyri út í Dalvík, þar sem hann var afhentur, og var þá annar af kaupendunum á bátnum, og eftir það er það einnig viðurkent, að annar seljandinn, Guðmundur Björnsson, hafi komið vélinni í gang svo not urðu að. Það er því alveg ósannað, að ólag það, er var á vélinni, hafi stafað af eldri göllum á henni, en getur alveg eins stafað af ófullkominni meðferð kaupenda á vélinni. — Hvað framkomu seljendanna gagnvart kaupendunum viðvíkur, þá hefir því verið haldið fram af seljendunum, án þess því hafi verið mótmælt, að kaupendum hafi gefist fult færi á að skoða bátinn og rannsaka vélina áður en samningurinn var fullgerður, og svo sem þegar hefir verið tekið fram, fór annar kaupendanna, sá er síðar átti að stjórna vélinni, með

bátnum frá Akureyri til Dalvíkur, og eftir þá ferð gáfu kaupendurnir þá yfirlýsingu, dags. í Dalvík 19. júní 1906, að báturinn sé að öllu leyti í því ástandi, sem kaupsamningurinn áskilji, og að þeir hafi einkis frekara að krefjast af seljendunum. Nær þessi yfirlýsing auðvitað ekki að eins til bátsins, heldur og til vélarinnar. — Það er að vísu sannað, og að nokkru leyti viðurkent af hálfu seljendanna, að vél þessi, er þeir höfðu notað eitt sumar áður, hafi þá við og við stanzað hjá þeim, en seljendur hafa haldið því fram, að þetta ólag á vélinni hafi verið vankunnáttu þeirra að kenna, er stjórnuðu vélinni, en eigi af því, að hún væri gölluð, og verður eigi af þessu dregið, að seljendum hafi verið kunnir neinir þeir ákveðnir gallar á vélinni, er gerðu hana lítt nýta, þegar þeir seldu bátinn, að því undanskildu, að vélin væri of stór fyrir bátinn, en slíkan galla gátu kaupendurnir sjálfir séð og varað sig á, úr því þeir áttu kost á að skoða bátinn.

Það verður því að taka kröfu gagnáfrýjendanna til greina um staðfestingu gestaréttardómsins um greiðslu aðaláfrýjendanna á eftirstöðvum kaupverðsins 2200 kr. með $5^1/_2\%$ vöxtum p. a. frá 18. júní 1906 til þess borgað er, og um sýknun gagnáfrýjendanna af skaðabótakröfu aðaláfrýjenda.

Hvað snertir kröfu gagnáfrýjenda um, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim 200 kr. í skaðabætur eftir 5. gr. samningsins, þá verður sú krafa ekki tekin til greina, þar sem það er sannað, að aðaláfrýjendur hafa reynt til að fá bátinn vátrygðan, en verið neitað um það, enda var bátnum, svo sem upplýst er í málinu, ekki haldið úti til fiskiveiða nema fáa róðra eftir

að kaupendur eignuðust hann. Þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum. En málskostnað fyrir yfirdómi verða aðaláfrýjendur eftir þessum úrslitum að greiða gagnáfrýjendum og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Aðaláfrýjendur Þorsteinn Jónsson og Sigurjón Baldvinsson greiði gagnáfrýjendunum Birni Björnssyni og Guðmundi Björnssyni 30 kr. sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 20. júlímánaðar.

Nr. 54/1907: Einar Markússon
gegn
Jóhannesi V. H. Sveinssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi Jóhannes V. H. Sveinsson, bóndi á Kirkjufelli, fyrir gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gegn áfrýjandanum, kaupmanni í Ólafsvík, Einari Markússyni, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér skuld, er hann taldi til

hjá honum, að upphæð 1452 kr. 3 a. ásamt vöxtum, og var málið leitt til lykta í nefndum rétti með dómi uppkveðnum 31. okt. 1906 þannig, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda af kröfu hans 881 kr. 28 a. ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, en að öðru leyti var áfrýjandinn sýknaður af kröfum stefnda og málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn nú skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. des. f. á., og fengið uppreistarleyfi til áfrýjunarinnar og leyfisbréf til að leggja fram ný skjöl og skilríki. Hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði sýkn dæmdur af öllum kærum og kröfum stefnda í málinu og að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti með einhverju eftir réttarins mati nægilegu. En af stefnda hálfu hefir þess verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað.

Af skuldakröfu þeirri, er stefndi fyrir gestaréttinum gerði kröfu á hendur áfrýjanda, 1452 kr. 3. a., tók gestarétturinn að eins til greina og dæmdi áfrýjanda til að greiða stefnda 881 kr. 28 a., og með því að stefndi hefir eigi gagnáfrýjað málinu, liggur það eitt fyrir yfirdóminum að rannsaka, hvort áfrýjandi sé með gestaréttardóminum réttilega skyldaður til að greiða þessa síðarnefndu upphæð, en í henni er fólgin krafa um vangoldið skipstjórakaup stefnda hjá áfrýjanda á árinu 1902 og 1903, 447 kr. 58 a.+377 kr. 95 a., borgun fyrir skipauppsátur 1903 og 1904, 55 kr., og útlagður kostnaður við læknishjálp handa háseta á skipi áfrýjanda, 75 a.

Viðvíkjandi skipstjórakaupinu er það upplýst í mál-

inu, að stefndi var skipstjóri árin 1902—1903 á fiskiskipinu »Ane Mathilde,« sem gert var út frá Ólafsvík nefnd ár, og færði áfrýjandi, sem var útgerðarmaður skipsins kaup stefnda inn í reikning hans við verzlun sína í Ólafsvík bæði árin, og var það reiknað stefnda árið 1902 724 kr. 35 a., en 1903 607 kr. 10 a. Hefir áfrýjandi talið að stefndi hafi á þennan hátt fengið það kaup greitt að fullu, er honum hafi frekast borið, því að svo hafi verið um samið, að hann mætti velja milli tveggja þeirra ráðningarmáta, er áfrýjandi réð skipstjóra sína með, og hafi stefnda verið reiknað kaupið í bæði skiftin eftir þeim ráðningarkjörunum, er hann átti kost á, er honum voru drýgri til kaups. Áfrýjandi hefir og staðhæft það, að á öðrum úttektarstöðum en Ólafsvík — en þar gerði áfrýjandi eða verzlun hans ein út fiskiskip þau ár — hafi ráðningarkjör skipstjóra verið söm eða mjög áþekk þeim, er stefndi naut hjá honum, en alls ekki lík þeim, er stefndi byggir á kröfu sína um hærra kaup, og hefir áfrýjandi stutt þessa staðhæfingu sína með ýmsum vottorðum skipstjóra og annara kunnugra manna frá þessum stöðum. Þessum skýrslum og fullyrðingum áfrýjanda um samninga þeirra málsaðila og um kauphæð skipstjóra í Ólafsvík og þar í grend hefir stefndi ekki hnekt né gert tilraun til að hnekkja, en hann hefir að eins haldið því fram, að hann hafi haft hærra kaup eða betri kjör sem skipstjóri árin áður á Dýrafirði og hafi hann ætlast til að hann héldi þeim kjörum, er hann réðst skipstjóri til áfrýjanda. En þar sem stefndi hefir eigi sannað, að áfrýjandi hafi undirgengist að veita honum betri kaupkjör en aðrir skipstjórar hans sættu eða tíðkanleg voru þar nærlendis eft-

ir ómótmæltri skýrslu áfrýjanda, þá verður áfrýjandi eigi skyldaður til að greiða honum kaup eftir öðrum mælikvarða en hann hefir þegar gert, og verður því að sýkna áfrýjanda af kröfunni um uppbót á skipstjórakaupi, 447 kr. 58 a. + 377 kr. 95 a.

Að því er kröfu stefnda fyrir uppsátur snertir, þá er það viðurkent, að 4 skip áfrýjanda voru sett upp í landi stefnda, »Ane Mathilde« og »Den Lille« árin 1903 og 1904 og »Clarine« og »Sleipnir» 1904. Áfrýjandi hefir ekki greitt stefnda neitt fyrir uppsátur handa skipum þessum, og virðist stefndi því eiga tilkall til hæfilegrar borgunar fyrir þau, enda hefir áfrýjandi kannast við að hann hafi tjáð sig fúsan til að greiða fyrir uppsátrin líkt og annarstaðar gerðist, eða 5—10 kr. fyrir hvert skip um árið. Það verður því að fallast á það, að gestaréttarinn dæmdi stefnda endurgjald fyrir þessi uppsátur, og þar sem áfrýjandi hefir ekki fyrir yfirdóminum haft sérstaklega á móti upphæð gjaldsins, sem gestaréttarinn ákvað 10 kr. fyrir skip hvert á ári, ber að samþykkja endurgjaldsupphæð þá fyrir uppsátrin, er dómurinn hefir dæmt stefnda 55 krónur.

Þá ber og að staðfesta síðasta liðinn í dómkröfu stefnda, 75 a. fyrir læknishjálp handa háseta á »Ane Mathilde,« er stefndi tjáist hafa orðið að greiða á Patreksfirði sem skipstjóri í þágu skipsins og útgerðarmanns þess (áfrýjanda), en áfrýjandi virðist eigi hafa mótmælt því að stefndi hafi lagt út þennan kostnað fyrir útgerðina.

Samkvæmt framansögðu verður áfrýjandi eigi skyldaður til að greiða meira en 55 kr. 75 a. af upphæð þeirri, er gestaréttardómurinn hefir dæmt honum, og ber að breyta dómi þessum samkvæmt því. Ákvæði

gestaréttardómsins um málskostnað samþykkist, en í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda 20 krónur.

Því dæmist rétt vara:

Áfrýjandi Einar kaupmaður Markússon greiði stefnda Jóhannesi V. H. Sveinssyni 55 kr. 75 a. ásamt 5% vöxtum p. a. frá stefnudegi til borgunardags.

Málskostnaður í héraði falli niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda með 20 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Nr 6/1908: Magnús Stefánsson
gegn
hreppsnefnd Torfalækjarhrepps.

Dómur:

Haustið 1905 lagði hreppsnefndin í Torfalækjarhreppi 160 kr. sveitarútsvar á verzlun áfrýjanda, Magnúsar Stefánssonar kaupmanns á Blönduósi, en af upphæð þessari greiddi hann að eins 100 kr., og krafðist því hreppsnefndin með bréfi til sýslumanns, dags. 30. okt. 1906, lögtaks fyrir eftirstöðvunum 60 kr., en lög-

takið var þó þá eigi framkvæmt. Næsta haust 1906 lagði hreppsnefndin enn sveitarútsvar á verzlun áfrýjanda á Blönduósi, að upphæð 220 kr. Útsvar þetta kærði áfrýjandi fyrir sýslunefnd Húnavatnssýslu, og lækkaði hún það um 25 kr.; síðan greiddi áfrýjandi af útsvarinu 145 kr. og enn síðar 10 kr., eða samtals 155 kr., en lét ógreiddar eftirstöðvarnar 40 kr. Hreppsnefndin krafðist þá með bréfi dags. 5. ágúst 1907 lögtaks fyrir báðum hinum ógreiddu upphæðum fyrir árin 1905—06 og 1906—07, og var með fógetaréttarúrskurði Húnavatnssýslu, uppkveðnum 21. desbr. 1907, úrskurðað gegn mótmælum áfrýjanda, að hið umbeðna lögtak skuli fram fara. Lögtakið var þó eigi framkvæmt, með því að requisitus lýsti því yfir, að hann mundi áfrýja úrskurðinum, enda hefir hann nú skotið honum til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. febr. þ. á., og krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og að honum verðt tildæmur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. — Hin stefnda hreppsnefnd hefir fengið gjafvörn í málinu og skipaðan málflutningsmann, og hefir hann fyrir nefndarinnar hönd gjört þá réttarkröfu, að fógetaréttarúrskurðurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða málflutningsmanns nefndarinnar.

Að því er hið fyrra útsvarið snertir, er féll í gjalddaga 31. desbr. 1905, var að vísu nægilega tímanlega beiðst lögtaks á því, sem sé 31. okt. 1906, en lögtaksbeiðninni var eigi framfylgt með hæfilegum hraða og hefði gjald þetta því týnt lögtaksrétti sínum hinn 20.

desbr. f. á., eins og áfrýjandi hélt fram fyrir fógetaréttinum, og verður þegar af þessari ástæðu að breyta hinum áfrýjaða úrskurði og fella hann úr gildi að því er þetta gjald snertir, sbr. lög nr. 29, 16. desbr. 1885.

Að því er síðara gjaldið snertir, útsvarið fyrir árið 1906—07, telur áfrýjandi að 40 kr. af því séu lagðar á hrossaverzlun þá, er hann hafði rekið, en verzlun þessa tjáist hann hafa rekið sem heimilismaður á Flögu í Áshreppi, og hafi þar, í Áshreppi, verið lagt aukaútsvar á þennan atvinnurekstur hans. En samkvæmt bréfum hinnar stefndu, hreppsnefndarinnar í Torfalækjarhreppi, hefir útsvarinu öllu verið jafnað á verzlun áfrýjanda á Blönduósi, enda er það in confesso, að hann hafi þessi árin rekið þar allstóra fastaverzlun, og hefir eftir sömu bréfum ekkert verið lagt rérstaklega á hrossaverzlun áfrýjanda eða hrossakaup; útsvarið hefir verið ákveðið í einu lagi fyrir allan atvinnurekstur hans á Blönduósi, og er það lögum samkvæmt, sbr. lög nr. 12, 9. ágúst 1889 og lög nr. 43, 10. nóvbr. 1905. Þar sem það nú eigi er neitt vafamál, að áfrýjandi hafi verið útsvarsskyldur í Torfalækjarhreppi fyrir verzlunaratvinnurekstur sinn á Blönduósi, verður að eins spurning um það, hvort útsvar hans þar í hreppi hafi verið hæfilega hátt »eftir árlegri veltu og arði«, en þessi spurning um upphæð gjaldsins sætir eigi úrlausn dómstólanna. — Af þessu leiðir, að staðfesta verður fógetaréttarúrskurðinn að því er snertir aukaútsvarið fyrir árið 1906—07.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður falli niður. En málsfærslukaup hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar, sem ákveðst 20 kr, greiðist

úr landssjóði. — Það vottast, að málsvörnin af hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn skal vera óraskaður að því er snertir sveitarútsvar áfrýjanda fyrir árið 1906—07; en að öðru leyti er fógetaréttarúrskurðurinn úr gildi feldur.

Málskostnaður fellur niður.

Hinum skipaða málflutningsmanni hreppsnefndarinnar, yfirréttarmálsfærslumanni Eggert Claesen, greiðist málflutningskaup úr landssjóði, að upphæð 20 kr. —

Nr. 9/1908: Jakob Gunnlaugsson
gegn
Sigurði kaupmanni Jónssyni
fyrir hönd síldveiðifélagsins
»Aldan« á Seyðisfirði.

Dómur:

Í máli þessu, sem höfðað hefir verið gegn stefnda sem formanni síldveiðafélagsins »Aldan« á Seyðisfirði, til innheimtu á skuld á hendur félagi þessu, hefi stefnan til yfirdómsins verið birt á skrifstofu verzlunarinnar »Framtíðin«, sem er eign stefnda, en óviðkomandi

síldveiðifélaginu »Aldan«. Félag þetta hefir enga sérstaka skrifstofu, og því hefir eigi verið lýst til verzlunarskrár, og var þá eigi heimild til að birta stefnuna annarstaðar en á lögheimili stefnda sjálfs, sbr N. L. 1—4—2 og lög nr. 42, 13. nóv. 1903, 34. gr. Með því að þetta hefir eigi verið gjört, verður samkvæmt kröfu stefnda, sem hefir mótmælt lögmæti stefnubirtingarinnar, að vísa máli þessu frá yfirdóminum og dæma áfrýjandann til að greiða stefnda í ómakslaun 10 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn Jakob stórkaupmaður Gunnlaugsson í Kaupmannahöfn greiði stefnda Sigurði Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði í ómakslaun 10 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga aðför.

Mánudaginn hinn 27. júlímánaðar.

Nr. 10/1908: Sigtryggur Jóhannesson kaupmaður,
Anton Jónsson trésmiður,
Gránufélagið á Akureyri og
Christen Havsteen kaupstjóri.
gegn
Páli Markússyni.

Dómur:

Í máli þessu, er áfrýjendurnir höfðuðu í héraði fyrir aukarétti Akureyrar gegn stefnda út af broti gegn einkaréttarleyfi, gekk dómur í nefndum rétti hinn 18. júní f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var sýkn dæmdur af kröfum áfrýjenda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. febr. þ. á., og hafa þeir fengið leyfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki í yfirdóminum og krafist þess, *að* stefnda verði bannað að nota steinsteypuvél þá, er þeir telja að komi bága við einkaleyfi þeirra, á því svæði, er þeir (áfrýjendur) hafa einkarétt á til slíkra véla, svo og að ráðstafa hinum steyptu steinum eða afhenda þá, *að* vél stefnda verði gerð upptæk, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum í skaðabætur 15 kr. fyrir hvert þúsund steina selt og óselt, sem hann hafi steypt í vélinni, eða þá skaðabætur eftir dómkvaddra manna mati, *að* stefndi verði sektaður fyrir brot á einkarétti og *að* hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirréttarins. Af hálfu stefnda hefir þess aftur á móti verið krafist, fyrst og fremst að dómurinn í málinu

verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá aukaréttinum, en áfrýjendur sektaðir fyrir þrætugirni og dæmdir í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti, en til vara að aukaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir í málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að umboðið til málshöfðunarinnar, er lagt var fram í undirrétti, var eigi meðundirskrifað af einum áfrýjandanum, Chr. Havsteen, sem var þá í Kaupmannahöfn, og telur stefndi sáttaumleitun í málinu ólöglega bæði fyrir þessa sök og af því að áfrýjendur hafi eigi sjálfir komið á sáttafund og verið þó óforfallaðir, heldur jafnvel sent þangað fyrir sig mann, sem hafi málsfærslustörf að atvinnu og eigi því að sæta sömu lögum og málflutningsmenn, að mega ekki mæta fyrir aðra á sáttafundum. Fyrir undirréttinum komu þó eigi nein mótmæli fram gegn því, að málið væri höfðað með fullri heimild af hálfu allra áfrýjendanna, og er þá ofseint að koma með slík mótmæli fyrir yfirdómi, enda hefir sá af áfrýjendunum, er eigi hafði skrifað undir málshöfðunarumboðið, síðar lýst því yfir, að það hefði verið með vitund sinni og vilja, að mál þetta var höfðað. Það verður og heldur eigi fallist á þá skoðun stefnda, að sáttaumleitunin verði að teljast ólögmæt fyrir það, þótt áfrýjendur hafi eigi sannað forföll sín frá að mæta sjálfir við hana, enda hefir slíkra sannana eigi verið krafist af stefnda fyrir aukaréttinum, né fyrir það, þótt maður sá, er mætti á sáttafundinum, hafi fengist nokkuð við málsfærslu fyrir menn, þar sem hann þó hefir það eigi að aðalatvinnu. Ómerkingarkrafa stefnda verður þannig eigi tekin til greina.

Viðvíkjandi efni málsins, þá eru málsástæður þær, að 17. maí 1904 var verksmiðjueiganda Jörgen Peter Jörgensen í Wedd í Holtsetalandi veittur með konunglegu leyfisbréfi einkaréttur á Íslandi öllu »til að gera og láta gera mótkassa þann fyrir byggingarsteina,« sem nánara er lýst í skjölum þeim og uppdráttum, er leyfisbréfinu fylgja, en með samningi 11. jan. 1905 framseldi Jörgensen einkaréttarleyfi þetta steinsteypufélaginu »Steinar« í Reykjavík, ng þetta félag seldi síðan aftur með samningi dagsettum 30. nóv. 1906 og 25. jan. 1907 áfrýjendum máls þessa rétt sinn eftir einkaréttarleyfinu að því er snerti Eyjafjörð og sveitir þær, er að honum liggja. Með því að stefndi, Páll steinsmiður Markússon, fluti frá Norvegi til Akureyrar sumarið 1906 steinsteypuvél, er hann keypti þar og áfrýjendur telja samkyns vél og þær, er einkaréttarleyfið hljóðar um, og tók að steypa steina í vél þessari, álitu áfrýjendur rétt sinn brotinn með því og höfðuðu mál þettu gegn stefnda.

Þó að það nú megi virðast nægilega sannað í málinu, að vél sú, er stefndi hefir útvegað sér frá Norvegi og hefir notað til að steypa steina í, muni vera samskonar vél í öllu verulegu og vél sú, sem lýst er í einkaleyfi Jörgensens og áfrýjendur hafa því öðlast einkarétt að í Eyjafirði og nærliggjandi sveitum, þar sem stefndi notar sína vél, þá er þó þess að gæta, að einkaleyfisbréf Jörgensens, sem bæði »Steinar« og áfrýjendur byggja rétt sinn á, veitir að eins einkarétt til að »gera og láta gera« á Íslandi mótkassa eða steinsteypuvélar af hinni tilteknu gerð, og með því að það virðist heimildarlaust að leggja þann skilning í orð þessi, að með þeim sé öðrum bannað að flytja slíkar vélar inn í landið og

nota þær þar, þá verður eigi álitið að stefndi hafi brotið einkaleyfi áfrýjendanna með innflutningi vélar sinnar eða mótkassa og notkun, og ber því að sýkna hann og staðfesta hinn áfrýjaða dóm í aðalefni hans. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, en málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjendur greiði stefnda 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, Sigtryggur Jóhannesson, Anton Jónsson, Gránufélagið á Akureyri og Christen Havsten greiði stefnda Páli Markússyni í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 3/1908: J. Gautesen sjálfs sín vegna og f. h. I. An. Christensen o. fl. í Haugesund gegn Birni Guðmundssyni f. h. Fredriksen & Co. í Mandal.

Dómur:

Í norðanstórviðri hinn 19. febr. 1907 að kvöldi tók gufuskipið »Mod« frá Haugesund, sem lá á Reykjavík-

urhöfn, að reka fyrir akkerum sínum, unz það rakst á Faxaflóagufubátinn »Reykjavík,« sem lá sunnar á höfninni aftan undan »Mod.« Rakst »Mod« hvað eftir annað á »Reykjavík,« braut stefnið á gufubátnum, borðstokkinn og yfirbygginguna á nokkrum stöðum; bakborðsfesti »Reykjavíkur« lenti í skrúfu »Mods« og slitnaði, og loks kom svo, að skipstjóranum á »Reykjavík« þótti eigi annað fært en að sleppa hinni akkerisfestinni og setja skipið á land. Lenti það í stórgrýtisurð við Battaríið og varð þar að algerðu strandi, en »Mod,« sem þá var búið að slíta aðra akkerisfestina og sleit nokkru síðar einnig hina festina, komst út fyrir skipaleguna á höfninni og hélt sér þar við, þar til veðrinu slotaði undir morgun.

Gufubáturinn »Reykjavík« var eign Fredriksen & Co. skipaútgerðarmanna í Mandal og var vátrygður í þilskipaábyrgðarfélaginu við Faxaflóa fyrir 24000 kr., sem félagið hefir greitt eigendunum, en þegar sú vátrygging byrjaði árið 1904 var gufubáturinn metinn 38900 kr. og tjón sitt við strandið telja eigendur »Reykjavíkur« að þessari upphæð, að viðbættum 201 kr. 67 aur. fyrir matvæli, sem ónýtzt hafi í skipinu við strandið, 60 kr. kostnaði við að senda mótorbát til Akraness með póstflutning, er »Reykjavík« var skuldbundin til að flytja eftir samningi við landstjórnina, og loks 200 kr. sekt eftir samningi fyrir það, að ferð gufubátsins suður í Garð 26. febr. f. á. varð að falla niður eða alls 39361 kr. 67 a. Með því að þeir halda því fram, að »Mod« eigi eitt alla sök á þessu tjóni, höfðaði umboðsmaður þeirra, Björn kaupmaður Guðmundston, mál fyrir gestaréttí Reykjavíkurkaupstaðar á hendur skipstjóra

»Mods,« I. Gautesen sjálfum og fyrir hönd eigenda og útgerðarmanna skipsins Ivar An. Christensen o. fl. í Haugesund og krafðist þess, að þeir yrðu dæmdir til þess in solidum að bæta umbjóðendum sínum tjón það, er þeir hafa beðið við strandið, eins og það er að ofan talið, að frádeginni vátryggingarupphæð bátsins 24000 kr. eða 15361 kr. 67 aur. með 5% vöxtum frá stefnudegi 28. febr. f. á. til borgunardags, svo og málskostnað eftir mati réttarins. Lauk máli þessu svo fyrir gestaréttinum hinn 2. okt. f. á., að I. Gautesen og nefndir eigendur og útgerðarmenn gufuskipsins »Mods« voru dæmdir til þess in solidum að greiða Birni Guðmundssyni fyrir hönd Fredriksen & Co. í Mandal 11660 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir I. Gautesen sjálfs sín vegna og f. h. I. An. Christensen o. fl. skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. jan. þ. á. og hefir hann krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og áfrýjendurnir algerlega sýknaðir af kærum og kröfum hins stefnda, Björn Guðmundssonar, umboðsmanns eigenda og útgerðarmanna »Reykjavíkur,« svo og að þeir verði dæmdir í málskostnað eftir mati yfirdómsins. — Hinn stefndi Björn Guðmundsson hefir að sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 23. marz þ. á. og hefir hann krafist þess *aðallega,* að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að aðaláfrýjendurnir verði dæmdir til að greiða gagnstefnanda 15361 kr. 67 aur., svo og málskostnað fyrir undir- og yfirrétti eftir mati réttarins, en *til vara* að hinn áfrýjaður dómur verði staðfestur og

honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Gufuskipið »Mod,« sem er $379^{86}/_{100}$ tons netto að stærð, kom á Reykjavíkurhöfn hinn 14. febr. 1907 í góðu veðri og lagði löggildur hafnsögumaður því í hægum suðvestanvindi fyrir 30 faðma keðju á bakborðsakkeri og 20 faðma keðju á stjórnborðsakkeri, og tjáði hafnsögumaðurinn æðra stýrimanni, sem hafði á hendi stjórn skipsins eða stjórnaði því eftir nánari fyrirsögn skipstjórans, sem var undir þiljum veikur í fæti, að ef nokkuð yrði að veðri skyldi meira gefið út af festum, til þess að lega skipsins á höfninni væri trygg. Næstu daga fór veður versnandi og blés vindur af ýmsum áttum, svo skipið snerist fyrir akkerum sínum, og við það flæktust eða krosslögðust festar skipsins, en þótt veður versnaði var að eins bætt 10 föðmum á stjórnborðsakkeri, svo 30 faðmar af keðju voru úti á hvoru akkeranna, er skipið tók að reka að kvöldi hins 19.; þar á móti voru akkerisfestarnar ekki greiddar eða akkerum hagað eftir vindi. Hinn 17. febr. kom gufubáturinn »Reykjavík« úr ferð og lagðist á höfnina suður frá »Mod« til hliðar stjórnborðsmegin, en þegar vindur gekk í norður, lá gufubáturinn beint aftur undan »Mod.« — Því til réttlætingar, að festar á akkerum »Mods« voru ekki lengdar samkvæmt fyrirlagi hafnsögumannsins, er veður tók að versna, hefir aðaláfrýjandi haldið því fram, að »Reykjavík« hafi lagst svo nærri »Mod,« að ekki hafi verið svifrúm til að gefa meira út af festunum; en þessi afsökun er ekki á rökum bygð, því með framburði hafnsögumanna, óæðra stýrimanns á »Mod« og annara vitna er það fullsannað, að »Reykjavík« hafi lagst í

nægri fjarlægð frá »Mod« og að skip þetta hafi haft nægilegt svifrúm til að gefa út af festum sínum svo sem þörf var á til að liggja örugt á höfninni, en áfrýjandi hefir enga afsökun komið með fyrir því, að akkerisfestarnar voru eigi greiddar eða akkerin færð til eftir vindstöðunni, en að liggja fyrir 2 akkerum með flæktar eða krosslagðar festar er eftir framkomnum skýrslum í reyndinni sama sem að liggja fyrir að eins einu akkeri, en það er talið ótilhlýðilegt og óforsvaranlegt og tíðkast ekki á Reykjavíkurhöfn, er um skip er að ræða á stærð við »Mod.« — Þá heldur aðaláfrýjandi því fram, að »Reykjavík« hafi verið skyld til að flytja sig úr stað og hafi með því að gera það ekki losað aðaláfrýjanda við alla skaðabótaskyldu, en eins og þegar hefir verið tekið fram, er það sannað, að »Reykjavík« hefir lagst í nægilegri fjarlægð frá »Mod,« og hafði hún þá enga skyldu til að flytja sig, enda hafði »Reykjavík,« sem lá nær landi en »Mod,« fulla ástæðu til að gera ráð fyrir, að »Mod« mundis leppa festum frá sér og fara út af skipalegunni, þegar það var komið á rek, sem það gat ekki stöðvað.

Samkvæmt framansögðu verður yfirdómurinn að fallast á þá skoðun gestaréttarins, að stjórnandinn á »Mod« hafi átt alla sök á því, að gufubáturinn »Reykjavík« varð að strandi, og að sök hans sé svo vaxin, að skipstjóri, eigendur og ábyrgðarmenn skipsins eigi að bera alla ábyrgð á tjóni því, er af strandinu hefir hlotist.

1. liðurinn í skaðabótakröfu gagnáfrýjanda er svo sem fyr segir 14900 kr., og er sú upphæð miðuð við mat á gufubátnum »Reykjavík,« er fram fór þegar skipið var tekið til vátryggingar í þilskipaábyrgðarfélaginu

við Faxaflóa, og er matsgerðin dags. 5. maí 1904. Aðaláfrýjendur mótmæla eindregið upphæð skaðabótakröfunnar og halda þeir því fram, að hún nái engri átt, með því að sannvirði »Reykjavíkur« hafi, þá er hún strandaði, jafnvel ekki verið 24000 kr., er hún var vátrygð fyrir og gagnstefnandi þegar hefir fengið greiddar hjá ábyrgðarfélaginu, því síður meira. Matsgerðina, sem framkvæmd var af hinum föstu virðingarmönnum ábyrgðarfélags Faxaflóa, telja þeir óáreiðanlega og óábyggilega. Þessir virðingarmenn, tveir þilskipaformenn og einn bátasmiður, hafi eingöngu verið valdir með það fyrir augum, að virða fiskiveiðaþilskip, en þá vanti eðlilega þá sérþekkingu, sem þarf til að virða gufuskip; árið 1904 hafi innlend gufuskip ekki verið til og þau óþekt og matsmennina hafi þar af leiðandi vantað allan mælikvarða um verðmæti slíkra skipa, og þó að matið hefði verið nærri sanni eins og skipið var 5. maí 1904, þá gæti það ekki verið réttur mælikvarði fyrir verði skipsins, er það strandaði, því bæði hafi báturinn gengið stórkostlega úr sér á því tímabili, og svo hafi verð gamalla gufuskipa fallið mjög síðustu ár, en »Reykjavík« var bygð árið 1874 og og þannig 33 ára gömul er hún strandaði. Til þess að ákveða verð »Reykjavíkur« verður að hafa upplýsingar um markaðsverð slíkra skipa erlendis, og hafa áfrýjendur, að fengnu leyfisbréfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki fyrir yfirrétti, lagt fram vottorð frá norskri skipasmíðastöð, Framnæs mekaniske Værksted, þar sem skýrt er frá, að nokkur gufuskip á stærð við »Reykjavík,« en hér um bil 10 árum yngri og með stærri vélar, hafi verið seld hvað eftir annað bæði í fyrra og í ár fyrir frá 15—20

þúsund krónur, og er sérstaklega tekið fram, að að dómi vottorðsgefandans geti ekki komið til mála að virða »Reykjavík« hærra en 22—24 þús. krónur, þótt skipinu hafi verið haldið mjög vel við, og mundi það verð ekki einu sinni hafa verið fáanlegt. Í sömu átt gengur vottorð frá norskum verkfræðing Fred. Th. Hansen í Bergen, en þar er tekið fram, að gufuskip af líkri stærð og aldri og »Reykjavík« geti ekki verið nærri því 40 þúsund króna virði. — Gagnáfrýjandi telur þar á móti matsgerðina 5. maí 1904 áreiðanlega og ábyggilega, og hefir hann bent á, að mat þetta komi vel heim við það, að árið áður hafi gufubáturinn verið metinn 40000 kr. virði, en matsgerð þessi hefir ekki verið framlögð í málinu, þótt áfrýjendur hafi vefengt hana og skorað á gagnáfrýjanda að leggja hana fram, og hafa engar upplýsingar um hana fengist aðrar en þær, að í vátryggingarskírteini frá 1903 er skipið talið virt á 40000 kr., en það bendir á að mat þetta hafi ekki verið sem nákvæmast, að vátryggingarfélagið hafði áskilið sér, að ef »Reykjavík« færist, þá skyldu að eins greiðast 30000 kr. sem *fullar bætur* fyrir skipið.

Eftir því sem fyrir liggur verður að telja það sannað, að menn þeir, er virtu gufubátinn »Reykjavík« 5. maí 1904, hafi ekki haft þá sérþekkingu, er nauðsynleg er til að gera ábyggilega virðingu á gufuskipi, og auk þess var mat þetta orðið þriggja ára gamalt, er báturinn strandaði, og er ekki óeðlilegt, að svo gamalt skip hafi rýrnað að mun síðan og verðlag á gufuskipum breyzt á þeim 3 árum. Það þykir því ekki tiltækilegt að leggja matsgerð þessa til grundvallar við ákvörðun á sannvirði »Reykjavíkur,« er hún strandaði, en í þessu

tilliti verður, þareð ábyggileg virðing á bátnum er ekki fyrir hendi, að miða verð hans við venjulegt markaðsverð eða söluverð gufuskipa á líkri stærð og aldri og »Reykjavík,« en til að ákveða það hefir réttúrinn ekki annað að fara eftir en hina ákveðnu yfirlýsingu um markaðsverð slíkra skipa frá skipasmíðastöðinni »Framnæs mekaniske Værksted« (réttarskjal nr. 18), en þar er tekið fram, að það hafi komið fleirum sinnum fyrir bæði árin, 1907 og 1908, að slík skip hafi gengið kaupum og sölum á 15—20 þús. krónur, og að verð »Reykjavíkur« geti alls ekki hafa verið meira en í allra hæsta lagi 22—24000 kr. Að vísu hefir önnur skipasmíðastöð gefið þá yfirlýsingu, að erfitt mundi að útvega jafnvel gamalt skip í stað »Reykjavíkur,« er hentugt væri til þeirra ferða, er »Reykjavík« var höfð til, fyrir minna en 40—50 þús. kr., en þar sem það er ekki upplýst, að »Reykjavík« hafi verið að nokkru verulegu frábrugðin öðrum farþegaflutningsbátum á líkri stærð, og vottorð þetta að öðru leyti er óákveðið um verðmæti »Reykjavíkur« eða annarra líkra skipa, er ekki auðið að byggja neitt á vottorði þessu.

Þar sem eigendur »Reykjavíkur« þegar hafa fengið 24000 kr. greiddar hjá ábyrgðarfélagi þilskipa við Faxaflóa upp í andvirði bátsins, verður eftir framansögðu að álíta, að þeir hafi fengið alt verð bátsins endurgoldið, og ber því að sýkna aðaláfrýjendur af þessari skaðabótakröfu gagnstefnanda.

Þá hefir gagnáfrýjandi krafist skaðabóta fyrir matvæli, er eyðilögðust, er »Reykjavík« strandaði, að upphæð 201 kr. 67 aur., og hefir hann skýrt svo frá, að sjór hafi fallið inn í klefann, þar sem þau voru geymd,

og matvælin eyðilagst eða farið í sjóinn. Að matvæli þessi hafi verið í skipinu og að sjór hafi fallið inn í geymsluklefann hefir ekki verið mótmælt og aðaláfrýjandi hefir heldur ekki fullyrt að matvælum þessum hafi verið bjargað, og ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða andvirði þeirra 201 kr. 67 aura með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags. Ennfremur ber þeim að greiða með sömu vöxtum 60 kr. til endurgjalds kostnaði við að senda mótorbát með póst til Akraness, með því að þeirri kröfu hefir ekki verið mótmælt. Hins vegar hafa aðaláfrýjendur mótmælt að greiða 200 kr. sekt fyrir það, að ferð gufubátsins suður í Garð 26. febr. 1907 fórst fyrir; en þareð það eftir samningi gagnáfrýjanda við landsstjórnina er eigi vafalaust, að honum beri eftir atvikum að greiða sekt þessa, og það er eigi sannað, að landsstjórnin hafi gert tilkall til hennar hjá áfrýjanda, þá verða aðaláfrýjendur ekki skyldaðir til að greiða gagnstefnanda kröfulið þennan.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendurnir I. Gautesen skipstjóri og eigendur og útgerðarmenn gufuskipsins »Mods« frá Haugesund, I. An. Christensen o. fl, greiði in solidum gagnáfrýjanda Birni Guðmundssyni fyrir hönd Fredriksen & Co. í Mandal 261 kr. 67 aur. með 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags,

en séu að öðru leyti sýknir af kröfum og kærum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 10. ágústmánaðar.

Nr. 22/1908: Einar M. Jónasson gegn Davíð Østlund.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, cand. jur. Einar M. Jónasson, gegn trúboða Davíð Östlund fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur út af umboðslaunum fyrir sölu á húseign stefnda, sem áfrýjandi gerði kröfu til, og var málinu ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 9. apríl þ. á., á þá leið, að stefndi var algerlega sýknaður í málinu, málskostnaður var látinn falla niður, nokkur tilgreind orð í sóknarskjali áfrýjanda fyrir bæjarþinginu voru dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi sektaður fyrir þau um 5 kr. til landssjóðs. Þessum dómi hefir cand. jur. Einar M. Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 14. maí þ. á., og hefir hann gert þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér hin umkröfðu umboðslaun, aðallega 730 kr., en til vara 490 kr., með vöxtum 6 af hundraði frá sáttakærudegi, og allan kostnað málsins fyrir báðum rétt-

um eftir mati yfirdómsins; svo krefst hann og þess, að sektarákvæðið verði felt úr gildi. — Stefndi Davíð Östlund trúboði hefir af annari hálfu krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Fyrir nálægt $2^1/_2$ ári síðan beiddi stefndi áfrýjanda, sem fengist hefir við húsasölu hér í bænum, að selja hús sitt nr. 23 í Þingholtsstræti, og nokkru síðar lét hann áfrýjanda fá skriflega skýrslu um leiguupphæðir eftir það, lóðarstærð þess, lægst verð, er selja mætti það fyrir, og sölulaun, ef það seldist, en að öðru leyti gerðu málsaðilar eigi skriflegan samning um söluumboðið. Um sama leyti, eða litlu síðar, bað stefndi 2 aðra nafngreinda menn að selja þetta sama hús fyrir sig. En nokkru síðar, er stefndi var staddur í Vestmanneyjum, skrifar hann áfrýjanda og segir honum, að »með tilliti til húsasölu sé eigi vert að gera neitt verulega fyr en hann komi heim.« Stefndi hafði og auglýst í blaði, er hann gaf út, að stórt íbúðarhús væri til sölu og mætti semja um það við áfrýjanda, og var þetta húsið nr. 23 í Þingholtsstræti. Áfrýjanda tókst þó eigi að selja húsið. En stefndi seldi það síðar sjálfur, eða fyrir milligöngu annars manns fyrir 24500 kr. Taldi áfrýjandi þá að umboðssamningurinn væri rofinn af hálfu stefnda, og þóttist eiga heimtingu á skaðabótum eða sölulaunum, sem hann hélt fram að heitið hefði verið, og gerði hann samkvæmt því kröfu til sölulauna, 2% af 24000 kr., sem er 480 kr., og helming þess, er húsið seldist fram yfir 24000 kr., það er helmings af 500

kr., eða 250 kr., samtals 730 kr., en til vara krafðist hann 2% af allri söluupphæðinni, sem sé 490 kr.

Þó að stefndi beiddi áfrýjanda að selja áminst hús fyrir sig á þá leið sem að framan er lýst, verður eigi álitið, að hann með því hafi skuldbundið sig til þess, að láta engan annan selja það, eða selja það eigi sjálfur, ef færi byðist, og verður fyrir því eigi á það fallist, að áfrýjandi hafi fengið óafturkallanlegt einkaumboð til sölunnar. Þá verður eigi heldur álitið að stefndi hafi lofað áfrýjandi sölulaunum af húsinu, nema því að eins að það seldist fyrir hans milligöngu, sem eigi varð. Þó að áfrýjandi kunni að eiga kröfu til ómakslauna fyrir starf það, er hann hefir unnið að því að reyna að selja húsið, — en um borgun fyrir þessa fyrirhöfn hefir eigi verið sérstaklega rætt í málinu, — þá getur hann eftir framansögðu ekki átt heimtingu á sölulaunum þeim fyrir húsið, sem hann gerir kröfu til, og verður að fallast á niðurstöðu bæjarþingsdómsins að þessu leyti; ákvæði dómsins um málskostnað, ómerking meiðyrða og sekt fyrir þau samþykkjast einnig, þó svo, að áfrýjandinn verður fyrir ósæmilegan rithátt einnig að greiða sekt til fátækrasjóðs Reykjavíkur, er ákveðst 5 kr., sbr. N. L. 1—12—3 og tilsk. 23. desbr. 1735, 2. gr. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Afrýjandi Einar M. Jónasson greiði sekt til fátækrasjóðs

Reykjavíkur 5 kr. og málskostnað fyrir yfirdómi til stefnda Davíð Östlund 15 krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 24. ágústmánaðar.

Nr. 32/1908: Réttvísin gegn Guðnýju Gísladóttur.

Dómur:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, gengnum 1. febr. þ. á., var stúlkan Guðný Gísladóttir frá Búðarhóli dæmd samkvæmt 195. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir að ala barn í dulsmáli til að sæta betrunarhússvinnu í 6 mánuði og til að greiða allan af málinu gegn henni löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til Einars hreppstjóra Jónssonar í Hrauk, 12 krónur, en dómi þessum er af réttvísinnar hálfu áfrýjað til yfirdómsins. Það er sannað með eigin játningu ákærðu og öðrum skýrslum málsins, að sunnudagsmorguninn 4. ágúst f. á. ól ákærða stúlkubarn í hlöðu á heimili sínu Búðarhóli, þar sem hún þá var vinnukona, og gróf það því næst á 5. degi eftir fæðinguna í haug við vatn norðan við bæinn. Ákærða hafði áður leynt því og ekki viljað við það kannast, að hún væri vanfær, en nefndan sunnudagsmorgun fann hún að komið var að því, að hún mundi fæða, og fór

hún þá út í hlöðuna, í því skyni að fæða þar barnið á laun. Lagðist hún þar í heyið og fæddi barnið eftir litla stund og skildi á milli með skærum, er hún hafði með sér, og kveðst hún hafa bundið fyrir naflastreng barnsins með loðbandsspotta. Ákærða ber það, að barnið hafi fæðst andvana, því það hafi hvorki gefið frá sér hljóð eða hreyft sig. En fullburða segir hún það muni hafa verið, og hafi hún ekki tekið eftir neinum skapnaðarlýtum á því. Ákærða var um 3 tíma í hlöðunni, þá fól hún þar barnið, er hún hafði vafið innan í flík, og var það þar til fimtudags næst á eftir, er hún gróf það eins og áður er sagt. Það varð ekkert uppvíst um þessa fæðingu ákærðu fyr en 8. sept. f. á.; þá hafði húsbóndi hennar fengið grun um athæfi hennar og fekk hana þá til að játa að hún hefði alið barnið og grafið það. Barnslíkið var grafið upp 14. sept. og framkvæmdi héraðslæknir 24. s. m. líkskoðunar- og uppskurðargerð á líkinu, en það var þá eðlilega orðið mjög rotnað og skemt. Aleit héraðslæknir að eigi væri með vissu auðið að úrskurða um það, hvort barnið hefði fæðst lifandi eða eigi, en honum virtist líkurnar vera meiri til þess, að það hefði verið liðið er það fæddist, og líkur virtust honum og vera fyrir því, að það hefði eigi fæðst fullburða. Skoðunargerð héraðslæknis var síðan send landlækni til álita, og hefir hann 2. okt. f. á. talið það »vissu næst eftir lýsingu héraðslæknisins, að loft það, er héraðslæknirinn fann neðan til í lungum barnsins, hafi verið rotnunarloft, og hafi þá barnið aldrei andað, og sé því enga sönnun að hafa úr skoðunargerðinni fyrir því, að barnið hafi fæðst með lífi.« Hins vegar

telur landlæknir það líklegast, að barnið hafi verið fullburða.

Eftir þessum álitsgerðum læknanna eru að vísu líkur fengnar fyrir því, að barnið hafi aldrei andað, en þar með er þetta atriði þó eigi fullsannað, og því síður hitt, að barnið hafi fæðst andvana í þeim skilningi, að það hefði eigi orðið lífgað eftir fæðinguna, ef rétt aðferð hefði verið höfð og nauðsynleg aðstoð hefði verið við hendina. Það er líka sem næst sannað, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist, og veikir það líkurnar fyrir því, að það hafi eigi lifað eða getað lifað eftir fæðinguna.

Það verður þannig eigi álitið sannað í málinu, að barnið hafi verið dáið á undan fæðingunni, og er það því rétt, er undirdómarinn hefir heimfært brot hinnar ákærðu undir 195. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærða hefir fært það fram sem afsökun fyrir broti sínu, að maður sá, á áttræðisaldri, er hún hefir lýst föður að barninu, hafi hótað henni að hann skyldi ganga sem næst lífi hennar, ef hún segði hann föður að barninu, og hafi hún af hræðslu við mann þennan leynt fæðingunni. Það er þó ekkert komið fram í málinu, er styðji þessa skýrslu ákærðu, sem í sjálfu sér eftir atvikum málsins er afarósennileg, en ákærða hefir reynst reikul og ósannsögul í framburði sínum í málinu, og verður því ekkert bygt á þessari afsökun hennar. Ákærðu er lýst svo, að hún sé fremur einföld og vitgrönn, en að hún hafi þó haft fullan skilning á verki því, er hún aðhafðist. Hún virðist hafa iðrast afbrots síns og bar sig illa yfir því í prófunum.

Ákærða, sem er fædd 8. okt. 1870, hefir áður með

landsyfirréttardómi 29. apríl 1889 verið dæmd í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir einfaldan þjófnað. Refsing sú, er hún nú hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum samkvæmt fyrnefndri grein hegningarlaganna 8 mánaða betrunarhúsvinna. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnaðinn samþykkjast einnig, og ber þannig að staðfesta téðan dóm að öllu leyti. Ákærða greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. — Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærða greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 18/1908: Sveinbjörn Kristjánsson
gegn
hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps

Dómur:

Áfrýjandinn Sveinbjörn snikkari Kristjánsson í Reykjavík höfðaði mál þetta ásamt skipuðum meðráða-

manni sínum fyrir aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn hreppsnefnd Seltjarnarness til þess að fá hana dæmda til að greiða sér 1892 kr. 54 a. ásamt vöxtum, en hann taldi sig eiga tilkall til upphæðar þessarar sem eftirstöðvar af kostnaði við byggingu á skóla- og fundarhúsi fyrir hreppinn, er hann hefði leyst af hendi fyrir hreppsnefndina; en með dómi nefnds réttar 25. jan. þ. á. var hreppsnefndin sýknuð af kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða hreppsnefndinni 15 kr. í málskostnað og 15 kr. hinum skipaða talsmanni hennar. Dómi þessum hefir áfrýjandinn nú skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. apríl þ. á., og hefir þess verið krafist af hans hálfu, fyrst og fremst að hreppsnefndin verði dæmd til að greiða honum 1892 kr. 54 a., en til vara, að hún verði dæmd til að greiða honum þá upphæð, er óvilhallir dómkvaddir menn meta að barnaskólahúsið í Seltjarnarneshreppi hefði kostað að vinnu og efni að frádregnum 8800 kr., þó ekki meira en 1892 kr. 54 a., og auk þess, hvor heldur upphæðin sem dæmd yrði, 6/0 vöxtu frá sáttakærudegi. Svo hefir hann og krafist málskostnaðar fyrir báðum dómum, hvernig sem málið fer, eftir reikningi eða réttarins mati. Af hálfu hreppsnefndarinnar, sem hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann, hefir þess aftur á móti verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða málflutningsmanns hreppsnefndarinnar.

Það er með framlögðum kvittunum áfrýjanda sjálfs og öðrum skilríkjum fullsannað í málinu, þótt áfrýjandi

hafi ekki viljað við það kannast, hvorki fyrir undirrétti né yfirrétti, að áfrýjandi tók að sér í maí 1906 með verksamningi (akkord) að byggja skóla- og fundarhús fyrir Seltjarnarneshrepp fyrir 8800 kr.; átti hann að byggja húsið ofan á grunn og leggja til alt efni og smíði og annað er til hússins þyrfti fyrir nefnda upphæð og afhenda húsið fullgert á tilteknum tíma. Þessum samningi fullnægði áfrýjandi að sínu leyti og fekk þá greitt það, er eftir stóð af hinni umsömdu borgun, og auk þess 128 kr. fyrir ymislegt smávegis, er hann hafði int af hendi utan samnings. Viðurkendi áfrýjandi skriflega hinn 3. nóvbr. 1906, er hann tók við greiðslu þessari, að þar með hefði hreppsnefndin fullnægt öllum þeim kröfum, er hann hefði á hendur henni fyrir byggingu hússins. Það getur því ekki verið um það að ræða, að áfrýjandinn eigi neina kröfu á hendur hinni stefndu hreppsnefnd, er bygð verði á samningi þeirra í milli um byggingu greinds húss.

En áfrýjandinn hefir til vara haldið því fram, að hann hafi verið ófullveðja, á 23. ári, er hann gerði téðan verksamning við þá, er stóðu fyrir húsbyggingunni, og þar sem meðráðamaður hafi eigi verið með honum við samningsgerðina, þá sé samningurinn ógildur og eigi því hreppsnefndin án tillits til samningsins að greiða sér kostnað þann allan, er hann hafi haft af húsbyggingunni, en hann hafi orðið 1892 kr. 54 a. meiri en upphæð sú, 8800 kr., er hreppsnefndin greiddi honum. Hann krefst því þessarar upphæðar, eða til vara þess er á vanti, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, til þess að hann hafi fengið kostnað við húsbygginguna endurgoldinn.

Það er nú að vísu rétt, að áfrýjandi var ófullveðja, er hann gerði umræddan verksamning og var samningurinn því ekki skuldbindandi fyrir hann, svo að honum yrði með lagaþvingun þröngvað til að fullnægja samningnum eða sæta ella ábyrgð fyrir samningsrof. En um það er ekki að ræða í máli þessu, að beita samningnum gegn áfrýjanda, heldur um hitt, hvort áfrýjandi, sem hefir fullnægt samningnum að öllu leyti af sinni hálfu og fengið hina umsömdu borgun fyrir, getur gert frekari kröfur til hreppsnefndarinnar um borgun fyrir verkið en samningurinn áskildi honum. En þetta yrði að byggjast á því, að fyrir fullnæging samningsins af hálfu áfrýjanda hafi hreppurinn borið úr býtum af fjármunum áfrýjanda það, er áfrýjandi var eigi bær að ráða yfir tilsjónarlaust. Afrýjandi hefir, eins og áður er sagt, talið að kostnaðurinn við húsgerðina hafi orðið 1892 kr. 54 a. meiri en umsamið var og hreppsnefndin þegar hefir greitt, en í kostnaði þeim, er hann þannig telur, er fólgin vinna sjálfs hans og námssveina hans, sem hann var fullráði yfir að lögum, og enn fremur efniviður og annað til hússins, er nemur þúsundum króna, er hann segist hafa úttekið ófullveðja hjá kaupmönnum og ekki borgað enn. Þessarar upphæðar getur áfrýjandi hvernig sem á er litið ekki krafist af hinni stefndu hreppsnefnd og verður því að sýkna hana af kröfum áfrýjanda í þessu máli og staðfesta aukaréttardóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða málflutningskaup til talsmanns hreppsnefndarinnar fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr., og vottast það, að málsfærslan af hans hendi hefir verið óaðfinnanleg. Það vottast og,

að því leyti sem málið hefir verið rekið með gjafvörn, að meðferð þess í héraði hefir verið lögmæt þar.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Í málsfærslukaup fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn Sveinbjörn Kristjánsson hinum skipaða málsfærslumanni hreppsnefndarinnar, yfirréttarmálaflutningsmanni Eggert Claessen 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 7. septembermánaðar.

Nr. 24/1908. Guðbrandur Magnússon
gegn
Árna Thorlacius.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Árni Thorlacius búfræðingur í Reykjavík, gegn áfrýjandanum, Guðbrandi Magnússyni, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til skaðabóta út af kýrkaupum, og var málinu ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 2. apríl þ. á., á þá leið, að Guðbrandur Magnússon var dæmdur til að greiða Árna Thorlacius 140 kr., en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir Guðbrandur Magnússon skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri

1. júní þ. á., og hefir hann gert þær réttarkröfur, að verða algjörlega sýknaður af kröfum stefnda og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Af hálfu stefnda, Árna Thorlacius, er hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 18. júní þ. á., hefir þess aftur á móti verið krafist, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 210 kr. í skaðabætur, svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati yfirréttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í fardögum 1907 keypti stefndi, Árni Thorlacius, af áfrýjanda, Guðbrandi Magnússyni, sem þá bjó í Bakkárholti í Ölfusi, en nú er búsettur í Reykjavík, 4 kýr, og borgaði 110 kr. fyrir eina þeirra, en 135 kr. fyrir hverja hinna, eða samtals 515 kr. fyrir þær allar. Skýrði seljandi svo frá, er kaupin gjörðust, að kúm þessum hefði verið haldið undir naut einni 2. febr. 1907, en hinum 18. maí, 3. og 5. júní s. á., og hefir þessi skýrsla ekki verið véfengd. Sú kýrin, er naut hafði fengið 2. febr., bar á reglulegum tíma. en hinar 3 reyndust kálflausar, og slátraði kaupandi þeim síðastliðið haust. Þóttist hann þá eiga tilkall til skaðabóta hjá seljanda og krafðist 70 kr. bóta fyrir hverja kú eða samtals 210 kr. Þessi skaðabótakrafa var færð í undirrétti í 50 kr. fyrir tvær kýrnar, en 40 kr. fyrir hina þriðju, eða niður í 140 kr.

Seljandi hefir skýrt svo frá, að kaupandi hafi ekki sett neitt skilyrði um að kýrnar væru með kálfi, og hafi hann ekkert ábyrgst um það, hann hafi að eins skýrt kaupanda frá hvenær kýrnar hefðu fengið naut og hafi kaupandi látið sér það nægja; hafi sér (seljanda)

verið jafnókunnugt um það og kaupanda, hvort kýr þessar hafi verið kelfdar eða ekki, er kaupin fóru fram, og þareð það sé alvanalegt, þótt um gallalausar kýr sé að ræða, að það komi fyrir að þær beiði upp, mundi hann ekki hafa samþykt að taka á sig neina ábyrgð á því, að þær hefðu fengið kálf, þótt kaupandi hefði farið fram á það. Stefndi hefir viðurkent, að hann hafi ekki beinlínis sett neitt skilyrði um að kýr þessar væru með kálfi, en að þær voru seldar fyrir 135 kr. tvær þeirra og ein fyrir 110 kr., sýni að skilyrði kaupanna hafi verið að þær væru í gildu standi, en til þess verði í fyrsta lagi að teljast, að þær væru með kálfi.

Eins og þegar hefir verið tekið fram, var þeim af kúnum, er beiddi upp, haldið á þeim tíma, að eigi varð sagt um það er kaupin gjörðust, hvort þær hefðu fengið kálf, og gat kaupandi sagt sér sjálfur, að seljandi gæti ekkert um það vitað, en þegar svo var ástatt, verður ekki álitið að kaupandi og seljandi hafi hlotið að ganga út frá því, að kýrnar væru kelfdar, eða að seljanda hafi verið það ljóst, að kaupandi gjörði þetta að skilyrði fyrir kaupunum. Það getur því ekki komið til mála að leggja neina skaðabótakröfu á aðaláfrýjanda út af því, að umræddar kýr síðar reyndust kálflausar, og ber því að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda. Eftir þessum úrslitum verður gagnáfrýjandi að greiða málskostnað fyrir undir- og yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Guðbrandur Magnússon, á að vera sýkn af kærum og kröfum gagnstefnanda, Árna Thorlacius, í máli þessu.

Í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi greiði gagnstefnandi aðaláfrýjanda 40 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 17/1908: Vilhjálmur Briem og Jón G. Sigurðsson gegn Lárusi H. Bjarnasyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp fyrir gestarétti Snæfellsness og Hnappadalssýslu 9. júlí 1907 í máli, sem stefndi, Lárus H. Bjarnason sýslumaður, höfðaði gegn áfrýjendunum, síra Vilhjálmi Briem á Staðastað og Jóni G. Sigurðssyni bónda á Görðum í Staðarsveit, út af ummælum um sig í grein einni, undirritaðri af þeim og með fyrirsögninni »Lárus H. Bjarnason« í 53. tölublaði XXXIII. árgangs Ísafoldar, sem út kom í Reykjavík 15. ágúst 1906, voru ummæli þau í greininni, sem stefndi átaldi, sem sé: »Þegar hann talar lygar« — »hin siðspillandi áhrif sem hann hefir á héraðsbúa — »að Lárus ljúgi þar um meira en helming, eins og við getum til« — »ljúga upp frá rótum í mikilsverðu landsmáli því, sem gjörbreytir skoðun þeirra, er taka manninn trúanlegan. En þetta gerði L. á fundi við Hellna hinn 16. júní í fyrra. Ósvífnin er þó nóg til að þræta fyrir það eftir á.« — »Hvernig Breiðavíkurhreppsbúarnir 18 voru flæktir í að ljúga með« — dæmd ómerk og áfrýjendurnir hvor um sig dæmdir

í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi, og til að greiða stefnda 12 kr. í málskostnað. Undir rekstri málsins fyrir gestaréttinum var af dómaranum 3. júní 1907 uppkveðinn úrskurður, er ákveður, að dómarinn víki ekki sæti og að áfrýjendunum verði ekki veittur alt að 9 mánaða frestur í málinu til vitnaleiðslu, en að þeim hins vegar veitist frestur til að leiða vitni hinn 11. s. m. að Hellum. Dómi þessum ásamt nýnefndum úrskurði hafa þeir Vilhjálmur Briem og Jón G. Sigurðsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 10. apríl þ. á., og krafist þess, að málinu verði vísað heim til nýrrar og betri meðferðar, hinn áfrýjaði dómur gerður ómerkur og hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt svo, að kröfur áfrýjendanna við undirréttinn verði teknar til greina þannig, að dómarinn víki úr dómarasæti og þeim verði veittur alt að 6 mánaða frestur til vitnaleiðslu, en til vara hafa þeir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur, með eða án heimvísunar, og honum hrundið og breytt þannig, að þeir verði með öllu sýknaðir af kærum og kröfum Lárusar H. Bjarnasonar, hann sektaður fyrir ástæðulausa og óþarfa málsýfingu og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málskostnað fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Stefndi, Lárus H. Bjarnason, hefir, þótt löglega sé stefndur, hvorki mætt eða látið mæta fyrir sína hönd fyrir yfirdómi í máli þessu.

Þegar mál þetta féll í rétt í héraði 3. júní 1907, að Syðri-Görðum, kröfðust áfrýjendurnir þess, í fyrsta lagi að dómarinn viki sæti í málinu, bæði vegna þess að hann væri þjónn stefnda, og af því, að þeir ætluðu

að leiða hann sem vitni í málinu, og í öðru lagi að fá 6 mánaða frest í málinu til gagnsóknar — sem þó er ekki krafist fyrir yfirdómi — og til vitnaleiðslu og gáfu jafnframt upp 35 menn, er þeir ætluðu að leiða sem vitni, bjuggu allflestir þeirra innan lögsagnarumdæmis Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, en nokkrir annarstaðar hér á landi og einn í Danmörku. Stefndi mótmælti hvorutveggju, og feldi dómarinn þá úrskurð þann, er að framan greinir.

Dómarinn hefir bygt neitun sína um að víkja sæti á því, að sér hafi verið falið á eigin ábyrgð að fara með málið og dæma það, enda að það byggist á engu að hann sé þjónn stefnda, og eigi verði það heldur tekið til greina í þessu efni, að áfrýjendurnir ætla að leiða hann sem vitni, þar sem þeir hafa ekki getað tilgreint um hver atriði það væri, enda væri sér gersamlega ókunnugt um tilefni málsins.

Það telst nú vera óvéfengt í málinu, að dómarinn á þeim tíma, sem hann fór með málið, hafi verið settur til að gegna embætti stefnda, sýslumannsembættinu í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á ábyrgð hans og kostnað á venjulegan hátt, hinsvegar var dómarinn með bréfi stjórnarráðs Íslands, dagsettu 15. maí 1907, skipaður til þess á eigin ábyrgð að fara með og dæma mál þetta sem setudómari. Þótt dómarinn þannig hafi gegnt embætti stefnda, verður hann á engan hátt talinn þjónn hans eða því líkt, þar sem hann fyrir þá sök þarf að verða stefnda háður, eða fara eftir því, sem hann vill vera láta að því er embættisfærsluna snertir, enda þótt stefndi, til þess að mega halda embætti sínu, verði ásamt hinum setta embættismanni að bera ábyrgð á því fjártjóni,

sem hann við rekstur embættisins kynni að baka því opinbera eða einstaklingum; ákvæðunum í tilskipun 19. ágúst 1735, 2. gr., verður ekki heldur beitt til að víkja dómaranum úr sæti í þessu máli, því hann verður ekki talinn með umboðsmönnum þeim, er þar greinir um. Loks verður að fallast á það, að áfrýjendurnir geti ekki rutt dómaranum úr sæti með því einu að segja, að þeir ætli að leiða hann sem vitni, án þess jafnframt að færa fullnægjandi rök fyrir nauðsyn sinni á því eða tilefninu til þess. Samkvæmt þessu verður að álíta, að dómaranum hafi ekki borið að víkja úr dómarasæti í málinu.

Að því er snertir neitun dómarans um að veita hinn umbeðna frest í málinu, þá hefir hann rökstutt hana með því, að áfrýjendurnir hafi ekki nægilega gert grein fyrir kröfu sinni um svo langan frest til vitnaleiðslu. Það verður nú að vísu að telja rétt, að dómarinn hefir með hliðsjón á neitun stefnda á samþykki til svo óvenju langs frests og með sérstaklegu tilliti til þess, að málið var sótt við gestarétt, heimtað ástæður af áfrýjendunum fyrir því, að þeir gætu ekki komist af með hann styttri, og að ekki nægi í því efni að telja upp hina og þessa menn, jafnvel erlendis, sem þeir ætli að leiða sem vitni, án þess jafnframt að tilgreina nánara hverjar upplýsingar í málinu mætti ætla að þessir menn gætu gefið, og því hafi rétt verið að svo vöxnu máli að neita um þennan langa frest, en hins vegar virðist það hafa átt að vera dómaranum ljóst eftir ummælum þeim í blaðagreininni, sem stefnt var fyrir, að telja mætti þörf á því fyrir áfrýjendurna til að leita sannana fyrir þeim að leiða fleiri vitni, en þau sem náð varð til réttarhaldsins að Hellnum. Hann virðist því hafa átt að veita þeim svo lang-

an frest, að þeir gætu leitt hina tilnefndu innanhéraðsmenn sem vitni, en til þess telst 8 vikna frestur eftir atvikum að hafa verið hæfilegur. Það þykir því rétt að fella úrskurð þann, sem kveðinn var upp í málinu 3. júní 1907, úr gildi, og dæma gestaréttardóminn ómerkan, og að skylda undirdómarann til að taka málið fyrir að nýju, og setja það í það ástand, sem það var, áður en nefndur úrskurður var kveðinn upp, og síðan veita áfrýjendum 8 vikna frest til vitnaleiðslu.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur á ómerkur að vera og úrskurður sá, sem gekk í málinu 3. júní 1907 að falla úr gildi, og ber gestaréttardómaranum að taka málið fyrir af nýju og setja það í það ástand, sem það var, áður en úrskurðurinn 3. júní 1907 var kveðinn upp í því og síðan veita áfrýjendunum Vilhjálmi Briem og Jóni H. Sigurðssyni 8 vikna frest til vitnaleiðslu.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn hinn 28. septembermánaðar.

Nr. 41/1908. Réttvísin
gegn
Guðjóni Ágúst Jónassyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu, uppkveðnum 6. apríl þ. á., var ákærði Guðjón Ágúst Jónasson í Ytra-Tjarnarkoti samkvæmt 250. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 dæmdur til að sæta 6 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til svaramanns síns cand. jur. Björns Líndal, 6 krónur. En dómi þessum hefir af réttvísinnar hálfu verið skotið til yfirdóms.

Samkvæmt játningu ákærða og öðrum skýrslum eru atvik málsins þessi: Ákærði var í þjónustu gistihússins »Hotel Oddeyri« á Akureyri í fyrra vor og hafði þar á hendi umsjón yfir heyi og hesthúsi. Hinn 8. júní f. á. átti maður einn, er gist hafði á hótelinu, að greiða ákærða fyrir hýsing hesta sinna 2 kr. 70 a. og fekk hann ákærða í því skyni bankaseðil samanbrotinn, sem hann ætlaðist til að væri 5 króna seðill og ákærði því einnig hugði svo vera. Ákærði fór með seðilinn til að fá honum skift, en það kom þá í ljós, að þetta var 50 króna seðill. Samt sem áður skilaði ákærði manninum að eins 2 kr. 30 a., en tók 45 kr. af seðilupphæðinni til sjálfs sín. Maðurinn, sem seðilinn hafði átt, varð ekki var við misgripin fyr en nokkrum dögum seinna, er hann var kominn heim til sín, en þá sá hann þegar í stað, að ákærði myndi hafa

fengið 50 kr. seðil hjá sér, þar sem hann ætlaði að fá honum að eins 5 kr. seðil, og kærði hann þá ákærða fyrir tiltækið, en ákærði játaði þegar brot sitt, og skilaði aftur þeim 45 kr., er hann hafði dregið sér.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefir hann áður með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu 10. júní 1892 verið dæmdur fyrir einfaldan þjófnað í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Afbrot það, er hann nú hefir orðið sekur um, ber að heimfæra undir 259. gr. sbr. 253. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin, eins og gjört er í aukaréttardóminum, 6 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og þar sem málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, ber að staðfesta dóm þennan. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 27/1908. Óli Kr. Jónsson Coghill
gegn
Margrétu Hróbjartsdóttur.

Dómur:

Í barnsfaðernismáli þessu, sem hin stefnda Margrét Hróbjartsdóttir höfðaði gegn áfrýjandanum Óla Kr. Jónssyni Coghill fyrir lögreglurétti Reykjavíkur, var dómur uppkveðinn af nefndum rétti 14. desbr. f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi vera sýkn í málinu, ef hann synjaði fyrir það með eiði að hafa átt holdlegt samræði við hina stefndu á þeim tíma, að hann gæti verið faðir að barni því, Ingibjörgu Láru, er hún ól 11. júní f. á., og skyldi málskostnaður þá falla niður, en ynni hann eigi þennan eið, skyldi hann greiða meðlag með nefndu barni og barnsfararkostnað hinnar stefndu eftir úrskurði yfirvaldsins, og ennfremur í málskostnað 10 kr. Hinn 17. desbr. f. á. lét stefnda birta dóminn fyrir áfrýjanda og 25. maí þ. á. fekk hún úrskurð bæjarfógetans í Reykjavík á hendur honum um greiðslu meðlags og barnsfararkostnaðar, og var úrskurðurinn birtur áfrýjanda 26. s. m. Þá áfrýjar hann lögreglurétt-ardóminum til yfirréttarins með stefnu útgefinni 2. júní þ. á., og hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum, þó svo, að áfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum svo framarlega hann vinnur hinn umrædda eið. Af sinni hálfu hefir stefnda Margrét Hróbjartsdóttir krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum og að henni verði, hvernig sem málið annars fer, tildæmdur málskostnaður fyrir þessum rétti. Í þessu efni heldur

stefnda því fram, að það aðgerðaleysi áfrýjanda, að hann eigi var búinn að taka út eiðstefnu áður en þriggja daga fresturinn var liðinn frá birtingu dómsins, eða að minsta kosti áður en dóminum var fullnægt með því að útgefinn var meðlagsúrskurður samkvæmt honum, svifti áfrýjanda rétti til að skjóta dómnum til æðri réttar. Á þetta verður þó ekki fallist; fullnægingarfrestur dómsins, 3 daga fresturinn, hefir eigi réttarfarslega þýðingu fyrir áfrýjun málsins, og það verður eigi heldur álitið, að áfrýjandi hafi glatað réttinum til áfrýjunar málsins fyrir þá skuld, að stefnda fekk hjá valdstjórninni meðlagsúrskurð samkvæmt ákvæðum dómsins; en dóminum var áfrýjað af hálfu áfrýjanda þegar er honum varð kunnugt um úrskurðinn. Það er þannig eigi ástæða til þess að frávísa málinu fyrir áminsta sök, og með því að annars er eigi ástæða til þess að vísa málinu frá ex officio, né til þess að ómerkja dóminn, og þar sem stefnda eigi hefir gagnáfrýjað málinu, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfesting dómsins til greina, og það á þann veg, að málskostnaðarákvæði hans skuli einnig staðfest. Með tilliti til þess, að eigi verður álitið, að áfrýjandi hafi haft tilefni til þess að skjóta málinu til yfirdómsins, þykir rétt að hann greiði hinni stefndu kostnað þann, sem af málsskotinu hefir leitt, og ákveðst hann 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Óli Kr. Jónsson Coghill greiði stefndu,

Margréti Hróbjartsdóttur, málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 12. októbermánaðar.

Nr. 25/1908. A. L. Petersen
gegn
Hallgrími Jónssyni.

Dómur:

Aðilar máls þessa, A. L. Petersen verkfræðingur og Hallgrímur Jónsson kennari í Reykjavík, gjörðu skriflegan samning sín á milli 8. maí f. á. um það, að Hallgrímur skyldi vera aðstoðarmaður Petersens frá 9. maí til 1. okt. f. á. við mælingu á Reykjavíkurbæ, er Petersen hafði tekið að sér að gera. Skyldi Hallgrímur vera til taks hvenær sem Petersen óskaði, þó ekki lengur en 6 stundir á sólarhring frá 9.—14. maí og eftir það eigi lengur en 10 stundir á sólarhring að meðaltali. Fyrir þetta starf skyldi Petersen greiða Hallgrími 45 kr. í maí, 70 kr. í júní, 75 kr. í júlí, 80 kr. í águst og 90 kr. í septembermánuði. Samningsrof af annarshvors hálfu skyldi varða 200 kr. sekt til meðsemjanda. Að starfi þessu unnu þeir svo saman til 19. eða 20. júlí; þá lét Petersen Hallgrím vita að samvinnu þeirra væri lokið, og hann gæti ekki lengur notað aðstoð hans. Hallgrímur taldi þetta samningsrof og höfðaði mál gegn Petersen fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og krafðist þess,

að Petersen yrði dæmdur til að greiða sér umsamið kaup fyrir mánuðina júlí til september, 245 kr., og fyrir samningsrof 200 kr., samtals 445 kr. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað að skaðlausu. Petersen krafðist þess hinsvegar, að verða sýknaður af þessum kröfum, en höfðaði jafnframt gagnsök á hendur Hallgrími og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að greiða sér 200 kr. sekt fyrir samningsrof, 24 kr. í skaðabætur og málskostnað eftir mati réttarins. — Með dómi nefnds réttar 2. jan. þ. á. lauk málum þessum þannig, að ef Hallgrímur synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði viðurkent við stefnda í héraði, A. L. Petersen, að hafa rofið samning þeirra dags. 8. maí f. á. og lofað að greiða honum umsamda sekt fyrir samningsrof, skyldi Petersen greiða honum 250 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgundags og 20 kr. í málskostnað; en ef hann ynni ekki eiðinn, ætti Petersen að vera sýkn af kröfum Hallgríms og skyldi hann (Hallgrímur) þá greiða honum 20 kr. í málskostnað, en gagnmálinu var vísað frá dómi.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn A. L. Petersen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. júní þ. á., og hefir hann krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði sýknaður af kröfum mótpartsins í máli þessu, og sérstaklega að málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms verði breytt þannig, að málskostnaður fyrir undirrétti verði látinn falla niður, en til vara hefir hann krafist þess, að gagnmálinu verði vísað til undirréttarins aftur til dómsáleggingar að efni til, og að aðalmálinu verði jafnframt heimvísað til þess, að dómur í báðum málunum verði samtímis uppkveð-

inn; en hvernig sem málið fer hefir hann krafist þess, að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Gagnsökinni í undirrétti var vísað frá dómi af þeirri ástæðu, að af vottorði sáttanefndarinnar á gagnkærunni varð ekki séð, hvort málsaðilar hefðu mætt á sáttafundinum og þá heldur ekki hvort sáttatilraun hefði farið fram á milli réttra hlutaðeigenda, en fyrir yfirrétti hefir áfrýjandi lagt fram útskrift úr sáttabók Reykjavíkursáttaumdæmis um fyrirtekt máls þessa í sáttanefndinni, og ber útskriftin með sér, að báðir málsaðilar hafa mætt við sáttatilraunina.

Þar sem það er sannað með nefndri útskrift úr sáttabókinni — en framlagning þessa sönnunargagns hefir ekki verið mótmælt af stefnda hálfu — að sáttatilraun í gagnmálinu í undirrétti hefir verið lögleg, þá ber samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsáleggingar, og ber undirdómaranum að kveða upp dóm í gagnmálinu í aðalefni þess jafnhliða dómnum í aðalmálinu. Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal úr gildi feldur og vísast málinu heim til nýrrar dómsáleggingar, þannig að dómur verði kveðinn upp í gagnmálinu í aðalefni þess jafnhliða dómnum í aðalmálinu.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn hinn 19. októbermánaðar.

Nr. 43/1908: Réttvísin
gegn
Finnboga Jenssyni.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 11. júlí þ. á., var hinn ákærði Finnbogi Jensson, húsmaður í Hnífsdal, dæmdur fyrir brot gegn 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan löglegan sakarkostnað, en dómi þessum hefir eftir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er í máli þessu sannað með eiginni játningu hins ákærða, sem er í samræmi við aðrar skýrslur málsins, að hann hafi 12. júní þ. á. tekið 1 fl. af bitterbrennivíni út í reikning annars manns, Sigurðar nokkurs Jónassonar á Ísafirði, við verzlun Á. Ásgeirssonar þar á staðnum, og tjáði hann sig hafa umboð Sigurðar til þessa. En í raun og veru hafði hann enga heimild frá Sigurði til að taka brennivínið út í hans reikning, og kannaðist ákærði við það síðar undir rannsókn málsins. Brennivínsflaskan kostaði 1 kr. 20 a., og var henni skilað aftur. — Þessi verknaður hins ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt hegningardómi, er af héraðsdómaranum réttilega heimfærður undir 253. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað samþykkjast, verður þannig að staðfesta téðan

dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Finnbogi Jensson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 33/1908: Kristín Jónsdóttir
gegn
Gísla Þorbjarnarsyni.

Dómur:

Með skjali dags. 1. marz 1907 fekk Pétur Bjering verzlunarmaður Gísla búfræðingi Þorbjarnarsyni umboð til að leigja húsið nr. 6 við Laugaveg hér í bænum, þó eigi fyrir minni leigu en 40 kr. um mánuðinn. Með samningi dags. 6. s. m. seldi Gísli húsið á leigu Kristínu

Jónsdóttur ungfrú frá 14. maí til 1. október s. á. Samningurinn var gjörður í tvennu lagi og notuð prentuð eyðublöð. Í því eintaki samningsins, sem útleigjandi tók til sín, er húsaleigan ákveðin 40 kr. um mánuðinn, þannig að orðin: »fyrir tímabilið«, sem prentuð eru á eyðublaðinu, eru strikuð út og skrifað fyrir ofan »um mánuðinn«. En í samningseintaki leiguliða er þessi breyting eigi gjörð, og er eftir því leigan 40 kr. fyrir allan leigutímann. Gísli Þorbjarnarson hefir haldið því fram, að hann hafi samið við Kristínu Jónsdóttur um 40 kr. mánaðarleigu samkvæmt umboðinu, en sér hafi yfirsést að breyta samningseintaki hennar eins og sínu, og með því að hún hafi að eins greitt 40 kr. af húsaleigunni, þá eigi hún ógreiddar 140 kr. Kristín Jónsdóttir hefir hins vegar neitað því, að hún hafi samið um hærri húsaleigu en 40 kr. fyrir allan leigutímann, eins og í samningseintaki hennar standi, en breytingin á þessu atriði í hinu eintakinu hefir hún haldið fram að hafi verið gjörð eftir að hún undirskrifaði það. — Út af þessum ágreiningi höfðaði Gísli Þorbjarnarson mál á hendur áfrýjandanum Kristínu Jónsdóttur fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og krafðist þess, að hún yrði dæmd til að greiða sér eftirstöðvar húsaleigunnar 140 kr., og ennfremur 30 kr. í leigu fyrir geymsluhús á lóðinni nr. 61 við Laugaveg, eða samtals 170 kr. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað eftir mati réttarins. Var máli þessu ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 30. apríl þ. á. á þá leið, að Kristín Jónsdóttir var dæmd til að greiða eftirstöðvarnar af leigunni eftir húsið nr. 6 við Laugaveg 140 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi

til borgunardags. Þar á móti var Kristín sýknuð af kröfu Gísla um leigu eftir geymsluhús á lóðinni nr. 61 við Laugaveg, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Kristín Jónsdóttir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. júlí þ. á. og hefir hún krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og hún sýkn dæmd af kærum og kröfum stefnda og hann dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, hvernig sem málið fer. Stefndi Gísli Þorbjarnarson hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi. Þar sem málinu hefir ekki verið gagnáfrýjað, kemur að eins til álita, hvort áfrýjandinn hafi verið réttilega dæmd til að greiða hina umkröfðu leigu eftir húsið nr. 6 við Laugaveg.

Umræddur leigusamningur ber það með sér, að stefndi gjörði hann í umboði annars manns, og með því að áfrýjanda var þetta kunnugt, verður að gjöra ráð fyrir að hún hafi kynt sér heimild stefnda eða umboð til að leigja húsið, en í umboðsskjalinu er það, sem fyr segir, tekið fram, að leigan megi minst vera 40 kr. um mánuðinn. Akvæði samningsins um gjalddaga leigunnar benda og helzt til þess, að átt sé við mánaðarleigu. Þar segir svo: »Leigan er 40 krónur . . . . og skal hún greidd fyrirfram fyrir einn mánuð í senn«, og verður þetta ákvæði varla samrýmt við það, að leigan hafi átt að vera 40 kr. fyrir allan leigtímann, $4^1/_2$ mánuð. Og þó að skilja mætti þetta ákvæði svo, að áfrýjandi hafi átt að greiða tiltölulegan hluta af 40 kr. fyrirfram fyrir hvern mánuð, eða 8 kr. $88^8/_9$ a., þá er þessi

mánaðarleiga svo óeðlileg og óvenjuleg, að það er mjög ósennilegt að sú hafi verið hugsun semjenda. Leiga sú, er áfrýjandi heldur fram, er og að miklum mun lægri en tíðkast af húsum á því svæði í bænum. Löggiltir menn hafa metið að leigan af húsinu væri hæfileg 27 kr. á mánuði, og það er upplýst í málinu, að áfrýjandinn leigði það frá 1. október f. á. fyrir 30 kr. leigu á mánuði, en þegar þess er gætt, að stefndi eftir kröfu áfrýjanda lét breyta húsinu þegar hún tók við því og kostaði til þess yfir 100 kr., þá verður 40 kr. mánaðarleiga eigi talin óhæfileg, þar sem eigi var um lengri leigumála að ræða.

Þó að stefndi hafi eigi til fullnustu sannað það gegn neitun áfrýjanda, að leigan af húsinu hafi af málsaðilum verið ákveðin 40 kr. um mánuðinn, þá verður að álíta, að hann hafi samkvæmt framansögðu fært svo miklar líkur fyrir því, að skýrsla hans um það, hvernig ósamkvæmnin milli samritanna af leigusamningnum hafi atvikast, sé rétt, og að málsaðilar hafi samið um 40 kr. mánaðarleigu, að rétt virðist að láta úrslit málsins koma undir eiði áfrýjanda, þannig að ef hún synjar fyrir það með eiði að samið hafi verið um 40 króna mánaðarleigu eftir húsið, þá skuli hún vera sýkn af kröfum stefnda í máli þessu og skal málskostnaður þá falla niður; en vinni hún ekki eiðinn, skal hún greiða stefnda 140 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og auk þess málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandinn Kristín Jónsdóttir eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eiði, að hún og stefndi Gísli Þorbjarnarson hafi samið um 40 kr. leigu á mánuði eftir húsið nr. 6 við Laugaveg, þá á hún að vera sýkn af kröfum stefnda í máli þessu og fellur þá málskostnaður niður. En vinni hún ekki eiðinn, skal hún greiða stefnda 140 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 15 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 2. nóvembermánaðar.

Nr. 45/1908: Réttvísin gegn Benjamín Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar, uppkveðnum 5. sept. þ. á., var hinn ákærði, húsmaður Benjamín Guðmundsson, dæmdur fyrir skjalafals og þjófnað til að sæta 1 árs betrunarhússvinnu, til að greiða Brydesverzlun í Reykjavík 80 kr. 14 a. í skaðabætur,

og til að greiða allan sakarkostnaðinn. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir beiðni ákærða.

Það er sannað með skýrslu ákærða sjálfs, sem kemur heim við önnur gögn í málinu, að hann hafi gjörst sekur í skjalafalsi með atvikum þeim, er nú skal greina. Hann var í vor og sumar stöku sinnum í vinnu við Brydesverzlun hér í bæ og sá hann þá hjá utanbúðarmanninum ávísunarbók með prentuðum ávísunareyðublöðum, sem utanbúðarmaðurinn útfylti handa þeim, sem áttu að fá úttekt í búðinni í vörum eða peningum. Ákærði sætti færi, er hann eitt sinn var í vinnu við verzlunina og reif nokkur blöð (eyðublöð) leynilega úr bókinni. Nokkur af eyðublöðum þessum notaði hann síðan á þann hátt, að hann skrifaði í þau með blýanti og fylti þau þannig út, setti upphæðir og nöfn af handahófi og skrifaði stafina A. A. undir þau, en það eru upphafsstafirnir í nafni utanbúðarmannsins, sem hann (utanbúðarmaðurinn) var vanur að setja undir ávísanirnar, er hann gaf þær út. Ákærði sýndi síðan þessar fölsuðu ávísanir í búð verzlunarinnar, sína í hvert skifti, og fekk þannig út á 3 ávísanir 28 kr. 50 a., 25 kr. 84 a. og 25 kr. 80 a., eða samtals 80 kr. 14 a.; en er hann sýndi 4. ávísunina, að upphæð 18 kr. 50 a., var honum neitað um greiðslu og var ávísunin tekin af honum; varð þá uppvíst þetta athæfi hans Ákærði eyddi í sínar þarfir nefndri upphæð, 80 kr. 14 a., og hefir Brydesverzlun heimtað sér hana endurgoldna.

Þá hefir ákærði kannast við það, að hann hafi í júlímánuði í sumar, er hann var við uppskipun við Hafnarbryggjuna hér í bæ, stolið leðurveski, er í voru 3 umslög með tilfæringum til lax- og silungsveiða, en

veski þetta datt úr pakka, er var á flutningsvagni, er ákærði ýtti á eftir. Veskið fanst í vörzlum ákærða, og hefir því verið skilað réttum hlutaðeiganda; það hefir verið virt á 12 kr.

Framangreind afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið dæmdur eða sætt refsingu fyrir neinn glæp, eru af undirdómaranum réttilega heimfærð undir 270. gr. og 230. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 14 mánaða betrunarhússvinna. Með því að ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað samþykkjast, verður að staðfesta greindan dóm með áminstri breytingu á refsingarákvæðinu. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Benjamín Guðmundssyni skal refsað með 14 — fjórtán — mánaða betrunarhússvinnu; að öðru leyti skal aukaréttardómurinn vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutn-

ingsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Nr. 20/1908: Björn Sigurðsson gegn Jóni Ólafssyni.

Dómur:

Áfrýjandinn Björn Sigurðsson bóndi á Litlu-Giljá lögsótti fyrir aukarétti Húnavatnssýslu hinn stefnda, Jón bónda Ólafsson á Sveinsstöðum fyrir brot á lögheimiluðum forkaupsrétti að hálflendu jarðarinnar Litlu-Giljár, er stefndi seldi öðrum manni vorið 1907, og var málið dæmt í nefndum rétti 2. desbr. f. á. þannig, að stefndi var sýkn dæmdur af kærum og kröfum áfrýjanda og áfrýjandi skyldaður til að greiða honum í málskostnað 20 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags 6. maí þ. á. og krafist þess, fyrst og fremst, að málinu verði heimvísað til löglegrar meðferðar og sett í það ástand, er það var í 25. okt. f. á. og áfrýjanda dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi, en til vara að kaupgjörningur frá 3. apríl 1907 um sölu hálflendunnar Litlu-Giljár verði ógildur metinn og að áfrýjandi öðlist rétt til að ganga inn í kaupin með sömu kjörum og selt hafi verið, að honum verði dæmdar

skaðabætur eftir óvilhallra manna mati, alt að 700 kr., og að honum verði dæmdur málskostnaður eftir reikningi eða mati réttarins. — Stefndi hefir af sinni hálfu ítrekað kröfur sínar fyrir undirréttinum, en þar sem hann hefir eigi gagnáfrýjað málinu, geta þær eigi komið til álita fyrir yfirdóminum nema að því leyti sem þær eru teknar til greina í hinum áfrýjaða dómi, og verður því að skilja orð hans svo, sem hann krefjist staðfestingar á dóminum. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi sér til handa eftir mati réttarins.

Það þykir ekki vera nein ástæða til þess að álíta, að undirdómarinn hefði átt að víkja sæti í málinu ex officio fyrir það, þótt hann gæfi vottorð í málinu sem gjaldheimtumaður landssjóðs um skattgreiðslu af jarðarhálflendu þeirri, er um er rætt í málinu, og verður því heimvísunarkrafa áfrýjanda, sem á þessu er bygð, eigi tekin til greina.

Með kaupsamningi 3. apríl 1907 seldi stefndi manni nokkurum, er ekki kemur við mál þetta að öðru leyti, eign sína, hálfa jörðina Litlu-Giljá fyrir 700 kr. Áfrýjandi var ábúandi hinnar hálflendu jarðarinnar og eigandi hennar varð hann 2. desbr. 1906. Hann telur sig og hafa verið ábúanda á þeirri hálflendunni, er stefndi átti og seldi 3. apríl 1907, og heldur hann því fram, að hann sem leiguliði á henni og eigandi jarðarinnar hálfrar hafi átt forkaupsrétt að hinni seldu jarðarhálflendu samkvæmt lögum nr. 30, frá 20. okt. 1905, en þessi réttur hafi verið brotinn á sér, er stefndi seldi hálflenduna öðrum manni, án þess að bjóða honum hana áður fyrir sama verð og hún var seld fyrir.

Það er þó eigi sannað af áfrýjanda og ekki einu sinni beinlínis fullyrt af honum í málinu, að stefndi hafi nokkurn tíma bygt honum jarðarhálflenduna, er seld var, en stefndi hefir neitað því að hann hafi gert það. Það eitt er upplýst um afstöðu áfrýjanda til jarðarhelftarinnar, að stefndi hefir síðustu 3 árin lánað honum hús hálflendunnar og túnpart til afnota bréflaust og að því er virðist eftirgjaldslaust, en sjálfur hefir stefndi haldið öðrum umráðum yfir eigninni eða leiguliðanotum af henni að öðru leyti, og hefir hann t. d. slegið engjar hennar eða leigt öðrum þær, og hann hefir verið skrifaður ábúandi jarðarhálflendunnar í opinberum skýrslum og greitt af henni skyldur allar og skatta.

Það verður eigi eftir þessum málavöxtum álitið, að áfrýjandi hafi haft byggingu fyrir jarðarhálflendu þeirri, er seld var, eða hafi getað kallast leiguliði á henni, og hann átti því ekki forkaupsrétt að henni sem leiguliði samkvæmt ákvæðum fyrgreindra laga. Að hann var ábúandi og eigandi hinnar hálflendu jarðarinnar gat ekki komið honum að notum í þessu tilliti, með því að það er aðeins leiguliði eða ábúandi þeirrar jarðeignar er selja á, sem forkaupsrétt hefir eftir lögunum.

Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að stefndi hefir með aukaréttardóminum verið sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda, og ber að staðfesta dóm þennan í öllum greinum. — Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afrýjandinn, Björn Sigurðsson á Litlu-Giljá greiði stefnda, Jóni Ólafssyni á Sveinsstöðum, í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Málskostnaðurinn greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 38/1908: Olafur Thorlacius
gegn
sýslumanni A. V. Tulinius.

Dómur:

Fyrir yfirdóminum hefir enginn mætt af hálfu stefnda í þessu máli. Með áritun á stefnunni hafa tveir menn, er kalla sig eiðsvarna stefnuvotta í Eskifjarðarhreppi, vottað það »samkvæmt eiði og eftirfylgjandi nöfnum okkar og innsiglum«, að þeir hafi birt stefnuna fyrir stefnda. Innsigli stefnuvotta eru þó eigi undir vottorði þessu, og er birtingarvottorðið þannig ólögmætt sbr. tilskipun 3. júní 1796, 20. gr. Fyrir því verður ex officio að vísa stefnunni frá yfirréttinum.

Því dæmist rétt vera:

Stefnunni frávísast.

Mánudaginn hinn 23. nóvembermánaðar.

Nr. 34/1908: Pétur Zóphoníasson
gegn
Jóni Sigmundssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Jón Sigmundsson gullsmiður í Reykjavík gegn Pétri ritstjóra Zóphoníassyni og krafðist af honum skaðabóta og endurgreiðslu á samtals 1018 kr. 08 a. útaf rofi á kaupsamningi um hús og var málið dæmt í bæjarþingsrétti Reykjavíkur 25. júní þ. á. á þá leið, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda hina umkröfðu upphæð, þó svo, að hún er talin 1018 kr. 18 a. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir ritstjóri Pétur Zóphoníasson skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 8. júlí þ. á., og fengið jafnframt konunglegt leyfisbréf til að leggja fram ný sönnunargögn í málinu. Hefir þess verið krafist af hans hálfu fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og að áfrýjandinn verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnda, og stefndi dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Með kaupsamningi dags. 4. desbr. f. á. seldi áfrýjandi stefnda húseign sína við Smiðjustíg í Reykjavík fyrir 9000 kr., er skyldu greiðast svo, að stefndi tæki að sér veðskuldir, er á húsinu hvíldu, samtals 6681 kr. 92 a., en greiddi áfrýjanda afganginn 2318 kr. 08 a.

kr. 518,08 um leið og samningurinn var undirskrifaður, en 1800 kr. eigi síðar en 1. marz þ. á., og skyldi stefndi þá fá afsalsbréf fyrir eigninni. Ef áfrýjandi riftaði kaupum á eigninni eða ryfi samninginn á annan hátt, skyldi hann greiða stefnda í skaðabætur 500 kr., og ryfi stefndi samninginn, t. d. með því að greiða eigi hinar áskildu 1800 kr. 1. marz þ. á, skyldi 518 kr. 08 a. afborgunin falla til áfrýjanda sem skaðabætur.

Stefndi greiddi áfrýjanda hinar tilskildu 518 kr. 08 a. við undirskrift samningsins, þannig að hann fekk áfrýjanda gullsmíðisgripi upp í þá afborgun, er námu greindri upphæð, og er enginn ágreiningur um, að stefndi hafi uppfylt ákvæði samningsins að því er þessa greiðslu snertir.

En þegar stefndi fyrir 1. marz þ. á. ætlaði að greiða áfrýjanda síðari afborgunina 1800 kr. einnig með gullsmíðisgripum, neitaði áfrýjandi að taka við svo lagaðri borgun og að gefa stefnda afsalsbréf fyrir eigninni, og áleit þá stefndi samninginn rofinn af hans hálfu, og krafðist endurborgunar á því, er hann hafði þegar greitt upp í húsið, 518 kr. 08 a. og skaðabóta samkvæmt samningnum, 500 kr. Áfrýjandi álítur á hinn bóginn, að stefndi hafi rofið samninginn með því að greiða eigi í löglegum eyri (peningum) afborgun þá, 1800 kr., er áskilin var fyrir 1. marz þ. á. og telur því fallnar til sín þær 518 kr. 08 a., er stefndi greiddi við samningsgerðina.

Stefndi hefir haldið því fram og stutt það með vitnisburði tveggja manna, er tekinn hefir verið gildur af málsaðilum sem eiðfestur væri, að svo hafi verið um samið munnlega milli málsaðila áður en og um leið og

samningurinn 4. desbr. var gerður, að stefndi mætti greiða það af húsverðinu, er umfram var veðskuldir, með gullsmíðisgripum með venjulegu útsöluverði, og samkvæmt þessu munnlega umtali hafi hann greitt 518 kr. 08 a. í gullsmíðisgripum og boðið fram síðari afborgunina á sama hátt. Hafi hann síðustu dagana í febrúar þ. á. margkallað áfrýjanda til sín, til þess að líta á gripi þá, er hann hafði aflað sér til afborgunarinnar, og hafi áfrýjandi loks komið 4. eða 5. marz á vinnustofu stefnda, látið sér vel líka munina og verð þeirra og lofað að koma síðar og taka þá, en svo ekki fengist til þess síðar.

Áfrýjandinn hefir neitað því, að nokkurt slíkt umtal hafi átt sér stað milli hans og stefnda um breytingu á samningnum 4. desbr. f. á., er heimilaði stefnda að greiða húsverðið með öðru en peningum, og hann hefir kannast við það eitt, að eins og hann hafi gert það fyrir stefnda að taka við 518 kr. 08 a. í gullsmíðisgripum er samningurinn var undirskifaður, af því að stefndi hafi ekki haft annað til að borga með þá afborgun, eins hafi hann eftir beiðni stefnda, þegar að síðari afborguninni kom, gert það fyrir hann að líta á gullsmíðisgripi hjá honum, er hann vildi að hann tæki upp í afborgunina, en sér hafi ekki litist svo á þá eða verð þeirra, að hann hafi viljað taka þá og hafi hann aftekið það með öllu þegar í stað.

Eins og áður er sagt, eru vitnisburðir tveggja manna fyrir því, að svo hafi frá upphafi verið um samið munnlega, að stefndi mætti greiða afborganirnar af húsverðinu í gullsmíðisgripum með venjulegu útsöluverði, og þar sem það verður að álítast viðurkent af áfrýjanda að stefndi hafi gert honum kost á borgun í þessum mun-

um fyrir hinn áskilda greiðsludag, 1. marz þ. á., verða úrslit málsins undir því komin, hvort vitnisburðir þessara manna geti álitist ábyggilegir, svo að það verði álitið sannað með þeim, að áfrýjandi hafi verið skyldur til að taka við borgun í þessum munum, er stefndi hefir boðið fram.

Áfrýjandinn hefir mótmælt gildi beggja vitnanna. Annað þeirra, Árna Sigurbjörnsson, telur hann vilhalt vitni af því, að hann hafði umboð áfrýjanda til að selja húsið fyrir hann og átti að fá sölulaun fyrir, ef kaupin gengju í gegn, en þessi sölulaun færi Árni á mis við, ef kaupin ónýttust fyrir óskilsemi kaupanda (stefnda). Eftir skýrslum málsins virðist þó mega ganga út frá því, að það sé rétt, sem stefndi hefir haldið fram, að Árni Sigurbjörnsson hafi þegar verið búinn að vinna til sölulauna þeirra, er hann átti að fá, þá er kaupsamningurinn var fullgjörður og fyrri afborgunin, 518 kr. 08 a., sem ef til kæmi átti að vera uppbót fyrir vanefndir á samningnum, var komin í hendur áfrýjanda, enda er það og viðurkent, að Árni var þegar búinn að fá greiddan meiri hluta sölulaunanna, sem alls voru 180 kr., áður en hann bar vitni í málinu. Það verður því ekki álitið, að vitnisburður þessa vitnis hafi getað haft áhrif á rétt hans til sölulauna, svo að hann verði óábyggilegur fyrir þá sök. Vitnið Árni Sigurbjörnsson var einnig annar hinna tilkvöddu vitundarvotta er kaupin voru gerð 4. desbr. f. á., og virðist þá áfrýjandi hafa fyrirfram samþykt hann sem löggilt vitni í væntanlegu máli út af samningnum.

Að því er hitt vitni stefnda áhrærir, Magnús Júlíus Dalhoff gullsmið, þá hefir áfrýjandi fyrir yfirdóminum

haldið því fram, að hann geti ekki talist löggilt vitni í máli þessu, í fyrsta lagi af því, að hann sé eyðilagður maður af ofdrykkju, hafi verið sídrukkinn frá því löngu áður en samningar þeir gjörðust 4. desbr. f. á., er hann hefir borið vitni um, og fram yfir þann tíma, er hann bar vitni í málinu, enda muni hann tæplega hafa verið alls gáður er hann ritaði undir vottorð sitt í málinu. Áfrýjandinn hefir og lagt fram í yfirdómi vottorð forstöðumannsins á geðveikrahælinu á Kleppi, dags. í júlí þ. á., þar sem sagt er að Magnús Dalhoff hafi verið fluttur á geðveikrahælið 5. jan. þ. á. og hafi þá lengi verið viti sínu fjær af vínnautn. Hann sé »alkcholisti, siðferðislega og siðgæðislega skemdur af ofdrykkju«, og hann hafi strokið af geðveikrahælinu 7. s. m. Í öðru lagi telur áfrýjandinn Magnús Dalhoff ógilt vitni af því, að hann hafi verið þjónn stefnda, er hann bar vitni í málinu. Að því er síðari mótbáruna snertir, þá má telja það upplýst, að Dalhoff var ekki á annan hátt í þjónustu stefnda, en að hann vann í akkorði fyrir hann að gullsmíði um nokkra mánuði fram til þess tíma, er hann bar vitni í málinu, en um það leyti virðist hann hafa hætt vinnu þar. En hann var ekki heimilismaður stefnda eða hjú hans, og eru þá ekki lög til að fella vitnisburðinn úr gildi fyrir þá sök. Að því er hitt atriðið snertir, þá er það nægilega sannað í málinu með óvéfengdum vottorðum ýmsra kunnugra og málsmetandi manna að Dalhoff hefir verið laus við drykkjuskaparóreglu, en verið stöðugt við vinnu og alls gáður alla tíð frá því í fyrra vor (1907), að því undanteknu, að hann upp úr síðustu jólum drakk sig drukkinn og hélt þeirri óreglu fram í janúar, og varð það til þess að hann var fluttur

á geðveikrahælið, svo sem fyr er getið, hinn 5. jan. þ. á. En eftir að hann fór þaðan, eftir 2 daga, tók hann til vinnu aftur og hætti að drekka. Það er einnig vottað af áminstum vottorðsgefendum og af héraðslækni, er hefir sérstaklega athugað sálarástand Dalhoffs, að þeir hafi ekki séð þess neinn vott, að hann væri eigi alheill á geðsmunum og telur læknirinn allsendis ólíklegt að ræða sé þar um geðveiki, en vottorðsgefendurnir, sem hafa hitt Dalhoff næstum daglega, segja hann hraustan mjög á sál og líkama, og nái hann sér strax aftur, þótt hann verði drukkinn, ef hann fái sofið úr sér. Af vottorði læknisins á Kleppi verður ekki ráðið, að drykkjuskaparóregla vitnisins hafi skemt hann þannig, að hann ódrukkinn hafi ekki almenna eftirtekt og skilning, og þegar af þessari ástæðu getur vottorð læknis þessa, gagnvart skýrslum þeim, er fyrir liggja frá nákunnugum mönnum og frá héraðslækni og áður hefir verið um getið, ekki hnekt vitnisburði vitnisins Dalhoffs sem fullgilds vitnis.

Samkvæmt þessu verður að álíta, að stefndi hafi sannað það með hinum leiddu tveimur vitnum, að svo hafi verið um samið munnlega milli málsaðila, að stefndi mætti greiða 1800 kr. afborgunina upp í húsið með gullsmíðisgripum með venjulegu útsöluverði; ber því að skylda áfrýjanda til þess, eins og gjört hefir verið með hinum áfrýjaða dómi, að greiða stefnda 518 kr. 08 a. sem andvirði fyrir framangreinda smíðisgripi og 500 kr. í skaðabætur fyrir samningsrof, eða alls 1018 kr. 08 a. ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og í málskostnað fyrir báðum dómum 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjandinn Pétur Zóphoníasson greiði stefnda Jóni Sigmundssyni 1018 kr. 08 a. með 6% vöxtum p. a. frá sáttakærudegi til borgunardags og 60 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 30. nóvembermánaðar.

Nr. 29/1908: Hannes Thorsteinsson fyrir hönd Leontio Warburgs Sön & Co.
gegn
Árna Sveinssyni.

Dómur:

Bankaritari Hannes Thorsteinsson höfðaði fyrir hönd firmans Leontio Warburgs Sön & Co. í Kaupmannahöfn mál þetta fyrir gestaréttí Ísafjarðarkaupstaðar gegn hinum stefnda, Árna kaupmanni Sveinssyni á Ísafirði, til greiðslu á skuld að upphæð 6389 kr. 13 a. ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1906 til borgunardags svo og til málskostnaðargreiðslu. Lauk máli þessu þannig, að með »úrskurði« nefnds réttar, uppkveðnum hinn 16. desbr. f. á., var málinu samkvæmt kröfu stefnda vísað frá réttinum. Úrskurði þessum hefir áfrýjandinn, Hannes Thorsteinsson, fyrir hönd firmans Leontio Warburgs

Sön & Co. skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. júní þ. á. og hefir hann krafist þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og málinu vísað heim í hérað aftur til dómsáleggingar í aðalefninu og að stefndi, Árni Sveinsson, verði dæmdur til að greiða áfrýjanda allan kostnað við áfrýjun málsins að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur eða stefndi sýknaður, að svo komnu, í málinu og áfrýjandi dæmdur til málskostnaðargreiðslu.

Mál þetta er í héraði leitt til lykta með úrskurði án þess reglulegur dómur væri lagður á það, og er þessi meðferð málsins alveg röng. Nefndur úrskurður, sem áfrýjað hefir verið, er bygður á því, að fyrir undirrétti hafi því ómótmælt verið haldið fram, að firmað Leontio Warburgs Sön & Co. hafi orðið gjaldþrota og búið tekið til opinberrar skiftameðferðar, og verði því að álíta að gilt umboð af hálfu stefnanda til að halda málinu áfram, hafi ekki verið fyrir hendi.

Fyrir yfirdómi hafa, að fengnu konungsleyfi til að leggja fram ný sönnunargögn, verið færðar sannanir fyrir því, að bú umræddS verzlunarfélags hafi ekki verið tekið til opinberrar skiftameðferðar; en þó að svo hefði verið, þá var umboð málshefjanda í fullu gildi og óhaggað eins fyrir það, og því engin ástæða til að vísa málinu frá gestaréttinum fyrir þá sök. Það verður því eftir kröfu áfrýjanda að fella úrskurðinn úr gildi og vísa málinu heim í hérað og ber undirdómaranum að leggja dóm á málið í aðalefni þess. Eftir atvikum virðist rétt að stefndi greiði áfrýjanda 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rétt vera.

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi feldur, og ber undirdómaranum að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það í aðalefni þess. Stefndi Árni Sveinsson greiði áfrýjanda Hannesi Thorsteinsson fyrir hönd Leontio Warburgs Sön & Co. 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 7. desembermánaðar.

Nr. 49/1908: Valdstjórnin gegn Páli Bergssyni.

Dómur:

Í máli þessu var Páll Bergsson, kaupmaður í Reykjavík, kærður fyrir ólöglegar veitingar áfengra drykkja, og var hann með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 3 október þetta ár, dæmdur fyrir nefnt brot til að greiða 100 kr. sekt í bæjarsjóð Rvíkur og til að greiða allan sakarkostnaðinn; svo voru og áfengisdrykkir þeir, er hjá honum fundust, dæmdir upptækir, og ákveðið að andvirði þeirra renni í bæjar-

sjóð. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins kærða.

Þrátt fyrir stöðuga neitun kærða er það löglega sannað með eiðfestum samhljóða vitnisburði þriggja manna, sem er í samræmi við skýrslur tveggja næturvarða bæjarins, að kærði hafi 30. sept. þ. á. selt þeim 6 flöskur af áfengu öli (Carlsberg-öli) fyrir kr. 1,80 alls, og drukku þeir ölið samstundis í húsum hans. Tveir af vitnunum hafa og borið það, að þeir hafi áður keypt og drukkið áfengt öl hjá kærða. Hann hefir og áður með úrskurði lögregluréttarins 9. sept. þ. á. verið sektaður um 50 kr. fyrir ólöglegar áfengisveitingar. Kærði hefir eigi leyfi til að selja eða veita áfenga drykki, og hefir hann því með áður greindu athæfi sínu gjörst brotlegur gegn 13. gr. laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja 11. nóvbr. 1899, og verður því að sæta sekt fyrir það. Með því að upphæð sektarinnar eins og hún er ákveðin með lögregluréttardóminum, þykir hæfileg og samþykkja verður ákvæði dóms þessa um upptekt áfengra drykkja og málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 10 krónur fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Kærði Páll Bergsson greiði og allan áfrýjunarkostn-

að sakarinnar, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 40/1908 »Baldursfélagið« á Akureyri,
þeir Ásgeir Pétursson kaupm. o. fl.
gegn
veitingasala N. Wollan.

Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarétti Akureyrar cand. Valdemar Thorarensen fyrir hönd svonefnds Baldursfélags þar, en í því eru þeir Ásgeir Pétursson og Páll Þorkelsson kaupmenn, Carl F. Schjöth verzlunarstjóri, Anna Vigfússon ekkjufrú, útvegsmaður Sigurður Þórðarson og Vilhjálmur Þorsteinsson bóndi, gegn stefnda veitingasala á Akureyri, N. Wollan, fyrir vanefndir hans á kaupsamningi dags. 27. marz 1907 um húseign á Siglufirði ásamt lóðarréttindum, er Baldursfélagið seldi honum. Var mál þetta dæmt í nefndum rétti 23. júlí þ. á. með þeim úrslitum, að stefndi var skyldaður til að afhenda cand. Valdemar Thorarensen fyrir hönd Baldursfélagsins eign þá, er fyrgreindur kaupsamningur hljóðaði um, og greiða í leigu fyrir afnot eignarinnar

120 kr. fyrir mánuð hvern frá stefnudegi 28. apríl þ. á. til afhendingardags. Þá var og ákveðið í dóminum, að ef stefndi innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi neitaði því með eiði, að honum hafi þann 1. júlí 1907 verið kunnugt innihald samnings þess við H. Henrichsen 16. ágúst 1906, sem um er rætt í máli þessu, eigi hann að vera sykn af kröfu áfrýjenda, og beri þá Valdemar Thorarensen fyrir hönd Baldursfélagsins að greiða stefnda 500 kr. með 6 % vöxtum frá gagnstefnudegi 25. maí þ. á. til borgunardags og skaðabætur fyrir samningsrof 2000 kr., en vera að öðru leyti sýkn af kröfum gagnstefnanda (stefnda). Ynni aftur á móti stefndi eigi slíkan eið, skyldi hann greiða nefndum candidat fyrir hönd Baldursfélagsins 1471 kr. 91 e. með vöxtum 6 ½ % p. a. frá stefnudegi til borgunardags og skaðabætur fyrir samningsrof 2000 kr. Málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir, framannefndir meðlimir Baldursfélagsins, skotið til yfirdómsins með stefnu úrgefinni 15. ágúst þ. á., og hafa þeir krafist þess fyrir yfirdóminum, að gestaréttardóminum verði breytt þannig, að stefndi verði pure dæmdur til að greiða þeim þær tilgreindu 1471 kr. 91 e. með vöxtum og skaðabætur 2000 kr. fyrir rof á kaupsamningnum og sömuleiðis málskostnað fyrir undirrétti eftir mati yfirdómsins, en að þeir, áfrýjendurnir, verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnda, fyrir gestaréttinum; að öðru leyti verði gestaréttardómurinn staðfestur og verði stefndi dæmdur til að greiða áfrýjendunum málskostnað fyrir yfirdómi með 150 kr. eða eftir réttarins mati. Til

vara krefjast áfrýjendur þess, að málið verði látið koma undir því, að Ásgeir Pétursson staðfesti með eiði sínum, að stefnda hafi verið kunnugt gjört efni samnings 16. ágúst 1906, þegar hann gjörði kaupsamninginn 27. marz 1907, þannig að ofannefndar kröfur verði allar til greina teknar, ef hann vinnur eiðinn.

Stefndi hefir af sinni hálfu krafist staðfestingar á gestaréttardóminum.

Með kaupsamningi dags. 27. marz 1907 seldu áfrýjendurnir, svo nefnt Baldursfélag á Akureyri, stefnda húseign félagsins á Siglufirði »med tilhörende Platning og Bro samt med de Grundrettigheder, som hörer nævnte Ejendom til, derunder indbefattet den Ret til Grund, som vi ifjor köbte af Hr. Henrichsen og hvorpaa en Del af Ejendommen er beliggende«. Kaupverð eignarinnar var ákveðið 12000 kr. og skyldi það greiðast með afborgunum, 1. júlí 1907 500 kr., 1. sept. og 31. des. s. á· 1000 kr. og 500 kr., þá 500 kr. þriðja hvern mánuð næstu 2 ár, o. s. frv. Fyrir rof á samningnum var ákveðin 2000 kr. sekt eða skaðabætur, og auk þess átti kaupandi að fá endurgoldnar greiddar afborganir, ef seljendur ryfu samninginn, en missa afborganirnar ef hann ryfi sjálfur.

Með því að stefndi greiddi að eins fyrstu afborgun af eigninni, þá er féll í gjalddaga 1. júlí 1907, en skoraðist undan að greiða hinar síðari, álitu áfrýjendur, að hann hefði rofið samninginn, og höfðuðu mál þetta gegn honum til skaðabótalúkningar og greiðslu á áföllnum afborgunum, og til þess að fá eigninni aftur skilað með leigu frá stefnudegi. En stefndi hefir af sinni hálfu haldið því fram, að samningurinn hafi verið rofinn

af áfrýjendunum með því, að þeir hafi afhent honum minni rétt yfir eigninni eða sérstaklega yfir lóðarrein nokkurri henni fylgjandi, en tilætlast hafi verið með samningsgjörðinni eins og orð kaupsamningsins einnig beri með sér. Telur hann þetta hafa verið næga ástæðu fyrir sig til að ganga frá kaupunum, og hafi hann því, er hann fekk vitneskju um þessar vanefndir áfrýjenda, hætt að greiða afborganir samkvæmt kaupsamningnum. Hann hefir því og krafist þess í máli þessu, að samningurinn verði ónýttur, og enn fremur þess, að áfrýjendur greiði sér skaðabætur fyrir rof samningsins og skili sér aftur hinni þegar greiddu afborgun 500 kr. m. m.

Gestaréttardómurinn hefir látið það atvik málsins, er það veltur á, hvor ábilanna hefir rofið samninginn og því á að bera afleiðingarnar af samningsrofinu, vera komið undir eiði stefnda. Þessu ákvæði dómsins hafa áfrýjendurnir krafist að verði breytt, þannig að stefndi verði pure dæmdur til að sæta afleiðingunum af rofi samningsins af hans hálfu, og er þetta atriði málsins hið eina er til álita getur komið í yfirdóminum eftir því, hvernig málinu er stefnt, þar sem stefndi hefir ekki gagnáfrýjað því.

Að kaupsamningurinn hafi verið rofinn af hálfu áfrýjendanna byggir stefndi á því, að eftir kaupsamningnum hafi hann átt að eignast í kaupinu lóðarrein nokkra, er hið selda hús stendur á að nokkrum hluta, en það hafi síðar komið í ljós, að þessi lóðarrein var að eins leigð af öðrum manni og fylgdi þannig eigi húsinu sem eign, og hafi stefndi því eigi öðlast rétt þann yfir eigninni, er kaupsamningurinn heimilaði honum. Þessi skoðun stefnda getur þó ekki fengið neinn stuðning í

kaupsamningnum eins og hann er orðaður. Þar er, eins og áður tilfærð orð úr honum sýna, að eins getið um lóðarréttindi þau sem eigninni fylgja að meðtöldum þeim rétti til lóðar, er vér keyptum í fyrra af H. Henrichsen« (de Grundrettigheder, sem hörer nævnte Ejendom til, derunder indbefattet den Ret til Grund, som vi ifjor köbte af Hr. Henrichsen«); en þessi orð benda einmitt helzt til þess, að lóðarréttindin, sem afsöluð voru, hafi ekki verið eignarréttur yfir lóðinni, heldur annar takmarkaður réttur, enda segir svo strax á eftir í kaupsamningnum, að kaupandi hafi að sjálfsögðu sömu skyldum að gegna vegna lóðarinnar, sem hvílt hafi á seljendum samkvæmt leigusamningi.

En stefndi hefir ennfremur haldið því fram, að samningnum hafi verið breytt eftir að hann var undirskrifaður, þannig að orðunum »Ret til« hafi verið bætt inn í klausuna »derunder indbefattet den [Ret til] Grund, som vi ifjor kjöbte af Hr. H.«, og hafi hann að vísu leyft þetta innskot en ekki athugað, að það rýrði rétt hans eftir samningnum, með því að honum hafi ekki verið skýrt rétt frá um þýðingu þeirra eða sýndur samningur sá við Henrichsen frá [16. ágúst] 1906, sem þar er vitnað til, svo að honum hafi verið með öllu ókunnugt um, að þar var að eins um leigu eða afnotarétt að ræða en eigi eignarrétt. Stefndi hefir þó ekki sannað eða fært neinar líkur fyrir því, að áfrýjendur hafi vilt hann með röngum skýrslum eða á annan hátt flekað hann til að leyfa umgetið innskot í samninginn, en þeir hafa þvert á móti fullyrt að stefnda hafi verið ítarlega skýrt frá þýðingu innskotsorðanna og því, hver réttindi þeim bæru yfir hinni umræddu lóðarrein, enda

má stefndi sjálfum sér um kenna, ef hann hefir leyft innskotið, án þess að hafa áður athugað nægilega þýðingu þess, sem hann þó hafði beint tilefni til eins og kaupsamningurinn var orðaður. Það verður þannig ekki álitið að stefndi hafi getað talið til meiri eða frekari réttar hjá áfrýjendunum yfir umgetinni lóðarspildu en hann hefir öðlast, og hann hafði því eigi heimild til að telja kaupsamninginn rofinn af þeirra hálfu, en aftur á móti hefir hann sjálfur, með því að láta ógreiddar afborganir þær, er áfallnar voru eftir samningnum, gjört sig sekan í rofi á kaupsamningnum, og verður því að dæmast pure til að svara til afleiðinganna af slíku samningsrofi eins og þær eru ákveðnar í gestaréttardóminum, en dóminum verður eigi breytt að þessu leyti stefnda í vil, með því að hann hefir eigi gagnáfrýjað málinu. Ákvæði gestaréttarins um afhendingu hinnar seldu eignar og leigugreiðslu eftir hana á einnig að standa óraskað. Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjendunum í málskostnað fyrir báðum dómum 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda N. Wollan ber að afhenda áfrýjendum þessa máls, Baldursfélaginu á Akureyri, eign þá á Siglufirði, er kaupsamningurinn 28. marz 1907 hljóðar um, svo og að greiða þeim í leigu fyrir afnot eignarinnar 120 kr. fyrir mánuð hvern frá stefnudegi, 28. apríl þ. á. til afhendingardags.

Stefnda ber að greiða áfrýjendunum 1471 kr. 91. e. með vöxtum 6½% p. a. frá stefnudegi til borgunardags og skaðabætur fyrir samningsrof 2000 kr. og í málskostnað 80 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 14. desembermánaðar.

Nr. 11/1908 Árni Jónsson fyrir hönd Á. Ásgeirssonar verzlunar á Ísafirði gegn bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar.

Dómur:

Hinn 3. júní 1897 var Magnúsi S. Árnasyni kaupmanni á Ísafirði mæld út lóð í kaupstaðnum »til bólverks og til þess þar á að byggja verzlunarhús«. Arið eftir bað Magnús um að fá að byggja hús á lóðinni, en á fundi byggingarnefndar kaupstaðarins 25. ág. 1898 var honum neitað um það, af því að ekkert mótaði fyrir bólverki á lóðinni, en síðar sama ár, hinn 7. sept. 1898, var honum leyft að byggja hús á lóðinni, en þá var hann búinn að gjöra bólverk á nokkrum hluta hennar, en um bólverk þetta tók nefndin það fram, að hún teldi óheppilegt, að það næði ekki jafnlangt fram og bólverk F. Thordersens, og skuldbatt

Magnús S. Árnason, sem var viðstaddur gjörðina, sig til þess að færa það jafnlangt fram innan árs. Að bólverki þessu var svo ekkert frekara unnið meðan lóðin var eign Magnúsar Árnasonar, og hús það, er hann hafði fengið leyfi til að byggja, var aldrei bygt. Hinn 10. marz 1900 var lóð þessi, að undangengnu fjárnámi, seld verzlun Á. Ásgeirssonar á nauðungaruppboði. Árin 1900, 1901, 1902 og 1903 vann hinn nýi eigandi ekkert að lóðinni, nema síðasta árið var dyttað að bólverki því, er Magnús Árnason hafði bygt, en árin 1904 og 1905 lét verzlunin flytja að grjót og ofaníburð á lóðina og stækka bólverkið inneftir. A fundi sínum 30. apríl 1906 ákvað byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar, að umrædd lóð »skyldi fallin til bæjarins frá þeim degi«, og var forstjóra Á. Ásgeirssonar verzlunar, Arna Jónssyni, tilkynt þetta daginn eftir, en þar eð hann leit svo á, að ályktun þessi væri eigi lögmæt, þá hélt hann áfram að vinna að bólverkinu og framlengdi það til sjávar í maímánuði 1907, en þá lét bæjarstjórn kaupstaðarins eftir tillögum byggingarnefndar hinn 28. maí s. á. lýsa fógetabanni gegn því, að verzlunin léti nokkuð eiga við bólverkið og höfðaði bæjarstjórnin síðan mál fyrir aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn verzlunarstjóra Arna Jónssyni fyrir hönd A. Asgeirssonar verzlunar til staðfestingar banninu og krafðist þess, að fógetabannið yrði staðfest, að Ísafjarðarkaupstað yrði dæmd lóð þessi til fullrar eignar og að kaupstaðnum yrði dæmd til eignar án endurgjalds þau föst mannvirki á lóðinni, sem gjörð hafa verið eftir 10. marz 1900 og ennfremur efnið í bólverki því, er M. S. Árnason hafði gjört fyrir þann tíma, eftir tveggja dómkvaddra manna mati, og loks

að Arni Jónsson fyrir hönd Á. Asgeirssonar verzlunar yrði dæmdur til að greiða allan af máli þessu leiðandi kostnað. Stefndi krafðist þess hins vegar, að fógetabannið yrði úr gildi felt og Ísafjarðarkaupstaður yrði dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað.

Máli þessu lauk svo, að með dómi nefnds réttar 7. okt. f. á. var fógetabannið staðfest og stefndi dæmdur til að greiða 220 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Arni Jónsson fyrir hönd Á. Asgeirssonar verzlunar skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. febr. þ. á., og hefir hann krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið eða breytt þannig, að hið umrædda fógetabann verði úr gildi felt, að A. Asgeirssonar verzlun verði viðurkend réttur eigandi hins umrædda bólverks og allrar lóðarinnar, sem útmæld var M. S. Árnasyni 3. júní 1897, að hann verði sýknaður af málskostnaðarkröfu bæjarstjórnarinnar fyrir undirrétti og að honum verði, hvernig sem málið fer, tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir undir- og yfirrétti eftir mati réttarins.

Hin stefnda bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefir einnig áfrýjað málinu með stefnu útgefinni 12. febr. þ. á., og hefir hún krafist þess, að undirréttardómurinn verði staðfestur að því er snertir gildi fógetabannsins, að hin umþráttaða lóð og bólverk það, sem á lóðinni er, verði dæmd rétt og óskert lögleg eign Ísafjarðarkaupstaðar, og að aðaláfrýjandi, Arni Jónsson, verði fyrir hönd A. Asgeirssonar verzlunar, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða Ísafjarðarkaupstað málskostnað að skaðlausu bæði fyrir undirrétti og yfirdómi eða eftir réttarins mati. Gagnáfrýjandi hefir haldið því fram, að

aðalmálinu beri að vísa frá yfirdómi ex officio, þar eð aðaláfrýjandi hafi ekki stefnt nema öðrum af þeim dómurum, sem með málið hafa farið í undirrétti, og það þó hinn óstefndi dómari hafi lagt niður fógetabann, gefið út stefnu í málinu og kveðið upp úrskurð í því, en þar eð þessum dómara er sem formanni bæjarstjórnarinnar stefnt sem parti í málinu, var engin þörf á frekari aðvörun til hans, og er því ekki ástæða til að vísa málinu frá dómi.

Í þriðju gr. í opnu bréfi 26. janúar 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði er ákveðið, að þeir, sem fá útmældar lóðir í kaupstaðnum, skuli hafa umgirt þær og notað innan tveggja ára frá útmælingu, annars falli þær aftur til kaupstaðarins. Það virðist hafa verið nægilega sýnt fram á það af aðaláfrýjanda, að örðugt hafi verið, eða jafnvel ómögulegt, að umgirða hina umþráttuðu lóð, enda er það atriði ekki sérstaklega gjört að ágreiningsefni milli málsaðila, en lögmæti fógetabannsins byggir bæjarstjórnin aðallega á því, að hin umþráttaða lóð hafi ekki verið notuð þannig, að lóðareigandi hafi haft rétt til að halda henni, eftir að tvö ár voru liðin frá útmælingu. Lóðin hafi verið útmæld til bólverks, en í því liggi, að lóðareigandi hafi verið skyldur til innan 2 ára frá útmælingardegi að gjöra bólverk á allri lóðinni, til þess samkvæmt nefndu opnu bréfi að tryggja rétt sinn til hennar. Þetta hafi lóðareigandi algjörlega vanrækt, bólverk hafi hann ekki bygt nema á litlum hluta lóðarinnar, hús hafi hann aldrei bygt þar, og loks hafi hann ekki uppfylt þá skuldbindingu, sem hann tók á sig á byggingarnefndarfundi 7. sept. 1898, að framlengja bólverk sitt jafn langt fram og bólverk F. Thordersens

innan árs. Það sé því auðsætt, að umrædd lóð hafi fallið til bæjarins 7. sept. 1899 og orðið þá hans eign, en þar af leiði, að allar þær ráðstafanir, sem eftir þann tíma hafi verið gjörðar lóðinni viðvíkjandi, og öll mannvirki, sem á henni hafi verið gjörð af Á. Ásgeirssonar verzlun, hafi skeð í heimildarleysi. Á. Ásgeirssonar verzlun hafi, þótt hún hafi keypt lóðina á nauðungaruppboði, auðvitað ekki getað öðlast neinn frekari rétt en fyrri eigandi M. S. Arnason hafði til lóðarinnar, og auk þess séu afskifti aðaláfrýjanda af lóðinni síðan 10. marz 1900 þannig vaxin, að hann geti ekki bygt neinn rétt á þeim til lóðarinnar.

Hvað fyrst það atriði snertir, að lóðin hafi fallið til bæjarins þegar 7. sept. 1899, þá verður ekki á það fallist. Að vísu átti ákvæðið í 3. gr. op. bréfs 26. jan. 1866, sem fyr er nefnt, eins við um þessa lóð, sem um aðrar lóðir, er byggingarnefnd útvísaði, en þetta ákvæði hefir eigi verið skilið í reyndinni öðru vísi en svo, að byggingarnefnd geti tekið útvísaðar og ónotaðar lóðir af mönnum, ef henni þætti ástæða til; en að því er þessa lóð áhrærir, þá fer svo fjarri því, að nokkuð væri gjört af bæjarins hálfu alt til 30 apríl 1906 til að taka lóðina af áfrýjanda eða fyrirmuna honum notkun hennar, að byggingarnefnd og bæjarstjórn verða beint að álítast hafa samþykt, að áfrýjandi héldi lóðinni áfram með því að hreyfa engum mótmælum gegn sölu lóðarinnar á nauðungaruppboðinu 10. marz 1900, með því að innheimta lóðargjald af henni af hinum nýja eiganda og með því að láta það afskiftalaust, að hann hélt bólverkinu við, stækkaði það og viðaði að sér efni til frekari útfærslu á því.

Það var fyrst 30. apríl 1906 að byggingarnefndin, sem engin ástæða er til að telja eigi réttan hlutaðeiganda í því efni, lýsti því yfir og tilkynti áfrýjanda að hún teldi lóðina fallna til bæjarins aftur, og er því spurningin sú, hvort eða að hve miklu leyti yfirlýsing þessi eða ályktun hafi haft áhrif á rétt áfrýjanda yfir lóðinni og bólverkinu

Umrædd lóð var útvísuð á sínum tíma »til bólverks og til þess þar á að byggja verzlunarhús« en það sést berlega af skýrslum málsins, meðal annars af fundargjörð byggingarnefndar 25. ágúst 1898 og víðar, enda leiðir af sjálfu sér, þar sem sérstakrar útmælingar þurfti þar til húsbygginga, að aðaltilgangur útvísunarinnar var bólverksbygging. Eftir þessum tilgangi útvísunarinnar verður það að metast, hvort lóðin hefir verið notuð svo sem til var ætlast, og það leiðir af honum að lóðin var eigi fullnotuð eða notuð öll eins og útvísunin útheimti og svo að notandi hefði helgað sér hana a l l a, fyr en bólverk var komið á henni allri eða með allri strandlengjunni, þótt eigi næði það svo langt út, sem útmælingin náði (50 álnir fram í sjó), en það sést af málinu, að byggingarnefndin hefir eigi ætlast til þess, að það næði svo langt út. Þar sem nú lóðin hafði eigi verið notuð að neinu samkvæmt tilgangi sínum á miklum hluta hennar, þá er byggingarnefndin lýsti hana fallna aftur til bæjarins hinn 30. apríl 1906, þá getur enginn vafi verið á því, að byggingarnefndin beitti löglegri heimild sinni í ofannefndu opnu bréfi 26. janúar 1866, að svo miklu leiti sem sú yfirlýsing átti við þann hluta lóðarinnar, er eigi hafði verið notaður til bólverksgjörðar. Afrýjanda eða hinum fyrri eiganda lóðarinnar hafði

aldrei verið tryggður neinn frekari frestur til bólverksbyggingar á lóðinni en nefnt opið bréf veitir, og hann eða þeir máttu sjálfum sér um kenna, er þeir notuðu eigi lóðina alla samkvæmt því, er ætlað var til, meðan þeim var leyfð hún eða liðin til slíkrar notkunar. Öðru máli er að gegna um hinn annan hluta hinnar útvísuðu lóðar. Á henni gjörði Magnús S. Árnason bólverk þegar árið 1898, 58 feta breitt, með ströndinni, og síðar, 1905, bætti áfrýjandi við 32 fea breiðu bólverki. Með því að þessi verk voru bæði unnin áður en útvísun byggingarnefndar var feld úr gildi með úrskurðinum 30. apríl 1906, þá er enginn vafi á því, að lóðin hefir verið notuð á því svæði samkvæmt tilganginum með útvísuninni, og var því ekki heimild til þess í oftnefndu opnu bréfi 26. janúar 1866 að taka aftur útvísun lóðarinnar að því er þann hluta hennar snertir. Hitt virðist ekki geta komið til mála eftir eðli útvísunar þessarar að líta svo á, að með henni hafi sú skylda verið lögð á herðar þeim, er lóðina fekk, að hafa fullgjört bólverk á henni allri innan tveggja ára, svo að hann yrði að öðrum kosti að missa alla lóðina, einnig þann hlutann, er hann hafði gert bólverk á, hvenær sem bærinn vildi svo vera láta eftir nefnd 2 ár, enda má telja það viðurkent af bæjarins hálfu í málsfærslunni að útvísunarhafa hafi ekki verið settar svo þröngar skorður með útvísuninni. Því hefir reyndar verið haldið fram af gagnáfrýjanda, að Magnús S. Arnason hafi rofið fyr áminstan samning við byggingarnefndina 7. sept. 1898 um að lengja bólverk það, er hann gjörði 1898, fram í sjó, jafnlangt bólverki F. Thorersens, en afleiðingin af því sé sú, að hann hafi mist rétt sinn til

lóðarinnar og hún fallið til bæjarins aftur, og hinn nýji eigandi, Á. Asgeirssonar verzlun, hafi hvorki fengið undanþágu frá þessu skilyrði né sýnt lit á að fullnægja því, fyr en að byggingarnefndin var búin að ákveða, að lóðin skyldi teljast fallin til bæjarins. Á þetta verður þó eigi fallist. Með útvísuninni 1897 var ekkert ákveðið um lengd bólverksins fram í sjó, og byggingarnefndin kannaðist við það við nýnefnt tækifæri 7. sept. 1898, að bólverkið væri þegar gjört á þeim stað, en hún taldi það »óheppilegt«, að það næði eigi jafnlangt fram og bólverkið þar við hliðina á, og lofaði Magnús S. Árnason henni þá að lengja bólverk sitt innan ákveðins tíma. Það var ekkert tekið fram um það, er Magnús gaf loforð þetta, að vanræksla þessa loforðs hans skyldi hafa þá afleiðingu, að Magnús skyldi missa eignarrétt sinn yfir lóðinni og hún þá falla til bæjarins, og á opnu bréfi 26. janúar 1866 verður þetta ekki bygt, eins og fyr er tekið fram. En byggingarnefndin hafði það hins vegar á valdi sínu, að þrýsta Magnúsi með lagadómi til að uppfylla loforðið, ef hún vildi, en það hefir hún ekki gjört.

Samkvæmt framansögðu verður að álíta, að aðaláfrýjandi hafi fyrir bólverksbyggingarnar 1898 og 1905 verið búinn að helga sér eignarrétt á þeim hluta hinnar útvísuðu lóðar, er bólverk þau voru bygð á, án þess ályktun byggingarnefndar 30. apríl 1906 hafi hnekt þeim rétti nokkuð, en af því virðist aftur hljóta að leiða, að aðaláfrýjandi átti rétt á að umbæta þessa bólverkseign sína eins og hann gjörði 1907, og að fógetabann það, er lagt var við þeirri umbót eða lengingu á bólverkinu fram í sjó, var eigi lögum samkvæmt. Aðal-

áfrýjandi gjörði þar eigi annað en að umbæta bólverk sitt samkvæmt því, er byggingarnefnd hafði áður ákveðið um lögun þess, og það lá ekki fyrir nein breyting á því ákvæði byggingarnefndar, en bannið gegn verkinu var að eins bygt á því, að bólverk aðaláfrýjanda og öll lóðin væri fallin til bæjarins, en það var ekki rétt álitið eins og áður hefir verið tekið fram.

Samkvæmt framansögðu hafði bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar ekki rétt til að banna aðaláfrýjanda að vinna að umbótum á hinni umræddu lóð eða halda bólverksbyggingunni áfram eins og hún hefir gjört með fógetabanninu 28. maí f. á. Verður því að fella fógetabann þetta úr gildi og sýkna aðaláfrýjanda af kærum og kröfum bæjarstjórnarinnar í máli þessu. Svo ber hinni stefndu bæjarstjórn að greiða aðaláfrýjanda í málskostnað 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Fógetabannið frá 28. maí 1907 er úr gildi felt og skal aðaláfrýjandi Arni Jónsson fyrir hönd Á. Ásgeirssonar verzlunar á Ísafirði vera sýkn af kærum og kröfum hinnar stefndu, bæjarstjórnarinnar í Ísafjarðarkaupstað, í máli þessu. Stefndu greiði aðaláfrýjanda í málskostnað 60 kr.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 21. desembermánaðar.

Nr. 51/1908: Réttvísin gegn Pétri M. Bjarnarson.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í héraði eftir skipun stjórnarráðs Íslands gegn hinum ákærða Pétri M. Bjarnarson, verksmiðjueiganda á Ísafirði, »fyrir verknað, er ætla má að sé hegningarverður eftir 250 gr. eða annari grein hinna almennu hegningarlaga« eins og segir í aukarétt-arstefnunni, og var málinu ráðið til lykta með aukarétt-ardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 16. júní þ. á., á þá leið, að ákærði var sýknaður og málskostnaður dæmdur af almannafé. Þessum dómi hefir stjórnarráðið skotið til landsyfirdómsins.

Verknaði þeim, er hinum ákærða var gefið að sök í máli þessu, er svo háttað sem nú skal greina. Öndverðlega í októbermánuði 1906 fluttust til Ísafjarðar með skipi hins Sameinaða gufuskipafélags »Esbjerg« 3 kassar verksmiðjuvélagóz (Maskinegods); góz þetta sendi M. D. Dreyer í Kaupmannahöfn til ákærða og átti það að fara til niðursöðuverksmiðju hans á Ísafirði til afnota í henni. Með vörunum kom ekki farmskrá (Connessement), er heimilaði ákærða vörurnar, en alt að einu voru þær afhentar ákærða af umboðsmanni eða aðstoðarmanni afgreiðslumanns gufuskipafélagsins, og flutti hann vörurnar heim til sín og hefir síðan hagnýtt sér þær. Ákærði neitaði því að greiða andvirði varanna, er hann var krafinn um það, með því að hann þóttist

eiga skaðabótakröfu á hendur Dreyer, sem hann segir að hafi vanhaldið samninga við sig um afgreiðslu á vörum til verksmiðju hans á Ísafirði. Dreyer virðist þá hafa snúið sér til hins Sameinaða gufuskipafélags og kvartað yfir því við félagið, að vörurnar hafi verið afhentar ákærða án þess að hann greiddi andvirði þeirra, og kærði gufuskipafélagið þá hinn ákærða fyrir það, að hann hefði í heimildarleysi tekið vörurnar til sín á þann hátt, að það varðaði við hegningarlögin, og var þá rekstur þessa máls hafinn. Það verður nú eigi sagt, að ákærði hafi heimildarlaust tekið vörurnar til sín, því að þær voru sendar til Ísafjarðar af nefndum Dreyer og ætlaðar ákærða, og þær voru afhentar honum eins og fyr er sagt af afgreiðslumanni eða með samþykki hans. Það er að vísu viðurkent af ákærða, að hann hafi séð svokallað Ordre-Connessement fyrir vörunum hjá afgreiðslumanni, en afgreiðslumaður skildi það svo, að hann gæti alt að einu afhent ákærða vörurnar, er hann hafði séð hjá honum reikninga yfir þær, er honum höfðu verið sendir, og sýndu að honum voru vörurnar ætlaðar, og verður það ekki talið ákærða til áfellis að hann tók þá við þeim. Það kom fyrst síðar upp, að afgreiðslumaður átti að eins að afhenda kærða vörurnar gegn því, að hann borgaði andvirði þeirra. Svo sem það þannig er sannað í málinu, að ákærði hefir með löglegu móti fengið vörurnar í sínar vörzlur, þá er það á hinn bóginn ósannað, að hann hafi síðar neitað að láta þær af hendi aftur, þar sem það eigi einu sinni er sannað, að hann hafi verið krafinn um að skila þeim aftur. Það eitt er sannað í þessu efni, eins og áður er áminst, að ákærði var krafinn um borgun fyrir vörurn-

ar en neitaði að greiða hana af framangreindri ástæðu, að hann þóttist eiga skaðabótakröfu á hendur Dreyer og áleit sig því eigi skyldan að borga kröfu Dreyers eins og hún var.

Athafnir hins ákærða sem hér hefir verið lýst, koma eigi í bága við hegningarlögin 25. júní 1869, hvorki 250. grein þeirra né 258. eða 259. gr., eins og haldið hefir verið fram í sókn málsins, né nokkra aðra grein þeirra. Það verður því að fallast á það, að ákærði er sýknaður með aukaréttardóminum, og með því að málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkjast, ber að staðfesta dóm þenna í öllum greinum.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar verður að greiðast úr landsjóði, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr landsjóði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálsfærslumannanna Eggerts Claessen og Sveins Björnssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 50/1908 Anna Kr. Bjarnadóttir.
gegn
ráðherra Íslands fyrir hönd
Fiskiveiðasjóðs Íslands.

Dómur:

Ráðherra Íslands sem stjórnandi Fiskiveiðasjóðs Íslands lögsótti fyrir gestaréttí Reykjavíkur áfrýjandann, ekkju Péturs heitins Jónssonar blikksmiðs í Reykjavík, sem situr í óskiftu búi eftir mann sinn, til að endurgreiða nefndum sjóði höfuðstól og vexti láns að upphæð 15000 kr., er maður hennar hafði fengið úr sjóðnum og gefið fyrir veðskuldabréf 3. júní 1907 með 1. veðrétti í eign hans, botnvörpuskipinu Seagull, en skip þetta varð að strandi í Vestmanneyjum 8. desember f. á. og féll lánið fyrir það til útborgunar. Stefndi færði þó síðar kröfu sína niður fyrir gestaréttinum um 3326 kr.. 76 aura, er fengust fyrir skipið á nauðungaruppboði í Vestmanneyjum 13. júlí þ. á., og var krafa hans, þannig breytt, tekin til greina af gestaréttinum með dómi 19. sept. þ. á., er skyldaði áfrýjanda til að greiða stefnda 11673 kr. 24 aura, með 4% ársvöxtum frá 1. sept. þ. á. til borgunardags og 4% ársvöxtum af 15000 kr. frá 3. júní f. á. til 1. sept. þ. á. og í málskostnað 30 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 14. okt. þ. á. og krafist þess fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá undirréttinum og stefndi dæmdur í málskostnað, en til vara að dómurinn verði úr gildi feldur og áfrýjandi eða bú hennar sýknað af kærum og kröfum stefnda í málinu og stefndi dæmd-

ur í málskostnað. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og stefnda dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi byggir kröfu sína um frávísun málsins frá undirréttinum eða ómerking þess á því, að stefnda hafi verið óheimilt að gjöra hvorttveggja í senn, að lögsækja áfrýjanda samkvæmt veðskuldabréfinu um alla lánsupphæðina og að leita borgunar á veðinu sjálfu með fjárnámi og nauðungaruppboði. En eins og áður er tekið fram, færði stefndi niður kröfu sína fyrir gestaréttinum um þá upphæð, er fekst inn við nauðungarsöluna á hinu strandaða skipi, og hann kom þeirri breytingu inn í málið áður en það var tekið undir dóm, fyrir úrskurð dómarans, er eigi hefir verið áfrýjað og því verður að standa óhaggaður. Frávísunar eða ómerkingarkrafan verður því eigi til greina tekin.

Að því er málefnið sjálft snertir, þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að þó að maður hennar, Pétur heitinn Jónsson, hafi verið skuldunautur að hinu umkrafða láni samkvæmt veðskuldabréfinu 3. júní 1907, þá hafi orðið breyting á því við það, að hann seldi veðið Bárði nokkrum Kr. Guðmundssyni, sem hafði tekið að sér eða lofað að taka að sér endurborgun lánsins, og þó að maður hennar hafi eigi beinlínis verið leystur frá ábyrgð á láninu af skuldeiganda, þá hafi það orðið óbeinlínis þar sem stjórnarráðið hafi haldið sér beint til hans um vátrygging skipsins og viðurkent hann sem eiganda þess með því að útvega nýtt þjóðernisskírteini handa skipinu með hans nafni sem eiganda, en þetta alt hafi fest þá skoðun hjá Pétri Jónssyni, að hann væri leystur frá

ábyrgð á láninu að öllu leyti. Það verður þó ekki fallist á þessa sýknunarástæðu áfrýjanda. Það er engin minsta sönnun fram komin fyrir því gegn mótmælum stefnda, að skuldareigandi hafi leyst hinn upprunalega skuldunaut frá ábyrgð hans á láninu og samþykt að halda sér í hans stað að hinum nýja eiganda, enda virðist ekki einu sinni hafa verið farið fram á það nokkurn tíma við skuldeiganda, að skift væri um skuldunaut og breyting í þá átt gjörð á skuldabréfinu; og þó að stjórnarráðið sem umráðandi Fiskiveiðasjóðsins eða gjaldkeri sjóðsins hafi gefið hinum nýja eiganda einhverjar bendingar um kröfur skuldeiganda viðvíkjandi vátryggingu skipsins, þá lá ekki í því nein viðurkenning um að skift væri um skuldunaut fyrir láninu, og því síður lá þetta í því, þótt gefið væri út nýtt þjóðernisskírteini handa hinum nýja eiganda skipsins; hann átti heimtingu á að fá það úr því að hann var orðinn eigandi skipsins, og eigandaskifti að veðinu höfðu engin áhrif á rétt skuldeiganda að neinu tilliti og gat hann því látið sér á sama standa um þau. Það verður þannig að fallast á það, að áfrýjandi, sem situr í óskiftu búi eftir mann sinn og því á að svara til skulda hans, er með hinum áfrýjaða dómi dæmd til að greiða hina umstefndu skuld eins og hún er ákveðin í gestaréttardóminum ásamt þar til greindum vöxtum, og ber því að staðfesta téðan dóm í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi Anna Kr. Bjarnadóttir stefnda, ráðherra Íslands fyrir hönd Fiskiveiðasjóðs Íslands, 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Hæstaréttardómar

1908

Föstud. 2. október

Nr. 139. Landsbanki Íslands (Hansen)
gegn
Ólafi Guðmundssyni lausam. (Enginn)
um það, hvort úrslit víxilmáls verði látin koma undir eiði málsaðila.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 8. febrúar 1906:

Stefndi Ólafur Guðmundsson greiði stefnanda Tryggva Gunnarssyni fyrir hönd landsbankans 50 kr. með 6 % vöxtum frá 10. desember 1905 til borgunardags, þóknun 1/3 % af þessari upphæð og afsagnarkostnað 3 kr., en sé að öðru leyti sýkn af kröfum stefnda í þessu máli, ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu vinnur eið að því, að töluupphæðinni á fyrgreindum víxli, útgefnum af Eiríki Guðmundssyni 10. október 1905, til greiðslu 10. desember s. á, hafi án hans samþykkis verið breytt þannig, eftir að hann ritaði nafn sitt á hann, að tölustafurinn »1« hafi verið ritaður framan við »75«. En vinni hann eigi eið þennan, ber honum ennfremur að greiða stefnanda 100 kr. með 6% vöxtum frá sama gjalddaga til borgunardags, þóknun

1/3 % af þeirri upphæð og 20 kr. 50 a. í málskostnað. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 7. maí 1906:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, ef hinn fyrirlagði eiður verður unninn, en að öðrum kosti greiði stefndi áfrýjanda hann að skaðlausu. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Með konungsbréfi 19. ágúst 1906 er hæstarétti veitt heimild til að leggja dóm á þetta mál, þó að svo kunni að reynast, að efni hans nái ekki áfrýjunarupphæð.

Eftir málfærslu stefnda verður að gjöra ráð fyrir því, sem og er álitið í hinum áfrýjaða dómi, að upphæðin, 175 krónur, hafi verið rituð með bókstöfum í meginmáli víxilsins, sem verandi víxilupphæðin, þegar stefndi ritaði nafn sitt á víxilinn sem ábekingur. Eftir þessu þykir eigi vera heimild til að leyfa stefnda að staðfesta með eiði, með þeirri afleiðing, sem dómurinn tiltekur, þá staðhæfing sína, er eigi styðst við neitt, og eftir því sem nú var sagt, er ósennileg, að upphæð sú, er rituð var með tölustöfum á víxilinn, hafi þá verið 75 kr., en hafi síðar án hans samþykkis verið breytt þannig, að skrifað hafi verið »1« fyrir framan 75 krónur. Stefnda verður þar á móti eftir kröfu áfrýjanda að dæma eins og segir hér á eftir og með þeirri athuga-

semd, að málskostnaður fyrir undirrétti er í málinu talinn 20 krónur 50 aurar.

Það verður að sæta aðfinslu, að á dómsgjörðir yfirréttarins í þessu víxilmáli, sem yfirrétturinn hefir haft til dómsáleggingar lengur en 8 daga, hefir eigi samkvæmt tilsk. 3. júní 1796 23. gr. verið gjörð áritun um það, hve lengi málið hafi verið hjá hverjum dómanda eins og fyrir er mælt í lögum fyrir Ísland um víxilmál og víxilafsagnir 13. janúar 1882, 6. gr. 2. málsl.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Ólafur Guðmundsson lausamaður greiði áfrýjanda, landsbanka Íslands, 150 krónur með 6 % árs-vöxtum frá 10. desember 1905 unz greitt verður, 1/8 % þóknun af nefndri upphæð, afsagnarkostnað 3 krónur og málskostnað fyrir undirrétti 20 krónur 50 aura og fyrir landsyfirrétti og hæstarétti að skaðlausu. Stefndi greiði og 10 krónur í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 243—246 hér að framan.

Landsyfirréttardómar 1909.

Mánudaginn 11. janúarmán.

Nr. 46/1907: Jón Ólafsson
gegn
Valtý Guðmundssyni.

Dómur:

Í máli þessu, er háskólakennari, dr. Valtýr Guðmundsson höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn Jóni Ólafssyni, þáverandi ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins Reykjavík, fyrir meiðyrði í nafnlausri grein með fyrirsögninni: »Þar á hann heima«, er út kom í téðu blaði 21. desbr. 1905, var dómur kveðinn upp í nefndum rétti 12. júlí 1906 með þeim úrslitum, að hin átöldu meiðyrði: »vísvitandi lygari«, voru dæmd dauð og marklaus og áfrýjandi skyldaður til að greiða fyrir þau sekt til landsjóðs 150 kr., eða sæta ella 40 daga einföldu fangelsi, og fyrir ósæmilegan rithátt var áfrýjandi ennfremur sektaður um 20 kr.. er renna skyldu í landsjóð. Svo skyldi og áfrýjandi greiða stefnda í málskostnað 10 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn, að fengnu kon-

ungsleyfi til uppreistar, útgefnu 6. nóvember 1907 skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. s. m., og krafist þess, að málinu verði vísað frá undirréttinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og til þrautavara, að hin ídæmda sekt verði lækkuð að miklum mun, og hvernig sem málið fer, krefst hann þess, að sektin fyrir ósæmilegan rithátt og málskostnaðarálagan í undirréttardómnum verði feld burtu, eða báðar upphæðirnar lækkaðar, og að honum verði tildæmdur málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirrétti eftir mati réttarins. Stefndi hefir eigi komið í yfirdóminn eða látið koma þar af sinni hálfu, þótt honum sé löglega stefnt þangað, og ber því að dæma málið eftir framkomnum skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Áfrýjandi hefir bygt kröfu sína um frávísun málsins frá undirrétti eða ómerking þess á því, að sáttatilraunin í því hafi verið ólögleg, en ástæður þær, er hann hefir fært fyrir því, eru eigi á rökum bygðar eins og sýnt er fram á í bæjarþingsdómnum, og skal því bætt við út af því, er áfrýjandi sérstaklega hefir tekið fram fyrir yfirdómi til stuðnings þessu málsatriði, að stefndi hafði ekkert tilefni til að leggja hið síðara umboðsskjal sitt fram fyrir sáttanefnd, þar sem engum mótmælum var þar hreyft gegn hinu fyrra umboðsskjali hans. Ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því eigi tekin til greina.

Að því er málsefnið sjálft áhrærir, þá er stefndi í fyrnefndri grein í »Reykjavík«, sem áfrýjandi ber ábyrgð á, lýstur »vísvitandi lygari« að ummælum nokkrum í dönsku blaði »Ekstrabladet«, sem það eignar eða þykist hafa eftir stefnda, en stefndi hefir neitað því að ummæl-

in séu rétt eftir sér höfð, og áfrýjandi hefir eigi heldur sannað, að þau séu frá honum runnin, enda væru hin átöldu orð eigi réttlætt fyrir það eitt, þótt hann gæti sannað þetta. Það verður því að dæmast allsendis heimildarlaust, að hafa viðhaft hin átöldu ummæli um stefnda, og með því að þau eru freklega meiðandi fyrir hann, verður að fallast á það, að orðin voru dæmd dauð og ómerk með bæjarþingsdómnum og áfrýjandi sektaður fyrir þau samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, en sektin þykir nægilega hátt ákveðin 100 krónur eða til vara 25 daga einfalt fangelsi.

Það þykir ekki ástæða til þess eftir kröfu áfrýjanda að fella burtu úr bæjarþingsdómnum eða lækka sektina fyrir ósæmilegan rithátt, en hún á að helmingi að renna í landsjóð og að helmingi í fátækrasjóð Reykjavíkur. Yfirrétturinn er og samþykkur málskostnaðarákvæði dómsins, en um málskostnað fyrir yfirdómi er ekki að ræða, þar sem stefndi kom þar ekki og enginn af hans hendi.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, ritstjóri Jón Ólafsson, greiði 100 kr. sekt í landsjóð eða sæti 25 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll verður greidd innan ákveðins tíma; áfrýjandi greiði 20 króna sekt fyrir ósæmilegan rithátt fyrir bæjarþingsréttinum, og renni helmingur sektar þessarar í landsjóð en helmingur í fátækrasjóð Reykjavíkur. Um ómerking meiðyrða og málskostn-

að í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 23/1908: Hlutafélagið C. Mollerups Maskinfabrik í Kaupmannahöfn
gegn
Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar af hálfu áfrýjanda gegn hinum stefnda, Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði, til að fá hann skyldaðan til að greiða andvirði steinolíumótors, er áfrýjandi sendi honum til Íslands, ásamt vátryggingargjaldi á honum þangað, en með dómi nefnds réttar 30. desember 1907 var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður. Nokkur móðgunaryrði um málsfærslumann áfrýjanda í varnarskjölum stefnda voru og með dómnum dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 25. maí 1908 og krafist þess, að stefndi verði skyldaður til að greiða honum verð umræddsmótors ásamt vátryggingu á honum til Seyðisfjarðar, kr. 816,25 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 18. marz

1907 til borgunardags, að stefndi verði dæmdur í hæfilega sekt fyrir hin ærumeiðandi ummæli hans um málsfærslumann áfrýjanda í varnarskjölunum fyrir undirréttinum, og ómerking meiðyrðanna staðfest, og að áfrýjanda verði dæmdur málskostnaður hjá stefnda fyrir báðum réttum. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum atriðum og stefnda dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Haustið 1903 virðist C. Mollerups Maskinfabrik í Esbjerg, sem hlutafélagið, áfrýjandi þessa máls, tók síðar við einkasölu fyrir, hafa leitast fyrir um það á Austurlandi, að fá umboðsmann þar til að selja steinolíumótora fyrir verksmiðjuna, en þetta varð til þess, að stefndi sneri sér til verksmiðjunnar með bréfi 28. nóvbr. 1903, og bauðst til að taka við slíku umboði fyrir hana; þó setti hann það upp áður, til þess að hann gæti gengið úr skugga um það, að mótorarnir væru sterkir og af góðri gerð, að verksmiðjan sendi sér í maí árið eftir (1904) tveggja hesta bátamótor, 8—900 kr. virði, er hann ætlaði að setja í fiskibát og kaupa í félagi við aðra menn; kvaðst hann skyldi borga mótorinn, er hann hefði reynt hann um tíma til fiskiveiða og hann gæfist vel. Verksmiðjan svaraði bréfi þessu 6. janúar 1904, og kvaðst mundi senda stefnda hinn umheðna mótor á tilnefndum tíma og kostaði hann 900 kr., en stefndi fengi í sölulaun af honum 10 %, ef borgaðar væri innan þriggja mánaða, og ef stefnda líkaði ekki mótorinn, mætti hann endursenda hann innan þriggja mánaða frá móttöku. Þessu bréfi svarar stefndi aftur 14. marz s. á., þakkar áfrýjanda fyrir, að hann hafi gengið að uppástungu sinni

og biður hann að senda sér mótorinn með Vestu, er fari frá Khöfn 15. apríl s. á. Þennan dag sendi síðan áfrýjandi mótorinn til stefnda ásamt reikningi fyrir verð hans 900 kr. ÷ 10 % = 810 kr. og vátryggingu 6 kr. 25 aur. eða samtals 816 kr. 25 a., og viðurkendi stefndi móttökuna með bréfi 11. maí s. á. Eftir þetta fóru engin skeyti á milli málsaðila alt til hausts, en þá þótti áfrýjanda dragast úr hófi með borgun mótorsins og skrifaði stefnda 15. septbr. og minti hann á, að hann hefði átt að gjöra annaðhvort innan þriggja mánaða, að borga mótorinn eða hafa skilað honum aftur, en nú væri hann búinn að halda honum hátt á 5. mánuð. Bréfi þessu svaraði stefndi 22. okt. s. á., og segir nú að mótorinn hafi reynst alt annað en vel, það hafi strax brotnað stykki í honum, og hann sé úr ónýtu efni og jafnvel gamall, og vill stefndi fá að skila honum aftur. Þar sem nú stefndi ekki vildi borga mótorinn, fór svo eftir nokkur frekari bréfaviðskifti, að áfrýjandinn höfðaði mál þetta gegn honum, og fór það sem fyr segir.

Það sést af málinu, að skömmu eftir að stefndi fekk umræddan mótor, í maí 1904, lét hann setja hann í bát sinn, og reyndi að halda bátnum úti til fiskjar, en mótorinn gekk þá ekki svo, að það væri hægt, og var þá hætt við það. En báturinn með mótornum var notaður öðru hvoru um sumarið til flutninga innan-fjarðar, og þótti þó eigi reynast vel til þess heldur.

Stefndi hefir haldið því fram, að sér hafi verið sendur brúkaður, gamall mótor í stað nýs, og að mótorinn hafi verið úr ónýtu efni og stykkin í honum ekki átt saman. Hann telur sig því hafa verið svikinn á mótornum og sé áfrýjandi skyldur að taka við honum aftur, en

hann sé ekki skyldur að borga hann. Stefndi hefir þó ekki sannað það, að mótorinn hafi verið brúkaður, gamall mótor eða úr ónýtu efni, eða að þeir gallar hafi verið á honum, er áfrýjanda verði kent um, eða afsaki það atferli stefnda, að hann gjörði áfrýjanda ekkert aðvart um gallana eða kvartaði yfir þeim, heldur hélt mótornum þegjandi og notaði hann áfram, fram yfir hinn tiltekna tíma, sem hann mátti hafa hann til reynslu.

Um suma galla þá, er fram komu á mótornum, getur einnig eðlilega verið um að kenna innsetningu mótorsins í bátinn, sem gjörð var af óvönum mönnum. En mótorinn var reyndur af verksmiðjunni áður en hann var sendur, og gekk þá vel og áleizt ógallaður, enda er líklegt að áfrýjandi hafi eigi hirt um að senda ónýtan mótor til reynslu, er hann vildi koma á sölu á vöru sinni.

Aðalatriðið er þó hitt, sem augljóst er af undangengnum bréfaviðskiftum málsaðila, að stefndi hefir gengið að, að hann átti að borga mótorinn, ef hann ekki skilaði honum aftur innan 3 mánaða frá mótöku hans, og með því að hann gjörði það eigi, og fekk eigi heldur frekari frest hjá áfrýjanda til að reyna mótorinn, eða ákvarða sig um kaupin, þá verður að dæma hann til að greiða áfrýjanda verð mótorsins ásamt vátryggingargjaldi og vöxtum, alt eftir kröfu áfrýjanda og breyta dómnum að því leyti.

Yfirdómurinn finnur ekki nægа ástæðu til að sekta stefnda fyrir þessi ummæli í varnarskjali hans fyrir aukaréttinum: »Og enn meiri furðu gegnir það þó, að til skuli vera sá Íslendingur, sem vill leggja sig í framkróka til þess að hjálpa þessum útlendingum til þess að hafa

ranglega fé út af landsmanni sínum«, en ómerking ummæla þessara í aukaréttardóminum stendur óröskuð. Það þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir báðum dómum 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Stefán Th. Jónsson kaupmaður greiði áfrýjanda, hlutafélaginu C. Mollerups Maskinfabrik í Kaupmannahöfn 816 kr. 25. a. með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi 18. marz 1907 til borgunardags og 50 kr. í málskostnað. Um ómerking ummæla í varnarskjölum stefnda fyrir aukaréttinum á aukarétt-ardómurinn að vera óraskaður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 39/1908: Sigfús Pétursson
gegn
skiftaráðandanum í Húnavatnssýslu
fyrir hönd dánarbús Ólafs
Ólafssonar frá Háagerði.

Dómur:

Áfrýjandinn Sigfús bóndi Pétursson á Torfastöðum höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Húnavatnssýslu gegn Ólafi bónda Ólafssyni í Háagerði, sem síðar er látinn,

til greiðslu á 1000 kr. skaðabótum fyrir halla, er áfrýjandi tjáist hafa beðið við uppboð á lifandi peningi, honum tilheyrandi, er haldið var 29. maí 1900 eftir kröfu nefnds Ólafs; á hinn bóginn höfðaði Ólafur Ólafsson gagnsök fyrir gestaréttinum gegn áfrýjanda, og krafðist af honum landskuldar og leigna eftir jörðina Steiná fardagaárið 1899—1900 161 kr. 72 a. og skaðabóta fyrir niðurníðslu á nefndri jörð 1500 kr., hvorttveggja með 5 % vöxtum frá stefnudegi. Málum þessum var ráðið til lykta með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 7. desbr. 1907, þannig, að kröfu áfrýjanda í aðalmálinu var hrundið og að hann í gagnmálinu var dæmdur til að greiða landskuldar og leiguupphæðina eftir Steiná, 161 kr. 72 a.; aftur á móti var hann sýknaður fyrir skaðabótakröfunni út af niðurníðslu á nefndri jörð. Nokkur ummæli í varnarskjölum gagnstefnda (áfrýjanda) voru dæmd dauð og ómerk, og málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Sigfús Pétursson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 8. ágúst þ. á., og stefnt skiftaráðanda Húnavatnssýslu fyrir hönd dánarbús Ólafs Ólafssonar, og hefir áfrýjandi gjört þær réttarkröfur, að dómnum verði breytt á þá leið, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1000 kr. skaðabætur, eða aðra eftir óvilhallra manna mati hæfilega upphæð fyrir tjón það, er hann beið við uppboðið 29. maí 1900, með 6 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður af kröfum gagnstefnda í héraði, og að honum, áfrýjanda, verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Af sinni hálfu hefir stefndi krafist þess, að gestaréttardómurinn verði

staðfestur og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Í máli milli áfrýjanda og Ólafs heitins Ólafssonar út af kaupum á jörðinni Steiná, er rekið var fyrir gestaréttí Húnavatnssýslu, var kveðinn upp dómur nefnds réttar 1. marz 1900, þannig að áfrýjandi var dæmdur til að greiða Ólafi Ólafssyni 1000 kr. sem afborgun jarðarverðsins fyrir Steiná, auk vaxta; lét dómhafi síðan fullnægja dómnum með fjárnámsgjörð; var ýmiskonar gangandi peningur, sauðfé og stórgripir, tilheyrandi áfrýjanda, tekinn fjárnámi, og var peningur þessi síðan seldur á opinberu uppboði 29. maí 1900 og seldist hann fyrir 1099 kr. 60 a. Gestaréttardómnum, fjárnámsgjörðinni og uppboðsgjörðinni var áfrýjað til landsyfirdómsins, og með dómi þessa réttar, uppkveðnum 11. febr. 1901, var gestaréttardómnum hrundið, og fjárnáms- og uppboðsgjörðirnar feldar úr gildi, og Ólafur Ólafsson skyldaður til þess að skila áfrýjanda uppboðsandvirðinu 1099 kr. 60 a. Þessum landyfirréttardómi var síðan veitt fullnusta fyrir fógetarétti Húnavatnssýslu 4. júlí 1901 á þann veg, að málsaðilar gjörðu fyrir réttinum sátt um greiðslu dómsupphæðarinnar og kostnaðar, og verður eigi annað séð af skýrslum málsins, en að sátt þessari hafi verið fullnægt. Þó að áfrýjandi þannig hafi fengið aftur áðurgreint uppboðsandvirði, 1099 kr. 60 a., þykist hann hafa orðið fyrir meiri halla við uppboðið 29. maí 1900, og metur hann þann skaða sinn 1000 kr., og er það skaðabótakrafa hans í þessu máli.

Þessa sömu skaðabótakröfu bar áfrýjandi fram fyrir yfirdóminn í máli, er dæmt var þar 11. febr. 1907, og orðaði hann þá kröfuna þannig, að hann heimtaði »bætur

eftir mati dómkvaddra manna, eða með ákveðinni upphæð 1000 kr., eða eftir mati yfirdómsins, auk endurborgunarinnar á kr. 1099,60«. Um þessa kröfu segir svo í nefndum yfirréttardómi, að »frekari skaðabætur (þ: auk endurborgunarinnar 1099 kr. 60 a.) verði áfrýjanda aftur á móti eigi dæmdar, með því að hann hefir eigi fært sönnur á, að hann hafi beðið neitt tjón við gjörðir þessar«. Um fullnæging þessa landsyfirréttardóms gjörðu málsaðilar síðan fógetaréttarsættina 4. júlí 1901, eins og áður er sagt. Með þessum gjörðum, yfirréttardómnum og fógetaréttarsáttinni, er þetta skaðabótamál málsaðilanna að fullu og öllu til lykta leitt, og getur áfrýjandi eigi nú, mörgum árum síðar, tekið það upp aftur, og verður því að fallast á það, að stefndi hefir með gestaréttardómnum verið sýknaður af þessari kröfu áfrýjanda.

Þá hefir áfrýjandi krafist þess, að hann verði dæmdur laus við þá skyldu að greiða stefnda landskuld og leigur af Steiná fyrir árið 1899—1900, að upphæð 161 kr. 72 a. Það er þó viðurkent að hann hafi búið á jörðinni þetta fardagaár, og að hann hafi ekkert goldið eftir hana, og hann segir sjálfur, að hann hafi boðið Ólafi heitnum eftirgjald eftir Steiná, en Ólafur hafi eigi viljað þiggja það. Með þessu virðist hann hafa viðurkent skyldu sína að greiða eftirgjaldið einmitt til Ólafs. Þó að hann hafi látið í ljósi, að hið umkrafða eftirgjald sé of hátt eftir ásigkomulagi jarðar og húsa, eins og það á að hafa verið 1890, þá hefir hann eigi farið fram á ákveðna niðurfærslu eftirgjaldsins. Það virðist því eigi verða hjá því komist að dæma áfrýjanda til að greiða nefnt eftirgjald jarðarinnar með þeirri upphæð, sem stefndi hefir heimtað og áður er tilgreint.

Samkvæmt framansögðu verður að staðfesta gestaréttardóminn, bæði aðalefni hans og málskostnaðarákvæðið, sem eigi þykir athugavert. En eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá því að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Sigfús Pétursson greiði stefnda skiftaráðandanum í Húnavatnssýslu fyrir hönd dánarbús Ólafs Ólafssonar frá Háagerði, málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 30 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. janúarmánaðar.

Nr. 55/1908: Réttvísin gegn Jóhanni Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Vestmanneyjasýslu, uppkveðnum 2. okt. f. á., var hinn ákærði, vinnumaður Jóhann Guðmundsson í Garðstöðum í Vestmanneyjum, dæmdur fyrir

einfaldan þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar með talin málsvarnarlaun, 6 krónur, til svaramanns hans fyrir aukaréttinum. hreppstjóra Sigurðar Sigurfinnssonar. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu réttvísinnar.

Það er sannað í málinu með játningu hins ákærða sjálfs og öðrum skýrslum, er fengnar hafa verið, að hann hafi sunnudaginn 9. febr. f. á., er hann ásamt ýmsum öðrum var að vinna að frystingu á síld í íshúsinu í Vestmanneyjum, tekið að ófrjálsu mörstykki, er var rúmlega 3 pund á þyngd, en það var inni í frystiklefa íshússins; stakk hann mörnum undir treyjubarm sinn og fór með hann út úr íshúsinu; en með því að aðrir, er voru að vinnu í íshúsinu, veittu því eftirtekt, að hann hafði eitthvað í barmi sínum, er hann fór út, höfðu þeir orð á því við hreppstjórann, er var viðstaddur og hafði umsjón yfir frystingunni; veitti hann ákærða eftirför og náði honum, er hann var kominn á að gizka 100 faðma frá íshúsinu; tók hreppstjórinn mörinn af ákærða þá þegar við verknaðinn, eins og honum er lýst hér að framan, en hann hefir haldið því fram, að hann hafi að eins tekið mörinn, til hirðingar og ætlað að láta íshússvörðinn »vita um hann«. Þessi framburður ákærða er þó svo ósennilegur, að hann verður eigi tekinn til greina. Ákærði var verkamaður við síldarfrystinguna, en honum bar eigi skylda til þess, og eigi hafði hann umboð til þess að skifta sér að öðru leyti af munum eða vörum í íshúsinu, og fyrir því var það eigi hans hlutverk að hirða um áminst mörstykki. Þá er hann fór með mörinn, — sem hann fór laumulega með og faldi í barmi sínum, —

úr íshúsinu, fór hann eigi áleiðis til forstöðumanns íshússins eða íshússvarðarins, heldur í þveröfuga átt, og þegar hreppstjórinn spurði hann, hvað hann hefði í barminum, og tók af honum mörinn, mintist hann ekki með einu orði á, að hann ætlaði að afhenda íshússverðinum mörstykkið eða »láta hann vita um það«, eins og hann hefir komist að orði. Það verður því að álíta, að ákærði hafi tekið mörinn, sem talinn hefir verið 1 kr. virði eftir venjulegu gangverði þar á staðnum, til þess að kasta eign sinni á hann og hagnýta sér hann.

Jafnframt og rannsókn fram fór í héraði um framangreint afbrot ákærða, kom upp grunur gegn honum um það, að hann væri valdur að innbroti í sölubúð á Vestmanneyjum og að hvarfi á munum úr skipinu Seagull og skemdum á gufuvél nefnds skips, er hafði orðið að strandi þar í eyjunum, en við rannsóknina kom ekkert í ljós, er sannaði grun þennan. Þá er ákærði var tekinn fastur undir rannsókninni, fanst hjá honum koparskrúfa, er áleizt vera úr nefndu skipi, Seagull, og gjörði ákærði þá grein fyrir skrúfu þessari, að hann hefði fundið hana úti á víðavangi og borið hana á sér fyrst nokkurn tíma, og síðan hafi hún legið heima hjá honum með öðru rusli, og hafi sér eigi hugkvæmst að lýsa henni. Eftir því sem fram er komið í málinu er eigi ástæða til að rengja þessa sögusögn hins ákærða, og þar sem hann eigi virðist hafa farið leynilega með skrúfuna og á hinn bóginn eigi er sannað, að hún hafi haft nokkurt verðmæti, verður eigi álitið, að meðferð hans á hlut þessum varði við hegningarlögin.

Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður verið refsað fyrir neinn glæp. Framan-

greint brot hans, stuldurinn á mörnum, heyrir undir 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsingin hæfilega ákveðin fyrir það af undirdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, Með því að málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins einnig samþykkist, verður að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Jóhann Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. janúarmán.

Nr. 12/1908: Guðmundur Jónasson
gegn
Sigurjóni Markússyni eða til vara Eggert Claessen sem umboðsmanni fyrir Islandsk Handels og Fiskerikompagni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir gestaréttí Dalasýslu yfirréttarmálaflutningsmaður Sigurjón Markússon fyrir hönd Islandsk Handel og Fiskerikompagni gegn áfrýjanda Guðmundi kaupmanni Jónassyni í Skarðsstöð, til greiðslu á skuld að upphæð 2190 kr. 88 a., ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnudegi 20. sept. 1907 til borgunardags; en áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur félaginu, og krafðist þess, að það yrði dæmt til að greiða sér 1898 kr. 85 a. ásamt 6 % ársvöxtum frá 1. janúar 1907 til borgunardags. Lauk málum þessum svo, að með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 23. nóvbr. 1907, var áfrýjandi dæmdur til að greiða Islandsk Handels og Fiskerikompagni 1518 kr. 94 a. ásamt 6 % ársvöxtum frá 20. sept. 1907 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Guðmundur Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 5. marz 1908, og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, Islandsk Handels og Fiskerikompagni, en til vara hefir hann krafist þess, að auk þeirra krafa í gagnmálinu í undirrétti, sem þar voru teknar til greina, verði enn fremur teknar til greina til frádráttar skuldakröfu félagsins þær gagnkröfur, sem undirrétturinn ekki hefir fallist á eða talið réttmætar, þannig að gagnkrafa hans, alls 1898 kr. 85 a., ásamt vöxtum frá 1. janúar 1907, verði dregnar frá kröfu stefnda, og að honum, áfrýjanda, verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Islandsk Handels og Fiskerikompagni hefir aftur á móti látið gagnáfrýja málinu með stefnu dags. 5. ágúst 1908, og krafist þess, að gestaréttardóminum verði breytt

þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 2190 kr. 88 a. með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi 20. sept. 1907 til borgunardags, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur sýkn af öllum gagnkröfum aðaláfrýjanda; til vara hefir félagið krafist að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að því verði, hvernig sem málið fer, dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirrétti eftir réttarins mati.

Aðaláfrýjandi hefir krafist, að gagnmálinu verði vísað frá rétti, af þeirri ástæðu, að yfirréttarmálaflutningsmaður sá, er stefnt var í gagnsökinni, Einar Arnórsson, hafi ekki haft umboð til að flytja málið. En þar sem málaflutningsmaður þessi mætti í yfirdómi við fyrstu fyrirtekt málsins 3. ágúst þ. á., hafði gagnáfrýjandi fulla ástæðu til að telja hann umboðsmann aðaláfrýjanda við málssóknina, og þótt sókn sú í málinu, er hann lagði fram nefndan réttardag, væri ekki undirskrifuð af honum, heldur af yfirréttarmálaflutningsmanni Einari M. Jónassyni, er síðar flutti málið fyrir hönd aðaláfrýjanda, þá getur þetta ekki haft þýðingu í þessu efni, þar eð það hefir komið fram í málinu, að þessi málaflutningsmaður var fjærverandi úr bænum með alt sitt fólk, er gagnstefnan var útgefin, og gagnstefnanda var ókunnugt um hvenær hann mundi koma heim, enda hafði ekki ástæðu til að ætla annað en að Einar Arnórsson hefði tekið við málinu fyrir fult og alt. Það er því ekki ástæða til að vísa gagnmálinu frá dómi.

Fyrir undirrétti hefir aðaláfrýjandi ekki neitað því, að upphæð sú, 2190 kr. 88 a., er Islandsk Handels og Fiskerikompagni gjörði kröfu til, stæði eftir af skuld þeirri, er hann komst í við félagið út af kaupum á verzlun félagsins í Skarðsstöð, er það hafði selt honum með

kaupsamningi dags. í Kaupmannahöfn 23. apríl 1903, en hann áleit, að hann ætti því nær jafnmikla upphæð hjá félaginu, eða 1898 kr. 85 a. ásamt 6 % vöxtum frá 1. janúar 1907, en um þessar gagnkröfur aðaláfrýjanda, eða upphæð þeirra, var ágreiningur milli málsaðila. Áfrýjandi hefir nú fyrir yfirdómi mótmælt kröfu félagsins, og haldið því fram, að það hafi ekki fyrir gestaréttinum lagt fram nægilega skýran reikning yfir viðskifti þeirra aðaláfrýjanda og félagsins frá byrjun viðskiftanna, og geti hann því ekki áttað sig á hvort hin umstefnda upphæð sé rétt. En krafa þessi um ítarlegri reikningsskil er ofseint fram komin, og verður því ekki tekin til greina. Þar sem kröfu félagsins á hendur aðaláfrýjanda, 2190 kr. 88 a., samkvæmt þessu verður að skoða sem viðurkenda, ber að taka hana til greina, og leggja hana til grundvallar við úrslit máls þessa. En þá kemur til álita, hvort og að hve miklu leyti gagnkröfur aðaláfrýjanda geta komið til greina til frádráttar frá þessari skuld hans til félagsins.

Gagnkröfur aðaláfrýjanda sundurliðast þannig:

1.	Fyrir umbúðir og ýmislegan kostnað við sendingu á vörum, er félagið átti í Skarðsstöð	kr.	133,23
2.	Borgun á skuld til Björns Kristjánssonar	—	14,12
3.	Borgun til manns fyrir að mæta fyrir félagsins hönd við úttekt á 1/4 úr Innri-Fagradal	—	3,00
4.	Fyrir reikningsgjörð	—	300,00
5.	Flutningur á Jakob Þorsteinssyni vestur í Flatey og fæðispeningar fyrir hann .	—	49,50
6.	Eftirgefin skuld Péturs Péturssonar . .	—	18,13
7.	Andvirði íveruhúss í Innri-Fagradal . .	—	450,00

8. Greiðsla til Sigfúsar Sveinbjarnarsonar fyrir innheimtu á skuldum . . . . kr. 100.00
9. Uppbætur á reikningum viðskiftamanna kr. 114,13 + 12,75 + 7,00 . . . . — 133,88
10. Skuldir Patreksfjarðar og Flateyjarverzlana — 450,38
11. Inneign greidd Guðmundi á Hörðubóli — 60,00
12. Eftirgjöf á skuld Hákonar í Reykhólum — 68,00
13. Ýms smágjöld samtals . . . . . — 14,00

Í gestaréttinum hafa kröfuliðirnir 1—5 verið teknir til greina til frádráttar skuld aðaláfrýjanda við stefnda svo og 10 kr. 33 a. af 6. lið eða alls 510 kr. 18 a., en hinar upphæðirnar hafa ekki verið teknar til greina. Viðvíkjandi gagnkröfum þeim, er þannig ekki hafa verið teknar til greina af gestaréttinum, hefir stefndi haldið því fram, að aðaláfrýjandi geti enga breytingu á þessu fengið sér í vil, þar eð hann hafi tekið það fram í stefnunni, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er gagnsókna snertir, og geti hann ekki í sókninni farið út fyrir það svið, er hann sjálfur hafi markað sér. Það verður þó ekki álitið, að orðalag stefnunnar, eins og því er háttað, útiloki að taka kröfur þessar til athugunar og til frádráttar kröfu gagnstefnanda, ef þær álítast á rökum bygðar. Koma því allir liðir gagnkröfunnar hér til álita.

Af hinni fyrstu kröfu aðaláfrýjanda, 133 kr. 23 a., fyrir umbúðir um vörur, sem félagið átti í Skarðsstöð eftir að það seldi verzlunina og fyrir vinnu við þær, hefir stefndi samþykt að greiða 46 kr. 50 a. fyrir umbúðir. Í framlögðum útdrætti af nefndum kaupsamningi um sölu verzlunarinnar í Skarsstöð 23. apríl 1903 er tekið fram, að aðaláfrýjandi sé skyldur til gegn venjulegri þóknun að undirbúa til flutnings vörur þær, er

nauðsyn sé að verka áður en þær eru fluttar á skip, svo og gegn venjulegri þóknun að annast um að vörurnar séu í tæka tíð fluttar á skip (Hr. Jonasson er pligtig til mod sædvanligt Vederlag at undergive de Varer, med Hensyn til hvilke Behandling inden Afskibning er fornöden en saadan Behandling, samt — ligeledes mod sædvanligt Vederlag — at sörge for at Afskibning sker behörig). Þar sem nú stefndi hefir ekki neitað, að aðaláfrýjandi hafi lagt til umbúðir þær og þá vinnu, er hann hefir gjört reikning fyrir, og þar eð það verður ekki séð, að stefnandi hafi sett umbúðirnar eða vinnuna óvanalega hátt, þá verður að fallast á, að gestarétturinn hefir dæmt stefnda til að greiða aðaláfrýjanda þessa upphæð.

Upphæðir þær, sem taldar eru undir 2. og 3. tölulið hér að framan, kr. 14,12 og kr. 3,00, hefir stefndi viðurkent.

Þá hefir aðaláfrýjandi krafist 300 kr. fyrir reikningsgjörð (for Opgjörelse af Regnskabet). Stefndi kannast við, að aðaláfrýjandi hafi unnið starf þetta og eigi heimtingu á kaupi fyrir það, en hann heldur því fram, að verk þetta hefðu 2 menn getað unnið á hálfum mánuði og sé því verk þetta fullborgað með 100 kr., og hefir ekki viljað samþykkja hærri borgun. Gagnvart þessu hefir aðaláfrýjandi haldið því fram, að hann hafi unnið að þessari reikningsgjörð í heilan mánuð með aðstoð tveggja manna. Þar eð þessu er ekki hnekt af stefnda og hinsvegar enginn samningur gjörður um kauphæðina, þá getur hin umkrafða borgun ekki talist ákaflega há, og ber því að taka gagnkröfu þessa til greina.

Þá hefir aðaláfrýjandi gjört kröfu fyrir 36 kr., sem kostnaði við flutning á Jakob Þorsteinssyni, verzlunar-

stjóra félagsins í Flatey, úr Skarðsstöð út í Flatey og 13 kr. 50 a. í fæðispeninga fyrir hann. Stefndi hefir viðurkent réttmæti kröfunnar um fæðispeningana, og fyrir flutninginn hefir hann tjáð sig fúsan að borga 20 kr.; en eftir framkomnum upplýsingum verður að álíta, að nefndur verzlunarstjóri hafi sjálfur samið um flutning þennan og beðið aðaláfrýjanda að borga hann, og verður þá félagið að sjálfsögðu að borga upphæðina að fullu, fyrst það á annað borð viðurkennir að flutningurinn hafi farið fram í þess þágu. Nefndar 49 kr. 50 a. ber því að dæma félagið til að greiða aðaláfrýjanda.

Þá hefir aðaláfrýjandi gjört kröfu til 18 kr. 13 a., er félagið hafi eftirgefið einum skuldunaut verzlunarinnar, en upphæð þessi virðist hafa verið tilfærð í lista þeim yfir útistandandi skuldir verzlunarinnar, er áfryjandi keypti. Stefndi hefir viðurkent, að sér beri að greiða upphæð þessa, að frádregnum 40 %, eða 10 kr. 93 a., en þar sem stefndi hefir alls enga grein gjört fyrir því, með hvaða heimild hann hefir dregið áminstar 40 % eða 7 kr. 20 a. frá upphæðinni, verður að dæma félagið til að greiða upphæð þessa í heild sinni.

Þá hefir aðaláfrýjandi gjört kröfu til 450 kr. fyrir íveruhús í Innri-Fagradal, er hann tjáist hafa keypt fyrir hönd félagsins. Islandsk Handels og Fiskerikompagni átti 1/4 hluta úr jörð þessari, og skýrir aðaláfrýjandi svo frá, að hann hafi haft umboð til að annast um byggingu jarðarinnar fyrir hönd félagsins. Nú hafi jarðarpartur þessi losnað úr ábúð í fardögum 1903 og hafi hann þá keypt hús þetta af fráfaranda með því verði, er það var metið af úttektarmönnunum í hreppnum, fyrir félagsins hönd handa jörðinni, því að jarðarparturinn hafi verið alveg

íveruhúsalaus, og hafi hann álitið, að annars mundi ekki vera hægt að byggja jarðarpartinn. Hefir hann sérstaklega haldið því fram, að hann sem umboðsmaður félagsins hafi haft heimild til að gjöra kaup þessi, en hvað sem því liði, þá verði að álíta, að félagið hafi samþykt þessa ráðstöfun, þar sem það hafi ekki í tæka tíð mótmælt kaupunum, og að endingu hafi félagið látið leiguliða sinn nota húsið og síðan selt það ásamt jörðinni ári síðar (1904). Af skjölum málsins verður að ráða, að aðaláfrýjandi hafi haft umboð til að sjá um byggingu jarðarinnar, enda er því ekki mótmælt, en í slíku umboði verður þó ekki álitið að sé fólgin heimild til þess, að jarðeiganda fornspurðum, að kaupa alldýrt hús í samanburði við verð jarðarpartsins, en þar sem aðaláfrýjandi með bréfi dags. 31. ág. 1903 tilkynti stefnda, að hann hefði álitið nauðsynlegt að kaupa umrætt hús handa jörðinni og óskaði samþykkis á þessari ráðstöfun, þá virðist, eftir því sem á stóð, að það hafi verið skylda félagsins þegar í stað að mótmæla kaupunum, svo að aðaláfrýjandi gæti ráðstafað húsinu á annan hátt, en þetta hefir stefndi ekki gjört, því af skýrslum málsins sést, að félagið hefir fyrst með bréfi 22. júlí 1904 hreyft andmælum gegn kaupunum, en af þessu leiðir, að stefndi verður að greiða aðaláfrýjanda andvirði hins umrædda húss, 450 kr.

Þá hefir aðaláfrýjandi gert kröfu til, að stefndi greiði sér 100 kr., sem er upphæð ávísunar, er aðaláfrýjandi gaf út á stefnda handa Sigfúsi Sveinbjarnarsyni fasteignasala, og hefir áfrýjandi skýrt þetta svo, að Sigfús hafi haft á hendi innheimtu á útistandandi verzlunarskuldum fyrir félagið, og hafi hann eftir beiðni Sigfúsar gefið út ávísun þessa til greiðslu á innheimtulaunum hans, og hafi

upphæðin gengið upp í innheimtulaun Sigfúsar, er stefnda hafi verið skylt að greiða. Er þessi skýrsla aðaláfrýjanda staðfest með framlögðu vottorði Sigfúsar. Þessari skýrslu aðaláfrýjanda hefir ekki verið mótmælt í undirrétti, og því hefir heldur ekki verið mótmælt, að Sigfúsi hafi borið greiðsla þessi frá stefnda, og verður því að dæma félagið til að greiða aðaláfrýjanda nefndar 100 kr.

Þá hefir aðaláfrýjandi krafist greiðslu á uppbótum til viðskiftamanna verzlunarinnar, að upphæð kr. 114 13 + 12,75 + 7,00 eða samtals 133 kr. 88 a., og hefir hann sannað með notarialvottorði, að hann hafi árin 1903 og 1904 fært inn í reikninga ýmsra viðskiftamanna uppbætur frá árinu 1902, er nemi samtals þessari upphæð, og hyggur hann, að samningurinn um kaup á verzluninni í Skarðsstöð, dags. 23. apríl 1903, heimili honum rétt til þess að fá þessar upphæðir endurgreiddar af félaginu. Ákvæði það í nefndum samningi, er aðaláfrýjandi álítur að heimili kröfuna, er þetta: Mulige Fejl i Bøgerne eller i Opgjörelsen pr. 31. Desember 1902 skal altid kunne forlanges rettede og regulerede, dog at saadan Regulering skal finde Sted inden Udgangen af indeværende Aar. Það virðist nægilega upplýst af aðaláfrýjanda, að uppbætur þessar stafi af slíkum villum í bókunum og reikningsgjörðinni, er átt er við í tilfærðu samningsákvæði, og verður því að dæma stefnda til að svara aðaláfrýjanda til uppbótanna, að svo miklu leyti sem þær hafa komið til á árinu 1903, en svo var því varið um 114 kr. 13. Þá upphæð ber því að dæma stefnda til að greiða aðaláfrýjanda.

Þá hefir aðaláfrýjandi krafist þess, að inneign sín við verzlanir Islandsk Handels og Fiskerikompagni á Pat-

reksfirði og Flatey, að upphæð kr. 176,36 + 87,22 + 186,30, eða samtals 450,38, verði dregin frá skuldakröfu stefnda. Því hefir ekki verið neitað, að stefndi eigi að svara til skulda þessara verzlana, og upphæðunum hefir heldur ekki verið mótmælt sem röngum, eða ítarlegri sundurliðunar fyrir þeim krafist, en af þessu leiðir, að félagið verður að svara til þessarar kröfu, og ber því að draga nefndar 450 kr. 38 a. frá kröfu gagnstefnanda.

Þá hefir áfrýjandi krafist borgunar á 60 kr., sem Guðmundur á Hörðubóli hafi átt að eiga hjá verzlun Islandsk Handels og Fiskerikompagni frá haustinu 1902, en sem áfrýjandi greiddi árið 1903. Viðvíkjandi þessum kröfulið hefir áfrýjandi sannað með framlögðu nótarialvottorði, að í kladda verzlunarinnar í Skarðsstöð standi, að maður þessi hafi lagt inn til verzlunarinnar árið 1902 kindur fyrir 78 kr. 75 a., og að honum sé þar um leið færð til útgjalda milliskrift til Gramsverzlunar í Stykkishólmi 60 kr., og standi Guðmundur ekki með neina inneign í eftirstöðvalista verzlunarinnar frá 1902, en samkvæmt höfuðbókum verzlunarinnar séu þessar 60 kr. frá Guðmundi taldar Gramsverzlun til tekna 1. janúar 1903, en þar á móti ekki 1902. Þessi skýrsla hefir ekki verið véfengd, eða umræddu innleggi neitað, en þá verður að álíta að hér sé sönnuð villa í reikningsbókunum 1902 (Opgjörelse pr. 31. Desember 1902), þannig að inneignir við verzlunina séu oflágt tilfærðar um nefndar 60 kr. Þessar 60 kr. hefir aðaláfrýjandi greitt eða skuldbundið sig til að greiða, en samkvæmt nefndum kaupsamningi um verzlunina 23. apríl 1903 verður að álíta, að aðaláfrýjandi hafi rétt til að fá slíka villu leiðrétta. Ber því að taka kröfu þessa til greina til frádráttar kröfu stefnda.

Hvað þar á móti 68 kr. Rabat til Hákonar á Reykhólum snertir, þá sést ekki af skjölum málsins, að stefndi hafi verið skyldur til að greiða upphæð þessa, og verður því krafa aðaláfrýjanda um greiðslu á upphæð þessari ekki tekin til greina.

Þá eru nokkrar smákröfur, sem aðaláfrýjandi telur til, sem sé: útflutningsgjald frá Fáskrúðsfirði 90 a., umslög um reikninga 2 kr., burðargjald undir reikninga 4 kr. 50 a. og fyrir 50 pd. af salti 1 kr., fyrir hraðboða með bréf að Þorbergsstöðum 6 kr., eða samtals 14 kr. 40 a. Aðaláfrýjandi hefir ekki skýrt frá því, hvernig á kröfum þessum stendur, og verða þær því ekki teknar til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina til frádráttar kröfu stefnda 1692 kr. 49 a. af gagnkröfum aðaláfrýjanda, en frá þessari upphæð hefir hann dregið innborgun frá Guðmundi í Traðardal, 57 kr. 45 a., og ennfremur hefir gagnstefnandi krafist þess, að frá gagnkröfum aðaláfrýjanda séu dregnar 209 kr. 41 a.

Af þessum 209 kr. 41 a. hefir aðaláfrýjandi haldið fram, að hann í reikningi sínum 31. desbr. 1903 (réttarskj. nr. 9) hafi fært Islandsk Handels og Fiskerikompagni til tekna: fyrir æðardún kr. 26,88, fyrir selslýsi kr. 106,66 og fyrir selspik kr. 11,52 eða samtals 145 kr. 06 a. og ber reikningur þessi með sér, að þessar upphæðir eru þar innfærðar félaginu til tekna. Hvað eftirstöðvunum þar á móti viðvíkur: fyrir kjöttunnu kr. 52,35 og andvirði selskinna kr. 12,00, hefir aðaláfrýjandi ekki sérstaklega mótmælt þessum upphæðum, og ber því að draga þær ásamt ofangreindum 57 kr. 45 a. frá gagnkröfum aðaláfrýjanda og færast þær því niður um 121 kr. 80 a. eða ofan í

1570 kr. 69 a. Með því að gagnstefnandi hefir reiknað sér vexti og vaxtavexti 6 % p. a. af kröfu sinni til 20. sept. 1907, þá ber einnig samkvæmt kröfu aðaláfrýjanda að dæma stefnda til að greiða 6 %vexti og vaxtavexti af gagnkröfunni nfl. af 1120 kr. 31 a. frá 1. nóvbr. 1903, af inneign við Patreksfjarðarverzlun 176 kr. 36 a. frá 1. júní 1906 og af inneign við Flateyjarverzlun 274 kr. 02 a. frá 1. júní 1907 til 20. sept. s. á. og nemur þetta 316 kr. 28 a.

Samkvæmt framansögðu ber því að breyta hinum áfrýjaða dómi þannig, að dæma aðaláfrýjanda til að greiða stefnda 2190 kr. 88 a. að frádregnum (1570 kr. 69 a. + 316 kr. 28 a.) 1886 kr. 97 a., eða 303 kr. 91 a. ásamt 6 % ársvöxtum frá 20. sept. 1907 til borgunardags. Málskostnaðarákvæði gestaréttarins samþykkist, og eftir atvikum virðist rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi Guðmundur Jónasson kaupmaður í Skarðsstöð greiði stefnda, Islandsk Handels og Fiskerikompagni í Kaupmannahöfn 303 kr. 91 a. með 6 % ársvöxtum frá 20. sept. 1907 til borgunardags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. febrúarmán.

Nr. 21/1908: Hannes Thorsteinson
fyrir hönd Salomon Davidsens
gegn
Guðmundi Jónassyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir gestarétti Dalasýslu af hálfu áfrýjanda Salomon Davidsens stórkaupmanns í Kaupmannahöfn gegn hinum stefnda Guðmundi Jónassyni kaupmanni í Skarðsstöð til greiðslu á skuld að upphæð 4037 kr. 50 a. ásamt 7 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en stefndi höfðaði þá gagnsök á hendur áfrýjanda, og krafðist þess að verða sýknaður í aðalmálinu og að áfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér 5352 kr. 28 a. ásamt 7 % ársvöxtum. Lauk málum þessum svo, að með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 16. nóvbr. 1907, voru báðir málsaðilar sýknaðir, hvor af annars kröfum, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 6. maí 1908, og krafist þess, að stefndi verði skyldaður til að greiða honum 3783 kr. 64 a. auk 6 % ársvaxta frá 14. sept. 1907 til stefnudags 20. s. m. og 7 % ársvaxta frá stefnudegi til borgunardags, svo og allan málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu, en að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er gagnsóknina snertir.

Hinn stefndi hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 25. ágúst 1908, og krafist þess í aðalmálinu, að gagnstefnandi verði að fullu og öllu sýknaður

af kærum og kröfum aðalstefnanda, að S. Davidsen verði dæmdur til þess að gjöra sundurliðaða skilagrein fyrir öllum viðskiftum málsaðila frá byrjun ársins 1903 til dato, svo og að láta af hendi skjöl og skilríki, er nákvæmar hafa verið tilgreind í undirrétti, að viðlögðum dagsektum, og í gagnmálinu, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að aðaláfrýjandi verði skyldaður til að greiða hina umstefndu upphæð 5352 kr. 28 a. ásamt 7% ársvöxtum frá því skuldin féll í gjalddaga til borgunardags, til vara vexti frá sáttakærudegi til borgunardags, og að gagnstefnanda verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum.

Með bréfi dags. 5. mars 1906 gjörðu málsaðilar þann samning sín á milli, að áfrýjandi, Salomon Davidsen, lofaði stefnda lánstrausti hjá sér eða reikningsláni alt að 25000 kr., en stefndi skuldbatt sig hins vegar til að greiða skuld sína fyrir árslok hver, eins og hún væri eftir reikningum, gjörðum upp í hverjum desembermánuði skaðlaust, á skrifstofu S. Davidsens Brogade 3 í Kaupmannahöfn, og segir enn fremur í samningnum, að útskrift úr löggiltri höfuðbók Davidsens skuli á hverjum tíma sem er vera fullgild sönnun fyrir skuld stefnda við áfrýjanda, Hefir áfrýjandi nú að fengnu konungsleyfi til að leggja fram ný sönnunargögn, lagt fram notarialter staðfesta útskrift úr löggiltri höfuðbók sinni og ber útskriftin með sér, að stefndi skuldaði áfrýjanda að meðtöldum vöxtum til 14. sept. 1907 hina umstefndu upphæð 3783 kr. 64 a., og hefir áfrýjandi samkvæmt þessu fært kröfu sína niður um 253 kr. 86 a. frá því er hann hafði krafist í undirrétti, en þetta stafaði af misskilningi umboðsmanns áfrýjanda í vaxtareikningi.

Stefndi hefir mótmælt kröfu þessari, og hefir hann haldið því fram, að ákvæði samningsins 5. marz 1906 um sönnunargildi höfuðbókarútskriftarinnar geti ekki átt við skuld, sem stofnuð sé fyrir 5. marz 1906, en það sé hin umstefnda skuld, og fari því með hana eftir samningi málsaðila 17. apríl 1903, sem eigi feli í sér eins hörð sönnunarákvæði og síðari samningur málsaðila, en afleiðingin af þessu sé það, að áfrýjandi sé skyldur til að koma fram með sundurliðaða skilagrein fyrir öllum viðskiftum málsaðila frá byrjun ársins 1903 og láta af hendi »slutseðla« um kaup og sölu á vörum fyrir stefnda svo og frumreikninga fyrir öllum útgjaldaliðum, og sérstaklega hefir stefndi tekið fram, að hinn framlagði reikningur sé rangur að því leyti, að áfrýjanda hafi verið óheimilt eftir samningnum 17. apríl 1905 og 5. marz 1906 að taka provision af vátryggingariðgjöldum, sem hann hafi lagt út fyrir stefnda.

Samkvæmt reikningi þeim yfir viðskifti stefnda við aðaláfrýjanda, er fram var lagður í undirrétti (undirréttarskjal nr. 4) skuldaði stefndi áfrýjanda hinn 5. marz 1906, er síðari samningurinn var gjörður, 5786 kr. 83 a. en hinn 13. s. m. hefir stefndi greitt áfrýjanda 5800 kr., og verður að fallast á þá skoðun áfrýjanda, að greiðsla þessi hafi fyrst og fremst gengið til þess að greiða hina umstefndu skuld stefnda við aðaláfrýjanda, er til var orðin þegar síðari samningurinn var gjörður, enda ber að sjálfsögðu að líta svo á, að samningurinn 5. marz 1906 hafi komið í stað hins eldra samnings frá 17. apríl 1903, þannig að hann þar með hafi fallið burtu. Málsskjölin bera það og með sér, að enginn greinarmunur hefir verið gjörður á skuld stefnda við áfrýjanda, er til var orðin

fyrir 5. marz 1906, og síðari viðskiftum þeirra, eða að stefndi hafi gjört nokkra kröfu til að þeirri skuld væri haldið sér. Ákvæði hins síðari samnings eiga því við um skuld þá, er stefndi var í við aðaláfrýjanda, er mál þetta var höfðað.

Viðvíkjandi mótmælum stefnda gegn réttmæti skuldarinnar og kröfu hans um ítarlegri reikningsskil, þá hefir áfrýjandi ómótmælt haldið því fram, að stefnda hafi verið sendur ítarlegur reikningur við hver áramót, og auk aðalreikningsins hafi honum jafnóðum verið sendir sérreikningar um innkaup á vörum og vörureikningar, og hafi stefndi aldrei fundið að því, að það er hann meðtók frá Davidsen eða sendi honum í hvert skifti, hafi ekki komið heim við reikninga, yfir höfuð að tala hafi stefndi aldrei fundið að neinu atriði í reikningum áfrýjanda, og hafi hann þar með samþykt hvern einstakan lið; þá hefir áfrýjandi mótmælt því, að á sér hvíli nokkur skylda til að láta af hendi skjöl þau, er stefndi heimtar, og sé hin framlagða útskrift úr verzlunarbókunum samkvæmt samningum málsaðila full sönnun fyrir því, að skuld stefnda sé rétt.

Það verður nú að fallast á það, að það hafi verið skylda stefnda innan hæfilegs tíma eftir móttöku hvers ársreiknings að gjöra þær aðfinslur við reikninga áfrýjanda, er hann áleit ástæðu til, og jafnframt að heimta þau skjöl, er hann áleit nauðsynleg til að vernda rétt sinn, en þar sem hann hefir ekki gjört þetta, þá verður að álíta að hann hafi samþykt reikningana og geti ekki úr þessu véfengt þá, nema því að eins, að hann geti sannað, að þeir séu ekki réttir, en það hefir stefndi ekki gjört, þar sem hann ekki hefir véfengt neinn einstakan lið reikn-

ingsins, nema að því er snertir rétt áfrýjanda til að reikna sér provision af útlögðum vátryggingargjöldum. Að áfrýjanda hafi verið þetta óheimilt byggir stefndi á því, að í samningnum stendur: »For Tegning af saavel Sösom Brandassurance beregnes ingen Provision«. En í þessu ákvæði liggur ekki annað en það, að áfrýjanda sé óheimilt að reikna sér Provision af vátryggingarupphæðum, og verður því ekki á því bygt, að áfrýjandi hafi ekki haft rétt til að reikna sér provision af vátryggingariðgjöldum, er hann leggur út fyrir stefnda, en heimild áfrýjanda til að reikna sér provision af gjöldum þessum liggur í hinu almenna ákvæði samningsins, að Davidsen hafi rétt til að reikna sér 2 % provision af því, er hann lánar stefnda. Mótmæli stefnda gegn hinni umstefndu skuld verða samkvæmt þessu ekki tekin til greina

Að því er gagnkröfur stefnda snertir, þá eru þær ekki bygðar á neinum sjálfstæðum kröfum, heldur lúta að því, að ekki hafi staðið heima vikt á útlendum og innlendum vörum, er málsaðilum hefir farið á milli, að ýmsum kostnaði, er aðaláfrýjandi hefir fært stefnda til skuldar, t. d. fyrir keyrslu o. fl. og að vátryggingariðgjöldum, er áfrýjandi hefir fært stefnda til skuldar. En alt þetta eru aðfinslur við reikninga aðaláfrýjanda, er ekki hafa fram komið í tæka tíð, og verða því kröfur þessar gegn mótmælum aðaláfrýjanda ekki teknar til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að þessu leyti.

Yfirdómurinn verður að vera aðaláfrýjanda samdóma um það, að þessi klausa í vörn og gagnsókn stefnda 14. sept. f. á.: Tilraun til óheiðarlegs fjárdráttar lítur þetta út fyrir að vera og er engan veginn sam-

boðin slíkum manni eða félagi eins og S. Davidsen vill láta álíta sig«, sem ástæðulaus og meiðandi fyrir aðaláfrýjanda, og verður því eftir kröfu hans að dæma hana dauða og ómerka.

Eftir framangreindum úrslitum málsins ber stefnda að greiða aðaláfrýjanda í málskostnað fyrir báðum réttum 120 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Guðmundur Jónasson kaupmaður í Skarðsstöð greiði aðaláfrýjanda Salomon Davidsen í Kaupmannahöfn 3783 kr. 64 a. með 6 % vöxtum frá 14. sept. 1907 til 20. s. m. og 7 % vöxtum p. a. frá 20. sept. 1907 til borgunardags og í málskostnað 120 kr.

Að því er gagnsóknina snertir, staðfestist hinn áfrýjaði dómur.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. febrúarmán.

Nr. 36/1908: Firmað Chr. Nielsen í Kaupmannahöfn
gegn
alþingismanni Jóni Jónssyni frá Múla.

Dómur:

Árið 1899 settu nokkrir menn á stofn á Seyðisfirði félagsverzlun, er eingöngu skyldi verzla með drykkjarföng

af ýmsum tegundum. Forstjóri þessarar verzlunar var ráðinn kaupmaður nokkur á Seyðisfirði A. Rasmussen, er fluttist fyrir nokkrum árum alfarinn til Vesturheims. Stofnendur félagsverzlunar þessarar sneru sér til áfrýjanda þessa máls, firmans Chr. Nielsen í Kaupmannahöfn, og fengu hann til að gerast umboðsmaður verzlunarinnar, og til þess að tryggja lánstraust verzlunarinnar hjá nefndum umboðsmanni rituðu stofnendur eða hluttakendur í félaginu undir ábyrgðarskjal 23. desbr. 1899, þar sem þeir — einn fyrir alla og allir fyrir einn — tóku að sér ábyrgð á skilvísri greiðslu á öllu því, er áfrýjandi kynni að lána félagsverzlun þessari. Hinn stefndi, alþingismaður Jón Jónsson frá Múla, er einn meðal þeirra, er undir skjal þetta hafa skrifað.

Þegar félagsverzlun þessi byrjaði starf sitt, hafði forstjóri hennar um nokkur ár haft verzlun á Seyðisfirði, og hélt hann áfram að reka hana jafnhliða því, er hann stýrði félagsverzluninni. Sjálfur hafði hann haft og hélt áfram að hafa sama umboðsmann í Kaupmannahöfn og þann, er fenginn var fyrir félagsverzlunina, áfrýjanda Chr. Nielsen. Þann 31. desember 1901 virðist félagsverzlun þessi hafa hætt að starfa, og var hún þá í rúmlega tvö þúsund kr. skuld við áfrýjanda, en upp í hana voru á árinu 1902 greiddar nokkrar smáupphæðir, þannig að skuldin komst ofan í 1789 kr. 17 au. Þessa upphæð ásamt vöxtum til ársloka 1906 eða 2258 kr. 79 a., telur áfrýjandi sig eiga hja nefndri félagsverzlun, og þar sem eigendur hennar reyndust ófúsir til að greiða upphæðina, höfðaði hann fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar mál á hendur stefnda, sem ritað hafði undir framannefnt ábyrgðarskjal 23. desbr. 1899, og krafðist þess, að hann yrði

dæmdur til að greiða nefnda upphæð með 6% vöxtum p. a. frá sáttakærudegi 30. apríl 1907 til borgunardags og til að greiða málskostnað að skaðlausu eða eftir réttarins mati. Lauk máli þessu svo, að með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 7. apríl 1908, var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. ágúst f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2258 kr. 79 a. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir undir, og yfirdómi eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Í ágústmánuði 1902 sendi hinn umgetni kaupmaður og forstjóri félagsverzlunarinnar, A. Rasmussen, áfrýjanda til umboðssölu nokkuð af íslenzkum vörum, og eru málsaðilar sammála um það, að andvirði þessarar vörusendingar hafi numið hærri upphæð en skuld félagsverzlunarinnar við áfrýjanda þá var; hefir stefndi haldið því fram, að vörur þessar hafi verið eign félagsverzlunarinnar, að A. Rasmussen hafi sent þær sem forstöðumaður þeirrar verzlunar, og hafi hann með vörusendingunni skrifað áfrýjanda ráðstöfunarbréf dags. 4. ágúst 1902, og í því bréfi lagt svo fyrir, að andvirði varanna skyldi ganga til lúkningar á skuld félagsverzlunarinnar, að því er hún næmi, en afgangurinn skyldi ganga inn í reikning Rasmussens sjálfs. Byggir stefndi sýknarkröfu sína á því, að áfrýjandi hafi verið skyldur til þess, að taka þessa ráð-

stöfun á andvirði varanna til greina, og hafi hann þannig þegar árið 1902 fengið hina umstefndu skuld greidda.

Af áfrýjanda hálfu hefir því bæði fyrir undirrétti og hér fyrir réttinum verið fastlega neitað, að hið umgetna bréf 4. ágúst 1902 hafi innihaldið nokkra slíka ákveðna fyrirskipun um andvirði hinnar sendu vöru. Vörurnar hafi verið sendar frá Rasmussen sem hans eign, en í nefndu bréfi hafi Rasmussen mælst til þess, að skuld félagsverzlunarinnar væri færð yfir á sig, en það hafi áfrýjandi neitað að gjöra að svo stöddu, það yrði undir því komið, hvað Rasmussen greiddi upp í skuld sína við áfrýjanda síðar á árinu, sbr. bréf áfrýjanda 25. ág. 1902.

Stefndi hefir alls enga sönnun fært fyrir því, að um ræddar vörur, er Rasmussen sendi áfrýjanda í ágúst 1902 hafi verið eign félagsverzlunarinnar; þvert á móti verður ekki annað ráðið af bréfi áfrýjanda til Rasmussen 25. ág. 1902, en að vörur þessar hafi verið verzlunarvörur Rasmussens sjálfs, því þar furðar áfrýjandi sig á því, að Rasmussen skuli ekki hafa fengið meira af íslenzkum vörum í verzlun sína, en það er hann hafi sent, og að öðru leyti eru málsaðilar, svo sem fram hefir verið tekið, ósamdóma um innihald bréfsins 4. ágúst 1902. Bréf þetta hefir ekki verið lagt fram, hvorki á frumriti né eftirriti.

Stefndi hefir lagt fram yfirlýsingu bréfritarans um að hann 19. okt. 1903 hafi ekki eftirrit af því, og því hefir stefndi ekki getað lagt það fram; aftur á móti hefir áfrýjandi haldið því fram, að bréfið hafi glatast og geti hann því ekki orðið við áskorun stefnda, að leggja það fram.

Því til sönnunar að A. Rasmussen hafi í umræddu bréfi 4. ágúst 1902, gjört áður umgetna ráðstöfun á and-

virði varanna, hefir stefndi lagt fram bréf frá Rasmussen dags. 19. okt. 1903, þar sem hann (Rasmussen) segir, að í fyrra sumar (sumarið 1902) hafi hann sent áfrýjanda fulla greiðslu á skuld félagsverzlunarinnar með ull, en að áfrýjandi hafi í heimildarleysi og gagnstætt fyrirskipunum sínum látið hjá líða að færa félagsverzluninni þetta til góða, heldur hafi hann fært upphæðina inn í sinn eigin (Rasmussens) reikning; heldur stefndi því fram, að þessi skýrsla Rasmussens fái verulegan stuðning við þar að lútandi ummæli í bréfi áfrýjanda til Rasmussens 25. ág. 1902; þar segi áfrýjandi: »(jeg) venter med at kreditere Fællesudsalget, til jeg har set, hvad Dækning der kommer fra Dem«, en í hinum tilfærðu orðum felist viðurkenning áfrýjanda fyrir því, að í bréfinu frá 4. ágúst hafi verið lagt fyrir hann að greiða sér skuld félagsverzlunarinnar með andvirði varanna, og að endingu hefir stefndi tekið fram, að áfrýjandi hafi lagt fram öll bréf Rasmussens viðvíkjandi viðskiftum félagsverzlunarinnar, að þessu einu undanskildu; beri þetta ljósan vott þess, að hann annaðhvort trássist við að leggja bréfið fram, þótt hann hafi það í sínum vörzlum, eða að hann hafi eyðilagt það, til þess að það yrði ekki notað sem sönnunargagn á móti honum í máli þessu.

Hvað yfirlýsingu Rasmussens viðvíkur um innihald nefnds bréfs, þá verður hún ekki talin ábyggileg, því bæði er það ólíklegt, að hann hafi treyst sér til að gjöra slíka ákveðna ráðstöfun um andvirði varanna sökum undangenginna loforða sinna um að láta allar vörur sínar ganga til áfrýjanda, og sökum þess, hvað hann var orðinn honum háður í peningasökum, og svo var hann bæði sem forstöðumaður félagsverzlunarinnar og sem einn af

ábyrgðarmönnum hennar viðriðinn málið, enda er það ekki sennilegt, ef bréfið hefir verið svo þýðingarmikið fyrir félagsverzlunina, að Rasmussen hafi ekki hirt um að hafa eftirrit af því, og það verður ekki álitið, að í bréfi áfrýjanda 25. ágúst 1902 finnist nokkur stuðningur fyrir nefndri staðhæfingu, því orð þau í bréfinu, er stefndi sérstaklega hefir lagt áherzlu á, þurfa ekki að lúta að öðru en því, að Rasmussen hafi beðið áfrýjanda að greiða skuld félagsverzlunarinnar fyrir sig.

Þar sem áfrýjandi frá upphafi hefir haldið því fram, að umrætt bréf sé glatað, og þar sem ekki er ástæða til að ætla, að þessi fullyrðing hans sé röng, eða að hann í sviksamlegum tilgangi hafi eyðilagt bréfið, þá er ekki heimild til að leggja staðhæfing stefnda um innihald bréfsins til grundvallar fyrir úrslit þessa máls.

En jafnvel þótt gengið væri út frá því, að Rasmussen hefði í nefndu bréfi lagt svo fyrir, að skuld félagsverzlunarinnar skyldi greiðast af andvirði hinnar sendu vöru, þá verður samt að líta svo á, að Rasmussen hafi eftir á fallið frá þessari ráðstöfun á andvirði vörunnar, þar sem hann hreyfði engum mótmælum gegn því, að alt andvirði hennar var fært inn í reikning hans við áfrýjanda, en hafi hann haft rétt til að ráðstafa andvirði hennar upp í skuld félagsverzlunarinnar, verður og að álíta að hann gagnvart áfrýjanda hafi verið bær um að falla frá þeirri ráðstöfun.

Samkvæmt framansögðu verður að álíta, að stefndi hafi ekki fært sönnur á, að hin umstefnda skuld sé greidd, en um upphæð hennar hefir eigi verið ágreiningur milli málsaðila, og ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda umræddar 2258 kr. 79 a. með 6 %

ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi alþingismaður Jón Jónsson frá Múla greiði áfrýjanda firmanu Chr. Nielsen í Kaupmannahöfn 2258 kr. 79 a. með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. febrúarmán.

Nr. 52/1908: Oddur Gíslason fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur gegn hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps.

Dómur:

Fyrir fardagaárið 1907—1908 lagði hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps aukaútsvar á Reykjavíkurbæ, að upphæð kr. 209,67, og var útsvar þetta lagt á bæinn fyrir Elliðaár, eins og segir í útsvarsseðli þeim, dags. 1. des.

1907, er hreppsnefndin sendi bæjarstjórn Reykjavíkur en bærinn er nú eigandi Elliðaánna og þær liggja innan Seltjarnarneshrepps. Með bréfi dags. 3. janúar 1908 skýrði bæjarfógeti Reykjavíkur í umboði bæjarstjórnarinnar hreppsnefndinni frá því, að bæjarstjórnin teldi óskylt að greiða útsvar þetta. Beiddist þá hreppsnefndin þess 13. ágúst 1908, að útsvarið yrði tekið lögtaki hjá Reykjavíkurbæ, og eftir að hinn reglulegi fógeti, bæjarfógeti Halldór Daníelsson, hafði vikið sæti í lögtaksmálinu, var hinn 23. október 1908 kveðinn upp úrskurður í því í fógetarétti Reykjavíkur af setufógeta, skrifstofustjóra Jóni Hermannssyni, þess efnis, að hið umbeðna lögtak skyldi fram fara.

Úrskurði þessum hefir yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason skotið til yfirdómsins fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, með stefnu dags. 30. okt. 1908, og hefir fyrir yfirdómi verið krafist þess af hálfu bæjarstjórnarinnar, að hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður verði úr gildi feldur, aukaútsvarið og beiðni um lögtak á því dæmd ómerk, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað. Hin stefnda hreppsnefnd, sem hefir fengið gjafnvörn í málinu og sér skipaðan talsmann, hefir af sinni hálfu krafist þess, að úrskurðurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða henni málskostnað, eins og málið hefði eigi verið gjafvarnarmál.

Af hálfu áfrýjanda, bæjarstjórnar Reykjavíkur, er því haldið fram, að hreppsnefndin hafi alls eigi tekið það fram, á hvaða afnot Elliðaánna aukaútsvarið væri lagt, því að útsvarsseðillinn 1. desbr. 1907 sagði að eins, að það væri fyrir Elliðaár. En þótt hreppsnefndin ætti hér við laxveiðiafnot bæjarins af ánum, þá telur áfrýjandi

útsvarið alt að einu lögleysu, því að útsvar verði samkvæmt gildandi löggjöf einungis lagt á persónur (o: fysiskar persónur), nema sérstök heimild sé til annars í löggjöfinni, og verði því eigi lagt aukaútsvar á bæjar- eða sveitarfélög sem slík eða gjaldstofna þeirra. Auk þess heldur áfrýjandi því fram, að þótt lög heimiluðu að leggja aukútsvör á bæjar- eða sveitarfélög eða gjaldstofna þeirra, þá hafi afnot Reykjavíkurbæjar af Elliðaánum síðan bærinn eignaðist þær, eigi verið þess eðlis, að aukaútsvar yrði lagt á bæinn fyrir þau, [því að lög nr. 43 10. nóvbr. 1905, sem áfrýjandi hefir sérstaklega vitnað til, heimili einungis að leggja aukaútsvar á b e i n afnot laxveiðinnar, en slík bein afnot hafi bærinn eigi haft af veiðinni í ánum.

Hin stefnda hreppsnefnd hefir af sinni hálfu haldið því fram, að umrætt aukaútsvar sé lagt á arð og afnot bæjarins af ánum, hverju nafni sem nefnist, að Reykjavíkurbæ beri í þessu máli að skoða sem hvern einstakan mann, sem eigi eignir og hafi arð af þeim, enda engan veginn útilokað að leggja aukaútsvar á aðra en (fysiskar) persónur, t. d. félög (juridiskar persónur), að það skifti engu í þessu máli, þótt bærinn hafi leigt árnar, því hann fái arð þeirra (leiguna) samt sem áður, og að þar sem sveitarstjórnarlög (nr. 43) 10. nóvbr. 1905, 36. gr., leyfi að leggja aukaútsvar á laxveiðiafnot utanhreppsmanna, þá verði þau orð eigi skilin öðruvísi en svo sem þar stæði, að jafna mætti útsvari á utanhreppsmenn fyrir laxveiðiafnot, sem þeir eiga í hreppnum.

Það að aukaútsvarið er lagt á Reykjavíkurbæ fyrir Elliðaár verður nú ekki skilið öðruvísi en svo, að útsvarið sé lagt á öll þau afnot og arð, sem bærinn hafi af

ánum, enda verður ekki betur séð af málsskjölunum, en að bæjarstjórnin sjálf hafi skilið það svo, og verður því eigi fallist á þær mótbárur, sem áfrýjandi hefir bygt á því atriði, að ekki væri nógu skýrt tekið fram, á hvað útsvarið væri lagt. Sú mótbára áfrýjanda, að ekki sé löglegt að leggja aukútsvar á bæjar- eða sveitarfélög sem slík eða gjaldstofna þeirra, verður eigi heldur tekin til greina, því að það gerir engan mun í því efni sem hér um ræðir, hvort einstakur maður eða félög nota eignir í öðrum hreppum, eða reka atvinnu þar, ef afnot eignanna eru svo löguð, eða atvinna sú, er rekin er, að útsvar verði lagt á þau. Það verður því í þessu máli einungis spurning um það, hvort telja megi að afnot Reykjavíkurbæjar af Elliðaánum hafi verið þannig löguð, að heimilt hafi verið að leggja aukaútsvar á einstaklinga eða félög, sem slík afnot hafi haft af ánum.

Það er upplýst í málinu, að Reykjavíkurbær seldi með samningi 31. ágúst 1907 Englendingi nokkrum öll veiðiafnot ánna á leigu ásamt húsum þeim, sem bærinn á við árnar og innanstokksmunum í þeim til einkaafnota um 3 mánuði (júní, júlí og ágúst) árin 1908 og 1909, eða þá 3 mánuði ársins, er laxveiði er heimil í ánum, sbr. lög 19. febr. 1886, 1. gr. og reglugjörð fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu, fyrir 400 L. sterl. eða nál. 7200 kr. hvort ár. Átti leigan fyrir fyrra árið að gjaldast við undirskrift samningsins 31. ágúst 1907, en fyrir síðara árið fyrir 31. ágúst 1908. Önnur veiðiafnot — en um annars konar arð af ánum er ekki upplýst í þessu máli — hefi bærinn ekki haft af ánum svo að teljandi sé, eftir því sem ráðið verður af skjölum málsins. Bærinn hefir því enga atvinnu rekið fyrir eigin reikning í eða með

Elliðaám síðan hann eignaðist þær, heldur einungis selt veiðiafnot þeirra með húsum á leigu ákveðinn tíma ársins.

Samkvæmt lögum nr. 43 10. nóv. 1905, 36. gr. 1° og 3° má eigi leggja aukaútsvar á aðra en þá, sem eiga lögheimili í hreppnum eða hafa þar fast aðsetur að minsta kosti 4 mánuði, og fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er séu rekin að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi eigi haft þar fast aðsetur, svo og kaup- og pöntunarfélög, sem leyst hafa borgarabréf, hafa sölubúð og vörur til sölu. Það er þegar ljóst, að samkvæmt þessum ákvæðum verður ekki lagt aukaútsvar á Reykjavík sem eiganda Elliðaánna, því að bærinn hefir engin þau afnot haft af ánum, sem fallið geti undir þessi fyrirmæli laganna. Það verður því spurningin um lögmæti útsvarsins samkvæmt 36. gr. 2°, en þar er heimilað að leggja aukaútsvar á hvalveiði og síldarveiði með nót, svo og laxveiðiafnot utanhreppsmanna, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sé rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu, svo og á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot á jörðu, þótt rekin sé skemur en 4 mánuði af gjaldárinu og þótt leiguliði eða notandi eigi heimili annarsstaðar. Það yrði aðallega spurningin, hvort afnot bæjarins af ánum yrði heimfærð undir laxveiðiafnot utanhreppsmanna. Það sést glögt að 36. gr. 2° gjörir ráð fyrir því, að slík afnot séu höfð að atvinnu eða rekin sem fyrirtæki, hvort heldur er til arðs eða skemtunar. Það virðist og að einungis sé átt við þá sem atvinnuna stunda eða láta stunda eða reka fyrirtækið, en eigi við þá, sem láta í té þau gögn eða hluti, sem fyrirtækið og atvinnan er rekin með eða í. Þetta verður enn ljósara þegar litið er til ákvæðisins um ábúð og

leiguliðaafnot jarða í 36. gr. 2°. Engum kemur til hugar að leggja aukaútsvar á utanhrepps búsettan jarð- eða fasteignareiganda, þótt hann leigi öðrum jörð sína eða fasteign til afnota, heldur á leigjanda eða notanda. Og Reykjavíkurbær er í raun réttri í hérumræddu efni öldungis eins og hver annar fasteignareigandi, búsettur utan þess hrepps, þar sem fasteignin liggur. Elliðaárnar eru fasteign, sem bærinn er eigandi að og hefir selt á leigu nokkurn hluta ársins, án þess að hafa sjálfur nokkur önnur afnot eignar sinnar, sem á nokkurn hátt geti heimilað útsvarsskyldu gagnvart honum.

Af þessari ástæðu, sem hér hefir síðast verið talin, verður að líta svo á, sem hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps hafi brostið heimild til að leggja aukaútsvar á Reykjavíkurbæ fyrir afnot hans af Elliðaám, og ber því að taka kröfu áfrýjanda þessa máls til greina, að því er snertir ógilding hins áfrýjaða fógetaúrskurðar, og ber því að ónýta hann að öllu leyti, og eftir ástæðum virðist rétt að málskostnaður falli niður, en að hinum skipaða talsmanni hinnar stefndu hreppsnefndar, Eggert yfirréttarmálaflutningsmanni Claessen, séu ákveðnar í málaflutningslaun fyrir yfirdómi 20 kr., er greiðist af almannafé.

Það vottast, að því leyti sem málið hefir verið gjafvarnarmál, að flutningur þess fyrir yfirdómi hefir verið lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttar úrskurður á að vera ógildur. Málskostnaður falli niður. Hinum skipaða

málaflutningsmanni hreppsnefndarinnar, Eggert yfirréttarmálaflutningsmanni Claessen, greiðist úr landsjóði málaflutningslaun fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. marzmán.

Nr. 2/1909: Emil Strand
gegn
Einari M. Jónassyni
fyrir hönd Ólafs Theodórssonar.

Dómur:

Samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 2. f. m. átti að taka mál þetta fyrir í yfirdóminum 22. f. mán., en áfrýjandi mætti þá ekki og enginn af hans hendi. Hins vegar mætti stefndi þennan dag samkvæmt stefnunni og krafðist kosts og tæringar hjá áfrýjanda. Þessa kröfu ber að taka til greina og dæma áfrýjanda samkvæmt N L 1—4—34 til að greiða stefnda í þessu skyni 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Emil Strand greiði stefnda Einari M. Jónassyni málaflutningsmanni fyrir hönd Ólafs Theodórssonar 6 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 46/1908: Jón Jörundsson
og
Marino Hafstein

Úrskurður:

Umboðsmaður sækjanda í máli þessu, sem höfðað er fyrir landsyfirdóminum samkvæmt 11. gr. tilskipunar 11. júlí 1800 á hendur stefnda fyrir réttarsynjun, hefir farið fram á, að sér verði veittur 6 mánaða frestur til að láta staðfesta með vitnaleiðslu nokkur vottorð, er hann hefir lagt fram, en umboðsmaður stefnda mótmælt, en til vara, að sér verði veittur 1—2 vikna frestur til andsvara í málinu, og hafa málsaðilar lagt þennan ágreining undir úrskurð réttarins.

Með því að það verður eigi séð af skjölum þeim, sem fram eru lögð fyrir yfirdóminum, að áminst vottorð, þó að þau væru staðfest fyrir rétti, geti ráðið neinu um úrslit þessa máls, verður hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu ekki veittur, en sækjanda veitist vikufrestur til andsvara í málinu.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu verður eigi veittur, en sækjanda veitist vikufrestur til andsvara í málinu.

Nr. 47/1908: Guðmundur Pétursson
gegn
Marino Hafstein

Úrskurður:

Umboðsmaður áfrýjanda hefir farið fram á, að sér verði veittur 6 mánaða frestur til að láta staðfesta með vitnaleiðslu vottorð, er hann hefir lagt fram í yfirdóminum, en umboðsmaður stefnda hefir mótmælt, en til vara að sér verði veittur 1—2 vikna frestur til andsvara, og hafa málsaðilar lagt þennan ágreining undir úrskurð réttarins.

Með því að það verður eigi betur séð af skjölum þeim, sem fram eru lögð fyrir yfirdóminum, að áminst vottorð, þó að þau væru staðfest fyrir rétti, geti ráðið neinu um úrslit þessa máls, verður hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu ekki veittur gegn mótmælum stefnda, en áfrýjanda veitist vikufrestur til andsvara í málinu.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur til vitnaleiðslu verður eigi veittur, en áfrýjanda veitist vikufrestur til andsvara í málinu.

Mánudaginn 8. marzmán.

Nr. 48/1908: Emil Schou og
Sighvatur Bjarnason bankastjórar
fyrir hönd Íslandsbanka
gegn
Lárusi Benediktssyni emeritpresti

Dómur:

Þann 19. maí 1906 fekk Árni Thorlacius búfræðingur víxillán í Íslandsbanka, að upphæð 1500 kr., en stefndi, Lárus Benediktsson uppgjafaprestur gerðist ábyrgðarmaður fyrir láninu, þannig að hann ritaði nafn sitt sem útgefandi og framseljandi á víxilinn, en Árni ritaði samþykki á hann. Til tryggingar því, að stefndi biði eigi tjón af þessari ábyrgð sinni, veðsetti Árni honum húseign sína Skipholt á Bráðræðisholti með 2. veðrétti og uppfærslurétti eftir veðskuld til Landsbankans að upphæð 3500 kr., og fekk honum jafnframt að handveði lífsábyrgðarskírteini að upphæð 1000 kr., en þetta skírteini virðast málsaðilar fyrir yfirdóminum vera sammála um að hafi verið verðlaust. Var veðbréfið með þessum tryggingum gefið út um leið og víxillánið var tekið, og var þar meðal annars ákveðið, að veðhafi skyldi halda veðinu óskertu meðan hann væri í nokkurri hættu eða ábyrgð út af víxilláninu eða framlenging þess. Þetta veðbréf afhenti stefndi Íslandsbanka eftir kröfu hans til frekari tryggingar víxilláninu, og tók bankinn jafnframt við gjaldi fyrir þinglestur bréfsins af Árna, sem átti að greiða þann kostnað. Víxill þessi var endurnýjaður tvisvar, 19. nóvbr 1906 og 19. maí 1907, og var upphæð hans þá fyrir afborganir komin niður í 1200 kr. Á næsta gjalddaga 19. nóvbr. 1907 fékst eigi víxillinn endurnýjaður og Árni greiddi eigi upphæð hans og lét þá bankinn afsegja víxilinn vegna greiðslufalls, og greiddi þá stefndi samkvæmt kröfu bankans upphæð víxilsins, auk $^1/_8$ % þóknunar og kostnaðar, samtals 9 kr. 80 aura. Stefndi fékk þá afhent veðbréf Árna, það er áður er

getið, en það kom þá í ljós, að það hafði eigi verið þinglesið, og hafði veðið, húseignin Skipholt, gengið kaupum og sölum tvisvar sinnum eftir að veðbréfið til stefnda var gefið út, og verið veðsett smámsaman öðrum fyrir svo miklum skuldum, að veðréttur stefnda var orðinn einskis virði. Höfðaði stefndi þá mál gegn Árna, og fekk hann dæmdan til að greiða sér víxilupphæðina ásamt vöxtum og málskostnaði, en fjárnámstilraun hjá honum eftir dóminum varð árangurslaus, með því að hann reyndist alveg efnalaus. Stefndi áleit þá, að Íslandsbanki hefði tekið á sig þá skyldu, að annast þinglestur bréfsins í tæka tíð, og með því að vanrækja þessa skyldu sína hafi hann orðið þess valdandi, að stefndi náði eigi kröfu sinni hjá Árna, og höfðaði hann því mál þetta fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum fyrir hönd Íslandsbanka, til að bæta sér tjón það, er hann taldi sig hafa beðið fyrir vanrækslu bankans, og var það mál dæmt 17. sept. f. á., á þá leið, að áfrýjendur voru samkvæmt kröfu stefnda dæmdir fyrir hönd Íslandsbanka til að greiða stefnda upphæð víxilsins 1200 kr. með 7 % vöxtum frá 19. nóvbr. 1907, er stefndi greiddi bankanum víxiluppháeðina, til borgunardags, 1/8 % þóknun af sömu upphæð og kostnað við málssókn gegn Árna Thorlacius og fjárnám hjá honum, samtals 165 kr. 74 a., með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. En málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. okt. f. á., og hefir þess verið krafist af þeirra hálfu fyrir yfirdóminum, að áfrýjendurnir verði algjörlega sýknaðir af kærum og kröfum stefnda og að hann verði, hvernig sem málinu lýkur, dæmdur

til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu eða með einhverju eftir réttarins mati nægilegu.

Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Eins og áður er tekið fram, heldur stefndi því fram í máli þessu, að Íslandsbanki hafi verið skyldur til að annast þinglestur á veðbréfi Árna Thorlacius, er hann fékk stefnda til tryggingar því, að hann skyldi eigi bíða tjón af ábyrgð sinni fyrir hann, og að bankinn fyrir vanrækslu á þessari skyldu sinni hljóti að bæta sér það tjón, er hann hafi orðið fyrir, af því að veðbréfið varð honum ónýtt. Það er nú enginn vafi á því, að stefndi hefði komist hjá öllu tjóni af vixilábyrgðinni, ef veðbréfið hefði verið þinglesið í tíma, en ágreiningurinn er um það, hvort bankinn hafi tekið á sig skylduna að láta þinglýsa bréfið. Því hafa áfrýjendur neitað. Þeir halda því fram, að bankinn hafi í því tilliti ekki haft annara hagsmuna að gæta en sinna eigin, hann hafi þeirra vegna eigi álitið nauðsyn á að þinglesa bréfið, enda hafi það ekki komið að skaða fyrir hann; hann hafi aldrei skuldbundið sig til að annast þinglesturinn fyrir stefnda eða vegna hans hagsmuna; þeirra hafi stefndi sjálfur átt að gæta, og hann hafi ekki sýnt það í neinu, að honum væri áhugamál, að bréfið væri þinglesið, hvorki með því að beiðast þess eða krefjast, að bankinn gjörði það fyrir hann, eða með því að grenslast eftir því, einkanlega við endurnýjanir á víxlinum, hvort þinglýsing hefði fram farið á veðbréfinu. Þinglestrargjald hafi bankinn tekið að eins til vonar og vara, ef hann kynni sjálfs síns vegna að finna ástæðu til að þinglesa bréfið.

Það er að vísu rétt, að bankinn mun ekki beint hafa lofað stefnda að annast þinglestur umrædds veðbréfs, en af því leiðir ekki, að atvik hafi eigi getað legið svo til, að hann hafi alt að einu orðið skyldur til þess gagnvart stefnda. Hér voru atvik þau, að stefndi hafði útvegað sér tryggingu með veðbréfinu; það var gefið út til hans en eigi til bankans, og þar sem stefndi fekk honum það sem tryggingu fyrir greiðslu víxilsins, þá veitti hann með því bankanum sömu tryggingu, sem hann hafði sjálfur. Bankinn og hann urðu við það sameigendur að þeirri tryggingu. En trygging sú var því að eins nokkurs virði fyrir báða, að veðbréfið væri þinglesið eins og vera bar. Það er ekkert komið fram um það og engin ástæða til að álíta, að veðbréfið hafi verið gefið út að eins til þess að tryggja bankann einan. Ef svo hefði verið, hefði verið eðlilegast, að það hefði verið gefið út til bankans sem veðhafa, en það var gefið út til stefnda sem veðhafa. Bankanum gat því ekki dulist það, að það var áhugamál stefnda, að trygging þessi, sem hann hafði útvegað sér sjálfur fyrst og fremst, yrði ekki að engu, og þar sem bankinn tók við gjaldi fyrir þinglestur veðbréfsins, þá gat hann stefnda réttmæta ástæðu til að skilja það svo og byggja á því, að hann tæki að sér að annast þinglestur bréfsins, sem augljóslega var jafnt áríðandi fyrir báða, bankann og stefnda. Stefndi gat ekki búist við því, að bankinn legði þinglestrargjaldið fyrir hjá sér, úr því að hann krafðist þess og það var honum greitt. En þar sem stefndi þannig með réttu mátti byggja á því, að bankinn hefði tekið að sér að láta þinglesa veðbréfið, til þess að gjöra tryggingunа, er það veitti bæði bankanum og stefnda, örugga, þá verður það heldur ekki

lagt honum til lasts, eða talin vanræksla af honum eða áhugaleysi, er hefði réttartöpun í þessu tilliti í för með sér, þó að honum kæmi eigi til hugar, að bankinn gætti eigi þessarar skyldu sinnar, og grenslaðist því eigi frekar eftir því síðar, t. d. við endurtrygging víxilsins, hvort þinglesturinn í raun og veru hefði átt sér stað.

Það verður samkvæmt þessu að álíta að Íslandsbanki hafi gagnvart stefnda tekið á sig þá skyldu, að annast þinglestur veðbréfs þess, er hér er um að ræða, og að hann fyrir vanrækslu þeirrar skyldu sinnar verði að bæta stefnda það fjártjón, er hann hefir orðið fyrir við það, að veðbréfið varð honum ónýtt. Um upphæð tjónsins, eins og stefndi hefir talið það, og bæjarþingsdómurinn tekið það til greina, er enginn ágreiningur, og ber því að staðfesta dóm þennan í öllum greinum. Það þykir rétt, eftir þessum úrslitum málsins, að áfrýjendurnir greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Afrýjendurnir, bankastjórarnir Emil Schou og Sighvatur Bjarnason fyrir hönd Íslandsbanka greiði stefnda uppgjafapresti Lárusi Benediktssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 26/1908: Fridtjof Ortenblad
gegn
Ásgeiri Péturssyni

Dómur:

Með gestarréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 27. febrúar f. á., var Fridtjof Örtenblad, síldarkaupmaður á Hjalteyri og framkvæmdarstjóri hlutafélagsins »Islandsk Comp. Göteborg«, dæmdur til að greiða Asgeir Péturssyni kaupmanni á Akureyri 13998 kr. með 6 % vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en sýknaður að öðru leyti af kröfum hans, og var málskostnaður látinn falla niður. Til að fullnægja þessum dómi fóru fram fjárnámsgjörðir 1. og 2. apríl á Akureyri og 16. júní á Hjalteyri, og var mótmælum af hálfu áfrýjanda gegn fjárnáminu hrundið með úrskurði fógetans við hina fyrri fjárnámsgjörð 2. apríl.

Nefndum dómi og fógetaúrskurði með eftirfarandi fjárnámsgjörðum hefir Fridtjof Örtenblad skotið til yfirdómsins með stefnum dags. 3. júní og 20. júní þ. á. og krafist að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum Ásgeirs Péturssonar fyrir undirrétti, eða til vara að eins dæmdur til að greiða stefnda 643 tunnur með 14 kr. pr. tn. að frádregnum 5703 kr. 74 a., að fógetaúrskurðinum verði hrundið og fjárnámsgjörðirnar feldar úr gildi, og honum dæmdar fullar bætur fyrir þær, svo og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi. Ásgeir Pétursson hefir af annari hálfu gagnáfrýjað málinu og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, þannig að honum verði dæmdar 10000 kr. skaðabætur hjá aðaláfrýjanda og málskostnaður fyrir

undirrétti, en gestaréttardómurinn að öðru leyti staðfestur, og hvernig sem málið fer, krefst hann, að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Tildrög málsins voru þau, að 7. september 1907 gjörði Otto Tulinius konsúll á Akureyri fyrir hönd aðaláfrýjanda samning við stefnda um kaup á 1000 tn. af síld, er stefndi átti á Siglufirði. Segir svo í fyrstu málsgrein samningsins: »Fyrir 1000 tn. af fiskipakkaðri síld, sem Asgeir Pétursson á á Siglufirði, gefur Örtenblad 14 kr. pr. Tde«, og í síðari viðbæti við samninginn segir: Fyrir $^1/_2$ af síld, aflaða á »Víking« og »Samson« sumarið 1907 borgar Örtenblad 8 kr., en fyrir $^1/_2$ kr. 6,75 pr. Tn. innihald«. Tíu dögum eftir að samningur þessi var gjörður, eða 17. septbr., kom aðaláfrýjandi til Siglufjarðar á gufuskipi til að sækja síldina, og var stefndi þá viðstaddur þar. Fór aðaláfrýjandi í land með skipstjóra og 5 aðra skipsmenn til að skoða síldina og taka á móti henni. Vísaði stefndi honum á fiskipakkaðar síldartunnur, 1000 að tölu, er hann átti bak við svonefnd Wollanshús, en þar átti hann auk þess um 200 síldartunnur, og enn átti hann 408 síldartunnur á 2 bryggjum framundan nefndum húsum, og var sú síld veidd eftir 7. september, þar af 51 tn. á skipið »Víking«, er getið er um í samningnum. Aðaláfrýjandi lét menn sína rannsaka síldina bakvið Wollanshús, og komst að þeirri niðurstöðu, að hún væri svo stórgölluð, að eigi yrði talin gild vara. Lét hann stefnda vita þetta, en síldina á bryggjunum taldi hann góða vöru og fekk samþykki stefnda til að flytja hana á skip sitt. Sigldi hann burtu næsta dag með þessar 408 síldartunnur, en tók ekki meira af síld stefnda.

Þessar aðfarir aðaláfrýjanda taldi stefndi brot á samn-

ingnum 7. septbr. 1907 og hóf því málsókn þessa. Krafðist hann þess í gestaréttarstefnunni, að aðaláfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér andvirði fyrir 1408 tn. af síld, 14 kr. fyrir hverja, en áður en dómur gekk í málinu, hafði hann fengið borgun frá aðaláfrýjandi fyrir 408 tn. og 2 kr. framyfir, og færði hann því kröfu sína niður í 13998 kr., er hann fekk sér dæmdar í gestaréttinum. Af þeim 408 tn., er aðaláfrýjandi tók á Siglufirði, átti hann kauparétt á 51 tn., er aflaðar voru á Víking, samkvæmt viðbótarákvæði samningsins, og er enginn ágreiningur í málinu um þau kaup. En aðaldeiluefnið milli málsaðila er það, hvort síld sú, er stefndi vísaði aðaláfrýjanda á bakvið Wollanshús, hafi verið gild vara, svo að aðaláfrýjanda hafi verið óheimilt að hafna henni, og það því verið samningsrof af hans hálfu að neita að taka við henni, og í annan stað hvort svo verði að líta á, að þær 357 tn. síldar, er aðaláfrýjandi tók á Siglufirði og eigi voru aflaðar á »Víking«, hafi verið afhentar og meðteknar upp í hinar umsömdu 1000 síldartunnur, eða sérstök kaup hafi verið um þær gjörð, auk hinna.

Að því er snertir hið fyrra atriði heldur áfrýjandi því fram, að síldin, er um var samið, hafi átt að vera af beztu tegund (prima), en síldin bakvið Wollanshús hafi verið stórskemd eða jafnvel með öllu ónýt. Eins og áður er getið, lét aðaláfrýjandi 6 menn, þar á meðal skipstjóra á skipi því, er hann fór á til Siglufjarðar, skoða þessa síld. Létu þeir uppi vottorð um skoðunina, er þeir staðfestu sem vitni í réttinum, allir nema skipstjórinn. Segir svo í vottorðinu, að 40 tn. hafi verið nákvæmlega rannsakaðar, að í 2 þeirra að eins hafi verið síld af beztu tegund, en í hinum 38 hafi síldin verið mjög óvönduð vara,

sumt af henni þrátt og mikið af óheillegri og kviðrifinni síld, og að eftir því verði að álíta að öll síldin (partíið) hafi verið léleg vara. Stefndi mótmælir þessum vitnisburðum og álítur, að ekkert verði á þeim bygt, sökum þess, að vitnin séu í þjónustu aðaláfrýjanda og því vilhöll. En hann hefir hins vegar fengið 2 menn kvadda af sýslumanni, sérstaklega því starfi vaxna, til að skoða hina umþrættu síld. Hafa menn þessir vottað, að þeir hafi skoðað hverja einstaka tunnu af síldarpartíi því, alls 1000 tn. er Ásgeir Pétursson hafi selt Fr. Ørtenblad, og komist að þeirri niðurstöðu, að síldin væri í alla staði óaðfinnanleg og gjaldgeng vara, og þessa skýrslu hafa skoðunarmennirnir staðfest með eiði. Aðaláfrýjandi telur þessa skoðunargjörð þýðingarlausa, sakir þess, að honum hafi eigi verið gefinn kostur á að vera viðstaddur þegar hún fór fram og gæta réttar síns, að skoðunarmennirnir, sérstaklega annar þeirra, hafi eigi haft vit á að dæma um síld sem verzlunarvöru, og að það sé eigi sannað, að sú síld, sem stefndi lét skoðunarmennina álíta, hafi verið sú hin sama, er hann vísaði aðaláfrýjanda á.

Þessi mótmæli geta þó ekki orðið til þess, að skoðunargjörðinni verði hrundið, með því að þeim var eigi hreift áður en gjörðin var staðfest af skoðunarmönnunum, en afleiðingin af því er sú, að aðaláfrýjandi gat eigi síðar komið áminstum mótmælum að, enda verður að ætla, eftir því sem fram er komið í málinu, að mótmælin gegn því, að skoðunarmennirnir hafi ekki verið starfinu vaxnir og að þeir hafi ekki rannsakað síld þá, er málið er risið af, séu eigi á rökum bygð.

Í samningnum 7. septbr. 1907 er ekkert ákveðið um teg-

und eða gæði hinnar umsömdu síldar og um það efni verður ekki ráðið neitt af verðinu, með því að engar upplýsingar eru í málinu um venju eða reglur á Eyjafirði um flokkun síldar og verðlag eftir gæðum. Það verður því að gera ráð fyrir, að samið hafi verið um algenga, fullgilda verzlunarvöru.

Aðaláfrýjanda ber nú að sanna það, að síld sú, er stefndi hafði til reiðu handa honum á Siglufirði 17. sept. 1907, hafi eigi verið fullgild vara, er fullnægði samningnum, svo að honum væri vítalaust að gjöra hana ræka. En það verður eigi álitið, að honum hafi tekist að sanna þetta. Menn þeir, er aðaláfrýjandi lét skoða síldina, virðast hafa verið honum eða félagi því, er hann var fulltrúi fyrir, svo háðir, að þeir tæplega verði taldir fullgild vitni. Fjórir þeirra segjast vera síldverkamenn í þjónustu »Islandsk Comp.,« og er þá næst að ætla, að þeir séu í fastri þjónustu félagsins eða aðaláfrýjanda, og skoðunina framkvæmdu þeir eftir fyrirmælum hans. En þó að mótmæli stefnda gegn vitnum þessum þættu ekki á rökum bygð, verður að líta svo á, að vitnisburði þeirra sé verulega hnekt með skoðunargjörð þeirri, er stefndi lét fram fara, og hvernig sem á er litið, nær skýrsla vitnanna að eins til þeirra 40 tn., er þau rannsökuðu, en skoðunargjörðin sýnir, að vitnunum var óheimilt að dæma alla heildina, þær 1000 tn., er stefndi vísaði á, eftir því, þó að síldin í þessum 40 tn. flestum hefði reynst gölluð vara. Skoðunarmennirnir hafa rannsakað hverja einstaka tunnu, og þeir taka fram, að einstaka tunna hafi komið fyrir, er eigi var í síld af beztu tegund, og hafi þær verið teknar frá, en öðrum bætt við í staðinn, og í sambandi við þetta lét annar skoðunarmaðurinn þess getið,

að þó að þessar tunnur hefðu ekki verið teknar frá, hafi partíið ekki verið frekar gallað en venjulega á sér stað um svo stór partí af þeirri síld, sem afgreidd er frá landinu. Þar sem það þannig er ósannað, að áminst síld hafi eigi verið fullgild verzlunarvara, eða lakari en aðaláfrýjandi átti rétt á eftir samningnum, þá hefir hann ekki réttlætt það, að hann neitaði að taka á móti síldinni og greiða stefnda umsamið andvirði hennar, og verður að telja þetta brot á samningnum af hans hálfu.

Um hitt atriðið, er málsaðilum ber á milli, hvort draga megi fyrgreindar 375 tn. frá hinum umsömdu 1000 síldartunnum, heldur stefndi því fram, að engin heimild sé fyrir þessum frádrætti, með því að samið hafi verið um síld, er hann átti á Siglufirði 7. sept. 1907, en síldin, sem aðaláfrýjandi tók, hafi öll verið veidd eftir þann dag. En aðaláfrýjandi álítur, að orð samningsins: á Siglufirði séu sett til þess eins, að ákveða afhendingar- og viðtökustað síldarinnar, en eigi ekki að merkja það, að samið sé um tiltekna síld, aflaða fyrir neinn vissan tíma. Til stuðnings þessari skoðun sinni vísar hann til kvittunar frá umboðsmanni stefnda, dags. 24. ágúst 1907, fyrir 5000 kr. ávísun, er aðaláfrýjandi gaf út til stefnda. En á kvittun þessari stóð svo, að málsaðilar höfðu þegar sumarið 1907 gjört munnlegan samning um síldarkaupin, og aðaláfrýjandi greitt 5000 kr. upp í síldarverðið með ávísun, er hann fekk téða kvittun fyrir 24. ágúst. Aðaláfrýjandi heldur því nú fram, að í hinum munnlega samningi hafi ekkert verið áskilið um það, að síldin ætti að vera veidd fyrir 7. septbr. eða 24. ágúst eða neinn annan tiltekinn tíma, og samkvæmt þessu verði að skilja hinn skriflega samning, sem að eins sé staðfesting á hinum

munnlega samningi, og að orðin: »liggende paa Sigluſjord« í kvittuninni merki að eins staðarákvörðun, eins og orðin »á Siglufirði« í samningnum.

Við þetta er það að athuga, að aðaláfrýjandi hefir eigi gegn mótmælum stefnda sannað, að þeir hafi samið munnlega um síldarkaupin annað en það, sem stendur í skriflega samningnum, en samkvæmt honum verður að telja það vafalaust, að samið hafi verið um síld, er stefndi átti á Siglufirði 7. sept„ og orðin í kvittuninni: »liggende i Sigluſjord paa Ásgeir Péturssons Grund, der Silden ligger for Péturssons Risiko indtil Udskibning, men skal hentes snarest muligt,« sýna það ljóslega, að átt er við síld, sem stefndi átti þá, 24. ágúst, á Siglufirði, og er sama síldin, sem samningurinn ræðir um.

En þótt svo væri, að samið hefði verið um þá síld, er stefndi átti bakvið Wollanshús, heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi vísað sér á þessar 357 tn. á bryggjunum fyrir framan húsin, og samþykt að þær kæmu í staðinn fyrir jafnmargar tunnur af hinni umsömdu síld. En stefndi neitar því eindregið, hann kannast við að hafa samþykt, að aðaláfrýjandi fengi síldina, en tjáist jafnframt hafa tekið það skýrt fram, að þau kaup væru samningnum 7. sept. alveg óviðkomandi, og að hann héldi fast við þann samning. Þessari skýrslu stefnda hefir aðaláfrýjandi ekki hnekt, og er það því ekki sannað, að hann hafi losast undan að taka við og borga neitt af þeirri síld, er samningurinn 7. sept. ræðir um, þó að stefndi léti honum fala aðra síld á sama stað.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, verður niðurstaðan sú, að aðaláfrýjanda sé skylt að greiða stefnda umsamið andvirði fyrir 1000 tn. af síld, 14 kr. fyrir

hverja tunnu, að frádregnum 2 kr., og verður því að dæma hann til að greiða stefnda 13998 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags.

Gestaréttardómurinn var birtur aðaláfrýjanda 16. marz f. á. og 9. s. m. krafðist stefndi fjárnáms eftir dómnum. Var fjárnámið byrjað 1. apríl á Akureyri með samþykki aðaláfrýjanda, sem átti heima á Hjalteyri. Krafðist stefndi fjárnáms fyrir dómsupphæðinni með áföllnum vöxtum og kostnaði, alls kr. 14455,27, að frádregnu nettósöluverði hinnar umsömdu síldar, er málsaðilar höfðu komið sér saman um að láta selja í Kaupmannahöfn, en það taldi stefndi kr. 5703,74, svo að fjárnámskrafa hans varð kr. 8717,53. Til fullnustu þessari kröfu var eftir tilvísun aðaláfrýjanda og skrá, er hann lagði fram, fjárnám gjört í ýmsum síldar-útgerðaráhöldum, tunnum, netum og bátum, er aðaláfrýjandi átti á Hjalteyri. En með því að andvirði síldarinnar síðar reyndist oftalið, af því að gleymst hafði að draga frá því kostnaðinn við útflutning síldarinnar, kr. 1160,40, lét stefndi gjöra framhaldsfjárnám fyrir þessari upphæð 16. júní í bryggju á Hjalteyri og síldverkunarbarki, er aðaláfrýjandi hafði undir höndum, og varð fjárnámskrafa stefnda þannig alls kr. 9911,93.

Við fógetagjörðina á Akureyri mótmælti aðaláfrýjandi fjárnáminu, af þeim ástæðum, að hann hefði gjört ráðstöfun til að áfrýja dómnum og að ábyggilega skýrslu vantaði um söluverð síldarinnar, svo að fjárnámsupphæðin yrði ekki ákveðin með vissu. En þessi mótmæli eiga ekki við rök að styðjast, með því að aðaláfrýjandi lagði eigi fram áfrýjunarstefnu í fógetaréttinum samkvæmt N. L. 1—22—56, og með því að hann sannaði eigi, að meira

væri greitt upp í fjárnámskröfuna en viðurkent var af stefnda. Það var því rétt, að fógetinn tók eigi til greina þessi mótmæli, og ber þá að staðfesta fógetaúrskurðinn. Fyrir yfirdóminum hefir aðaláfrýjandi ennfremur vefengt gildi fjárnámsins á Akureyri 2. apríl af þeirri ástæðu, að fjárnámsvottarnir hafi verið látnir virða hluti úti á Hjalteyri, er þeir hafi aldrei séð, og fjárnámsins á Hjalteyri 26. júní fyrir þá sök, að það hafi verið gjört á fjármunum, er eigi voru hans eign, en Islandsk Comp. Göteborg hafi átt. Um fyrri mótbáruna er það að athuga, að aðaláfrýjandi samþykti að fjárnámið færi fram á Akureyri, að hann lagði sjálfur fram skrá yfir munina, og að hann hreifði engum mótmælum gegn mati réttarvottanna. Fyrir því verður að líta svo á, að hann hafi samþykt þetta mat, enda er ekkert framkomið um að matið sé rangt, svo að aðaláfrýjanda geti staðið á nokkru að fá því breytt, og mótmælin gegn fjárnáminu á Hjalteyri geta eigi heldur komið til álita, með því að félagið hefir ekki áfrýjað fjárnámsgjörðinni, og um rétt þess til munanna verður ekkert ákveðið í þessu máli.

Þá hefir aðaláfrýjandi mótmælt reikningum yfir kostnað við útflutning og sölu síldarinnar. Eins og fyr er getið, létu málsaðilar selja síldina í Kaupmannahöfn og komu sér saman um að fela tilteknum manni þar að annast söluna, en andvirðið átti að greiðast stefnda að frádregnum kostnaði. Aðaláfrýjandi telur þessa reikninga, bæði þá, er snerta kostnaðinn við útflutning og útbúning síldarinnar, sem stefndi annaðist, og þá, er stafa af sölu síldarinnar í Kaupmannahöfn, heimildarlausa eða ofháa, og krefst að sumir reikningsliðirnir verði feldir burt, en aðrir lækkaðir.

Kostnaðarreikningurinn yfir sölu síldarinnar er frá manni þeim í Kaudmannahöfn, er málsaðilar komu sér saman um að láta annast söluna. Aðaláfrýjandi getur því ekki krafist þess gagnvart stefnda, að þessi reikningur eða einstakir liðir hans verði feldir burtu eða færðir niður, en málsaðilar eiga hvor um sig eða báðir í sameiningu aðgang að umboðssalanum um leiðréttingu á reikningnum, ef hann reynist rangur. Mótmæli aðaláfrýjanda gegn reikningnum verða því ekki samþykt.

Reikningurinn yfir kostnaðinn við undirbúning síldarinnar til útflutnings og útflutningsgjald af henni er frá stefnda, og hefir aðaláfrýjandi sérstaklega mótmælt þremur liðum hans: 1, kr. 488,40 fyrir útskipun, ápökkun og aðgerð á 814 síldartunnum; 2, kr. 25,00 fyrir ferð Páls Halldórssonar til umsjónar með útskipun, og 3, kr. 150,00 fyrir bið manna við pæklun o. fl. Að því er fyrsta liðinn snertir, hefir aðaláfrýjandi eigi haldið því fram, að þetta hafi verið óþarfakostnaður, og með því að hann hefir ekki sannað, að upphæðin sé of há, verður reikningsliðurinn ekki færður niður. Þar á móti hefir stefndi eigi sýnt fram á, að kostnaðurinn, er getur um í 2. og 3. lið, hafi verið nauðsynlegur; hann verður því eigi samþyktur, og ber að draga kr. 175,00 frá fjárnámsupphæðinni, svo að hún verður kr. 9736,93. Með þessari breytingu ber þá að staðfesta hinar áfrýjuðu fjárnámsgjörðir.

Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu og krafist að sér verði dæmdar 10000 kr. í skaðabætur hjá aðaláfrýjanda, en þeirri kröfu fekk hann eigi framgengt fyrir undirréttinum. Þar tilgreinir hann til stuðnings kröfu sinni ýmsar vanefndir af hálfu aðaláfrýjanda, er hann tjáist hafa

orðið fyrir í fyrri viðskiftum þeirra. En málinu var þannig stefnt fyrir gestaréttinn og skaðabótakrafan þannig rökstudd í fyrsta sóknarskjali stefnda, að eldri samningar eða viðskifti málsaðila geta eigi komið til álita, en spurning verður að eins um það, hvort stefnda beri skaðabætur fyrir vanefndir aðaláfrýjanda á samningnum 7. sept. 1907.

Aðaláfrýjandi hefir mótmælt skaðabótakröfunni, og með því að stefndi hefir eigi sannað, að hann hafi beðið neitt það tjón af vanefndum aðaláfrýjanda á samningnum, er geti heimilað honum rétt til skaðabóta, verður þessi krafa hans eigi tekin til greina og ber að sýkna aðaláfrýjanda af henni, eins og undirdómurinn hefir gjört.

Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins, ber að staðfesta dóm þenna í heild sinni. Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Við málsmeðferð gestaréttarins er það aðfinsluvert, að málinu er stefnt fyrir gestarétt Eyjafjarðarsýslu, en tekið fyrir í gestarétti Akureyrarkaupstaðar og rekið þar til enda, en réttarskjölin þó ýmist lögð fram í gestarétti kaupstaðarins eða sýslunnar. En eigi virðist ástæða til að láta þetta varða frávísun málsins ex officio.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur og fógetaúrskurður með eftirfarandi fjárnámsgjörðum eiga að vera óraskaðir, þó svo, að fjárnámsupphæðin sé 9736 kr. 93 a.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 56/1908: Eiríkur Eiríksson
gegn
Einari M. Jónassyni og
Sturlu Jónssyni.

Dómur:

Samkvæmt áfrýjunarstefnu, dags. 8. desbr. f. á., átti að taka mál þetta fyrir í yfirdóminum 1. þ. m., en áfrýjandi mætti þá ekki og enginn af hans hendi. Hins vegar mætti stefndi Einar M. Jónasson málaflutningsmaður þenna dag samkvæmt stefnunni og krafðist kosts og tæringar hjá áfrýjanda. Þessa kröfu ber að taka til greina og dæma áfrýjanda samkvæmt N. L. 1—4—34 til að greiða stefnda í þessu skyni 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Eiríkur Eiríksson greiði stefnda Einari M. Jónassyni málaflutningsmanni 6 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. marzmán.

Nr. 1/1909: Þorsteinn Magnússon
gegn
Sigfúsi Sveinbjarnarsyni.

Dómur:

Í máli þessu, er Þorsteinn kaupmaður Sigurðsson í Reykjavík höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Þorsteini Magnússyni, sjómanni í Reykjavík, til greiðslu á víxli, er hann þá var eigandi að, útgefnum 18. desember 1907 af áfrýjanda, að upphæð 4000 kr., sem afsagður var fyrir greiðslufall daginn eftir gjalddaga víxilsins 18. febrúar f. á., var áfrýjandinn ásamt samþykkjanda víxilsins og þremur ábekingum með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 2. apríl f. á., dæmdir til þess einn fyrir alla og allir fyrir einn að greiða nefndum Þorsteini Sigurðssyni upphæð umgetins víxils, 4000 kr., með 6 % ársvöxtum frá 17. febrúar 1908 til borgunardags, þóknun $^1/_3$ % af sömu upphæð, afsagnarkostnað 5 kr. og málskostnað 30 kr.

Áfrýjandinn kom eigi í bæjarþingsréttinn þó að honum væri stefnt þangað, og lét eigi heldur neinn koma þar af sinni hendi, en hann hefir nú skotið téðum dómi til yfirdómsins með stefnu dags. 5. janúar þ. á., og fengið til þess uppreistarleyfi og leyfi til að leggja fram í yfirdóminum ný skjöl og skilríki, og eru leyfi þessi útgefin sama dag og áfrýjunarstefnan. Hefir áfrýjandi stefnt fyrir yfirdóminum sem varnaraðila hinum stefnda Sigfúsi Sveinbjarnarsyni, fasteignasala í Reykjavík, með því að Sigfús hefir fengið dómkröfuna eftir hinum áfrýjaða

dómi framselda til eignar af dómhafa, og krefst áfrýjandi þess hér fyrir réttinum, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að hann verði sýkn dæmdur af öllum kærum og kröfum í máli þessu og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá stefnda eftir mati yfirdómsins. Af stefnda hálfu er þess aftur á móti krafist, að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda, sérstaklega kröfum um breytingu dómsins og af málskostnaðarkröfunni, og að honum verði dæmdur málskostnaður hjá áfrýjanda eftir mati yfirdómsins.

Það er sannað með prestsvottorði, er lagt hefir verið fram fyrir yfirdóminum af áfrýjanda hálfu, að hann var að eins rúmra 23 ára að aldri, er hann 18. desember 1907 ritaði nafn sitt á umræddan víxil sem útgefandi hans, og gat hann því eigi að lögum undirgengist víxilskyldur með undirskrift sinni einni, án þess tilsjónarmaður ritaði undir með honum eða gæfi til samþykki sitt, en það hefir eigi verið fengið. Það verður því, eins og krafist hefir verið af áfrýjanda hendi, að sýkna hann fyrir allri skyldu til að taka þátt í greiðslum þeim, er leiddu af greiðslufalli á umræddum víxli, og ber að breyta hinum áfrýjaða dómi að því leyti. Stefndi í máli þessu hefir kannast við það, að honum hafi verið framseld krafan gegn áfrýjanda eftir dóminum, og að hann því nú sé eigandi hennar, og hann hefir ekki neitað því, að hann hafi samkvæmt þessu framsali krafist fullnægingar dómsins hjá áfrýjanda, en þá getur, — þótt hann hafi viljað halda öðru fram, — enginn vafi verið á því, að málinu er réttilega beint að honum. Þykir rétt að hann greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjandinn Þorsteinn Magnússon á að vera sýkn af kröfu stefnda Sigfúsar Sveinbjarnarsonar um fullnustu fyrir greiðslufall á víxli þeim, er ræðir um í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 7/1909: Réttvísin gegn Bjarna Sigurðssyni og Sigvalda Guðmundssyni.

Dómur:

Með því að undirdómarinn í máli þessu hefir eigi samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 31. maí 1805, 4. gr. ritað á dómsgjörðirnar yfirlýsingu sína um, að hann fyrir sitt leyti gjöri sig ánægðan með þann stefnufrest, sem tiltekinn er í stefnunni til ákærða, og eigi heldur í þeirri stefnu skírskotað til téðrar tilskipunar, þá ber að vísa málinu frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 22. marzmán.

Nr. 44/1908: Oddur Gíslason
fyrir hönd Waldemar Petersen
gegn
hreppsnefndum Búða og
Fáskrúðsfjarðarhreppa

Dómur:

Sumarið 1904 dvaldi áfrýjandi þessa máls, Waldemar Petersen stórkaupmaður í Kaupmannahöfn, sem kunnur er af bitter þeim, svonefndum Kína-Lífs-Elixír, er hann býr til og selur, um tíma í Búðaverzlunarstað í Fáskrúðsfirði og fekst þar við tilbúning á nefndum bitter. Í ágústmánuði fór hann aftur alfarinn þaðan, en skildi eftir birgðir sínar af bitter og fekk þær til umboðssölu firmanu Thor E. Tulinius á Búðum. Á þessa bittergjörð og bittersölu áfrýjanda lagði hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps um haustið aukaútsvar til hreppsins 500 kr. fyrir fardagaárið 1904—1905. Útsvar þetta greiddi áfrýjandi, en þó eigi fyr en hann hafði gjört árangurslausar tilraunir til að áfrýja lögtaki, er gjört var í bitterbirgðum hans til lúkningar útsvarinu. Næsta haust, 1905, lagði hreppsnefndin enn 500 kr. útsvar á áfrýjanda fyrir fardagaárið 1905—1906, og með því að áfrýjandi lét útsvar þetta ógreitt, leitaði hreppsnefndin í bréfi 18. júní 1906 aðstoðar sýslumannsins í Suðurmúlasýslu til að fá það innheimt. Eftir að tilraun hafði verið gjörð til að ná inn útsvarinu í Reykjavík, en orðið árangurslaus, sendi sýslumaðurinn 26. júlí 1907 lögtaksbeiðni til bæjarfógetans á Seyðisfirði, en þar dvaldi áfrýjandi um þær mundir. En

bæjarfógetinn áleit, að hann gæti eigi framkvæmt lögtakið, þó að áfrýjandi ætti fjármuni á Seyðisfirði, fyr en lögtaksúrskurður sýslumannsins kæmi til, með því að áfrýjandi hefði aldrei átt þar heima, og atvinnan, sem útsvarið var lagt á, hefði verið rekin í Suðurmúlasýslu. Sýslumaðurinn félst á þetta, og úrskurðaði 12. nóvember 1907 að útsvarið skyldi tekið lögtaki. Samkvæmt þessum úrskurði úrskurðaði svo bæjarfógetinn á Seyðisfirði 25. febrúar 1908, að lögtak yrði gjört í eignum áfrýjanda þar á staðnum, og voru þessir úrskurðir sama dag birtir umboðsmanni áfrýjanda þar í kaupstaðnum. Lögtaksgjörð fór því næst fram 5. marz s. á. á skrifstofu útibús Íslandsbanka og eftir að fógetinn hafði hrundið með úrskurði skriflegum mótmælum gegn lögtakinu, er hann hafði meðtekið frá málfærslumanni áfrýjanda, gjörði hann lögtak í eignum áfrýjanda hjá útibúinu fyrir útsvarsupphæðinni 500 kr., og lögtakskostnaði 7 kr., samtals 507 kr.

Þessari lögtaksgjörð hefir Waldemar Petersen, að fengnu uppreisnarleyfi, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 4. sept. f. á., og krafist þess, að fógetaúrskuðurinn verði feldur úr gildi og lögtakið og lögtaksúrskurðurinn dæmt ómerkt, og að hreppsnefndir Búða- og Fáskrúðsfjarðarhreppa — en þær eru komnar í stað hreppsnefndar hins forna Fáskrúðsfjarðarhrepps, er með bréfi stjórnarráðsins 2 maí 1907 var skift í nefnda 2 hreppa — verði dæmdar til að greiða sér hæfilegar skaðabætur fyrir tort, tap og lánstraustsspjöll og málskostnað eftir mati réttarins.

Hinar stefndu hreppsnefndir hafa fengið gjafvörn í málinu og skipaðan talsmann; hefir hann gjört þá aðalkröfu, að málinu verði vísað frá yfirdóminum og umbjóð-

endum sínum dæmd hæfileg ómakslaun og sér málsvarnarlaun eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en til vara hefir hann krafist þess, að lögtaksúrskurðurinn 12. nóvember 1907, fógetaúrskurðurinn 5. marz f. á. og lögtakið verði að öllu leyti staðfest, að umbjóðendum sínum verði dæmdur hæfilegur kostnaður fyrir yfirdómi eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og sér dæmd hæfileg þóknun fyrir vörn málsins.

Til stuðnings frávísunarkröfunni er það tilfært af hálfu hinna stefndu hreppsnefnda, að sýslumanninum í Suðurmúlasýslu hafi eigi verið stefnt, þó að lögtaksúrskurðinum, er hann kvað upp 12. nóvbr. 1907, hafi verið áfrýjað, en það sé réttmæti þess úrskurðar, sem mál þetta velti á, og að það sjáist ekki, hvort áfrýjunarstefnan hafi verið birt af löggiltum stefnuvottum fyrir hreppsnefndaroddvitanum í Búðahreppi, með því að innsigli þeirra vanti undir birtingarvottorðið.

Á þessar frávísunarástæður verður eigi fallist. Sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu var eigi beðinn um lögtak á útsvarinu, enda átti áfrýjandi enga fjármuni í umdæmi hans. Úrskurðurinn 12. nóv. 1907 var því óþarfur og þýðingarlaus, en það bar undir fógetann á Seyðisfirði, sem lögtakskröfunni var beint til, að úrskurða, hvort hún yrði tekin til greina, enda hefir hann, eins og áður er sagt, úrskurðað, að lögtaksgjörðin skyldi fram fara, og það má ætla, að í áfrýjunarstefnunni sé átt við þennan lögtaksúrskurð, þó að eigi bæri nauðsyn til að áfrýja honum sérstaklega.

Fyrtéður galli á stefnubirtingunni, að stefnuvottarnir hafa eigi sett innsigli sitt undir annað birtingarvottorðið, getur eigi heldur valdið frávísun málsins. Því er eigi

mótmælt að menn þeir, sem hafa birt stefnuna og í birtingarvottorðinu skírskotað til stefnuvottaeiða sinna, séu löglega kvaddir stefnuvottar í Búðahreppi, og þar sem hinar stefndu hreppsnefndir hafa fengið gjafvörn og skipaðan talsmann, sem hefir haldið uppi vörn fyrir þær í málinu, þá verður að telja það fulla tryggingu fyrir því, að stefnan hafi verið þeim nægilega birt. Frávísunarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Útsvarsálöguna á áfrýjanda fardagaárið 1905—1906 bygði hreppsnefndin í Fáskrúðsfjarðarhreppi á því (sbr. bréf hennar dags. 18. júní 1906, nr. 3 í fógetaréttargjörðunum), að hann hefði það ár haft aðalútsölustað á Fáskrúðsfirði fyrir kínabitter sinn; taldi nefndin að hann hefði sent þaðan og selt á tímabilinu frá 20. október 1904 til 1. júlí 1905 samtals 30650 bitterglös og auk þess hefði hann á sama tímabili selt þar á staðnum 1000 glös af bitternum. Fyrir yfirdómi er því og haldið fram, að áfrýjandi hafi selt bitter frá útsölustað sínum á Fáskrúðsfirði að minsta kosti 4 mánuði gjaldársins 1905—1906. Hins vegar staðhæfir áfrýjandi, að hann hafi engan bitter selt á Fáskrúðsfirði áminst fardagaár, en að hann sakir ágreinings við áðurnefndan umboðssala hafi flutt allan þann bitter, er hann átti á Fáskrúðsfirði, burtu þaðan á tímabilinu frá 20. október 1904 til 1. júlí 1905; hafi því verið að mestu leyti lokið í maímánuði, en að eins nokkur hundruð glös verið flutt í júnímánuði, og í því og engu öðru hafi starfi áfrýjanda verið fólginn. Þessi skýrsla hans um flutning bittersins kemur heim við umsögn hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps í bréfinu 28. júní 1906, en hins vegar hafa stefndu eigi sannað, að neitt af þessum bitter hafi verið selt áður en hann var

fluttur frá Fáskrúðsfirði; og þar sem því er haldið fram, að áfrýjandi hafi selt bitter á Fáskrúðsfirði 4 mánuði að minsta kosti af gjaldárinu 1905—1906, þá styðst það ekki við neitt, er fram er komið í málinu, og bréf hreppsnefndarinnar 18. júní 1906 virðist benda á, að henni hafi eigi verið kunnugt um, að áfrýjandi hafi selt bitter á Fáskrúðsfirði eftir 1. júlí 1905. Í þessu bréfi felst eigi heldur nein fullyrðing um, að áfrýjandi hafi selt bitter í júnímánuði eða frá fardögum til 1. júlí 1905, og með því að hann hefir neitað því, verður að telja það ósannað.

Það verður þá samkvæmt þessu að líta svo á, að áfrýjandi hafi eigi rekið bitterverzlun á Fáskrúðsfirði fardagaárið 1905—1906, og að heimild hafi því eigi verið til að leggja á hann útsvar til hreppsins fyrir þá sök, og með því að stefndu hafa eigi tilgreint og eigi verður bent á neina aðra heimild fyrir útsvarinu, verður að telja álöguna ólögmæta og samkvæmt kröfu áfrýjanda fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgjörð.

Eftir málavöxtum verður eigi álitið að áfrýjandi hafi beðið tort, tjón eða lánstraustsspjöll við lögtakið, og er því eigi ástæða til að taka kröfu hans um skaðabætur til greina, en hinum stefndu ber að greiða honum kostnað málsins, sem þykir hæfilega metinn 40 krónur.

Málflutningslaun hins skipaða verjanda, sem hefir flutt málið forsvaranlega, ákveðast 15 kr. og greiðast af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgjörð á að

vera ógild. Hinar stefndu hreppsnefndir Búða og Fáskrúðsfjarðarhreppa greiði áfrýjanda Waldemar Petersen 40 krónur í málskostnað.

Hinum skipaða verjanda hreppsnefndanna, Einari Arnórssyni lagaskólakennara, bera 15 kr. í málflutningslaun, er greiðist af almannafé.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 23. marzmán.

Nr. 54/1908: Jónatan Þorsteinsson
gegn
Sigurði Guðmundssyni
sem umboðsmanni gufuskipafélagsins »Thore«.

Dómur:

Í máli þessu, sem stefndi, afgreiðslumaður Thoregufuskipafélagsins Sigurður Guðmundsson í Reykjavík, höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Jónatan kaupmanni Þorsteinssyni í Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til að greiða eftirstöðvar af flutningsgjaldi með skipum Thorefélagsins frá árunum 1905—1907, var dómur uppkveðinn í nefndum rétti 15. október f. á. þannig, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða stefnda fyrir hönd téðs félags 623 kr. 63, með 5% vöxt-

um frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn nú skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 4. desember f. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum. En hinn stefndi hefir krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Áfrýjandinn fekk flutt með skipum Thorefélagsins allmikið af vörum (stofugögnum) til verzlunar sinnar öðruhvoru árin 1904—1907, og átti hann ólokið flutningsgjaldi því, er mál þetta er höfðað út af, 623 kr. 63 a. hinn 31. desbr. 1907. Telur hann að hann hafi greitt félaginu að fullu alt gjald fyrir flutninginn, er um var samið þeirra á milli, og meira þó, svo að hann eigi heldur hjá félaginu en það hjá honum. Áfrýjandinn hefir lagt fram í málinu miða, blýantsritaðan, nafnlausan og ódagsettan, sem þeim málsaðilum kemur saman um að hafi verið ritaður á skrifstofu Thorefélagsins í Kaupmannahöfn, en á miða þessum, sem yfir er skrifað »Fragtaftale med Hr. J. Thorsteinsson« er ritað verð á flutningi á vörutegundum þeim, er áfrýjandi verzlar með. Virðast málsaðilar samdóma um það, að miðinn hafi verið skrifaður í því skyni að sýna samkomulag það, er orðið hafi á milli félagsins og áfrýjanda um flutningsgjald, enda byggir nú áfrýjandi kröfu sína um sýknun í máli þessu á þeim samningi, er þar með hafi á komist milli þeirra. Hann álítur að félagið hafi eigi haldið samn-

inginn við sig að því leyti, að það hafi reiknað sér flutningsgjald af stofugögnum frá Svíþjóð eftir teningsmáli, 45 a. hvert teningsfet, en það sé miklu hærra gjald en samið hafi verið um, enda er á fyrnefndum miða flutningsgjald fyrir »Svenske Möbler« talið eftir þyngd, 2 kr. 50 a. fyrir hver 100 pd. ÷ 2×10 % afslætti. En muninn á flutningsgjaldinu eftir fyrri reikningsaðferðinni og hinni síðari telur hann nema meira en upphæð þeirri, er hann nú er krafinn um.

Stefndi hefir neitað því, að áfrýjanda hafi nokkurn tíma verið lofað hinu lægra gjaldinu fyrir flutning á stofugögnum frá Svíþjóð öðrum en svonefndum »Pindmöbler«, þ. e. stólum og ósamsettum og ófullgerðum stofugögnum, enda gangi þær í almennu verzlunarmáli undir nafninu »Svenske Möbler«, en um slík stofugögn sé hér eigi að ræða; fyrir almenn stofugögn hafi aftur gjaldið, hvort sem þau eru sænsk eða ekki, verið umsamið eftir teningsfetum, eins og að ofan er nefnt, og hafi tilætlunin verið sú ein með svo lagaðri samningsgjörð, að áfrýjandi fengi sömu kjör á flutningnum, sem sameinaða gufuskipafélagið danska veitti, en það hafi gjört sama mun og Thorefélagið á flutningnum á Svenske Pindmöbler og öðrum sænskum stofugögnum (Almindelige Möbler). Það er nú hvorttveggja, að það er ekki eðlilegt að skilja orðið »Svenske Möbler«, eins og það stendur á miðanum (samningnum), þar sem á eftir því eru taldar »Alm. Möbler«, um öll sænsk stofugögn, hvers konar sem eru, heldur einmitt um sérstaka tegund stofugagna, einkanlega þau, er fyrirferðarminni eru, eins og þau eru, er stefndi heldur fram að átt sé við, enda kemur þetta heim bæði við skýrslu stefnda um, að miðað hafi verið

við flutningsgjald hjá sameinaða gufuskipafélaginu, en hana hefir áfrýjandi eigi véfengt, og við yfirlýsingu frá Kaupmannaráði Reykjavíkur, er stefndi hefir lagt fram fyrir yfirdómi, en eftir henni er það alment verzlunarmál, að nefna »Svenske Möbler» einmitt þá tegund sænskra húsgagna (Pindmöbler), sem stefndi telur þau orð eiga að merkja.

Það er einnig ljóst af málinu, að skilningi þeim á flutningsgjaldssamningnum, sem áfrýjandi heldur fram, var aldrei fylgt alt fyrsta árið, 1905, eftir að samið var, en samningurinn var gjörður á öndverðu ári 1905, og bendir þetta einnig til þess, að skilningur áfrýjanda á samningnum sé eigi samkvæmt því, er ætlast var til í upphafi. Þó að það hafi komið fyrir tvisvar á árinu 1906, að gjaldið hafi verið reiknað eftir þyngd, þótt um almenn stofugögn væri meðfram að ræða frá Svíþjóð, en eigi eingöngu »Pindmöbler«, þá þarf það einstaka atvik, svo löngu eftir að samið var, ekki að skoðast öðruvísi en sem misgáningur hjá afgreiðslumanni, eins og stefndi heldur fram, en það verður ekki álitið sýna neitt né sanna um réttan skilning á samningnum milli málsaðilanna. Það verður þannig eigi álitið að áfrýjandi hafi sannað að honum hafi verið lofað neinum þeim kjörum um flutningskaup hjá Thorefélaginu, að talið verði að honum séu ofreiknaðar þær 623 kr. 63 a., sem hann er lögsóttur um í máli þessu, og verður því að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum virðist rétt að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Jónatan kaupmaður Þorsteinsson greiði stefnda Sigurði Guðmundssyni fyrir hönd Thorefélagsins í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 4/1909: Réttvísin gegn Hinriki Árnasyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 28. nóvembermán. f. á., var hinn ákærði, Hinrik Árnason, trésmiður á Sauðárkrók, dæmdur fyrir brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að greiða 20 kr. sekt í landssjóð eða sæta 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi yrði greidd í tæka tíð; svo var hann og dæmdur til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar á meðal málsóknarlaun 4 kr. til hins skipaða verjanda fyrir aukaréttinum, hreppsnefndarmanns Jónasar Sveinssonar. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu valdsstjórnarinnar.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að hann hafi um mið-

jan septembermánuð f. á. snemma morguns gengið ofan í fjöru á Sauðárkrók, og ætlaði hann þá að róa á sjó; kom hann þá auga á planka þar í fjörunni, og hugkvæmdist að taka plankann, enda gjörði hann það samstundis, bar plankann heim til sín og lét hann upp á þakið á hjalli sínum, þar sem hann átti nokkur borð liggjandi. Ákærði segist eigi hafa vitað, hver átti plankann, en hann var eign Jóns bónda Jónssonar á Hafsteinsstöðum og var merktur honum fullum stöfum með blákrít eða timburblýanti, en því kveðst ákærði eigi hafa veitt eftirtekt; ákærði segist hafa tekið plankann í einhverju hugsunarleysi, en hefir þó eigi viljað neita því, að hann hafi ætlað að hagnýta sér hann, enda bar hann eigi við að lýsa plankanum og eigi talaði hann við nokkurn mann um tökuna á honum. Plankinn lá síðan um vikutíma uppi á hjalli ákærða, unz hreppstjórinn sá hann þar og gjörði eigandanum aðvart um hann; fóru þeir hreppstjórinn, eigandi plankans og ákærði þá þangað er plankinn var, og kannaðist þá ákærði við að plankinn væri eign Jóns á Hafsteinsstöðum, og skilaði honum orðalaust. Plankinn hefir verið virtur á 2 krónur.

Eftir öllum atvikum þykir eigi vera vafi á því, að ákærði hafi tekið margnefndan planka til þess að kasta eign sinni á hann, en hins vegar virðist mega líta svo á, að plankinn hafi eigi verið í vörzlum eða eignarhaldi neins manns, þar er hann lá einn sér niðri í fjöru, jafnvel þótt allskamt þar frá, fyrir ofan fjöruna, hafi verið geymdur annar sams konar viður, tilheyrandi sama manni.

Það verður því að fallast á það, að héraðsdómarinn hefir heimfært þetta brot hins ákærða, sem kominn er

yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt refsingu fyrir neinn glæp, undir 249. gr. almennra hegningarlaga, en refsingin fyrir það þykir hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Með því að málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast, ber að staðfesta nefndan dóm með greindri breytingu á refsingarákvæðinu. Ákærði verður og eftir þessum úrslitum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. — Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða sé 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákærði Hinrik Árnason greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. apríl.

Nr. 9/1909: Réttvísin
gegn
Sigurgeir Sófusi Gissurarsyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, uppkveðnum 29. janúar þ. á., var hinn ákærði, Sigurgeir Sófus Gissurarson, húsmaður í Skjaldarvík, dæmdur fyrir skjalafals og svik samkvæmt 272. gr. sbr. 273. gr. og 253. gr. sbr. að nokkru leyti við 47. gr. hinna almennu hegningarlaga í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnað í héraði þar á meðal 8 kr. til hins skipaða talsmanns síns Björns Líndals cand. juris. En þessum dómi hefir eftir ósk hins ákærða verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er sannað með játningu ákærða og öðrum skýrslum fengnum við rannsókn málsins, að hann hafi í heimildarleysi ritað nafn þriggja manna á Akureyri, Guðlaugs Guðmundssonar bæjarfógeta, Otto Tulinius kaupmanns og Arthur Gooks trúboða undir skjal nokkurt, er hann hafði sjálfur samið og ritað. Skjal þetta kom ekki fram við rannsókn málsins með því að ákærði tjáðist hafa brent það; en eftir sögn ákærða og annara, sem sáu skjalið hjá honum, var efni þess beiðni eða áskorun um samskot handa nafngreindum manni á Akureyri til að ferðast um landið og veita ókeypis læknishjálp.

Í fyrra sumar var ákærði á ferð í Þingeyjarsýslu með þetta samskotaskjal og sýndi það á nokkrum bæjum í Axarfjarðarhreppi og Presthólahreppi; gafst honum

nokkurt fé, alls nálægt 11 kr., að því er upplýst hefir orðið og notaði hann það í eigin þarfir. Sumstaðar var ákærða neitað um gjafir, enda þótti skjalið tortryggilegt, með því alt var skrifað með sömu hendi, skjalið sjálft og nöfnin undir því, og þó að ákærða tækist að safna nokkrum samskotum, má gjöra ráð fyrir því, að frágangur á skjalinu hafi verið svo ófullkominn, að eigi hafi verið auðvelt að villast á því.

Héraðslæknirinn á Akureyri hafði ákærða 3 daga undir hendi til að athuga sálarástand hans, og hefir lýst ákærða svo, að þroski hans sé enn að miklu leyti á barnslegu stigi, að hann komi fremur bjánalega fyrir við viðkynningu og að hann sé mislyndur, treggáfaður og minnislítill. En á þessari lýsingu verður það ekki bygt að ákærði sé bjáni, eða verði af öðrum ástæðum talinn til þeirra manna, sem vægari refsing er ákveðin í 40. gr. hegningarlaganna.

Ákærði er fæddur 24. júní 1883 og hefir sætt refsingu samkvæmt landsyfirréttardómi 26. maí 1902, 5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir þjófnað, er hann framdi óðar en hann varð 18 ára. Framangreint brot hans heyrir undir 272. gr. sbr. 273. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Svo greiði og ákærði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sigurgeir Sófus Gissurarson sæti 2X5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí

Nr. 8/1909: Réttvísin
gegn
Samson Eyólfssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 20. janúar þ. á., var hinn ákærði, Samson Eyólfsson á Ísafirði dæmdur fyrir svik samkvæmt 254., 256. og 259. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar. En dómi þessum hefir eftir ósk dómfelda verið skotið til yfirdómsins.

Haustið 1906 tók ákærði að sér að innheimta fyrir

Albert Brynjólfsson á Ísafirði hjá Jóni Snæbirni Jónssyni skipstjóra á Bíldudal eftirstöðvar af kaupverði þiljubátsins Fríðu, 400 kr., en Albert þessi, sem síðar er dáinn, og bróðir hans Jón Brynjólfsson höfðu selt Jóni Snæbirni nefndan bát 1904, og var fullgreitt andvirði hans að undanteknum þessum 400 kr., sem kaupandinn átti samkvæmt kaupsamningi þegar að hafa greitt, fyrir 31. des. 1905. Ákærði fór frá Ísafirði til Bíldudals með mótorbát, sem átti leið þangað, og fekk hann áður hjá Albert umboð til innheimtunnar og samrit af kaupsamningnum um Fríðu. Þegar á Bíldudal kom, skýrði kaupandi bátsins, Jón Snæbjörn, ákærða frá því, að það hefði staðið fyrir því, að hann greiddi eftirstöðvar kaupverðsins, hinar umkröfðu 400 kr., að seljendur hefðu eigi enn afhent honum ýmsa muni, er bátnum áttu að fylgja, sumpart samkvæmt hinum upprunalega samningi, sumpart samkvæmt síðari loforðum þeirra, en það varð þó að samningum milli ákærða og Jóns Snæbjarnar, að Jón Snæbjörn borgaði ákærða allar 400 krónurnar, gegn afhending kaupsamningsins með árituðu afsali og gegn því, að ákærði lofaði honum að taka að sér að ná því hjá seljendunum, er eftir stæði af því, er fylgja hefði átt bátnum Fríðu, en þessir munir voru eftir skýrslu Jóns Snæbjarnar toppsegl og stöng, fokka ljósker og bátur.

Þegar ákærði kom aftur til Ísafjarðar, fengu seljendurnir án verulegrar biðar 200 kr. af hinni innheimtu upphæð, en 200 kr. hélt ákærði eftir hjá sér, og varð það til þess, að ekkja Alberts Brynjólfssonar kærði hann fyrir sýslumanni 18. nóvbr. 1907 fyrir að hafa tekið ranglega til sín fé það, er hann átti að innheimta fyrir mann hennar og þá seljendur, og bar hún það upp á

hann, að hann hefði í því skyni dulið þau þess, að hann hefði tekið við meira en 200 kr. hjá Jóni Snæbirni, og sagt Albert, að Jón Snæbjörn ætlaði að borga seinna það, er eftir stæði af skuldinni. Var hafin sakamálsrannsókn gegn ákærða út af kæru þessari og síðan höfðað sakamál, sem fór sem fyr er greint.

Ákærði hefir stöðugt neitað því, að hann hafi dulið kæranda eða seljendur Fríðu nokkurs um árangur af ferð sinni til Bíldudals, og sérstaklega neitar hann því, að hafa sagt Albert Brynjólfssyni eða þeim seljendum, að hann hafi ekki fengið innheimt meira en 200 kr., eða að Jón Snæbjörn hefði tekið sér frest með greiðslu nokkurs af skuldinni. Ákærði kveðst þar á móti hafa beiðst þess, að þeir seljendur gjörðu upp við sig sakir, en þeir hafi ekki fengist til þess.

Þessum skýrslum ákærða er ekki hrundið með vitnaframburði þeirra kæranda og Jóns Brynjólfssonar eða á annan hátt, og verða þær því að leggjast til grundvallar í málinu.

Það virðist einnig mega ráða af málinu, að ágreiningur hafi verið svo mikill um það milli ákærða og seljenda bátsins, hve mikið seljendum bæri af þeim 200 kr., er ákærði hélt eftir, að ákærði hafi talið sér heimilt að halda 200 krónum, sumpart sem umboðsmaður Jóns Snæbjarnar, vegna muna þeirra, er honum var falið að innheimta hjá seljendum, og sumpart vegna þess, að hann taldi sjálfur til innheimtulauna hjá seljendum, er þeir vildu eigi greiða honum. Það er reyndar eigi upplýst fyllilega í málinu, hve mikils virði Jón Snæbjörn taldi muni þá, er hann þóttist eiga heimting á hjá seljendum, en ákærði hefir haldið því fram, og sú skýrsla hans styðst

við eiðfestan framburð Jóns Snæbjarnar, að hann hafi lagt honum fyrir, er hann fól honum að ganga eftir munum, að halda eftir að minsta kosti 150 kr. af 400 krónum, er hann borgaði ákærða, þangað til munirnir væru af hendi látnir eða andvirði þeirra. Með því að ekkert frekara er upplýst um þetta atriði málsins, er á verði bygt, en það er hins vegar enginn vafi á því, að ákærði hafði umboð Jóns Snæbjarnar til að semja við seljendur í þessu efni, er það eigi sannað í málinu, að ákærði hafi eigi getað litið svo á, að hann sem umboðsmaður Jóns Snæbjarnar mætti halda eftir eða væri jafnvel skyldur til að halda eftir 150 kr. af upphæðinni. Og þegar við bætist krafa hans á hendur seljendum um laun fyrir innheimtuferðina til Bíldudals, sem alls eigi er sannað að hafi verið ástæðulaus með öllu, en seljendur vildu ekki sinna að neinu, þá verða eigi taldar fram komnar sannanir fyrir því, að ákærði hafi eigi haft réttmætar ástæður til að telja sér heimilt að halda eftir umræddum 200 kr., meðan kröfum hans, er hann þóttist hafa gegn seljendum, var ekki fullnægt.

Það verður samkvæmt þessu eigi álitið, að ákærði hafi í máli þessu orðið uppvís að svikum eða sviksamlegu athæfi eða öðru hegningarverðu athæfi, og verður að sýkna hann algjörlega af kæru réttvísinnar. Allan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, ber að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins er það aðfinsluvert, að undirdómarinn hefir eigi, eins og boðið er í tilsk, 31. maí 1705, ritað á dómsgjörðirnar yfirlýsing um, að hann fyrir sitt leyti láti sér nægja stefnu þá, er út var gefin í

málinu, enda hefir honum eigi verið birt stefna þessi. Það þykir þó ekki þurfa að vísa málinu frá yfirdóminum fyrir þessa sök, þar sem dómarinn sjálfur hefir gefið út stefnuna og því verið fullkunnugt um hana.

Það er og vítavert, að dómarinn hefir haldið ákærða í gæzluvarðhaldi hátt á annan mánuð, án þess séð verði, að rannsókn málsins hafi gefið nægilegt tilefni til þess.

Þá er það aðfinsluvert, að dómarinn hefir í réttarhaldi 12. desbr. f. á. tilefnislaust farið alveg ótilhlýðilegum orðum um fjarverandi, óviðkomandi mann.

Loks hefir dómarinn eigi útvegað refsingarvottorð fyrir ákærða úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem hann dvaldi þar til fram undir tvítugt.

Á málinu hefir eigi orðið neinn ótilhlýðilegur dráttur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Samson Eyólfsson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talinn varðhaldskostnaður, og málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafé.

Mánudaginn 10. maí.

Nr. 46/1908: Jón Jörundsson
gegn
Marinó Hafstein.

Dómur:

Mál þetta hefir Jón Jörundsson bóndi á Reykjanesi í Árneshreppi í Strandasýslu með stefnu dags. 7. október f. á. höfðað fyrir landsyfirdóminum a prima instantia samkvæmt tilskipun um stofnun landsyfirréttar á Íslandi 11. júlí 1800, 11. gr., á hendur sýslumanninum í nefndri sýslu, Marinó Hafstein, fyrir það, að hann hafi þrásinnis neitað að bóka merkjadóm, er upp hafi verið kveðinn 11. septbr. 1905 um landamerki milli nefndrar eignar- og ábýlisjarðar hans Reykjaness og þjóðjarðarinnar Kjörvogs, og að hann hafi einnig neitað að bóka landamerki þau, er ákveðin hafi verið með nefndum dómi. Krefst stefnandi þess, að stefndi verði skyldaður til að bóka nefndan merkjadóm og merki þau, er sett séu með dómnum — en þessa kröfu á eftir málsútlistun stefnanda að skoða sem aðalkröfu og varakröfu, og aðalkröfuna aftur á þá leið, að stefndi verði dæmdur til að þinglesa og bóka landamerkjadóminn, en varakröfuna, að hann verði skyldaður til að kveða upp dóminn, verði svo álitið, að málið sé enn ódæmt, að hann verði látinn sæta ábyrgð fyrir áminsta réttarsynjun, að hann verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur fyrir tjón það, beint og óbeint, er hann hafi beðið við hana, og allan af máli þessu leiðandi kostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst þess, að málinu verði vísað frá dómi,

en til vara að verða sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnanda, og að sér verði, hvernig sem málið fer, dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá honum.

Ástæður stefnda fyrir frávísunarkröfunni eru þær, að ábúanda Kjörvogs hafi eigi verið stefnt, og eigi meðdómendum stefnda í fyrgreindu landamerkjamáli. En af þessum ástæðum er eigi heimild til að vísa málinu frá dómi. Stefnandi hefir í þessu máli eigi krafist neins af ábúanda Kjörvogs og með dómnum verður ekkert ákveðið um landamerki þeirrar jarðar. Á hendur merkjadómendunum öðrum en stenda hefir stefnandi ekki heldur gjört neinar kröfur, en álítur, að fyrirstaðan á því að ná rétti sínum stafi að eins frá stefnda, af því að hann hafi neitað að gegna embættisverki, er honum var skylt að inna af af hendi, en hinir merkjadómendurnir eigi enga sök á því. Frávísunarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Tildrögum málsins lýsir stefnandi á þá leið, að haustið 1905 hafi hann höfðað landamerkjamál á hendur ábúanda þjóðjarðarinnar Kjörvogs, Magnúsi Guðmundssyni; hafi menn verið nefndir í merkjadóm, dómurinn ruddur eins og landamerkjalögin mæla fyrir, merkjaganga farið fram 11. septbr. sama ár og sama dag hafi merkjadómurinn verið haldinn að Reykjanesi. Dómendur hafi eigi getað orðið á eitt sáttir; þrír þeirra hafi viljað dæma Reykjanesi þrætulandið og lagt fram skrifleg atkvæði í þá átt, en stefndi og annar til hafi viljað dæma Kjörvogi landið. Stefnandi hafi þá krafist, að atkvæði meiri hlutans væri bókað sem dómur í málinu, en stefndi neitað því og sagt, að eigi ætti að bóka dóminn þá þegar, en það yrði gjört á næsta manntalsþingi. Þessu hafi stefnandi trúað og látið sér það lynda, en þegar hann á

næsta manntalsþingi að Árnesi 1906 hafi krafist þess, að merkjadómurinn væri þinglesinn og bókaður, hafi stefndi neitað því, og á manntalsþingi 1907 og 1908 hafi stefnandi ítrekað þessa kröfu og stefndi enn neitað að sinna henni.

Þessa skýrslu stefnanda lýsir stefndi ranga og tilhæfulausa í flestum verulegum atriðum. Hann heldur því fram, að lögleg merkjaganga hafi eigi farið fram 11. sept. 1905, sökum þess, að dimmviðri hafi verið og þoka, að þrír af dómendunum hafi verið ölvaðir og eigi fengist til að ríða á merki þau, er Kjörvogsbóndi hélt fram, og að fjórði dómandinn hafi horfið frá merkjagöngunni áður en henni var lokið, af því að hann hafi talið hana ófullnægjandi. Stefndi hafi tjáð stefnanda, þegar þeir komu heim að Reykjanesi eftir áreiðina, að merkjagangan væri ógild, og að ný merkjaganga yrði fram að fara, en það mundi eigi geta orðið fyr en um næsta manntalsþing, af því að svo væri orðið áliðið sumars; við þetta hafi stefnandi ekkert athugað; hann hafi ekki krafist bókunar á dómsatkvæði dómsmannanna þriggja, er viðstaddir voru, enda hafi þeir ekki lagt fram neitt dómsatkvæði, og þeir hafi ekki getað það, eða dómur orðið uppkveðinn, af þeirri ástæðu, að stefnandi hafi ekki lagt málið í dóm né lagt fram nein skjöl, og af því að einn dómsmanninn vantaði. Ný merkjaganga hafi þó eigi farið fram, enda hafi stefnandi eigi beiðst þess, og að öðru leyti ekkert gjört til að halda málinu áfram, en þar á móti krafist þess á þremur síðustu manntalsþingum að Árnesi, að dómur um landamerki Reykjaness og Kjörvogs væri þinglesinn og bókaður, en þeirri kröfu hafi eigi verið hægt að sinna, með því að enginn slíkur

dómur hafi verið til. En eftir kröfu varnaraðila hafi verið haldinn réttur í málinu 4. júlí 1907, og einum dómanda verið rutt úr dómnum, en annar nefndur í hans stað, og stefndi þá vikið sæti sem dómari, af því hann þóttist of viðriðinn málið sem umboðsmaður þjóðjarðarinnar Kjörvogs. Stefnandi hafi verið viðstaddur þetta réttarhald og eigi mótmælt því, sem þar fór fram.

Stefnandi heldur því fram, að dómur í landamerkjamálinu hafi faktiskt verið dæmdur að Reykjanesi 11. september 1905, með því að meiri hluti dómendanna hafi látið uppi samhljóða dómsatkvæði. En þó að umsagnir eða álit dómendanna þriggja, samhljóða eftirritum þeim, sem lögð eru fram í yfirdóminum, hefðu komið fram í merkjadóminum, sem þó er ósannað, þá eru þessar umsagnir, er merkjadómendurnir hafa látið uppi hver fyrir sig, eigi samhljóða og eigi rökstuddar, né að öðru leyti svo frá þeim gengið, að dómur í málinu hefði orðið á þeim bygður. Ennfremur er því eigi sérstaklega mótmælt, að einn af merkjadómendunum hafi eigi komið til réttarhaldsins að Reykjanesi eftir merkjagönguna, svo að merkjadómurinn var þá eigi fullskipaður, en það eitt var nægilegt til þess, að löglegur dómur gat eigi gengið í málinu. Þá er því og eigi mótmælt af stefnanda, að dimmviðri hafi verið og þoka áreiðardaginn, svo að dómendur hafi eigi, eins og fyrir er mælt í 10. gr. landamerkjalaganna, getað kynt sér vandlega landsháttu og land það, er málsaðilar gjörðu tilkall til, og að einn af dómendunum hafi fyrir þá sök horfið frá merkjagöngunni. Hún var því eigi lögmæt og gat eigi ráðið neinu um úrslit málsins; ný merkjaganga varð að fara fram, en stefnandi hefir eigi beiðst þess, að aftur yrði gengið

á merkin, enda hefir hann stöðugt verið fastur á því, að málið hafi verið dæmt 11. september 1905, og krafist þess eins af stefnda, að hann læsi og bókaði dóminn á manntalsþingi.

Af framangreindum ástæðum verður eigi álitið að dómur um landamerki Reykjaness og Kjörvogs hafi gengið, eða eins og málið lá fyrir, getað gengið 11. septbr. 1905, og það verður þá eigi heldur álitið, að stefndi með því að neita að þinglesa og bóka landamerki nefndra jarða, hafi orðið sekur við stefnanda um réttarsynjun.

Kröfur stefnanda um þinglestur og bókun landamerkjanna og varakrafan um uppsögn dómsins verða því eigi teknar til greina; síðarnefnd krafa meðfram fyrir þá sök, að stefndi hefir vikið dómarasæti í landamerkjamálinu með fyrgreindum úrskurði 4. júlí 1907, sem stefnandi hefir eigi áfrýjað. Samkvæmt þessu geta kröfur stefnanda um skaðabætur og ábyrgð á hendur stefnda eigi heldur komið til álita, og ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í þessu máli.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Marinó Hafstein sýslumaður á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnanda Jóns bónda Jörundssonar í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Nr. 47/1908: Guðmundur Pétursson
gegn
Marinó Hafstein.

Dómur:

Með því að dómsgjörðir undirréttarins in forma í máli þessu hafa eigi verið lagðar fram fyrir yfirdóminn, eins og boðið er í N. L. 1—6—10, sbr. 1—5—13, ber að vísa málinu frá yfirdóminum og skylda áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 10 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn Guðmundur Pétursson greiði stefnda Marinó Hafstein 10 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. maí.

Nr. 53/1908: Ólafur Thorlacius
gegn
sýslumanni Suður-Múlasýslu
Axel V. Tulinius
fyrir hönd hins opinbera.

Dómur:

Í janúarmán. 1906 rak á fjöru Búlandsness, ábýlis

áfrýjanda, Ólafs héraðslæknis Thorlacius, tré 15 álna langt og 12 þuml. á kant, og merkt í báða enda J. B. & Co. Læknirinn tók sjálfur til tvo menn til að skoða og virða tréð og virtu þeir það á 20 kr., og í febr. s. á. tilkynti hann sýslumanni, hinum stefnda, um rekann, og spurðist fyrir um, hvort sér væri eigi frjálst að hagnýta tréð sem sína eign. Sýslumaður svaraði ekki bréfi þessu, en auglýsti vogrekið í blaði því, er löggilt var til að birta í opinberar auglýsingar, og er enginn eigandi gaf sig fram eftir auglýsingu þessari innan tiltekins frests, skipaði hann hreppstjóra að selja tréð á uppboði og gjörði hreppstjóri það 13. júlí 1907. Afrýjandinn var þá ekki heima og vissi ekki um uppboðið, en tréð var þó keypt fyrir hans hönd á uppboðinu af vinnumanni hans fyrir 9 krónur. Þegar gjalddagi uppboðsskuldarinnar kom, neitaði áfrýjandi að greiða hana, og skipaði þá sýslumaður hreppstjóra með bréfi dags. 6. nóv. 1907, að innheimta uppboðsskuldina hjá áfrýjanda með lögtaki á sína ábyrgð. Þessi lögtaksskipun var birt áfrýjanda 13. des. s. á., og sama dag framkvæmdi hreppstjóri lögtakið, þannig að uppskrifaðir voru, eftir tilvísun áfrýjanda, og lögteknir upp í kröfuna ásamt kostnaði, ýmsir lausafjármunir honum tilheyrandi, er virtir voru alls 24 kr. 25 a. Rekvisitus mótmælti þó lögtakinu fyrir þá sök, að rekatréð, sem uppboðsskuldin stafaði frá, hefði verið sín lögmæt eign áður en uppboðið 13. júlí 1907 fór fram, þar sem enginn hefði leitt sig eiganda að því eftir auglýsingunni, en það hefði eigi reynzt 30 kr. virði, hvorki samkvæmt virðingu þeirri, er hann sjálfur lét gjöra á því, né samkvæmt söluverðinu á uppboðinu, en lögskipaða virðingu eiðsvarinna manna á vogreki þessu samkvæmt o. br. 2.

apríl 1853 hafi sýslumaður aldrei látið fram fara. Krafðist rekvisitus úrskurðar fógetans um mótmæli þessi, og var sá úrskurður kveðinn upp 20. janúar f. á. í fógetarétti Suður-Múlasýslu, og var ákveðið með honum að lögtakið skyldi staðfest vera og hinir lögteknu munir seldir við opinbert uppboð, ef áfrýjandi eigi greiddi áður uppboðsskuldina ásamt kostnaði.

Afrýjandinn hefir nú með stefnu dags. 7. nóvbr. f. á., að fengnu uppreistarleyfi útgefnu 4. ágúst f. á., áfrýjað til yfirdómsins uppboðinu 13. júlí 1907 og lögtaksgjörðinni 13. desember s. á. ásamt staðfestingarúrskurði fógetans 20. janúar í. á., og hefir þess verið krafist af hans hendi, að gjörðir þessar allar verði úr gildi feldar, að fógeti Suður-Múlasýslu, hinn stefndi sýslumaður Axel V. Tulinius, verði fyrir hönd hins opinbera dæmdur til að greiða áfrýjanda verð umþrætts rekabúts, ásamt uppboðs og lögtakskostnaði, samtals 20 kr., er áfrýjandi hefir orðið að greiða til að komast hjá sölu hinna lögteknu muna, 100 kr. fyrir vansa og óþægindi, gjaldið fyrir uppreistarleyfið, er áfrýjandi varð að kaupa í máli þessu, 18 kr. 66 a., þetta alt með 6 % vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, svo og til þess að greiða málskostnað eftir mati réttarins. Hinn stefndi hefir eigi komið í yfirdóminn né látið koma þar fyrir sína hönd, og hefir honum þó verið löglega stefnt, og verður því að dæma málið eftir skjölum þeim og skilríkjum, sem áfrýjandinn hefir lagt fram, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., og N. L. 1—4—32.

Það er enginn vafi á því, að tré það, er um er rætt í máli þessu, verður að teljast til vogreka þeirra, er átt er við í 2. og 3. gr. op. bréfs 4. maí 1778, op. br. 2.

apríl 1853 og konungsbr. 26. ág. 1809, sbr. lög um skipströnd 14. janúar 1876, 22. gr., og þar sem eigandi eigi gaf sig fram innan lögskipaðs tíma eftir lýsingu sýslumanns á vogrekinu, þá var tréð orðið lögleg eign áfrýjanda, er uppboðið 13. júlí 1907 fór fram, en áfrýjandi kemur í þessu tilliti í stað jarðeiganda, eftir því sem upplýst er í málinu, sbr. og lög 12. janúar 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða, 12. og 14. gr. Það gat því ekki verið skylda áfrýjanda, sízt eins og uppboðið fór fram, í fjarveru hans og honum óafvitandi, að borga andvirði sinnar eigin eignar. Það verður þegar af þessum ástæðum að dæma lögtakið og staðfestingarúrskurð fógetans 20. janúar f. á. ólögmætt og fella það úr gildi, en uppboðsgjörðina 13. júlí 1907 þykir óþarft að ómerkja. Hinn stefndi sýslumaður, fyrir hönd hins opinbera, verður samkvæmt þessum úrslitum málsins að endurgreiða áfrýjandanum andvirði vogreksins ásamt uppboðs og lögtakskostnaði, eða umkrafðar 20 kr., en frekari halla af lögtakinu er ekki upplýst að hann hafi beðið, svo og kostnað við áfrýjun málsins til yfirdómsins, er þykir hæfilega metinn 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Lögtakið 13. desbr. 1907 ásamt eftirfylgjandi fógetaúrskurði 20. janúar 1908 skal ómerkt vera. Hinn stefndi sýslumaður Axel V. Tulinius fyrir hönd hins opinbera skal greiða áfrýjandanum, héraðslækni

Ólafi Thorlacius, 20 kr. í skaðabætur og í áfrýjunarkostnað 40 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 24. maí.

Nr. 18/1909: P. M. Bjarnason & Co.
gegn
skiftaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús Önnu Kr. Bjarnadóttur, Jóni Bjarna Péturssyni og Önnu Kr. Bjarnadóttur.

Úrskurður:

Mál þetta var tekið fyrir í yfirréttinum 17. þ. m. samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 1. f. m. Lagði þá umboðsmaður áfrýjanda málflutningsmaður Magnús Sigurðsson fram áfrýjunarstefnu og nokkur önnur skjöl málinu viðvíkjandi, þar á meðal leyfisbréf, útgefið 6. f. m., til að leiða ný vitni í málinu og leggja fram í því ný skjöl og skilríki, en bað um frest í 8 vikur til málsútlistunar og vitnaleiðslu. Umboðsmaður hins stefnda, Oddur málaflutningsmaður Gíslason, tjáði sig fúsan til að samþykkja þriggja vikna frest, eða frest til næsta réttardags eftir hvítasunnu, en mótmælti öllum frekari fresti. Þenna ágreining lögðu báðir málsaðilar undir úrskurð réttarins.

Áfrýjandinn sýndi í yfirdóminum stefnu til vitnaleiðslu í máli þessu, útgefna 10. f. m. og birta 14. s. m., en vitnaleiðsla þessi á að fara fram á Ísafirði 8. júní þ. á., og er frestbeiðni hans miðuð við það, að geta fengið þær vitnagjörðir áður en hann leggur fram málsútlistun sína í yfirdóminum.

Með því nú að dómur sá, er áfrýjað er með máli þessu, var kveðinn upp 26. marz þ. á., áfrýjunarstefnan gefin út 1. apríl, leyfisbréf til að leiða ný vitni og leggja fram ný skjöl og skilríki fengið 6. s. m. og stefna til vitnaleiðslu á Ísafirði 8. n. m. útgefin 10. f. m., þá verður að álíta að áfrýjandi hafi haft þann hraða á málinu, er krafist varð af honum, þar sem hann taldi sig þurfa þeirra frekari upplýsinga, er hann hefir fengið fyrgreint konungsleyfi til að afla sér. Það virðist því rétt, samkvæmt grundvallarreglum í tilskipun 3. júní 1796, 6. gr. i. f., að veita honum frest þann, er hann hefir um beðið, en það er 8 vikna frestur frá 17. þ. m. eða frestur til 12. júlí næstkomandi.

Því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist frestur í máli þessu til 12. júlímánaðar næstkomandi.

Mánudaginn 7. júní.

Nr. 2/1909: Emil Strand
gegn
Einari M. Jónassyni
fyrir hönd Ólafs Theódórssonar.

Dómur:

Hinn stefndi Einar M. Jónasson málaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur fyrir hönd Ólafs snikkara Theódórssonar gegn áfrýjandanum Emil Strand verzlunarerindreka, til að fá hann skyldaðan til að greiða vinnulaun, kr. 46,65, við smíði á þiljubát, er nefndur Ólafur Theódórsson taldi sér vangoldin af áfrýjandanum og var málið dæmt í nefndum rétti 17. desbr. f. á. á þá leið, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda hina umkröfðu upphæð, 46 kr. 65 a. með 6 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. marz þ. á. og hefir hann krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi og áfrýjandinn algjörlega sýknaður af kröfum stefnda, en stefndi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Stefndi krefst frávísunar málsins fyrir þá sök, að birting áfrýjunarstefnunnar hafi eigi orðið lögleg »svo sem hún beri sjálf með sér«. Það verður þó eigi séð af

stefnunni, að birtingin hafi eigi fram farið á löglegan hátt, en birtingardagurinn er auðsjáanlega misritaður í áteiknun stefnuvotta, 1. febrúar í stað 1. marz, þar sem stefnan er útgefin 1. marz en stefnudagurinn 15. marz. En þessi misritun og þar af leiðandi óvissa nokkur um birtingardaginn getur ekki valdið frávísun málsins eins og hér stendur á, þar sem stefnda hefir verið birt stefnan á löglegan hátt, eins og áritunin á stefnuna ber vott um, og stefndi hefir eigi neitað því, að honum hafi verið birt stefnan með löglegum fyrirvara, enda hefir mætt samkvæmt henni hinn rétta stefnudag. Frávísunarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Sjálft málið er svo vaxið, að áfrýjandinn gjörði 30. maí f. á. skriflegan samning við 3 menn, Bjarna Þorkelsson, Ármann Jónsson og Guðbjart Helgason um að taka að sér fyrir ákveðna borgun smíði alt á þiljubát, er hann vildi koma sér upp, en hann sjálfur skyldi leggja til efnið, og áttu smiðirnir að skila bátnum fullbúnum í því ásigkomulagi, er í samningnum var lýst, á tilteknum tíma, og áfrýjandi þá að greiða þeim smíðakaupið eða það er þá stæði eftir af því. Þessir þrír menn unnu nú um hríð að bátsmíðinni með verkamönnum, er þeir réðu með sér til vinnunnar, en áður verkinu væri lokið urðu þeir sundurþykkir út af samningnum Bjarni Þorkelsson og áfrýjandi, og hætti Bjarni þá við verkið og yfirgaf það. Hinir 2 virðast aftur á móti hafa haldið áfram smíðinni til enda, og þeir fengu, eftir því sem áfrýjandi ómótmælt hefir skýrt frá í málinu, útborgað kaup það alt, er umsamið hafði verið, þannig að það var sumpart greitt þeim sjálfum en sumpart eftir ráðstöfun þeirra.

Í máli þessu lögsækir nú stefndi áfrýjandann til

greiðslu á vinnukaupi við þennan sama þiljubát, fyrir hönd Ólafs snikkara Theódórssonar, 46 kr. 65 a., og hefir stefndi skýrt svo frá, að Ólafur þessi hafi fyrst unnið að smíði bátsins með Bjarna Þorkelssyni sem hans maður, en þegar Bjarni yfirgaf verkið, ætlaði hann einnig að hætta vinnunni, en áfrýjandi hafi þá fengið hann til að vera áfram við bátsmíðina og lofað að greiða honum kaup fyrir vinnu hans, en þetta kaup telur hann nema fyrgreindri upphæð.

Það er enginn ágreiningur um það í málinu, að Ólafur hafi unnið þann tíma að bátsmíðinni, er hann reiknar sér borgun fyrir, og upphæð kröfu hans er heldur ekki sérstaklega véfengd. Því er heldur ekki haldið fram, að honum hafi verið borguð vinna hans, hvorki af áfrýjanda né af þeim, er tóku að sér bátsmíðina fyrir áfrýjanda, enda kveðst Ólafur ekki hafa verið ráðinn í vinnuna af þeim, heldur af áfrýjanda einum. Áfrýjandi hefir nú skýrskotað til þess, að sér hafi verið bátsmíðin óviðkomandi, þar sem hann hafi falið hana öðrum og þeir haft veg og vanda af henni, enda hafi hann borgað þeim alt það kaup, sem þeir hafi undirgengist að leysa hana af hendi fyrir. Þessi ástæða er þó ekki einhlít til að vísa á bug kröfu stefnda. Ólafi voru óviðkomandi samningarnir milli áfrýjanda og meðsemjanda hans, hvernig samningum þeirra var háttað og hver réttur þeirra aðilanna var hvors um sig eftir þeim. Því einu heldur stefndi fram, að hann hafi unnið að bátsmíðinni, ráðinn til þess af áfrýjanda einum og með loforði hans eins um borgun fyrir vinnu sína. Áfrýjandi hefir neitað þessari sögusögn stefnda um ráðning Ólafs af sinni hendi og loforð um borgun, en stefndi styðst í því efni við

eiðfesta framburði beggja þeirra manna, er bátsmíðina höfðu tekið að sér með samningnum 30. maí f. á., og héldu því verki áfram eftir að Bjarni Þorkelsson hvarf frá því, en þeir hafa báðir borið það, að áfrýjandi hafi lofað Ólafi að greiða honum kaup sitt, ef hann ynni að smíði bátsins; og enn fremur styður stefndi skýrslu sína við staðfestan framburð þriðja vitnisins, er ber það, að Ólafur hafi í áheyrn sinni sagt við áfrýjanda, að hann (áfrýjandi) vissi það sjálfur, að hann (Olafur) væri ráðinn við bátasmíði hjá honum (áfrýjanda) en eigi hjá Armanni Jónssyni, og hefði áfrýjandi ekki neitað þessum orðum Ólafs. Áfrýjandi hefir mótmælt því, að viðsemjendur áfrýjanda verði taldir gild vitni eða óvilhöll, þar sem þeir hafi notið vinnu Ólafs við bátsmíðina, er þeir áttu að leysa af hendi, og losist við að gjalda honum kaupið fyrir hana, ef vitnisburður þeirra verði tekinn til greina. En þetta er ekki rétt á litið. Ólafur átti við áfrýjanda einan um borgun fyrir vinnu sína, eftir því sem hann heldur fram, og þótt það sannaðist, að áfrýjandi hefði lofað honum borguninni, þá þýðir það ekki annað en það, að Ólafur á aðgang að honum um kaup sitt, en hitt er óútkljáð eins fyrir það, hvort viðsemjendur áfrýjanda, sem tóku að sér bátsmíðina, eru fyrir það leystir frá að greiða borgun fyrir vinnu Ólafs, sem þeir virðast hafa haft notin af, en það er þá mál milli þeirra og áfrýjanda. Það verður því að telja vitni þau, er stefndi hefir leitt, góð og gild, en þar sem það er sannað með þeim, að áfrýjandi hafi lofað Ólafi að greiða honum kaupið fyrir vinnu hans, en ekkert hefir verið fundið að upphæð kaupsins, eins og það er reiknað af stefnda hálfu, ber að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum. Í máls-

kostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Emil Strand greiði stefnda Einari M. Jónassyni fyrir hönd Ólafs Theódórssonar í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 14. júní.

Nr. Réttvísin
gegn
Bjarna Sigurðssyni og
Sigvalda Guðmundssyni.

Úrskurður:

Áður en fullnaðardómur er lagður á þetta mál í landsyfirdóminum, er nauðsynlegt að héraðsdómarinn útvegi skýrslur um þessi atriði:

1. Hvort hið tvílyfta hús ákærða Bjarna Sigurðssonar, er stendur við hliðina á hinu, er kveikt var í, sé áfast við það eða bil á milli og þá hve langt.

2. Hvort nokkur hafi búið í herbergi því, er innréttað var í hinu tvílyfta húsi.
3. Hvort nefnd hús ákærða séu afskekt, þ. e. svo langt frá öðrum húsum, að eldurinn hefði eigi getað borist á milli, ef þau hefðu brunnið, og ef svo er eigi,
4. hvort vindur og vindstaða íkveikjunóttina hafi verið þannig, að eldurinn hefði getað kveikt í öðrum húsum, ef hann hefði eigi verið slöktur.

Svo ber og undirdómaranum að útvega aðrar þær upplýsingar, er framangreindar skýrslur kynnu að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að útvega skýrslur þær, er að ofan eru tilgreindar, svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 21. júní.

Nr. 14/1909: Firmað Pétur Jónsson og sonur
gegn
firmanu P. M. Bjarnason & Co.
á Ísafirði.

Dómur:

Með stefnu útgefinni 26. marz þ. á. hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins til staðfestingar dómi uppkveðn-

um sama dag í gestaréttí Reykjavíkur, en með dómi þeim var stefndi dæmdur til að greiða firmanu Pétur Jónsson og sonur 2505 kr. 16 a. og í skaðabætur 1000 kr., hvorttveggja með 6½ % ársvöxtum frá 14. apríl 1908 til borgunardags og 30 kr. í málskostnað, en firmað Pétur Jónsson og sonur var sýknað af gagnkröfum stefnda.

Mál þetta kom fyrir yfirdóminn 17. f. m. og krafðist þá áfrýjandi staðfestingar á gestaréttardóminum eins og stefnt hafði verið til, en umboðsmaður stefnda krafðist 4 vikna frests í málinu til að koma inn í það vitnaframburðum viðvíkjandi efni málsins, er hann hafði gjört ráðstöfun til að afla sér á Ísafirði. En með því að áfrýjandi vildi eigi samþykkja svo langan frest, varð það að samkomulagi, að stefndi fekk þriggja vikna frest í málinu. Þegar málið kom næst fyrir réttinn fór umboðsmaður stefnda því fram, að hann fengi enn frest til 12. júlí þ. á. til þess að koma máli þessu í samband við annað mál, sem er fyrir yfirdómi, þar sem stefndi hefir áfrýjað fyrnefndum gestaréttardómi 26. marz þ. á. til breytingar, en áfrýjandi mótmælti öllum frekari fresti. Til vara krafðist umboðsmaður stefnda vikufrests til andsvara, sem áfrýjandi og mótmælti, og lögðu báðir málsaðilar síðan ágreininginn undir úrskurð réttarins eða dóm.

Stefndi hefir eigi gagnáfrýjað máli þessu, og hefir hann þó haft nægilegt tækifæri til þess, síðast fyrir 3 vikna frest þann, er honum var veittur 17. f. m. Hann á enga heimtingu á því, að fá komið þessu máli í samband við áfrýjun sjálfs hans á gestaréttardóminum, sem er réttarfarslega skoðað sjálfstætt mál og þessu máli óviðkomandi, og áfrýjandi verður ekki gegn mótmælum hans

skyldaður til að þola lengri bið í máli þessu en orðin er. Það ber því að synja stefnda um frekari frest í málinu, eins og áfrýjandi hefir krafist, og leggja dóm á það eins og því er komið. En þá er ekki annað fyrir hendi en að staðfesta gestaréttardóminn samkvæmt kröfu áfrýjanda í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 28. júní.

Nr. 22/1909: Réttvísin
gegn
Karólínu Gottskálsdóttur.

Dómur:

Með aukaréttardómi Snæfellsness og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 5. marzmán. þ. á., var hin ákærða, Karólína Gottskálksdóttir, dæmd samkvæmt alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 232. gr. 1. málsgr., fyrir einfaldan þjófnað framinn í 2. sinn, til að sæta 6×6 daga fangelsi við vatn og brauð, til að greiða Ingimundi Péturssyni 5 kr. í iðgjöld og til að greiða allan sakarkostnaðinn. Dómi

þessum hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu réttvísinnar.

Með eiginni játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið í málinu, er það löglega sannað, að hún hafi gjört sig seka í afbrotum þeim, sem nú skal greina.

Haustið 1907, er hún var vinnukona í Reykjavík, stal hún 17—18 kr. í peningum frá Sigurlínu Erlendsdóttur, er bjó í húsi því, þar er ákærða átti heima. Tók ákærða peningabuddu Sigurlínu af borði, er stóð fyrir framan rúm hennar, og peningana úr buddunni; eyddi hún peningunum síðan í eigin þarfir. Vorið eftir, í aprílmánuði 1908, stal ákærða 5 kr. í peningum frá húsmóður sinni, Jórunni Magnúsdóttur í Reykjavík; tók hún peninga þessa úr ólæstri kommóðu Jórunnar og eyddi þeim. Sama vorið stal ákærða 2 gullhringum, steinhring og slléttum gullbaug, frá Guðrúnu Jónsdóttur í Reykjavík; tók hún gullhringana úr diskaslíðri í eldhúsinu í húsi því, þar er Guðrún bjó; hefir öðrum hringnum verið skilað aftur, en ákærða segist hafa kastað hinum hringnum í sjóinn. Skömmu síðar en ákærða framdi þessi þjófnaðarafbrot, fór hún með gufuskipinu Vestu frá Reykjavík til Stykkishólms og stal hún þá á leiðinni kvennúri með perlukeðju frá stúlku, er var henni samferða; tók hún úrið með keðjunni undan kodda stúlkunnar, en þær sváfu í sama herbergi á skipinu. Úrinu og festinni hefir verið skilað aftur eigandanum.

Ákærða er mjög krampaveik; fekk hún oft krampa meðan á rannsókn málsins stóð, og varð að fresta prófunum fyrir þá sök. Það verður þó eigi álitið, að þessi veikindi hennar hafi nokkur áhrif eða hafi haft á sakhæfi

hennar. Hún hefir áður, með landsyfirréttardómi uppkveðnum 4. febr. 1907 verið dæmd fyrir einfaldan þjófnað til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og hefir þessum refsingardómi verið fullnægt. Afbrot þau, sem ákærða nú hefir gjört sig seka í, eru af héraðsdómaranum réttilega heimfærð undir 232. gr. 1. málslið hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað einnig samþykkjast, ber að staðfesta dóminn í öllum greinum. Ákærða verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærða Karólína Gottskálsdóttir greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálsfærslumannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna frá löglegri birting dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. júlí.

Nr. 25/1909: Einar M. Jónasson
gegn
Runólfi E. Sverrisson.

Dómur:

Mál þetta var rekið á bæjarþingi Reykjavíkur fyrir 2 dómurum, Halldóri Daníelssyni frá 29. október f. ár til ársloka og Jóni Magnússyni frá þessa árs byrjun til 15. apríl síðastl., þá er dómur var uppkveðinn í því. Við áfrýjun málsins hefir þó að eins hinum síðar nefnda dómaranum verið stefnt fyrir yfirdóminn, og hefir þannig eigi verið gætt fyrirmælanna í N. L. 1—2—3. Verður því ex officio að frávísa málinu, og þar sem stefndi hefir mætt og krafist málskostnaðar, verður að dæma honum hæfileg ómakslaun, er ákveðast 10 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu frávísast. Áfrýjandi Einar M. Jónasson greiði stefnda Runólfi E. Sverrisson 10 kr. í kost og tæring, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirting dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júlí.

Nr. 26/1909: Réttvísin
gegn
Eiríki Eiríkssyni.

Dómur:

Með gestaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðn-

um 6. nóv. f. á. af Kristjáni Linnet kand. jur. sem setudómara, var ákærði Eiríkur Eiríksson, bóndi á Uppsölum í Selárdal, dæmdur samkvæmt 99. gr. og með hliðsjón af 58., 60. og 61. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869 fyrir að hafa gert fógeta tálmanir við embættisverk hans, í 40 kr. sekt til landssjóðs eða 10 daga einfalt fangelsi, ef sektin yrði ekki greidd í tækan tíma, svo og til að greiða sakarkostnaðinn allan, að meðtöldum 4 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda, Magnúsar prests Þorsteinssonar. Það sést eigi af skjölum málsins, að dómur þessi hafi verið birtur ákærða, en samkvæmt áfrýjunarstefnunni, sem rituð er á dómsgjörðirnar, hefir ákærði lýst því yfir, að hann vilji láta áfrýja dómnum, og er því málinu samkvæmt ósk hans skotið til yfirdómsins.

Skömmu eftir fardaga, eða 9. júní f. á. kom sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu Guðmundur Björnsson að Firði í Múlahreppi eftir beiðni Sturlu Jónssonar kaupmanns og Einars M. Jónassonar málflutningsmanns í Reykjavík, til að bera ákærða út af nefndri jörð, er hann bjó á. Sýslumaðurinn kom að Firði um hádegisbil og var ákærði heima; viðstaddir voru og þeir Guðmundur Jónasson kaupmaður í Skarðsstöð og Snæbjörn Kristjánsson hreppstjóri í Hergilsey sem umboðsmaður gjörðarbeiðanda, og reyndu þeir til, áður frekara var að gjört, að fá ákærða til að flytja burtu með góðu, svo ekki þyrfti að beita útburði, og sýslumaður réð og ákærða til þess. Á þessum tilraunum og fortölum við ákærða stóð alllengi, en þær urðu árangurslausar, og úrskurðaði þá fógetinn, er liðið var að nóni, að ákærði skyldi borinn út, en veitti honum jafnframt nokkurn frest til að hugsa sig um, áður

en úrskurðurinn yrði framkvæmdur, hvort hann vildi fara góðfúslega, með því að ákærða voru enn gerð sáttaboð, og fógetanum virtist hann vera mjög æstur í skapi. Ákærði fór svo út og gekk upp á eða upp undir kletta fyrir austan túnið til að hugsa mál sitt. En þegar fógetinn áleit frestinn liðinn og ætlaði að láta byrja útburðinn, var honum sagt, að ákærði hefði læst herbergi því, er kona ákærða var í og börn þeirra og nokkrir innanstokksmunir, og farið með lykilinn. Fógetinn sendi þá eftir ákærða, og kom hann heim að bænum áður en langt var liðið, skoraði fógetinn á hann að selja fram lykilinn að nefndu herbergi, eða segja til, hvar hann væri, en ákærði færðist undan að verða við þeirri áskorun; lét fógetinn þá leita á honum eftir lyklinum, og leyfði ákærði það, og er lykillinn fanst eigi á ákærða, lét fógetinn taka glugga úr herberginu og mann fara þar inn, til að reyna að opna dyrnar að innanverðu, og er það tókst ekki var beðið um sporjárn til að höggva úr dyrastafnum frá læsingarjárninu, en í þeim svifum kom ákærði með lykilinn og lauk upp dyrunum að utanverðu. Fyrir þetta atferli, sem nú hefir verið lýst, var ákærði dæmdur eins og áður er sagt.

Ákærði hefir kannast við það, að hann hafi, eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp, læst herberginu er kona hans var í og börn, farið með lykilinn niður í kjallara undir húsinu og hengt hann þar á nagla eða sagt vinnukonu sinni að gera það. En þetta segist ákærði hafa gert til þess að eigi væri verið að hafa neinar fortölur við konu sína og fá hana til að hafa áhrif á sig til að fara góðfúslega, en það hafi verið reynt um daginn og valdið henni óþægindum. Þessi framburður ákæranda styðst við

aðrar skýrslur í málinu, og er þá ekki ástæða til að véfengja hann, eða álíta, að ákærði hafi læst herherginu og farið með lykilinn í þeim tilgangi að tálma embættisverki fógetans.

Ákærði hefir haldið því fram, að fresturinn, sem fógetinn veitti honum til umhugsunar, hafi ekki verið liðinn, þegar fógetinn sendi eftir honum út fyrir túnið, og jafnvel ekki, þegar ákærði lauk upp herberginu, og að byrjað hafi verið á útburðinum í þessu herbergi, sem hafi verið svefnherbergi föður síns og annars manns, jafnvel þótt munir ákærða hafi mestsmegnis verið í öðrum ólæstum híbýlum hans, og virðist hann þá hafa gert ráð fyrir, að byrjað væri að bera út úr hinum ólæstu herbergjum áður en tekið yrði til við hið læsta herbergi, sem kona hans var í með börnin, og eitt þeirra veikt, að því er upplýst er í málinu. Eftir öðrum skýrslum málsins verður þó að ætla, að fyrtéður frestur hafi verið liðinn, þegar fógetinn gekk eftir herbergislyklinum hjá ákærða, og eftir það virðist hafa liðið nálægt fjórðungi stundar, þangað til ákærði opnaði herbergið, en hitt hefir ekki verið véfengt, að megnið af fjármunum ákærða hafi verið í öðrum ólæstum herbergjum, og að byrjað hafi verið að bera út úr herbergi því, er ákærði læsti.

Þegar nú, eins og fyr er sagt, eigi verður talið heimilt að líta svo á, að ákærði hafi viljað tálma embættisrekstri fógetans með því að loka marguefndu herbergi og fara með lykilinn, þá verður það eigi heldur eftir málavöxtum álitið, að ákærði með því að tregðast við að hlýða þegar í stað skipun fógetans, og láta dragast alt að fjórðungi stundar að sækja herbergislykilinn, hafi tálmað þannig embættisstarfi fógetans, að refsingarvert sé sam-

kvæmt 99. gr. hegningarlaganna og með því að ákærða verður eigi heldur refsað fyrir téð atferli hans eftir öðrum lagaákvæðum, ber að sýkna hann af ákærum réttvísinnar í þessu máli, og eftir þeim úrslitum verður að greiða af almanna fé allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í héraði 4 kr. og málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors.

Við rekstur málsins í héraði er það að athuga, að dómur í því hefir verið kveðinn upp fyrir gestarétti, en þar sem að öðru leyti hefir verið farið með það sem sakamál, þykir eigi þurfa að ónýta dóminn fyrir þessa sök. Þá er það og athugavert, að eigi sést að dómurinn hafi verið birtur fyrir ákærða, en að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus. Málfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Eiríkur Eiríksson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í þessu máli. Allur kostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í héraði Magnúsar prests Þorsteinssonar 4 kr. og málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar 10 kr. til hvors, greiðist af almanna fé.

Mánudaginn 26. júlí.

Nr. 3/1909: Bátaábyrgðarfélag Vestmanneyja
gegn
Gísla kaupmanni Jóhannssyni.

Dómur:

Í máli þessu, sem höfðað var í héraði og rekið fyrir aukarétti Vestmanneyjasýslu, lögsótti áfrýjandinn, bátaábyrgðarfélag Vestmanneyja, hinn stefnda Gísla kaupmann Jóhannsson í Vestmanneyjum, til greiðslu á skaðabótum er félagið hafði orðið að greiða fyrir missi tveggja mótorbáta, er vátrygðir höfðu verið í félaginu, kr. 7936.80, auk vaxta 4% p. a. frá sáttakærudegi til borgunardags, og var málið dæmt í nefndum rétti 26. janúar þ. á. með þeim úrslitum, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjandans, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða honum 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Bátaábyrgðarfélagið skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. febr. þ. á., og hefir það fengið konungsleyfi, dags. 5. marz þ. á., til að leggja fram ný skjöl og skilríki fyrir yfirdóminn. Hefir þess nú verið krafist af félagsins hálfu, að aukaréttardóminum verði hrundið og breytt þannig, að Gísli kaupmaður Jóhannsson verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum fyrnefnda upphæð kr. 7936.80 með 4% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, hvernig sem málið fer, eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að aukaréttardómurinn verði staðfestur í öllum greinum, og að áfrýjandi

verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinn 20. febr. f. á. töpuðust tveir vélarbátar frá Vestmanneyjum »Bergþóra« og »Njáll«, með þeim atvikum, að bátar þessir, er voru þann dag í fiskileit frá eyjunum ásamt flestum öðrum vélarbátum þar, hreptu storm mikinn á heimleiðinni og dimmviðri, og stöðvuðust þá vélarnar í þeim, svo þeir urðu að leita hjálpar hjá botnvörpuskipum, er þeir hittu fyrir og fengu að festa sig aftan í, en slitnuðu síðan aftan úr skipum þessum og hurfu út í myrkrið og storminn, svo að þeir sáust ekki framar. Bátar þessir voru vátrygðir í bátaábyrgðarfélagi Vestmanneyja, sem samkvæmt lögum sínum hefir orðið að greiða bætur fyrir missi þeirra, $^4/_5$ af verði bátanna eða samtals 7936 kr. 80 aur. fyrir báða bátana, en bátaábyrgðarfélagið heldur því fram, að töpun bátanna hafi orsakast af vondri steinolíu, er bátarnir höfðu til vélanna og keypt hafði verið í verzlun stefnda, og telur það stefnda því eiga að bæta sér tjón það, er félagið hafi beðið fyrir missi bátanna og greiðslu vátryggingarupphæðarinnar til eigenda bátanna, og höfðaði því mál þetta í héraði gegn stefnda.

Því hefir verið haldið fram af stefnda, að mál þetta væri of snemma höfðað af áfrýjanda, bátaábyrgðarfélaginu, þar sem það hafi eigi verið orðinn eigandi skaðabótakröfunnar á hendur stefnda, er það höfðaði mál þetta í héraði, hvorki með því að greiða eigendum bátanna upphæðina, né á annan hátt, og hafi því málið eigi verið höfðað af réttum aðila. En þar sem áfrýjandi hafði, þegar áður en hann höfðaði málið, undirgengist þá skuldbinding að greiða eigendum bátanna vátryggingarupphæðina

samkvæmt lögum félagsins eftir áskorun eða kröfu báta-eigendanna þar að lútandi, og hann síðar, jafnvel áður en bein vefenging á heimild hans til málshöfðunarinnar af þessum sökum kom fram frá stefnda hálfu, greiddi af hendi bæturnar, þá verður ekki álitið að hann hafi brostið heimild til að telja sig réttan aðila gagnvart stefnda, að því leyti hann áleizt valdur að bátatapinu, og mál þetta verður því að teljast höfðað af áfrýjanda með fullri heimild.

Áfrýjandi hefir bygt skaðabótakröfu sína á hendur stefnda á því, eins og áður er sagt, að steinolía sú, er notuð var til vélanna á fyrnefndum bátum, hafi verið keypt hjá stefnda og hann sérstaklega mælt með henni til notkunar á vélarbátum, en þegar til kom, hafi hún reynst afarilla, vélarnar óhreinkast svo af sóti úr henni, að iðulega hafi orðið að hreinsa þær, og hafi þessi galli á olíunni valdið stöðvun vélanna í bátum þeim, er um er að ræða í máli þessu, daginn sem þeir töpuðust, svo að þeir hafi orðið ósjálfbjarga og orðið að leita á náðir botnvörpuskipanna, er þeir síðan slitnuðu aftan úr, án þess að við því yrði gjört. Hafi því olían og óhæfileiki hennar til notkunar við vélarnar verið orsök í missi bátanna, og eigi seljandi hennar, stefndi, því að bæta þenna missi. Stefndi hefir neitað því, að nokkur sönnun sé fram komin fyrir því, að olía sú, er hann hafi selt, hafi verið vond, eða hafi orsakað bátamissinn, og þótt svo hafi verið, þá hafi hann eigi tekið á sig ábyrgð á gæðum olíunnar, eða á annan hátt orðið skaðabótaskyldur fyrir sölu hennar.

Olía sú, er stefndi seldi og umræddir vélarbátar og margir aðrir notuðu, var frá hinu danska steinolíufélagi í

Reykjavík, og var það almenningi öllum í Vestmanneyjum kunnugt, og stefndi seldi olíuna eigendum téðra vélarbáta og öðrum eins og hún kom frá félaginu, með merki þess og samkvæmt prentuðu meðmælaskjali félagsins, en eftir því var sú tegund olíu, er merkið á tunnunum benti til, talin sérstaklega vel fallin til notkunar á vélarbátum. Stefndi hafði umrædda steinolíu í umboðssölu fyrir steinolíufélagið, og hann tók ekki sjálfur á sig neina ábyrgð á gæðum olíunnar, eða hæfileik hennar til þeirrar notkunar, enda er engin ástæða til að halda, að hann hafi haft frekari kunnugleik til gæða hennar en lýsing sú gaf, er fyrgetið prentað meðmælaskjal steinolíufélagsins innihélt, það er almenningur einnig sá. Þar sem afstöðu stefnda til steinolíunnar var þannig varið, að kaupendur hennar gátu eigi gjört ráð fyrir því, að hann væri að nokkru fróðari um gæði hennar eða hæfileika til vélanotkunar en þeir sjálfir, verður stefnda eigi gefin sök á því, þótt steinolían reyndist miður en skyldi, eða lýsing steinolíufélagsins gaf í skyn, svo að hann verði skyldaður til að bæta tjón það, er kaupendurnir telja sig hafa beðið fyrir það, að þeir treystu meðmælum þeim til vélanotkunar, er olíunni voru gefin í lýsingu steinolíufélagsins. Það þarf því ekki að rannsaka það frekara, hvort það er sannað í málinu, sem áfrýjandi hefir haldið fram, að steinolían hafi verið verri en henni var lýst í téðu meðmælaskjali, eða þar næst, hvort beint orsakasamband hafi verið milli óhæfileika olíunnar til vélanotkunar og bátamissisins, en hvoru tveggja þessu hefir stefndi neitað. Það verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda um skaðabætur fyrir tjón bátaábyrgðarfélagsins, sökum töpunar bátanna, að hann hafði eigi með

sölu olíunnar tekið á sig neina ábyrgð á öðru en því, að hin selda olía væri frá steinolíufélaginu með óbreyttu merki og umbúðum, eins og það hafði afgreitt hana, en á því hefir engin vefenging verið gjörð, að svo hafi verið. Samkvæmt þessu verður að staðfesta hinn áfrýjaða aukaréttardóm, einnig málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afrýjandi, Bátaábyrgðarfélag Vestmanneyja, greiði stefnda, Gísla kaupmanni Jóhannssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 50 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 16/1909:

Sveinn Björnsson
fyrir hönd H. W. Friis
gegn
Gísla Finnssyni.

Dómur:

Stefndi Gísli Finnsson járnsmiður höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar á hendur Agnari skipstjóra Magnússyni sem handhafa eða varðveizlumanni fjármuna nokkurra, tilheyrandi H. W. Friis útgerðarmanni

í Aalesund, er stefndi hafði látið kyrsetja með fógetagerð 9. febr. þ. á., til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og greiðslu á kröfu stefnda á hendur Friis kr. 94.40. Var málið dæmt í aukaréttinum 31. marz þ. á. með þeim úrslitum, að kyrsetningargjörðin var staðfest og stefndi Agnar Magnússon fyrir hönd H. W. Friis skyldaður til að greiða Gísla Finnssyni 94 kr. 40 aur. með 5% vöxtum frá stefnudegi 9. febr. þ. á. til borgunardags og 54 kr. 25. a. í málskostnað

Þessum dómi hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálflutningsmaður fyrir hönd H. W Friis skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. apríl þ. á og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði með eða án heimvísunar ónýttur og málinu vísað frá undirrétti, eða til vara, að málinu verði vísað heim, og enn til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að kyrsetningargjörðin 9. febr. þ. á. verði feld úr gildi og hann sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst að dómurinn verði staðfestur, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi leysti borgarabréf til verzlunar í Hafnarfirði árið 1905 og greiddi þar sveitarútsvar næstu ár á eftir, síðast 1908. En þegar kyrsetningargjörðin 9. febr. þ. á. fór fram, var hann talinn alfluttur af landi burt, og var málinu því stefnt til staðfestingar samkvæmt opnu bréfi 30. nóv. 1821 um kyrsetning á útlendum manni eða fjármunum hans. En áfrýjandi lítur svo á, að lagaboð þetta sé ekki gildandi lög hér á landi, og hafi því verið rangt

að beita því, og þó að það hafi verið gildandi lög hér, sé eigi heimild til að beita því, með því að hann sé íslenzkur borgari. Samkvæmt þessu álítur hann, að málið sé eigi höfðað á réttu varnarþingi, og krefst, að því verði vísað frá undirréttinum.

Það verður þó að telja vafalaust, að áminnzt opið bréf sé gildandi lög hér á landi, og að því sé full heimild til að fara eftir því, þegar ástæður eru til þess að öðru leyti, og að svo hafi verið í þessu máli, má álíta nægilega sannað. Því er ekki haldið fram, að áfrýjandi hafi verið búsettur hér á landi, þegar kyrsetningin var gjörð eða eftir það, en í áfrýjunarstefnunni er heimili hans talið í Aalesund, og það skiftir því eigi máli, að hann hefir leyst borgarabréf eða rekið atvinnu í Hafnarfirði undanfarin ár. Það er því eigi ástæða til að sinna kröfu áfrýjanda um frávísun málsins frá undirréttinum. Og eigi virðist heldur vera ástæða til eftir kröfu áfrýjanda að vísa málinu heim til nýrrar dómsáleggingar, af þeirri ástæðu, er hann heldur fram, að forsendur dómsins séu ófullkomnar og óljósar.

Þá hefir áfrýjandi fundið það að dómnum, að þar sé enginn fyrirvari hafður um það, að eigi verði leitað fullnægingar á kröfu stefnda í öðrum fjármunum en þeim, er kyrsettir voru, eins og gert er ráð fyrir í opna bréfinu 30. nóv. 1821, og krefst hann sýknunar í málinn fyrir þessa sök. En þó að þessi athugasemd áfrýjanda væri rétt, gæti hún ekki réttlætt kröfu hans um sýknun í málinu, en að eins gefið tilefni til að leiðrétta dóminn í þessu atriði. Og að vísu er áminstur fyrirvari ekki tekinn upp í niðurlag dómsins, en í ástæðum hans er það

tekið fram, að kröfu stefnda verði ekki fullnægt í öðru en því, er kyrsett var 9. febr. þ. á. í húsi Agnars Magnússonar, og samkvæmt því verður að skilja dómsniðurlagið. Áfrýjandi verður því eigi sýknaður af þessari ástæðu, og með því að hann hefir ekki athugað neitt við kröfu stefnda eða tilgreint aðrar ástæður en að framan eru taldar fyrir því, að dómnum verði breytt, verður yfirdómurinn að komast að sömu niðurstöðu um aðalefni málsins sem héraðsdómurinn. Áfrýjandi hefir sérstaklega mótmælt málskostnaðarákvæði dómsins, en það verður að álíta rétt, að hann greiði stefnda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, sem hæfilegt þykir að ákveða 60 kr. fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður að því er snertir staðfesting kyrsetningargjörðarinnar 9. febr. þ. á. og skal stefndi Gísli Finnsson eiga rétt á að gjöra fjárnám í hinum kyrsettu munum til lúkningar kröfu sinni á hendur áfrýjanda H. W. Friis 94 kr. 40 a. með 5 % vöxtum frá 9. febrúar þ. á. til borgunardags, svo og málskostnaði fyrir báðum réttum 60 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 17/1909: Sveinn Björnsson
fyrir hönd H. W. Friis
gegn
P. J. Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Hið stefnda hlutafélag P. J. Thorsteinsson & Co. í Hafnarfirði höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Hafnarfjarðar kaupstaðar á hendur Kristni Kristjánssyni seglasaumara í Hafnarfirði, er hafði umsjón með eignum áfrýjanda H. W. Friis þar í kaupstaðnum, þar á meðal húseigninni »Svendborg« og ýmsum sjávarútvegs áhöldum, sem stefndu létu kyrsytja 5. febr. þ. á. — til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og greiðslu víxilkröfu á hendur áfrýjanda að upphæð 3301 kr. 28 a. Var málið dæmt í aukaréttinum 31. marz þ. á. með þeim úrslitum, að kyrsetningargjörðin var staðfest og Kristinn Kristjánsson fyrir hönd H. W. Friis skyldaður til að greiða hlutafélaginu 3301 kr. 28 a. með 6 % vöxtum frá gjalddaga víxilsins 25 okt. f. á. til borgunardags, 1/3 % þóknun af sömu upphæð og 204 kr. 50 a. í allan kostnað. Þessum dómi hefir yfirréttarmálflutningsmaður Sveinn Björnsson fyrir hönd H. W. Friis skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. apríl þ. á. og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði með eða án heimvísunar ónýttur og málinu vísað frá undirdómi, eða til vara, að málinu verði vísað heim, og enn til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að kyrsetningargjörðin 5. febrúar verði úr gildi feld, og hann sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, svo og að stefndi verði skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, hvernig sem

málið fer. Stefndi krefst, að dómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi leysti borgarabréf til verzlunar í Hafnarfirði árið 1905, og greiddi þar sveitarútsvar næstu ár á eftir, síðast 1908. En þegar kyrsetningargjörðin 5. febr. þ. á. fór fram, var hann talinn alfluttur af landi burt, og var því málinu stefnt til staðfestingar samkvæmt opnu bréfi 30. nóv. 1821 um kyrsetning á útlendum manni eða fjármunum hans. En áfrýjandi lítur svo á, að lagaboð þetta sé ekki gildandi lög hér á landi, og hafi því verið rangt að beita því, og þó að það væri gildandi lög hér, sé eigi heimild til að beita því gegn sér, með því að hann sé íslenzkur borgari. Samkvæmt þessu álítur hann, að málið sé eigi höfðað á réttu varnarþingi, og krefst að því verði vísað frá undirréttinum.

Það verður þó að telja vafalaust, að áminst opið bréf sé gildandi lög hér á landi, og að full heimild sé til að fara eftir því, þegar ástæður eru til þess að öðru leyti, og að svo hafi verið í þessu máli, má álíta nægilega sannað. Því er ekki haldið fram, að áfrýjandi hafi verið búsettur hér á landi þegar kyrsetningin var gjörð eða eftir það, en í áfrýjunarstefnunni er heimili hans talið í Aalesund, og það skiftir því eigi máli, að hann hefir leyst borgarabréf í Hafnarfirði og rekið þar atvinnu undanfarin ár. Það er því eigi ástæða til að sinna kröfu áfrýjanda um frávísun málsins frá undirréttinum, og eigi virðist heldur vera ástæða til, eftir kröfu áfrýjanda, að vísa málinu heim til nýrrar dómsáleggingar, af þeirri ástæðu, er hann heldur fram, að forsendur dómsins séu ófullkomnar og óljósar.

Þá hefir áfrýjandi fundið það að dómnum, að þar sé enginn fyrirvari hafður um það, að eigi verði leitað fullnægingar á kröfu stefnda í öðrum fjármunum áfrýjanda en þeim, er kyrsettir voru, eins og gjört er ráð fyrir í hinu opna bréfi frá 1821, og krefst hann sýknunar í málinu fyrir þessa sök. En þó að þessi athugasemd áfrýjanda væri rétt, gæti hún ekki réttlætt kröfu hans um sýknun í málinu, en að eins gefið tilefni til að leiðrétta dóminn í þessu atriði. Og að vísu er áminstur fyrirvari ekki tekinn upp í niðurlag dómsins, en í ástæðum hans er það tekið fram, að kröfu stefnda verði ekki fullnægt í öðru en hinum kyrsettu fjármunum, og samkvæmt því verður að skilja dómsniðurlagið. Áfrýjandi verður því eigi sýknaður af þessari ástæðu, og með því hann hefir ekki athugað neitt við kröfu stefnda, eða tilgreint aðrar ástæður en að framan eru taldar fyrir því, að dóminum verði breytt, verður yfirdómurinn að komast að sömu niðurstöðu í aðalefni málsins eins og héraðsdómurinn.

Áfrýjandi hefir sérstaklega mótmælt málskostnaðarákvæði dómsins, en það verður að telja rétt, að hann greiði stefnda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, sem hæfilegt þykir að ákveða 150 kr. fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður að því er snertir staðfesting kyrsetningargjörðarinnar 5. febr. þ. á., og skulu stefndu, hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co., eiga rétt á að gjöra fjárnám í hinum kyr-

settu eignum til lúkningar kröfu sinni á hendur áfrýjanda H. W. Friis, 3301 kr. 28 a., með 6 % vöxtum frá 25. október f. á. til borgunardags, þóknun 1/8 % af sömu upphæð og málskostnaði fyrir báðum réttum 150 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 19/1909: Sveinn Björnsson fyrir hönd H. W. Friis gegn Jóhannesi J. Reykdal.

Dómur:

Stefndi Jóhannes J. Reykdal verksmiðjueigandi í Hafnarfirði höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar á hendur Kristni Kristjánssyni seglsaumara í Hafnarfirði, er hafði umsjón með eignum áfrýjanda H. W. Friis þar í kaupstaðnum þar á meðal húseigninni Svendborg, er stefndi hafði látið kyrsetja með fógetagjörð 9. febrúar þ. á., til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og greiðslu á víxilkröfu á hendur áfrýjanda, að upphæð 850 kr. Var málið dæmt í aukaréttinum 31. marz þ. á. með þeim úrslitum, að kyrsetningargjörðin var staðfest og Kristinn Kristjánsson fyrir hönd H. W. Friis skyldaður til að greiða Jóhannesi J. Reykdal 850 kr. með 6 % vöxtum frá gjalddaga víxilsins 28. desbr. f. á. til borgun-

ardags, þóknun 1/8 % af sömu upphæð og kr. 68,08 í málskostnað.

Þessum dómi hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd H. W. Friis skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. apríl þ. á., og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði með eða án heimvísunar ónýttur og málinu vísað frá undirréttinum, eða til vara að málinu verði vísað heim, og enn til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að kyrsetningargjörðin 9. febr. þ. á. verði feld úr gildi og hann sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, hvernig sem málið fer. Stefndi krefst, að dómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Afrýjandi leysti borgarabréf til verzlunar í Hafnarfirði árið 1905 og greiddi þar sveitarútsvar næstu ár á eftir, síðast 1908. En þegar kyrsetningargjörðin 9. febr. þ. á. fór fram, var hann talinn alfluttur af landi burtu, og var málinu því stefnt til staðfestingar samkvæmt opnu bréfi 30. nóvbr. 1821 um kyrsetning á útlendum manni eða fjármunum hans. En áfrýjandi lítur svo á, að lagaboð þetta sé ekki gildandi lög hér á landi og hafi því verið rangt að beita því, og þó að það væri gildandi lög hér, sé eigi heimild til að beita því gegn sér, með því að hann sé íslenzkur borgari. Samkvæmt þessu álítur hann, að málið sé eigi höfðað á réttu varnarþingi og krefst, að því verði vísað frá undirréttinum.

Það verður þó að telja vafalaust, að áminst opið bréf sé gildandi lög hér á landi og að því sé full heimild til að fara eftir því, þegar ástæður eru til þess að

öðru leyti, og að svo hafi verið í þessu máli, má telja nægilega sannað. Því er ekki haldið fram, að áfrýjandi hafi verið búsettur hér á landi þegar kyrsetningin var gjörð eða eftir það, en í áfrýjunarstefnunni er heimili hans talið í Aalesund, og það skiftir þá eigi máli, að hann hefir leyst borgarabréf og rekið atvinnu í Hafnarfirði undanfarin ár. Það er því eigi ástæða til að sinna kröfu stefnda um frávísun málsins frá undirréttinum. Og eigi virðist heldur vera ástæða til eftir kröfu áfrýjanda að vísa málinu heim til nýrrar dómsáleggingar, af þeirri ástæðu, er hann heldur fram, að forsendur dómsins séu ófullkomnar og óljósar.

Þá hefir áfrýjandi fundið það að dómnum, að þar sé enginn fyrirvari hafður um það, að eigi verði leitað fullnægingar á kröfu stefnda í öðrum fjármunum áfrýjanda en hinni kyrsettu húseign, eins og gjört er ráð fyrir í opna bréfinu frá 1821, og krefst hann sýknunar í málinu fyrir þessa sök. En þó að þessi athugasemd áfrýjanda væri rétt, gæti hún eigi réttlætt kröfu hans um sýknun í málinu, en að eins gefið tilefni til að leiðrétta dóminn í þessu atriði. Og að vísu er áminztur fyrirvari ekki tekinn upp í niðurlag dómsins, en í ástæðum hans er það tekið fram, að kröfu stefnda verði ekki fullnægt í öðru en hinni kyrsettu fasteign, og samkvæmt því verður að skilja dómsniðurlagið. Áfrýjandi verður því eigi sýknaður af þeirri ástæðu, og með því hann hefir ekki athugað neitt við kröfu stefnda, eða tilgreint aðrar ástæður en að framan eru taldar, fyrir því, að dómnum verði breytt, verður yfirdómurinn að komast að sömu niðurstöðu sem héraðsdómarinn um aðalefni málsins. Áfrýjandi hefir sérstaklega mótmælt málskostnaðarákvæði

dómsins, en það verður að telja rétt, að hann greiði stefnda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, sem hæfilegt þykir að ákveða 80 kr. fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður að því er staðfestning kyrsetningargjörðarinnar 9. febrúar þ. á. snertir, og skal stefndi, Jóhannes J. Reykdal, eiga rétt á að gera fjárnám í hinni kyrsettu húseign til lúkningar kröfu sinni á hendur áfrýjanda H. W. Friis, 850 kr., með 6 % vöxtum frá 28. desbr. f. á. til borgunardags, þóknun 1/3 % af sömu upphæð og málskostnaði fyrir báðum réttum 80 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. ágúst.

Nt. 32/1909: Valdstjórnin gegn L. A. Sekse.

Dómur:

Í máli þessu, sem dæmt hefir verið fyrir lögrétti Ísafjarðarkaupstaðar þannig, að kærði, útgerðarmaður

L. A. Sekse, var sektaður um 200 kr. fyrir brot gegn lögum nr. 28, 25. septbr. 1902 um síldarnætur, liggur eigi fyrir nein yfirlýsing frá kærða um, að hann óski málinu áfrýjað, eða beiðni frá honum um að það verði gjört, en málinu er stefnt til yfirdómsins af hlutaðeigandi bæjarfógeta af eigin hvötum einum, með þeim ummælum, »að ákærði hafi eigi lýst yfir, að hann vilji una við dóminn«. Með því að undirdómarinn hefir samkvæmt tilskipun 24. janúar 1838, 15. gr. því að eins heimild til að stefna slíku máli sem þessu til yfirdóms, að kærði beiðist þess, er máli þessu ranglega stefnt fyrir yfirdóminn, og verður því að frávísa því. Málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminnm, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 23/1909: Þorsteinn Pétursson
gegn
skiftaráðandanum í Húnavatnssýslu
fyrir hönd dánarbús Gísla Bjarnasonar,
Jóni Sigurðssyni og Guðm. Guðmundssyni

Dómur:

Í máli þessu er áfrýjað 2 úrskurðum, er voru kveðn-

ir upp í skiftarétti Húnavatnssýslu 23. janúar þ. á., um ágreining milli erfingjanna í dánarbúi Gísla Bjarnasonar frá Njálsstöðum. Skiftaréttargjörðirnar sýna það þó eigi, að sáttatilraun hafi fram farið um ágreiningsatriðin áður en þau voru úrskurðuð af skiftaréttinum, eins og fyrir er mælt í tilskipun 20. janúar 1797, 10. gr. b, og lögum 12. apríl 1878, 38. gr., og verður því að dæma ómerka hina áfrýjuðu úrskurði og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar. Eftir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinir áfrýjuðu skiftaréttarúrskurðir skulu vera ómerkir, og vísast málinu heim í hérað til nýrrar og löglegri meðferðar.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 16. ágúst.

Nr. 35/1909: Gunnar Þorbjörnsson kaupmaður
gegn
Jóni Magnússyni bæjarfógeta
fyrir hönd landsjóðs.

Dómur:

Í fógetarétti Reykjavíkur var 29. maí þ. á. kveðinn

upp úrskurður á þá leið, að tekinn skyldi lögtaki hjá áfrýjanda, Gunnari kaupmanni Þorbjarnarsyni, tollauki samkvæmt 3. gr. laga um bráðabirgðarhækkun á aðflutningsgjaldi 31. marz þ. á. af ýmsum áfengum drykkjum, er áfrýjandi hafði fengið frá útlöndum 14. og 24. marz þ. á., en neitað að greiða af þenna tollauka, sem nemur samtals 4218 kr. 64 aur. Til að komast hjá lögtaki afhenti áfrýjandi fógetanum viðskiftabók við Landsbankann með 4250 kr. innstæðu, en lýsti því jafnframt yfir, að hann mundi áfrýja úrskurðinum, og samkvæmt því hefir hann með stefnu dags. 2. f. m. skotið til yfirdómsins nefndum fógetaúrskurði og lögtaksgjörð, og krafist þess, að hvorttveggja verði úr gildi felt, að kröfur hans fyrir fógetaréttinum verði að öllu leyti teknar til greina, og fógetinn verði dæmdur til að skila honum aftur sparisjóðsbókinni, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Af hendi stefnda hefir eigi verið mætt í yfirdóminum og verður þá samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., að dæma málið eftir þeim gögnum, sem fram eru lögð.

Í fyrgreindum lögum, er staðfest voru af konungi 31. marz þ. á. og öðluðust gildi sama dag, er svo ákveðið í 3. gr., að af vörum þeim, sem aðflutningsgjald er hækkað á eða nýtt gjald lagt á samkvæmt 1. gr. og flytjast til landsins frá 12. marz 1909 þar til lögin öðlast gildi, skuli greiða aukagjald, er nemi hækkuninni eða tollgjaldinu. Áfrýjandi heldur því fram og byggir kröfur sínar á því, að ákvæði þetta fari útfyrir það svið, er löggjafarvaldinu sé markað í stjórnarskránni, og sé því ógilt; það geti eigi verið heimilt að setja lög um skatta eða

aðrar álögur fyrir umliðinn tíma, því að fjárhagur manna yrði þá algjörlega ofurseldur löggjafarvaldinu, það gæti þá gjört eigur manna verðlausar eða skert vermæti þeirra að meira eða minna leyti og þannig gjört að engu ákvæði 50. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, enda tjáist áfrýjandi hafa beðið óverðskuldað tjón fyrir þetta ákvæði laganna, er hann hafi eigi getað varað sig á eða hagað sér eftir, og orðið harðar úti en aðrir kaupmenn, er vitanlegt sé að hafi fengið stórmiklar birgðir af sams konar tollvörum rétt fyrir 12. marz.

Þessar ástæður áfrýjanda eiga þó ekki við næg rök að styðjast. Hið tilvitnaða ákvæði í lögum 31. marz þ. á. rekur sig ekki á nein fyrirmæli í stjórnarskránni, hvorki í 50. gr. né annarstaðar, því að það verður eigi álitið, að eignarréttur áfrýjanda, eins og þetta orð verður að skilja í nefndri grein stjórnarskrárinnar, sé skertur, þó að hann hafi beðið atvinnutjón eða orðið harðar úti en aðrir kaupmenn fyrir áminst lagaákvæði. Gildi þess verður því eigi vefengt, og með því enginn vafi er á því, að áfrýjandi hefir meðtekið framangreindar tollvörur á því tímabili, sem tollaukinn er miðaður við, og enginn ágreiningur er um upphæð hans, verða kröfur áfrýjanda eigi teknar til greina, en það ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgjörð, og fellur þá málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgjörð á að vera óraskað. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 23. ágúst.

Nr. 24/1909: Réttvísin
gegn
Bjarna Sigurðssyni og
Sigvalda Guðmundssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 7. sepember f. á., voru hinir ákærðu, Bjarni Sigurðsson kaupmaður og Sigvaldi Guðmundsson bátsformaður á Ísafirði, sem báðir voru komnir yfir lögaldur sakamanna, dæmdir í betrunarhússvinnu, hinn fyrnefndi samkv. 283. sbr. 55. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869 í 2 ár, og hinn síðarnefndi samkv. 283. gr. í 18 mánuði, fyrir að hafa kveikt í húsi Bjarna. Svo voru þeir og dæmdir til að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar og 2 kr. til »Nye danske Brandforsikringsselskab«, en málsvarnarlaun skyldu þeir greiða hvor fyrir sig talsmönnum sínum við aukaréttinn, Jóni A. Jónssyni bankabókara og Sigurði Jónssyni kandidat, 5 kr. hvorum. Þessum dómi hefir af hálfu ákæruvaldsins og eftir ósk hinna ákærðu verið skotið til yfirdómsins.

Aðfaranótt 1. júlí f. á. kom eldur upp í húsi ákærða Bjarna Sigurðssonar, við Skipagötu á Ísafirði, og er það með játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum málsins löglega sannað, að eldsuppkoma þessi er orðin af þeirra völdum, þannig að Sigvaldi kveikti í húsinu fyrir tilmæli og með aðstoð Bjarna. Höfðu þeir búið yfir þessu áformi nokkra daga á undan, eða frá því seint í júnímánuði. Þá fóru þeir báðir saman til Önundarfjarðar, og á

leiðinni vakti Bjarni máls á því við Sigvalda, að hann kveikti í húsi sínu (Bjarna), og lofaði Sigvaldi því, að því er virðist tregðulaust, og eigi setti hann upp né fekk loforð Bjarna um neina borgun fyrir. Um kvöldið 30. júní átti Sigvaldi erindi í búð Bjarna og hitti hann þar. Bjarni herti þá á honum að efna loforð sitt um íkveikjuna og kom þeim saman um að láta verða af henni þá um nóttina, á þann hátt, að Bjarni skyldi sjá um íkveikjuefni inni fyrir við gluggann á gafli búðarinnar, en Sigvaldi kasta lifandi eldspýtu innum gluggann, gegnum rúðuop, sem tylt var fyrir tréspjaldi, er taka mátti úr að utanverðu. Samkvæmt þessari ráðagerð velti Bjarni fullri steinolíuflösku tappalausri á hliðina á gólfinu innan við gluggann áður en hann háttaði, en Sigvaldi, sem hafðist við í skúr þar skamt frá um nóttina og var að beita fiskilínu, fór til, er honum þótti tími til kominn og hann sá engan á ferli þar nálægt, en það virðist hafa verið um miðnætti, tók spjaldið frá glugganum, kveikti á eldspýtu og lét hana detta gegnum rúðugatið inn á gólfið, en ekki athugaði hann, að því er hann segir, hvort eldspýtan kveikti frá sér þar sem hún lenti og eigi kveikti hann nema á einni eldspýtu. Sneri hann svo aftur til skúrsins og hélt áfram vinnu sinni, en leit út eftir nokkra stund og sá að menn voru þá komnir að húsinu og eldurinn var slöktur.

Húsið er einlyft og er sölubúð, eldhús og 1 smáherbergi undir lofti en 2 svefnherbergi uppi; svaf ákærði, Bjarni, kona hans og 2 börn í öðru en móðir hans og vinnukona í hinu, og voru eigi fleiri menn í húsinu. Það er eigi sennilegt, að þessu fólki hafi verið nein hætta búin af íkveikjunni. Bjarni var að vísu sofnaður

þegar eldsins varð vart, að því er hann sjálfur segir, en Sigvaldi hafði lofað honum að sjá um, að enginn brynni inni, og hann hafði, eins og áður er sagt, gætur á því, hvað eldinum leið. Við hliðina á húsi því, er kveikt var í, og áfast við það átti Bjarni annað hús, tvílyft, en í því bjó enginn. Frá þessum húsum til næsta húss var rúmlega 12 álna bil, en með því að logn var um nóttina, verður ekki álitið að hætta hafi verið á því, að eldurinn færðist á milli, þó að húsin hefðu brunnið.

Brunatjónið var eigi verulegt; veggurinn undir gluggunum var nokkuð brunninn og þilin sviðin þar í kring. Hefir skaðinn á húsinu verið metinn 100 kr., og á varningi, sem brann eða skemdist, 26 kr. 55 a. Húsin bæði voru vátrygð fyrir samtals 5000 kr., verzlunarvörur ákærða fyrir 7000 kr. og innanstokks munir fyrir 1900 kr.

Eftir að ákærðu höfðu ráðið að kveikja í húsinu, tók Bjarni tvo klæðastranga úr búðinni, að því er hann segir eftir áeggjan Sigvalda, og 6 nærbuxur, og faldi í skúr frálausum húsinu, til þess að nýta sér þetta síðar. En um nóttina eftir brunann fór hann einn á báti með þessa muni út á sjó, batt stein við þá og sökti þeim. Sigvaldi hefir eigi neitað því, að hann hafi talað eitthvað við meðákærða um klæðastrangana, en minnist eigi, á hverja leið það viðtal var.

Ákærði Bjarni Sigurðsson hefir kannast við, að hann hafi í hagnaðarskyni látið kveikja í húsinu, til þess að fá í hendur brunabótafé og geta innleyst ábyrgðarskuldir og víxilskuldir, er hann átti erfitt með að greiða. Var þannig tilgangur hans að svíkja brunabótaábyrgðina, og gat það ekki dulist meðákærða Sigvalda Guðmundssyni.

Hinir ákærðu hafa eigi áður sætt refsingu fyrir neinn

glæp, en Bjarni Sigurðsson hefir verið sektaður um 50 kr. fyrir fiskiveiðabrot. Framangreind afbrot þeirra ber að því er kemur til ákærða Bjarna Sigurðssonar að heimfæra undir 283. gr., 2. málslið, sbr. 53. gr. og 48. gr., og að því er undandráttinn á fataefni o. fl. snertir undir 261. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist refsingin, sem hann hefir til unnið, með tilliti til 63 gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 2 ára og 6 mánaða betrunarhússvinna, og að því er kemur til ákærða Sigvalda Guðmundssonar undir 283. gr., 2. málsl., sbr. 48. gr. sömu laga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2 ára betrunarhússvinna. Um málskostnað í héraði skal aukaréttardómnum óraskað, en eigi er ástæða til að dæma »Nye danske Brandforsikningsselskab« 2 kr. endurgjald, sem ákveðið er í dómnum, með því að gjald þetta virðist eiga að telja með málskostnaði, ef það er máli þessu viðkomandi.

Allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað verða hinir ákærðu að greiða einn fyrir báða og báðir fyrir einn, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu sæti betrunarhússvinnu, Bjarni Sigurðsson í 2 ár og 6 mánuði og Sigvaldi Guðmundsson í 2 ár. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Hinir ákærðu greiði

einn fyrir báða og báðir fyrir einn allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. ágúst.

Nr. 23/1909: Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps
gegn
Þorsteini Jónssyni.

Dómur:

Með skjali dags. 24. apríl 1907 afsalaði stefndi Þorsteinn Jónsson, þáverandi kaupmaður á Bakkagerði nú veitingamaður á Seyðisfirði, verzlunarfélaginu Thor E. Tulinius ásamt öðrum eignum sínum upp í skuld sína við verzlunarfélagið tveim jarðahlutum, 7,5 hndr. f. m. úr Bakka í Borgarfirði eystra og hálfu Bakkagerði samastaðar. Verð jarðahluta þessara var ekki sérstaklega ákveðið í afsalsbréfinu, en vegna stimpilgjaldsgreiðslunnar var tekið fram í bréfinu, að fasteignirnar allar, er seldar voru, myndu ekki vera meira virði en 23000 kr. Þegar afsal þetta varð hljóðbært, en það varð það fyrst, er bréfinu var þinglýst 20. júlí 1907, kom það í ljós, að fyrirmæla laganna Nr. 30 20. október 1905, um forkaupsrétt

leiguliða o. fl., hafði eigi verið gætt að því er nefndar jarðeignir snertir, þar sem þær höfðu eigi verið boðnar leiguliðum til kaups eða sveitarfélaginu, áður en þær voru seldar verzlunarfélaginu, og eftir að leiguliðarnir höfðu afsalað forkaupsrétti sínum að jarðahlutunum í hendur Borgarfjarðarhreppi sem hlutaðeigandi sveitarfélagi, höfðaði hreppurinn, að fenginni gjafsókn, mál þetta fyrir aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar á hendur seljandanum, hinum stefnda, til að fá söluna ógilta og jarðirnar seldar hreppnum sama verði og verzlunarfélagið hafði fengið þær, alt samkvæmt 6. gr. fyrnefndra laga. Málinu lyktaði með dómi nefnds réttar 5. desember f. á. svo, að sala jarðahlutanna var dæmd ógild gagnvart hreppsnefndinni í Borgarfjarðarhreppi, og stefndi Þorsteinn Jónsson var skyldaður til innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins og að viðlagðri 10 kr. sekt til fátækrasjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir hvern þann dag, er framyfir liði, að selja hreppsnefndinni fyrir hreppsins hönd framangreindar jarðeignir fyrir 10,000 krónur, þannig að hreppsnefndin taki að sér að greiða eða greiði þinglesnar veðskuldir þær, er á jarðeignunum hvíldu 24. apríl 1907, þegar hin ógilda sala fór fram, og greiði afganginn af kaupverðinu í peningum; þó skyldi hreppsnefndin nota þenna rétt sinn til að ganga að kaupunum á næsta hálfa mánuði eftir að stefndi hefði látið birta henni dóminn. Í málskostnað skyldi stefndi greiða hreppsnefndinni 100 kr. og að auki réttargjöld og ritlaun í málinu eins og það væri eigi gjafsóknarmál.

Dómi þessum hefir hreppsnefndin áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 6. maí þ. á,, og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málfærslumann.

Hefir þess verið krafist af hálfu áfrýjanda fyrir yfirdóminum, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði skyldaður til að selja áfrýjanda jarðeignir þær, er um ræðir í dóminum, fyrir verð það, er álítast verður að Thor E. Tulinius hafi greitt fyrir þær, hverja í sínu lagi, eftir því sem óvilhallir menn telja að verð jarðeignanna sé í hlutfalli við hið annað, er stefndi seldi Thor E. Tulinius með afsalsbréfinu 24. apríl 1907, eða í hæsta lagi fyrir 7—8000 kr., að frestir þeir, sem tilgreindir eru í dóminum, verði taldir frá birtingu landsyfirréttardómsins, að undirréttardómurinn verði staðfestur að öðru leyti, og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi hefir eigi komið í yfirdóminn né látið koma þar af sinni hálfu, og hefir honum þó verið löglega stefnt, og verður því að dæma málið eftir skjölum þeim og skilríkjum, er fram hafa verið lögð í því frá áfrýjanda hálfu samkv. tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. og N. L. 1—4—32.

Það er enginn ágreiningur um það í málinu, að Borgarfjarðarhreppur sem hlutaðeigandi sveitarfélag átti forkaupsrétt að jarðeignum þeim, er um er að ræða, þar sem leiguliðarnir voru frágengnir, eins og áður er sagt, enda bauð stefndi það til sátta fyrir undirrétti, að kaupin gengju til baka og hreppurinn fengi kauprétt á jörðunum fyrir 10000 krónur, er hann kvað vera verð það, er verzlunarfélagið Thor E. Tulinius hefði borgað fyrir þær. En hreppsnefndin vildi eigi taka þessu boði. Hún hefir haldið því fram, að söluverð jarðanna, er þær voru seldar verzlunarfélaginu, hafi eigi verið hærra en 7—8000 kr. Þessu neitar stefndi og hefir til áréttingar skýrslu sinni

um að hann hafi selt verzlunarfélaginu jarðeignirnar fyrir 10000 kr. lagt fram vottorð frá Thor E. Tulinius, er staðfestir þann framburð hans. Ágreiningurinn í málinu er því um það eitt, hvaða verði jarðirnar hafa verið seldar verzlunarfélaginu, en sama verði á áfrýjandi rétt á að kaupa þær samkvæmt 6. gr. fyrnefndra laga 20. oktbr. 1905.

Eins og áður er tekið fram, verður söluverð jarðahlutanna ekki séð af afsalsbréfinu, og þar er ekki aðra upplýsingu um það að finna, en að þeir og aðrar fasteignir þær, er með þeim voru seldar, muni ekki vera meira virði en 23000 kr. Af hreppsnefndarinnar hálfu hefir engin sönnun verið færð fyrir fullyrðing hennar um að verðið hafi verið 7—8000 kr., en sú fullyrðing er að eins bygð á sögusögnum, sem ekkert verður á bygt, eins og þær liggja fyrir. Og þar sem áfrýjandi krefst þess, að verðið verði fundið eða ákveðið með mati óvilhallra manna, er það rétt, sem í dóminum er sagt, að engin lagaheimild er til að skylda stefnda til að selja jarðeignirnar eftir mati. Áfrýjandi á að eins rétt á að fá jarðeignirnar fyrir sama verð og þær voru seldar verzlunarfélaginu, og um það eru samhljóða skýrslur framkomnar í málinu fra kaupanda og seljanda, að það hafi verið 10000 kr. Þessum skýrslum hefir ekki verið á nokkurn hátt hnekt í málinu, og jafnvel ekki einu sinni tilraun gjörð til að færa líkur fyrir því, að verðið, 10000 kr., sé óvenjulega eða ósennilega hátt, og það var því rétt af undirdómaranum að leggja þessa upphæð til grundvallar fyrir dómi sínum, og ber því að staðfesta dóminn í aðalefni hans, þó svo, samkvæmt kröfu áfrýjanda, að frestur sá fyrir stefnda til að selja og áfrýjanda til að

ganga að kaupunum, sem ákveðinn er í aukaréttardóminum, teljist frá birtingu yfirréttardómsins. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins staðfestist, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Málflutningslaun hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda, er ákveðast 15 kr., ber að greiða af almannafé og vottast það, að málsfærslan af hans hendi hefir verið óaðfinnanleg.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo að frestur sá, er þar er veittur stefnda til að selja umræddar jarðeignir og áfrýjanda til að ganga að kaupum á þeim, skal teljast frá birtingu þessa yfirréttardóms. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, en málflutningslaun hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar, yfirréttarmálaflutningsm. Sveins Björnssonar, 15 krónur, greiðist af almannafé.

Ídæmdur málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 27/1909: Hið opinbera
gegn
S. A. Haakonsen og Lars A. Sekse.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, upp-

kveðnum 24. apríl þ. á., voru hinir kærðu S. A. Haakonsen, skipstjóri á gufuskipinu Victor, og Lars A. Sekse, útgjörðarmaður og eigandi sama skips, dæmdir fyrir ólöglegar síldveiðar í landhelgi til að sæta sektum samkvæmt 1. gr. tilsk. 12. febr 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og 1. gr. laga nr. 10, 31. júlí 1907, 200 kr. sekt hvor þeirra til landssjóðs og öll síldveiðarfærin og ólögmætur eða óverkaður afli skipsins skyldi upptækt og andvirði þess renna í landssjóð. Málskostnað allan skyldu hinir kærðu greiða einn fyrir báða og báðir fyrir einn.

Þessum dómi hefir, eftir ósk hinna dómfeldu, verið áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn 20. aprílmán. þ. á. komu hinir kærðu á gufuskipinu Victor til Ísafjarðar og lagðist skipið þar á innri höfninni (Pollinum), en daginn eftir lét útgjörðarmaður skipsins, hinn kærði Lars A. Sekse, kasta þar nót og draga á fyrir síld og var nótin landfest við svokallaðan Suðurtanga. Fengust í nótina alt að 100 tn. síldar og hirtu kærðu um 20 tn. en seldu hér um bil 10.

Með því að bæjarfógetinn á Ísafirði áleit að hér væri að ræða um ólöglega veiði í landhelgi, var mál þetta höfðað gegn kærðu fyrir lögreglurétti Ísafjarðarkaupstaðar og þeir dæmdir sem fyr segir.

Af skýrslum málsins sést það, að kærði S. A. Haakonsen, sem var skipstjóri á Victor, réði því ekki að veiði sú fór fram, er hér er kæruefnið, enda var hann ekki á skipinu, er nótinni var kastað, að eigandi skipsins og útgjörðarmaður, meðkærði Sekse, stóð fyrir veiðinni sjálfur. Það verður því að álíta, að veiðin hafi farið fram á ábyrgð kærða Sekse eins, og verður þá, þegar af þeirri

ástæðu, að sýkna kærða S. A. Haakonsen fyrir kæru hins opinbera í máli þessu.

Hvað kærða L. A. Sekse ákærir, þá verður ekki annað séð af málinu en að hann hafi verið talinn heimilisfastur á Íslandi jafnvel síðan árið 1902. Þá átti hann hús í Arnarfirði og stundaði þaðan fiskiveiðar þann tíma árs sem mögulegt var, og greiddi útsvar til sveitar; þaðan fór hann eftir 2 ár til Reykjarfjarðar, leigði þar fyrst hús en bygði síðan og hafði þar bækistöðu sína og greiddi sveitarútsvar, en fiskiveiðar rak hann hingað og þangað fyrir Norðurlandi. 1907 virðist hann og hafa fengið skrásett sem íslenzka eign geymsluskip, er hann átti, Lina að nafni, og hafði liggjandi á Akureyri.

Þar sem þannig virðist ástatt um búsetu Sekse og hagi, og engin vefenging er í því efni fram komin í málinu, verður eigi á það fallist, að hann er með lögregluéttardóminum dæmdur fyrir að hafa veitt hér við land sem útlendur maður, og talinn hafa orðið brotlegur gegn lögum þeim, er lögregluréttardómurinn vitnar til, tilsk. 12. febr. 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og lögum nr. 10, 31. júlí 1907, um breyting á þeirri tilskipun.

En þá kemur hitt til athugunar, sem lögregluréttardómurinn í ástæðum dóms síns aðallega telur kærða til áfellis, hvort hann hefir brotið gegn veiðilöggjöf Íslands með því, að veiði sú, er í málinu er átalin, hafi fram farið frá skipi, er eigi var skrásett sem íslenzk eign.

Í því tilliti er það upplýst, að kærði Sekse varð eigandi gufuskipsins Victor 4. ágúst 1907; 5. ágúst s. á. var skipið mælt á Akureyri og fekk hjá bæjarfógeta þar bráðabirgðar fiskiveiða- og skrásetningarskírteini. Þetta

eða þessi skírteini hafa eigi verið lögð fram í málinu eða eftirrit af þeim, en það verður að ætla, að þar sé átt við fiskiveiðaskírteini samkvæmt lögum 8. júlí 1902 og tilsk. 2. marz 1903, en með þeim er viðurkendur réttur hluteigandi skips sem íslenzks fiskiskips. Þetta skírteini hafði skipið meðferðis er það framdi veiði þá, er málið er höfðað út af. Stjórnarráðið hafði reyndar lýst því yfir, er bæjarfógeti sendi því skjöl skipsins eftir »bráðabirgðarskrásetninguna«, að það gæti ekki gefið út fullnaðar-skrásetningarskírteini handa skipinu eftir þeim skýrslum, er fyrir lægju um búsetu eigandans (L. A. Sekse), og bæjarfógetinn á Akureyri hafði tilkynt Sekse þetta, sem þá var í Noregi, og það með, að þar með teldi hann skrásetning skipsins ónýtta, og bæri Sekse að endursenda hið útgefna bráðabirgðar-skírteini. En þegar Sekse skömmu eftir kom með skipið til Akureyrar, í febrúarmánuði þ. á., var það afgreitt þar hjá bæjarfógeta sem íslenzkt skip, og lét bæjarfógeti skipið halda skírteininu til þess er úrskurður stjórnarráðsins um búsetuna væri fenginn, en lagði fyrir kærða að fara sem fyrst til Reykjavíkur til þess að fá málið um fullnaðarskrásetningu skipsins útkljáð hjá stjórnarráðinu. Kærði heldur því fram, að þannig hafi hann skilið bæjarfógeta, er hann lét hann halda skírteininu, og þar sem engin áritun virðist hafa verið skráð í skírtenið til að takmarka gildi þess frekara (sbr. tilsk. um skrásetning skipa 13. desbr. 1895, 13. gr. 5) álízt það ekki rétt að líta svo á, að kærða hafi verið fyrirmunað að haga ferð sinni til Reykjavíkur eftir hentugleikum sínum vegna fiskiveiðanna og nota skip sitt meðan á því stóð sem annað skrásett íslenzkt skip,

án þess það varðaði við lög, eða hann yrði fyrir það dæmdur fyrir að nota útlend skip við veiðar sínar.

Það verður samkvæmt þessu eigi álitið að kærði L. A. Sekse hafi með umræddum ádrætti fyrir síld á höfninni á Ísafirði gjörst sekur í ólöglegum fiskiveiðum, hvorki samkvæmt lögum þeim, er vitnað er til í hinum áfrýjaða dómi, né öðrum lagaákvæðum um fiskiveiðar í landhelgi, og ber því að sýkna einnig hann fyrir ákæru hins opinbera í málinu. Allur kostnaður málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra, á eftir þessum úrslitum málsins að greiðast af almannafé. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu S. A. Haakonsen skipstjóri og Lars A. Sekse útgerðarmaður eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður allur, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, greiðist af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors þeirra.

Mánudaginn 6. september.

Nr. 18/1909: Firmað Pétur M. Bjarnarson & Co.
gegn
eigendum firmans Pétur Jónsson og sonur skiftaráðandanum í Reykjavík fyrir hönd þrotabús Önnu Kr. Bjarnadóttur, Jóni Bj. Péturssyni og Önnu Kr. Bjarnadóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði fyrir gestarétti Reykjavíkur hið stefnda firma Pétur Jónsson og sonur gegn áfrýjandanum P. M. Bjarnarson & Co. á Ísafirði til greiðslu á borgun fyrir pjátursdósir handa niðursuðuverksmiðju áfrýjanda, og var málið dæmt í nefndum rétti 26. marz þ. á. Þeim dómi áfrýjaði stefndi, firmað Pétur Jónsson og sonur, til yfirdómsins til staðfestingar með stefnu dags. sama dag og dómurinn var kveðinn upp, og var gestaréttardómurinn staðfestur í öllum greinum af yfirdómi 21. júní þ. á. Þó að yfirdómurinn þannig hafi þegar með fullnaðardómi staðfest téðan aukaréttardóm, er þess þó krafist í máli þessu af áfrýjanda, að dóminum verði nú breytt af yfirdóminum, en þeirri kröfu verður eigi sint, og ber að vísa máli þessu frá yfirdómi eftir kröfu stefnda. Það er rétt, að áfrýjandinn greiði stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er álízt hæfilega ákveðinn 25 krónur, en það þykir ekki nægileg ástæða til að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa þrætu, eins og stefndu hafa krafist, þar sem mál þetta var þegar komið fyrir yfirdóminn, áður en fyrgreindur yfirréttardómur 21. júní þ. á var upp kveðinn.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn P. M. Bjarnarson & Co. greiði hinum stefndu eigendum firmans Pétur Jónsson og sonur málskostnað fyrir yfirdómi, 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 28/1909: Emil Strand
gegn
Oddi Gíslasyni
fyrir hönd H. Chr. Gregersen.

Dómur:

Hinn stefndi, Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum, verzlunarerindreka Emil Strand í Reykjavík, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér fyrir hönd H. Chr. Gregersen verksmiðjueiganda í Kristjaníu 248 kr. 04 a. fyrir sápu, er áfrýjandi E. Strand hafði selt fyrir nefndan Gregersen; undir rekstri málsins kannaðist stefnandi við að hafa fengið greitt 31 kr. 70 a., og færði þá kröfu sína niður í 216 kr. 34 a., og var málið dæmt í nefndum rétti 24. desember f. á. þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda hina umstefndu skuld 216 kr. 34 a. með 5 % vöxtum af henni

frá stefnudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað. Ennfremur var áfrýjandi dæmdur til að greiða 4 kr. sekt í landsjóð fyrir að mæta ekki á sáttafundi.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins, svo og fjárnámsgjörð, framkvæmdri 26. janúar þ. á. til fullnægingar téðum dómi, með stefnu dags. 29. maí þ. á., og hefir hann krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda fyrir undirrétti, og að hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði úr gildi feld að nokkru eða öllu leyti; svo krefst hann og málskostnaðar hjá stefnda fyrir báðum réttum. Stefndi hefir á hinn bóginn krafist þess, að dómurinn ásamt fjárnámsgjörðinni verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi heldur því fram, að hann skuldi stefnda ekkert, og færir hann til þær ástæður, að vantað hafi 1 kassa af 5, er sápan var send í, og hafi verðið á sápunni í þeim kassa numið 138 kr. 25 a., að stefndi hafi vanreiknað prósvision, er áfrýjanda bar, um 35 kr. 45 a., að áfrýjandi hafi greitt fyrir stefnda farmgjald af sápunni og flutningsgjald frá skipi, 14 kr. 45 a., og þvott á sápunni 10 kr., og að stefndi hafi sett verð á sápunni hærra en lofað var um 28 kr. 25 a. Verður þetta samtals 226 kr. 40 a., og eftir því ætti stefndi að vera í skuld við áfrýjanda um rúmar 10 kr.

Stefndi hefir mótmælt öllum þessum aðfinslum áfrýjanda sem ósönnum og heimildarlausum.

Umrædda sápu afgreiddi Gregersen verksmiðjueigandi til áfrýjanda frá Kristjaníu með skipi Wathnes erfingja, er fór til Seyðisfjarðar í ágústmánuði 1907 og var sápan í 5 kössum. Á Seyðisfirði tók Thyra, skip hins samein-

aða gufuskipafélags, við sendingunni og flutti hana til Reykjavíkur til áfrýjanda. Það er sannað með viðurkenningu hlutaðeigandi skipsafgreiðanda, að við nefndum 5 kössum var tekið í skipið í Kristjaníu, en í Reykjavík kannast áfrýjandi ekki við að hafa meðtekið nema 4 kassana, og hann hefir lagt fram vottorð frá afgreiðslu sameinaða gufuskipafélagsins um, að hann hafi kvartað yfir þessu, og segir afgreiðslumaður í vottorðinu það óupplýst, hvort hinum vantandi kassa hafi verið veitt viðtaka í Thyru á Seyðisfirði. Áfrýjandi hefir ómótmælt skýrt frá því, að hann hafi þegar í stað tjáð Gregersen vöntun kassans, og hvers hann saknaði af sápu þeirri, er honum var færð til reiknings, og gaf hann þannig Gregersen tækifæri til að leita réttar síns í tæka tíð gagnvart skipum þeim, er tekist höfðu flutninginn á hendur. Afrýjandi átti að hafa sápuna í umboðssölu fyrir Gregersen, en með því að það er ekki sannað gegn neitun hans, að hann hafi nokkurn tíma fengið fyrtéðan sápukassa, og það heldur ekki verður kent vanrækslu hans að kassinn týndist, eða að ekki var gengið eftir honum í tæka tíð, verður hann eigi skyldaður til að greiða stefnda andvirði þeirrar sápu, er í kassanum telst hafa verið, en áfrýjandi hefir gjört rækilega grein fyrir, að vantað hafi í sendinguna sápu fyrir 138 kr. 25 a., og verður sú upphæð að dragast frá kröfu stefnda.

Mótmælum stefnda gegn provision, farmgjaldi, flutningskaupi og borgun fyrir þvott á sápunni hefir áfrýjandi eigi reynt að hnekkja, eða sýna fram á, að hann eigi þessar kröfur á hendur stefnda. Til sönnunar því, að verðið á sápunni sé ofhátt sett, hefir áfrýjandi vitnað í verðskrá stefnda, er lögð hefir verið fram í málinu. Í

þessari skrá er verðið á sápunni að vísu nokkru lægra en í reikningnum, sem áfrýjandi meðtók frá stefnda með vörusendingunni, en það sést ekki hve verðskrá þessi er gömul, né að áfrýjandi hafi meðtekið hana frá stefnda, og getur hún því ekki komið til álita til að hnekkja reikningi stefnda, enda hefir áfrýjandi ekki látið þess getið, að hann hafi hreyft neinum aðfinslum við stefnda út af sápuverðinu í reikningnum.

Sápan var, svo sem fyr er getið, send áfrýjanda í umboðssölu, en hann hefir eigi haldið því fram, að neitt sé enn óselt af henni eða endursent stefnda, og hefir hann að öðru leyti ekki vefengt, að honnm beri að gjöra stefnda grein fyrir sápuverðinu.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi fengið 31 kr. hjá kaupmanni einum hér í bænum, er fengið hafi af sápunni hjá áfrýjanda, eða að minsta kosti gefið kvittun fyrir nefndri upphæð, en gegn mótmælum stefnda hefir áfrýjandi ekki sannað, að stefndi hafi veitt móttöku meira en þeim 31 kr. 70 a., er hann hefir kannast við og dregið frá kröfu sinni fyrir undirrétti.

Samkvæmt framanrituðu ber að breyta hinum áfrýjaða dómi svo, að frá hinni dæmdu skuldarupphæð séu dregnar 138 kr. 25 a. og áfrýjandi að eins dæmdur til að greiða stefnda 78 kr. 07 a. með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Um málskostnað fyrir bæjarþinginu og sekt fyrir að mæta eigi á sáttafundi á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirrétti virðist eftir þessum úrslitum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Emil Strand greiði stefnda Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd H. Chr. Gregersen 78 kr. 07 a. með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags Að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. september.

Nr. 36/1909: Réttvísin
gegn
Einari Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 26. júní þ. á., var hinn ákærði, trésmiður Einar Jónsson, dæmdur fyrir stórþjófnað samkvæmt alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 231. gr., 4. lið, til að sæta 1 árs betrunarhússvinnu; svo var hann og dæmdur til að greiða trésmíðaverksmiðjunni Völundi skaðbætur 521 kr. 20 a. með 5 % ársvöxtum frá 16. maí 1909 til borgunardags og loks var honum gjört að greiða allan sakar-

kostnaðinn. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu réttvísinnar.

Með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að hann hafi alloft, að því er hann minnir 7 sinnum, brotist inn í trésmíðaverksmiðjuna Völund hér í bæ og tekið þar peninga; ákærði hafði unnið um hálft þriðja ár í verksmiðju þessari og var honum því kunnug húsaskipun þar; svo var honum og kunnugt, hvar peningar verksmiðjunnar voru geymdir. Í fyrra haust hætti ákærði að vinna í verksmiðjunni, en um jólaleytið næst á eftir tók hann sér fyrir að brjótast þar inn og stela þar peningum úr peningaskáp verksmiðjunnar; gjörði hann það á sunnudagsmorgna, því að þá var mannlaust í verksmiðjunni, en annars var þar aldrei mannlaust, hvorki nótt né dag. Ákærði fór inn um hleragat sunnan á hlið verksmiðjuhússins inn í vélavinnustofuna og þaðan upp á loft í húsinu; fór þar inn í skrifstofuna með lykli frá vinnustofu þeirri, er hann hafði unnið í, en hann gekk að skrifstofudyrunum, og hafði ákærði lykilinn með sér. Peningana tók ákærði úr járnpeningaskáp í skrifstofuherberginu; komst hann í skápinn með lykli, er hann hafði sjálfur smíðað í því skyni; hafði hann nokkru fyrir jól í fyrra, er hann einu sinni var staddur í skrifstofunni, náð móti af lyklinum í kítti, sem hann hafði með sér til þess, og smíðað síðan lykilinn eftir mótinu; svo hafði hann sorfið til lykil, er gekk að skúffunni í peningaskápnum, án þess að hann hefði nokkurt mót af þessum lykli; svarf hann lykilinn til eftir minni. Með þessu móti fór ákærði alloft, sjö sinnum að hann minnir, eins og áður er sagt, í peningahirzlu Völundar, frá því um jól í fyrra og þangað til um miðjan

maímánuð síðastl., er hann var tekinn fastur fyrir þjófnaðinn; verksmiðjan Völundur tjáist hafa smátt og smátt mist um 2000 kr. úr peningahirzlu sinni í vetur er leið, en ákærði hefir eigi kannast við að hafa stolið meira frá henni en 736 kr. 20 aur., og eigi hefir tekist að sanna, að hann hafi stolið meiri peningum þaðan; af upphæð þessari hefir verksmiðjan fengið 215 kr. endurgoldnar, en fyrir eftirstöðvunum, kr. 531,20 hefir verið gjörð endurgjaldskrafa af hennar hálfu. Ákærði hefir kannast við, að hann hafi brúkað hina stolnu peninga í sínar þarfir, að því leyti hann var búinn að eyða þeim. Ofangreindar 215 kr. fundust í skrifborði hans, er hann var handsamaður, og hefir hann kannast við að það sé nálega sú upphæð, er hann tók í tvö síðustu skiftin, er hann braust inn í verksmiðjuna.

Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, og hefir eigi áður sætt dómi né refsingu fyrir neinn glæp. Afbrot hans, er hér hefir verið lýst, fellur undir 231. gr. 4. lið, alm. hegningarlaga, og þykir refsing sú, 1 árs betrunarhússvinna, hæfileg fyrir brotið, er aukaréttardómurinn hefir ákveðið, og með því að yfirrétturinn felst á ákvæði dóms þessa um iðgjöld og málskostnað, verður að staðfesta hann í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði

Einar Jónsson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist áður liðnar séu 8 vikur eftir lögbirtingu dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. september.

Nr. 34/1909: Jóhannes H. V. Sveinsson
gegn
Einari Markússyni og
Guðmundi Eggerz sýslumanni.

Dómur:

Þegar mál þetta samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 2. júlí þ. á. átti að taka fyrir í yfirdóminum 13. þ. m., kom áfrýjandi eigi í réttinn og enginn af hans hendi, en fyrir hönd hins stefnda sýslumanns Guðmundar Eggerz kom þar Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður og krafðist kosts og tæringar handa stefnda hjá áfrýjanda. Þessa kröfu ber að taka til greina og dæma áfrýjanda samkvæmt N. L. 1—4—34 til að greiða stefnda Guðmundi Eggerz 6 kr. í ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Jóhannes H. V. Sveinsson greiði stefnda Guðmundi Eggerz sýslumanni 6 kr. í ómaksbætur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðlör að lögum.

Mánudaginn 27. sepember.

Nr. 38/1909: Kristján Jónasson
gegn
Ólafi Finnssyni.

Dómur:

Þegar mál þetta samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 24. júlí þ. á. átti að taka fyrir í yfirdóminum 20. þ. m., kom áfrýjandi eigi í réttinn og enginn af hans hendi, en fyrir hönd stefnda kom þar Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður og krafðist kosts og tæringar handa stefnda hjá áfrýjanda. Þessa kröfu ber að taka til greina og dæma áfrýjanda samkvæmt N. L. 1—4—34 til að greiða stefnda 6 kr. í ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera.

Áfrýjandinn Kristján Jónasson greiði stefnda Ólafi Finnssyni 6 kr. í ómaksbætur, er lúkist innan 8

vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. október.

Nr. 21/1909: Brandur Bjarnason gegn Magnúsi Blöndahl.

Dómur:

Mál þetta höfðaði trésmiður Magnús Blöndahl í Reykjavík fyrir gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gegn áfrýjandanum Brandi Bjarnasyni frá Hallbjarnareyri, en síðan í Stykkishólmi, til greiðslu á andvirði fyrir bátmótor ásamt flutningsgjaldi til Reykjavíkur og innsetningu m. m. samtals 2434 krónum, og var málið dæmt í nefndum rétti 1. febr. þ. á., á þá leið, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda hina umstefndu upphæð ásamt 6 % vöxtum frá stefnudegi 21. október f. á. til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. apríl þ. á., og krafist þess, að dóminum verði breytt svo, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan kost og tæring fyrir óþarfa málssókn, og hvernig sem málið fer, málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hef-

ir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda eftir mati réttarins.

Snemma á árinu 1906 varð það að samningum milli áfrýjanda og Bjarna Þorkelssonar bátasmiðs í Reykjavík, að Bjarni útvegaði áfrýjanda mótorbát með tilheyrandi vél, er hefði 6 hesta afl, og átti báturinn að vera kominn til Stykkishólms fyrir miðjan maímánuð það ár. Greiddi áfrýjandi Bjarna fyrirfram upp í andvirði bátsins 550 kr., en það var gjört ráð fyrir að báturinn með vélinni mundi alls kosta 2500—2600 kr. Í ágústmánuði næst á eftir hafði áfrýjandi þó ekki enn fengið bátinn, en þá (28. ágúst) ritaði stefndi, Magnús Blöndahl, honum bréf, og sagði honum frá, að Bjarni Þorkelsson hefði beðið sig að kaupa fyrir áfrýjanda 6 hesta Dan-mótor í bát, er áfrýjandi ætti að fá hjá Bjarna, og hafi hann gjört þetta og sé mótorinn kominn og settur í bátinn, en verðið fyrir mótorinn ásamt innsetningu o. fl., er hann sagði vera 2434 kr., yrði að greiða að minsta kosti að $^2/_3$ hlutum um leið og Magnús slepti mótornum úr sínum höndum, og að $^1/_3$ hluta eftir 3 mánuði, og mæltist stefndi til þess, að áfrýjandi gjörði ráðstafanir til að borgun þessi yrði greidd áður en báturinn færi burtu, eða semdi að minsta kosti við sig um borgunina. Áfrýjandi svaraði bréfi þessu 16. september næst á eftir, kannaðist við að hafa pantað bát og vél hjá Bjarna Þorkelssyni, en lét í ljósi að sér þætti eðlilegt, að stefndi vildi ekki sleppa vélinni úr höndum sér, án þess meiri hluti hennar sé borgaður strax. Lýsir það sér í bréfinu, að áfrýjanda er áhugamál að fá bátinn vestur hið allra fyrsta, og stingur hann upp á því, að báturinn sé send-

ur kaupmönnum þar vestra, er sleppi honum því að eins við sig, að það verði áður trygt, að vélin, »sem þér (stefndi) takið borgun fyrir, verði skilvíslega borguð«. En síðar segir svo í bréfinu »og eg get fullvissað yður um það, og legg drengskap minn við, að þér skuluð ekki verða dreginn á borgun fyrir vélina þegar hún er komin í mínar hendur, og verði hún óskemd«. Þessu bréfi svaraði stefndi svo 27. s. m., að hann »ætlaði óhræddur að treysta áfrýjanda með skilvísa greiðslu fyrir vélina í bátnum« og mundi báturinn verða sendur áfrýjanda strax og mögulegt væri. Snemma í október fekk áfrýjandi bátinn með vélinni, en ekki fekk stefndi borgun fyrir vélina, og neitaði áfrýjandi að greiða honum hana, er hann krafði hann síðar um hana, og höfðaði stefndi því mál þetta gegn honum, en því máli lyktaði sem fyr segir.

Dómkrafa stefnda í máli þessu, sem tekin var til greina af gestaréttinum, var bygð á því, að áfrýjandi hefði með ummælum sínum í fyrgreindu bréfi 18. sept. 1906 skuldbundið sig til að greiða stefnda andvirði mótors þess, er mál þetta er höfðað út af, með þeirri upphæð, er krafist var í framannefndu bréfi stefnda 28. ágúst 1906, eða 2434 kr., og það getur ekki verið vafi á því, að bréfið 18. sept. 1906 verður að skiljast svo, að áfrýjandi hafi þar tekið sér þessa skuldbindingu á herðar gagnvart stefnda. Það losar ekki áfrýjanda undan þeirri skuldbindingu, þótt hann hafi pantað upphaflega bæði bátinn og mótorinn hjá Bjarna Þorkelssyni. Stefndi skýrði áfrýjanda greinilega frá því, í bréfinu 28. ágúst 1906, sem bréfið 18. sept. s. á. var svar upp á, að hann (stefndi) hefði pantað vélina fyrir áfrýjanda eftir tilmælum Bjarna

Þorkelssonar, og tjáði honum, að hann mundi ekki láta mótorinn frá sér nema áfrýjandi borgaði sér hann, eða lofaði að gjöra það. Og áfrýjandi lofaði þessu. Hann gjörði það í bréfinu 18. sept. 1906; samþykti þá að stefndi ætti beint við sig um borgun á mótornum. Eftir þetta áttu þeir beint kaupin saman um mótorinn, stefndi og áfrýjandi Áfrýjandi getur því ekki vísað á bug kröfum stefnda á hendur honum um borgun fyrir mótorinn með því að bera það fyrir, að hann hafi samið við Bjarna Þorkelsson einan um útvegun bæði á bát og mótor, og að hann hafi þegar borgað mótorinn með því að fá Bjarna borgunina, en á þessari ástæðu er vörn hans í málinu bygð. Skýrslur málsins bera það fullkomlega með sér, að mótorinn var útvegaður af stefnda handa áfrýjanda, að áfrýjandi hefir lofað stefnda að sjá um, að honum yrði borgaður hann skilvíslega, að stefndi slepti þá fyrst mótornum úr sínum höndum, er hann hafði fengið þetta loforð áfrýjanda í bréfinu 18. septbr. 1906, og loks að stefndi hefir enn þá ekki fengið borgun þessa greidda; hvorki frá áfrýjanda né Bjarna Þorkelssyni, er áfrýjandi heldur fram, að hafi átt að greiða stefnda hana. En þar sem áfrýjandi þannig eigi hefir fullnægt skuldbinding sinni, að borga stefnda verð mótorsins með innsetningu m. m., verður að dæma hann til þess að greiða stefnda þá upphæð í því skyni, sem stefndi hefir krafist og áfrýjandi ekki haft það sérstaklega að athuga við, að hún væri of há, og að auki vexti, svo sem í gestaréttardóminum er ákveðið. Það ber því að staðfesta dóm þenna í heild sinni, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Brandur Bjarnason greiði stefnda Magnús Blöndahl í Reykjavík í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. október.

Nr. 11/1909: Árni Sveinsson
gegn
Hannesi Thorsteinson
fyrir hönd Leontio Warburgs Sön & Co.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Hannes Thorsteinson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd hinna stefndu Leontio Warburgs Sön & Co. í Kaupmannahöfn fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar á hendur áfrýjandanum, Árna Sveinssyni kaupmanni á Ísafirði, og lauk því svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 10. marz þ. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða hinum stefnda viðskiftaskuld kr. 6389,13, með 6 % vöxtum frá 30. apríl 1906 unz greitt yrði, og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. maí þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi, áfrýjandi sýknaður af

öllum kærum og kröfum hinna stefndu og þeir dæmdir í málskostnað eftir mati yfirdómsins. Hinir stefndu krefjast þess aftur á móti, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að þeim verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Viðskifti þau, er mál þetta er risið út af, byrjuðu árið 1903. Þá um vorið, er áfrýjandi var staddur í Kaupmannahöfn, samdi hann við hina stefndu meðal annars um það, að þeir skyldu senda honum timburfarm til Ísafjarðar þá um sumarið. Hann samþykti þá og víxil frá stefndu, að upphæð kr. 2229.60. Þessi fjárhæð átti þó ekki að vera borgun upp í viðarfarminn, en áfrýjandi ætlaði með víxlinum að hjálpa öðrum manni til að borga skuld, er hann var í við stefndu. Viðarfarmurinn kom til Ísafjarðar í júnímánuði, og sendu hinir stefndu stjórn sparisjóðsins þar farmskjölin, með þeim fyrirmælum, að þau skyldu afhent áfrýjanda, gegn því að hann greiddi andvirði farmsins og flutningsgjald kr. 6523.50, eða setti tryggingu, er sparisjóðnum þætti nægileg fyrir því, að fé þetta yrði greitt hinum stefndu í byrjun ágústmán. s. á. Áfrýjandi gat eigi eða vildi eigi ganga að þessum kostum, og sparisjóðsstjórnin sendi því eftir fyrirlagi hinna stefndu P. J. T. Halldórssyni, sem þeir tjáðu vera fulltrúa sinn í þessu máli, farmskjölin til ráðstöfunar, en hann afhenti áfrýjanda farminn og fól honum að selja timbrið og sjá um að andvirðið, fyrgreind upphæð kr. 6523,50 yrði greitt stefnda fyrir 1. ágúst. Samkvæmt því seldi áfrýjandi trjáviðinn, eða svo mikið af honum, sem nam téðri upphæð, og hafa hinir stefndu fengið greitt kr. 1243.96 af andvirðinu, en meiri hluti þess kr. 5291.27, sem áfrýjandi gaf hinum stefndu ávísun fyrir 18. júlí s.

á. á hendur Louis Zöllner í Newcastle, sem keypti mestan hluta farmsins, fengu þeir ekki greiddan, með því að Zöllner innleysti ekki ávísunina.

Í reikningi (Konto Kurant) hinna stefndu til áfrýjanda fyrir árið 1903 eru 2 framangreindir póstar, víxilupphæðin kr. 2151.42 og timburverðið, kr. 6523.50 taldir áfrýjanda til skuldar, og er ágreiningur málsaðilanna fyrir yfirdómi aðallega um þá með því að áfrýjandi heldur því fram, að engin heimild sé til að krefja sig um þessar fjárhæðir.

Um víxilkröfuna skýrir áfrýjandi svo frá, að hann hafi samþykt víxilinn til þess að hjálpa P. J. T. Halldórssyni til að borga skuld hans til stefndu, en það hafi verið skilyrði frá sinni hálfu og loforð af hálfu hinna stefndu, að hann (áfrýjandi) yrði aldrei krafinn um víxilupphæðina þannig, að hann þyrfti að borga hana úr eigin vasa. Þessi skýrsla styðst þó ekki við neitt er fram er komið í málinu annað en vefengdan og óeiðfestan vitnisburð P. J. T. Halldórssonar. En hins vegar sést það af bréfi áfrýjanda til stefndu og er viðurkent af honum, að hann hefir innleyst umræddan víxil með því að greiða stefndu upp í hann 500 kr. og samþykkja víxil handa þeim fyrir afganginum, og hann tók á móti ársreikningnum 1903 frá stefndu umyrðalaust um þessa víxilupphæð. Hinir stefndu lýsa það algjörlega rangt, að víxillinn hafi verið bundinn neinu skilyrði eða loforði, enda verður það eigi talið sennilegt, að stefndu hefðu álitið sig neinu nær, að ná skuld sinni hjá P. J. T. Halldórssyni, þó að áfrýjandi hefði látið þeim í té víxil fyrir skuldinni, er honum var eigi skylt að innleysa. Það verður því eigi á það fallist, að áfrýjandi sé ranglega krafinn af stefndu um þessa víxilupphæð.

Mótmæli sín gegn kröfu hinna stefndu um andvirði viðarfarmsins byggir áfrýjandi á því, að hann hafi eigi keypt viðinn af stefndu, en P. J. T. Halldórsson hafi fengið sér hann í umboðssölu; hafi áfrýjandi ráðstafað farminum eftir fyrirmælum hans og í samráði við hann sem fulltrúa hinna stefndu; með hans samþykki hafi það verið að áfrýjandi seldi Zöllner meiri hluta farmsins og gaf út ávísun á hann fyrir andvirðinu, og þegar þessi ávísun var komin í hendur hinum stefndu og eftirstöðvar af timburverðinu kr. 1243.96, sem fyr getur, hafi P. J. T. Halldórsson litið svo á, að fult andvirði farmsins væri komið í hendur umbjóðendum sínum. Þessi frásögn áfrýjanda kemur heim við vitnisburð P. J. T. Halldórssonar í málinu, óeiðfestan þó, og áfrýjandi hefir lagt fram skjal frá honum, dags. 21. marz 1908, er segir áfrýjanda kvittan af öllum kærum og kröfum hinna stefndu.

Bréfaviðskifti áfrýjanda við hina stefndu benda þó á, að málavextir séu á annan veg en hann skýrir frá. Í ársreikningi 1903, er stefndu sendu áfrýjanda með bréfi 14. janúar 1904, var, eins og fyr er getið, timburverðið alt talið honum til útgjalda, og beiddu stefndu hann að færa upphæðina, er hann skuldaði samkvæmt reikningnum, inn í næsta viðskiftareikning og láta þá fá viðurkenningu fyrir henni við tækifæri. Í bréfi 29. febr. s. á. kannast áfrýjandi við að hafa meðtekið reikninginn og gjörir athugasemdir við nokkrar oftaldar vaxtaupphæðir, en finnur ekki að því, að honum er færður timburfarmurinn til skuldar. Þetta, svo og það, að áfrýjandi hefir eigi gjört stefndu nein reikningsskil fyrir umboðssölu á viðarfarminum, verður að telja viðurkenningu af hans hendi um að hann hafi keypt farminn af stefndu, en ekki

haft hann í umboðssölu frá P. J. T. Halldórssyni, og er þetta í samræmi við önnur bréf áfrýjanda til stefndu, eftir að P. J. T. Halldórsson hafði afhent honum farminn. Í bréfi 8. júlí tilkynnir hann þeim, að hann hafi selt Zöllner mestan hluta farmsins og muni gefa út víxil á hendur honum til stefndu fyrir andvirðinu, en eftirstöðvar af timburreikningnum býst hann við að geta sent 4. ágúst. Með bréfi 8. júlí sendir hann stefndu farmskírteini yfir timbrið, er hann seldi Zöllner og ávísun á hann dags. sama dag, sem áður er sagt, og endurtekur loforð sitt um að senda þeim eftirstöðvarnar 4. ágúst, og loks kemst áfrýjandi í bréfi 17. október svo að orði: »Í Tilfælde af at Hr. Zöllner ikke har udbetalt Anvisningen, har jeg stillet Hr. Kr. Halldórsson paa Hr. P. J. T. Halldorssons Anmodning Sikkerhed, saaledes at De aldrig kommer til at tabe ved Sagen«. Alt þetta sýnir, að áfrýjandinn leit svo á, að hann væri í skuld við hina stefndu um timburverðið og ætti að greiða þeim það, en skoðaði sig ekki sem umboðsmann P. J. T. Halldórssonar við sölu á viðarfarminum. Ávísun hans á hendur Zöllner verður að telja skilyrðislaust borgunarloforð, og það er eigi rétt, sem áfrýjandi heldur fram, að stefndu hafi fyrirgjört rétti sínum með því að vanrækja að innheimta hana eða ganga of seint eftir borgun á henni, því að þeir létu afsegja ávísunina 7. ágúst s. á. sökum greiðslufalls. Samkvæmt farmskírteini því, er áfrýjandi lét fylgja timbrinu til Zöllners og sendi hinum stefndu eitt eintak af, afgreiddi hann að sönnu timbrið fyrir hönd stefndu, svo að eftir því áttu þeir að vera seljendur og eiga aðgang að Zöllner um timburverðið; en hafi þetta verið hugsun áfrýjanda, þegar hann sendi farmskírteinið, þá hefir

hann horfið frá henni síðar, eins og fyrgreind bréf hans 17. okt. 1903 og 29. febr. 1904 til stefndu sýna. Áfrýjandi var því kaupandi farmsins og átti að standa þeim skil á andvirðinu.

Þá er það ennfremur varnarástæða áfrýjanda, að hann hafi gjört umboðsmanni stefndu P. J. T. Halldórssyni full skil fyrir andvirði viðarfarmsins á þann hátt, að hann hafi afsalað honum muni þá, er hann hafði veðsett stefndu fyrir skuldinni og fengið fullnaðarkvittun fyrir henni 21. marz 1908, sem fyr segir. En hinir stefndu segja þessa kvittun hans markleysu og mótmæla því, að hún komi til nokkurra greina; hún sé gefin út löngu eftir að mál þetta var höfðað, og P. J. T. Halldórsson hafi aldrei, sízt eftir að mál þetta byrjaði, 17. ágúst 1906, haft neitt umboð til að taka á móti borgun á skuldinni eða kvitta fyrir hana vegna stefndu.

Eins og áður er sagt, vísuðu hinir stefndu sparisjóðsstjórninni á Ísafirði á P. J. T. Halldórsson sem fulltrúa sinn til að ráðstafa timburfarminum, ef á þyrfti að halda, og í bréfi til áfrýjanda 22. júlí 1905 segja þeir, »at det forholder sig rigtigt, at P. J. T. Halldórsson var vor Repræsentant i den omhandlede Sag«, enda hafði hann þá og virðist enn hafa undir höndum muni þá, er áfrýjandi veðsetti fyrir timburverðinu. Hversu umboði þessu hefir verið háttað, sést ekki af skjölum málsins, en það verður að telja víst, að eftir að P. J. T. Halldórsson fekk vitneskju um að mál þetta var höfðað, en það fekk hann í bréfi áfrýjanda 1. sept. 1906, hafi hann eigi haft heimild til að gjöra neitt, er færi í bága við ráðstöfun stefnda til að ná inn skuldinni með málssókn. Hann var því ekki eftir það bær um að taka hina veðsettu muni til eignar fyr-

ir hönd stefndu eða kvitta fyrir allri skuldinni. Fyrgreind kvittun hans 21. marz 1908 verður því eigi talin gild og getur eigi losað áfrýjanda við greiðslu skuldarinnar, með því að honum hlaut að vera ljóst, að þessar ráðstafanir P. J. T. Halldórssonar væru óheimilar, eftir að stefndu höfðu falið öðrum manni að innheimta skuldina með lögsókn.

En áður en málið var höfðað, eða fyrir 1. janúar 1906, voru greiddar kr. 2621.60 til P. J. T. Halldórssonar fyrir nokkra af hinum veðsettu munum, er komið hafði verið í peninga. Hinir stefndu hafa reyndar vefengt þetta, en mótmæli þeirra ein geta eigi hrundið yfirlýsingu umboðsmanns þeirra um þetta atriði, enda er það ómótmælt og sést í ársreikningi hinna stefndu 1904 til áfrýjanda, að 1200 kr. af nefndri upphæð fyrir saltfisk, er var partur af verðinu, hafa verið greiddar stefndu og eru taldar áfrýjanda til tekna í reikningnum. Þessi greiðsla og kvittun P. J. T. Halldórssonar fyrir henni verður að teljast gild gagnvart hinum stefndu, og á því áfrýjandi rétt á, að nefndar kr. 2621.60 verði dregnar frá kröfu þeirra, að því leyti sem þær hafa ekki komið til reiknings, en af þeim eru 1200 kr., sem fyr segir, færðar tekjumegin hjá áfrýjanda í reikningnum 1904. Samkvæmt þessu ber að færa niður kröfu hinna stefndu um kr. 1421,60, en dæma áfrýjanda til að greiða þeim kr. 4967,53, með vöxtum eins og segir í gestaréttardóminum. Ákvæði hans um málskostnað staðfestast og, en málskostnað fyrir yfirdóminum þykir rétt að láta falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, Árni Sveinsson kaupmaður, greiði Hannesi Thorsteinson yfirréttarmálaflutningsmanni

fyrir hönd hinna stefndu Leontio Warburgs Sön & Co. 4967 kr. 53 a. með 6 % vöxtum frá 30. apríl 1906 til borgunardags. Um málskostnað í héraði á gestaréttardómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. nóvember.

Nr. 33/1909: Sigríður Guðjónsdóttir
Anna Runólfsdóttir,
Margrét Guðmundsdóttir
Þóra J. Einarsson,
Nicolai Hansen og
Jórunn Bjarnadóttir
gegn
Sigríði Jónsdóttur.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af hinni stefndu, er áður var ráðskona í geðveikrahælinu á Kleppi, út af ummælum, er stefnendurnir, er voru hjúkrunarfólk í nefndu hæli, hafa haft um stefndu í erindi til stjórnar hælisins, dags. 10. júní 1908, en hin átöldu ummæli eru þessi: »Hún hefir smittandi sjúkdóm og er sóðafengin með mat; þar af leiðandi álítum við að framtíð heilsu okkar sé í voða stödd«, og krafðist stefnda þess fyrir

bæjarþinginu, að téð ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk og stefnendurnir dæmdir til hegningar fyrir þau og skaðabóta, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, 2000 kr. eða eftir réttarins mati, svo og til greiðslu málskostnaðar. Með bæjarþingsdómi uppkveðnum 17. júní þ. á. voru ummælin dæmd dauð og marklaus og stefnendurnir hvert um sig í 30 kr. sekt til landssjóðs og til vara 8 daga einfalt fangelsi, svo og eitt fyrir öll og öll fyrir eitt í 60 kr. málskostnað. Dómi þessum hafa hin dæmdu áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu útgefinni 29. júní þ. á., og krafist þess, að dómurinn, með eða án heimvísunar, verði úr gildi feldur og áfrýjendurnir sýknuð af kærum og kröfum stefndrar, Sigríðar Jónsdóttur, og hún dæmd í málskostnað. Stefnda hefir ekki gagnáfrýjað, en krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Það verður nú að vísu að telja sannað í málinu, að stefnda, er hún var ráðskona í geðveikrahælinu, hafi haft sár á lærinu, er útferð var úr, og læknir hefir álitið að stafaði af berklum, en í hinum átöldu orðum í sambandi við eftirsetninguna felst aðdróttun um, að stefnda hafi farið svo ógætilega með sárið og umbúðirnar um það, að heilsu áfrýjendanna hafi verið hætta búin, enda hafi áfrýjendurnir haldið því fram, að stefnda hafi ekki verið svo varkár með umbúðirnar eins og skyldi, og hafa því til sönnunar skírskotað til vitnaframburðar um það, að það hafi komið fyrir, að stefnda hafi soðið umbúðirnar á eldavélinni í eldhúsinu og þvegið þær þar síðan, en þar sem þetta fór fram eftir að búið var að elda og matur burt borinn, getur það ekki heimilað hina meiðandi aðdróttun

gegn stefndu. Þá hafa áfrýjendurnir ekki heldur sannað, að stefnda hafi verið sóðafengin með mat, er telja verður meiðandi fyrir hana, er hún var í slíkri stöðu, er að framan getur. Það verður því að telja það rétt, að 219. gr. hinna almennu hegningarlaga er beitt gegn áfrýjendum í bæjarþingsdóminum út af þessu og ummælin dæmd ómerk og áfrýjendur látnir bera málskostnað. Þar sem sektin virðist þar og hæfilega ákveðin, ber að staðfesta bæjarþingsdóminn að öllu leyti. Og eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum in solidum að greiða stefndu 20 kr. í málskostnað fyrir landsyfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjendurnir Sigríður Guðjónsdóttir, Anna Runólfsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Þóra J. Einarsson, Nicolaj Hansen og Jórunn Bjarnadóttir, skulu greiða stefndu, Sigríði Jónsdóttur, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt 20 kr. í málskostnað fyrir landsyfirdómi.

Dóminum' að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 40/1909: Ingólfur Kristjánsson
gegn
Birni Líndal fyrir hönd hlutafélagsins Jaðar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi Björn Líndal cand. juris

fyrir hönd hlutafélagsins Jaðar í Stafangri fyrir gestaréttí Akureyrarkaupstaðar á hendur áfrýjanda Ingólfi skipstjóra Kristjánssyni út af vanskilum á salti og tunnum, er áfrýjandi tók til flutnings til síldarútgerðar félagsins á Íslandi.

Urðu þau úrslit málsins fyrir gestaréttinum, að áfrýjandi var með dómi réttarins, uppkveðnum 20. júní þ. á., dæmdur til að greiða stefnda fyrir hönd hlutafélagsins 1150 kr. fyrir saltið og tunnurnar og skaðabætur alt að 2375 kr. eftir dómkvaddra manna mati, báðar þessar upphæðir með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. júlí þ. á., og krafist þess að dóminum verði breytt þannig, að ídæmd upphæð kr. 1150,00 verði færð niður í kr. 1035,00 og að hann verði sýknaður bæði af skaðabótakröfu og vaxtakröfu stefnda, en að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Hinn stefndi hefir eigi mætt né látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt honum sé löglega stefnt, og verður því málið dæmt eftir framlögðum gögnum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Í júlímánuði 1907 var áfrýjandi í Stafangri í Noregi á skipi sínu Grótta og ætlaði þaðan til Eyjafjarðar. Réðist þá svo fyrir milligöngu Ingimundar nokkurs Einarssonar, að áfrýjandi tók til flutnings af hlutafélaginu Jaðar 250 tunnur fyltar salti og tómar tunnur, er stefndi taldi verið hafa 69 að tölu, en áfrýjandi að eins 50; kemur hin síðari talan að eins til greina eins og málið liggur fyrir yfirdóminum. Flutning þennan átti áfrýjandi að afhenda skipi félagsins »Magdalene« á Eyjafirði við Hrísey

eða á Siglufirði, að sögn stefnda, en að sögn áfrýjanda var eigi annar afhendingarstaður tiltekinn en Hrísey á Eyjafirði. Farmskírteini (Konnossement) gaf áfrýjandi eigi út, og eigi var neinn annar skriflegur samningur gjörður um flutninginn. Þegar áfrýjandi kom til Hríseyjar á Eyjafirði hitti hann eigi Magdelene þar, en á Akureyri frétti hann, að hún væri á Siglufirði. Hann tók þá það ráð, að flytja saltið og tunnurnar í land á Akureyri eða meiri hluta þess, en síðan hefir flutningurinn ekki komið til skila eins og tilætlað var, eða félaginu á annan hátt verið gjörð grein fyrir honum.

Stefndi heldur því fram, eins og fyr er getið, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að fara inn á Siglufjörð, en hafi eigi að eins vanrækt það, heldur og siglt fram hjá Hrísey, án þess að spyrjast þar fyrir um Magdalene, beint til Akureyrar, og þar hafi hann ráðstafað flutningnum í sínar þarfir, selt sumt af honum 2 kaupmönnum þar en farið með sumt aftur, siglt með það framhjá Siglufirði og verið lengi með það í hafi, en loksins fengið það í hendur óviðkomandi, miður áreiðanlegum manni á Siglufirði, sem aldrei hafi skilað því áftur, og um allar þessar ráðstafanir hafi Magdalene eða stefndi enga vitneskju fengið fyr en eftir að síldveiðitíminn var úti. Fyrir þessi samningsrof áfrýjanda tjáist félagið hafa beðið 2375 kr. tjón, með því að Magdalene hafi vegna saltleysis orðið að fleygja 475 tunnum af síld, er það metur 5 kr. virði hverja.

Áfrýjandi hefir tekið það fram, að skip hans Grótta sé fiskiskip, ekki flutningaskip, að hér sé um tækifærisflutning að ræða og að ekkert farmskírteini hafi verið gefið út; fyrir því lítur hann svo á, að eigi verði beitt jafnströng-

um reglum um flutning þenna eins og þegar um venjulegan vöruflutning er að ræða. Að öðru leyti heldur áfrýjandi því fram, að um annan affermingarstað en Hrísey hafi eigi verið samið, en þar hafi Magdalene ekki verið þegar hann kom á Eyjafjörð, og þar hafi hann ekki getað fengið áreiðanlegar fregnir um hvar hún væri. Þegar hann kom til Akureyrar, hafi hann þurft að losna við flutninginn sem fyrst, til þess sð komast út á síldveiðar, en það hafi verið vandkvæðum bundið og töluverðum kostnaði, að afferma flutninginn þar í móttakandans nafni; hafi hann því álitið haganlegast fyrir Magdalene, að láta saltið og tunnurnar til tveggja kaupmanna á Akureyri í skiftum fyrir sömu vörur, er þeir skyldu afhenda Magdalene á Siglufirði, og með því hann hafi þá fengið að vita, að skipið væri þar, hafi ráðstöfun verið gjörð til þess, að því væri skilað vörunum á Siglufirði 4—5 dögum síðar, en þá hafi skipið verið farið þaðan, svo að ekki hafi náðst til þess. En hinu neitar áfrýjandi, að hann hafi tekið neitt af vörunum með sér frá Akureyri.

Það verður nú ekki álitið skifta máli um ábyrgð áfrýjanda á margnefndum flutningi, að hann gaf ekki út farmskírteini eða að skip hans var ekki vöruflutningaskip, en það verður að meta skyldu hans í þessu efni eftir venjulegum reglum og eftir því sem upplýst er um samning hans við hlutafélagið.

Það er enginn vafi á því, að hlutafélagið ætlaðist til að flutningnum yrði skilað í margnefnt skip, Magdalene, og því er ekki mótmælt, að aðalstöðvar skips þessa hafi verið á Siglufirði sumarið 1907 um síldarveiðitímann. Þetta gjörir það sennilegt, að félagið hafi tilnefnt Siglufjörð auk Hríseyjar, sem viðtökustað flutningsins, og áskil-

ið að hann yrði afhentur Magdalene á hvorum staðnum sem hún yrði, er áfrýjandi kæmi til Eyjafjarðar, og með því að vegarlengdin frá mynni Eyjafjarðar inn á Siglufjörð er svo stutt, að það hefði eigi verið nein veruleg töf fyrir áfrýjanda að fara þangað inn, verður og að telja það sennilegt, að hann hefði ekki látið það standa fyrir samningum, að skila flutningnum á Siglufirði. Og að áfrýjandi hafi lofað þessu, styðst enn fremur við vitnisburð fyrnefnds Ingimundar Einarssonar, sem hann hefir staðfest með eiði, en hann ber það, að áfrýjandi hafi að sér áheyranda lofað ráðsmanni hlutafélagsins að skila flutningnum í Magdalene við Hrísey á Eyjafirði eða á Siglufirði, og að ráðsmaðurinn hafi tekið það fram við áfrýjanda, að skipið mundi að öllum líkindum liggja á Siglufirði, þegar hann kæmi til Íslands. Áfrýjandi telur þetta vitni vilhalt, af því það hafi verið viðriðið samninga um flutninginn. En með því að ekkert er í málinu komið fram um það, að úrslit þess geti á nokkurn hátt snert hagsmuni vitnisins, verður framburður þess að hafa fult gildi, og virðist eftir öllum málavöxtum mega telja þetta næga sönnun fyrir loforði áfrýjanda um að skila flutningnum á Siglufirði, ef til kæmi.

En þó að þessi sönnun þætti ekki nægileg, verður þó eigi séð, að meðferð áfrýjanda á flutningnum hafi að öðru leyti verið svo óaðfinnanleg eða svo vel ráðin í þarfir stefnda, að það geti firrt áfrýjanda allri ábyrgð. Það er viðurkent, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að flytja vörurnar í Magdalene liggjandi við Hrísey, en þegar hann hitti eigi skipið þar og taldi sér óskylt að leita þess annarstaðar, lá það beint við að færa flutninginn í land í Hrísey, þar sem búast mátti við að skipið mundi

síðar koma, en áfrýjandi gjörði enga tilraun til þess, þó að eigi sé upplýst, að nein vandkvæði hefðu verið á því, vegna veðurs eða af öðrum ástæðum. Þá verður það og eigi séð eða talið sannað, að nein nauðsyn hafi knúð áfrýjanda til að ráðstafa flutningnum á Akureyri, eins og hann gjörði, og þó að hann hefði álitið framangreind skifti á saltinu haganleg fyrir hlutafélagið, bar honum að sjálfsögðu, jafnframt og hann gjörði þau, að annast um að félagið eða Magdalene fengi sem fyrst vitneskju um þessa ráðstöfun, en það er eigi sannað gegn mótmælum stefnda, að áfrýjandi hafi gjört neina gangskör í þá átt. Það verður því að fallast á þá skoðun undirdómarans, að ráðstöfun áfrýjandu á farminum hafi eigi verið réttmæt, enda virðist viðurkenning um þetta felast í því, að áfrýjandi hefir boðið fram borgun fyrir vörurnar. Það verður þá að skylda áfrýjanda til að endurgjalda stefnda andvirði farmsins. Um verð hans, kr. 1150,00 er enginn ágreiningur, en áfrýjandi krefst, að frá þessari upphæð verði dregið vangoldið flutningsgjald 100 kr., og 15 kr. fyrir vinnu við að láta saltið í tunnurnar áður en hann tók það í skipið, samtals 115 kr., þannig að honum gjörist eigi að greiða stefnda meir en 1035 kr., vaxtalaust. Það er viðurkent, að áfrýjandi hafi meðtekið 150 kr. fyrir flutning á farminum, en hann heldur því fram, að samið hafi verið um 250 kr., svo að stefndi eigi sér enn ógreiddar 100 kr. af þessu gjaldi. En þetta er ósannað og vefengt af stefnda, og þó að samið hafi verið um hærra flutningsgjald en stefndi viðurkennir, verður áfrýjandi eigi talinn eiga tilkall til þess, er á kann að vanta, eða annarar greiðslu út af flutningnum, þar sem hann samkvæmt framansögðu hefir eigi uppfylt flutningssamn-

inginn af sinni hálfu. Nefndar 115 kr. verða því eigi dregnar frá kröfu stefnda, en áfrýjanda ber að greiða honum 1150 kr. með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags. En um frekari vexti verður ekki að ræða, með því að stefndi hefir ekki áfrýjað gestaréttardóminum.

Skaðabótakrafa stefnda styðst við það, eins og áður er sagt, að Magdalene hafi orðið að fleygja 475 tunnum af síld fyrir það, að henni brást saltið með Gróttu. Áfrýjandi mótmælir þessari kröfu eindregið og telur hana fjarstæðu. Stefndi hefir nú eigi heldur reynt að sanna, að hann hafi beðið þetta tjón af völdum áfrýjanda, og hann hefir jafnvel eigi sýnt fram á, að Magdalene hafi verið kunnugt um, að salt handa henni væri væntanlegt með Gróttu, svo að hún fyrir þá sök hefði haft ástæðu til að draga að útvega sér salt annarstaðar, eða að skortur hefði verið á þessari vöru á Eyjafirði og Siglufirði, svo að slíku tjóni hefði eigi orðið afstýrt, ef til hefði komið. Stefnda verða því eigi dæmdar skaðabætur, en það verður að sýkna áfrýjanda af þeirri kröfu og breyta hinum áfrýjaða dómi að því leyti. En ákvæði hans um málskostnað staðfestist.

Málakostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Ingólfur Kristjánsson greiði stefnda Birni Líndal fyrir hönd hlutafélagsins Jaðar 1150 kr. með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. nóvember.

Nr. 20/1909: Tómas Jónsson
gegn
Friðgeiri Hallgrímssyni.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls, Tómas Jónsson á Eskifirði, lögsótti hinn stefnda, Friðgeir Hallgrímsson sama staðar, til að greiða sér skaðabætur, 1000 kr. auk vaxta, fyrir skemdir, er urðu á eigum hans haustið 1907, er eldur kom upp í svokölluðu Finnshúsi á Eskifirði, og var málið dæmt í aukarétti Suður-Múlasýslu 26. oktbr. f. á. þannig, að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjandanum í skaðabætur 100 krónur, og í málskostnað 25 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. apríl þ. á., og hefir hann fengið leyfisbréf til að leggja fram ný skjöl og skilríki í málinu, og krafist þess fyrir yfirdómi, að verði það ekki álitið sannað í málinu, eins og það liggur fyrir, að áfrýjandi hafi leigt herbergi í Finnshúsi til eins árs, þá verði það atriði látið koma undir eiði, að dóminum verði

breytt svo, að allar kröfur áfrýjanda fyrir undirrétti verði teknar til greina, svo að honum verði dæmdar 1000 kr. skaðabætur hjá stefnda, auk 5 % vaxta af þeirri upphæð frá sáttakærudegi, og að honum verði dæmdur málskostnaður hjá stefnda fyrir undir- og yfirrétti. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kærum og kröfum áfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður hjá áfrýjanda eftir mati yfirdómsins.

Vorið 1907, í maímánuði, leigði stefndi áfrýjanda íbúð í 2 herbergjum niðri í útenda svokallaðs Finnshúss á Eskifirði, er var eign stefnda, og flutti áfrýjandi í herbergin búslóð sína og settist þar að þá í mánuðinum. En 20. júní næst á eftir fór áfrýjandi með skipsferð til Reykjavíkur og þaðan til Skotlands, til að leita sér lækninga, skildi eftir búslóð sína í herbergjunum og fekk lykilinn að þeim til geymslu konu, er bjó í hinum helming hússins niðri, framendanum, en ekki talaði hann neitt við stefnda um burtför sína eða fyrirætlanir, né lét hann vita um þær. Í byrjun októbermánaðar var áfrýjandinn enn erlendis, og virðist hafa legið þar á spítala, og stóðu herbergin enn óhreifð eins og hann hafði skilið við þau. En þá leigði stefndi öðrum manni íbúð í þeim og lét flytja húsgögn og muni áfrýjanda úr þeim og inn í herbergi í framenda hússins niðri, er fyrgreind kona hafði haft til íbúðar, og flutti svo hinn nýi leigjandi inn í herbergin, er áfrýjandi hafði haft. En fyrsta daginn eða fyrstu dagana sem hann var þar, kviknaði í framenda hússins niðri, þar er munir áfrýjanda höfðu verið látnir, og urðu talsverðar skemdir á þeim. Heldur áfrýjandi því fram, að það hafi verið heimildarlaust af stefnda að

flytja muni sína úr herbergjunum, sem þeir voru í, því að hann hafi haft þau herbergi leigð til árs, eða frá 14. maí 1907 til jafnlengdar 1908, og hafi stefndi með því að gjöra þetta, tekið munina í ábyrgð sína og eigi að svara til þeirra í því ástandi, er þeir voru, er hann tók þá úr herbergjunum, er áfrýjandi hafði skilið við þá í. Svo hafi og herbergið í framenda hússins verið óforsvaranlegur geymslustaður fyrir munina, þar sem þar hafi verið opið gat á skorsteininum eftir ofnpípu, sem ekki hafi verið byrgt, eða að eins troðið upp í, er ofn hafði um vorið verið fluttur úr herberginu og settur upp í næsta herbergi; en húsbruninn og skemdirnar á munum hafi einmitt orsakast af þessum skeytingarlausa frágangi á pípuopinu. Er það af þessum sökum krafa áfrýjanda, að stefndi eigi að bera ábyrgð á tjóninu, er áfrýjandi hafi orðið fyrir af brunanum, og bæta honum það, en hann telur skaðann nema 1000 krónum, og er það sú upphæð, er hann krefst af stefnda í máli þessu.

Að áfrýjandi hafi átt leigurétt yfir umræddum herbergjum alt til 14. maí 1908 verður þó eigi álitið sannað gegn neitun stefnda, en hann heldur því fram, að hann hafi að eins leigt áfrýjanda herbergin um óákveðinn tíma, þangað til hann þyrfti þeirra við handa mönnum í sinni þjónustu. Kveðst hann hafa tekið það skýrt fram við áfrýjanda, að hann yrði að vera við því búinn að flytja úr húsinu hvenær sem þetta kæmi fyrir. Og nú hafi hann þarfnast hússins handa manni, er hann hafi ráðið formann á mótorbát. Þessari skýrslu stefnda um samningana um húsnæðið hefir áfrýjandi ekki hnekt að neinu, og verður því að byggja á henni í málinu, en eftir henni hafði stefndi rétt til að fá umráðin yfir herbergjunum

þegar hann tók þau og leigði þau öðrum, og þó að áfrýjandi hefði eðlilega átt heimting á stuttri aðvörun eða uppsögn, þá gat eigi verið um hana að ræða hér, þar sem áfrýjandi hafði engan umboðsmann nálægan, er stefndi gat snúið sér til í fjarveru hans, enda hafði ekki einu sinni látið stefnda vita um verustað sinn erlendis. Hitt hefir ekki þýðingu í þessu sambandi, þar sem það gat ekki haft áhrif á tjón áfrýjanda af brunanum, hvort stefndi ruddi herbergin á eigið eindæmi, er hann gat að þeim komist, eða hann leitaði aðstoðar fógeta til þess.

Það verður samkvæmt þessu eigi álitið að stefndi hafi fyrir flutning munanna úr herbergjum þeim, er þeir voru í, bakað sér sérstaka ábyrgð á afdrifum þeirra. Munirnir voru í reiðileysi er stefndi tók herbergin undir umráð sín, sem hann, eins og sagt hefir verið, hafði rétt til að gjöra, og það var í rauninni umfram skyldu sína, er stefndi skaut skjólshúsi yfir þá. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að staðurinn, þar sem stefndi kom munununum fyrir, hafi verið óforsvaranlegur. Það eru þó engar sannanir fram komnar fyrir því, að svo hafi verið. Það er ekkert áreiðanlega upplýst um op það á skorsteininum, er sérstaklega var talið hættulegt, hvernig um það var búið, en það sést af málinu, að sami umbúnaðurinn hafði haldist síðan um vorið fyrir og aldrei hlotist tjón af, þótt þráfaldlega væri lagt í ofna við sama skorstein, enda er það og alls ósannað og óvíst, hvernig bruninn atvikaðist, eða jafnvel hvar eldurinn kom fyrst upp.

Það verður samkvæmt þessu eigi álitið, að stefnda verði gefin sök á tjóni því, er áfrýjandi varð fyrir á munum sínum við umræddan bruna, svo að hann verði skyldaður til að bæta áfrýjanda það tjón, og verður því

eigi dóminum breytt í þá átt, að skaðabótaupphæðin verði hækkuð, eins og áfrýjandi hefir krafist. Hins vegar verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þar sem honum hefir eigi verið gagnáfrýjað af hálfu stefnda. Í málskostnað fyrir yfirdómi virðist rétt að áfrýjandi greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Tómas Jónsson greiði stefnda Friðgeiri Hallgrímssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 46/1909: Réttvísin gegn Guðjóni Símonarsyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, uppkveðnum 4. júní þ. á., var hinn ákærði, Guðjón Símonarson á Nesi í Norðfirði, dæmdur samkvæmt 283. gr. sbr. 61. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, fyrir að leggja eld í hús sitt, í 1 árs betrunarhússvinnu, svo og til að greiða iðgjöld til þrotabús síns 72 kr., og allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun

5 kr. til talsmanns hans við aukaréttinn, Stefáns Stefánssonar póstafgreiðslumanns.

Ákærði er skósmiður en fekst við mótorbátaútgerð þegar rannsókn byrjaði í þessu máli, og hafði bú hans, þar á meðal hús það, er hann bjó í með fjölskyldu sinni, þá fyrir skömmu verið tekið til skiftameðferðar sem þrotabú.

Seint um kvöldið 20. marz þ. á. var sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, sem þá var staddur á Nesi í Norðfirði, tilkynt að eldur væri kominn upp í húsi ákærða þar í kauptúninu, skamt þaðan, er sýslumaður dvaldi. Fór sýslumaður þegar á brunastaðinn og var eldurinn slöktur fyrir forgöngu hans, áður en neitt tjón varð að marki; hafa brunaskemdirnar á húsinu, sem er vátrygt gegn eldsvoða fyrir 6000 kr., verið metnar á 72 kr. Eldurinn kom upp í herbergi er áður var eldhús, en þá notað til geymslu, og segir í dómnum, að herbergi þetta liggi við gang, sem alt fólkið í húsinu gangi um. Í húsinu bjuggu 5 fjölskyldur, þar á meðal ákærði með konu sinni og 2 börnum þeirra, og var sumt fólkið hátt-að og í svefni þegar eldsins varð vart, en sumt ekki.

Sýslumann grunaði þegar um kvöldið, að kveikt hefði verið í húsinu viljandi, og lét heimilisfólkið, þar á meðal ákærða, vita, að rannsókn um brunann yrði hafin næsta dag, sem var sunnudagur, eftir messu. En áður en rannsóknin byrjaði þann dag, kom ákærði á fund sýslumanns og játaði sig sekan í brunanum. Við rannsóknina bar hann síðan fram svolátandi skýrslu: Kvöldið áður (20. marz) um kl. 8 fór hann inn í fyrnefnt geymsluherbergi, til að sækja steinolíu, sem hann átti þar í brúsa, og heltist óviljandi hjá honum steinolía á gólfið;

hann greip þá jakka, sem hékk þar inni, og fór að þurka upp steinolíuna, svo kveikti hann í olíunni til að eyða henni, en bálið varð þá svo mikið, að hann varð að taka poka til að kæfa það. Meðan hann var að þessu, datt honum fyrst í hug að kveikja í húsinu, til þess að ná í brunabótafé og komast þannig úr fjárkröggunum, sem hann var í. Tók hann því næst litla tusku, vætti hana í steinolíu, sem var eftir á gólfinu, og lagði hana á gólflistann við milligerð í húsinu, en hengdi jakkann, sem áður var vættur í steinolíu, á nagla á þilinu uppundan tuskunni og kveikti síðan í henni; ætlaðist hann til að eldurinn læsti sig úr henni upp í jakkann; setti hann svo kolapoka fyrir framan íkveikjuna til að skyggja á, ef einhver kæmi. Að því búnu fór ákærði út úr herberginu og gekk frá því ólæstu; lék hann nokkra stund á orgel borðaði kveldverð og fór svo að hátta; var þá liðin hér um bil 1 klukkustund frá því er hann kveikti í tuskunni, og taldi hann víst, að ekkert hefði orðið úr íkveikjunni og áleit óþarft að gá að því. Eftir það sofnaði hann, en vaknaði aftur við það, að drengur hans grét í rúminu hjá honum, og var þá reykur kominn í herbergið. Hann þaut þá upp úr rúminu, greip börnin tvö, hljóp út með þau og kallaði um leið hástöfum til fólksins í húsinu til að gjöra því viðvart um eldinn, og sama gjörði kona hans, sem hann hafði vakið, og hljóp út á eftir honum. Slökkvitilraunir gjörði ákærði á þann hátt, að hann skvetti vatni úr forstofunni inn um rifu með reykháfnum og inn með ofnpípu úr svefnherbergi sínu inn í geymsluherbergið, sem kona hans hafði læst um kvöldið, en lykillinn fanst ekki. Ákærði var þá orðinn svo hræddur, að hann þóttist ekki við prófið greinilega muna hvað hann gjörði.

Þessi skýrsla ákærða, sem hann endurtók og staðfesti í síðara réttarhaldi, að því viðbættu, að áhyggjur út af því, að kaupafólk, sem hann hafði á mótorbátsútgerð sinni, mundi ekki fá sumarkaup sitt úr þrotabúi ákærða, hafi einkum leitt hann til að kveikja í húsinu, er að vísu óskilmerkileg í ýmsum atriðum, en með því að hún fer ekki í bága við aðrar skýrslur málsins, það sem þær ná, og ekkert er að öðru leyti fram komið í málinu, er mælir á móti framburði ákærða, verður að leggja skýrslu hans til grundvallar.

Eftir skýrslum málsins verður að ætla, að lífi þeirra manna, sem í húsinu bjuggu, hafi eigi verið nein hætta búin af brunanum, og það virðist einnig eftir atvikum mega gjöra ráð fyrir, að öðrum húsum hafi eigi staðið hætta af eldinum, þó að hann hefði ekki verið slöktur.

Ákærði hefir eigi áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu. Aldursskírteini hans hefir eigi verið fengið, en hann tjáist vera 31 árs að aldri, og með því að hann er kvæntur og á 2 börn með konunni, verður að telja nægilega vissu fengna fyrir því, að hann sé kominn yfir lögaldur sakamanna.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, ber að heimfæra afbrot ákærða undir 283. gr., 2. málsgr., hegningarlaganna og þykir hæfilegt að refsa honum fyrir það með 18 mánaða betrunarhússvinnu. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Hinn ákærði á einnig að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Skaðabætur fyrir brunaskaða í húsinu verða eigi dæmdar í þessu máli, með því að þeirra er eigi krafist,

hvorki af hálfu þrotabús ákærða né af hlutaðeigandi vátryggingarfélagi.

Málið hefir af undirdómaranum verið rekið með nægilegum hraða, en það er aðfinsluvert, að hann hefir við rannsóknina yfirheyrt 8 vitni í senn, en ekki hvert út af fyrir sig, eins og fyrir er mælt í N. L. 1—13—8, og að eigi hefir verið útvegað aldursskírteini ákærða, og hegningarvottorð úr Árnessýslu. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðjón Símonarson sæti 18 mánaða betrunarhússvinnu. Um málskostnað í héraði skal aukaréttardóminum óraskað. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember.

Nr. 37/1909: Hreppsnefndin í Neshreppi utan Ennis gegn Sigurði Ingimundarsyni, Jóhanni Jónssyni, Gísla Magnússyni, Magnúsi Þórðarsyni og Stefáni Björnssyni.

Dómur:

Í máli þessu er áfrýjað úrskurði fógetaréttar Vestmanna-

eyjasýslu, uppkveðnum 15. janúar þ. á., út af kröfu hreppsnefndarinnar í Neshreppi utan Ennis, um að tekin yrðu lögtaki hjá hinum stefndu 5 mótorbátaformönnum aukaútsvör, er á þá höfðu verið lögð hvern um sig til Neshrepps utan Ennis, samkvæmt 37. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóvbr. 1905, en með úrskurðinum synjaði fógeti um framkvæmd lögtaksins.

Þar sem með téðum úrskurði var útkljáð mál fleiri manna, og skuldir þeirra stóðu eigi í neinu því sambandi innbyrðis, er réttlætt gæti meðferð þeirra í einni réttargjörð, var hér um ólöglega samsteypu mála að ræða og verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð. Hinir stefndu komu eigi í yfirdóminn né létu koma þar af sinni hálfu og er þá eigi um málskostnað fyrir yfirdómi að ræða, en hinum skipaða málaflutningsmanni áfrýjanda, sem hefir sótt málið löglega, veitast í málflutningslaun 15 kr., er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal vera ómerkur. Málflutningskaup hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálsfærslumanns Odds Gíslasonar, 15 krónur, greiðist af almannafé.

Mánudaginn 13. desember.

Nr. 31/1909: Guðmundur Guðlaugsson
gegn
ráðherra Íslands Birni Jónssyni fyrir hönd landssjóðs og settum rannsóknardómara cand. juris Birni Líndal.

Dómur:

Áfrýjandinn Guðmundur verzlunarmaður Guðlaugsson hefir í máli þessu áfrýjað varðhaldsúrskurði, er yfir honum var uppkveðinn í lögregluréttí Akureyrar 4. desember f. á. við rannsókn út af húsbruna þar í kaupstaðnum nóttina milli 17. og 18. október f. á. og jafnframt krafist skaðabóta í málinu fyrir gæzluvarðhald að ósekju, samkvæmt lögum nr. 28 26. október 1893. Hefir áfrýjandinn fengið gjafsókn fyrir yfirdómi, og stefnt málinu þangað með stefnu, dags. 21. júní þ. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdómi, að varðhaldskostnaðurinn 4. desbr. f. á. verði úr gildi feldur, að sér verði dæmdar skaðabætur, að minsta kosti 1000 krónur, samkvæmt áður tilvitnuðum lögum 26. október 1893, fyrir að hafa setið í gæzluvarðhaldi samkvæmt úrskurðinum frá 4. til 9. desbr. f. á., og að rannsóknardómarinn verði látinn sæta fylstu refsingu fyrir greindan úrskurð sinn og fangelsun áfrýjanda.

Málið féll í rétt í yfirdómi samkvæmt stefnunni 13. septbr. þ. á. og þá lagði umboðsmaður áfrýjanda fram stefnuna og gjafsóknarleyfið, en fekk með samþykki umboðsmanns hinna stefndu 8 vikna frest til að leggja fram sókn í málinu. Þegar frestur þessi var liðinn, lagði umboðsmaður áfrýjanda fram sóknarskjal og nokkur önnur

skjöl, en af hálfu stefndu kom enginn og var þá málið tekið undir dóm til að dæmast samkvæmt framansögðum gögnum, er frá áfrýjanda höfðu verið framlögð, sbr. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Rannsókn sú, er úrskurðurinn, er mál þetta er sprottið af, var upp kveðinn í, var gjörð til þess að komast fyrir það, hver upptök hefðu verið að eldsuppkomu í húsinu nr. 31 í Strandgötu á Akureyri, en hús þetta brann nóttina milli 17. og 18. október f. á. Við rannsóknina varð það uppvíst, að áfrýjandinn hefði komið einn inn í herbergi það, er eldurinn álízt hafa komið upp í, um hálfum klukkutíma áður en eldsins varð vart, og að hann hafði mist þar niður logandi cigarettu, er hann var með. Skýrði áfrýjandi svo frá í prófunum, að hann hefði stigið ofan á cigarettuna þegar í stað og drepið þannig í henni, svo að hann hafi engan eldsvott séð eftir, en hins vegar játaði hann, að hann ekki gæti gjört sér neina skynsamlega grein fyrir upptökum eldsins aðra en þá, að kviknað hafi af cigarettu þeirri, er hann við þetta tækifæri misti niður á gólfið. Það er einnig upplýst í málinu, að í þessu sama herbergi, þar sem eldurinn telst hafa komið fyrst upp í, stóð steinolíutunna á stokkunum og að þar var pappírsrusl á gólfinu og ýmislegt annað eldfimt. Þegar hér var komið rannsókninni, kom í ljós ósamræmi milli áfrýjanda og eins af vitnunum, er yfirheyrð voru, um atvik, er þótti máli skifta fyrir rannsóknina, og kvað þá rannsóknardómarinn upp hinn áfrýjaða varðhaldsúrskurð og hélt áfrýjanda síðan einangruðum frá 4. til 9. desember f. á., og verður eigi álitið, að sú gjörð dómarans hafi verið ólögmæt eða eigi að varða honum ábyrgðar. Það verður því eigi tekin til greina

krafa áfrýjanda um ábyrgð á hendur hinum stefnda rannsóknardómara fyrir hinn áfrýjaða úrskurð, og um ógilding hans getur eigi verið að ræða, þar sem hann var þegar numinn úr gildi af sjálfum dómaranum hinn 9. desbr. f. á.

Að því er snertir kröfu áfrýjanda um skaðabætur fyrir varðhaldsvistiua samkvæmt fyrnefndum lögum 26. október 1895, þá sést það ekki af málsskjölunum né heldur er þess getið í sókn áfryjanda, að mál hafi eigi verið höfðað gegn áfrýjanda eftir að honum var slept úr varðhaldinu, eða að hann hafi verið sýkn dæmdur í slíku máli, en án þess að skýrsla liggi fyrir um þessi atriði, verður eigi lagður dómur á málið, og verður að vísa því frá dómi sakir ófullkominnar útlistunar í sókninni, að því er kröfuatriði það snertir, er hér er um að ræða (sbr. tilskip. 3. júní 1796, 5. gr.). Eftir þessum úrslitum verður málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn stefndi rannsóknardómari cand. jur. Björn Líndal á fyrir kærum og kröfum áfrýjanda Guðmundar Guðlaugssonar í þessu máli sýkn að vera. Að öðru leyti vísast máli þessu frá yfirdóminum.

Málskostnaður fellur niður.

Hæstaréttardómar
hæstaréttarárið 1909—1910.

Þriðjudaginn 1. febrúar 1910

Nr. 8. Sigfús Eymundsson bóksali (Möldrup)
gegn
Prentsmiðjueiganda Lárusi presti Halldórssyni
(Rée eftir skipun)
um upphæð borgunar fyrir prentun.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 22. desember 1904:

Stefndi Sigfús Eymundsson bóksali greiði stefnanda prentsmiðjueiganda Lárusi Halldórssyni 500 krónur með 5 % vöxtum p. a. frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður falli niður. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 31. júlí 1905:

Áfrýjandinn Sigfús bóksali Eymundsson greiði stefnda Lárusi prentsmiðjueiganda Halldórssyni 680 krónur ásamt 5 % vöxtum p. a. frá 26. ágúst 1904 til borgunardags og í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar:

Eftir uppsögn hins áfrýjaða dóms er stefndi prentsmiðjueigandi Lárus prestur Halldórsson látinn, og hefir ekkja hans Kirstín Pétursdóttir, sem situr í óskiftu búi eftir hann, síðan orðið aðili málsins í hans stað.

Skýrslur málsins bera með sér, að áfrýjandinn hefir sent Halldórsson heitnum viðskiftareikning með jafnaðar upphæð (saldo) áfrýjanda í vil, að hann í reikningi þessum hefir talið Halldórsson til inngjalda 720 krónur sem borgun fyrir prentunina á kóralbókinni og að Halldórsson hefir kannast við að hafa meðtekið þennan viðskiftareikning í marzmánuði 1904. Þá sést það og af skýrslum málsins, að Halldórsson hefir 16. júní 1904 greitt áfrýjanda fyrnefnda saldo, að frádreginni upphæð nokkurri er áfrýjandi hafði af misgáningi talið gjaldamegin í viðskiptareikningnum, og að þessi greiðsla var innt af hendi, án þess Halldórsson hefði nokkurn fyrirvara vegna þess að borgun fyrir prentun kóralbókarinnar að eins var talin 720 krónur, þó að hann sjálfur hafi kannast við að hafa tekið eftir því.

Þó að nú ekki yrði litið svo á, að nægileg sönnun væri fengin fyrir því, að málsaðilar hefðu gjört samning um borgunina, slíkan sem áfrýjandi heldur fram, verður Halldórsson, hvað sem öðru líður, með fyrgreindri framkomu sinni að teljast hafa samþykt verð það á prentuninni, sem sett er í viðskiftareikningnum.

Með því að álíta verður eftir þessu, að Halldórsson hafi fengið fulla borgun þess, er honum bar, verður að sýkna áfrýjandann.

Því dæmist rétt vera.

Áfrýjandi Sigfús Eymundsson bóksali á að vera sýkn í þessu máli af kröfum stefnda prentsmiðjueigaanda Lárusar prests Halldórssonar, nú ekkju hans Kirstínar Pétursdóttur. Málskostnaður fyrir öllum réttum fellur niður. Stefndi greiði 2 krónur í dómsmálasjóð. Rée hæstaréttarmálaflutningsmanni bera 150 krónur í málflutningslaun fyrir hæstarétti og 8 krónur 50 aurar í endurgjald fyrir útlagðan kostnað, og greiðast upphæðir þessar af almannafé.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í VII. bindi þessa dómasafns, bls. 153—157.

Þriðjudaginn 8. febrúar 1910.

Nr. 135. Fyrv. landlæknir dr. med. J. Jónassen (Bülow)
gegn
Bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar (Hansen).

um rétt stefnda til nokkurs hluta andvirðis fyrir byggingarlóðir í Reykjavík.

Bæjarþingsdómur Reykjavíkur 16. ágúst 1906:

Stefndi, bæjarstjórn Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, J. Jónassen í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 13. maí 1907:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnað

fyrir yfirrétti greiði áfrýjandi, fyrrum landlæknir J. Jónassen, hinni stefndu bæjarstjórn Reykjavíkur með 50 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi og ekkert verulegt þykir athugavert við, ber að staðfesta hann eftir kröfu stefnda.

Í málskostnað fyrir hæstarétti ber áfrýjanda að greiða stefnda 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Landsyfirréttardómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir hæstarétti greiði áfrýjandi fyrv. landlæknir dr. med. J. Jónassen stefnda, bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar, 300 krónur. Svo greiði og áfrýjandi 10 krónur í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar í VII. bindi þessa dómasafns, bls. 382—391.

Landsyfirréttardómar 1910.

Mánudaginn 10. janúar.

Nr. 51/1908: Valdstjórnin
gegn
L. A. Sekse.

Dómur:

Mál þetta var höfðað af hálfu valdstjórnarinnar á hendur L. A. Sekse útgerðarmanni frá Reykjarfirði, og var hann 22. maí f. á. dæmdur í lögreglurétti Ísafjarðarkaupstaðar fyrir brot gegn lögum um síldarnætur 25. sept. 1902 í 200 kr. sekt til landssjóðs og sakarkostnað allan, en þeim dómi hefir eftir beiðni kærða verið skotið til yfirdómsins.

Sumarið 1908 flutti kærði hingað til lands frá útlöndum síldarnót, er hann notaði hér við síldarveiðar. Um haustið flutti hann nótina til Noregs til að barka hana og bæta, og að því búnu kom hann aftur með hana hingað. Það er ekki berum orðum tekið fram í prófun málsins, hvaðan kærði flutti nótina hingað í upphafi, en eftir skýrslu hans var hún tilfærð á norskum tollseðli, er hann kom með hana til Akureyrar í ágúst-

mánuði 1908, og er eftir því heimilt að gera ráð fyrir, að nótin hafi þá verið flutt hingað til lands frá Noregi. Í fyrgreindum lögum 25. sept. 1902 er nú mælt svo fyrir, að þegar síldarnætur eru fluttar til Íslands frá öðrum ríkjum, skuli skýra lögreglustjóra frá því, en þetta lét kærði farast fyrir í bæði skiftin, er hann flutti umgetna síldarnót hingað frá Noregi, sem fyr er sagt. Auk þess er það í lögunum bannað, að flytja síldarnæturnar (þ: þær sem eru hingað fluttar frá öðrum ríkjum) aftur frá landinu, þegar þær hafa verið notaðar við veiðar og hefir kærði þannig einnig gerst brotlegur gegn þessu banni. Það er því rétt, að kærði hefir með hinum áfrýjaða dómi verið látinn sæta sekt fyrir brot á nefndum lögum, en eftir atvikum virðist hæfilegt að ákveða sektina 100 kr. Með þessari breytingu ber því að staðfesta dóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans. Allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað ber hinum kærða að greiða, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að sektin ákveðst 100 kr. Kærði L. A. Sekse greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens 10 kr. til hvors.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar.

Nr. 43/1909: Einar M. Jónasson
gegn
Runólfi E. Sverresen.

Dómur:

Stefndur Runólfur E. Sverresen og Sveinbjörn nokkur Stefánsson snikkari makaskiftu síðast á árinu 1906 húseignum sínum í Reykjavík, Litlu-Klöpp, er stefndur átti og nr. 40 B við Njálsgötu, er Sveinbjörn átti, og var verð eignanna ákveðið 2700 kr. og 4700 kr. Fengu þeir aðstoð áfrýjanda málflutningsmanns Einars M. Jónassonar til að koma makaskiftunum í lag, og átti hann að fá sem þóknun fyrir starf sitt 2 % af verði hinna makaskiftu eigna eða 54 kr. + 94 kr. Um sama leyti og þessi makaskifti gerðust, fekk áfrýjandi fyrir hönd stefnda endurgreiddar á bæjarfógetaskrifstofunni í Reykjavík 300 kr., sem losnuðu þar úr tryggingu fyrir eigandaskiftin á Litlu-Klöpp og tilheyrðu stefndum en þegar stefndur krafðist upphæðar þessarar af áfrýjanda, hélt hann eftir af henni og tók til sín í forboði stefnds 96 kr., þar af 94 kr. sem sölulaun fyrir húseign Sveinbjarnar nr. 40 B við Njálsgötu og 2 kr. fyrir veðbókarvottorð, er hann taldi

sig hafa lagt út vegna makaskiftanna. Höfðaði þá stefndur mál þetta til þess að fá áfrýjanda dæmdan til að greiða sér greindar 96 kr. og var það dæmt í bæjarþingsrétti Reykjavíkur 15. apríl f. á. þannig, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða stefndum 95 kr. með 6 % vöxtum frá 10. des. 1907 og í málskostnað 25 krónur. Téðum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. ágúst f. á. og krafist þess, að verða að fullu sýknaður fyrir öllum kærum og kröfum stefnda og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum. Stefndur hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að þeir báðir, stefndur og Sveinbjörn, hafi verið skyldugir, báðir fyrir einn og einn fyrir báða, til að greiða sér alla borgunina fyrir starf sitt við makaskiftin, án tillits til þess, hvernig þeir skiftu kostnaðinum sín á milli, og hafi hann því haft rétt til að taka einnig þann hluta sölulaunanna, 94 kr., er svaraði til húseignar Sveinbjarnar af fyrgetnum 300 kr., er hann hafði í höndum fyrir stefndan. En þessi staðhæfing áfrýjanda styðst ekki við neitt í málinu, og í bága við hana kemur það, að tveim dögum síðar en makaskiftasamningurinn var undirskrifaður, lét áfrýjandi Sveinbjörn gefa sér ávísun á stefnda fyrir þessum 94 kr. og, að Sveinbjörn sjálfur, í vottorði, er áfrýjandi sjálfur hefir lagt fram í málinu, segir sig hafa átt að greiða þenna hluta sölulaunanna. Það verður þannig eigi álitið gegn mótmælum stefnda, að hann hafi í fyrstu tekið upp á sig skyldu að greiða sölulaunin nema að þeim hluta, er húseign þá snertir, er hann var seljandi að. Það er

heldur eigi sýnt eða sannað í málinu af áfrýjanda hálfu, að stefndur hafi tekist neina skuldbinding á hendur gagnvart áfrýjanda að því er greiðslu þessa hluta sölulaunanna áhrærir, er réttlætt geti neitun áfrýjanda að skila hinni umstefndu upphæð, og sérstaklega er það ekki upplýst, að stefndur hafi skuldbundið sig gagnvart áfrýjanda til að greiða honum ávísun þá frá Sveinbirni fyrir upphæðinni, er fyr er getið, hvorki með því að rita á ávísunina samþykki sitt, eða á annan hátt, en án slíkrar skuldbindingar frá stefnda hálfu gat áfrýjandi eigi krafist borgunar á ávísuninni af stefndum, né tekið undir sjálfum sér af fé hans til lúkningar henni. Það verður samkvæmt þessu að fallast á það álit undirdómarans, að áfrýjanda hafi verið óheimilt að halda eftir greindum 94 kr. og að honum beri að skila stefndum þessu, og sama er að segja um 1 kr. þá, er þá er eftir af dómsupphæðinni og áfrýjandi hefir eigi borið á móti að hafi verið tekin af fé stefnda fyrir veðbókarvottorð viðvíkjandi húseign Sveinbjarnar, er Sveinbjörn verður að álítast hafa átt að greiða. Það ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefndum 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Einar M. Jónasson málflutningsmaður greiði stefndum Runólfi E. Sverrisen í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 30. janúar.

Nr. 54/1909: Þorsteinn Magnússon
gegn
Birni Kristjánssyni
fyrir hönd Landsbanka Íslands.

Dómur:

Málaflutningsmaður sá, er stefnt hefir máli þessu fyrir yfirdóminn í nafni áfrýjanda og farið með það hér fyrir réttinum, sem umboðsmaður hans, byggir heimild sína til að reka réttar áfrýjanda í málinu og krefjast dóms í því á umboðsskjali, er annar maður hefir útgefið og undirskrifað en áfrýjandi, og virðist snerta annað mál en það er hér liggur fyrir. Með svo lagað umboð fyrir augum getur yfirdómurinn eigi tekið gilda áfrýjun málaflutningsmannsins og kröfur hans í nafni áfrýjandans og lagt dóm á málið, er verða mundi bindandi úrslit á því fyrir áfrýjandann, og verður því ex officio að frávísa málinu. Málskostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður falli niður.

Nr. 52/1909: Valdstjórnin
gegn
Halldóri Jónssyni, Magnúsi Magnússyni, Brynjólfi Brynjólfssyni, Þórði Jónssyni, Helga Bjarnasyni, Június Kr. Jónssyni, Benedikt Bjarnasyni, Guðfinni Kr. Guðmundssyni, Jóhanni Kr. Guðmundssyni, Þorsteini Sigurðssyni, Guðmundi Steinssyni, Sigursteini Þorsteinssyni, Kjartani Ólafssyni og Bjargmundi Sveinssyni.

Dómur:

Eftirnefndir menn: Halldór Jónsson bóndi á Hrauni í Villingaholtshreppi, Magnús Magnússon þurrabúðarmaður á Akranesi, Brynjólfur Brynjólfsson húsmaður í Reykjavík, Þórður Jónsson vinnumaður á Lundi í Lundarreykjadal, Helgi og Benedikt Bjarnasynir á Gneistavöllum á Akranesi, Június Kr. Jónsson á Rútsstöðum í Gaulverjabæjarhreppi, Guðfinnur Kr. Guðmundsson skósmiður í Reykjavík, Jóhann Kr. Guðmundsson vinnumaður að Sandlæk í Gnúpverjahreppi, Þorsteinn Sigurðsson sjómaður í Reykjavík, Guðmundur Steinsson og Sigursteinn Þorsteinsson vinnumenn á Akranesi, Sigurður Einarsson vinnumaður á Ferjunesi í Villingaholtshreppi, Kjartan Ólafsson vinnumaður í Geldingaholti í Gnúpverjahreppi og Bjargmundur Sveinsson vinnumaður í Reykjavík hafa eftir kröfu hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co., sem eiganda og útgerðarmanna fiskiskipsins Portland úr Reykjavík, verið kærðir fyrir lögreglurétti Reykjavíkur fyrir strok af nefndu skipi í samtökum og með fyrirfram úttekið kaup, og var málið gegn þeim dæmt í nefndum rétti 19.

maí þ. á. með þeim úrslitum, að kærðu voru dæmdir til að sæta hver 18 daga fangelsi og til að greiða einn fyrir alla og allir fyrir einn allan sakarkostnaðinn.

Þessum dómi hefir valdstjórnin skotið til yfirdómsins af eigin hvötum.

Það er sannað í máli þessu, að allir hinir kærðu voru ráðnir á ofannefnt skip til fiskiveiða vetrarvertíðina f. á. frá byrjun marzmán. til 14. maí s. á. og voru þeir lögskráðir á skipið 5. marz f. á., en áður hafði lögskipuð skoðun farið fram á skipinu samkvæmt lögum nr. 25 3. okt. 1903 og ekkert verið talið athugavert við skipið af skoðunarmönnunum. Skipið lagði síðan út á fiskiveiðar, en það reyndist þá brátt svo lekt, að það varð að leita hafnar aftur, og var þá eftir tæpa hálfsmánaðar útivist lagt upp á dráttarbrautina hér í Reykjavík til viðgerðar. Reyndist það þá maðksmogið nokkuð og voru teknir úr því sex plankar og nýir settir í staðinn, og að því búnu var skipið skoðað af tilkvöddum mönnum, er dæmdu það sjófært. En þegar skipið var sett á flot, eftir viðgerðina, 28 marz f. á., kom það í ljós, að það lak svo, að það varð að setja það upp á dráttarbrautina aftur. Hafði lekinn þá stafað af boltagati, sem eigi hafði verið fylt, og var nú bætt úr því og átti að setja skipið út aftur. En þá benti einn af hinum kærðu á, að enn var fúinn eða maðksmoginn planki í skipinu og var hann þá tekinn úr því og annar settur í staðinn. Þegar hér var komið sögunni og setja átti skipið út af nýju, afsögðu hinir kærðu, allir í sameiningu, að fara út á það aftur til fiskiveiða, með því að skipið myndi alt meira og minna maðksmogið, og því hætta að fara á því út í rúmsjó, enda töldu þeir það leka engu minna en það hefði gert áður, er þeir

lögðu út á því í fyrstu. Útgerðamenn skipsins fengu þá 31. marz f. á. 2 menn, sérstaklega þar til kvadda af bæjarfógeta, til að skoða skipið, og töldu þeir í álitsgerð sinni 2. apríl það vel sjófært, en kærðu héldu fram neitun sinni að fara út með því og kröfðust þess i bréfi 5. apríl af bæjarfógeta, að þeir væru skráðir úr skiprúmi af áður greindum ástæðum. Þetta fekst þó eigi, og allar samningatilraunir urðu árangurslausar milli háseta og útgerðarmanna, en þær strönduðu síðast á ágreiningi um skaðabætur fyrir atvinnumissi, er hásetar kröfðust fyrir það, að þeir sem hálfdrættingar mistu af kaupi sínu fyrir frátafir frá fiskiveiðunum vegna ástands skipsins. Var þá höfðað mál þetta gegn kærðu og fór það sem fyr segir.

Í fyrgreindu bréfi 5. apríl til bæjarfógetans héldu hinir kærðu því fram, að »Portland« væri enn, eftir að viðgerð á því hafði farið fram, ósjófært vegna leka og lekahættu af maðki, er í því væri, að skipið læki þá engu minna en þegar þeir fyrst lögðu út á því og að þeim væri fullkunnugt, um að skipið væri alt meira og minna maðksmogið, að undanteknum þeim 7 plönkum, er þá voru settir í það nýir. Hinsvegar héldu kærendur því fram, að skipið hefði verið algjörlega maðklaust eftir að hinir skemdu plankar höfðu verið teknir úr því og nýir settir í staðinn, og að það læki ekki neitt sem teljandi væri, þar sem lekinn væri ekki meiri en svo, að eftir 20 klukkustundir gæti einn maður dælt það þurt á 4 ½ mínútu, en það sé ekki meira en alment gjörist um fiskiskip. Til að skera úr þessum ágreiningi milli hinna kærðu og kærendanna er ekkert komið fram í málinu annað en fyrgreind skoðunargjörð 2. apríl. Að vísu tjáðu kærðu sig eigi mundu hafa verið ófáanlega til að reyna

að fara út með skipinu aftur, ef saman hefði gengið með kaup þeirra við útgjörðarmenn og skaðabætur fyrir atvinnumissi vegna leka skipsins. En eftir málavöxtum verður þetta ekki álitin viðurkenning af hálfu kærðu um að skipið hafi verið sjófært eða svo traust, að hættulaust væri að fara út á því. Aftur á móti hafa skoðunarmennirnir 2. apríl, sem fyrir segir, látið uppi það álit, að skipið sé vel sjófært, en þeir hafa eigi fært rök fyrir þessu áliti, eigi lýst ástandi skipsins, er þeir segjast hafa skoðað »að utan«, né drepið á fyrgreind ágreiningsatriði milli kærenda og kærðu um leka skipsins og skemdir af maðki, enda gátu þeir eigi dæmt um, hve mikill lekinn var, með því að þeir skoðuðu skipið uppi í dráttarbrautinni, áður en það var sett á flot eftir síðustu viðgerðina. Skoðunargjörðin verður því að þessu leyti eigi talin fullnægjandi og verður því fremur að taka þetta til greina, af því að það sést eigi, að hinir kærðu eða neinn af þeirra hendi hafi verið viðstaddir í réttarhöldum þeim, þá er skoðunargjörðin var lögð fram og viðurkend af skoðunarmönnunum, og þannig átt kost á að fá nánari skýrslu þeirra. Með því nú að skoðunargjörðin er eigi heldur staðfest með eiði af skoðunarmönnunum, verður eigi álitið, að með henni sé fengin næg sönnun gegn neitun hinna kærðu fyrir því, að skipið Portland hafi verið sjófært eða svo traust, að skipshöfninni væri óhætt, þegar þeir neituðu að fara á því út á fiskiveiðar. Kærðu verða þá eigi taldir sannir að sök um strok af skipinu og ber því að sýkna þá af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli, og verður að greiða sakarkostnaðinn af almannafé, þar með talin málflutningslaun hinna skipuðu málaflutningsmanna við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Halldór Jónsson, Magnús Magnússon, Brynjólfur Brynjólfsson, Þórður Jónsson, Helgi Bjarnason, Júníus Kr. Jónsson, Benedikt Bjarnason, Guðfinnur Kr. Guðmundsson, Jóhann Kr. Guðmundsson, Þorsteinn Sigurðsson, Guðmundur Steinsson, Sigursteinn Þorsteinsson, Sigurður Einarsson, Kjartan Ólafsson og Bjargmundur Sveinsson, eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og greiðist allur kostnaður málsins af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Mánudaginn 21. febrúar.

Nr. 42/1909: Vilhelm Knudsen
gegn
Birni Líndal
fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði málaflutningsmaður Björn Líndal á Akureyri fyrir hönd stórkaupmanns Jakobs Gunnlögs-

sonar í Kaupmannahöfn fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar gegn Vilhelm Knudsen, kjötsala á Akureyri, til greiðslu á skuld eftir viðskiftareikningi að upphæð 504 kr. 68 aur. með vöxtum frá 1. janúar 1908 til sáttakærudags 12. október 1908 kr. 22.71 eða alls 527 kr. 39 a., og var málið dæmt í nefndum rétti 17. júlí f. á. með þeim úrslitum, að Vilhelm Knudsen skyldi greiða 453 kr. 88 aur. af hinni umstefndu upphæð með 6 % vöxtum p. a. frá sáttakærudegi til borgunardags, en að öðru leyti var hann sýknaður af kröfum stefnda í málinu; málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Vilhelm Knudsen skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 16. ág. f. á. og hefir hann krafist þess, að frá hinni umstefndu upphæð kr. 527.39 verði dregnar kr. 371.00, þannig að hann verði einungis dæmdur til þess að greiða kr. 156. 39 ásamt 6 % vöxtum frá stefnudegi af þeirri upphæð, eins og hann fyrir undirrétti hefir tjáð sig fúsan til að greiða, og að stefndi hvernig sem málið fer, verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Stefndur hefir hins vegar krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði í öllum greinum staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir yfirrétti eftir réttarins mati.

Hið fyrsta atriði í reikningi stefnda, er áfrýjandi hefir mótmælt og ekki talið sér skylt að greiða, er andvirði fyrir smjörlíki kr. 110,00, er innfært er í viðskiftareikninginn hinn 26. maí 1906, að viðbættu farmgjaldi, ábyrgðargjaldi, umboðslaunum að tiltölu og vöxtum, eða alls 118 kr. 63 au., auk vaxta af upphæðinni frá 1. jan. 1907 til sáttakærudags. Byggir áfrýjandi mótmæli sín á

því, að smjörlíki þetta hafi verið sér ónýtt fyrir þá sök, að tími sá hafi verið hér um bil liðinn, þegar hann fekk vöruna, sem verksmiðjan hefir á umbúðum vörunnar tilgreint að hún ábyrgist haldleika hennar. En þótt svo væri á litið, að áfrýjandi af þessari ástæðu hefði haft rétt til að neita að taka á móti vöru þessari, þá sést ekki á málsskjölunum, að áfrýjandinn hafi neitað móttöku hennar, endursent hana eða ráðstafað henni á annan veg í umráð stefnda, og verður því að fallast á þá kröfu stefnda, að áfrýjandi verði skyldaður til að greiða verð umræddS smjörlíkis.

Enn fremur hefir áfrýjandi krafist þess, að frá kröfu stefnda verði dregnar kr. 118.89, er hann telur andvirði fyrir smjörlíki, er tilfært er í reikningi stefnda 9. okt. 1906. Þessi krafa áfrýjanda verður heldur eigi til greina tekin, þegar af þeirri ástæðu, að eigi verður séð, að áfrýjandi hafi hreyft neinum mótmælum við stefnda gegn móttöku vöru þessarar.

Þá hefir áfrýjandi krafist þess, að frá kröfu stefnda verði dregnar kr. 30.87, er hann telur andvirði 20 sekkja af sagi, er tilfært er í reikningi stefnda 1. okt 1906. Heldur áfrýjandi því fram, að sag þetta hafi verið með öllu ónýtt til reykinga, en til þess hafi það verið ætlað, þegar það kom í land á Akureyri, og hefir hann staðhæft að skemdirnar hafi hlotið að stafa af því, að það hafi verið blautt, er það var flutt á skip á fermingarstað. — Yfir þessu kvartaði áfrýjandi þegar við móttöku sagsins í bréfi til stefnda 24. okt. 1906. Tekur hann það fram í bréfi þessu, að sagið hafi verið alveg ónýtt, það hafi verið rennvott og pokarnir utan um það fúnir og rifnir utan af því; hafi hann þegar í stað kvartað yfir þessu við

afgreiðslumann skipsins, en fengið það svar, að það hafi komið vott um borð, hafi sjálfsagt hitnað í því í lestinni og pokarnir eyðilagst þannig; bæri því skipið enga ábyrgð á skemdum á því. Tekur áfrýjandi enn fremur fram í bréfi sínu, að þessi skýrsla hljóti að vera rétt, því þyngd hvers sagspoka hafi verið, er því var veitt móttaka á skipið á fermingarstað, 117 pd., eða framundir það helmingi þyngri en þeir sakpokar, er hann hafi áður fengið, og bætir hann því að endingu við, að hann voni að fá þetta leiðrétt. Staðhæfing sína um þyngd sagsins hefir hann svo undir rekstri málsins sannað með vottorði afgreiðslumanns skipsins.

Af skjölum málsins verður ekki séð, að stefndi hafi svarað umræddu bréfi áfrýjanda, mótmælt því, eða krafist frekari sannana af hans hendi fyrir því, að sagið hafi verið skemt, og verður að álíta, að stefndi með því atferli hafi gefið áfrýjanda fulla ástæðu til að ganga út frá því, að mótmæli hans gegn því að taka vöru þessa gilda, yrði tekin til greina, án frekari mótmæla eða sannana um galla vörunnar. Það verður því að líta svo á, að áfrýjanda beri ekki að greiða andvirði sags þessa, en milli málsaðila er ekki ágreiningur um, að upphæð þessa andvirðis beri að telja kr. 30,87 auk vaxta 6 % p. a. um eitt ár og 9 mánuði frá 1. jan. 1907 til sáttakærudags, er teljast kr. 3.24.

Samkvæmt ofansögðu ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 453.88 að frádregnum kr. 34.11 eða kr. 419.77 með vöxtum 6 % p. a. frá sáttakærudegi til borgunardags, en að öðru leyti staðfestist hinn áfrýjaði aukaréttardómur.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi V. Knudsen greiði stefnda Birni Líndal fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar kr. 419,77 — fjögur hundruð og nítján krónur 77 aura — með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 45/1909: Guðmundur Jónasson og Einar M. Jónasson gegn Oddi Gíslasyni og Birni Bjarnarson sýslumanni.

Úrskurður:

Áfrýjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður heldur því fram, að fjárnámsgjörð, er hann í máli þessu sín vegna og fyrir hönd Guðmundar Jónassonar kaupmanns í Skarðsstöð hefir skotið til yfirdómsins, og háð var af fógetanum í Dalasýslu 23. júlí f. á. til fullnægingar landsyfirréttardómi 1. febr. f. á. í skuldamáli milli Guðmundar og Salomon Daviðsens, sé í ýmsum greinum ólögmæt, og krefst hann þess, að sér verði veittur 6 mánaða frestur eða til vara 3 mánaða frestur, til að sanna þetta með vitnaleiðslu í Dalasýslu, en ef

hvorug þessi krafa verði tekin til greina, beiðist hann vikufrests til andsvara. Stefndi Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður mótmælir kröfum áfrýjanda um frest til vitnaleiðslu, og hafa þeir lagt þennan ágreining undir úrskurð réttarins.

Við fyrnefnda fógetagjörð var meðal annars gjört fjárnám í mótorbát að nafni »Akilles«, en Einar M. Jónasson telur bát þennan vera sína eign en ekki Guðmundar Jónassonar, og hefir því til sönnunar lagt fram ágripseftirrit af kaupsamningi, dags. 19. sept. 1908, milli þeirra Guðmundar um ónefndan mótorbát. Stefndi neitar því, að hvortveggja sé sami báturinn, en áfrýjandi tjáist aðallega ætla að nota frestinn til að hnekkja þessari neitun stefnda með vitnaleiðslunni, svo sé og margt fleira, sem upplýsinga þurfi í málinu, svo sem um alla framkomu stefndu og viðskilnað þeirra við hús Guðmundar Jónassonar, þar er fógetarétturinn var haldinn.

Það verður að telja viðurkent, að kaupsamningur sá, er fyr getur, sé eigi þinglesinn, og geta þau kaup því eigi varnað öðrum fjárnáms í hinum umsamda mótorbát, sbr. lög nr. 20 um veð í skipum 16. nóv. 1907 1. gr. Það skiftir því eigi máli, hvort um sama bátinn er að ræða í kaupsamningnum og við fjárnámsgjörðina eða ekki, og er óþarft að leita sannana um það. Um hin atriðin, framkomu stefndu við fjárnámið og viðskilnað þeirra við hús Guðmundar Jónassonar verður eigi af fógetagjörðunum né málsfærslunni við yfirdóminn séð, að ágreiningur milli málsaðilanna sé svo verulegur, að það geti ráðið neinu um úrslit málsins, og er því eigi heldur ástæða til vitnaleiðslu um þau málsatriði. Samkvæmt þessu verða kröfur áfrýjanda um frest til vitnaleiðslu eigi samþyktar

gegn mótmælum stefnda, en honum veitist vikufrestur til andsvara.

Því úrskurðast:

Kröfur áfrýjanda um frest til vitnaleiðslu verða ekki teknar til greina, en honum veitist vikufrestur til andsvara.

Mánudaginn 28. febrúar.

Nr. 50/1909: Guðmundur Magnússon
gegn
Gísla Þorbjarnarsyni.

Dómur:

Í máli þessu lögsótti stefndi Gísli Þorbjarnarson búfræðingur fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur áfrýjandann Guðmund Magnússon Barónsstíg 16 í Reykjavík, til greiðslu á skuld að upphæð 34 kr., og var málið dæmt í nefndum rétti 21. okt. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða stefnda hina umkröfðu skuld 34 kr. ásamt 5 % ársvöxtum frá 1. jan. f. á. til borgunardags og í málskostnað 20 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. nóv. f. á., og krafist þess, að hann verði að fullu og öllu sýknaður af kærum og kröf-

um stefnda og að stefndi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það er viðurkent með málsfærslu áfrýjandans, að hann hafi árið 1902 í marzmán. tekið út í fataverzlun Guðmundar Sigurðssonar klæðskera jakkaföt, er kostuðu 34 kr., og var hann skuldaður fyrir þessari upphæð í bókum verzlunarinnar, en stefndi hefir síðan keypt skuldina af þrotabúi Guðmundar. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að þessi skuld sé löngu borguð Guðmundi Sigurðssyni á þann hátt, að Guðmundur hafi í ágúst 1902 og næstu mánuði þar á eftir tekið út ýmsar vörur hjá áfrýjanda, og lagði áfrýjandi fram mótreikning yfir vörur þessar fyrir bæjarþinginu, að upphæð 37 kr. 80 a., er skuldin hafi átt að vera jöfnuð með og meira en það. En stefndi hefir neitað að hafa fengið vörur þær hjá áfrýjanda, er á reikningnum eru taldar, en hitt sem þar er talið honum til skuldar, hefir hann talið borgað áfrýjanda á annan hátt en með fötunum. Með því að áfrýjandi hefir ekki á nokkurn hátt hnekt þessari neitun stefnda, um að hin umstefnda fataskuld hafi verið greidd, og með því að áfrýjandi hefir ekki með gagnsök lögsótt stefndan út af hinum framlagða mótreikningi, verður að fallast á það, að hann var með bæjarþingsdóminum dæmdur til að greiða stefnda hina umkröfðu skuld 34 kr. ásamt vöxtum eins og þar greinir, og ber að staðfesta dóm þenna í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Áfrýjanda ber og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Guðmundur Magnússon greiði stefnda Gísla Þorbjarnarsyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 30/1909: Samson Eyólfsson gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landsjóðs og Magnúsi Torfasyni bæjarfógeta.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 20. janúar f. á., var Samson Eyólfsson skuldheimtumaður á Ísafirði dæmdur í 5 daga fangelsisrefsingu við vatn og brauð fyrir sviksamlega meðferð á innheimtufé, og var hann meðan á rannsókn málsins stóð tvívegis settur í gæzluvarðhald samkvæmt úrskurði dómarans og hafður í haldi samtals 54 daga. Eftir kröfu Samsonar var málinu skotið til yfirdómsins, og með dómi þess réttar uppkveðnum 3. maí f. á. var aukaréttardóminum breytt þannig, að Samson var sýknaður af ákæru réttvísinnar í málinu.

Að svo vöxnu máli hefir Samson Eyólfsson samkvæmt heimild í lögum nr. 28 um gæzluvarðhald að ósekju o. fl. 26. okt. 1893, 3. gr., höfðað þetta mál fyrir landsyfirdóminum með stefnu dags. 26. júlí f. á. á hendur ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs að tilstefndum rannsóknardómaranum Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni og hefir skipaður talsmaður hans fyrir yfirdóminum krafist þess, að sækjanda verði dæmdar fébætur úr landssjóði 2000 kr. eða önnur hæfileg upphæð eftir mati réttarins, fyrir þjáning, smán og fjártjón, er hann hafi beðið af gæzluvarðhaldinu, og sér dæmd hæfileg málssóknarlaun.

Af hálfu stefnda fyrir hönd landssjóðs hefir verið krafist sýknunar í málinu og málskostnaðar eftir mati réttarins eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Fyrtéð sakamálsrannsókn gegn sækjanda var hafin út af kæru frá Messíönu Sæmundsdóttur ekkju á Ísafirði; hafði sækjandi eftir umboði manns hennar haustið 1906 innheimt eftirstöðvar af þiljubátsverði hjá Jóni Snæbirni Jónssyni skipstjóra á Bíldudal, 400 kr., en eigi gjört skil fyrir meira en helmingnum af upphæðinni. Var honum gefið að sök að hann hefði tekið ranglega til sín hinn helminginn, 200 kr., og sagt umbjóðanda sínum, að Jón Snæbjörn hefði ekki greitt sér þessar 200 kr., en lofað að borga þær seinna. Við rannsókn málsins sannaðist ekki þessi kæra á hendur sækjanda, en til réttlætingar því, að hann skilaði ekki allri hinni innheimtu fjárhæð, hélt hann því fram, að Jón Snæbjörn hefði falið sér að ganga eftir hjá seljanda þiljubátsins ýmsum lausum munum, er honum áttu að fylgja, og lagt undir við sig að halda eftir að minsta kosti 150 kr. af upphæðinni þangað til skil væru gjörð fyrir áminstum munum, en afganginn, 50

kr. taldi sækjandi sér í innheimtulaun, og frá öllu þessu tjáðist sækjandi hafa skýrt umbjóðanda sínum, en neitaði að hafa sagt honum, að Jón Snæbjörn ætti ógreiddar 200 kr. af skuldinni og hefði tekið sér frest með borgun á þeim. Samkvæmt þessari skýrslu sækjanda, sem eigi var hrundið, var hann sem fyr segir syknaður í yfirdóminum af ákæru réttvísinnar. En sá sýknudómur ræður ekki úrslitum þessa máls. Af honum verður ekki ályktað frekara en það, að eigi hafi verið ástæða til að höfða sakamál gegn sækjanda á þeim grundvelli, sem fenginn var við rannsóknina, og þó að fundið væri að því í dómnum, að sækjandi var látinn sitja í gæzluvarðhaldi hátt á 2. mánuð, er eigi með því út af fyrir sig sagt neitt af eða á um það, hvort ætla megi, að sækjandi sé saklaus af broti því, er hann var kærður fyrir, en hvort svo hafi verið, verður að ráða af skýrslum þeim og upplýsingum, er fram komu við rannsóknina.

Í því tilliti skal það athugað, að fyrnefndur Jón Snæbjörn Jónsson skipstjóri bar það sem vitni í réttarhaldi 24. ágúst 1908 og vann eið að því, að sig minti, að það væri tekið fram í umboðsskjalinu, er hann fekk sækjanda um leið og hann greiddi eftirstöðvar bátverðsins — en það skjal var ekki lagt fram við rannsóknina né síðar — að sækjandi héldi eftir 150 kr. af andvirði bátsins, en þorði þó ekki að staðhæfa, að þetta væri rétt munað, og í réttarhaldi 5. des. s. á. breytir vitnið þessum framburði á þá leið, að það yrði að álíta, að það hafi ekki lagt fyrir sækjanda að halda eftir 150 kr. af bátsverðinu, þangað til allir þeir munir, sem áttu að fylgja bátnum, væru afhentir. Það er þannig eigi fram komin sönnun fyrir því, að sögusögn sækjanda um þetta máls-

atriði sé rétt. Eigi sannaðist heldur, eða styrktist neitt við það, er fram kom við rannsóknina, sú stæðhæfing sækjanda, að hann hefði gert umbjóðanda sínum kunnugt, að Jón Snæbjörn hefði falið honum svofelt erindi, sem fyr segir, en það bendir í gagnstæða átt, að seljandi bátsins beiddist bréflega í marzmánuði 1907 — meir en missiri áður en sækjandi var kærður — yfirlýsingar Jóns Snæbjarnar um það, hvort hann hefði borgað sækjanda eftirstöðvar bátverðsins, 400 kr., með því að sækjandi hefði að eins afhent 200 kr., og sagt að Jón Snæbjörn hefði lofað að borga afganginn um nýár 1907. Að þessu athuguðu, og þegar þess enn fremur er gætt, að sækjandi virðist ekki hafa gert sér neitt verulegt far um að reka erindi það, er Jón Snæbjörn hafði falið honum, og hafði engu til leiðar komið í þá átt, þegar rannsóknin var hafin gegn honum, meir en ári eftir að hann tók við eftirstöðvum bátverðsins, og að sækjandi játaði við prófið, að hann hefði eytt peningunum í sínar þarfir, og gat eigi gjört nein skil fyrir þeim, þá verður eigi séð, að fyrir hendi séu þvílíkar upplýsingar um sakleysi sækjanda af broti því, er hann var settur í höft fyrir, að heimilt sé samkvæmt framangreindum lögum að dæma honum skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, og ber því að sýkna stefnda af kröfum sækjanda í þessu máli.

Eftir þessum úrslitum ber sækjanda samkvæmt 4. gr. fyrnefndra laga að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 40 kr.

Málfærsla hins skipaða málflutningsmanns sækjanda hefir verið lögmæt og bera honum 20 kr. í málflutningslaun, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi ráðherra Íslands fyrir hönd landsjóðs á að vera sýkn af kröfum sækjanda Samsonar Eyólfssonar í þessu máli. Sækjandi greiði stefnda 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Hinum skipaða talsmanni sækjanda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist í málflutningslaun 20 kr af almannafé.

Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marz

Nr. 56/1909: Anna Marie Lauritzen
gegn
Ludvig Olaf Rye Bruun.

Dómur:

Áfrýjandinn, ógiftur kvenmaður Anna Marie Lauritzen höfðaði mál þetta fyrir lögreglurétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda Ludvig Olaf Rye Bruun, til þess að fá hann dæmdan til að greiða meðlag með barni hennar, Ella Johanne Lauritzen, er hún ól 4. jan. f. á. og lýsti stefnda föður að, en hann hefir synjað fyrir faðernið. Var málið dæmt í lögregluréttinum 12. ágúst f. á. á þá

leið, að stefndi á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, svo framarlega hann eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi synjar fyrir það með eiði, að hann hafi átt holdlegt samræði við áfrýjanda á þeim tíma, að hann geti verið faðir að barni hennar, Ella Johanne Lauritzen, er hún ól 4. jan. f. á., og á málskostnaður þá að falla niður; en vinni hann eigi þennan eið, á hann að greiða meðlag með nefndu barni eftir á úrskurði yfirvaldsins og málskostnað til áfrýjanda, að upphæð 10 krónur. Þessum lögregluréttardómi hefir Anna Marie Lauritzen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. des. f. á., og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflutningsmann; hefir málflutningsmaður hennar gjört þær réttarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að áfrýjanda verði leyft að staðfesta faðernislýsingu sína með eiði, að stefndi verði dæmdur til að greiða meðlag með barni áfrýjanda, og að honum verði gjört að greiða málskostnað, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflutningslaun til málfærslumannsins, hvernig sem úrslit málsins verða. Stefndi, Ludvig Olaf Rye Bruun, hefir af sinni hálfu látið gjöra þær réttarkröfur fyrir yfirdóminum, að lögregluréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða kostnað málsins fyrir þessum rétti.

Eins og tekið hefir verið fram, lýsir áfrýjandinn stefnda föður að barni hennar, Ellu Johanne Lauritzen, en hann hefir synjað fyrir faðernið. Árið 1905—06 var áfrýjandi í þjónustu stefnda í Kaupmannahöfn, og átti hún þá barn með honum í októbermánuði 1906. Síðan fluttist stefndi hingað til lands, en í marz og apríl 1908 var hann í Kaupmannahöfn og hitti þá áfrýjanda. Segir

hún, að samfarir þeirra hafi þá verið þær síðast í marz og fyrst í apríl, að hún hafi orðið þunguð af hans völdum. Stefndi kannast við, að hann hafi hitt áfrýjanda tvisvar á götu um þetta leyti, en þvertekur fyrir, að hann hafi haft holdlegt samræði við hana. Sérstaklega hefir stefndi neitað því, að hann hafi hitt áfrýjanda 6. apríl 1908, með því að hann hafi legið rúmfastur þennan dag, en hún hefir borið það fyrir rétti, að þau hafi hizt nefndan dag, og átt þá samræði saman heima hjá henni. Með því nú að ekkert það er fram komið í málinu, er sanni eða styrki faðernislýsingu áfrýjanda, verða úrslit málsins að vera komin undir eiði stefnda samkvæmt N. L. 6—13—5, og á þann hátt, er segir í hinum áfrýjaða dómi. Þar sem málskostnaðarákvæði dómsins samþykkist, verður þannig að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Eftir atvikum virðist málskostnaður fyrir yfirdómi mega falla niður, en málflutningslaun hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda, er ákveðast 15 kr., skulu greiðast úr landsjóði, og vottast jafnframt, að málsfærslan af hans hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, og málflutningslaun hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda, yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, 15 krónur, greiðist úr landsjóði.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar sé 8 vikur frá lögbirting hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. marz.

Nr. 44/1909: Kristján Jónasson
gegn
Ólafi Finnssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Ólafur Finnsson hreppstjóri á Fellsenda fyrir hönd Finns Olafssonar verzlunarumboðsmanns í Leith fyrir gestarétti Dalasýslu á hendur Kristjáni Jónassyni kaupmanni í Búðardal til greiðslu á kr. 780.00 samkvæmt borgunarsamningi dags. 22. júní 1907. Lauk málinu svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 11. júlí f. á., að áfrýjandi var skyldaður til að greiða stefnda 780 kr. með 6 % vöxtum p. a. frá sáttakærudegi til borgunardags og 27 kr. í málskostnað. Þessum dómi hefir Kristján Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. sept. f. á. og krafist þess, að verða að fullu og öllu sýknaður af kröfum stefnda, og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst þess hins vegar aðallega, að málinu verði vísað frá yfirdóminum fyrir þá sök, að málsskotinu sé beint á hendur Ólafi Finnssyni persónulega, en eigi fyrir hönd Finns Ólafssonar, en þessari kröfu hefir hann síðan slept og krafist að verða sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda, en það verður að skilja sem kröfu um staðfesting hins áfrýjaða dóms, og hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af hendi áfrýjanda er því haldið fram, að málið hafi eigi verið lagt löglega til sátta, því að bæði hafi sátta-

kæran eigi verið birt á heimili hans, og í annan stað hafi réttarstefnan verið útgefin áður en sáttafundur var haldinn í málinu. Áfrýjandi hefir þó eigi gjört neina kröfu um frávísun málsins, en álítur að fyrir þessar sakir beri ex officio að vísa því frá aukaréttinum og ómerkja dóminn. En á þessa skoðun verður eigi fallist. Þegar stefnuvottarnir birtu áfrýjanda sáttakæruna í Búðardal 18. maí f. á., lét hann þá rita í birtingarvottorðið mótmæli gegn því að hann ætti þar heima, en þessi mótmæli verða að teljast þýðingarlaus, því að fjórum dögum síðar, 22. maí, var yfirréttarstefna í málinu birt »á heimili kærða í Búðardal« fyrir konu hans, að honum fjarverandi, og hefir áfrýjandi ekki fundið neitt að þeirri birtingu, enda er því ekki haldið fram fyrir yfirdóminum, að áfrýjandi hafi verið alfarinn frá Búðardal, þegar honum var birt sáttakæran. Að því er kemur til hins síðara atriðis hefir undirdómarinn að vísu gefið út stefnu í málinu áður en því var vísað til dómstólanna frá sáttanefndinni, og þannig breytt á móti fyrirmælum tilskip. 20. jan. 1797 1. gr. og 15. ágúst 1832, 3. gr. sbr. 6. gr., en þar sem það hefir ekki verið vefengt, að réttarstefnan hafi eigi verið birt fyr en eftir sáttafundinn og sáttakæran var lögð fram í fyrsta réttarhaldi málsins, með vottorði sáttanefndarinnar um að hún hefði tekið málið fyrir, og kærandi krafist, að því væri vísað til dómstólanna, þá verður eigi álitið, að hér sé um að ræða brot á sáttalöggjöfinni, er eigi að varða frávísun málsins ex officio.

Hin umstefnda skuldakrafa er, eins og fyr segir, bygð á borgunarsamningi, dags. 22. júní 1907, milli stefnda og áfrýjanda. Í þeim samningi viðurkennir áfrýjandi að vera skuldugur stefnda um 3780 kr., er hann

lofar að greiða honum á 3 gjalddögum, og er síðasta afborgunin þær 780 kr., sem stefndi krefst í þessu máli. Áfrýjandi neitar því, þrátt fyrir þennan samning, að hann sé í nokkurri skuld við stefnda, en skýrir svo frá, að þeir stefndi hafi gjört verzlunarfélagsskap með sér árið 1906 og sé fyrgreindur samningur eigi annað en yfirlýsing frá sér um það, hve mikla fjárhæð stefndi hafi lagt í þann félagsskap, en stefndi hafi hins vegar af sinni hálfu lofað áfrýjanda samskonar yfirlýsingu um skuldir þær, er stefndi hafi verið í við verzlunarfélagið, en eftir þeim skuldareikningum eigi áfrýjandi miklu meira hjá stefnda heldur en það sem svarar hinni umstefndu upphæð. Áfrýjandi hefir þó enga tilraun gjört til að sanna, að þessi skýrsla hans um málavexti sé rétt, og verður hún því ekki, gegn skýlausu loforði hans í fyrgreindum borgunarsamningi og mótmælum stefnda, tekin til greina. Það verður því að fallast á það, að áfrýjandi var með hinum áfrýjaða dómi skyldaður til að greiða stefnda 780 kr. með vöxtum sem þar segir, og með því að málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkist, verður að staðfesta niðurlag hans í heild sinni.

Eftir málavöxtum er það rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Kristján Jónasson greiði stefnda Ólafi Finnssyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 41/1909: Stjórnendur Gránufélagsins
gegn
etazráði J. V. Havsteen.

Dómur:

Mál þetta höfðaði kand. Valdemar Thorarensen fyrir hönd Gránufélagsins á Akureyri fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar gegn stefnda, etazráði J. V. Havsteen kaupmanni á Akureyri, út af burtflutningi og sölu á sandi úr fjörunni sunnan við Strandgötuna á Oddeyri, framundan eignarlóðum stefnda, og var málið dæmt í nefndum rétti 13. marz f. á. þannig, að stefndi var sýkn dæmdur af kröfu Vald. Thorarensen og hann fyrir hönd Gránufélagsins skyldaður til að greiða stefnda í málskostnað 12. kr.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir, stjórnendur Gránufélagsins, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. ágúst þ. á., og hefir þess verið krafist af þeirra hálfu, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefnda verði bönnuð öll sandtaka og sandsala úr fjöru þeirri eða landspildu, er um ræðir í málinu, og að hann verði dæmdur tll að greiða áfrýjendum andvirði tekins sands og selds úr nefndri fjöru eða landspildu með að minsta kosti 39 kr. 38 a. auk 6 % ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Af hálfu stefnda hefir þess aftur

á móti verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir í málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Með afsalsbréfum 20. október 1887 og 19. janúar 1899 og samkvæmt fundarályktun 30. júní 1892 seldi og afsalaði Gránufélagið hinum stefnda þrjár samanliggjandi lóðir á Oddeyri, langs með Strandgötunni, er samtals voru ákveðnar með þessari götu eða frá austri til vesturs 76 álnir, en frá norðri til suðurs 65 álnir vestari hluti lóðarinnar, en austari hlutinn 50 álnir, frá Strandgötunni að telja. Fyrir framan lóð þá alla, er stefndi þannig eignaðist, eða suður af henni, milli hennar og sjávar, er, að frátalinni Strandgötunni, sem liggur meðfram lóðinni, ekki annað en sandflæmi eitt eða fjaran, sem málsaðilar hafa fyrir undirréttinum verið sammála um að nefna alt svæðið, en þar, úr fjöru þessari, á hin átalda sandtaka að hafa átt sér stað. Í áðurnefndum afsalsbréfum er svohljóðandi grein hnýtt aftan við lóðarafsalið: »Allur reki, svo sem hvala, viðar, kolkrabba o. s. frv. er fráskilinn kaupi þessu, sem og landshlutur af síld, en að öðru leyti hefir kaupandi öll önnur fjörugögn fyrir lóð þessari, svo sem uppsátur og rétt til þess að setja bryggjur o. s. frv.« Afrýjandi heldur því nú fram, að þessi grein taki að eins til eiginlegra fjörugagna, og heimili því eigi stefnda neinn rétt, hvorki til sandtöku, sandsölu né annars á öðrum hluta svæðisins niður af hinum seldu lóðum, en þeim er fjara geti kallast í eiginlegum skilningi, eða sé milli flóðfars og fjörumáls í stórstraumi, en fyrir ofan stórstraumsflóðmál og upp að Strandgötu sé nokkurra álna breitt belti, sem verði í lagalegum skilningi að teljast meginland en ekki fjara, þótt sandfláki sé, og eigi Gránufélagið þá ræmu enn með óskertum rétti, þar sem hún hafi eigi

verið seld stefnda með áðurnefndum gjörningum. Svo eigi og Gránufélagið enn af sömu ástæðu litla ræmu ofan Strandgötunnar, milli hennar og lóðar stefnda, því að lóð stefnda nái ekki alveg að téðri götu, eins og uppdráttur sá yfir hið umþrætta svæði sýni, er lagður hefir verið fram fyrir yfirdómi af áfrýjanda hálfu Að því er sjálfa fjöruna (fyrir neðan stórstraumsflóðfar) snertir, neita áfrýjendur því og að nefnd grein heimili stefnda rétt til sandtöku þar, því að þar sem Gránufélagið, samkvæmt áðursögðu, sé enn eigandi að landspildunni næst fjörunni, þá beri því sem landeiganda allur sá réttur yfir henni, er eigi sé beint frá kominn að lögum, en stefnda sé í greininni að eins tilskilinn réttur til uppsáturs og bryggjusetningar og annara þess konar ofnota af fjörunni, er hann hafi sózt eftir vegna verzlunar sinnar, en réttur til sandtöku geti eigi talist þar til, enda geti ofmikil sandtaka orðið til að eyðileggja landspilduna fyrir ofan, er Gránufélagið ætti enn. Telja áfrýjendur að stefndi hafi þegar selt 179 tunnur af sandi á 22 aura tunnuna og krefjast andvirðis þessa sands með 39 kr. 38 aur. auk vaxta, sem fyr greinir, og að stefnda verði bönnuð eftirleiðis öll sandtaka niðurundan lóð hans.

Vegna lagaákvæða þeirra, er koma verða til greina við úrslit þessa máls, en það er Jb. rekab. 1. og 2. kap., skiftir það mjög máli, hvort það er rétt, er áfrýjendur halda fram, að Gránufélagið eigi enn land (meginland) milli lóðar stefnda og sjávar, eða hvort hitt er réttara, að fjaran eigi að teljast ná alt upp að Strandgötunni og lóð stefnda, að Strandgötunni einni frátalinni, en þessu heldur stefndi fram.

Í þessu tilliti skal það tekið fram, að eftir uppdrætti

þeim, sem fram er lagður í málinu, og ómótmæltri skýrslu þeirra manna, er hann gjörðu, sést ekki móta fyrir neinni brún á veginum (Strandgötunni) þeim megin, er lóð stefnda er, og virðist hann því liggja fast upp að henni, og þetta kemur einnig heim við orðin í afsalsbréfinu til stefnda 19. janúar 1899, er segja lóðarstærðina norður eftir vera 50 álnir »frá Strandgötunni að telja«, en með því að öll lóð stefnda, þeim megin er að sjónum veit, er í sömu beinni línunni »langs með Strandgötunni, þá verður eigi talinn vafi á því, að ekkert svæði liggur í milli lóðar stefnda og Strandgötunnar, er Gránufélagið geti enn verið eigandi að.

Að því er hitt atriðið snertir, hvort fjaran eigi að teijast ná upp að Strandgötunni, eða þar sé efst »meginland«, er Gránufélagið eigi enn óskertan rétt til og sé undanþegið öllum afnotum stefnda, þá hafa að vísu menn þeir, er uppdráttinn gjörðu, þann er fyr er getið, sýnt á honum flóðlínuna eins og þeir þóttust sjá allglögg merki til þess að hún hefði verið 3 vikum á undan mælingunni eða 31. ágúst f. á., og eru frá þeirri línu um 8 álnir upp að Strandgötunni, en svæði eða belti þar með þeirri breidd upp að Strandgötunni vilja áfrýjendur nú telja meginland og undanþegið fjörunotum stefnda. Þessari flóðlínusetningu á uppdrættinum hefir verið mótmælt sem rangri og óábyggilegri af stefnda. En þó að hún væri nærri lagi, þá er þess að gæta, að í afsalsbréfum stefnda er berlega gengið út frá því, að lóð stefnda liggi að fjörunni, svo að þar sé engin lóð í milli og sjávar, er fylgja ætti að lögum fjörunot fyrir neðan lóðina. Þetta sést af því, að það er álitin þörf á að

undanskilja kaupi þessu réttinn til reka, til þess að seljandi haldi honum áfram. Það má líka ráða það með vissu af innihaldi hinnar sömu greinar í afsalsbréfunum, að fjaran er talin þar óskift upp að götu eða lengra upp en að stórstraumsflóðlínu, þar sem fjörunot stefnda, sem þar eru sérstaklega nefnd sem dæmi, uppsátur og bryggjusetning, gátu eigi að öðrum kosti komið stefnda að gagni. Í samræmi við þetta, sem nú hefir verið talið, er það og, að áfryjendur hafa fyrir undirréttinum í allri málsfærslu sinni frá fyrsta, í sáttakæru, stefnu og sóknarskjölum, talið alt svæði það, er hér er um að ræða, óslitna fjöru, upp að götu, og ber þetta alt að hinu sama, að stefndi og enginn annar hafi verið talinn eiga land eða lóð að fjöru á þessum stað, eða að svo hafi verið litið á frá upphafi, að fjaran næði alla leið upp að Strandgötunni og lóð stefnda.

Eftir Jb. rekabálki 2. kap. er gjörð greining á því, hvern rétt rekamaður eigi, ef eigi er öðruvísi ákveðið, og hvern landeigandi, en landeiganda ber hér að telja stefnda, samkvæmt því sem á undan er sagt. Réttur sá, er Gránufélaginu er áskilinn, virðist einmitt ekki öðruvísi ákveðinn í afsalsbréfunum en réttur rekamanns í nefndum lagastað, og er því engin heimild til að eigna því frekari rétt en rekamanni er þar talinn bera. Öll önnur fjöruréttindi á því landeigandi, en þar til virðist eiga að telja sandtöku, sem jafna má auk þess nokkuð við þaratöku, eins og málsaðilar hafa gjört í málsfærslu sinni, en landeigandi á að lögum rétt til hennar, enda virðist og eðlilegt, að landeigandi eigi ráðin til að gæta þess, að ofmikil sandtaka spilli eigi landi hans. Það verður samkvæmt þessu að fallast á niðurstöðu þá í máli þessu, er

undirdómarinn hefir komist að, og að sýkna stefnda af kærum og kröfum áfrýjanda í málinu. Ber því að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendur, stjórnendur Gránufélagsins, greiði stefnda J. V. Havsteen málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. apríl.

Nr. 45/1909: Guðmundur Jónasson og Einar M. Jónasson gegn Oddi Gíslasyni og Birni sýslumanni Bjarnarson.

Dómur:

Við fógetagjörð, sem haldin var af sýslumanninum í Dalasýslu 23. júlí f. á. á heimili Guðmundar Jónasson-

ar kaupmanns í Skarðsstöð, eftir kröfu Odds Gíslasonar yfirréttarmálaflutningsmanns fyrir hönd Salomons Davidsens, til að fullnægja með fjárnámi landsyfirréttardómi 1. febrúar f. á. í skuldamáli milli Davidsens og Guðmundar Jónassonar, mætti í fógetaréttinum Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður, bróðir Guðmundar, og mótmælti í nafni þeirra beggja, að fjárnámið færi fram, en með úrskurði fógetans, uppkveðnum sama dag, var þeim mótmælum hrundið Þessari fógetagjörð og úrskurði hefir Einar M. Jónasson fyrir hönd þeirra bræðra skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 21. sept. f. á. Hann hefir beint málskotinu á hendur Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni sem aðalverjanda, og jafnframt stefnt fógetanum, Birni sýslumanni Bjarnarson, til ábyrgðar fyrir meðferð hans á málinu. En hins vegar hefir áfrýjandi ekki stefnt fjárnámsbeiðandanum og dómhafa eftir fyrtéðum landsyfirréttardómi, Salomon Davidsen, eða umboðsmanni hans í málinu fyrir hans hönd. Með því að réttum varnaraðila er þannig eigi stefnt við áfrýjun þessa, verður samkvæmt N. L. 1—4—1 að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum.

Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, sem hefir mætt eftir stefnunni og flutt vörn í málinu, ber áfrýjendum eftir kröfu hans að greiða málskostnað, er ákveðst 20 kr. og lúkist af þeim in solidum.

Af hendi hins stefnda fógeta hefir eigi verið mætt í yfirdóminum.

Um úrskurð yfirdómsins, er upp var kveðinn 21. febr. þ. á., út af beiðni áfrýjanda um frest til vitnaleiðslu, hefir áfrýjandi Einar M. Jónasson málaflutningsmaður farið svofeldum orðum í sóknarskjali dags. 28. febr. þ. á.:

»hefir rétturinn að mínu áliti gengið nokkuð lengra en skjöl máls þessa heimila,« og »enda virðist mér úrskurðurinn benda einnig á, hvernig úrslitin eigi að verða, sem einnig er auðsjáanlegt, þar sem öðrum partinum er hafnað, (sic) því að koma fram löglegri vörn fyrir sig«; og um fjárnámsbeiðanda og fógeta farast áfrýjanda í sama sóknarskjali þannig orð: »og var því framhald gjörðarinnar fúlmenska ein og illvilji, sem eg fæ ekki betur séð en einungis hafi verið framkvæmd til þess að gjöra requisitus sem allra mesta bölvun. Fyrir þennan ósæmilega rithátt verður að sekta nefndan málaflutningsmann, og ákveðst sektin 30 kr., er renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Afrýjendur Guðmundur Jónasson og Einar M. Jónasson greiði in solidum stefnda Oddi Gíslasyni 20 kr. í málskostnað. Áfrýjandi Einar M. Jónasson greiði 30 kr. sekt, helminginn í landssjóð og helminginn í fátækrasjóð Reykjavíkur.

Ídæmd gjöld ber að greiða áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. apríl.

Nr. 7/1910: Réttvísin
gegn
Kristjáni Jóni Guðjónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu 12. janúar þ. á. var hinn ákærði Kristján Jón Guðjónsson, fyrrum búandi á Hraukbæ, dæmdur fyrir sviksamlegt athæfi samkvæmt 269. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og til að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns Jóns skrifara Guðmundssonar 8 krónur.

Það er með játningu ákærða og skýrslum málsins að öðru leyti löglega sannað, að ákærði, sem verið hefir leiguliði á þjóðjörðinni Hraukbæ í Glæsibæjarhreppi síðan 1886, en var bygt út af téðri jörð til fardaga 1908 og jörðin þá tekin af honum, gat við úttekt jarðarinnar ekki skilað neinu af því 2 1/2 ásauðarkúgildi, sem fylgja átti jörðinni, og vantaði auk þess 73 kr. 50 a. til að geta svarað öðru álagi jarðarinnar. Hafði ákærði vorið 1907 selt 6 af kúgildisánum og aðrar 6 seldi hann í október s. á. en 3 slátraði hann til matar heimili sínu sama haustið um göngur. Ákærði hefir haldið því fram, að það hafi ekki verið ásetningur sinn að svíkja landsdrottinn með þessari förgun kúgildanna, heldur hafi hann hygst geta bygt á því, eftir þegar sendri beiðni sinni þar að lútandi og löglegum undirbúningi samkvæmt þjóðjarðasölulögunum nr. 31, 20. október 1905, að hann fengi

keypta nefnda ábýlisjörð sína, og hefði hann þá, er kaupin fullgjörðust, átt vísa von á því með tilstyrk vina sinna og aðstandenda, að geta greitt landssjóði það er þurfti. Þessi framburður ákærða hefir svo mikla stoð í skýrslum málsins, að það virðist mega leggja hana til grundvallar fyrir dómi í málinu, og verður þá ekki álitið, að ákærði hafi með sölu kúgildanna eða förgun þeirra gjört sig sekan í sviksamlegu athæfi, enda hefir undirdómarinn ekki talið það atferli hans saknæmt.

Þá er ákærða gefið það að sök, að hann hafi, eftir að útséð var um, að hann náði eigi kaupum á jörðinni og eftir að honum var útbygt af henni, veðsett öðrum manni með skjali 27. desember 1907 þær skepnur, sem hann átti eftir, fyrir skuld, er maður þessi átti hjá honum, en ákærði virðist þá ekki hafa átt eftir, að þessum skepnum frágengnum, aðrar eignir en hús nokkur og þiljuvið, er honum mátti vera ljóst, að ekki nægði fyrir álaginu sjálfu, og því síður til að bæta upp kúgildaverðið, enda fekst, eins og fyr er sagt, ekkert upp í það við úttektina. Það er ekkert í málinu, sem bendir til þess, að ákærði hafi gjört nefnda veðsetningu í eigingjörnum tilgangi eða til málamynda, og hann hefir borið það, að hann hafi neyðst til hennar, af því að svo hart hafi verið að sér gengið með skuldina, en þó að ákærða fyrir getuleysi hafi eigi verið unt að halda til landsdrottins, til viðreisnar kúgildunum, sem hann álízt hafa felt niður að ósekju, þeim litlu eignum, sem hann átti eftir, en aðrir skuldheimtumenn urðu fyrri til að krefja hann skulda sinna, þá verður það ekki talið svik af honum eða sviksamleg athöfn, er honum verði refsað fyrir samkvæmt 263. gr. hegningarlaganna, er sérstaklega var vísað til í

málshöfðuninni fyrir undirrétti, eða annari grein þeirra. Það verður því að sýkna ákærða að öllu leyti í máli þessu, og ber að greiða allan málskostnaðinn, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 8 kr. og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr. til hvors, af almannafé.

Rekstur málsins í héraði hefir verið nokkuð seinfara, en fyrir þeim drætti álizt undirdómarinn hafa gjört sennilega grein. Að öðru leyti hefir málsmeðferðin þar verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Akærði Kristján Jón Guðjónsson á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Málskostnaður allur, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaunin í héraði, 8 krónur, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 8/1910: Réttvísin gegn Steini Óla Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar,

uppkveðnum 10. janúarmán. þ. á., var hinn ákærði, Steinn Óli Jónsson, dæmdur samkvæmt 177. gr. sbr. 174. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar með talin málflutningslaun til verjanda hans fyrir aukaréttinum, 8 krónur. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins eftir ósk hins ákærða.

Með eiginni játningu hins ákærða, sem í öllu verulegu kemur heim við aðrar skýrslur í málinu, er það sannað, að hann hafi 11. október f. á. framið saurlifnaðarathæfi við stúlkubarn, Hedvig Madsen, 7 ára að aldri, með þeim atvikum, að hann bauð barninu, sem var aðkomandi í húsi því, þar er hann bjó, að koma inn í herbergi eitt og gjörði hún það; tjáist hann hafa leikið um stund við barnið og hafi þá komið yfir sig sterk samræðisástríða; tók hann þá stúlkubarnið, setti hana á kné sér eða framan við sig, stakk getnaðarlim sínum að aftanverðu inn á bert hörund barnsins og strauk honum um það litla stund, án þess að ákærða þó losnaði sæði; slepti hann síðan barninu og lét hana fara út, og segir hann að hún hafi enga mótspyrnu gjört og eigi hljóðað, meðan hann átti við hana. Eigi sá neitt á barninu eftir meðferð ákærða á því, og ekkert mein virðist það hafa haft af henni.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi hér á landi áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neinn glæp. Framangreint afbrot hans heyrir undir 177. grein hegningarlaganna, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin samkvæmt þessari grein, semanborinni við 174. gr. sömu laga, 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Með því að málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist, verður þannig að staðfesta hann með áminstri breytingu á refsingunni. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 12 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsingin sé 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Steinn Óli Jónsson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálfærslumannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 12 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. apríl.

Nr. 6/1910: Jón Ólafsson
gegn
Ólafi Björnssyni, Hjörleifi Þórðarsyni og Herbert Sigmundssyni.

Dómur:

Í desembermánuði árið sem leið höfðaði Ólafur

Björnsson, ritstjóri blaðsins »Ísafold«, mál í bæjarþingi Reykjavíkur á hendur ábyrgðarmanni blaðsins »Reykjavík«, Jóni ritstjóra Ólafssyni, út af meiðyrðum í síðarnefndu blaði, 56. tölubl., er kom út 30. nóvbr. f. á., í grein með fyrirsögninni: »Björn að baki Kára. Ráðherra saurblaðsriti. Sonurinn leppur«. Hin átöldu ummæli voru: »Sonurinn leppur« í fyrirsögn greinarinnar, og »Í gildi, sem haldið var fyrir nokkru, varð Ólafur ráðherrason, Ísafoldar-leppur, svo drukkinn, að hann fór að gráta brennivínsgrát og barma sér yfir leppsæfi sinni. »Það er faðir minn, sem skrifar allar svívirðilegustu greinarnar í blaðið, sagði hann, og nefndi tvær greinar til dæmis«. Í máli þessu krafði Jón Ólafsson þá Hjörleif Þórðarson trésmið og Herbert Sigmundsson prentara vitnisburðar eftir skriflegum spurningum, sem fram voru lagðar á bæjarþinginu 20. janúar þ. á. Málflutningsmaður Ólafs Björnssonar mótmælti því þá, að fyrir vitnið Hjörleif Þórðarson væri lögð 3. spurning á réttarskjali nr. 26, og fyrir vitnið Herbert Sigmundsson spurningarnar nr. 4—6 í réttarskjali nr. 25, sem stýlaðar voru til þessa vitnis, með því að þessar spurningar og svör vitnanna gætu eigi þýtt neitt fyrir úrslit málsins. Dómarinn úrskurðaði sama dag með 2 úrskurðum, að mótmæli þessi bæri að taka til greina og að umgetnar spurningar skyldu eigi lagðar fyrir vitnin.

Þessum úrskurðum hefir Jón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefndu dags. 5. febr. þ. á., og krafist þess, að þeim verði hrundið, að téð vitni verði skylduð til að svara umþrættum spurningum, og stefndi, Ólafur Björnsson ritstjóri, verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi. Stefndi krefst hins vegar, að hinir áfrý-

juðu úrskurðir verði staðfestir, að áfrýjandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu, óþarfar vífilengjur og misbrúkun dómstólanna, og skyldaður til að greiða sér málskostnað eftir mati yfirdómsins, hvernig sem málið fer.

Spurning sú, er dómarinn synjaði um að leggja fyrir vitnið Hjörleif Þórðarson, er þess efnis, hvort stefndi hafi í gildinu, sem getið er í hinni umstefndu blaðgrein, verið ölvaður að sjá. Spurning sama efnis var áður lögð fyrir 2 vitni í málinu, sem svöruðu henni mótmælalaust af stefnda hálfu, og virðist hann með því hafa samþykt, að eigi sé þýðingarlaust, hvort vitnið svarar spurningu þessari. Fyrir því var eigi næg ástæða til að synja áfrýjanda um að leggja spurninguna fyrir vitnið; verður því að fella þar að lútandi úrskurð úr gildi, og ber dómaranum að leggja 3. spurninguna á réttarskjali nr. 26 fyrir vitnið Hjörleif Þórðarson.

Þær 3 spurningar, sem áfrýjanda var synjað um að leggja fyrir vitnið Herbert Sigmundsson, lúta að því, hvort vitnið hafi sett (í prentsmiðjunni) eða séð nokkra grein með rithönd Björns Jónssonar ráðherra, er síðar hafi komið út í blaðinu, án nafns hans, eða hvort vitnið að öðru leyti þekki atvik, er bendi til þess, að Björn Jónsson hafi skrifað greinar í Ísafold síðan Ólafur Björnsson tók við blaðinu, þær, er ekki væru með nafni Björns Jónssonar. Með því að fá þessum spurningum svarað hygst áfrýjandi að geta réttlætt eða afsakað orðið »leppur«, er hann hefir viðhaft um stefnda.

Orðið »leppur« í því sambandi, sem það er viðhaft um stefnda í hinni átöldu blaðagrein, merkir það, að hann sé ritstjóri Ísafoldar að eins að nafninu til, en ráði engu um stefnu blaðsins og efni. En hvort þessi lýsing á

afstöðu stefnda til nefnds blaðs sé rétt, geta áðurgreindar spurningar til vitnisins Herberts Sigmundssonar ekki skorið úr, þó að vitnið kvæði já við þeim, því að það verður ekki álitinn vottur um ósjálfstæði ritstjórans, þó að annar maður riti ýmsar greinar í blaðið nafnlausar. Þessar spurningar út af fyrir sig gátu því eigi skift máli. En áfrýjandi heldur því og fram, að spurningarnar, hefði vitnið fengið að svara þeim, mundu þó í sambandi við aðra vitnisburði, sem hann ætlaði að fá í sama réttarhaldi, geta haft verulega þýðingu fyrir málstað hans. En af spurningum þeim, sem vitnum þessum var ætlað að svara, og undanfarinni vitnaleiðslu í málinu, verður það eigi séð, að neinar líkur séu til, að skýrslur vitnanna í sambandi við framburð vitnisins Herberts Sigmundssonar hefðu borið þann árangur. sem áfrýjandi gjörir sér von um, að sýna fram á, að það sé réttmætt, að viðhafa orðið »leppur« um stefnda.

Það verður samkvæmt þessu að telja rétt, að dómarinn úrskurðaði, að eigi skyldi leggja spurningarnar 4—6 á réttarskjali nr. 25 fyrir vitnið Herbert Sigmundsson, og ber að staðfesta þann úrskurð.

Eftir málavöxtum virðist rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Framangreindar kröfur stefnda um sekt á hendur áfrýjanda þykir eigi ástæða til að taka til greina.

Því dæmist rétt vera:

Úrskurður bæjarþingsins, er snertir vitnið Hjörleif Þórðarson, er úr gildi feldur, og ber dómaran-

um að leggja 3. spurningu á réttaskjali nr. 26 fyrir nefnt vitni. Úrskurður sama réttar, er snertir vitnið Herbert Sigmundsson, á að vera óraskaður.

Málskostnaður falli niður.

Nr. 9/1910: Réttvísin
gegn
Vilhelmínu Hjaltadóttur.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsyslu, uppkveðnum 7. desbr. f. á., var hin ákærða Velhelmína Hjaltadóttir, gift kona í Hnífsdal, dæmd til refsingar, einfalds fangelsis í 14 daga, eftir 286. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun fyrir aukaréttinum. Dómi þessum hefir verið áfrýjað til yfirdómsins eftir ósk hinnar ákærðu.

Hin ákærða er í máli þessu sökuð fyrir að hafa valdið eldsvoða með því að gæta ekki almennrar várkárni, og er það í þessu efni sannað í málinu, að hús það, er hún og maður hennar Helgi Kristjánsson áttu í Hnífsdal, brann til kaldra kola um dagtíma 2. júlí f. ár, og töluvert af lausafé, er þau hjónin áttu og aðrir, er í húsinu bjuggju, en eldurinn kom upp á þá leið, að ákærða, er ætlaði að elda í eldavélinni í húsinu, helti steinolíu á spýtur, er hún notaði til uppkveikju, lagði þær í vélina

og kveikti í þeim með eldspýtu, en ein af spýtum þessum var svo löng, að hún komst eigi öll inn í eldholið á vélinni, en stóð út úr eldavélinni, og varð vélinni því eigi lokað. Olíunni helti ákærða á spýturnar úr 6 potta brúsa og lét síðan brúsann »til hliðar við eldavélina á járnplötu, (sem stóð) framundan henni«, eins og þessu er lýst í prófunum. En er loga tók á spýtunni, er stóð út úr eldavélaropinu, féll neisti af henni eða skar ofan í olíubrúsann, en opið á honum var svo vítt, að tveir fingur gátu vel komist ofan í það, og enginn var tappi í brúsanum. Kviknaði þá þegar í olíunni, því hún virðist hafa verið heit af sólarhita, þar sem brúsinn hafði staðið úti í sólskini um daginn, en nýbúið var að sækja hann út; brúsinn sprakk og logandi steinolían slettist út um alt eldhúsið svo að kviknaði í húsinu og það brann til kaldra kola, eins og áður segir. Kviknaði þá og í fötum hinnar ákærðu, en það varð slökt, án þess hana sakaði verulega. Húsið var vátrygt, en eigi lausafé, sem í því var, en eigendur þess hafa afsalað sér rétti til skaðabóta.

Það verður nú að vísu að líta svo á, að hin ákærða hafi með því að setja steinolíubrúsann tappalausan rétt við ólokað op eldavélarinnar, er logandi spíta stóð fram úr, sýnt skort á almennri varkárni, og að þessi óvarkárni hennar hafi verið orsök brunans, en þar sem þeir, er skaða biðu við brunann, hafa afsalað sér rètti til skaðabóta, og þetta verður að jafngilda því, að skaðinn hafi verið bættur af hinni ákærðu, verður hún eigi dæmd til refsingar samkvæmt 286. gr. hegningarlaganna eða annari hegningarlaga-ákvörðun, og verður að sýkna hana í málinu. Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir

yfirdómi, verður eftir þessum úrslitum að greiðast úr landssjóði, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, 8 kr., og málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það er aðfinsluvert, að héraðsdómarinn hefir ekki lagt fram málshöfðunarskipun stjórnarráðsins, en að öðru leyti vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Vilhelmína Hjaltadóttir á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur löglegur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, greiðist úr landssjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í héraði, emeritprests Guðmundar Guðmundssonar 8 kr., og málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálafærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 kr. til hvors.

Nr. 4/1910: Björn Jónsson ráðherra f. h. landstjórnarinnar og Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar f. h. landsbankans

gegn

Krisjáni Jónssyni háyfirdómara og Jóni Magnússyni bæjarfógeta

Dómur:

Í bréfi til bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 3. janúar

þ. á., bar stefndi, Kristján háyfirdómari Jónsson, sig upp út af því, að framkvæmdarstjórar landsbankans, Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson, vildu eigi kannast við hann sem löglegan gæzlustjóra bankans, og með því að honum, sem alþingi hefði kosið til þessa starfa, væri þannig meinað að rækja eftirlitsskyldu þá, sem þingið hefði falið honum, krafðist hann að fógetinn veitti sér aðstoð til að fá aðgang að húsi landsbankans, bókum og skjölum, svo að hann gæti gegnt starfi sínu sem gæzlustjóri. Næsta dag, 4. janúar, fór fram fógetagjörð í húsi landsbankans, og úrskurðaði fógetinn, eftir að mótmæli höfðu komið fram frá bankastjórunum og ráðherra Íslands, sem lét mæta við gjörðina fyrir hönd landstjórnarinnar, að krafa gjörðarbeiðanda skyldi tekin til greina og honum veitast aðgangur að landsbankahúsinu, bókum bankans og skjölum.

Þessum úrskurði hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu ráðherra Íslands fyrir hönd landstjórnarinnar og af hálfu nefndra bankastjóra fyrir hönd landsbankans með stefnu dags. 17. janúar þ. á., og er af hendi áfrýjendanna gjörð sú aðalkrafa, að málinu verði vísað frá fógetaréttinum, en til vara er þess krafist, að málinu verði vísað heim til nýrrar og betri meðferðar og nýrrar úrskurðaruppkvaðningar, og enn til vara, að úrskurðurinn verði ónýttur og algjörlega úr gildi feldur. Svo krefjast þeir og að fógetinn, Jón Magnússon bæjarfógeti, verði látinn sæta fylstu ábyrgð fyrir uppkvaðning úrskurðarins, refsingu og skaðabótum, og að þeir, gjörðarbeiðandi og hann in solidum, eða til vara annarhvor þeirra, verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, hvernig sem málið fer.

Stefndu krefjast þess hins vegar, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða þeim málskostnað eftir mati yfirdómsins, og hinn stefndi bæjarfógeti krefst þess, að verða algjörlega sýknaður af kærum og kröfum áfrýjendanna.

Þess er enn krafist af áfrýjendunum, að yfirdómararnir Jón Jensson og Halldór Daníelsson víki dómarasæti í máli þessu, af því að þeir verði að álítast vilhallir sakir samúðar við hinn stefnda háyfirdómara, og umhyggju fyrir sæmd hans og yfirdómsins, sem mundi bíða hnekki, ef stefndi bæri lægra hlut í þessu máli. En með því að mál þetta snertir ekki yfirdóminn sem slíkan og meðdómendurnir eru ekki við það riðnir á neinn hátt, er geti gjört þá óhæfa til að dæma í því, brestur alla lagaheimild til að samþykkja kröfu þessa, og verður hún því eigi tekin til greina.

Á alþingi 1905 var stefndi kosinn af efri deild gæzlustjóri landsbankans um 4 ár frá 1. júlí 1906, og á alþingi 1909 var hann aftur kosinn af sömu þingdeild gæzlustjóri bankans næstu 4 ár frá 1. júlí 1910. En 22. nóvember f. á. vék landstjórnin öllum forstjórum landsbankans, þar á meðal stefnda, frá störfum þeirra við bankann, og setti aðra menn í þeirra stað. Var þessi ráðstöfun bygð á 20. gr. í lögum nr. 14 18. september 1885 um stofnun landsbanka, en með því þetta lagaákvæði var numið úr gildi með lögum nr. 12, 9. júlí 1909 um breyting á fyrnefndum lögum, er komu í gildi 1. janúar þ. á., áleit stefndi að sér, þrátt fyrir téða stjórnarráðstöfun, bæri réttur og skylda til, samkvæmt kosningu alþingis og nýnefndum lögum nr. 12, 9. júlí 1909, að taka aftur við gæzlustjórastörfum í landsbankanum

við byrjun þ. á., og félst fógetinn á þá skoðun hans í hinum áfrýjaða úrskurði.

Fyrir kröfu áfrýjendanna um að málinu verði vísað frá fógetaréttinum eru tilfærðar þær ástæður, að lagaákvæði þau, sem heimila beinar fógetagjörðir, nái eigi til kröfu stefnda, og í annan stað, að stjórnarráðstöfun, eins og frávikning stefnda frá gæzlustjórastarfinu, verði ekki ónýtt eða stöðvuð með fógetagjörð án undanfarins dóms, en það beri undir hina reglulegu dómstóla, sem fógetaréttir verði ekki taldir til, að skera úr því, hvort landstjórnin hafi með téðri ráðstöfun farið lengra en vald hennar nær; fógetinn hafi því með úrskurðinum seilst inn á valdsvið dómstólanna og orðið brotlegur gegn 43. gr. stjórnarskrárinnar, enda mundu hendur valdstjórnarinnar verða óhæfilega bundnar til framkvæmda, ef þeim yrði fyrirstaða veitt með beinum fógetagjörðum.

Þetta, sem nú hefir verið tilfært, getur þó ekki heimilað frávísunarkröfuna. Það verður að fallast á það álit fógetans, að krafa stefnda sé þess eðlis, að hann hafi átt rétt á að leita aðstoðar fógetans til að fá henni viðstöðulaust fullnægt, svo framarlega sem honum tækist að sýna fram á það fyrir fógetaréttinum, að krafan ætti við rök að styðjast, og í þessu efni breytir það engu, hvort heldur það eru stjórnarráðstafanir eða aðrar tálmanir, sem banna gjörðarbeiðanda að neyta réttar síns. Þá er það eigi heldur rétt skoðað, að fyrirtekt þessa máls fyrir fógetaréttinum og úrlausn þess þar fari í bága við 43. gr. stjórnarskrárinnar. Það leikur enginn vafi á því, að fógetavaldið er eftir íslenzkum lögum einn þáttur dómsvaldsins, en dómsvaldið er samkvæmt 1. gr. stjórnarskrárinnar hjá dómendum. Orðið »dómendur« í 43.

gr. ber þá að sjálfsögðu að skilja svo, að þar til teljist allir liðir dómsvaldsins, og orðið »dómur« í sömu grein svo, að það eigi við alla réttarúrskurði.

Frávísunarkrafan verður því ekki tekin til greina.

Til vara er þess krafist, að úrskurðurinn verði ónýttur og málinu vísað heim til nýrrar og betri meðferðar og úrskurðarálagningar fyrir þær sakir, að fógetinn hafi ekki fært greinilegar og glöggar ástæður fyrir úrskurðinum, eins og lögboðið er, að hann hafi innfært úrskurðinn í dómabókina og kveðið hann upp áður en málfærslan hófst fyrir fógetaréttinum, og því aðeins farið eftir málsástæðum annars málsaðila, stefnda, en ekkert tillit tekið til röksemda og málsútlistunar áfrýjenda.

Að því er til þess kemur, að úrskurðurinn sé eigi svo rækilega rökstuddur sem lög mæla fyrir, verður sú aðfinsla eigi talin réttmæt, en það verður að álíta, að forsendur úrskurðarins séu svo skýrar og ítarlegar, að þær í þessu tilliti fullnægi því, sem krafist verður samkvæmt D. L. 1—15—13. Hinsvegar er það viðurkent, að meginhluti úrskurðarins hafi verið innfærður í dómabókina áður en fógetagjörðin hófst. Þessi aðferð til að létta undir samningu úrskurðarins í fógetaréttinum, sem fógetinn hefir þózt geta notað við þetta tækifæri, verður eigi talin á neinn hátt ólögleg, svo að fyrir þá sök beri að ónýta úrskurðinn, því að það er ekki rétt á litið eða rétt hermt, sem haldið er fram af hálfu áfrýjendanna, að úrskurðurinn hafi verið uppkveðinn, þ. e. lesinn upp í réttinum, um leið og hann var innfærður í dómabókina. Fógetagjörðin ber það með sér, að fógetinn gekk eigi til fulls frá úrskurðinum og las hann ekki upp fyr en sókn og vörn aðila var lokið og þeir höfðu lagt málið undir

úrskurð réttarins. Fógetinn gat því tekið tillit til alls þess, er fram kom, og breytt, bætt við eða ónýtt með öllu það sem innfært var í dómabókina, að svo miklu leyti sem honum þótti málfærslan gefa tilefni til þess, og það verður að telja vafalaust, að hann hefði gjört það enn frekara, ef það, sem fram kom fyrir réttinum, hefði breytt skoðun hans á málinu.

Þá er það enn varakrafa af hálfu áfrýjendanna, að úrskurðurinn verði ónýttur og algjörlega úr gildi feldur sökum þess, að hann sé rangur og ólöglegur að efninu til. Er því í þessu efni haldið fram, að þar sem gjört sé ráð fyrir því í úrskurðinum og hann byggður á því, að stefndi hafi þá enn verið gæzlustjóri landsbankans, þá sé þetta lögleysa, með því að stefnda hafi verið vikið frá gæzlustjórastarfinu til fullnaðar með stjórnarráðstöfuninni 22. nóvbr. f. á., og heimild fyrir þessari frávikningu sé í 20. gr. bankalaganna 1885; það sjáist af þessari grein samanborinni við 4. gr. í auglýsingu um verksvið landshöfðingja 22. febrúar 1875, að ákvæðið í bankalögunum sé ekki annað en upptekning hinnar almennu reglu í auglýsingunni um vald landshöfðingja til að víkja frá um stundarsakir öllum embættismönnum á Íslandi, en öllum hinum sömu embættismönnum, að fráskildum nokkrum dómurum, hafi ráðherrann, sem ber alla ábyrgð á stjórnarathöfninni, vald til að víkja frá til fullnaðar, og séu gæzlustjórar landsbankans einnig háðir þeirri meginreglu. Þá er það og tekið fram, þessum málstað til stuðnings, að eftir hlutarins eðli hljóti landstjórnin að reka ýms erindi fyrir hönd alþingis, þegar nauðsyn krefur milli þinga, einnig í þeim málum, sem beint heyra undir úrlausn þingsins, svo sem að skipa til bráðabirgða

gæzlustjóra landsbankans, endurskoðunarmenn landsreikninganna o. s. frv., þegar þessir fulltrúar alþingis falla frá eða fatlast frá, til þess að störf þeirra falli ekki niður.

Áður tilvitnað ákvæði í 20. gr, bankalaganna 1885 hljóðar svo: »Landshöfðingi getur vikið hverjum forstjóra landsbankans frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til; hann skal þó með næstu póstferð gefa ráðgjafa Íslands skýrslu um tilefnið til frávikningarinnar«. Af þessu ákvæði verður það nú ekki ráðið, að vald ráðgjafa í téðu efni hafi verið víðtækara en landshöfðingja; niðurlag greinarinnar virðist öllu fremur benda í gagnstæða átt, því þar er ekki gjört ráð fyrir, að svo geti borið undir, að landshöfðingi þurfi að setja mann í stað bankastjóra, sem vikið er frá til fullnaðar. 4. gr. augl. 22. febr. 1875 virðist ekki eiga skylt við þetta mál, það sem þar er fyrirmælt um *embættismenn*, sem *skipaðir* eru á Íslandi, getur eigi átt við hina *ping*kosnu gæzlustjóra landsbankans, enda er það eigi rétt álitið, að ráðherrann geti vikið frá til fulls öllum embættismönnum á landinu, nema nokkrum dómurum, því að embættismenn, er konungur skipar, verða eigi leystir frá embætti nema með konungsúrskurði, og ef ályktun væri leidd af þessu um gæzlustjóra landsbankans, mundi hún vera sú, að til að víkja þeim frá til fullnaðar, yrði að koma úrskurður alþingis. Það verður eftir þessu ekki álitið, að bankalögin 1885 út af fyrir sig eða í sambandi við önnur lagafyrirmæli hafi heimilað landstjórninni vald til að víkja gæzlustjórum landsbankans frá til fullnaðar, og til stuðnings því, að landstjórnin þó hafi þetta vald, nægir eigi að vísa til þess, að landstjórnin hljóti í viðlögum milli þinga að hafa rétt og skyldu til að gegna ýmsum störfum, sem

bera undir alþingi, því að engin ástæða er til að teygja þann rétt eða skyldu stjórnarinnar lengra eða skerða vald alþingis frekar en eðli málsins og nauðsyn krefur, en þeirri nauðsyn sáu bankalögin 1885 fyrir, með því að veita landstjórninni vald til að víkja forstjórum bankans frá um stundarsakir, þangað til fullnaðarúrskurður væri lagður á málið af alþingi, eða, ef svo bæri undir, af dómstólunum.

Með því nú að landstjórnina samkvæmt þessu brast heimild til frávikningar stefnda frá gæzlustjórastarfinu að fullu og öllu, en það getur eigi, eins og málið liggur fyrir, komið til álita hér, hverjar horfur þess hefðu verið, ef um frávikning um stundarsakir samkvæmt bankalögunum hefði verið að tefla, — verður stjórnarráðstöfunin 22. nóvbr. f. á., er stefnda var algerlega vikið frá gæzlustjórastarfi við landsbankann, eigi álitin lögum samkvæm, og gat hún því eigi svift stefnda rétti hans sem gæzlustjóra samkvæmt kosningu alþingis. Það verður af þessum ástæðum að telja rétt, að fógetinn tók kröfu stefnda til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Krafa áfrýjenda um refsingar — og skaðabóta ábyrgð á hendur fógetanum fyrir að hafa kveðið upp úrskurðinn, verður samkvæmt framansögðu ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að dæma hinum stefndu endurgjald málskostnaðar fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr. handa hvorum þeirra og greiðist af landsbankanum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður, og

hinn stefndi bæjarfógeti Jón Magnússon vera sýkn af kærum og kröfum áfrýjendanna í þessu máli. Afrýjendurnir Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar fyrir hönd landsbankans greiði stefndu, Kristjáni Jónssyni háyfirdómara og Jóni Magnússyni bæjarfógeta málskostnað fvrir yfirdómi, 20 kr. hvorum, innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. maí.

Nr. 58/1909: Einar M. Jónasson
gegn
Guðmundi Gíslasyni og bæjarfógetunum Jóni Magnússyni og Magnúsi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, trésmiður í Reykjavík, Guðmundur Gíslason, gegn áfrýjandanum, málaflutningsmanni Einari M. Jónassyni, fyrir gestarétti Reykjavíkur til greiðslu á tilskildum gabbsbótum, að upphæð 1000 kr., ásamt vöxtum, fyrir rof á makaskiftasamningi milli áfrýjandans og Andrésar nokkurs Þorleifssonar í Reykjavík, en Andrés hafði afsalað stefnda gabbsbótakröfu þessa á hendur áfrýjanda. Var málið dæmt í téðum rétti 16. desbr. f. á. þannig, að áfrýjandinn var

dæmdur til að greiða stefnda hinar umsömdu gabbsbætur, 1000 kr., ásamt 5 % vöxtum af þeim frá stefnudegi 17. septbr. f. á. til borgunardags og í málskostnað 40 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. desbr. f. á. og hefir hann gjört þær réttarkröfur hér fyrir réttinum, fyrst og fremst, að málinu verði vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda í málinu. Svo hefir hann og krafist þess, að dómararnir, er um málið hafa fjallað, en hann hefir stefnt til ábyrgðar, þeir Jón Magnússon bæjarfógeti í Reykjavík og bæjarfógeti Magnús Jónsson í Hafnarfirði, verði sektaðir fyrir framkomu þeirra í málinu, og loks að allir hinir stefndu verði in solidum eða hver einstakur dæmdir til þess að greiða sér ríflegan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins. Hinn stefndi Guðmundur Gíslason hefir aftur á móti krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir yfirrétti eftir réttarins mati. Af hálfu hinna stefndu dómara kom enginn í yfirdóminn og hefir þeim þó verið löglega stefnt.

Heimvísunarkrafa áfrýjanda styðst við það, að áfrýjandinn vefengir lögmæti úrskurðar, er upp var kveðinn meðan á málinu stóð fyrir gestaréttinum 22. október f. á., en þar sem úrskurði þessum er eigi sérstaklega áfrýjað, verður hann að standa óhaggaður, og er þegar af þeirri ástæðu eigi unt að sinna heimvísunarkröfunni.

Málið sjálft er svo vaxið, að þeir áfrýjandinn Einar M. Jónasson og fyrnefndur Andrés Þorleifsson gjörðu

með sér skriflegan samning 5. júní f. á. um makaskifti á húseigninni Eskihlíð með lóð, er áfrýjandinn ætlaði að afsala Andrési, og húseign Andrésar við Grundarstíg í Reykjavík, og áttu afsöl fyrir eignunum að fara fram í síðasta lagi 30. júlí f. á., og samningsaðilar þá jafnframt að taka að sér skuldir þær, er hinum afsöluðu eignum fylgdu, eins og nánar var til tekið í samningnum. En yrði samningurinn rofinn af hendi annarshvors semjanda, skyldi sá er bryti greiða meðsemjanda sínum í gabbsbætur 1000 kr., og mæta út af kröfu þeirri, ef til kæmi, fyrir gestarétti Reykjavíkur.

Það varð þó ekki af makaskiftunum innan hins umsamda tíma, og var orsökin sú, að áfrýjandi hafði enn eigi fengið eignarráð yfir húseign þeirri, Eskihlíð, er hann átti að afsala eftir makaskiftasamningnum, og þurfti því fyrst að fá afsal á henni í sínar hendur, en þessu þóttist hann ekki geta komið í kring fyrir þann dag, er samningurinn tiltók, 30. júní, og þurfti því frest fram yfir þann tíma til að fullnægja samningnum að sínu leyti. En þar sem makaskiftin þannig fórust fyrir af völdum áfrýjanda á hinum tiltekna tíma, telur stefndi áfrýjanda hafa rofið samninginn og vera skyldan að greiða gabbsbætur þær, er í honum eru tilskildar. Áfrýjandi hefir fyrir yfirréttinum aðallega bygt sýknun sína í þessu efni á því, að það hafi verið með vitund og samþykki umboðsmanns meðsemjanda hans, Andrésar Þorleifssonar, að hann tók sér frestinn með fullnægingu makaskiftasamningsins frá sinni hálfu. Í þessu tilliti er það upplýst í málinu, að Andrés Þorleifsson fór burtu úr bænum rétt eftir að samningurinn var gjörður, en fekk öðrum manni nafngreindum munnlegt umboð til að annast makaskiftin

af sinni hálfu samkvæmt samningnum, en þessi umboðsmaður Andrésar hefir ómótmælt vottað það, að áfrýjandi hafi skýrt sér frá því um eða eftir miðjan júnímánuð f. á., áður en áfrýjandi lagði í ferð vestur á land, er hann var í fram yfir mánaðarlokin, að ekki gæti orðið af makaskiftunum fyr en hann kæmi aftur, og kvaðst umboðsmaðurinn ekki minnast þess, að hann hafi haft neitt á móti því, en svarað þessum orðum: »Það verður þá að hafa það þar til síðar«, en í þessum orðum sínum hafi legið, að hann vissi ekki af neinu, sem stritt gæti á móti því, að makaskiftin biðu hvað Andrés áhrærði. Samkvæmt þessu vottorði umboðsmannsins, sem, eins og áður er sagt, hefir ekki verið vefengt, virðist áfrýjandi hafa haft fulla eða nægilega ástæðu til að líta svo á, að umboðsmaðurinn fyrir hönd Andrésar hefði ekkert við það að athuga, að hann frestaði að fullnægja samningnum, og að það yrði eigi skoðað sem brot á samningnum, er hefði í för með sér skaða- eða gabbsbætur. Áfrýjandi virðist ekki hafa haft neina ástæðu til að efast um heimild umboðsmannsins til að samþykkja slíka frestun, og þar sem stefndi þó heldur því fram, að umboðið hafi verið takmarkað, svo að umboðsmaður hafi eigi haft myndugleika til að veita frest á makaskiftunum, þá er ekkert í málinu, sem styður slíka fullyrðing, en vitnisburður Andrésar Þorleifssonar bendir einmitt í gagnstæða átt, þar sem hann ekki kvaðst minnast þess, að hafa nefnt neina slíka takmörkun, er hann gaf umboðið. Það verður samkvæmt þessu ekki álitið, að áfrýjandi hafi gjört sig sekan í rofi á makaskiftasamningnum 5. júní f. á., með því að taka sér frest þann, er um hefir verið rætt, með því að sú frestun hafi verið löglega samþykt af hálfu Andrésar Þor-

leifssonar, og þar sem sökin á hendur honum er bygð á þessari fresttöku hans einni, verður að sýkna hann af kærum og kröfum stefnda Guðmundar Gíslasonar og að breyta hinum áfrýjaða dómi að því leyti. Að því leyti sem áfrýjandinn hefir krafist þess, að dómararnir, er um málið hafa fjallað fyrir gestaréttinum, verði látnir sæta ábyrgð fyrir meðferð málsins þar, skal það tekið fram, að það verður eigi séð af málinu, að framkoma þeirra eða málsmeðferð hafi í nokkru tilliti verið svo, að þeim verði gjörð ábyrgð fyrir. Málskostnaður í báðum dómum virðist mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Einar M. Jónasson málaflutningsmaður á að vera sýkn af kærum og kröfum stefnda Guðmundar Gíslasonar trésmiðs. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Mánudaginn 30. maí.

Nr. 26/1910: Réttvísin gegn Birni Halldórssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta, þykir nauð-

synlegt að fengnar verði ítarlegar skýrslur um þau atriði, er nú skal greina:

1. Hvernig tröppunum úr húsinu, þar sem brotið var framið, er háttað, hve háar þær eru og hve langt þeir ákærði stóðu frá efri brún þeirra, er ákærði laust Jón heitinn höggi því, er hann er dæmdur fyrir.
2. Hve stórt anddyrið var og hvernig lagað, og hvernig þeir stóðu, ákærði, Jón heitinn og Jens, er Jón fekk höggið.
3. Hvað Jón heitinn muni hafa getað átt við með ummælunum um, »að það væri Jens, er drægi máttinn úr«.
4. Hvernig plássið var fyrir neðan tröppurnar, þar sem Jón kom niður, hvort það var slétt eða óslétt, grýtt eða ógrýtt, og hvort jörð var frosin eða eigi.
5. Hvernig ákærði greiddi Jóni höggið, hvort það var með hnefahöggi eða hnefaskoti, eða hvernig hann beitti sér.
6. Hvaða tilraunir hafi verið gjörðar til að varðveita líf Jóns eftir höggið og hvenær læknir kom að.
7. Hvort eigi hafi fram farið nákvæmari rannsókn á líkinu en vottorð það frá lækni ber með sér, sem ritað er í prófsgjörðirnar.
8. Hvernig ákærði er að burðum, hvort hann er aflmikill eða eigi.
9. Hvort ákærði var drukkinn að mun við þetta tækifæri og hvernig hegðun hans og framkoma hefir verið yfirleitt, sérstaklega við vín.
10. Loks ber að útvega þær aðrar skýrslur, er prófin um framangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega skýrslur um ofannefnd atriði svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 6. júní.

Nr. 19/1910: Valdstjórnin
gegn
A. Kvernberg.

Dómur:

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Akureyrarkaupstaðar gegn hinum kærða A. Kvernberg skipstjóra á norsku síldveiðaskipi, mótorkutter »Brödrene« frá Aalesund, fyrir brot gegn tilsk. 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland, sbr. lög nr. 10, 31. júlí 1907, og var það dæmt af nefndum rétti 9. ágúst f. ár á þá leið, að kærði var sýknaður fyrir kæru valdstjórnarinnar, en var gjört að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar. Dómi þessum hefir stjórnarráðið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Hinn 27. júlí f. ár tók varðskipið Íslands Falk nefndan mótorkutter »Brödrene« fyrir utan Almenningsnöf, 2 fjórðungsmílur fyrir innan landhelgismörk, og var þá síld á þilfari skipsins; eftir skýrslu yfirmannsins á varðskipinu á skipstjórinn, hinn kærði, þá að hafa kannast við það, að hann hafi veitt síld á landhelgissvæðinu fyrri hluta dags þessa framundir kl. 11 árdegis með 2 bátum (Joller),

er heyrðu til skipinu, er báðir voru skrásettir á Eyjafirði. En fyrir réttinum hefir kærði neitað því, að hann hafi fiskað í landhelgi, og hefir eigi kannast við, að hann hafi játað það fyrir yfirmanninum á varðskipinu; segir kærði, að skýrsla yfirmannsins sé eigi rétt, og hljóti það að vera sprottið af misskilningi. Kærði segist hafa farið frá Siglufirði morguninn 27. júlí á mótorskipinu »Brödrene« og haft með sér 2 báta, sem voru eign nafngreindra borgara á Siglufirði. Fyrir utan Almenningsnöf, nálægt því 6 fjórðungsmílur undan landi, lét hann bátana fara frá skipinu og fóru 13 manns í bátana; frá bátunum var síðan varpað nót yfir síld og henni lokað, og var skip kærða þá í námunda við bátana. En er búið var að loka nótinni, fór kærði með skip sitt að henni og var síldinni ausið úr henni upp á þilfar skipsins. Kærði heldur því staðfastlega fram, að öll þessi síldveiði hafi fram farið fyrir utan landhelgismörk, þó að hann eigi beri á móti því, að hann hafi verið innan landhelgi, er hann síðar um daginn hitti varðskipið. Þenna framburð hins kærða verður að taka til greina í málinu, því að honum er eigi hnekt með skýrslu yfirmannsins á varðskipinu né öðrum skýrslum, er fengnar hafa verið og fram eru komnar.

Þar sem það þannig eigi er sannað gegn ákveðinni, og eindreginni neitun kærða, að síldveiðin hafi farið fram á landhelgissvæðinu, verður að sýkna hann fyrir kæru valdstjórnarinnar í málinu, og eftir þessum úrslitum verður allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, að greiðast af almannafé, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða

verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera.

Kærði A. Kvernberg á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 15 krónur til hvors.

Nr. 20/1910: Réttvísin gegn Páli Sigurðssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 2. febrúar þ. á., var ákærði, Páll bóndi Sigurðsson frá Butru í Austur-Landeyjahreppi, dæmdur fyrir sauðaþjófnað og aðra ólöglega töku á kindum í 15 mánaða betrunarhússvinnu samkvæmt 231. gr., 1. málslið, 250. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. 58.

og 63. gr. sömu laga, svo og til að greiða í iðgjöld til Jóns Guðmundssonar í Búðarhólsausturhjáleigu, Guðna Guðmundssonar í Skækli og Sigurðar smiðs Ólafssonar í Vestmanneyjum, 8 kr. 50 a. til hvers, og til Magnúsar Þórðarsonar á Voðmúlastöðum 6 kr. Loks var hann og dæmdur til að greiða allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til talsmanns síns í héraði, Einars hreppstjóra Einarssonar í Vestri-Garðsauka.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er með eigin játningu ákærða sjálfs, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, löglega sannað, að hann haustið 1907, en það ár byrjaði hann búskap á fyrnefndri jörð Butru, tók ófrjálsri hendi 1 kind, og næsta haust, 1908, á tæpum 2 mánuðum, í október og nóvember, 13 kindur, er aðrir menn áttu, og voru atvik að kindatökum þessum þau, er nú skal greina.

Kindin, sem ákærði kastaði eign sinni á haustið 1907 var hrútlamb, er hann tók í Voðmúlastaðarétt, í fjársafni þar, og var ákærða það ljóst, er hann tók lambið, að hann átti það ekki. Ákærði rak lambið heim til sín og markaði sér það, eins og margar fleiri af kindum þeim, er hann dró sér ólöglega, undir mark, er hann lengi undir prófunum eignaði mági sínum í Vestmanneyjum, en síðan játaði að hann hefði aukið, til þess að gjöra það hentugra sem undanfæringarmark. Það hefir ekki orðið upplýst um eiganda að lambi þessu.

Haustið 1908 tók ákærði fyrst 2 lömb í Voðmúlastaðarétt og vissi hann að hann átti hvorugt þeirra, en var einnig ókunnugt um eigendur þeirra. Annað lambið sannaðist síðar vera eign Björns bónda Tyrfingssonar á

Bryggjum og hefir haun fengið það aftur. Ákærði rak bæði lömbin heim til sín úr réttinni og markaði annað þeirra áður umgetnu undanfæringarmarki sínu, það lambið er Björn Tyrfingsson átti, en hitt undir mark annars manns, er hann lét það til upp í slægjukaup.

Í sömu rétt, í öðru safni, dró ákærði sér hvíta á, 2 vetra, eign Guðlaugs bróður síns og með hans fjármarki. Tók ákærði kind þessa með þeim ásetningi að kasta eign sinni á hana, og er heim kom skar hann ána og hagnýtti sér afurðir hennar. Þá tók ákærði veturgamla á, er hann vissi að Sigurður smiður Ólafsson í Vestmannaeyjum átti, skar hana og hagnýtti sér. Kom ær þessi fyrir í heimalandi ákærða, við smölun þar til síðustu lögréttar, og tók hann hana þá til sín með sínum kindum, en rak hitt ókunnuga fé, er fyrir kom við smölunina, til réttarinnar. Hefir verið krafist iðgjalda fyrir kind þessa fyrir eigandans hönd.

Þá kastaði ákærði eign sinni á lamb, er hann vissi að átti Björn Guðmundsson á Rauðnefsstöðum og var með hans marki, og markaði það með undanfæringarmarkinu. Lamb þetta var um veturnætur komið saman við fé ákærða í smalamensku, og tjáist ákærði hafa ætlað að segja eigandanum til þess og bjóða honum að fóðra það, en hafi svo hætt við það og markað sér lambið, þegar komið var undir jól.

Enn skar ákærði sauð veturgamlan og hagnýtti sér, er átti Jón Guðmundsson í Búðarhólsausturhjáleigu. Hafði kind þessi hlaupið saman við kindur ákærða sjálfs, er hann rak heim á leið á undan sér úr Voðmúlastaðarétt, og tókst ákærða ekki að skilja hana úr rekstrinum, þótt hann reyndi það, en þegar heim kom, afréð hann að

draga sér hana. Eigandinn hefir krafist endurgjalds fyrir kind þessa.

Um líkt leyti tók ákærði veturgamla á, er hann af markinu sá að Guðni bóndi Guðmundsson á Skækli átti, og skar hana sem sína eign, en kind þessi kom fyrir í fé hans, er hann rak það eitt sinn saman í heimalandi, til þess að taka úr því kindur til skurðar. Endurgjalds hefir verið krafist fyrir þessa kind. Þá hefir ákærði játað að hafa tekið undir sig veturgamlan sauð og lamb, er Guðlaugur bróðir hans átti. Tók ákærði kindurnar ásamt fé nokkuru, er hann sjálfur átti á bænum Tjörnum, og og rak þær heim til sín og hýsti þær þar. Þykist hafa ætlað að koma þeim til skila fyrst í stað, en morguninn eftir að hann kom, ásetti hann sér að draga sér kindurnar og skar þá veturgömlu kindina, en lambið markaði hann undanfæringarmarki sínu.

Næsta dag var ákærði staddur í svonefndri Miðeyjarrétt og tók þar, í því skyni að eigna sér þau, 2 lömb, sem hann vissi að hann átti ekki, en taldi sig þekkja mörk tveggja annara manna á, og rak hann lömbin heim til sín og markaði þau undanfæringarmarki sínu. Menn þeir, er ákærði ætlaði eigendur lambanna, hafa þó ekki getað helgað sér þau.

Þá hefir ákærði enn játað að hafa seinna um haustið skorið og hagnýtt sér 2 lömb, sem hann í fyrstunni hélt að hann ætti sjálfur, en síðan sannfærðist um að myndi hafa átt Magnús Þórðarson á Voðmúlastöðum. Þykist ákærði, sem ekki þekti mark Magnúsar, hafa vilst á útliti eyrnanna og ætlað, að sitt mark á þeim hafi aflagast af kali, en síðan hafi hann horfið frá því, er hann fekk að vita mark Magnúsar, og einkum er hann sá, að það

gat eigi samrýmst lambatölu hans, að hann ætti þessi lömb. En þessa skýrslu ákærða þykir mega taka trúanlega. Fyrir lömb þessi hefir eigandinn krafist endurgjalds.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir aldrei fyr sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Afbrot hans ber að heimfæra undir 231. gr., 1. málslið og 250. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 63. grein þeirra, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin af undirdómaranum 15 mánaða betrunarhússvinna. Og með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað í héraði, ber að staðfesta téðan dóm að öllu leyti. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Páll Sigurðsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. dag júnímán.

Nr. 59/1909: Einar M. Jónasson
gegn
Thor Jensen og Eggert Claessen
fyrir hönd h/f P. J. Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Afrýjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður hefir með stefnu, dags. 21. desbr. f. á., skotið til yfirdómsins fjárnámi, er gjört var 27. nóvbr. s. á. af sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu, eftir kröfu frá stjórn hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co., í botnvörpuskipinu »Valur«, tilheyrandi samnefndu hlutafélagi, fyrir veðskuld í skipinu, kr. 13691,93, auk vaxta og kostnaðar, samkvæmt veðskuldabréfi dags. 16. janúar f. á. Áfrýjandi, sem er hluthafi í hlutafélaginu »Valur«, krefst þess nú fyrir yfirdóminum, að fjárnámsgjörðin verði algjörlega ónýtt og feld úr gildi, og hinir stefndu dæmdir til að greiða sér skaðabætur og málskostnað.

Af hálfu hins stefnda hlutafélags er það aðalkrafa, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en varakrafa, að félagið verði sýknað af öllum kröfum áfrýjanda og fjárnámið staðfest, og að áfrýjandi, hvernig sem málið fer, verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað eftir mati réttarins.

Því er haldið fram af hendi hinna stefndu, að áfrýjanda bresti heimild til málskots þessa, með því hann sé eigi annað en hluthafi í fiskiveiðahlutafélaginu Valur og eigi að eins $^{5}/_{12}$ af hlutafénu, en samkvæmt lögum félagsins hafi hluthafar alls engin ráð yfir málefnum þess

milli funda, heldur sé alt vald í höndum stjórnarinnar. Svo sé og áfrýjunin markleysa fyrir þá sök, að áfrýjandi einn geti eigi verið gildur málsaðili, en í málinu verði að vera samsókn (litis consortium) svo margra hluthafa, að félagsviljinn komi fram samkvæmt félagslögunum, því það sé auðsætt, að fjárnámið geti ekki orðið felt úr gildi þannig, að það taki til áfrýjanda eins. Af þessum ástæðum er krafist frávísunar málsins eða til vara sýknunar stefndu.

Samkvæmt lögum hlutafélagsins »Valur« er það svo, að félagsstjórnin á að ráða málefnum þess milli funda, að því leyti sem vald formanns nær eigi til, en honum er gjört að skyldu að gæta réttar félagsins gagnvart öðrum í öllum greinum, og það bar því undir hann, að gæta hagsmuna þess við fjárnámið í skipi félagsins 27. nóvbr. f. á. og uppboð á því, sem fór fram 23. desbr. f. á. En nú sést það af skjölum málsins, enda er það samkvæmt lögum hlutafélagsins »Valur«, að sami maðurinn, Thor Jensen framkvæmdarstjóri, er formaður beggja hlutafélaganna, en honum er stefnt í þessu máli fyrir hönd P. J. Thorsteinsson & Co., og mætti fjárnámið því eðlilega eigi mótmælum frá honum, og hinir stjórnendur félagsins gjörðu heldur eigi neitt að í því efni. Þeir hefðu þó getað að lögum skorist í málið af hálfu félagsins, ef þeir hefðu fundið ástæðu til þess. Að vísu er það satt, að aðalfundur hafði eigi verið haldinn á árinu 1909 og því engir nýir stjórnendur kosnir við hlið formanns, þótt tími sá væri löngu liðinn, er þetta átti að gjörast á, en það verður eigi fyrir það talið, að félagið hafi verið stjórnarlaust, heldur verður að álíta, að stjórnarnefndarmenn þeir, er fyrir voru, hafi verið skyld-

ir að gegna áfram, þar til ný stjórn varð kosin, en það var aftur réttur hluthafa að halda stjórn sinni, með þeim ráðum, er lögin lögðu þeim í hendur, til að gjöra ráðstafanir til slíkrar kosningar, ef þeir vildu beita sér til þess. En til hins var engin heimild í félagslögunum, að hluthafar, og þá heldur eigi áfrýjandi — þótt hann geti talist löglegur hluthafi, sem stefndu hafa neitað að hann hafi verið, — gætu tekið sér vald til að reka réttar félagsins, sem annars var hlutverk félagsstjórnarinnar einnar, og það verður því eigi álitið, að áfrýjandi hafi haft heimild til að áfrýja máli þessu, og ber þess vegna að vísa því frá yfirdómi. Málskostnaður þykir eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 18/1910: Réttvísin gegn Egli Sigurði Kristjánssyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað gegn Guðrúnu Stefánsdóttur ekkju, syni hennar Egli Sigurði Kristjánssyni og Ólafi Jónssyni unglingspilti fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði, og voru þau dæmd í aukarétti Norður-Múla-

sýslu 9. okt. f. á., Guðrún í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, Egill Sigurður í 8 mánaða betrunarhússvinnu, og Ólafur skilorðsbundnum dómi samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907 í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Þessum dómi, að því er hann tekur til Egils Sigurðar Kristjánssonar, hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk ákærða og af hálfu réttvísinnar.

Með játningu ákærða, sem er fæddur 23. júní 1887 og hefir eigi sætt refsingu fyrir neitt afbrot, og öðrum skýrslum, fengnum við rannsókn málsins, er það löglega sannað, að hann hefir frá því vorið 1908 til hausts s. á. ýmist einn eða í félagi við meðákærða í héraði, Ólaf Jónsson, stolið frá húsbónda sínum Guðmundi bónda Snorrasyni í Fossgerði í Jökuldal matvælum og munaðarvörum af ýmsu tagi svo sem slátri, brauði, kaffi, sykri, rúsínum, sveskjum, tóbaki og vínföngum. Voru munir þessir varðveittir í læstum geymslustöðum, bæjardyralofti, stofu og kjallara í Fossgerði, en þar var mannlaust í bænum árið 1908 frá því í 12. viku sumars, með því að Guðmundur bóndi, sem rak sveitaverzlun, flutti þá með alt sitt fólk að Klausturseli, skamt þaðan, til þess að vera nær Jökulsár-brúnni, sem þá var í smíðum, og geta átt viðskifti við brúarsmíðina. Var það þá um sumarið og haustið, er mannlaust var í Fossgerði, er mest kvað að þjófnaði þeirra ákærða og Ólafs. Þeir byrjuðu um vorið að stela úr bæjardyraloftinu; opnuðu þeir loftsdyrnar fyrst með koffortslykli ákærða, en honum týndu þeir og smíðuðu sér þá annan lykil úr gjarðajárni. Þannig fór ákærði þrisvar í dyraloftið og stal þar, og í 4. skiftið léði hann Ólafi lykilinn til að fara þangað inn í sömu erindum og gaf Ólafur honum þá með sér

af því er hann tók. Í stofuna fóru þeir ákærði og Ólafur eitt skifti með þeim hætti, að Ólafur spenti stofugluggann úr karminum með mjóu járni, fór svo inn og rétti ákærða út um gluggann það sem hann tók í stofunni, og skiftu þeir því með sér. Í önnur 3 skifti fór ákærði inn um smádyr á stofuþilinu sem eigi voru ætlaðar til að fara út og inn um, en áttu að vera dyr á veggskáp, þegar búið væri að ganga frá þiljum að utanverðu; lagðist hann á hurðina, svo að hún gekk inn; segir hann að hurðin hafi verið ólæst en negld aftur að innanverðu þegar hann fór þar inn í 3. skiftið; en að sögn húsbónda hans var hurðin læst, og er þetta atriði eigi fyllilega upplýst í málinu, og framburði ákærða um það því eigi hnekt. Ákærði stal úr stofunni í öll þessi skifti. Svo vissi hann og til þess að Ólafur fór inn í stofuna oftar en einu sinni til að stela og gaf hann þá ákærða með sér af því sem hann tók þar. Þá hefir ákærði kannast við, að þeir Ólafur hafi stolið þrisvar úr kjallaranum í Fossgerði; fyrsta skiftið notuðu þeir hinn rétta lykil til að komast í kjallarann, en í síðari skiftin ráku þeir þolinmóðinn úr hjörum á kjallarahurðinni eða hleranum og opnuðu þannig dyrnar.

Hið stolna höfðu þeir ákærðu og Ólafur til að gæða sér á; var það alt eytt áður en rannsóknin byrjaði, og hefir eigi orðið upplýst, hve miklu var stolið af hverju tægi og því eigi heldur, hve mikils virði alt þýfið var. Að sönnu hafa þeir ákærði og Ólafur, að sögn húsbónda þeirra, játað það fyrir honum, að þýfið mundi nema 100 kr., en sjálfir hafa þeir ekkert borið um þetta við prófin, og er sennilegt að þeir hafi eigi getað gert grein fyrir

því, svo ábyggilegt væri. Endurgjalds fyrir hið stolna hefir eigi verið krafist.

Framangreind brot ákærða heyra undir 230. gr. og 231. gr. sbr. að nokkru leyti 49. gr. og 56. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir hegningin, sem hann hefir til unnið, eftir atvikum, og með hliðsjón á 63. gr. laganna, hæfilega metin af undirdómaranum 8 mánaða betrunarhússvinna, og með því að málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkjast og, ber að staðfesta hann, að því leyti sem honum er áfrýjað. Allan áfrýjunarkostnað málsins ber ákærða að greiða, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærði Egill Sigurður Kristjánsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. júní

Nr. 31/1911: Réttvísin
gegn
Axel Samúelssyni.

Dómur:

Með aukréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 26. febrúar þ. á., var hinn ákærði, unglingspiltur Axel Samúelsson í Reykjavík, dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. og 231. gr. 4. málslið almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði og til að greiða in solidum með meðákærða fyrir aukaréttinum, Arnóri Björnssyni, endurgjald til Sigurðar Jónssonar steinsmiðs í Reykjavík 6 kr. 25 au. Svo skyldi ákærði og greiða helming alls sakarkostnaðarins í héraði, en þar með eru taldar 12 kr. í málflutningslaun til talsmanns beggja hinna ákærðu fyrir aukaréttinum, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar.

Þessum dómi hefir, að því er ákærða Axel Samúelsson snertir, eftir ósk hans og af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu með játningu ákærða og öðrum skýrslum, að dag einn í nóvembermánuði síðastliðnum fór hann og meðákærði Arnór Björnsson um miðdegisleytið heiman frá sér á bát inn í Sund, og ætluðu sér að skjóta fugla eftir því sem þeir hafa borið. Komu þeir þá inn á Eiðsvík, þar sem fiskiskip ýms eru höfð í vetrarlagi, og fóru þá upp í skipið Litla-Harald, og tóku þar blýsökku, er lá á þilfarinu, og höfðu á burt með sér. Síðan fóru þeir upp í fiskiskipið »Sæbjörgina«, brutu

upp læsinguna fyrir lyftingunni, og fóru niður í hana, og tóku þaðan 40 blýsökkur, kaðal, færi, og lýsisbrúsa, og loks fóru þeir upp í fiskiskipið »Guðrúnu Soffíu«, komust þar ofan í lyftinguna um þilfarsgluggann (skylightið) og tóku þaðan 23 blýsökkur og eitthvað af færum. Af þýfinu, sem ákærðu fluttu heim til sín, voru þeir búnir að selja kaðalinn og 2 færi Sigurði steinsmið Jónssyni, er þjófnaðurinn komst upp, fyrir 6 kr. 25 au., en sökkurnar, sem hafa verið taldar til uppjafnaðar 1 kr. 60 au. virði, hafði þeim ekki enn tekist að selja, og lýsisbrúsanum höfðu þeir kastað burtu. Eigendurnir hafa fengið muni sína aftur, að brúsanum undanteknum, en endurgjalds hefir verið krafist á téðum 6 kr. 25 au. Ákærði hafði neytt víns, er hann framdi þjófnaðinn, en virðist þó eigi hafa verið svo ölvaður, að það eigi að hafa áhrif á refsingu hans.

Ákærði er fæddur 13. sept. 1890 og hefir eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir nokkurt lagabrot. Framangreint afbrot hans er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 230. og 231. gr. 4. málslið hegningarlaganna, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhússvinna. Yfirdómurinn felst og á ákvæði aukaréttardómsins um endurgjald til Sigurðar Jónssonar og verður eftir atvikum að láta óhögguð ákvæði dómsins um sakarkostnaðinn í héraði, og ber því að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti. Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Axel Samúelsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 12 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júlí.

Nr. 32/1910: Réttvísin gegn Bjargmundi Guðmundssyni.

Dómur:

Með skilorðsbundnum dómi samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907, sem upp var kveðinn í aukarétti Gullbringu og Kjósarsýslu 17. marz þ. á., var Bjargmundur Guðmundsson, vinnupiltur í Urriðakoti, dæmdur í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkvæmt 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869; svo skyldi hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 12 kr., til talsmanns

síns, Einars kaupmanns Þorgilssonar, að helmingi á móti meðákærða í héraði, Gunnari Jakobssyni. Þessum dómi hefir stjórnarráðið af hálfu réttvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Með játningu ákærða og öðrum skýrslum málsins hafa sannast á hann sakir þær, er nú skal greina. Laugardagskvöldið 16. oktbr. f. á. kom ákærði í sölubúð Edinborgarverzlunar hér í bænum og nefndi sig Björn Sigurðsson, til heimilis í Njálsgötu nr. 40; lét hann sýna sér íverufatnað og kaus sér grængrá jakkaföt, alklæðnað, er hann þóttist ætla að kaupa, og kostuðu 46 kr. 90 a. Honum var leyft að hafa fötin heim með sér til að máta þau, en hann lofaði að koma aftur með þau um kvöldið, eða snemma næsta mánudagsmorgun. Ákærði kom eigi aftur með fötin, en fór með þau heim til sín að Urriðakoti, segist hann hafa farið í þau einu sinni, og var þeim við rannsókn málsins skilað aftur Edinborgarverzlun óskemdum. Nálægt miðjum desembermánuði var ákærði aftur staddur hér og var fyrgreindur Gunnar Jakobsson frá Hraunsholti með honum, í þeim erindum að kaupa sér stígvél; fóru þeir inn í skófatnaðardeild Edinborgarverzlunar, og sagði Gunnar þar rangt til nafns síns og heimilis, lézt vera sendur af öðrum manni, er hann nafngreindi, til að kaupa stígvél handa honum, en maðurinn yrði að fá stígvélin heim til að máta þau. Fekk hann sér þannig afhent stígvél, er hann fór með og eigi komu aftur til skila fyr en við rannsóknina. Sama dag var bróðir Gunnars, Eysteinn að nafni, kominn til bæjarins, og ætlaði hann einnig að kaupa sér stígvél. Ákærði hitti Eystein og bauð honum að kaupa fyrir hann stígvél; þektist Eysteinn það og fekk ákærða 10 kr. í því skyni.

Fór svo ákærði með Gunnari og eftir tilvísun hans inn í sölubúð Th. Thorsteinsson & Co. í Hafnarstræti og fekk þar út stígvél með sama hætti og Gunnar áður í Edinborgarverzlun, að hann skrökvaði til nafns síns og heimilis og lézt vera sendur af öðrum manni. Stígvél þessi afhenti hann Eysteini; af peningum hans, er ákærði hafði tekið við, tók hann undir sig 8 kr., en lét Gunnar skila Eysteini 2 kr. Búðarverð stígvélanna var 15 kr. og hefir þeim verið skilað verzluninni jafngóðum; svo hefir ákærði og endurgreitt Eysteini Jakobssyni áðurnefndar 8 krónur.

Þessi brot ákærða, sem er fæddur 16. apríl 1890 og hefir eigi áður verið refsað, eru af undirdómaranum réttilega heimfærð undir 253 gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir þau hæfilega metin af honum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo felst og yfirdómurinn á, að refsingu þessari verði frestað samkvæmt fyrgreindum lögum 16. nóv. 1907, og að hún falli niður eftir 5 ár, ef ákærði fullnægir skilyrðum laganna, þó þannig, að fresturinn teljist frá uppsögn þessa landsyfirréttardóms. Eftir atvikum verður að samþykkja málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins og ber þannig að staðfesta hann. Þá ber og ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn, 12 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að frestun refsingarinnar teljist frá uppsögn þessa landsyfirréttardóms. Ákærði Bjargmundur Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens 12 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. júlí.

Nr. 23/1910: Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar gegn Kristjáni Jónssyni háyfirdómara.

Dómur:

Með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 4. janúar þ. á., var stefnda, Kristjáni Jónssyni háyfirdómara, eftir kröfu hans en gegn mótmælum áfrýjendanna, þeirra Björns Kristjánssonar og Björns Sigurðssonar bankastjóra, veittur aðgangur að húsi landsbankans, bókum og skjölum, til þess að hann gæti framkvæmt eftirlitsstarf sitt sem gæzlustjóri bankans, og var úrskurður þessi staðfestur með landsyfirréttardómi 25. apríl þ. á. Eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp, krafðist stefndi

þess af áfrýjendum, að þeir greiddu sér af fé bankans gæzlustjóralaun fyrir janúarmánuð 1910 $^{1}/_{12}$ hluta af 1000 kr. eða 83 kr. 33 a., sem venja hefir verið að greiða fyrirfram í byrjun hvers mánaðar. En áfrýjendur synjuðu honum um þá greiðslu og höfðaði hann þá mál þetta á hendur þeim fyrir hönd Landsbankans fyrir bæjarþingi Reykjavíkur; lauk því með dómi þess réttar uppkveðnum 7. apríl þ. á., þannig að áfrýjendurnir voru samkvæmt kröfu stefnda dæmdir til að greiða honum 83 kr. 33 a. með 6 % ársvöxtum frá 6. janúar 1910 til borgunardags og í málskostnað 25 kr.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 23. apríl þ. á., og krafist þess, að hann verði með eða án heimvísunar úr gildi feldur og honum hrundið og breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnda, og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Aftur á móti er það krafa stefnda, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum og honum dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Í fyrgreindu úrskurðarmáli var því haldið fram af hálfu áfrýjendanna, að stefnda hefði verið vikið frá gæzlustjórastarfinu við Landsbankann til fullnaðar, með stjórnarráðstöfun 22. nóvbr. f. á., og ætti hann úr því engan rétt á að taka neinn þátt í stjórn bankans. Sömu skoðun halda áfrýjendur enn fram í þessu máli, þó að eigi séu færð nein ný rök fyrir henni, en með því að þessi skoðun í fyrtéðum landsyfirréttardómi var eigi talin á rökum bygð og henni því hrundið, verður þetta málsatriði, sem er útkljáð með óvefengdum dómi, eigi tekið til úrlausn-

ar af nýju í þessu máli. En jafnhliða eða til vara halda áfrýjendur því fram, að stjórnarráðstöfunin 22. nóvbr. hafi verið gjörð með heimild í lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, 20. gr., og hana beri því að skilja þannig, að hún nái eigi lengra eða sé eigi víðtækari en þetta lagaákvæði heimilar, en þó að það eigi álítist veita landstjórninni frekara vald heldur en til þess að víkja stefnda frá um stundarsakir, þá setji lögin þó engin ákveðin takmörk fyrir því, hvað orðin »um stundarsakir« tákni langan tíma innan tímabilsins til næsta þings, en um nauðsynina á því, að láta frávikninguna standa lengri eða skemri tíma, verði landstjórnin ein að taka ákvörðun, og hún hafi látið í ljósi, að frávikningin skuli standa fram yfir 1. janúar þ. á.

Vald landstjórnarinnar samkvæmt bankalögunum 1885 til að víkja frá gæzlustjórum bankans um stundarsakir var afnumið með lögum nr. 12 9. júlí 1909 um breyting á fyrnefndum lögum, en stefndi lítur svo á, að ráðstöfun stjórnarráðsins 22. nóvbr. f. á. geti ekki átt sér lengri aldur en lagaheimild sú, er hún var bygð á, og hún hafi því verið á enda þegar síðarnefnd lög gengu í gildi 1. janúar þ. á.

Stefndi var kosinn gæzlustjóri Landsbankans á alþingi 1905 um 4 ár, frá 1. júlí 1906 til jafnlengdar 1910 og aftur á alþingi 1909 um næstu 4 ár, til 1. júlí 1914. Við hinni fyrri kosningu var ekkert haggað á alþingi 1909, þó að stofnlögum bankans væri þá að ýmsu leyti breytt, sérstaklega ákvæðunum um stöðu gæzlustjóranna við bankann. Sú kosning átti því, eftir tilætlun alþingis, að standa í fullu gildi kosningartímann á enda, til 1. júlí þ. á. Í annan stað er það vafalaust, að hin

nýja skipun á bankanum, sem gjörð var með lögum þessum, átti að koma til framkvæmdar í öllum greinum um leið og lögin gengu í gildi. Bráðabirgðarráðstöfun stjórnarinnar, frákvikning stefnda um stundarsakir 22. nóv. f. á., varð því að falla niður 1. janúar þ. á., af því að engin heimild er fyrir henni í hinum nýju bankalögum, sem komu til framkvæmdar þann dag. Það er eftir þessu rétt álitið í hinum áfrýjaða dómi, að umboð stefnda sem gæzlustjóra frá 1. janúar þ. á. verður að meta eftir lögunum frá 1909, og að honum því beri gæzlustjóralaun fyrir janúarmánuð þ. á., sem hann hefir krafist, en um upphæð þeirra, kr. 83,33, er enginn ágreiningur. Það ber því að taka kröfu stefnda til greina, eins og bæjarþingsdómurinn hefir gjört, og með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum, og eftir þeim úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda og málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera.

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar fyrir hönd Landsbankans greiði stefnda Kristjáni Jónssyni háyfirdómara 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 26/1909: H. Söbstad fyrir hönd O. Sivertsen Vevang gegn. Birni Líndal fyrir hönd Vilh. M. Jónssonar.

Dómur:

Hinn 30. sept. 1907 var eftir kröfu stefnda, cand. jur. Björns Líndal á Akureyri fyrir hönd Vilhelms kaupmanns M. Jónssonar á Siglufirði af fógetanum í Akureyrarkaupstað framkvæmd kyrsetning samkvæmt opnu bréfi 30. nóvbr. 1821 í eigum O. Sivertsens Vevang í Christjanssund í Noregi, er áfrýjandinn, útvegsmaður Hans Söbstad á Siglufirði, sem þá var staddur á Akureyri, hafði undir höndum, og var kyrsetningin gjörð til tryggingar skuld fyrtéðs Vilh. M. Jónssonar á hendur Vevang, að upphæð 2257 kr. 20 a., og með því að nefndur Hans Söbstad skýrði frá því við gjörðina, að hann hefði undir höndum hér um bil 15—1600 kr. tilheyrandi O. Sivertsen Vevang, var fé þetta kyrsett samkvæmt kröfu stefnda og sömuleiðis bryggja á Siglufirði, virt á 200 kr., tilheyrandi sama, er Söbstad hafði undir höndum, og var lagt fyrir hann, að viðlagðri lagaábyrgð, að greiða eigi af hendi eða ráðstafa hinu kyrsetta fé og gózi á þann hátt, að það kæmi í bága við kyrsetningargjörðina. Sama dag tók síðan gjörðarbeiðandi út stefnu til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og birti hana áfrýjanda, og átti málið að takast fyrir í gestaréttí Akureyrar 30. nóv. s. á. Það varð þó ekki af fyrirtekt málsins þann dag og eigi fyr en 30. sept. 1908. Þá mættu báðir aðilar, Björn Líndal og H. Söbstad fyrir gestaréttinum, og segir í réttargjörðun-

um, að málinu hafi með samkomulagi málsaðila verið frestað þangað til.

Málið var síðan dæmt í nefndum rétti 17. apríl f. á. þannig, að áfrýjandinn fyrir hönd O. Sivertsen Vevang skyldi greiða stefnda fyrir hönd Vilh. M. Jónssonar, upp í fyrgreinda skuldakröfu hans á hendur Vevang 1260 kr. og stefnda bera réttur til að njóta að öðru leyti fullnustu fyrir kröfu sinni, sem til kynni að hrökkva í skipabryggju Vevangs á Siglufirði, er kyrsett hafði verið. Þessum dómi ásamt fjárnámsgjörð, er framfór samkvæmt honum hinn 22. júní f. á., í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu, hefir áfrýjandinn, H. Söbstad, nú skotið til yfirdómsins, með stefnu útgefinni 5. nóvbr. f. á. og fjárnáminu með stefnu dags. 31. desember f. á., og hefir þess verið krafist af hans hendi hér fyrir réttinum, 1. að hinn áfrýjaði dómur verði ónýttur vegna þess, að kyrsetningin hafi verið löngu fallin burtu, er staðfestingarmálið var byrjað, 2. til vara, að áfrýjandinn verði, hvernig sem á er litið, ekki dæmdur til að greiða stefnda meira en 131 kr. 78 a., því að meira hafi Vevang ekki átt hjá áfrýjanda er kyrsetningin fór fram, og verði stefnda þó því að eins dæmt meira en 63 kr., að hann sanni, að hann eigi til hærri skuldar að telja hjá Vevang en það. 3. að kyrsetningargjörðinni verði hrundið og hún feld úr gildi, og 4. að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum dómum. Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 21. marz þ. á. og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til greina, þannig að áfrýjandi fyrir hönd Vevangs verði meðal annars skyldaður til að greiða sér minsta kosti 1500 kr. í stað 1260 kr., en til vara hefir hann krafist,

að dómurinn verði staðfestur. Áfrýjuninni á fjárnáminu hefir stefndi krafist að vísað verði frá yfirdómi, en að öðrum kosti að það verði staðfest. Og loks hefir hann, hvernig sem málið fer, krafist málskostnaðar fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að kyrsetningin hafi fallið úr gildi fyrir drátt á staðfestingarmálinu, og eigi því að ónýta hinn áfrýjaða dóm, en, eins og áður er sagt, varð það með samkomulagi málsaðilanna, að málinu var frestað og eigi tekið fyrir fyr en ári eftir útgáfu stefnunnar, og getur enginn vafi verið á því, að áfrýjandi sem réttur málsaðili gat samþykt þennan frest. Það verður því eigi álitið, að stefndi hafi vanrækt að neinu að framfylgja kyrsetningunni til dóms, svo að hún hafi fyrir það fallið niður fyrir aðgjörðarleysi hans, og verður því ónýtingarkrafa áfrýjanda eigi til greina tekin.

Krafa stefnda á hendur O. Sivertsen Vevang, sem kyrsetningin átti að tryggja, stafaði að sögn stefnda frá síldarkaupum Vevangs að því er 2070 kr. snertir, og vexti af þeim, 124 kr. 20 a., og hefir stefndi lagt fram til stuðnings þeirri kröfu 2 ókvittaðar ávísanir frá umboðsmanni Vevangs á banka á Akureyri, en auk þess eru í kröfunni fólgnar 63 kr., pakkhúsleiga fyrir tómar tunnur, er Vevang átti. Áfrýjandi hefir vefengt þessa kröfu stefnda eða umbjóðanda hans á hendur Vevang, og krafist sannana fyrir henni, nema hvað 63 krónurnar snertir; þær viðurkennir hann rétta skuld. Áfrýjandi sjálfur, H. Söbstad, hreifði þó engum mótmælum gegn kröfunni á hendur Vevang í fyrstu réttarhöldum málsins, er hann mætti sjálfur í málinu fyrir gestaréttinum, og hafði hann þó haft nægilegt tækifæri til að bera sig sam-

an um málið við Vevang, og þó að umboðsmaður Söbstads síðar í málinu krefðist sannana fyrir skuldakröfunni, en án þess að bera fram bein eða rökstudd mótmæli gegn henni, þá varð ekki tekið tillit til þeirrar kröfu, þar sem hún réttilega áleizt ofseint fram komin.

Þá hefir áfrýjandi neitað því í máli þessu, að Vevang hafi átt í sínum vörzlum eða hann skuldað Vevang meira þá er kyrsetningin var gjörð en 131 kr. 78 a., þó að með sé talið andvirði skipsbryggjunnar, er kyrsett var, en hann (áfrýjandi) hafi áður verið búinn að kaupa af Vevang fyrir 100 kr., og verði hann því eigi skyldaður til að svara til meira en þessarar upphæðar upp í skuld Vevangs við stefnda. Eins og áður er sagt, skýrði áfrýjandinn sjálfur við kyrsetningargjörðina frá um eign Vevangs hjá honum, og viðurkendi þá einnig að bryggjan væri eign Vevangs, og á þessari skýrslu áfrýjanda var kyrsetningin bygð. Til hinnar nýju skýrslu áfrýjanda um þessi atriði, er fram komin er í þessu máli, verður því eigi tekið tillit gegn mótmælum stefnda, enda eru engar sönnur færðar á staðhæfingar hans eða fyrir réttmæti reikninga þeirra, er hann hefir viljað styðja með hina breyttu skýrslu sína, en þeim er neitað af stefnda.

Það verður því engin breyting gjörð á hinum áfrýjaða dómi eftir kröfu áfrýjanda.

Þar sem stefndi hefir krafist þess, að upphæð sú, er áfrýjandi er dæmdur til að greiða með hinum áfrýjaða dómi, verði færð upp í 1500 kr. úr 1260 kr., þá byggir hann kröfu þessa á því, að áfrýjandi við kyrsetningargjörðina viðurkendi að inneign Vevangs hjá honum væri hérumbil 15—1600 kr. í peningum, en þar sem telja verður, að málsaðilar hafi fyrir gestaréttinum verið sam-

mála um það, að þessi inneign stafaði frá kaupum á tómum tunnum, er Vevang átti, og ekki jafnframt öðrum viðskiftum þeirra, en um verð og tölu tunnanna er ekki ágreiningur, svo að það má teljast vera in confesso, að tunnuverðið hafi ekki numið meira en 1260 kr., þá virðist það hafa verið rétt af undirdómaranum að líta á það, að skýrsla áfrýjanda við kyrsetninguna var ekki ákveðnari en svo, að peningaeign Vevangs hjá honum væri *hér um bil* 15—1600 kr., og skoða því upphæðina að svo miklu leyti áætlaða, að hún gæti reynzt nokkru lægri en 1500 kr. Það verður því heldur eigi gjörð breyting á dóminum að þessu leyti.

Að því er hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð snertir, þá hefir áfrýjandi að eins lagt fram einfalda útskrift af henni, þar sem eigi eru einu sinni rituð í skjöl þau, er komu fram við gjörðina, og þar sem þannig eigi hefir verið fylgt fyrirmælum N. L. 1—5—13, ber að vísa málinu frá að því er hana snertir.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Að því er hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð snertir vísast málinu frá yfirdóminum. Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn H. Söbstad, fyrir hönd O. Sivertsen Vevang, greiði stefnda Birni

Líndal fyrir hönd Vilh. M. Jónssonar kaupmanns í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. d. júlímán.

Nr. 38/1910: Bogi Brynjólfsson
f. h. Halldórs Hávarðssonar
gegn
Sigfúsi Sveinbjarnarsyni.

Dómur:

Í máli þessu var Sigfús Sveinbjarnarson fasteignasali dæmdur á bæjarþingi Reykjavíkur 26. maí þ. á. til að greiða Boga Brynjólfssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, fyrir hönd Halldórs Hávarðssonar kaupmanns í Bolungarvík, 2000 kr. með 5% ársvöxtum frá 10. febrúar þ. á. og málskostnað 25 kr. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. f. m., birtri stefnda sama dag, og krafist að hann verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Við fyrstu fyrirtekt málsins 27. f. m. fekk stefndi 14 daga frest til andsvara, og í næsta réttarhaldi beiddi hann aftur um 14 daga frest til að gagnáfrýja málinu, en áfrýjandi mótmælti því, að framhaldsfrestur yrði veittur stefnda, og var málið svo lagt undir úrskurð réttarins eða dóm.

Með því að stefndi þegar 11. f. m., er áfrýjunarstefnan var birt honum, fekk tilefni til að ráða það með sér, hvort hann vildi gagnáfrýja málinu, og þar sem hann með hinum áður veitta 14 daga fresti hefir haft nægan tíma til að taka út gagnáfrýjunarstefnuna og láta birta hana umboðsmanni áfrýjanda hér fyrir réttinum, svo að hún gæti komið í dóm, er frestur sá, er hann hafði, var á enda runninn, þá verður eigi gegn mótmælum áfrýjanda lengdur frestur sá, er stefndi hefir þegar haft, og er þá eigi annað fyrir en dæma málið samkvæmt kröfum áfrýjanda. Verður þannig engin breyting gjörð á hinum áfrýjaðu dómi, en það ber að staðfesta hann, og er þá rétt að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal óraskaður. Stefndi Sigfús Sveinbjarnarson greiði áfrýjanda Boga Brynjólfssyni fyrir hönd Halldórs Hávarðssonar 15 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. dag ágústmán.

Nr. 39/1910: Einar M. Jónasson
gegn
Runólfi E. Sverrissen.

Dómur:

Þegar mál þetta átti að taka fyrir í yfirdóminum 25.

f. m. samkvæmt áfrýjunarstefnunni, mætti áfrýjandi þar og lýsti því yfir, að hann ætlaði ekki að halda málinu áfram, enda lagði hann ekki fram áfrýjunarstefnuna. Stefndi kom og í réttinn og kvaðst mæta samkvæmt stefnunni; krafðist hann ómaksbóta hjá áfrýjanda fyrir árangurslausa komu sína í réttinn. Ber að taka þá kröfu til greina samkvæmt N. L. 1—4—34 og dæma stefnda 6 kr. í ómakslaun hjá áfrýjanda.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Einar M. Jónasson greiði stefnda Runólfi E. Sverrisson 6 kr. í ómaksbætur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 42/1910: Ólafur Theodórsson
gegn
Thor Jensen f. h. P. J. Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Mál þetta átti að taka fyrir í yfirdóminum 25. f. m. samkvæmt áfrýjunarstefnunni, en áfrýjandi mætti þá eigi eða lét mæta af sinni hendi. En af hálfu stefnda kom Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður í réttinn og krafðist ómaksbóta handa honum fyrir að láta mæta í málinu árangurslaust. Þessa kröfu ber að taka til greina

samkvæmt N. L. 1—4—34 og dæma stefnda ómaksbætur hjá áfrýjanda 6 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Ólafur Theodórsson greiði stefnda Thor Jensen fyrir hönd P. J. Thorsteinsson & Co. 6 kr. í ómaksbætur innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 55/1909: Sigurður Finnbogason
gegn
Sigfúsi Sveinssyni fyrir hönd
verzlunar Þorbjargar Runólfsdóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi Sigfús Sveinsson vegna verzlunar Þorbjargar Runólfsdóttur á Nesi í Norðfirði fyrir aukarétti Suðurmúlasýslu gegn áfrýjanda Sigurði bónda Finnbogasyni á Stöðlum, til greiðslu á verzlunarskuld, og var málið dæmt í nefndum rétti 18. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandi skyldi greiða verzlun Þorbjargar Runólfsdóttur 736 kr. 54 aur. með 5 % ársvöxtum frá 16. marz f. á. til borgunardags; nokkur ummæli í varnarskjölum áfrýjanda voru dæmd dauð og ómerk en málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandi, Sigurður Finnbogason, skotið til

yfirdómsins með stefnu dags. 3. desember f. á. og hefir hann stefnt Sigfúsi Sveinssyni sem sjálfstæðum varnaraðila, en eftir málsfærslunni við yfirdóminn má þó líta svo á, að málsaðilar séu hinir sömu og við aukaréttinn. Fyrir yfirdómi krefst áfrýjandi þess, að dómnum verði með eða án heimvísunar hrundið og breytt þannig, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, gegn því að greiða honum 384 kr. 78 aur., eða til vara, að krafa stefnda verði færð niður í þessa upphæð, ef áfrýjandi synjar fyrir það með eiði, að vextir hafi verið áskildir í undirréttarskjali nr. 5 þegar hann skrifaði nafn sitt undir það, og að hann hafi tekið við andvirði fyrir fisk, er hann lagði inn í verzlun stefnda 14. og 22. sept. 1903, samtals 111 kr. 37 aur. Svo krefst hann og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum.

Stefndi krefst þess af annari hálfu, að aukaréttardómurinn verði staðfestur að öllu leyti, og áfrýjandi dæmdur til að greiða sèr málskostnað eftir mati réttarins.

Af dómsupphæðinni, kr. 736,54, gjörir áfrýjandi, svo sem þegar er sagt, engan ágreining um kr. 384,78, en mismuninn, kr. 351,76, telur hann ranglega af sér krafinn, og neitar að borga hann. Þessi vefengda upphæð er nú ekki sundurliðuð svo, að fyllilega verði séð, hvað í henni felst, en eftir málsfærslu áfrýjanda verður að ætla, að í henni séu aðallega fólgnir þessir póstar:

1. oflágt talið verð á saltfiski í viðskiftareikningi frá stefnda í júlí og septemberm. 1903 kr. 54,90
2. vantalinn fiskur frá áfrýjanda s. á. fyrir . — 111,37
3. úttekt oftalin í sama reikningi um . . . — 0,17
4. gamlir vextir fram að árinu 1903 ranglega taldir . . . . . — 75,00

5. vextir 1907 og 1908 ranglega taldir . . — 84,28

Eru þá eftir af hinni vefengdu upphæð kr. 26,04, sem ekki er gjörð grein fyrir, og eigi verður séð, hvernig stendur á, og geta þær því eigi komið til frádráttar frá kröfu stefnda.

Kröfu sína um hærra fiskverð í júlí og september 1903 og þar af leiðandi lækkun á skuldakröfu stefnda um kr. 54,90 byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi auglýst fiskverð við verzlun sína í júnímánuði það ár, en eigi aðvarað áfryjanda um, að verðið lækkaði síðar; hafi hann tekið þegjandi á móti fiski áfrýjanda í júlí og september og sett á hann lægra verð en auglýst var, svo að mismunurinn nemi greindri upphæð, enda sé þetta niðursetta verð lægra en alment gangverð hafi verið annarstaðar þá um sumarið. En þó að stefndi hafi auglýst verðlag á fiski í júnímánnði 1903, var honum frjálst að breyta því, án þess að gefa út nýja auglýsingu um það, en það var áfrýjandans sök, áður en hann lagði inn vöruna, að grenslast eftir, hvort verðið stæði enn óbreytt, eða hvort hann fengi það verð fyrir hana, sem honum líkaði. Áfrýjandi hefir eigi heldur sannað það, að verðið, sem stefndi reiknaði honum á umræddum fiski, hafi verið lægra en alment gjörðist annarstaðar, en það er ómótmælt, að aðrar verzlanir á Norðfirði hafi eigi í júlí og september 1903 greitt hærra verð fyrir saltfisk en stefndi. Það er eftir þessu engin heimild til að færa kröfu stefnda niður um áminstar kr. 54,90.

Það er sannað og viðurkent í málinu, að áfrýjandi hafi lagt inn í verzlun stefnda 1903, 14. september, 250 pd. af smáfiski og 22. s. m. 128. pd. af þorski, 230 pd. af smáfiski og 192 pd. af ýsu og að ekkert af þessum

fiski sé tilfært í viðskiftareikningi áfrýjanda við verzlunina það ár. Andvirði þessa fiskjar telur áfrýjandi samtals 111 kr. 37 aur., er hann krefst að dregnar verði frá kröfu stefnda. En eftir skýrslu stefnda var þessi fiskur borgaður með peningum út í hönd við móttöku hans, og ekki færður í reikning áfrýjanda, og hafa þessar greiðslur verið færðar inn í gjaldabók og vigtarbók eða þurfisksbók verzlunarinnar 14. og 22. september 1903. Áfrýjandi neitar því að sönnu eindregið, að hann hafi fengið neina borgun fyrir þennan fisk, en eftir atvikum verður ekki litið svo á, að skýrslu stefnda sé hrundið með þessum mótmælum, og kemur í því tilliti einkum til álita, að það sést eigi, að áfrýjandi hafi hreift neinum útásetningum á reikninginn við stefnda fyr en eftir að mál þetta var höfðað, því þó að hann hafi lagt fram í málinu athugasemdir, dags. 8. febrúar 1904, við reikninginn 1903, og þar meðal annars talið oflitið tilfært fiskinnlegg fyrir kr. 42,35, þá er því ekki haldið fram af hans hálfu, að hann hafi borið þessar afinslur upp við stefnda og krafist leiðréttingar á reikningnum samkvæmt þeim, og eftir það fekk hann á hverju ári reikning frá verzluninni, án þess að þetta væri leiðrétt og án þess hann fyndi að því. Að svo vöxnu máli þykir eiga að taka til greina skýrslu stefnda um þetta málsatriði og mótmæli hans gegn því, að áminstar kr. 111,37 verði dregnar frá kröfu hans.

Þá telur áfrýjandi úttekt í reikningnum 1903 oftalda um 17 aura. Af reikningnum samanbornum við úttektarseðil 4. júlí s. á. sést það, að úttektin er í reikningnum talin 17 aur. hærri en á seðlinum, en aftur eru 7 aur. vantaldir við samlagning á seðlinum, svo að mis-

munurinn verður 10 aur., sem ber að draga frá kröfu stefnda.

24. febrúar 1903 gjörði áfrýjandi borgunarsamning við verzlunina um skuld sína, sem þá var kr. 1080,70. Í þessari upphæð voru fólgnir vextir frá fyrri árum, kr. 126,37. Um leið og áfrýjandi gjörði samninginn, voru honum gefnir eftir eða lofað eftirgjöf á kr. 51,37 af þessum vöxtum. En áfrýjandi heldur því nú fram, að öll vaxtaupphæðin hafi verið ranglega tilfærð, hann hafi aldrei undirgengist að borga neitt af þessum vöxtum, en skrifað undir samninginn með þeim fyrirvara, að þeir væru allir feldir burtu, og verzlunarstjórinn, sem hann samdi við, hafi lofað sér að umgangast við verzlunareigandann, að það yrði gjört. Um þetta hefir verzlunarstjórinn borið það sem vitni, að hann hafi gefið áfrýjanda eftir gamla vexti, kr. 51,37, eins og reikningurinn beri með sér, og lofað honum að vera honum meðmæltur við húsbónda sinn, að hann fengi einnig eftirgefnar þær 75 kr., sem þá voru eftir af þessum gömlu vöxtum, en þegar vitnið talaði um þetta við húsbónda sinn, hafi hann ekki viljað sleppa vöxtunum. Þar sem áfrýjandi hefir eigi sannað það, að hann hafi viðhaft áðurgreindan fyrirvara, er hann skrifaði undir samninginn, en hinir umþrættu vextir hinsvegar voru taldir með í þeirri upphæð, er áfrýjandi með samningnum viðurkendi að skulda verzluninni samkvæmt réttum reikningi, verður hann eigi losaður við að greiða umræddar 75 kr., og krafa stefnda því eigi færð niður um þá upphæð.

Fyrgreindur borgunarsamningur var skráður á prentað eyðublað, og fylti verzlunarstjóri stefnda, er þá var, í eyðurnar, en þar sem í samningnum eru ákveðnir 5 %

ársvextir af skuldinni og tölustafurinn »5« ritaður í þar til ætlaða eyðu fyrir framan merkið %, fullyrðir áfrýjandi að ekkert hafi verið ritað í þessa eyðu þegar hann skrifaði undir samninginn, enda hafi hann alls ekki boðið eða lofað að greiða vexti og ekkert verið um það samið. Áfrýjandi bendir og á það, að í viðskiftareikningum sínum við verzlunina 1903—1906 séu engir vextir tilfærðir, en 1907 séu vextir taldir 6 % og 1908 8 %, en þessar vaxtaupphæðir komi ekki heim við ákvæði samningsins, og stefndi hafi fært þær niður í 5 % eftir að mál þetta var höfðað. Áfrýjandi krefst því, að vextirnir 1907 og 1908, samtals 84 kr. 28 aur., er hann sé ranglega skuldaður um, verði dregnir frá kröfunni.

Að því er snertir framburð áfrýjanda um, að vaxtatalan 5 ekki hafi staðið í samningnum, þegar hann ritaði undir hann, hefir greindur verzlunarstjóri borið það sem vitni, og staðfest með eiði, að hann muni fyrir víst, að það hafi orðið að samningi milli vitnisins og áfrýjanda, að hann greiddi 5 % vexti af skuldinni, og hljóti því vitnið að hafa skrifað töluna 5 í skjalið á undan prósentumerkinu, og hefir vitnaleiðsla, er áfrýjandi lét síðar fram fara, eigi veikt gildi þessa vitnisburðar. Að öðru leyti skýrir stefndi svo frá, að hann hafi slept vaxtakröfum við skiftavini verzlunarinnar frá því er hann tók við henni og þangað til 1907, þó að hann hefði skrifleg vaxtaloforð þeirra, og auðvitað látið áfrýjanda sæta sömu kjörum í þessu efni. En haustið 1907 hafi hann talað við áfrýjanda um að skuld hans væri orðin nokkuð há; hafi áfrýjandi þá ætlað að fá lán í banka og borga sér skuldina; af því hafi þó ekki orðið, en hann hafi komið til sín og beðið sig um líðun á skuldinni, og sagt að

stefndi skyldi færa sér til vexti. Samkvæmt þessu hafi hann svo fært áfrýjanda til vexti 1907 og 1908, 6 % og 8 %, eins og hann, stefndi, hafi goldið umboðsmönnum sínum, en þessa vexti hafi hann, eftir að til málssóknar kom, fært niður í 5 %, til þess að þeir væru í samræmi við samninginn. Þessa skýrslu stefnda hefir áfrýjandi eigi vefengt að öðru leyti en því, að hann kannast ekki við að hafa boðið eða lofað honum að greiða vexti. Staðhæfing stefnda ein getur nú eigi hnekt vaxtaákvæði samningsins, og með því að eigi verður litið svo á, að neitt sé fram komið í málinu, er styðji framburð áfrýjanda um, að vaxtatalan hafi eigi verið innfærð í samninginn, þegar hann undirskrifaði hann, verður þetta málsatriði eigi látið koma undir synjunareið áfrýjanda, eins og hann hefir krafist til vara, og verður þá vaxtaupphæðin, kr. 84,28, ekki heldur feld úr reikningi stefnda.

Eftir því sem að framan er sagt, verða úrslit málsins þau, að dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 736 kr. 55 aur. ÷ 10 aur. eða 736 kr. 44 aur., með vöxtum eins og ákveðið er í dómnum. Svo þykir og rétt eftir málavöxtum, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 30 kr.

Um ómerking ummæla í varnarskjölum áfrýjanda fyrir aukaréttinum á dómurinn að vera óraskaður, með því að eigi er krafist breytinga í honum að þessu leyti.

Það er aðfinsluvert, að málsskjölin nr. 7—57, sem lögð voru fram í aukaréttinum og urðu þannig eign hans, hafa eigi verið innfærð í dómsgjörðirnar, en látin fylgja þeim til yfirdómsins, en þessi galli á afgreiðslu málsins frá undirréttinum, sem málsaðilar hafa ekki at-

hugað neitt við, þykir þó ekki eiga að valda frávísun málsins ex officio.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Sigurður Finnbogason greiði stefnda Sigfúsi Sveinssyni fyrir hönd verzlunar Þorbjargar Runólfsdóttur 736 kr. 44 aur. með 5 % ársvöxtum frá 16. marz 1909 til borgunardags og 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Um ómerking ummæla í varnarskjölum áfrýjanda á aukaréttardómurinn að vera óraskaður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 24/1910: Oddur Gíslason fyrir hönd John Willumsen gegn Guðmundi Egilssyni.

Dómur:

Áfrýjandinn, yfirréttamálaflutningsmaður Oddur Gíslason, í umboði John Willumsens í Kaupmannahöfn, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda, Guðmundi Egilssyni kaupmanni í Reykjavík, til greiðslu á skuld að upphæð 255 kr. 22 a. ásamt vöxt-

um, og var það dæmt í nefndum rétti 17. marz þ. á. þannig, að stefndi skyldi greiða áfrýjanda 219 kr, 2 aur. með 6 % ársvöxtum frá 5. ágúst f. á. til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins til staðfestingar með stefnu dags. 25. apríl þ. á. og jafnframt krafist málskostnaðar hjá stefnda. En stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 7. maí þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði algjörlega úr gildi feldur eða honum breytt þannig, að hann verði sýknaður af öllum kröfum og kærum áfrýjanda og sér dæmdur málskostnaður fyrir undir og yfirdómi eftir mati réttarins.

Hin umstefnda skuld er svo til komin, að árið 1907 fekk stefndi vörur frá John Willumsen, sem samkvæmt reikningum Willumsens, sem fylgdu vörusendingunum, dags. 18. marz og 13. júní s. á., kostuðu samtals 3049 kr. 75 a. Af þessari upphæð taldi áfrýjandinn ógoldnar, er mál þetta hófst, 255 kr. 22 aur., en síðar færði hann kröfu sína niður um 19 kr. 75 a., verð desimalvogar, er upplýst varð undir rekstri málsins, að stefndi hafði endursent honum og varð þá krafa áfrýjanda í málinu 235 kr. 47 aur., og var stefndi með hinum áfrýjaða dómi dæmdur til að greiða þá upphæð, að frádregnum 16 kr. 45 a., flutningsgjaldi fyrir endursendar vörur, er stefndi taldist eiga að fá endurgoldnar, og varð dómsupphæðin þannig 219 kr. 2 aur. Stefndi heldur því fram, að enn eigi að dragast frá hinni umstefndu skuld 128 kr. 45 a. fyrir kassa með skrúfum, er stefndi kveðst aldrei hafa meðtekið, 61 kr. 35 aur., sem sé verðhækkun á nokkrum af vörunum umfram samning, 22 kr. 64 aur., sem sé flutningsgjald og kostnaður, er stefndi hafi borgað fyrir endur-

sendar vörur, og loks eigi enn að falla úr skuldinni 6 kr. 21 e., er séu ranglega færðar stefnda til skuldar í reikningi Willumsens og taldar kostnaður við umskipun á vörum. Yrði þá skuld stefnda, ef þessar upphæðir væru frá dregnar, eigi nema 37 aur.

Viðvíkjandi fyrsta atriðinu, 128 kr. 45 aur., sem stefnda í reikningi Villumsens eru færðar til skuldar fyrir kassa með skrúfum, er honum hafi verið sendar með vörusendingunni 13. júní 1907, þá eru engin skilríki fram komin fyrir því í málinu frá áfrýjanda hálfu, að þessi skrúfukassi hafi nokkurn tíma verið sendur af Willumsen eða að tilhlutun hans til stefnda, eða að stefndi hafi meðtekið hann. En áfrýjandinn hefir haldið því fram, að undirdómarinn hafi bygt á því, að stefndi hafi *viðurkent*, að hann hafi fengið umræddan skrúfukassa. Þetta virðist þó eigi vera rétt. Stefndi hélt því að vísu fram fyrst í málum, að hann hefði endursent Willumsen skrúfurnar, en skýrsla hans var beint og bersýnilega bygð á því, sem stefndi gat haft fulla ástæðu til að ætla, að skrúfurnar hefðu verið í vörusendingu, er hann endursendi um hæl óupptekna, og er það skýrðist fyrir honum síðar í málinu, að svo hefði eigi verið, en skrúfurnar átt að vera sendar sér beint frá verksmiðju, og ekki saman við þær vörur frá Willumsen, er hann endursendi þegar í stað, þá var það beint í samræmi við hina upprunalegu skýrslu hans, um það, hvaða sendingar hann hefði meðtekið, að hann úr því neitaði að hafa nokkurn tíma meðtekið skrúfurnar. Bréf Willumsens til stefnda 10. sept. 1908 samanborið við svar stefnda upp á það 23. nóvbr. s. á., gjörir ekki annað en sýna hinn sama skilning hjá stefnda í þessu efni, að hann ætlaði, að hann

hefði endursent skrúfukassann með öðrum vörum Willumsens, og virðist sá misskilningur stefnda hafa verið afsakanlegur eins og á stóð, sérstaklega er svo langur tími var liðinn frá endursendingu varanna. Þar sem þannig stefndi hefir eigi kannast við að hafa fengið umræddan skrúfukassa og áfrýjandi hefir ekki sannað, að svo hafi þó verið, og jafnvel ekki borið við að sanna, þótt á hann hafi verið skorað um það í málinu, að skrúfukassinn hafi nokkurn tíma verið sendur, verður stefndi ekki dæmdur til að borga verð hans, og ber því að fallast á kröfu stefnda um sýknun í því efni.

Þá er kröfu stefnda um niðurfærslu á dómsupphæðinni um 61 kr. 35 aur. fyrir það, að honum sé fært til skuldar hærra verð á nokkrum vörum í reikningi Willumsens en um hafi verið samið. En stefndi hefir eigi gegn mótmælum áfrýjanda sannað, að honum hafi verið lofað lægra verði á vörum þessum, og verður því sú krafa hans eigi tekin til greina.

Stefndi hefir heldur eigi, þrátt fyrir mótmæli áfrýjanda gegn kröfu hans um endurgjald fyrir kostnað við endursendar vörur, sannað, að hann hafi lagt meira fram í því skyni en þegar hefir verið til greina tekið af undirdómaranum, og verður því eigi fallist á kröfu hans um frádrátt fyrtéðra 22 kr. 64 aur. frá skuld hans.

Um umskipunarkostnað þann, 6 kr. 21 e. á »Steinmans Varer«, er stefndi er krafinn um í málinu, er þess loks að geta, að stefndi virðist hafa mótmælt þeim kostnaði nægilega, að hann snerti sig eða sé sér viðkomandi. Kostnaður þessi er ekki tilfærður í fyrri reikningum Willumsen til stefnda, en áfrýjandi hefir þó ekki gefið stefnda, þrátt fyrir áskorun hans, nánari skýrslu um,

hvernig á þeim kostnaði stæði, eða fært sönnur á, að kostnaðurinn sé réttilega talinn honum til skuldar, en stefndi hefir neitað því, að hafa fengið neinar »Steinmans Varer«. Virðist því ekki eiga að dæma stefnda til að greiða nefnda upphæð, 6 kr. 21 e.

Samkvæmt framansögðu ber að draga frá upphæð þeirri, er stefndi var með bæjarþingsdómnum dæmdur til að greiða áfrýjanda, 128 kr. 45 aur. + 6 kr. 21 e., samtals 134 kr. 66 aur., og verður þá upphæð sú, sem stefndi eftir þessum úrslitum á að greiða, 84 kr. 36 aur., auk vaxta eins og í bæjarþingsdómnum er ákveðið, og ber að breyta dómnum samkvæmt þessu. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Guðmundur Egilsson kaupmaður greiði áfrýjanda Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd John Willumsens í Kaupmannahöfn 84 kr. 36 aur. með 6 % ársvöxtum frá 5. ágúst f. á. til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánndaginn 15. dag. ágústmán.

Nr. 57/1909: Sturla Jónsson
sem eigandi jarðarinnar Brautarholts
gegn
Sigríði Gísladóttur ábúanda jarðarinnar Esjubergs fyrir hönd eiganda jarðarinnar prestaskólakennara Eiríks Briems.

Dómur:

Eigandi jarðarinnar Brautarholts í Kjalarneshreppi höfðaði mál þetta fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn ábúanda jarðarinnar Esjubergs í sama hreppi, Guðmundi Kolbeinssyni, fyrir hönd eiganda jarðarinnar, prestaskólakennara Eiríks Briems, til að fá sér dæmt undir Brautarholt slægnaítak í svoköllnðu Kirkjulandi, er eigandi Esjubergs vildi ekki viðurkenna, og var dómur kveðinn upp í málinu í nefndum rétti 17. júní f. á., með þeim úrslitum, að stefndi var sýknaður af kröfum og kærum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn nú skotið til yfirdómsins og stefnt fyrir hönd eiganda jarðarinnar ekkju ábúandans Guðmundar Kolbeinssonar, sem hefir tekið við ábúð jarðarinnar að honum látnum. Hefir áfrýjandinn krafist þess fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur sökum lögleysu að efni til, að málinu verði vísað heim til nýrrar dómsáleggingar í héraði og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi. Stefnda hefir aftur á móti krafist þess, að

dómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda.

Ítak það til slægna, er áfrýjandinn gjörir kröfu til í málinu, tjáist vera í svonefndu Kirkjulandi og takmarkast á þennan hátt: Að norðan ræður Flóðará, að vestan og sunnan ræður Ósénulækur, þá bein stefna úr upptökum Ósjenu- (eða Ósýnu) lækjar í Bleikstein; að austan bein stefna úr Bleiksteini í Kvensöðul. Byggir áfrýjandinn rétt sinn til ítaks þessa aðallega á dómi uppkveðnum á Kjalarnesþingi 29. okt. 1773, þarnæst á gömlu máldagabréfi kirkjunnar í Brautarholti, enn fremur á landamerkjaskrá Brautarholts, þinglesinni 21. maí 1895, og loks á vottorðum ýmsra manna um notkun landsins. Telur hann, að merkjadómurinn hafi eigi tekið nægilegt tillit til skjala þessara og skilríkja og krefst því ómerkingar á dóminum fyrir lögleysu að efni til.

Við merkjagöngu þá, er fram fór í málinu, komst merkjadómurinn að þeirri niðurstöðu, að land það, svonefnt Kirkjuland, sem fyrnefndur dómur 29. oktbr. 1773 ræðir um, sé hið sama og land það, er áfrýjandinn kallar til slægnaítaks í í máli þessu, og dæmdi dómur þessi Brautarholtskirkju ítakið. En með því að sá dómur gekk í máli, er var milli Brautarholts og jarðarinnar Skrauthóla, og engum virðist þar hafa stefnt verið fyrir jörðina Esjuberg, er það rétt álitið af merkjadóminum, að greindur dómur verði eigi álitinn úrslitadómur fyrir þetta mál eða hafi verið skuldbindandi fyrir Esjubergs eigendur. Það verður að rannsaka það óháð dómsúrslitunum, hverja þýðingu skjal það hefir fyrir málið, er dómurinn var bygður á, en það var einmitt máldagi sá hinn gamli fyrir Brautarholtskirkju, er áfrýjandi byggir næst dóminum

ítaksrétt sinn á. Máldagi þessi, sem heimfærður er til áranna 1491—1518, er til í 2 aðaleftirritum, og segir þar svo um ítak það, er hér er um að ræða, í því handritinu, er nákvæmara er talið og áfrýjandi hefir einnig lagt fram af sinni hálfu: »Hun aa eingi allt« .... flod fra osenulæk riettsyni ur Bliksteinum og til fiallz upp«. Þó að fyrgreindur dómur 29. okt. 1773 hafi talið hér vera átt við þrætulandið, sem mál þetta snýst um, þá verður því þó ekki neitað, eins og stefndi hefir haldið fram, að eyðan í handritinu, sem punktarnir sýna, gjöra það nokkuð óvíst, hvort klausan á við land með alveg sömu ummerkjum og þrætulandið í þessu máli, en auk þess er það rétt, sem segir í merkjadóminum, að máldagi þessi fyrir Brautarholtskirkju er ekki meðal máldaga þeirra, eða úr máldagabókum þeim, er löggiltar eru af konungi með instrúxi 1. júlí 1746, 16. gr., eða öðrum lagaboðum, og verður því eigi, þar sem allar upplýsingar vantar um hann að öðru leyti, bygt á honum sem fullkomnu skilríki eða sönnun fyrir ítaksréttinum. Um notkun landsins eru heldur eigi komnar fram í málinu þær skýrslur, er eigi að ráða úrslitum málsins, þar sem þrætulandið virðist hafa verið notað mestmegnis eða eingöngu til beitar, og frá báðum jörðunum, en óvíst um hve langan tíma.

Að svo vöxnu máli, og þar sem það er viðurkent af áfrýjanda með framlagning landamerkjaskrár af hans hálfu, sem eðlilega getur ekki haft neitt sönnunargildi fyrir rétti hans sjálfs til ítaks þess, er málið er um, að þrætulandið liggi aðallega að minsta kosti í Esjubergslandi, þá virðist eigi verða álitið, að merkjadómurinn hafi orðið sekur í lögleysu, er hann eigi þóttist geta orðið við kröfum áfrýjanda um dóm fyrir hinum umstefnda ítaksrétti,

og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Malskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera.

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 33/1910: Kristján Jónsson
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, háyfirdómari Kristján Jónsson, fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn stefnda, Birni ráðherra Jónssyni, fyrir meiðyrði, en með dómi nefnds réttar 19. maí þ. á. var málinu vísað frá bæjarþingsréttinum og málskostnaður látinn falla niður.

Téðum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 23. maí þ. á. og krafist þess, að dómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim til dómsáleggingar í aðalefninu og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Áfrýjandinn átelur í máli þessu sem meiðandi fyrir

sig þau orð stefnda, að hann (áfrýjandi) hafi gjörst sekur í margvíslegri, megnri og óafsakanlegri óreglu í starfsemi sinni (sem gæzlustjóri) í stjórn landsbankans og í frámunalega lélegu eftirliti með honum, og eru orðin viðhöfð í bréfi frá stjórnarráðinu 22. nóv. f. á. til áfrýjandans, undirrituðu af stefnda, og færð þar til sem ástæður fyrir frávikningu áfrýjanda frá gæzlustjórastarfi hans við landsbankann, og á sama hátt voru ummælin viðhöfð í auglýsing frá stjórnarráðinu með nafni stefnda undir, sem fest var upp víðsvegar á almannafæri í Reykjavík, eins og einnig áfrýjandi heldur fram, að þau hafi að undirlagi stefnda verið símuð til Danmerkur.

Eftir málsfærslunni í máli þessu virðast báðir aðilar sammála um, að frávikning áfrýjanda frá gæzlustjórastarfinu, sú er hin umstefndu ummæli voru höfð til að rökstyðja, hafi verið gjörð af stefnda með löglegri heimild samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. septbr. 1885, 20. gr., er veitti landshöfðingja vald, er síðar kom í hendur ráðherra, til að víkja gæzlustjórum landsbankans frá um stundarsakir. Hér var því að ræða um stjórnarathöfn, sem viðurkent er að lá innan embættistakmarka stefnda, og dómstólarnir eru því eigi bærir að dæma um réttimæti hennar að öðru leyti. Hin umstefndu ummæli eru, eins og fyr er sagt, rökstuðning frá stefnda hálfu á stjórnarathöfn þessari eða skýrsla um tilefnið til hennar, og getur enginn efi verið á því, að eins og stefndi hafði vald til að framkvæma sjálfa stjórnarathöfnina, frávikning áfrýjanda frá gæzlustjórastarfinu, eins var það og á hans valdi, án þess nokkur lagafyrirmæli þó geti álitist skylda hann beint til þess, að láta uppi, ef hann áleit það hagfelt eða rétt, þær ástæður, er hann

bygði ráðstöfunina á, eða lýsing á þeirri breytni áfrýjanda, er hann taldi hafa knúð sig til frávikningarinnar. En að meta þær ástæður eða þá rökstuðning frávikningarinnar getur eigi legið undir úrskurð dómstólanna, með því að þeir þá myndu þurfa að raunsaka og meta verk, sem viðurkent er að lá innan embættistakmarka stefnda, og það gjörir engan mun í þessu tilliti, hvort ástæðurnar voru birtar á fleiri eða færri stöðum. Það verður af þessum ástæðum eigi álitið, að dómstólarnir séu bærir að dæma um réttmæti hinna umstefndu ummæla, og felst því yfirdómurinn á það, að máli þessu var vísað frá bæjarþingsréttinum, og ber að staðfesta hann, bæði að því leyti og að því er málskostnaðarákvæði hans áhrærir.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, háyfirdómari Kristján Jónsson, stefnda, Birni ráðherra Jónssyni, 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. dag. ágústmán.

Nr. 29/19010: Réttvísin gegn Birni Halldórssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 14. febr. þ. á., var hinn ákærði, Björn sjómaður Halldórsson, fyrir að hafa af gáleysi orðið valdur að dauða manns, dæmdur, samkvæmt 200. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, samborinni við 40. gr. sömu laga, til að sæta 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 5 kr. til talsmanns síns fyrir aukaréttinum, uppgjafarprests Guðmundar Guðmundssonar. En dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins dómfelda.

Það er með játningu ákærða og öðrum skýrslum sannað, að 27. nóvbr. síðastl., stundu fyrir miðaftan, voru þeir staddir hjá húsi einu í Bolungarvík, ákærði og Jón nokkur Jónsson kaupmaður, og voru þeir druknir nokkuð, einkum Jón. Höfðu þeir hizt áður um daginn og lent í illdeilum milli þeirra út af skuld, er Jón krafði ákærða um. Nú urðu aftur áflog milli þeirra fyrir utan húsið, og hafði ákærði betur. Fór Jón síðan inn í anddyri hússins og annar maður, er með þeim var, en ákærði fór á eftir þeim, og var þá reiður mjög við Jón út af ertingum hans. Tóku þeir þá enn saman, ákærði og Jón, en þriðji maðurinn, er með þeim var í anddyrinu, virðist hafa ætlað að ganga í milli þeirra og tekið um hendur Jóns. En þá um sama leyti virðist það hafa

verið, að ákærði sló Jón undir hökuna, svo að hann hraut út úr anddyrinu aftur á bak út yfir tröppurnar, sem að baki hans voru, og ofan á frostna grundina fyrir framan húsið. Þar lá Jón meðvitundarlaus þegar að var komið strax eftir fallið, og var hann þá fluttur inn í annað hús og reynt að hjúkra honum þar, en hann dó, án þess að hafa raknað við aftur, kl. 3 um nóttina. Daginn eftir skoðaði læknir líkið og taldi dauðaorsökina brot á hauskúpunni, sem orðið hefði við byltuna undan höggi ákærða.

Það er ekki að sjá af málinu, sérstaklega ekki af læknisskoðuninni, að neinn áverki hafi orðið af höggi ákærða, eða neitt sést á líkinu eftir höggið sjálft, og það er eftir atvikum málsins ekki næg ástæða til að álíta, að ákærði hafi séð fyrir byltuna, sem af högginu hlaust og leiddi manninn til bana, því að dimt var og Jón hafði ekki höndurnar fyrir sig að bera, sem ákærða virðist hafa verið ókunnugt um. Það verður því að telja gáleysisverk af ákærða, er hann varð orsök til byltunnar með höggi sínu og þar með til dauða mannsins, og að fallast á það að undirdómarinn hefir fært brot hans undir 200. gr. hegningarlaganna, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin, eins og í dómnum er gjört, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Það ber því að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti, einnig ákvæði hans um sakarkostnaðinn.

Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 15 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Akærði Björn Halldórsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggert Claessens og Odds Gísasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. dag ágústmán.

Nr. 29/1910: J. P. Brillouin konsúll
gegn
Jóni Jenssyni yfirdómara.

Dómur:

Með stefnu dags. 15. oktbr f. á. hefir J. P. Brillouin, frakkneskur vicekonsúll í Reykjavík, höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á móti yfirdómara Jóni Jenssyni, út af meiðyrðum, sem hann hafi haft um sig á sáttafundi 5. s. m., en þá hafi Jón Jensson sagt, að nú skyldi hann gjöra alvöru úr því að flæma hann (Brillouin) af landi burt og »rense Landet for Dem« (Brillouin) Þar sem stefndi Jón Jensson neitaði því undir rekstri málsins að hafa viðhaft orð þessi um sækjanda, leiddi hann sáttanefndarmenn Reykjavíkur sem vitni að um-

stefndum ummælum, en sáttanefndarmennirnir neituðu að gefa neitt svar upp á það, hvort stefndi hefði viðhaft hin umstefndu orð á sáttafundinum, vegna þagnarskyldu þeirrar, er á þá er lögð með 28. gr. í tilsk. 20. janúar 1877, þar sem segir, að það skuli vera með öllu bannað að gefa vitnisburði um eða leiða vitni til þess, sem af hlutaðeigendum fyrir forlíkunarnefndinni er viðgengið eða ráðgjört, nema það sé af báðum málsaðilum samþykt eða áhrærir einhver sérleg atriði í sættinni. Hafa sáttamennirnir neitun sinni til stuðnings tekið fram, að konsúll Brillouin hafi á sáttafundinum 5. október f. á. borið það á Jón Jensson yfirdómara, að hann hefði fyrir (þ. e. á undan) sáttafundinum haft við sig áþekk ummæli og stefnt er fyrir í þessu máli, en þau orð eða sú ræða, sem Jón Jensson svaraði þessu, séu að áliti sáttanefndarmannanna einmitt þau orð eða sú ræða, sem gefið hefir tilefni til þessarar málshöfðunar, hver svo sem þessi orð eða ræða hafi verið.

Á umræddum sáttafundi, er hin umstefndu ummæli eiga að hafa fallið, var viðstaddur skrifari konsúls Brillouin, Gunnar Egilsson, og hefir hann gefið vottorð um, að stefndi hafi haft umstefnd ummæli um áfrýjanda, en þar eð vottorði þessu var mótmælt, þá reyndi áfrýjandi að leiða hann sem vitni, en vitnaleiðslu þessari var mótmælt af stefnda, sem farandi í bága við ákvæði 28. gr. í tilskipun 20. janúar 1797. Þessi mótmæli voru tekin til greina af undirdómaranum, er með úrskurði, uppkveðnum 10. febr. þ. á., neitaði að láta nefndan Gunnar Egilsson bera vitni um hin umþráttuðu ummæli, og lauk síðan meiðyrðamáli þessu þannig, að með dómi uppkveðnum 17. marz þ. á. var Jón Jensson sýknaður af kröfum

stefnanda J. P. Brillouin, en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum ásamt 2 framan umgetnum úrskurðum hefir konsúll J. P. Brillouin skotið til yfirréttarins með stefnu dags. 9. maí þ. á., og hefir hann krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og hinum áfrýjuðu úrskurðum hrundið og breytt þannig, að sáttanefndarmennirnir í Reykjavík verði skyldaðir til að svara spurningu þeirri, er fyrir þá hefir verið lögð, og að Gunnar Egilsson skuli bera vitni um hin umþráttuðu ummæli, og að málinu verði vísað heim til nýrrar og betri meðferðar frá uppkvaðningu hins fyr fallna úrskurðar og til nýrrar dómsáleggingar í héraði, en til vara hefir áfrýjandi krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og marklaus og stefndi dæmdur til sekta fyrir þau, eða til þrautavara, ef ekki verði álitið að nægar sannanir hafi verið færðar fyrir því að stefndi hafi viðhaft þau, að stefndi verð dæmdur til þess að synja fyrir það með eiði, að hann hafi viðhaft þau. Loks krefst hann þess, hvernig sem málið fer, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað.

Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur, svo og hinir áfrýjuðu úrskurðir, verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Svo sem fram hefir verið tekið, er það viðurkent í málinu, að hin umþráttuðu ummæli, ef þau á annað borð hafa verið viðhöfð, hafi komið fram á sáttafundi milli málsaðila út af meiðyrðum, og með skýrslu sáttarnefndarmannanna verður það ennfremur að teljast upplýst, að hin

umræddu ummæli falli undir þau ákvæði 28. gr. í tilsk. 20. janúar 1797, að sáttanefndarmenn megi ekki bera vitni um það, er við er gengið eða ráðgjört milli málsaðila á sáttafundi.

Það verður því að álítast rétt af undirdómaranum, að taka til greina neitun sáttanefndarmanna að svara hinni framlögðu spurningu og verður því úrskurður þessi ekki úr gildi feldur.

Ummæli þau, er áfrýjandi fer fram á að vitnið Gunnar Egilsson staðfesti, eru hin sömu eða í öllu verulegu hin sömu, og áfrýjandi hefir farið fram á að sáttanefndarmennirnir væru látnir bera um og falla því undir nefnt ákvæði 28. gr. tilsk. 20. janúar 1797. Þótt lagagrein þessi eðlilega hafi einkum sáttanefndarmennina fyrir augum, þá er ákvæði hennar um bann gegn vitnaleiðslu svo alment og afdráttarlaust, að það verður að ná til annara manna, er á sáttafundinum eru, enda virðist það auðsætt, að tilgangi þessa lagafyrirmælis yrði ekki náð, þeim, að málsaðilar geti óhræddir gengið að sáttaumleitun og þar »viðgengið og ráðgert«, ef leyft væri yfir höfuð án leyfis þeirra að leiða vitni um það, er fram hefir farið að þessu leyti fyrir sáttanefndinni. Yfirrétturinn verður því einnig að fallast á, að undirdómarinn hefir neitað að láta Gunnar Egilsson bera vitni um hin umþráttuðu ummæli, og þar sem áfrýjandi hefir ekki, gegn mótmælum stefnda, tekist að færa sönnur á hin átöldu ummæli, verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna hinn stefnda og ber því að staðfesta undirréttardóminn í öllum greinum.

Samkvæmt þessum úrslitum virðist rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur ásamt 2 undir rekstri málsins fyrir bæjarþinginu uppkveðnum úrskurðum á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn vicekonsúll J. P. Brillouin hinum stefnda, yfirdómara Jóni Jenssyni, 30 krónur.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 34/1910: Tryggvi Gunnarsson fyrv. bankastjóri gegn Birni Jónssyni, ráðherra.

Dómur:

Í blaðinu Lögréttu 4. árg. 54. tölubl., sem kom út 24. nóvbr. f. á., er prentuð grein með fyrirsögn »ofsóknin«, undirskrifuð Tryggvi Gunnarsson, og er viðurkent, að höfundur hennar sé áfrýjandi þessa máls, Tryggvi Gunnarsson, fyrverandi bankastjóri. Er í grein þessari gjörð að umtalsefni stjórnarráðstöfun 22. nóvbr. f. á., er áfrýjanda og meðstjórnendum hans við landsbankann var vikið frá störfum þeirra við bankann. Með því að Björn Jónsson ráðherra áleit, að í greininni væru ýms ærumeiðandi ummæli um sig, höfðaði hann mál þetta á hendur

áfrýjanda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur fyrir meiðyrði, og var málið dæmt þar 12. maí þ. á., á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða 200 kr. sekt í landssjóð eða sæta 35 daga einföldu fangelsi ef sektin væri ekki greidd á réttum gjalddaga, og í málskostnað skyldi hann greiða stefnda 20 krónur. Af hinum átöldu ummælum í greininni voru talin meiðandi og móðgandi og dæmd dauð og ómerk þau, er hér greinir: »Mikið hrakmenni er hann, B. J., fyrst að reka mennina frá án saka, og svo festa upp á götunum róg og lygar um þá« — »O, nokkuð svo, verra ætlaði ráðherrann sér að hafa það, hann er búinn að láta leita að glæp síðan í apríl og ætlaði að tylla honum þarna niður, en smalarnir hafa ekki reynst fundvísir. Þið standið hér óánægðir yfir því, hve auglýsingin er svívirðileg, en hann situr heima í ráðherrastólnum sár-óánægður yfir því, að geta ekki auglýst eitthvað mergjað annað en þessa gömlu, vanalegu Ísafoldarlygi, sem gjörir aðra tortryggilega, en sannanirnar vanta«. »Líklega kemur fáum mönnum til hugar, að vandlæting ráðherrans við bankastjórnina sé sprottin af umhyggju fyrir hag bankans«. »Alt þetta vafstur ráðherra með rannsóknarnefnd og stjórnarafsetning er einungis sprottið af hatri til einstakra manna og hefndargirni« — »enginn veit nema hann og eg, hve oft eg hefi hindrað hann frá að koma fram skemdarverkum sínum gegn föðurlandi okkar beggja« — »en hvort það er ráðvendni að nota opinberar stofnanir til hefndarverka« — »það er hans siður, þegar hann er að gæða vinum sínum eða hefna sín á óvinum, þá tekur hann fé úr landssjóði« — »en þegar eg minnist á æfisögu, þá kemur mér í hug, hvort B. J. hafi aldrei hugkvæmst það, að æfisaga hans verði dálítið

keimlík æfisögum Gissurar Þorvaldssonar og Marðar gamla«.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. júní þ. á., og krafist þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá undirrétti að því er snertir öll hin umstefndu ummæli í greininni, önnur en þau, sem eru í kaflanum, er byrjar á orðunum: »O, nokkuð svo« og endar á orðunum: »í stjórnarlíkkistuna sína« og að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda um ómerking ummæla í þessum greinarkafla og sekt fyrir þau, en *til vara*, að verða algjörlega sýknaður af kröfum stefnda um ómerking ummæla, allra þeirra er stefnt er um, og refsing fyrir þau, og hvernig sem málið fer, krefst hann að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi gjörir hins vegar þær kröfur, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Krafa áfrýjanda um frávísun málsins að nokkru leyti frá undirréttinum, byggist á því, að hin átöldu ummæli, önnur en þau, sem standa í greinarkaflanum, «O, nokkuð svo — stjórnarlíkkistuna sína«, hafi eigi verið lögð til sátta, því að þessi kafli einn sé í sáttakærunni talinn sérstaklega meiðandi og engin önnur ummæli þar tilgreind, og verði þetta eigi skilið á annan veg, en að í þeim kafla felist að áliti stefnda verstu meiðyrðin í greininni, þau er hann vilji láta leita sátta um, en hinum hafi hann viljað láta sleppa.

I sáttakærunni tók stefndi það fram, að í hinni umstefndu grein væru ýms meiðandi ummæli um sig, og vildi hann sérstaklega nefna til kaflann: »o nokkuð svo«

— stjórnarlíkkistuna sína«, auk annara orðatiltækja víðar í greininni, og beiddist þess, að reynt væri að koma á sætt milli sín og áfrýjanda út af þessu.

Þessi lýsing sakarefnisins í sáttakærunni tekur yfir öll þau ummæli greinarinnar, er stefndi telur meiðandi fyrir sig, og með því að öll hin umstefndu ummæli standa í greininni, verður að gera ráð fyrir, að sátta hafi verið leitað um þau, enda er ekkert fram komið í málinu, er bendi til, að svo hafi eigi verið. Frávísunarkrafan verður samkvæmt þessu eigi tekin til greina.

Um sakarefnið sjálft, efni hinnar umstefndu greinar, verður að telja það rétt, að framangreind ummæli um stefnda öll eru talin í hinum áfrýjaða dómi meiðandi og óvirðandi, og eru þau það því fremur, er þau eru viðhöfð um mann í stöðu stefnda. Áfrýjandi hefir eigi sannað eða leitt næg rök að því, að ummæli þessi séu réttmæt eða afsakanleg, og verður því eftir kröfu stefnda að dæma þau dauð og ómerk, láta áfrýjanda sæta ábyrgð fyrir þau og verður að ákveða hana, eins og gjört er í dómnum, eftir 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með því að sektin, 200 kr., þykir eigi of hátt metin, og vararefsingin hæfilega sett 35 daga einfalt fangelsi, ber að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum verður að telja rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera.

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Tryggvi Gunnarsson fyrverandi bankastjóri,

greiði stefnda, Birni Jónssyni ráðherra, 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 5. dag septembermán.

Nr. 14/1910: Ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs gegn J. V. Havsteen.

Dómur:

Þegar gufuskipið Vesta hafnaði sig í Fáskrúðsfirði 12 marz f. ár, hafði það meðferðis ýmisleg vínföng og ölföng til hins stefnda, etazráðs J. V. Havsteen, og var tollur greiddur af vörum þessum þar á staðnum samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901. En eftir að út voru komin lög nr. 3 31. marz 1909 um bráðabirgðarhækkun á aðflutningsgjaldi, lagði stjórnarráðið fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra að reikna og heimta tollinn eftir þessum lögum; var stefndi samkvæmt því krafinn um aukagjald eftir 3. gr. þessara laga, er reiknaðist 549 kr. 43 aur., og er hann neitaði að greiða það, var þess krafist af bæjarfógetanum á Akureyri, að hann tæki aukagjald þetta lögtaki hjá stefnda. En með úrskurði, kveðnum upp í fógetarétti Akureyrarkaupstaðar 3. nóvbr. f. ár, neitaði

bæjarfógetinn að taka kröfuna til greina, og úrskurðaði að lögtaksgjörðin skyldi eigi njóta framgangs. Þessum úrskurði hefir ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 29. marz þ. á. og hefir þess verið krafist af hálfu áfrýjanda, að fógeta-úrskurðurinn væri feldur úr gildi, að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi, etazráð J. V. Havsteen, hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Ágreiningurinn í máli þessu er eingöngu um það, hvort stefnda hafi verið skylt að greiða aukagjald samkvæmt 3. gr. laga 31. marz 1909 af vín og ölföngum þeim, sem hann fekk með Vestu í marzmánuði 1909, en um upphæð aukagjaldsins er enginn ágreiningur, og eigi heldur um það, að Vesta kom til Fáskrúðsfjarðar og sýndi þar skjöl sín 12. marz f. ár. Nú segir í nefndum lögum, að af þeim ofangreindum vörum, sem aðflutningsgjald er hækkað á, eða nýtt gjald á lagt, og flytjast til landsins frá 12. marz 1909 þar til lögin öðlast gildi, skal greiða aukagjald, er nemi hækkuninni eða tollgjaldinu. Með því að hér segir: »frá 12. marz« en eigi »eftir 12. marz«, verður eftir málvenju, sbr. orðtakið: frá 1. janúar, frá 1. febr. o. s. frv., sem er í fullu samræmi við lagamál vort, sbr. lög nr. 42 um friðun hreindýra 8. nóvbr. 1901, 1. gr., lög nr. 50 um friðun fugla 27. nóvbr. 1903, 3. gr., póstlög nr. 16, 13. nóvbr. 1901, 11. gr. c og e, og fl., — að skilja ákvæðið svo, að 12. dagur marzmánaðar sé með talinn, eða að ákvæðið gildi

og fyrir þennan dag, og að fyrir því hafi átt að greiða aukagjald samkvæmt lögunum af áminstum tollskyldum vörum, en með lögunum var tollgjald einmitt hækkað á þeim. Samkvæmt þessu verður að fella fógetaúrskurðinn úr gildi, og leggja fyrir fógetann á Akureyri að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð, en eftir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr gildi feldur og ber fógetanum í Akureyrarkaupstað að framkvæma hina umkröfðu lögtaksgjörð hjá stefnda, etazráði J. V. Havsteen. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 45/1910: Réttvísin
gegn
Steingrími Benediktssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 15. júní þ. á., var hinn ákærði, skósmiður Steingrímur Benediktsson á Ísafirði, dæmdur fyrir innbrotsþjófnað samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 231. gr., til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu, og til að greiða allan löglegan sakarkostnað, en dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttarins eftir ósk hins ákærða.

Með eiginni játningu hins ákærða, sem er í samræmi við aðrar skýrslur í málinu, er það sannað, að hann stal peningum í síðastliðnum janúarmánuði úr verzlunarbúð Edinborgarverzlunar á Ísafirði, og framdi innbrot til þess; en búðin virðist hafa verið íbúðarlaus; ákærði hafði tekið eftir því, að rúða var sprungin í búðarglugganum og voru brotin gengin á vixl; ásetti hann sér því að fara inn um gluggann og afla sér peninga með því að taka þá úr peningaskúffunni í búðinni; nótt eina, undir miðnættisbil, um miðjan janúarmánuð síðastliðinn, fór hann þar að búðinni, er gluggarúðan var sprungin, náði rúðubrotunum úr glugganum, smokkaði hendinni inn um opið, krækti glugganum upp, og fór inn um gluggaopið; gekk síðan beint að peningaskúffunni í búðarborðinu, er var opin að sögn ákærða, og tók peninga þá, er þar voru, 5eyringa, 10eyringa, 25eyringa og einn krónupening, alls 10—12 krónur; fór síðan sömu leið út úr búðinni aftur; tók sokk, er hann fann undir þvottasnúru, lét peningana í sokkinn og fól þá í sjávargarði þar nálægt. Daginn eftir varð uppvíst um þjófnaðinn, og er hann var borinn á ákærða, kannaðist hann við hann, sótti sokkinn með peningunum og skilaði eigandanum þeim aftur.

Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt dómi eða refsingu fyrir neinn glæp. Afbrot ákærða, sem að framan er lýst, er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 231. gr., 4 tölulið, almennra hegningarlaga, og þar sem refsingin þykir hæfilega ákveðin í undirdóminum 8 mánaða betrunarhússvinna, og málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkjast, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum.

Akæröi verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Steingrímur Benediktsson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. dag septembermán.

Nr. 30/1910: J. P. Brillouin konsúll
gegn
Jóni Jenssyni yfirdómara.

Dómur:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 3. marz þ. á., var Jóni Jenssyni yfirdómara dæmdur réttur til afnota af veginum frá Laugavegi niður að lóð hins

frakkneska konsúlats, með þeim aðgangi að veginum beggja vegna, sem tveir dómkvaddir menn meta nauðsynlegan til fullra afnota vegarins, með því skilyrði, að hann greiddi hlutfallslega viðhaldskostnað á veginum, en varnaraðili, J. P. Brillouin konsúll, var skyldaður til, að viðlögðum þvingunarsektum, 2 kr. um daginn, að nema burtu allar hindranir fyrir afnotum stefnda af veginum sjálfum, þær er af hans (stefnda) völdum væru gjörðar. Svo skyldi hann og greiða stefnanda skaðabætur fyrir missi af afnotum vegarins eftir mati tveggja óvilhallra manna dómkvaddra, ekki yfir 100 kr., og 25 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir nefndur konsúll J. P. Brillouin áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 19. maí þ. á., og krafist þess, að dóminum verði með eða án heimvísunar hrundið og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, að stefndi verði sektaður fyrir óþarfa þrætu og dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Stefndi hefir á hinn bóginn gagnáfrýjað málinu og krafist þess *aðallega*, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að sér verði dæmdur réttur til að fara af framangreindum vegi og á, hvar sem vera skal, en dómurinn verði að öðru leyti staðfestur, og *til vara*, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi, hvernig sem málið fer.

Þann 10. október 1908 seldi stefndi áfrýjanda, sem yfirstjórnanda frakkneskra sjúkrahúsa á Íslandi, samkvæmt kaupsamningi, er þeir gjörðu þann dag, lóð, 12000 feráln. að stærð, í erfðafestulandi áfrýjanda, Félagstúni, austanvið

Reykjavíkurkaupstað, frá Laugavegi að sunnan norður til sjávar. Hin selda lóð er norðarlega á þessari landareign, og var hún til þess ætluð, að reisa á henni embættisbústað handa hinum frakkneska konsúl. Auk þessarar lóðar afsalaði stefndi áfrýjanda til fullrar eignar land, er nauðsynlegt væri til að leggja veg, að minsta kosti 6 álna breiðan, með girðingum beggja vegna, skemstu leið frá Laugaveginum niður að hinni seldu lóð. (Í samningnum er hér nefndur Laugarnesvegur, en málsfærslan og framlagður uppdráttur af landinu sýnir, að átt er við Laugaveg). Þennan veg skyldi áfrýjandi girða á sinn kostnað, og stefndi hafa afnot af honum eins og segir í samningnum. En eftir að konsúlshúsið var reist og vegurinn frá hinni seldu lóð upp að Laugavegi lagður og girtur, kom upp ágreiningur milli málsaðila um rétt stefnda til að nota veginn, og vildi áfrýjandi meina honum þau afnot af veginum, er stefndi taldi sér heimil eftir samningnum; lauk svo, að síðast í september f. á. bannaði áfrýjandi stefnda að láta gjöra þverbraut frá veginum beggja megin út í túnið, og vísaði burtu mönnum, er stefndi sendi til að vinna þetta verk, og um sama leyti lét hann negla aftur hlið fyrir veginum upp við Laugaveg, svo að vegurinn var lokaður nokkra daga. Þetta áleit stefndi augljóst brot á samningnum af hálfu áfrýjanda; höfðaði hann því þetta mál og gjörði kröfur þær, sem fyr segir.

Fyrnefndur kaupsamningur frá 10. október 1908 er saminn á frakknesku og hefir stefndi lagt fram 2 þýðingar af honum, aðra samhljóða í öllu verulegu þýðingu, er áfrýjandi hafði sent stjórnarráðinu, sem áfrýjandi vildi þó ekki viðurkenna rétta, og lét stefndi því

gjöra aðra þýðingu af samningnum og staðfesta af frakkneskukennaranum við hinn almenna mentaskóla, Geir Zoëga yfirkennara, en með því að áfrýjandi vildi eigi heldur meta þá þýðingu gilda, lét hann sjálfur gjöra þýðingu af samningnum og staðfesta af Jóni Þorvaldssyni tungumálakennara og taldi hann þá þýðingu rétta. Þó að mismunur á þessum þýðingum eigi virðist vera svo verulegur, að úrslit málsins, eins og það er að öðru leyti vaxið, geti oltið á honum, verður að telja rétt, að fara eftir þýðingu yfirkennarans, bæði af því, að ekki er kostur á frekari tryggingu fyrir nákvæmleik þýðingarinnar heldur en staðfesting frakkneskukennarans við hinn almenna mentaskóla, þar sem hér eru ekki löggiltir þýðarar, og af því að þýðari áfrýjandans, Jón Þorvaldsson, hefir, eftir að þýðing hans kom fram, gefið út yfirlýsingu um, að hann við nánari athugun hafi komist að þeirri niðurstöðu, að þýðingin á þeim kafla samningsins, niðurlagi 5. greinar, sem málsaðila greinir á um, sé að því er máli skiftir, réttari eins og yfirkennarinn hefir staðfest hana, en hún er á þessum kafla svolátandi: veg þenna skal kaupandinn umgirða á sinn kostnað að minsta kosti gripheldri girðingu. Seljandinn og þeir, sem hann gefur rétt til þess, skulu geta notað veginn með þeim skilyrðum, að greiða hlutfallslega viðhaldskostnað hans.

Þó að þessi orð virðist tryggja stefnda rétt til allra venjulegra eða almennra afnota af veginum og eigi sé annarstaðar í samningnum nein ákvæði, er gefi tilefni til að leggja annan skilning í þau, hefir áfrýjandinn þó haldið því fram, að það hafi ekki verið tilætlun sín né stefnda, að hann (stefndi) öðlaðist svo víðtækan rétt til að nota veginn, að minsta kosti ekki að svo stöddu, og

í því efni ber hann það fyrir sig, að ákvæði um gripheldu girðingu með veginum hafi verið sett í samninginn og hann tekið að sér kostnað við hana í því skyni, að verja veginn og tréplöntur, er hann ætlaði að gróðursetja fram með honum, fyrir skemdum og óþrifnaði af skepnuumferð; fyrir því sé stefnda óheimilt að gjöra hlið á girðingarnar og þverbrautir frá veginum út á túnið eða fara um hann með skepnur, en vegurinn hafi að eins átt að vera opinn til endanna, og með ákvæðinu um, að stefndi og þeir, sem hann gefur rétt til þess, skuli geta notað veginn, hafi að eins vakað fyrir stefnda að tryggja húsum, er bygð yrðu á landi hans við veginn á sínum tíma, aðgang að honum. En þessi skýrsla áfrýjanda, sem stefndi hefir mótmælt, getur eigi raskað téðu ákvæði samningsins, og önnur ómótmælt atvik málsins gjöra hana eigi sennilega, einkum það, að girðingarákvæðið stóð ekki í samningsuppkastinu, er áfrýjandi gjörði, en var skotið inn í eftir ósk eða kröfu stefnda, og þá eðlilega í hans þágu, en ekki til að takmarka eða ónýta afnotarétt hans af veginum, enda skiljanlegt, að stefndi hafi talið sér hag af girðingunni, bæði til þess að verja túnið og varna skepnum hans að komast þaðan burtu.

Samkvæmt þessu verður eigi álitið, að afnotaréttur stefnda af veginum sé takmarkaður á þann hátt, er áfrýjandi heldur fram, eða sé neinu skilyrði bundinn öðru en því, að hann taki áskildan þátt í viðhaldskostnaðinum, og með því að áfrýjandi hefir eigi gegn mótmælum stefnda sannað þann framburð sinn, að stefndi hafi þrjóskast við eða neitað að fullnægja þessu skilyrði, verður að fallast á það, að stefndi hafi, eins og áður er sagt, rétt til allra venjulegra eða almennra afnota af veginum eftir

þörfum, og virðist hann eftir hinum afdráttarlausu orðum samningsins eigi þurfa að láta sér lynda, að þessi réttur hans verði ákveðinn eða takmarkaður af skoðunargjörð eða áliti matsmanna, og þykir því, eftir kröfu stefnda, eiga að breyta hinum áfrýjaða dómi að þessu leyti.

Að því er snertir skaðabótakröfu stefnda, kemur það til greina, að framburður hans um, að enginn annar vegur liggi inn á túnið heldur en hinn umræddi vegur, og að það sé all miklum erfiðleikum bundið fyrir hann að gjöra sér annan veg, stendur óhrakinn og að stefnda hefir verið bægt frá afnotum vegarins síðan í septembermánuði f. á., en eftir því er það rétt álitið í hinum áfrýjaða dómi, að stefndi hljóti að hafa beðið nokkurt tjón við það, að áfrýjandi hefir bannað honum veginn, og með því að áfrýjandi hefir, eins og áður segir, gjört það í heimildarleysi, verður hann að bæta stefnda það tjón eftir óvilhallra manna mati, eins og segir í dómnum. Með því að einnig verður fallist á fyrirmæli bæjarþingsdómsins um, að áfrýjandi nemi burtu tálmanir fyrir umferð stefnda um veginn og ákvæði hans um þvingunarsektir og málskostnað, ber að staðfesta dóm þennan með áðurgreindri breytingu.

Eftir þessum úrslitum er það rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda Jóni yfirdómara Jenssyni ber réttur til afnota af framannefndum vegi frá Laugavegi niður

að lóð hins frakkneska konsúlsbústaðar, þannig að hann hafi aðgang að veginum beggja vegna eftir þörfum, með því skilyrði, að greiða tiltölulegan hluta af viðhaldskostnaði vegarins. Að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Áfrýjandi J. P. Brillouin konsúll greiði stefnda 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagri lagaaðför.

Nr. 39/1910: Einar M. Jónasson
gegn
Runólfi E. Sverrissen.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 3. febr. þ. á. gegn stefnda Runólfi E. Sverrissen, til greiðslu á 160 kr. skuld með 6 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags auk málskostnaðar, og var málið dæmt í bæjarþinginu 19. maímán. þ. á., á þá leið, að stefndi var algjörlega sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Bæjarþingsdómi þessum hefir Einar M. Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. júní þ. á., og krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjanda verði tildæmd hin umstefnda skuld ásamt

vöxtum, eins og hann hefir krafist þess fyrir undirréttinum, og að honum auk þess verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi Runólfur E. Sverrissen hefir af sinni hálfu krafist þess, að undirréttardómurinn verði látinn óraskaður standa, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Skuldakrafa áfrýjanda tjáist vera sprottin af makaskiftum á húseignum, er stefndi gjörði við Sveinbjörn nokkurn Stefánsson, og hefir Sveinbjörn þessi með skjali, dags. 28. janúar 1910, lýst því yfir, að hann »hafi yfirdregið til fullrar eignar og umráða« til áfrýjanda allan kröfurétt sinn á stefnda út af áminstum makabýttum, og segir hann að krafan sé um eða yfir 150 kr. auk vaxta. Stefndi vill þó eigi kannast við að Sveinbjörn hafi átt hjá sér nokkurt fé út af greindum makaskiftum; hefir hann lagt fram yfirlit eða skýrslu um makaskiftin, og samkvæmt henni telur hann til skuldar hjá Sveinbirni, er nemur 87 kr.. Að vísu hefir áfrýjandi af sinni hálfu lagt fram aðra skýrslu yfir makaskiftareikninginn og telur hann eftir henni Sveinbjörn eiga til góða hjá stefnda kr. 154.51 aur. Eftir gögnum málsins og málsfærslunni verða reikningsskýrslur þessar eigi samrýmdar. En áðurnefndur Sveinbjörn Stefánsson hefir með skjali, dags. 18. desbr. 1907, eða rúmu ári eftir að téð makaskifti voru um garð gengin, lýst því yfir, að Runólfur E. Sverrissen, stefndi í þessu máli, hafi aldrei skuldað sér annað en 240 kr., sem viðurkent er að hann síðar losaðist við, og að Runólfur skuldi sér því þá (18. desbr. 1907) ekki svo mikið sem 2 aura, og sé því hvert það framsal af sinni hálfu, er fram kynni að koma og dagsett væri fyrir 18.

desbr. 1907, markleysa og ósannindi. Þessari yfirlýsingu Sveinbjarnar, sem verður að teljast hafa verið fullkomin kvittun til stefnda fyrir margnefndum makaskiftaviðskiftum, hefir áfrýjandi ekki getað hrundið, og það er viðurkent, að Sveinbjörn hefir gefið hana til handa stefnda. Áfrýjandi getur því eigi gjört kröfur á hendur stefnda út af makaskiftunum, er bygðar séu á afsali Sveinbjarnar Stefánssonar. Það verður því að fallast á það, að stefndi er sýknaður með undirréttardóminum, og með því að málskostnaðarákvæði dóms þessa samþykkjast, verður að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandinn Einar M. Jónasson greiði stefnda Runólfi E. Sverrissen málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. d. októbermán.

Nr. 12/1910: O. W. Olsen
gegn
bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.

Dómur:

Þegar mál þetta samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 16.

marz þ. á. átti að taka fyrir í yfirdóminum 26. f. m., kom áfrýjandi eigi í réttinn og enginn með umboð hans, en af hendi hinnar stefndu bæjarstjórnar kom þar Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður og krafðist ómaksbóta fyrir að mæta árangurslaust í málinu. Þessa kröfu ber samkvæmt N. L. 1—4—34 að taka til greina og ákveðast ómaksbæturnar 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn O. W. Olsen greiði stefndu, bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, 6 krónur í ómaksbætur innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. dag októberm.

Nr. 41/1910: J. P. Brillouin. gegn Jóni Jenssyni.

Dómur:

Í bréfi til stefnda, Jóns Jenssonar yfirdómara, dags. 25. sept. f. á., komst áfrýjandi, P Brillouin, frakkneskur vicekonsúll í Reykjavík, svo að orði: »Þér eruð, herra yfirdómari, lygari og óheiðarlegur maður«. Út af þessum brigzlum höfðaði stefndi meiðyrðamál á hendur áfrýjanda,

og var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 12. maí þ. á. á þá leið, að áfrýjanda var gjört að greiða 100 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 15 daga einföldu fangelsi og að greiða stefnda 25 kr. í málskostnað, en hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. júní þ. á., og krafist þess, að bæjarþingsdóminum verði, með eða án heimvísunar, hrundið og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda, en til vara, að hin ídæmda sekt verði lækkuð, og að stefndi, hvernig sem málið fer, verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum dómum. Stefndi hefir aftur á móti gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 20. júlí þ. á., og krafist þess, að dóminum verði, með eða án heimvísunar, hrundið og breytt þannig, að ídæmd hegning fyrir meiðyrðin verði þyngd eftir því sem lög frekast leyfa og sér dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Til stuðnings kröfu sinni um sýknun í málinu heldur áfrýjandi því fram, að hin átöldu brigzlyrði séu á rökum bygð, með því að framkoma stefnda gagnvart sér út af kaupum á lóð í Félagstúni, erfðafestulandi stefnda, er hann með kaupsamningi 10. október 1908 seldi áfrýjanda fyrir hönd frakkneska sjúkrahússfélagsins á Íslandi, hafi að ýmsu leyti verið þannig vaxin, að áfrýjandi hafi haft fulla ástæðu og heimild til að bera stefnda fyrtéðum brigzlum. Telur áfrýjandi það fyrst til, að stefndi hafi í bréfi 22. septbr. f. á. borið það á sig, að hann (áfrýjandi) hafi tekið undir sig stærri lóð en hann átti, í

heimildarleysi og bak við sig (stefnda) og bæjarverkfræðinginn, og að áfrýjandi hafi breytt hælasetningu um lóðina og mörkum, er bæjarverkfræðingurinn, opinber starfsmaður bæjarins, hafi sett. En þessar aðdróttanir séu allar gersamlega tilhæfulausar, og hafi stefndi hlotið að vita það. Í annan stað hafi stefndi í fyrnefndum samningi, 10. okt. 1908, lýst því yfir, að fjöruspilda, er seld hafi verið með lóðinni, skuli vera óskoruð eign frakkneska sjúkrahússfélagsins, er geti girt hana og notað sérstaklega til að gjöra þar bryggju, og ennfremur hafi stefndi lýst því yfir í samningnum, að engar kvaðir lægju á hinni seldu eign. En daginn áður, 9. okt., hafi byggingarnefnd bæjarins á fundi lagt þá kvöð á lóð þessa (fjöruspilduna), að það beri að nema, bænum að kostnaðarlausu, burtu af lóðinni öll mannvirki, er gjörð hafi verið á henni, þegar bærinn kann að taka lóðina til notkunar, en þessa ákvörðun byggingarnefndarinnar hafi stefndi þekt, þegar hann skrifaði undir samninginn, þar sem hann veitti áfrýjanda óskoraðan og kvaðalausan eignarrétt að hinni seldu lóð. Og loks hafi stefndi, er áfrýjandi trúði honum fyrir að gjöra uppdrátt af hinni seldu lóð, gjört eða látið gjöra uppdráttinn með öðrum ummerkjum á lóðinni en um var samið, og hafi svo fengið byggingarnefndina til að ákveða lóðarmörkin eins og gjört er á þeim uppdrætti, daginn áður en samningurinn var gjörður. Með þessu hygst áfrýjandi hafa sýnt fram á, að stefndi hafi komið fram sem lygari og óheiðarlegur maður, en verði þessi ummæli þó eigi álitin réttmæt, krefst hann að þau verði talin lögmæt retorsión gegn fyrgreindum aðdróttunum í bréfi stefnda 22. sept. f. á.

Að því nú er snertir þessar aðdróttanir, er áfrýjandi

nefnir svo og vill láta réttlæta áburð sinn á stefnda, þá hefir honum eigi tekist að sýna fram á, að þær séu ástæðulausar; hitt virðist öllu fremur sannað, að það sem stefndi í bréfinu 22. sept f. á. fann að við áfrýjanda eða átaldi hann fyrir, hafi átt við gild rök að styðjast. Í því efni athugast, að verkfræðingur bæjarins mældi haustið 1908 hina umræddu lóð í Félagstúni og afmarkaði hana með hælum. Þessa mælingu gjörði verkfræðingurinn að tilhlutun byggingarnefndarinnar og í samráði við þá stefnda og áfrýjanda, og eftir henni gjörði hann uppdrátt af lóðinni handa bæjarstjórn og byggingarnefnd, eins og ákveðið er í samningnum, en áfrýjanda, sem var farinn af landi burt, sendi hann 19. október 1908 eftirrit af uppdrættinum. Áfrýjandi hefir að vísu neitað því, að verkfræðingur hafi gjört mælinguna í samráði við sig og að hann hafi sent sér eftirrit af uppdrættinum, en hvorttveggja þetta verður að telja sannað með vitnisburði verkfræðingsins og öðrum vitnaskýrslum, svo og póstvottorði um, að póstsending frá verkfræðingnum hafi skilvíslega verið afhent áfrýjanda 28. okt. 1908, og það verður ekki tekið tillit til þess, þó áfrýjandi gefi í skyn, að eitthvað annað en uppdrátturinn hafi verið í þessari póstsendingu, með því að hann hefir enga frekari grein gjört fyrir því, enda hefir vitni borið, að það hafi séð uppdráttinn hjá áfrýjanda. En vorið 1909, eftir að áfrýjandi kom aftur frá útlöndum, tók hann það fyrir að mæla sjálfur og afmarka lóðina, og gjörði hann hvorki stefnda eða verkfræðingnum viðvart um þá mælingu, en eftir henni urðu mörk lóðarinnar og lögun öðruvísi og flatarmálið nál. 400 ferálnum stærra en vera átti eftir samningnum og mælingu og uppdrætti verkfræðingsins. Þetta verður að telja sannað

með skýrslu verkfræðingsins og öðrum vitnisburðum, svo og það, að merki þessi (hælar), er verkfræðingurinn hafði sett, hafi verið færð til um leið og áfrýjandi mældi lóðina, enda gjörir áfrýjandi í bréfinu til stefnda 25. sept. 1909 ráð fyrir að mæling sín á lóðinni geti verið röng og ber ekki beint á móti því, að hann hafi tekið undir sig stærri lóð en seld var. Framangreind ummæli í bréfi stefnda 22. sept. f. á. verða samkvæmt þessu að teljast réttmæt og geta því alls ekki réttlætt hin umstefndu brigzlyrði, og af sömu ástæðu brestur alla heimild til að meta brigzlyrðin sem retorsión gegn téðum ummælum.

Þá kemur til álita sú sýknunarástæða áfrýjanda, að stefndi, með því að selja honum kvaðalausa fjöruspildu, er getur um í kaupsamningnum, þótt hann vissi, að byggingarnefndin hefði daginn áður lagt kvöð á lóð þessa, hafi komið fram sem óheiðarlegur maður. Stefndi hefir mótmælt þessu sem tilhæfulausu, og haldið því fram, að byggingarnefndin hafi enga kvöð getað lagt á lóðina, og þó að nefndin hafi á fundi sínum 9. október 1908 sett áðurnefnd skilyrði fyrir afnotum sjúkrahússfélagsins af lóðinni og fjörunni til bryggjugjörðar o. fl., þá hafi hann eigi verið því samþykkur, enda hafi hann skýrt áfrýjanda frá þessu ákvæði byggingarnefndarinnar áður en þeir skrifuðu undir samninginn, og þeir hafi tekið upp í samninginn ákvæði í gagnstæða átt, sem sé að sjúkrahússfélagið áskilji sér, ef til kemur, endurgjald fyrir mannvirki, er það kunni að gjöra á lóðinni og bærinn taki burtu. Þessa skýrslu stefnda hefir áfrýjandi ekki getað hrakið, enda styðst hún við skjöl málsins, þar á meðal bréf stefnda til bæjarstjórnarinnar 15. okt. 1908, er lesið var upp á fundi hennar um leið og byggingarnefndargjörðin

9. s. m., en þar lýsti stefndi því yfir, að það yrði að vera samningsmál milli bæjarins og áfrýjanda, hvernig færi um mannvirki þau, er gjörð kynnu að vera á umræddri fjöruspildu, og að hann teldi sér óviðkomandi ákvæðið, er byggingarnefndin hefði sett þar að lútandi. Áfrýjandi hefir þannig eigi heldur sannað, að stefndi hafi að þessu leyti gefið honum neitt tilefni til að viðhafa hin átöldu ummæli. Og sama er að segja um þá staðhæfingu áfrýjanda, að stefndi hafi látið gjöra uppdrátt af lóðinni með öðrum ummerkjum en um var samið, og fengið byggingarnefndina til að ákveða lóðina eftir þeim merkjum. Stefndi lýsir þetta tilhæfulaust, og það hefir áður verið tekið fram, að verkfræðingurinn mældi lóðina og ákvað afstöðu hennar að tilhlutun byggingarnefndarinnar, sérstaklega vegna væntanlegra gatna þar, og uppdráttur hans af lóðinni virðist vera hinn sami, sem áfrýjandi ætlar að stefndi hafi látið gjöra í bága við samninginn. Áfrýjandi hefir þannig að ástæðulausu borið á stefnda hin átöldu brigzlyrði, en þau eru freklega ærumeiðandi, einkum er þau eru viðhöfð um mann í stöðu stefnda, og gátu því að eins verið réttmæt, að stefndi hefði framið þau verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samþegna hans. Það ber því að dæma meiðyrðin dauð og ómerk og láta áfrýjanda sæta sekt fyrir þau samkvæmt 217. gr. hinna almennu hegningarlaga, sem þykir hæfilega ákveðin 150 kr. og renni í landssjóð, en í stað hennar komi 25 daga einfalt fangelsi, ef hún er eigi greidd í tækan tíma. Um málskostnað í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður og málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum einnig að greiða stefnda, og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind meiðyrði um stefnda, Jón Jensson yfirdómara, eiga að vera dauð og ómerk. Áfrýjandi J. P. Brillouin vicekonsull greiði 150 kr. sekt í landssjóð eða sæti 25 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd á réttum tíma. Um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdómnum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. dag. októbermán.

Nr. 25/1910: Sigfús Sveinbjarnarson
gegn
Árna presti Þórarinssyni.

Dómur:

Árni prestur Þórarinsson á Stóra-Hrauni í Kolbeinsstaðahreppi, hinn stefndi í máli þessu, lögsótti áfrýjandann, Sigfús fasteignasala Sveinbjarnarson, fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur til greiðslu á skuld að upphæð 400 kr. auk vaxta, og lauk því máli með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 10. marz þ. á., þannig, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða stefnda hina umstefndu skuld

ásamt 5 % ársvöxtum frá 17. desbr. f. á. til borgunardags og 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ásamt úrskurði, uppkveðnum meðan á málinu stóð, hinn 27. janúar þ. á., er synjaði áfrýjanda um umbeðinn frest í málinu, hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. apríl þ. á., og hefir áfrýjandinn krafist þess fyrir yfirdóminum, að nefndur úrskurður verði ónýttur og málinu heimvísað til betri undirbúnings og nýrrar meðferðar í héraði; en til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandinn verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, og að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist staðfestingar á dóminum og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Hinn 18. apríl 1907 gaf áfrýjandinn stefnda skriflega viðurkenningu fyrir því, að hann ætti honum vangreiddar 400 kr. af andvirði skips, er hann keypti af honum sama dag, og lofar áfrýjandi í bréfinu að hafa greitt stefnda þessa upphæð fyrir lok »næstkomandi októbermánaðar (þ: 1907). Við þessa skuldaviðurkenningu eða skuldabréf styðst krafa stefnda í máli þessu á hendur áfrýjanda og hefir áfrýjandi eigi mótmælt henni, að hún væri rétt í sjálfri sér. En hann hélt því fram fyrir undirréttinum, að skuld þessi væri löngu greidd með skuldajöfnuði í öðrum viðskiftum þeirra málsaðila, og lagði fram reikning yfir þau viðskifti, en eftir honum átti áfrýjandi jafnvel að eiga hjá stefnda, er lokið væri umstefndri skuld, 200 kr. 50 a.

Í fyrsta réttarhaldi í málinu fyrir bæjarþinginu fekk

áfrýjandi 3 vikna frest til að gagnstefna málinu, en hann notaði eigi frestinn til þess, en lagði að eins fram í næsta réttarhaldi viðskiftareikning þann eða gagnreikning, er fyr er áminst, og krafðist skuldajafnaðar og sýknunar, og er stefndi krafðist þess, að reikningskröfu hans væri vísað á bug gagnvart skuldakröfu sinni samkvæmt hreinu og skilyrðislausu skuldabréfi, bað áfrýjandinn um frest til að færa sönnur á gagnkröfur sínar, en honum var synjað um frestinn með úrskurði dómarans, sem áfrýjað er. Verður að fallast á að rétt hafi verið að synja um hinn nýja frest, með því að áfrýjandinn hafði eigi gagnstefnt málinu, þrátt fyrir áður fenginn frest til þess, og gagnkröfur hans gátu eigi komið til greina án gagnsóknar samkvæmt N. L. 5—13—4. Hinn áfrýjaði úrskurður verður því eigi feldur úr gildi eða málinu heimvísað eftir kröfu áfrýjanda.

Eins og þegar hefir verið tekið fram, hafa eigi komið önnur mótmæli fram gegn fyrnefndu skuldabréfi, er krafa stefnda styðst við, en þau, að því sé lokið með skuldajöfnuði í viðskiftum málsaðilanna, eins og framlagður gagnreikningur sýni, en þau mótmæli verða eigi, eins og áður hefir verið tekið fram, tekin til greina án gagnsóknar, og ber því, eins og gjört er í bæjarþingsdóminum, að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda hina umstefndu skuld ásamt vöxtum, eins og tiltekið er í dóminum, og staðfestist því bæjarþingsdómurinn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Sigfús Sveinbjarnarson greiði stefnda Árna presti Þórarinssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. d. októbermán.

Nr. 43/1910: Oddur Gíslason
fyrir hönd Carl Stenders Kunstforlag
gegn
Einari Gunnarssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði málaflutningsmaður Oddur Gíslason fyrir hönd Carl Stenders Kunstforlag í Kaupmannahöfn gegn cand. phil. Einari Gunnarssyni í Reykjavík, út af skuld, að upphæð 325 kr. 16 aur., er nefnt Kunstforlag taldi til hjá stefnda, og var málið dæmt í bæjarþingi Reykjavíkur 17. marz þ. á., á þá leið, að stefndi á að greiða áfrýjanda upphæðina, 325 kr. 16 aur., með 5 % ársvöxtum frá 12. nóvbr. 1909 til borgunardags og 25 krónur í málskostnað; ennfremur var stefnda með dóminum gjört að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs samkv. tilskipun 11. ágúst 1819, með því að hann hafi

eigi löglega mætt við sáttaumleitun í málinu. Dómi þessum hefir áfrýjandinn, Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd Carl Stenders Kunstforlag, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 4. júlí þ. á. og krafist þess, að dómurinn verði í öllum greinum staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati yfirdómsins. Hinsvegar hefir stefndi Einar Gunnarsson gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 28. júlí þ. á. og hefir hann krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum áfrýjanda, að sektar og málskostnaðarákvæði dómsins verði felt úr gildi og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu fyrir báðum réttum, svo og að áfrýjandi verði sektaður fyrir þrætugirni.

Stefndi mætti eigi í málinu fyrir bæjarþinginu, og var það því þar dæmt eftir skjölum þeim, er framlögð voru af hálfu sækjanda, þar á meðal reikningi yfir vörur frá Carl Stenders Kunstforlag »til Herr Köbmand Einar Gunnarsson Reykjavík«, að upphæð 325 kr. 16 aur. Fyrir yfirdóminum hefir stefndi komið fram með mótmæli gegn skuldinni, sem sé þau, að hann hafi eigi fengið áminstar vörur handa sjálfum sér, heldur fyrir félagsfyrirtæki hér í bænum, er stefndi var hluthafi í, enda beri reikningurinn þetta með sér, þar sem hann sé stílaður til »Köbmand Einar Gunnarsson« en eigi cand. phil. Einar Gunnarsson, og þar sem á honum standi »Kiosken«, sem á að tákna áminst verzlunarfyrirtæki. Svo tekur stefndi það fram, að »Kiosken« hafi ýmislegt að athuga út af viðskiftunum við áfrýjanda. En þessi mótmæli eru þýðingarlaus, með því að það er viðurkent, að Köbmand Einar Gunnarsson og cand. phil. Einar Gunnarsson sé sami maðurinn, sem sé stefndi, og því hefir eigi verið

mótmælt, að hann hafi pantað og fengið hingað sendar vörur þær, er hann nú er krafinn borgunar fyrir, og er það áfrýjanda óviðkomandi, þótt vörurnar kunni að hafa verið fengnar handa einhverju fyrirtæki, er fleiri voru eigendur að en stefndi. Með því að eigi eru aðrar varnir fram komnar af hendi stefnda, og ekkert tillit verður tekið til þess í þessu máli, er hann segir um athugunarverð viðskifti »Kioskens« við áfrýjanda, verður að taka til greina kröfu áfrýjanda um staðfesting bæjarþingsdómsins bæði að því er skuldina snertir, málskostnaðinn og sektina fyrir óþarfa málsýfing, sem var réttilega álögð, og eftir þessum úrslitum getur stefndi eigi komist hjá því að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr. Krafa stefnda um sekt á áfrýjanda fyrir prætugirni hefir við ekkert að styðjast og verður ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Stefndi Einar Gunnarsson greiði áfrýjanda Oddi Gíslasyni fyrir hönd Carl Stenders Kunstforlag málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. d. októberm.

Nr. 37/1910: Hannes Thorsteinson
fyrir hönd Salomon Davidsens
gegn
Guðmundi Jónassyni.

Dómur:

Til fullnægingar landsyfirréttardómi 1. febr. f. á., í skuldamáli milli áfrýjanda Hannesar Thorsteinson cand. jur. fyrir hönd Salomon Davidsens stórkaupmanns í Kaupmannahöfn og stefnda Guðmundar Jónassonar, kaupmanns í Skarðsstöð, var fjárnám gjört af sýslumanninum í Dalasýslu 23. júlí f. á. á heimili stefnda á Skarðsstöð fyrir dómsupphæð með vöxtum, málskostnaði og aðfararkostnaði, samtals 4640,41. Við gjörð þessa var staddur Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður og mótmælti fjárnáminu fyrir hönd stefnda, svo og sín vegna, með því hann taldi nokkra fjármuni, er aðfarar var beiðst í, vera sína eign, en þessum mótmælum var hrundið með úrskurði fógetans s. d. Fjárnámsgjörð þessari og úrskurði hefir áfrýjandi með stefnu á hendur Guðmundi Jónassyni dags. 10. júní þ. á. skotið til yfirdómsins til staðfestingar, og jafnframt krafist, að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Af annari hálfu hefir Einar M. Jónasson með stefnu dags. 13. ágúst þ. á. gagnáfrýjað málinu, fyrir hönd þeirra Guðmundar Jónassonar beggja, og krafist þess, að fjárnámið verði felt úr gildi, sem ólögmætt og óframkvæmanlegt, en áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2500

kr. í skaðabætur og hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum.

Eftir að stefndi hafði fengið 14 daga frest til andsvara, beiddist hann í síðasta réttarhaldi málsins 6 vikna eða til vara 4 vikna framhaldsfrests til vitnaleiðslu í Dalasýslu og til þrautavara vikufrests, en áfrýjandi mótmælti öllum framhaldsfresti og var málið svo lagt undir úrskurð eða dóm réttarins.

Stefndi tjáðist þurfa vitnaleiðslunnar til að sanna ýms atvik, er áfrýjandi hafði krafist að hann færði rök fyrir. Það er rétt, að áfrýjandi hefir skorað á stefnda að sanna, að Guðmundur Jónasson hafi eigi átt alla þá muni, er fjárnám var gjört í, en við fógetagjörðina lýsti Einar M. Jónasson því yfir, að skjöl viðvíkjandi þessu lægju á heimili sínu í Reykjavík, og virðist því eigi þurfa að leiða vitni í Dalasýslu um þetta atriði. Að öðru leyti hefir stefndi eigi gjört grein fyrir hver atvik þau séu, er hann þurfi að sanna, og verður því eigi séð hvort vitnaleiðslan er nauðsynleg eða nokkurs varðandi fyrir málið. Frestur í því skyni verður því eigi veittur gegn mótmælum áfrýjanda og eigi heldur frestur til andsvara, með því stefndi þegar hefir haft 14 daga frest, en eigi notað hann.

Þó að Guðmundi Jónassyni einum sé stefnt í frumsökinni, hefir Einar M. Jónasson tekið upp gagnsökina fyrir þá báða. En þetta verður eigi talið lögmætt og var að eins heimilt að gagnáfrýja málinu af hendi Guðmundar Jónassonar. Gagnáfrýjun Einars M. Jónassonar ber því að vísa frá yfirdóminum.

Ástæður fyrir kröfu stefnda um ónýting fjárnámsins virðast einkum vera þær, að fógetinn hafi framkvæmt fjár-

námið í fjærvist stefnda, án þess að kveðja neinn til að gæta réttar hans, að fjárnámið hafi verið heimildarlaust og óþarft, af því að stefndi og málfærslumaður áfrýjanda hafi verið ásáttir um að stefndi setti tryggingu fyrir skuldinni, svo að eigi þyrfti til fjárnáms að koma, að stefndi hafi enga tilkynningu fengið um aðförina svo að hann viti ekki, hvort nokkurt fjárnám hafi farið fram, og að fjárnám hafi verið gjört á kindum á fjalli og mótorbát, er eigi var heimavið í Skarðsstöð.

Við þessar varnarástæður stefnda er það að athuga, að Einar M. Jónasson kom, eins og fyr er sagt, í fógetaréttinn með umboði stefnda og mótmælti fjárnáminu fyrir hans hönd, enda var stefnda kunnugt um, að fjárnámið stóð til þann dag, því hann fór þá burt af heimilinu með alt sitt fólk og læsti öllum dyrum, að því er virðist í því skyni að hindra aðförina. Áfrýjandi neitar því, að neitt hafi verið samið við stefnda um tryggingu fyrir skuldinni, og stefndi hefir enga sönnun fært fyrir því; við fógetagjörðina sést eigi að umboðsmaður stefnda hafi boðið fram neina tryggingu, og þótt svo hefði verið, var áfrýjanda eigi skylt að taka því boði. Stefndi hefir eigi fundið neitt að virðingu á munum þeim, er teknir voru fjárnámi, né vefengt það, að réttarvottarnir væru bærir um og hefðu nægilegan kunnugleika til að virða munina, þó að þeir væru eigi allir við hendina. Þetta verður því eigi talinn galli á fógetagjörðinni, er varða eigi ónýting hennar. Eigi er heldur nein ástæða til að ætla, að stefndi hafi eigi fengið næga vitneskju um fjárnámið, með því að umboðsmaður hans var þar viðstaddur og beiddi þá þegar um eftirrit af fógetagjörðinni.

Samkvæmt framansögðu verða mótmæli stefnda gegn

fjárnámsgjörðinni eigi tekin til greina, og ber því að staðfesta hana svo og hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnsókn Einars M. Jónassonar í þessu máli vísast frá yfirdóminum. Hinum áfrýjaða úrskurði og fjárnámsgjörð skal óraskað. Stefndi Guðmundur Jónasson greiði áfrýjanda Hannesi Thorsteinson fyrir hönd Salomon Davidsens 25 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. dag nóvembermán.

Nr. 16/1910: Hreppsnefnd Patrekshrepps
gegn
Jóni G. Ólafssyni.

Dómur:

Haustið 1909 lagði hreppsnefndin í Patrekshreppi aukaútsvar, að upphæð 42 kr., á hinn stefnda, skipstjóra Jón G. Ólafsson, og er stefndi eigi vildi greiða útsvarið

góðmótlega, krafðist hreppsnefndin lögtaks á því, og var það framkvæmt af hreppstjóra Patrekshrepps 24. febrúar þ. á., en gegn mótmælum stefnda. Lagði síðan fógeti 19. marz þ. á. þann úrskurð á um hin framkomnu mótmæli, að lögtaksgjörðin skyldi úr gildi numin og hið lögtekna leyst úr löghaldinu.

Þessum fógetaúrskurði hefir hreppsnefnd Patrekshrepps áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 8. ágúst þ. á., og hefir þess verið krafist hér fyrir réttinum af hennar hendi, að fógetaúrskurðurinn verði úr gildi feldur, að stefnda verði gjört að skyldu að greiða hreppsnefndinni umrætt útsvar, 42 kr., og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, og að lagt verði fyrir hlutaðeigandi fógeta, að framkvæma hið umbeðna lögtak. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að máli þessu verði vísað frá rétti eða fógetaúrskurðurinn verði staðfestur í öllum greinum, og að áfrýjandi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur í málskostnað.

Að því er frávísunarkröfu stefnda snertir, þá byggir hann hana á því, að áfrýjunarstefnan hafi verið birt á Patreksfirði (Vatneyri), en hann eigi lögheimili í Sauðeyjum í Barðastrandarhreppi, og sé stefnubirtingin því ólögleg. Það er þó ekki annað eða frekara fram komið í málinu um heimilisfang stefnda í Sauðeyjum, en að stefndi, sem er einhleypur maður, hefir um nokkur ár látið skrifa sig þar til heimilis, en hann hefir haft húsavist og verið á fæði síðan 1907 á heimili því á Vatneyri, þar sem stefnan var birt, þann tíma ársins yfirleitt, sem hann hefir verið í landi, en hinn tíma ársins hefir hann verið skipstjóri á fiskiskipi, er gjört hefir verið út frá Patreksfirði. Í áteiknun stefnuvottanna á stefnunni er

einnig vottað, að birtingin hafi fram farið á heimili stefnda þótt í fjarveru hans væri, og þar sem stefndi hefir fengið vitneskju um stefnubirtinguna og látið mæta í yfirréttinum eftir henni, virðist mega líta svo á, að hann hafi fengið löglega tilkynningu um áfrýjun málsins. Frávísunarkrafa stefnda verður því eigi tekin til greina.

Eins og áður er tekið fram, var með fógetaúrskurði þeim, er áfrýjað er í máli þessu, felt úr gildi lögtak hjá stefnda fyrir 42 kr. aukaútsvari til Patrekshrepps, er hreppsnefndin þar hafði lagt á stefnda fyrir fardagaárið 1909—1910. Stefndi taldi útsvar þetta ólöglega á sig lagt, þar sem hann væri eigi og hefði eigi verið heimilisfastur í Patreksfirði, en ætti lögheimili í Sauðeyjum í Barðastrandarhreppi og gyldi því þar öll lögboðin gjöld, þar á meðal aukaútsvar til hreppsjóðs, og á þessa skoðun stefnda félst fógetinn í hinum áfrýjaða úrskurði. Áfrýjandinn heldur því aftur á móti fram, að gjaldið sé réttilega álagt samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóvbr. 1905, þar sem stefndi hafi haft lögheimili eða fast aðsetur í Patrekshreppi greint fardagaár. Í þessu tilliti er það upplýst í málinu, að stefndi, sem er einhleypur maður, kom til Patreksfjarðar 1906 eða 1907, og hefir síðan á hverju ári verið skipstjóri á fiskiskipi, er þaðan gengur til fiskiveiða, en á veturna hefir stefndi haft fæði og húsnæði á sama heimilinu á Vatneyri og dvaldi þar yfirleitt stöðugt meðan skipið stóð uppi, er hann var skipstjóri á, og hefir hann þá haft atvinnu ýmist við skipið sjálft, umbúnað og ræsting þess að haustinu og útbúnað þess að vorinu, eða þá við seglasaum eða annað er fyrir féll. Í Sauðeyjum í Barðastrandarhreppi á stefndi föðurbróður, en hefir aldrei dvalið þar langdvölum, hvorki

þetta síðastliðna ár (1909—1910), né fyrirfarandi ár, og að eins farið þangað stöku sinnum, að því er virðist í heimsókn til frændfólks síns; síðastliðið fardagaár var hann þar lengst, og var þá fjarverandi frá Vatneyri tæpan mánaðartíma, frá 19. desember 1909 til 17. janúar 1910. Yfirhöfuð er ekkert fram komið í málinu, er sýni að stefndi hafi átt lögheimili í Sauðeyjum fardagaár það, er hér ræðir um, nema hvað það er vottað af hreppstjórum Barðastrandarhrepps og Patrekshrepps, að stefndi hafi skýrt þeim frá, að hann teldi sig búsettan í Barðastrandarhreppi, en þetta er eigi nægilegt til að ráða úrslitum þessa máls, þar sem öll atvik virðast benda í gagnstæða átt, en eftir framanskráðri lýsingu á dvöl stefnda í Patreksfirði, verður að telja hann hafa haft fast aðsetur á Vatneyri í Patrekshreppi umrætt fardagaár, án þess það komi nokkuð til greina í því tilliti, hvernig hann samdi um borgunina fyrir húsavist og fæði þar á Vatneyri, hvort hún átti að teljast fyrir þá dagatölu að eins, er hann notaði þetta hvorttveggja, eða fyrir ákveðið tímabil.

Það verður samkvæmt þessu að líta svo á, að aukaútsvar það, 42 kr., er hreppsnefnd Patrekshrepps lagði á stefnda, sem heimilisfastan í Patrekshreppi fardagaárið 1909—1910, hafi verið réttilega á lagt, og að hinn áfrýjaði fógetaúrskurður hafi því eigi verið á rökum bygður. Ber því að fella úrskurð þenna úr gildi og skylda fógetann til að framkvæma lögtak það hjá stefnda á nefndu aukaútsvari, er um var beðið af hreppsnefnd Patrekshrepps. Hinum stefnda ber eftir þessum úrslitum málsins að greiða áfrýjandanum í málskostnað 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður er úr gildi feldur, og ber fógetanum að framkvæma eða láta framkvæma hið umbeðna lögtak. Í málskostnað greiði stefndi, Jón G. Ólafsson skipstjóri á Vatneyri, áfrýjandanum, hreppsnefnd Patrekshrepps, 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 48/1910: Kristján Jónasson
gegn
Ólafi Finnssyni f. h. Finns Ólafssonar.

Dómur:

Í máli þessu var áfrýjunarstefna útgefin í skrifstofu yfirdómsins 4. ágúst þ. á. og átti málið samkvæmt stefnunni að koma fyrir yfirdóminn 31. f. m., en þá mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi. Aftur á móti kom í réttinn greindan dag Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður og krafðist fyrir hönd stefnda bóta hjá áfrýjanda fyrir að mæta að óþörfu í málinu. Þessa kröfu ber að taka til greina samkvæmt N. L. 1—4—34 og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 6 kr. í ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Kristján Jónasson greiði stefnda,

Ólafi Finnssyni, fyrir hönd Finns Ólafssonar, 6 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. dag nóvembermán.

Nr. 49/1910: Runólfur Stefánsson
gegn
G. Gíslason & Hay.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Runólfur skipstjóri Stefánsson í Reykjavík fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn firmanu G. Gíslason & Hay til skaðabóta út af víxilkröfu, er þeir höfðu fengið sér tildæmda hjá honum, og var málið dæmt í nefndum rétti 10. febrúar þ. á., með þeim úrslitum, að nefnt firma var sýknað af kröfum áfrýjandans, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. ágúst þ. á, og hefir hann krafist þess, að dómurinn verði úr gildi feldur og að áfrýjanda verði dæmdar skaðabætur hjá stefnda, 4000 kr., með vöxtum 6 % frá sáttakærudegi og málskostnaður fyrir báðum réttum eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Stefndi hefir krafist frávísunar málsins frá yfirdómi fyrir þá sök, að áfrýjandi hafi bygt kröfur sínar fyrir yfirdómi á ástæðu, er eigi hafi komið fram fyrir undirréttinum, en þótt áfrýjandi hafi gjört þetta að einhverju leyti, — stefndu hafa ekki útlistað frekar hvað þeir áttu við — þá leiddi eigi af því frávísun málsins, og verður þessari kröfu þeirra því ekki sint.

Árið 1908 fekk bróðir áfrýjandans, Jónas kaupmaður Stefánsson í Skógarnesi, útlendar vörur frá hinu stefnda firma G. Gíslason & Hay, sem áttu að borgast með innlendum vörum. En áður en viðskiftin hófust eða um það leyti sem fyrsta aðalvörusendingin var afhent, gaf Jónas út víxil, 8. júlí 1908, á bróður sinn, áfrýjandann, að upphæð 3000 kr., með gjalddaga 26. ágúst s. á., og ritaði áfrýjandinn samþykki sitt á víxilinn og var hann síðan afhentur umboðsmanni firmans til tryggingar skuld Jónasar við firmað. Eftir árið 1908 var skuld Jónasar hjá hinum stefnda orðin L. 289—4—4 eða yfir 5000 kr og kröfðust þeir þá með víxilmálsókn greiðslu á víxlinum hjá áfrýjanda, og var hann með dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur 26. ágúst f. á. dæmdur til að greiða þeim víxilupphæðina og 45 krónur í málskostnað.

Áfrýjandinn áleit ekki að hinir stefndu hefðu haft rétt til að hagnýta sér víxilinn eða krefjast borgunar á honum, af því að skuld sú, er víxillinn hafi átt að tryggja, en það hafi að eins verið sú skuld (nálægt 3000 kr.), er Jónas var kominn í, er víxillinn var gefinn út, hafi þegar löngu verið að fullu greidd og hefir hann því, samkvæmt geymdum rétti til þess undir víxilmálinu, höfðað mál þetta til skaðabóta fyrir þannig lagaða aðferð stefnda,

og gjört kröfur þær, er fyr greinir. Hinir stefndu halda því aftur á móti fram, að víxillinn hafi verið fenginn þeim til tryggingar *öllum* viðskiftunum við Jónas en ekki einungis til tryggingar þeirri skuld, er stofnuð var áður en víxillinn var gefinn út. Og með því að skuld Jónasar við þá nam, eins og fyr er sagt, rúmum 5000 kr., telja þeir sig hafa haft rétt til að taka borgun í víxlinum, og hafa því krafist sýknunar í málinu.

Víxillinn sjálfur ber það ekki með sér, að gildi hans sem trygging fyrir skuldinni við hina stefndu hafi verið tímabundið á þann hátt, er áfrýjandi heldur fram; þó að gjalddagi hans væri ákveðinn 20. ágúst, var víxillinn, sem var afsagður 21. s. m., jafngóð trygging eða betri eftir sem áður, eins og raun bar vitni um. Og þar sem áfrýjandi ennfremur hefir viljað byggja það, að víxillinn hafi átt að tryggja að eins borgun þeirra vara, er Jónas hafði þegar móttekið frá stefndu, á því, að í texta víxilsins er sagt, að hann sé borgun »fyrir mótteknar vörur«, þá nær það engri átt, að þar geti verið að ræða um vörur þær, er Jónas var búinn að fá frá hinum stefndu, er víxillinn var útgefinn, því að í víxlinum er, eftir hljóðun hans, átt við mótteknar vörur, er áfrýjandi skuldaði Jónasi, en ekki Jónas hinum stefndu, ef annars orðunum er ekki blátt áfram ofaukið á víxlinum, sem helzt er að ráða af málinu.

Af víxlinum sjálfum verður þannig ekkert ályktað í þá átt, að víxillinn hafi að eins átt að vera trygging fyrir greiðslu þeirra vara, er Jónas hafði fengið frá stefndu, er hann var útgefinn. Að svo hafi verið um samið, er víxillinn var fenginn hinum stefndu, að hann ætti ekki að veita þeim frekari tryggingu, hefir heldur ekki sannast

í málinum með vitnum þeim, er leidd hafa verið um það atriði, sízt þar sem ekki verður bygt á framburði Jónasar, sem bróður áfrýjanda. Áfrýjandi hefir yfir höfuð hvorki getað fært líkur eða sannanir fyrir því, að tryggingin, sem víxillinn átti að veita, hafi verið takmörkuð á þann hátt, er hann heldur fram, en þar sem haun hefir eigi sannað þetta og stefndu héldu víxlinum hjá sér óátalið alla tíð meðan viðskiftiu stóðu, og eins þótt skuld sú, er áfrýjandi heldur fram, að hann hafi átt að tryggja, hafi verið löngu greidd, alt fram til þess, er stefndu hagnýttu sér tryggingunа með innheimtu víxilsins í fyrnefndu víxilmáli, verður að ganga út frá því, sem einnig kemur bezt heim við önnur atvik málsins, sérstaklega afskiftum áfrýjanda af viðskiftum Jónasar og hinna stefndu, að tilætlun málsaðilanna um tryggingunа, sem víxillinn átti að veita, hafi verið svo sem stefndu halda fram, og að þeir því hafi haft fullan rétt til að hagnýta sér víxilinn á þann hátt, er þeir gjörðu, er Jónas ekki stóð í skilum við þá, en það gat ekki skert rétt þeirra til tryggingarinnar eða skoðast sem uppgjöf á henni, þótt þeir fengju hjá Jónasi við tækifæri, meðan á viðskiftunum stóð, skrifleg loforð, sem hann ekki efndi, um að borga þeim á tilteknum tíma upp í skuld sína ákveðna upphæð með innlendum vörum.

Það verður samkvæmt þessu að sýkna hina stefndu af kröfum áfrýjandans og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Það þykir rétt að áfrýjandinn greiði stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera.

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi Runólfur Stefánsson skipstjóri greiði stefndu, firmanu G. Gíslason & Hay, í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. dag desembermán.

Nr. 58/1910: Réttvísin gegn Guðjóni Magnússyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Hafnarfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 29. júlí þ. á., er hinn ákærði, skósmiður Guðjón Magnússon, dæmdur samkvæmt 253 gr. og 277 gr. sbr. við 270. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar á meðal varnarlaun til skipaðs talsmanns hans í héraði 6 krónur. En svo er kveðið á í dómnum, að fullnustu hans skuli fresta að því er til refsingar kemur samkvæmt lögum nr. 39 16. nóvember 1907 um skilorðsbundna hegningardóma m. m., þannig að fullnægjugjörð dómsins falli niður að þessu leyti, svo framarlega ákærði eigi innan 5 ára frá uppsögn dómsins sætir ákæru fyrir glæp, drýgðan af ásettu ráði, og sé í máli því dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Þessum aukaréttardómi hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er í máli þessu sannað með eigin játningu hins ákærða sjálfs og öðrum skýrslum, að hann hafi gjörst sekur um afbrot það, sem nú skal frá skýrt.

Ákærði fór frá heimili sínu Lambastöðum í Gullbringusýslu áleiðis til Reykjavíkur 18. janúar síðastl. í því skyni að ráða sig þar í skiprúm á fiskiskipið Geir, eign Edinborgarverzlunar. En er hann kom til Hafnarfjarðar um kvöldið þennan dag, fór hann á fund verzlunarstjórans fyrir Edinborgarverzlun þar á staðnum, og inti hann eftir um ráðingarkjör á skipum hans og hvort fullráðið væri á þau. Og er þeir höfðu um þetta rætt, varð það að samkomulagi milli hans og verzlunarstjórans, að ákærði réðist þar á eitt af fiskiskipum Edinborgarverzlunar. Var gjörður skriflegur skiprúms- eða vistráðasamningur um þetta, og réðst ákærði með honum á skip verzlunarinnar »Sjana«; samninginn undirskrifaði ákærði með nafninu Jón Kristjánsson í Keflavík, enda hafði hann áður nefnt sig því nafni við mann þann, er var við útbúning vistráðasamningsins. Síðan fekk ákærði 65 kr. hjá verzluninni sem lán eða fyrirfram borgun upp í kaup sitt; veitti hann viðurkenningu fyrir upphæðinni og skrifaði nafnið Jón Kristjánsson undir hana. Segist hann hafa tekið þetta nafn af handahófi og út í loftið, enda virðist enginn maður með því nafni þá hafa verið í Keflavík. Ákærði hélt síðan sama kvöldið til Reykjavíkur, þar sem hann upphaflega ætlaði að ráða sig í skiprúm, og þar gjörði hann daginn eftir skiprúms- eða vistráðasamning, og réði sig á fiskiskipið »Geir«, er einnig var eign Edinborgarverzlunar, og fekk jafnframt greidd-

ar 70 kr. sem lán eða fyrirfram borgun upp í hásetakaup sitt. Skiprúmssamninginn og kvittunina undirskrifaði hann nú hvortveggja með sínu rétta nafni. Peninga þá, er ákærði með framannefndu móti hafði af Edinborgarverzlun í Hafnarfirði og hann varði í ýmislegar þarfir sínar, hefir verzlunin fengið endurgoldnar og gjörir eigi kröfu til neinna skaðabóta.

Ákærði er fæddur 28. ágúst 1889, og hefir eigi áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neinn glæp. Afbrot hans fellur undir 277. gr. almennra hegningarlaga sbr. 270. gr. 1. máls., og þykir refsingin hæfilega ákveðin fyrir það 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og eigi þykir ástæða vera til þess að beita ákvæðum laga Nr. 39. 16. nóvember 1907. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, að meðtöldum málflutningslaunum til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðjón Magnússon sæti 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfir-

dóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar 12 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. d. desembermán.

Nr. 28/1910: Stefán Th. Jónsson
gegn
Frederikshavns Jernstöberi og Maskinfabrik, Brödrene Houmöller.

Dómur:

Með gestaréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 18. apríl þ. á., var áfrýjandinn Stefán Th. Jónsson, konsúll á Seyðisfirði, dæmdur til að greiða stefnda Bjarna Þ. Johnsen yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd hlutafélagsins Frederikshavns Jernstöberi og Maskinfabrik, Brödrene Houmöller, 1202 kr. 34 a. með 6 % ársvöxtum frá 1. júlí 1908 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. maí þ. á., og krafist þess, að málinu verði vísað frá gestaréttinum, eða til vara, að verða algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnda, og að sér verði, hvernig sem málið fer, dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu hins stefnda er þess krafist, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Frávísunarkrafan er fyrir yfirdóminum rökstudd með því, að sakarefnið sé í gestaréttarstefnunni eigi nægilega tiltekið, að áfrýjanda hafi verið stefnt til að greiða ákveðna skuldarupphæð, en eigi verið tilgreint, hvernig á þeirri skuld stæði. En það þykir eigi vera næg ástæða til að frávísa málinu fyrir þessa sök, með því að áfrýjandi meðtók frá hlutafélaginu nokkru áður en málssóknin hófst, reikning yfir hina umstefndu skuld, svo og tilkynningu um málssókn, ef hann greiddi eigi töluvert af henni með næstu skipsferð, og því er eigi haldið fram, að um nein önnur skuldaskifti milli málsaðila geti verið að ræða, svo að áfrýjandi gat eigi verið í vafa um, að í stefnunni væri átt við sömu skuldina, er hann hafði meðtekið reikning yfir með hótun um málssókn, ef til kæmi. Frávísunarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Málið sjálft er risið út af því, að árið 1908 komst áfrýjandi í viðskiftasamband við hið stefnda hlutafélag fyrir milligöngu umboðsmanns þess hér á landi. Í marzmánuði nefnt ár pantaði áfrýjandi 6 hesta bátsmótor og nokkrum dögum síðar 10 hesta mótor, og enn pantaði hann 1. apríl s. á. 8 hesta mótor. Í fyrsta bréfi sínu til áfrýjanda, 13. marz, tók félagið það fram, að venjulegir borgunarskilmálar þess við mótorsölu til Íslands væru, að $^1/_3$ verðs greiddist um leið og pöntun væri send, en $^2/_3$ við móttöku farmskírteinis í peningum, að frádregnum 2 %, en þó mundu þeir ekki vera ótilleiðanlegir til að taka 3 mánaða víxil sem gilda borgun. Í bréfi 15. marz fór áfrýjandi fram á, að borguninni fyrir 6

hesta mótorinn yrði hagað þannig, að hann greiddi 1/3 hluta verðs við móttöku, en samþykti 3 mánaða víxil fyrir 2/3 hlutum, og að mótorinn væri sendur útbúi Íslandsbanka á Seyðisfirði til afhendingar gegn þannig lagaðri borgun, og þetta samþykti félagið í bréfi 16. s. m. Um borgun fyrir hina mótorana 2 setti félagið sömu skilmála, og hreifði áfrýjandi engum mótmælum gegn því. Félagið sendi síðan mótorana til útbús Íslandsbanka á Seyðisfirði 2. og 8. apríl og 29. maí, og borgaði áfrýjandi fyrsta mótorinn þegar við komu hans til Seyðisfjarðar en hina 2 útleysti hann ekki, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur stefnda. Í bréfi 19. maí skýrði hann stefnda frá, að kaupandinn að 10 hesta mótornum sæi sér ekki fært að útvega peninga til að borga hann, en stefndi svaraði því 2. júní, að hann engu að síður yrði að krefjast að áfrýjandi borgaði mótorinn, með því að þeir ættu að eins við hann um kaupin. Áfrýjandi athugaði eigi neitt við þetta fyr en í bréfi 12. desember s. á., að hann lét stefnda vita, að hann gæti eigi samþykt að borga þeim mótorana fyr en hann hefði selt þá. Stefndi mótmælti þessu í bréfi 12. janúar f. á. og eftir það skrifaði hann áfrýjanda nokkur bréf og bauð honum m. a. að taka aftur við mótorunum gegn því að hann borgaði verðrýrnun þeirra, flutningsgjald o. fl., 536 kr. 90 aur. fyrir stærri mótorinn og 500 kr. auk flutningsgjalds fyrir hinn minni. En áfrýjandinn svaraði eigi þessu tilboði, og lauk svo, að félagið lét flytja báða mótorana frá Seyðisfirði til umboðsmanns síns í Reykjavík, og seldi hann stærri mótorinn með 300 kr. afslætti en minni mótorinn tilkynti félagið áfrýjanda í bréfi 26. okt. f. á. að væri geymdur í Reykjavík á kostnað hans og ábyrgð. Stefndi

höfðaði síðan þetta mál og krafðist hjá áfrýjanda fulls andvirðis fyrir minni mótorinn en 536 kr. 90 a. skaðabóta fyrir verðfall og flutning á hinum stæiri mótor. Þessi síðari krafa vara tekin til greina í gestaréttardómnum, hin fyrri ekki, en stefnda voru dæmdar 500 kr. skaðabætur hjá áfrýjanda fyrir minni mótorinn. Aðrir kröfupóstar í reikningi stefnda, er gestarétturinn tók til greina, voru 13 kr. 50 a. vátryggingargjald fyrir fyrsta mótorinn, sem áfrýjandi að öðru leyti borgaði, 62 kr. 20 aur. fyrir vörur til annars manns, er félagið sendi áfrýjanda til afhendingar gegn borgun, og 407 kr. 22 aur., sem áfrýjandi viðurkendi rétt tilfærðar, en frá öllum þessum upphæðum, samtals 1591 kr. 82 aur., voru dregnar 317 kr. 48 aur., sem áfrýjandi hefir greitt samkvæmt reikningum, og varð þannig dómsupphæðin 1202 kr. 34 aur.

Um það er eigi ágreiningur, að áfrýjandi hafi átt að borga mótorana við móttöku þeirra, sem fyr segir, en hann heldur því fram, að þetta sé ekki svo að skilja, að hann hafi átt að taka við þeim þegar er þeir komu til Seyðisfjarðar í hendur útbús Íslandsbanka, en það sé þar á móti réttur skilningur á skilmálunum, að honum hafi eigi verið skylt að taka við mótorunum fyr en hann hefði selt þá og fengið borgun fyrir þá, en þangað til hafi þeir átt að vera í ábyrgð og vörzlu stefnda hjá útbúinu; hann hafi verið fulltrúi stefnda og selt mótorana í umboði hans, og stefnda hafi verið kunnugt um, að áfrýjandi pantaði ekki mótorana handa sjálfum sér og hafi því eigi með réttu getað búist við, að áfrýjandi vildi ábyrgjast að þeir, sem pöntuðu mótorana hjá honum, tækju þá strax og borguðu.

Það er viðurkent, að áfrýjandi var aukafulltrúi (Underagent) stefnda við mótorsölu á Seyðisfirði og fekk að launum 15% af andvirði mótoranna sjálfra og 20% af andvirði lausastykkja, er þeim fylgdu. En af þessu leiðir ekki, að ábyrgð hans hafi verið þannig takmörkuð, sem hann heldur fram, og verður að telja hitt réttara eftir öllum málavöxtum, að áfrýjandi hafi tekið á sig fulla ábyrgð á sölu mótoranna og borgun þeirra, og að hann gagnvart stefnda hafi haft sömu skyldu eins og hann væri sjálfur kaupandi. Það er í sjálfu sér eðlilegt, að stefndi hafi eigi viljað senda áfrýjanda jafn verðmæta vöru sem mótorvélar þessar upp á von og óvon, hvort þær yrðu seldar eða ekki, og bréfin, sem fóru milli málsaðila, sýna, að þetta var eigi tilætlun þeirra, enda hafði áfrýjandi fengið kaupendur að mótorunum áður en hann pantaði þá. Eftir bréfum stefnda, sérstaklega bréfi 1. apríl 1908, gat áfrýjandi ekki verið í vafa um að borgunarskilmálunum skyldi fullnægja þegar mótorarnir kæmu til Seyðisfjarðar, enda útleysti hann fyrsta mótorinn viðstöðulaust, er hann kom þangað, og hann hafði eigi ástæðu til að ætla, að stefndi vildi selja hina mótorana með lengri borgunarfresti, því síður sem hann þegar í fyrsta bréfi sínu hafði tjáð áfrýjanda, að þessi borgunarkjör væru vægari en hann var vanur að setja við sölu mótora til Íslands. Samkvæmt því, sem nú hefir verið sagt, verður að álíta að áfrýjandi hafi vanhaldið samning sinn við stefnda, er hann leysti eigi út mótorana, og var stefnda því heimilt að selja þá á kostnað áfrýjanda, og krefja hann um það, er til vantaði, að stefndi yrði skaðlaus við söluna. Eins og fyr er getið, lét stefndi flytja stærri mótorinn til Reykjavíkur og umboðsmann sinn

þar selja hann, og með því að ekki hefir verið sýnt fram á, að mótor þessi hafi á annan hátt orðið seldur með betra árangri fyrir áfrýjanda, verður að telja það rétt, að stefnda voru dæmdar í skaðabætur hjá áfrýjanda fyrir þann mótor 536 kr. 90 aur., en það eru 300 kr. verðfall á honum við söluna og 236 kr. 90 aur. flutningsgjald frá Frederikshavn til Seyðisfjarðar, sem ekki hefir verið sérstaklega mótmælt. Hinn mótorinn sendi stefndi og til Reykjavíkur, en eigi virðist hafa verið gjörð nein tilraun til að selja hann, og umboðsmaður stefnda lýsti því skriflega yfir 10. febrúar þ. á., að mótor þessi hafi verið svo skemdur af ryði, er hann kom frá Seyðisfirði, að skaða á honum yrði að telja 500 kr. rúmlega. En áfrýjandi hefir mótmælt þessari yfirlýsingu sem rangri, og neitað því, að mótorinn hafi verið skemdur, þegar hann kom frá Seyðisfirði. Það brestur því sönnun gegn neitun áfrýjanda fyrir þessum skemdum, og með því að eigi er að öðru leyti upplýst, hvort stefndi hafi beðið tjón við það, að áfrýjandi útleysti eigi þennan mótor — en flutningsgjald til Seyðisfjarðar greiddi stefndi fyrir hann — þá virðast eigi vera nægar skýrslur fyrir hendi til þess að stefnda verði dæmd þessi skaðabótaupphæð eins og gjört er í hinum áfrýjaða dómi.

Af framangreindum upphæðum kr. 13,50 og kr. 60, 20, er áfrýjanda var með dómnum gjört að borga, er hin fyrri vátryggingargjald fyrir fyrsta mótorinn, og mótmælir áfrýjandi að greiða hana, af því að hún hafi eigi verið tilfærð á reikningi yfir mótorinn, er hann hafi borgað að fullu, og hafi því krafa um hana komið of seint. En með því að eigi verður fallist á, að krafa þessi eigi að falla ógild af þessari ástæðu og hún er að öðru

leyti eigi vefengd, verður áfrýjandi eigi losaður við að greiða upphæðina. Síðarnefnda upphæð verður hann og að greiða stefnda, með því að umræddar vörur voru sendar honum í því skyni að hann tæki borgunina um leið og hann afhenti þær.

Ennfremur hefir áfrýjandi mótmælt ákvæði dómsins um vaxtagreiðslu frá 1. júlí 1908, með því að eigi hafi verið samið um vexti. Þessum mótmælum hefir eigi verið hrundið og verður því að taka þau til greina og reikna vexti að eins frá stefnudegi 3. desember 1909.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að frá dómsupphæðinni, kr. 1202,34 aur., ber að draga 500 kr. og dæma áfrýjanda þannig til að greiða stefnda 702 kr. 34. aur. með 6 % ársvöxtum frá 3. desember f. á. til borgunardags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Stefán Th. Jónsson greiði stefnda Bjarna Þ. Johnsen fyrir hönd Frederikshavns Jernstöberi og Maskinfabrik, Brödrene Houmöller, 702 kr. 34 aur. með 6 % ársvöxtum frá 3. desember 1909 til borgunardags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Hæstaréttardómar.

Þriðjudaginn 21. júní 1910.

Nr 5. Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður (Möldrup)
gegn
kaupmanni og útgerðarm. Ágúst Flygenring (Enginn)

út af ágreiningi um björgunarlaun.

Gestaréttardómur Gullbringu- og Kjósarsýslu 3. apríl 1907:

Stefndi Ágúst Flygenring kaupmaður í Hafnarfirði greiði Pickering & Haldane Steam Trawling Company Ltd. í Hull 3000 — þrjú þúsund — krónur með 5 % vöxtum frá 18. apríl f. á. og 60 krónur í málskostnað. Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hins íslenzka landsyfirdóms 16. desbr. 1907:

Afrýjandi kaupmaður Ágúst Flygenring greiði stefnda Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni fyrir hönd Pickering & Haldane Steam Trawling Co. Ltd. Hull endurgjald eftir framansögðu fyrir það, að botnvörpuskipið Micado dró fiskigufuskipið Leslie hinn 4. október 1905

frá Rauðasandsvík til Patreksfjarðar, og skal endurgjaldsupphæðin metin af 2 dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er gott skyn bera á málavexti, þó má upphæðin eigi fara fram úr 3000 kr. Áfrýjandi skal greiða stefnda 5 % af matsupphæðinni frá stefnudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, sem þar að lútandi eru tilfærðar í hinum áfrýjaða dómi og þykir mega fallast á í öllu verulegu, er rétt að líta svo á, að skipið Leslie hafi verið í vanda statt við það tækifæri, er getur um í dómnum, en eftir skýrslum málsins brestur þó, sem og er gjört ráð fyrir í dómnum, heimild til að álíta, að skipið hafi verið svo hætt komið, að því hafi verið neinn yfirvofandi háski búinn, eða að telja yrði loku skotið fyrir það, að það gæti séð sér borgið af eigin ramleik. Að þessu athuguðu þykir eiga að ákveða endurgjaldið fyrir hjálp, er Leslie var veitt, 1000 krónur, og þá upphæð með vöxtum frá dagsetningu gestaréttarstefnunnar verður að skylda stefnda til að greiða áfrýjanda, sem eftir uppsögn dómsins hefir fengið framsal á hinni umstefndu kröfu.

Eftir atvikum verður málskostnaður fyrir öllum réttum að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi kaupmaður og útgerðarmaður Ágúst Flygenring greiði áfrýjanda Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni 1000 krónur með 5 % ársvöxtum frá 18. apríl 1906 til borgunardags. Málskostnaður fyrir öllum réttum fellur niður. Í dómsmálasjóð greiði áfrýjandi 10 krónur.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 481—486 í VII. bindi þessa dómasafns.

Landsyfirréttardómar 1911.

Mánudaginn 19. dag janúarmán.

Nr. 10/1910: Ráðherra Íslands fyrir hönd Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs gegn Guðmundi Guðmundssyni.

Dómur:

Ráðherra Íslands hefir fyrir hönd Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs skotið til yfirdómsins úrskurði, uppkveðnum 30. nóvbr. 1909 í fógetarétti Snefellsness- og Hnappadalssýslu á þá leið, að lögtak verði ekki framkvæmt hjá stefnda, Guðmundi bónda Guðmundssyni í Gvendareyjum í Skógarstrandarhreppi, fyrir landskuld af nefndri jörð, fardagaárið 1907—1908, kr. 60,90. Hefir þess verið krafist fyrir hönd áfrýjanda, að úrskurður þessi verði feldur úr gildi og fógetinn skyldaður til að framkvæma lögtakið, en stefndi dæmdur til að greiða málskostnað eftir réttarins mati. Af hálfu stefnda er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Stefndi byrjaði árið 1886 búskap á Gvendareyjum,

sem var landssjóðseign í Arnarstapa- og Sógarstrandarumboði, og bjó þar sem leiguliði samfleytt til fardaga 1908, en þá keypti hann jörðina af landssjóði. Samkvæmt byggingarbréfi sínu átti stefndi að gjalda ár hvert fyrir fardaga í landskuld af jörðinni 105 áln. á landsvísu, en fyrir fardaga 1908 galt hann enga landskuld og neitaði að gjalda, er umboðsmaður krafði hann; hélt hann því fram, að hann frá öndverðu, er hann tók ábúð á Gvendareyjum og eftir það árlega, hefði goldið landskuld fyrirfram, og hefði hann því sumarið 1907 greitt landskuld fyrir fardagaárið 1907—1908, og félst fógetinn í hinum áfrýjaða úrskurði á þessa skoðun stefnda.

Máli sínu til sönnunar hefir stefndi talið það, að sú venja sé gömul og algeng um eyjajarðir í Skógarstrandarhreppi, að landskuld af þeim sé goldin fyrirfram á ári hverju, og að kvittun umboðsmanns í afgjaldsbók stefnda fyrir jarðarskuldum af Gvendareyjum sýni, að hann hafi goldið landskuld af jörðinni 1886, en með því hann hafi flutt á jörðina það ár í fardögum, hljóti þetta að vera fyrirfram greiðsla fyrir fardagaárið 1886—1887, en síðan hafi ekkert ár fallið úr, og síðast hafi hann greitt landskuld sumarið 1907 fyrir fardagaárið 1907—1908.

Það er nú eigi sannað, að nein slík venja, sem stefndi ber fyrir sig, hafi átt sér stað í Skógarstrandarhreppi, að því er umboðsjarðir snertir. Með vitnisburðum, er stefndi hefir fengið, verður eigi frekar talið sannað en það, að landskuldargreiðsla fyrirfram sé gömul venja á varpjörðum, er landskuld er goldin eftir í dún. En skýrslur málsins, sem eigi hefir verið hnekt, sýna það, að landskuld af umboðsjörðum er ávalt goldin eftir meðalverði verðlagsskrár, og svo var um Gvendareyjar áður

en stefndi keypti þær, og í 2 síðustu byggingarbréfum fyrir þessari jörð er ekkert ákvæði um, að landskuld skuli greidd fyrirfram. Verður því að gjöra ráð fyrir, að landskuld af henni hafi átt að greiðast eftirá fyrir umliðið fardagaár, eins og almenn landsvenja er til. En þá verður næsta spurning, hvort stefndi þrátt fyrir það hafi goldið fyrirfram landskuldir af nefndri jörð þau ár, sem hann bjó þar.

Þegar stefndi flutti að Gvendareyjum, í fardögum 1886, bjó þar ekkja Þorbjarnar Helgasonar, Jóhanna Jónsdóttir í lífstíðarbyggingu manns síns. Að sögn stefnda fekk hann 1/4 part jarðarinnar bygðan sér af ekkjunni, en hún dó 9. júlí þá um sumarið, og tók stefndi þá alla jörðina til ábúðar. Um sumarið — hvort það var fyrir eða eftir lát ekkjunnar, er ekki nægilega upplýst — galt stefndi landskuld af jörðinni, 100 ál. á landsvísu eftir meðalverði, eða 60 kr. í peningum, samkvæmt byggingarbréfi ekkjunnar, en því er haldið fram af hálfu áfrýjanda, að þetta gjald hafi verið fyrir fardagaárið 1885—86, og hafi stefndi annast greiðsluna fyrir ekkjuna, og áfrýjandi neitar því, að neinir samningar hafi gerst milli umboðsmanns og stefnda um ábúðina fardagaárið 1886—87. En frá fardögum 1887 fekk stefndi byggingarbréf fyrir jörðinni, dags. 1. júlí það ár, og var þar gjörð sú breyting á leigumálanum, að landskuldin var færð upp um 5 ál., í 105 ál. Í marzmán. 1889 sendi umboðsmaður stefnda afgjaldsbók, þar er hann hafði innfært gjöld þau, er stefndi þá hafði goldið eftir jörðina, og er fyrst talin landskuld 1886, 100 ál., en 1887 og þar eftir 105 ál. árlega.

Jafnvel þótt fallast megi á þá skoðun áfrýjanda, að

innfærsla umboðsmannsins í afgjaldsbókina fyrir árið 1886 sé eigi nægileg sönnun fyrir því, að hann hafi talið stefnda ábúanda á jörðinni fardagaárið 1886—87, og landskuldina greidda fyrir það ár, því að í bókum umboðsins er ekkja Þorbjarnar Helgasonar talin ábúandi þetta fardagaár, þá horfir landskuldagreiðsla stefnda í fardögum 1887 öðruvísi við. Hann greiddi þá 105 ál. sem fyr segir, og með því að engir samningar að sögn áfrýjanda höfðu orðið milli stefnda og áfrýjanda um ábúðina árið 1886—87, verður að álíta, að þetta gjald hafi verið greitt samkvæmt byggingarbréfi stefnda og því fyrir fardagaárið 1887—1888, eða með öðrum orðum verið fyrirfram greiðsla, og með því að stefndi eftir það galt landskuld á hverju ári, verður að telja allar greiðslurnar síðan 1887 fyrirfram greiðslur, og þá landskuldina 1907 goldna fyrir fardagaárið 1907—1908. Það atriði aftur á móti, hvort landskuldin 1886 hafi verið greidd fyrirfram fyrir ábúð stefnda árið 1886—1887, eða eftirá fyrir ábúð Jóhönnu Jónsdóttur 1885—1886, þannig að stefndi eigi ógoldna landskuld fyrir fyrsta ábúðarár sitt á jörðinni, getur eigi komið til álita í þessu máli, með því að landskuldar fyrir það ár er ekki krafist, enda er lögtaksréttur á henni löngu fallinn niður.

Þar sem stefndi samkvæmt framansögðu álízt hafa greitt landskuld af Gvendareyjum fardagaárið 1907—1908, var það rétt, að fógetinn neitaði að taka þetta gjald lögtaki, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður falli niður.

Nr. 55/1910: Jón alþingismaður Olafsson
gegn
Birni ráðherra Jónssyni.

Dómur:

Í meiðyrðamáli, er stefndi, Björn Jónsson ráðherra, höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum, alþingismanni Jóni Ólafssyni, út af grein með yfirskriftinni »Vitfyrring ráðherrans«, er út kom 26. nóvbr. 1909 í blaðinu Reykjavík, er stefndi þá var ábyrgðarmaður að, gekk dómur í téðum rétti 12. maí f. á. á þá leið, að nefnd grein — allir kaflar hennar með yfirskriftinni — var dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandinn, samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, dæmdur til að greiða 150 kr. sekt til landssjóðs eða sæta til vara 30 daga einföldu fangelsi. Svo var og áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 20 krónur. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 4. okt. f. á., og krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, aðallega að frávísunarkrafa hans fyrir undirrétti verði tekin til greina, og til vara, að hann verði algjörlega sýknaður, og til þrautvara, að hin ídæmda sekt verði lækkuð að miklum mun,

en, hvernig sem málið fer, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Hinn stefndi hefir gagnáfrýjað málinu, með stefnu 31. okt. f. á., og krafist þess, að refsing áfrýjanda verði þyngd svo sem lög frekast leyfa, og dómurinn verði að öllu leyti staðfestur, og hvernig sem fer, hefir hann krafist málskostnaðar hjá áfrýjanda.

Framannefnd blaðagrein, sem stefnt var um í máli þessu og talin í heild sinni ærumeiðandi fyrir stefnda, er svo hljóðandi:

Vitfirring ráðherrans.

Um nokkur ár hefir það ekki dulist kunnugum mönnum, að Björn Jónsson væri að minsta kosti með köflum, ekki með fullu ráði. — Mikilmensku-brjálsemi hefir lengi á hann strítt. I einu slíku kasti var það, að hann gekk um gólf í skrifstofu »Ísafoldar« og tautaði fyrir munni sér: »Je suis Napoleon! Je suis l'empereur!« (þ. e. jeg er er Napoleon! Jeg er keisarinn!)

Önnur ástríða hans (og þó hinni skyld), er óstjórnandi löngun til að láta bera á sér, gera e i t t h v a ð — sama hvað — sem dregur að honum augnabliksathygli. Af þessari hvöt stafaði bændafundar-farganið. Af þessu (meðal annars) stafaði skipun rannsóknarnefndar yfir Landsbankanum. Af sömu rót var runninn hégómaskapurinn, þegar hann fór sjálfur að símríta hinum og þessum mönnum út um heim, hvílíkt þrekvirki hann hefði unnið, er konungur undirskrifaði aðflutningsbannslögin. Auðvitað mætti hann þar engri mótspyrnu. E n g i n n m a ð u r hafði snúið sér til konungs til að fá hann til að synja staðfestingar. Allar sögur í þá átt rótlaus lygi. — Af sömu rót-

um rennur ekki að eins óhæfuverkið sjálft, afsetning bankastjórnarinnar, en sérstaklega aðferðin: lokun bankans á miðjum starfstíma; gífurlegu frekjuorðin um bankastjórana; auglýsing afreksverksins á gatnamótum og símastöðvum út um allan heim.

Enn eitt vitfirringar einkennið er ofsóknarbrjálsemin, hræðsla við að óvinir ofsæki sig og sitji um líf sitt!

Hugleysið — persónulega hugleysið — er einn þáttur brjálseminnar. Af hræðslunni við að missa af valdahnossinu spratt allur skriðdýrsháttúrinn í Khöfn, er hann »át ofan í sig marga árganga af Ísafold«, eins og sagt hefir verið. Af sömu hræðslunni spratt það, að hann lagði drög fyrir, er hann kæmi heim, að lögregluþjónar með aðstoðarmönnum mættu sér á bryggjunni og fylgdu sér heim.

Af lítilmennskuhræðslu spratt það, að hann hefir fengið sérstakt lögreglulið skipað til að vaka og halda vörð um hús sitt allar nætur síðan hann gjörði skömmina af sér á mánudaginn. »Veit hundur hvað étið hefir«, segir máltækið.

Sálmasöngsástríðan í þessum söngraddarlausa manni er eitt einkennið. Sálmsyngjandi hefir hann gengið hér um göturnar, suður um mela og út um nes. Sálmsyngjandi hefir hann legið út á nesi í flæðarmálinu. Sálmsyngjandi var hann uppi í alþingishúsi (inni í efri deild) meðan fundur var í neðri deild.

En hér verður ekki alt talið í dag. Merkin eru ótvíræð. En hart er það fyrir heila þjóð, að hana skuli henda það slys — sú plága, sóttum öllum verri — að fá vitskertan mann í æðsta valdasess.

Er ekki kominn tími til að reyna með löglegu og

sæmilegu móti að gjöra vitfirringinn óskaðlegan, koma honum frá völdum?

Meiri hlutinn á nóga menn með fullri rænu til að skipa í hans stað«.

Það er engin ástæða til að ómerkja dóminn eða vísa málinu frá undirréttinum, eins og áfrýjandi hefir krafist, fyrir þá sök, að sakarefnið eða hin átöldu meiðyrði hafi eigi verið nægilega auðkend í sáttakærunni. Greinin var greinilega nefnd í kærunni, svo að ekki varð um vilst, og hún var talin meiðandi í heild sinni og var þá óþarft að tilfæra innihald hennar í kærunni frekar en að vísa til greinarinnar.

Þá hefir áfrýjandi viljað byggja slíka ómerkingar- eða frávísunar-kröfu á því, að grein sú, sem hér er átalin, sé að eins liður í annari grein, framar í sama tölublaði Reykjavíkur: »Vitfirringur í ráðherrasæti«, nánari rökstuðning á henni, en stefndi hafi samtímis og hann höfðaði þetta mál, lögsótt áfrýjanda fyrir meiðyrði í þeirri grein. Þar sem hér sé í raun og veru að eins um eina grein að ræða, hafi stefnda verið óheimilt að höfða nýtt og sérstakt mál, eins og það er hér liggi fyrir, út af sömu greininni, og beri því að frávísa þessu máli. Þetta er þó ekki rétt hjá áfrýjanda. Hin nú átalda grein ber það ekki með sér í neinu, að hún sé framhald af eða liður í hinni greininni framar í blaðinu, heldur kemur hún fram, sem alveg sjálfstæð grein, og með því engin réttarfarslög skylduðu stefnda til að láta þessa málssókn sína ná einnig yfir hina greinina, sem framar stóð í blaðinu, þá var ekki frávísunarkrafa áfrýjanda fyrir undirrétti á rökum bygð. Hitt er annað mál, hvort dómur í öðru málinu getur haft áhrif á úrslit hins, en sú spurning liggur ekki fyrir í þessu

máli. Ómerkingar- eða frávísunarkrafa áfrýjanda verður því heldur ekki tekin til greina.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að ummælin í greininni séu eigi meiðandi eða móðgandi fyrir stefnda og auk þess séu þau réttmæt. Hefir hann sérstaklega fært það til, að það sé býsna alment álit manna hér á landi, að stefndi hafi hin síðustu ár með köflum eigi verið með réttu ráði eða verið geggjaður; og hafi þetta lýst sér á ýmsan hátt, meðal annars með því móti, sem skýrt er frá í hinni átöldu grein. Áfrýjandi hefir þó eigi gegn mótmælum stefnda fært neinar sönnur á þessi vitfirringarbrígsl sín, að þau séu sönn, eða það álit manna, sem hann vill styðja þau með. Og þar sem ummæli greinarinnar öll, bæði yfirskriftin og greinin sjálf í heild sinni, verður að teljast mjög meiðandi og óvirðandi fyrir stefnda, verður að taka til greina kröfu stefnda um ómerking greinarinnar allrar í heild sinni ásamt yfirskrift hennar, og dæma áfrýjanda í sekt fyrir hana samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og fellst yfirdómurinn á upphæð sektarinnar, eins og hún er ákveðin í bæjarþingsdóminum, svo og á vararefsinguna sem þar er tiltekin. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn Jón Ólafs-

son alþingismaður stefnda Birni Jónssyni ráðherra 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 16. dag janúarmán.

Nr. 50/1910: O. N. Hansen
gegn
Guðmundi Jónassyni og
Kristjáni Jónassyni.

Dómur:

Hinn 20. marz 1907 gjörðu þeir með sér samning um verzlunarviðskifti stórkaupmaður O. N. Hansen og stefndi Guðmundur Jónasson kaupmaður í Skarðsstöð. Samningur þessi var svo hljóðandi, að O. N. Hansen skuldbatt sig til að veita Guðmundi Jónassyni lán í vörum eða peningum alt að 20,000 kr. gegn provision 2% ef lánið væri veitt í peningum eða með greiðslu ávísana. Skuldaskiftin skyldu útkljáð innan loka hvers árs. Guðmundur skuldbatt sig til að kaupa allar vörur sínar hjá Hansen, er átti að selja honum þær »i fri Handel« eins ódýrt og unt væri kostnaðarlaust í skip og með framfærslunni á vörunni fólginni í kaupverðinu. Guðmundur var skyldur til að láta Hansen selja allar íslenzkar vörur fyrir sig, og mátti Hansen reikna sér í provision 2% af og 1% del credere, þó þannig, að Hansen hefði yfir höfuð fullan umráðarétt yfir vörunum (dog saaledes at jeg Hansen i det Hele har fuld Dispositionsret over Varerne) og skyldu því farmskírteinin útgefin til ráð-

stöfunar honum. Allan kostnað við söluna átti Hansen að fá skaðlaust endurgoldinn. Öll sala á íslenzkum vörum Guðmundar átti að fara fram fyrir milligöngu eiðsvarins miðlara. Guðmundur mátti að eins selja af íslenzkum vörum sínum einstökum mönnum á Íslandi til eigin notkunar, en öðrum ekki. Vextir voru ákveðnir 6% af því sem sem Guðmundur skuldaði Hansen á hverjum tíma og Guðmundur var skyldur að viðurkenna alt sem tilfært kynni að verða í löggiltum bókum Hansens um viðskiftin, svo framarlega sem hann hefði ekki mótmæli fram að bera gegn einhverju sérstöku atriði. Hansen var afhent til tryggingar skuldinni lífsábyrgðarskírteini Guðmundar fyrir 10,000 kr. lífsábyrgð, er hann (Hansen) greiddi iðgjöld af fyrir Guðmund, og sömuleiðis önnur skírteini, tilheyrandi Guðmundi, um vátrygging á vörum hans og öðrum eignum, og hafði Hansen rétt til að hefja vátryggingarupphæðirnar, ef til kæmi, og taka af þeim borgun á skuld Guðmundar. Sama dag, 20. marz 1907, gjörðu þeir einnig samning með sér O. N. Hansen og Kristján Jónasson kaupmaður í Búðardal, bróðir Guðmundar, og var sá samningur að öllu samhljóða samningnum við Guðmund, nema hvað upphæðin, sem Hansen lofaði að lána Kristjáni, var að eins alt að 10,000 kr.; svo ritaði og Guðmundur Jónasson upp á þann samning skuldbinding sína sem sjálfskuldarábyrgðarmaður að hverri þeirri upphæð, er bróðir hans Kristján Jónasson í Búðardal kynni að vera eða verða Hansen skuldugur samkvæmt samningnum.

Eftir að viðskifti O. N. Hansens við stefndu höfðu haldist tæp 2 ár, hættu þau í árslok 1908, og var þá skuld Guðmundar eftir reikningi Hansens kr. 17,173,90 en Kristjáns 10,047,77, og með því að skuldir þessar voru

ekki greiddar Hansen eins og samningurinn áskildi, lét hann höfða mál fyrir gestarétti Dalasýslu gegn stefnda Guðmundi Jónassyni og krafðist af honum sem skuldunaut sínum og sjálfsskuldarábyrgðarmanni Kristjáns Jónassonar greiðslu beggja skuldarupphæðanna, eða samtals kr. 27221,67 með vöxtum 6% frá 1. janúar 1909. Stefndi Guðmundur Jónasson höfðaði þá gagnsök á hendur áfrýjanda (þ: málsfærslumanni áfrýjanda fyrir gestaréttinum fyrir hans hönd) og krafðist skaðabóta af honum fyrir samningsrof 30,000 kr. eða eftir réttarins mati. Og enn höfðaði hann í umboði Kristjáns Jónassonar íhlutunarmál (Interventionsmál) gegn áfrýjanda til skaðabóta Kristjáni til til handa, kr. 15,000 fyrir samningsrof, lánstraustsspjöll o. fl.

Í öllum þessum málum gekk dómur fyrir nefndum rétti 11. okt. 1909 og urðu úrslitin þau, að stefndi Guðmundur Jónasson var skyldaður til að greiða áfrýjanda O. N. Hansen skuld sína við hann 11510 kr. 23 a. og 10,000 kr. af skuld meðstefnda Kristjáns Jónassonar, eða samtals kr. 21510,23 með vöxtum 6% p. a. af þessari upphæð frá 1. jan. 1909 til borgunardags. I gagnsóknarmálinu og íhlutunarmálinu var áfrýjandi sýknaður af kærum og kröfum stefnda. Málskostnaður í aðal- og gagnsóknar-málinu var látinn falla niður, en í íhlutunarmálinu var stefndi, Guðmundur Jónasson fyrir hönd meðstefnda Kristjáns Jónassonar, dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað með 30 krónum. Enn voru nokkur orð um stefnda Guðmund Jónasson í sóknarskjali málfærslumanns áfrýjandans dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir O. N. Hansen stórkaupmaður áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 10. ágúst f. á. og hefir þar verið krafist af hans hálfu, að stefndi Guð-

mundur Jónasson verði dæmdur til að greiða honum, auk þeirra kr. 21,510,23, sem dómurinn ákveður, kr. 247,50 + kr. 5289,20 eða samtals kr. 27,046,93 ásamt 6% vöxtum frá 1. jan. 1909, og að gagnsóknarmáli Guðmundar Jónassonar og íhlutunarmáli Kristjáns Jónassonar verði vísað frá gestaréttinum. En til vara krefst hann að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og hvernig sem málið fer krefst áfrýjandi að sér verði dæmdur málskostnaður hjá stefnda fyrir báðum réttum.

Hinn stefndi Guðmundur Jónasson hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 29. okt. f. á. og krafist þess, að kröfur hans fyrir gestaréttinum um niðurfærslu á hinni umkröfðu skuld verði teknar til greina, svo að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum áfrýjanda, að Kristjáni Jónassyni verði dæmdar allar kröfur hans í íhlutunarmálinu og hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum, að áfrýjandi verði dæmdur í 30,000 kr. skaðabætur til sín fyrir samningsrof eða eitthvað hæfilegt eftir réttarins mati, og til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum.

Eins og áður er sagt krefst áfrýjandi þess, að upphæð sú, er gestarétturinn dæmdi honum hjá stefnda Guðmundi Jónassyni, verði færð upp um kr. 247,50 + kr. 5289,20. Að því er fyrnefnda upphæð snertir, kr. 247,50 (réttara 247,75 eins og stendur í dóminum — rétta upphæðin var þó eiginlega kr. 247,25), þá hefir áfrýjandi reiknað sér hana fyrir afslátt á 23 tn. kjöts, er hann hafi orðið að veita kaupanda kjötsins sakir skemda á kjötinu, er fyrst komu í ljós, er tunnurnar voru opnaðar, en gestaréttardómurinn feldi þessa upphæð úr reikningi áfrýjanda vegna þess, að dagsetning skjals þess, er áfrýjandi studdi kröfu sína með, kom eigi heim við sölutíma kjötsins. Nú

hefir áfrýjandi skýrt svo frá, að dagsetningin sé misritun ein, og með því að engin ástæða er til að efa að svo sé, þar sem um enga aðra kjötsendingu virðist hafa getað verið að ræða, og stefndi hefir enga aðra mótbáru fyrir sig borið gegn upphæðinni, þá ber að taka kröfu áfrýjanda í þessu efni til greina, og dæma honum greindar kr. 247,75.

Á síðarnefndu upphæðinni, kr. 5289,20, stendur svo, að Kristjáu Jónasson sendi áfrýjanda haustið 1908 íslenzkar vörur, mestmegnis af sláturfé, er stefndi Guðmundur Jónasson heldur fram að hafi verið keypt fyrir sína peninga og vörur, er Kristján hafi fengið hjá sér til kaupanna. Kristján Jónasson mælti svo fyrir á skránni (faktúrunni), er fylgdi vörunum til áfrýjanda, að andvirði þeirra ætti að færast Guðmundi Jónassyni til tekna í reikningi hans hjá áfrýjanda. Áfrýjandi færði þó upphæðina inn í reikning Kristjáns til afdráttar á skuld hans hjá sér og taldi hann sér ekki skylt að fara eftir fyrirsögn Kristjáns um að skrifa vörurnar hjá Guðmundi Jónassyni, né heldur áskorun Guðmundar um hið sama, þar sem samningurinn við Kristján heimilaði sér »fuld Dispositionsret« yfir vörum, er Kristján sendi sér, en það ákvæði áleit hann einmitt vera sett til tryggingar því, að hann fengi í raun og veru borgun upp í skuld sína af vörum þeim, er sendar væru. Þó að það sé ekki berum orðum tekið fram í samningnum, að áfrýjanda sé áskilinn réttur til að taka borgun á láni Kristjáns í audvirði vara þeirra, er hann sendi áfrýjanda, þá virðist þetta þó vera samkvæmt hugsun samningsins og liggja í eðli og tilgangi viðskiftanna Því er eigi mótmælt en er jafnvel að nokkru leyti viður-

kent fyrir undirrétti, að ákvæði samningsins um að áfrýjandi skyldi hafa fullan umráðarétt yfir vörum frá Kristjáni og að farmskírteini fyrir þeim því skyldi gefið út til hans ráðstöfunar, hafi verið sett áfrýjanda til tryggingar, en sú trygging að eins verið í því fólgin, að áfrýjandi þannig fengi í hendur andvirði varanna til lúkningar eða afborgunar á skuld Kristjáns. Þar á móti var áfrýjanda engin trygging í nefndu ákvæði, ef honum hefði verið skylt að láta úr hendi sér andvirði varanna til annara, hvernig sem stóð á skuldaskiftum þeirra Kristjáns. Í samningnum er og gjört ráð fyrir, að áfrýjandi geti orðið skuldugur Kristjáni, en sú skuld hefði orðið að vera þannig til komin, að vörur Kristjáns hefðu numið meiri upphæð en skuld hans við áfrýjanda, og bendir þetta eins og samningurinn í heild sinni á, að það hafi verið tilætlun semjenda, að skuld Kristjáns skyldi borgast með andvirði þeirra vara, er hann sendi áfrýjanda, og að Kristján hafi skilið þannig samninginn sýnir og það, að hann virðist hafa spurst fyrir um það hjá áfrýjanda, hvort hann tæki gilda borgun í peningum. Að því er sérstaklega snertir haustvörur þær, er hér greinir á um, þá eru þær færðar í reikning Kristjáns 30. nóv. 1908, en þá var engin von um frekari vörusendingar eða greiðslu frá honum upp í skuld hans við áfrýjanda, 16 þúsund króna, sem eftir samningnum átti að vera greidd að fullu við árslok. Það verður eftir þessu að líta svo á, að áfrýjandi hafi þrátt fyrir áðurnefnda ráðstöfun Kristjáns haft næga heimild til að telja andvirði áminstrar vörusendingar kr. 5289,20 í reikning Kristjáns Jónassonar, en láta þær eigi koma til frádráttar frá skuld Guðmundar Jónassonar, og

ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þessa upphæð og breyta að því leyti hinum áfrýjaða dómi.

Stefndi Guðmundur Jónasson hefir ítrekað fyrir yfirdómi aðfinslur sínar við ýmsa liði í reikningi áfrýjanda á hendur honum og krafist, að þær allar verði teknar til greina. En með því að aðfinslur þessar virðast flestar eigi framkomnar fyr en í máli þessu, og að öðru leyti eru þær ástæðulausar eftir framkomnum skýrslum og engin ný rökstuðning á þeim gerð fyrir yfirdómi, þykir eigi þörf að rökræða þær frekar en gjört var í undirdóminum, og verða þær eigi teknar til greina; þó verður að álíta að fella eigi úr skuld stefnda 102 kr., er áfrýjandi hefir fært stefnda til skuldar sem útborgun til J. G., með því að stefndi verður að teljast hafa neitað því nægilega skýrt, að sá maður hafi haft heimild til að taka peninga þessa út í reikning sinn, en með þessu skilyrði hefir áfrýjandi samþykt að upphæðin verði dregin frá skuld stefnda.

Viðvíkjandi kröfu stefnda um 468 kr. frádrátt frá skuld sinni fyrir 92 selskinn, þá sést það af málinu, að skinnin hafa verið óseld ásamt ýmsum öðrum vörum, er mál þetta var höfðað, og verða þau þá, þar sem málsaðilar hafa eigi komið sér saman um verð á þeim, að vera máli þessu óviðkomandi.

Að því er snertir gagnsóknarmál stefnda fyrir gestaréttinum, þá var að vísu eigi ástæða til að frávísa því þar, eins og áfrýjandi vill halda fram, en stefndi hefir hvorki fyrir gestaréttinum né yfirdómi sýnt það eða sannað, að áfrýjandi hafi með samningsrofi bakað honum tjón, eða orðið skaðabótaskyldur gagnvart honum, og verða því kröfur hans í því efni eigi teknar til greina. Sérstaklega skal það tekið fram, að áfrýjandi virðist hafa haft réttmætar

ástæður til að neita að innleysa víxil þann, að upphæð 1310 kr., er greiðast átti 30. nóv., þar sem það var víst, að allar haustvörur stefnda voru þá komnar, og fyrirsjáanlegt, að stefndi gat eigi staðið í skilum samkvæmt samningnum með að borga upp skuld sína fyrir nýjár. Það verður að fallast á það, að stefndi Guðmundur Jónasson er með hinum áfrýjaða dómi skyldaður, sem sjálfskuldarábyrgðarmaður samkvæmt áritun sinni á samning Kristjáns Jónassonar við áfrýjanda, til að greiða 10,000 krónur af skuld Kristjáns til áfrýjanda með vöxtum svo sem dómurinn ákveður, enda hefir engin vefenging komið fram í málinu á þeirri skuld, er unt var að taka til greina, en íhlutunarmáli Kristjáns Jónassonar ber að vísa frá gestaréttinum og ómerkja dóminn að því er það snertir, þar sem sáttaumleitun fór eigi fram í málinu á löglegan hátt.

Samkvæmt þessum úrslitum verður að draga frá skuld stefnda eins og hún er ákveðin í gestaréttardóminum eða kr. 21510,23, 102 kr., en leggja við hana 247 kr. 75 au., og ennfremur framanritaðar 5289 kr. 20 au. og verður þá skuldarupphæðin 26945 kr. 18 aur., er stefnda ber að dæma til að greiða áfrýjanda með 6% vöxtum frá 1. jan. 1909, til borgunardags. Um ómerking ummæla í sóknarskjali málfærslumanns áfrýjanda á gestaréttardómurinn að vera óraskaður, en í málskostnað greiði stefndi Guðmundur Jónasson áfrýjanda 200 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Guðmundur kaupmaður Jónasson greiði áfrýjandanum O. N. Hansen í Kaupmannahöfn 26945 kr. 18 aur. — tuttugu og sex þúsund níu hundruð

fjörutíu og fimm krónur og átján aura — með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1909 til borgunardags og í málskostnað 200 krónur. Um ómerking nokkurra ummæla í sóknarskjali málsfærslumanns áfrýjanda á gestaréttardómurinn að vera óraskaður, Gagnstefndi O. N. Hansen á að vera sýkn af kærum og kröfum gagnsækjanda Guðmundar Jónassonar. Íhlutunarmálinu frávísast frá gestaréttinum og skal dómurinn vera ómerkur að því er það áhrærir.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 23. dag janúarmán.

Nr. 73/1910.

Réttvísin
gegn
Sigurgarði Sturlusyni.

Dómur.

Af héraðsdómsgjörðunum í máli þessu sést það, að í réttarhaldi 6. ágúst f. á. voru lagðar fram ýmsar póstkvittanir, þar á meðal kvittanir þær, er ákærði er sakaður um að hafa falsað, en skjöl þessi hafa ekki verið innfærð í dómgjörðirnar, né heldur hafa þau verið látin fylgja þeim, sem hefði þurft að vera, þar sem það gat haft verulega þýðingu fyrir málsúrslitin. Það verður því eigi komist hjá samkvæmt N. L. 1—5—13 sbr. 1—6—10 að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Nr. 70/1910. Réttvísin gegn Eyólfi Ófeigssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 22. okt. f. ár, var hinn ákærði, trésmiður Eyólfur Ófeigsson, dæmdur samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 262. gr., samanborinni við 38. gr. í lögum um aðför 4. nóv. 1887, til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn. Dómi þessum hefir stjórnarráðið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar, og sjálfur hefir ákærði lýst því yfir, að hann óskaði dóminum áfrýjað.

Eftir skýrslum málsins er athæfi því, sem ákærða er sök á gefin, þannig varið: Samkvæmt kröfu Íslandsbanka fór fram kyrsetningargjörð hjá ákærða 13. maí f. á. til tryggingar fyrir víxli, að upphæð 500 kr., er ákærði hafði samþykt og bankinn var eigandi að. Ákærði var af fógeta ámintur um að skýra rétt frá efnahag sínum, en hann kvaðst ekki eiga annað en nokkur verkfæri, er nauðsynleg væru honum við vinnu hans. Fógeti skoraði þá á hann, að viðlagðri hegningarábyrgð, að láta af hendi viðskiftabækur og önnur skjöl, er hann kynni að eiga fyrir inneign. Ákærði kvaðst ekkert slíkt eiga, en sýndi þá í fógetaréttinum nokkrar sparisjóðsviðskiftabækur með

smáupphæðum, er börn hans voru skrifuð fyrir, og innlánsskírteini við Íslandsbanka, að upphæð 1800 kr., er hljóðaði á nafn sonar ákærða, en þetta skírteini sagði ákærði þá fyrir fógetaréttinum að væri eign Björns nokkurs Jónssonar snikkara á Bíldudal. Síðan var eftir kröfu Íslandsbanka hafin lögregluréttarrannsókn út af þessari skýrslu ákærða, og hélt hann því fyrst fyrir lögregluréttinum fast fram, að áminst innlánsskírteini væri eign Björns Jónssonar á Bíldudal, en ákærði hafði um nokkurt árabil haft með höndum peningasakir Björns hér í bæ. En er skýrsla var fengin um peningaviðskifti hans og ákærða, og það kom í ljós af henni, að Björn taldi sig eigi eiga meira hjá ákærða en tæpar 400 kr., og eftir ítarlegri yfirheyrslu fyrir lögregluréttinum kannaðist ákærði við það, að hann væri sjálfur eigandi að 1800 króna innlánsskírteininu, að honum hafi verið þetta vitanlegt, er fógetagjörðin fór fram 13. maí f. á., og að hann hafi eignað öðrum manni innlánsskírteinið, til þess að koma þessum peningum undan fjárnámi, og hafi hann þó vitað, að þetta var eigi rétt.

Með því að ákærði hlaut að sjá, er kyrsetningargjörðin fór fram, að fjárnám fyrir víxilskuldinni var fyrir höndum, hefir hann gjörst brotlegur við 38. gr. í lögum um aðför 4. nóvbr. 1887, og verður að sæta refsingu fyrir. Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og hefir eigi áður sætt refsingu eða dómi fyrir neinn glæp. Refsinguna fyrir framangreint afbrot hans ber að ákveða eftir 262. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hæfilegt að hún sé 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði verður að greiða allan sakarkostnaðinn, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, er ákveðast 8 kr., og mál-

flutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Eyólfur Ófeigsson sæti 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði hann og allan sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi til skipaðs sækjanda yfirréttarmálaflutningsmanns Eggerts Claessens 12 kr. og málsvarnarlaun í héraði og fyrir yfirdómi til skipaðs verjanda yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, samtals 20 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. dag febrúarmán.

Nr. 63/1910. Þórður J. Thoroddsen gegn Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni f. h. Landsbanka Íslands.

Dómur:

Í máli þessu er áfrýjað fógetaréttarúrskurði og fógetagjörð, er fram fóru hjá áfrýjanda eftir kröfu hinna stefndu, dagana 14. og 15. okt. f. á., en fógetaréttargjörðirnar bera með sér, að í réttinum hafa verið framlögð og þingmerkt

3 skjöl, nr. 4, 5 og 6, sem ekki eru innfærð í réttargjörðirnar og hafa heldur ekki komið fram í yfirdóminum á annan hátt, en á skjölum þessum er þó hinn áfrýjaði úrskurður bygður. Með því að áfrýjandinn hefir þannig eigi lagt fram fullnægjandi réttargjörðir eins og boðið er í N. L. 1—6—10 sbr. 1—5—13, verður að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum og ber áfrýjandanum að greiða stefndu, sem hafa látið mæta fyrir sig í dóminum, ómakslaun er ákveðast 10 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Áfrýjandinn Þórður J. Thoroddsen greiði hinum stefndu bankastjórum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbanka Íslands í ómakslaun 10 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. dag febrúarmán.

Nr. 64/1910. Ólafur Theódórsson
gegn
H/f P. J. Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Haustið 1909, 6. nóv., lét hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. í Reykjavík, sem stefnt er í þessu máli, kyrsetja fjármuni Ólafs snikkara Theódórssonar til trygg-

ingar skuld, er það taldi til hjá honum fyrir byggingarefni, kr. 1526,69, og að því búnu höfðaði félagið mál þetta á hendur áfrýjanda til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og greiðslu á skuldinni. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 13. maí f. á., og lauk því svo, að kyrsetningargjörðin var staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu 1397 kr. 90 aur. (á að vera 1387 kr. 90 aur.) með 6% vöxtum frá 1. nóv. 1909 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. nóv. f. á., og krafist þess, að verða sýknaður af umstefndri skuld að því leyti, er hann hefir krafist þess fyrir undirrétti, og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Af hálfu hins stefnda hlutafélags er krafist staðfestingar á bæjarþingsdómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Fyrir undirréttinum nam krafa hlutafélagsins kr. 1526,69, sem fyr segir, en í dóminum voru dregnar frá þessari upphæð kr. 138,79, vextir, sem áfrýjanda var álitið óskylt að borga, auk þess krafðist áfrýjandi niðurfærslu á kröfunni um kr. 344,41, eða 8% af kr. 2900,00, er hann greiddi stefndu í peningum upp í viðskiftin, með því hann taldi sig eiga rétt á þessum afslætti, samkvæmt verzlunarvenju í Reykjavík og sérstaklega viðskiftavenju hinna stefndu; þessum afsláttarkröfum hratt bæjarþingsdómurinn, en áfrýjandi heldur því nú fram fyrir yfirdóminum, að þær verði teknar til greina, en að öðru leyti krefst hann eigi breytingar á dómnum.

Það er nú eigi sannað, að þannig háttuð venja, sem áfrýjandi byggir á kröfu sína um afslátt á skuldinni, eigi

sér stað í Reykjavík, eða við verzlun hinna stefndu sérstaklega, en skýrslur málsins um þetta atriði benda að eins til þess, að þeim viðskiftamönnum, sem standa í skilum eða greiða skuld sína að fullu, þegar viðskiftum er lokið, sé veittur slíkur afsláttur, og þar sem áfrýjandi hefir að eins greitt rúmlega $^2/_3$ hluta af skuld sinni til stefndu, getur þessi venja ekki náð til hans, því að þótt hann hafi boðið þeim að framselja skuldabréf upp í nokkuð af skuldinni og veð fyrir henni, þá verður þetta eigi talið lögmætt tilboð um greiðslu á skuldinni eða fullnægjandi skil af hálfu áfrýjanda. Það er þannig á nægum rökum bygt, að undirdómurinn tók eigi til greina þessa kröfu áfrýjanda um niðurfærslu á skuldinni, og með því að eigi er fundið að hinum áfrýjaða dómi að öðru leyti, ber að staðfesta hann, þó þannig, að upphæðinni í dómsniðurlaginu, 1397 kr. 90 aur., sé breytt í 1387 kr. 90 aur., þar sem hitt er ritvilla.

Eftir þessum úrslitum er rétt að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal óraskaður, þó svo, að greiðsluupphæðin sé 1387 kr. 90 aur. Áfrýjandi Ólafur Theódórsson greiði stefndu, hlutafálaginu P. J. Thorsteinsson & Co., 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. dag febrúarmán.

Nr. 69/1910: Réttvísin
gegn
Jónasi H. Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 22. okt. f. á., var hinn ákærði, trésmiður Jónas Hannes Jónsson, dæmdur fyrir brot gegn 149. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn. Máli þessu hefir síðan af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Sakarefni er þannig varið, að hinn 16. júní f. ár var ákærði leiddur sem vitni í máli milli Björns Jónssonar ráðherra og Jóns Ólafssonar ritstjóra, og var þá lögð fyrir hann svofeld spurning: »Kastaði vitnið sandi eða ösku eða því um líku framan í fólk, sem stóð fram undan tröppunum (ɔ: á ráðaherrahúsinu)«?, en í málinu var verið að leita skýrslna um það, hvað gjörst hafði á Lækjartorgsfundinum svo kallaða 28. nóvbr. 1909, og þar á eftir suður við ráðherrabústaðinn. Ofanritaðri spurningu svaraði ákærði með nei-i, og vann síðan í réttinum eið að framburði sínum. En með því að þessi framburður ákærða þótti grunsamlegur, og hann virtist koma í bága við aðrar skýrslur, er fengnar voru um áminst atvik, var lögregluréttarrannsókn hafin gegn honum, og kannaðist hann þá við það, að hann hafi við umrætt tækifæri kastað muldu »Allehaande« í kramarahúsi lokuðu af tröppum ráðherrahússins á nafngreindan mann; hafi kramarahúsið komið á öxlina eða handlegginn á manninum og sprungið þar, og hafi þá »Allehaand«-ið dreifst eitthvað á þá, sem

næstir stóðu. Skýrslu þessa gaf ákærði undirdómaranum ótilkvaddur, eftir að hann hafði frétt um skýrslu annars manns, er var ósamhljóða svari ákærða, og honum hafði borist orðasveimur út af því. — Ákærði þykist hafa mátt svara spurningunni eins og hann gerði, af því hann hafi ekki kastað sandi eða ösku eða því um líku, heldur Allehaande, og af því að hann hafi kastað kramarahúsinu í ákveðinn mann en eigi framan í fólk. En ákærði átti að sjá það, að er hann svaraði spurningunni neitandi án frekari skýringa, þá duldi hann það, er hann vissi að gat upplýst málið, sem sé að hann kastaði muldu »Allehaande« í mann einn fyrir neðan eða við ráðherrahúsströppurnar, og að af þessu stafaði dustið, sem kom á fólkið, og átt var við í spurningunni. Þó að ákærði fyrir því eigi verði dæmdur beint fyrir falsvitni, þá hefir hann þó gefið ófullkomna og því villandi eða ranga skýrslu fyrir rétti, og verður að álíta það rétt, að undirdómurinn hefir heimfært þetta atferli hans undir 149. grein hegningarlaganna, en refsinguna fyrir það virðist mega ákveða 14 daga einfalt fangelsi; fyrirmæli dómsins um málskostnað samþykkjast. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jónas Hannes Jónsson sæti 14 daga einföldu fangelsi. Svo greiði hann og allan áfrýjunar-

kostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Magnúsar Sigurðssonar, 15 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. dag febrúarmán.

Nr. 54/1910: Þorsteinn Gíslason ritstjóri
gegn
Birni Kristjánssyni og
Birni Sigurðssyni bankastjórum.

Dómur:

Mál þetta höfðuðu hinir stefndu bankastjórar Landsbanka Íslands fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum, ritstjóra blaðsins Lögréttu, fyrir meiðyrði í grein einni með höfundarmerki »G« í 26. tölublaði V. árgangs blaðsins, er út kom 25. maí f. á., en yfirskrift greinarinnar er »Reikningur Landsbankans«. Var málið dæmt í téðum rétti 18. ág. f. á., með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga greiða sekt til landssjóðs 80 krónur, eða til vara sæta einföldu fangelsi í 12 daga, og hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk. Svo skyldi og áfrýjandi greiða stefndu í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. sept. f. á., og krafist þess, að dóminum verði hrundið og hann algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda, eða til vara, að sektin verði færð

niður svo sem hægt sé, og að hvernig sem málið fer, verði honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum; hinir stefndu hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 31. okt. f. á. og krafist þess, að aðaláfrýjandinn verði dæmdur í þyngstu refsingu sem lög heimila, en til vara, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, en hvernig sem málið fer, krefjast þeir málskostnaðar fyrir báðum réttum hjá aðaláfrýjanda.

Í fyr um getinni grein í Lögréttu er sagt frá því, að í reikningi Landsbankans fyrir 1909, þá nýútkomnum, telji bankastjórarnir tap bankans árið 1909 hafa orðið einar 15000 krónur, og sé með því fengin óvefengjanleg sönnun fyrir því, að rannsóknarnefndin, ráðherra og Ísafold hafi farið með ósatt mál, er þau sögðu tap bankans full 400 þúsund kr. Það einkennilegasta í öllum þessum reikningum sé þó það, að bankastjórarnir þvert ofan í lög og reglugjörð bankans þrískifti varasjóðnum og leggi 385 þúsund krónur af honum móts við áætlað tap á útistandandi skuldum á næstu árum. Með þessari tilfærslu sé það óvefengjanlega sannað í sjálfum bankareikningunum, að alt tal rannsóknarnefndarinnar og ráðherra um hið mikla tap bankans sé ekki annað en spádómur og getgátur. Og þá koma hin átöldu orð: »Eg trúi því mjög vel, að bankastjórnin, sem nú er, *geti* látið bankann tapa langt um meira en 385 þús. kr., en það er gleðilegt að sjá það af reikningi hennar, að hún *treystir* sér eigi til að láta hann tapa hærri upphæð«.

Áfrýjandinn, sem ber ábyrgð á hinum umstefndu ummælum, þar sem greinin er nafnlaus, heldur því fram, að í orðunum felist eigi annað en það, að greinarhöfundurinn trúi því, úr því að bankastjórarnir segi það sjálfir,

sbr. umtalaðan reikning bankans, að þeir geti látið bankann tapa þessum 385000 krónum og treysti hann þeim þar af leiðandi til þess. En í þessu liggi ekkert álit um, að tapið muni verða »af ráðnum huga« né nokkurt álit um vilja eða ósk stefndu um tapið. En þessi vörn áfrýjanda styðst ekki við neitt í málinu. Tilfærslan í bankareikningnum, sem hann vitnar til, er í greininni orðrétt þannig: »Áætlað fyrir tapi á útistandandi skuldum á næstu árum kr. 385000«, en með henni hafa bankastjórarnir alls enga yfirlýsingu gefið um það, að þeir geti látið bankann tapa þessum kr. 385000, þar er að eins gjört ráð fyrir, búist við, að bankinn muni tapa þessari uppbæð á næstu árum. Þar sem nú í hinum átöldu orðum er lagður, alveg að ástæðulausu, eftir því sem ráðið verður af málinu, sá skilningur í nefnda tilfærslu í bankareikningnum, að hún sýni að hinir stefndu t r e y s t i sér eigi til að láta bankann tapa hærri upphæð en þar er tilfærð, þá liggur í þessu ótvíræðleg aðdróttun um það til hinna stefndu, að þeir hafi jafnvel viljað hafa viðleitni til þess að bankinn tapaði meiru en hinum áætluðu 385000 kr. ef þeir hefðu séð sér fært að láta hann gera það, en sú aðdróttun er freklega meiðandi fyrir menn í stöðu hinna stefndu, og ber því að fallast á það, að hin átöldu orð eru dæmd dauð og ómerk í bæjarþingsdóminum, og að áfrýjandinn er dæmdur í refsingu fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, er þykir hæfilega metin 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 16 daga einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkist og ber áfrýjandanum einnig að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Þorsteinn ritstjóri Gíslason greiði í sekt til landssjóðs 100 krónur, en sæti, ef sektin er eigi öll greidd í ákveðinn tíma, 16 daga einföldu fangelsi. Að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn hinum stefndu Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum 25 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögregri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 6. dag marzmán.

Nr. 59/1910. Einar M. Jónasson
gegn
Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum fyrir hönd Landsbankans.

Dómur:

Í marzmánuði 1909 sendi stjórn Landsbanka Íslands áfrýjanda þessa máls, Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmann, vestur í Ólafsvík til þess að innheimta hjá bændaverzluninni Einar Markússon & Co. 15,000 kr. skuld til bankans. Til tryggingar þessari skuld lét áfrýjandi kyrsetja útistandandi skuldir bændaverzlunarinnar og við þá gjörð fekk hann í hendur verzlunarbækur og ýms skjöl og skilríki, sérstaklega samninga snertandi skuldir þessar. Með umboðsskjali, dagsettu 14. apríl s. á., fól bankastjórnin

ennfremur áfrýjanda að ganga eftir 35000 kr. skuld hjá bændaverzluninni og sjálfskuldarábyrgðarmönnum hennar samkvæmt skuldabréfi, dags. 29. ágúst 1908, er bankastjórnin fekk áfrýjanda í hendur, og þetta umboð ítrekaði bankastjórnin 19. sept. s. ár. Samkvæmt þessum umboðum fór áfrýjandi í erindum bankans 4 ferðir til Ólafsvíkur og greiddi bankinn honum ferðakostnað og daglaun eftir reikningi hans. En í bréfi til áfrýjanda, dags. 31. ágúst f. á. afturkallaði bankastjórnin fyr greint umboð frá 14. apríl 1909, og skoraði á áfrýjanda að endurskila umboðsskjalinu innan tveggja daga, og öllum skjölum, skilríkjum, verzlunarbókum og öðrum munum, er hann út af umboðsrekstrinum hafði fengið í sínar vörzlur. Þessari áskorun sinti áfrýjandi ekki, en með bréfi dags. 5. sept. f. á., sendi hann bankastjórninni reikning til bankans að upphæð kr. 4271,73, er hann kvaðst vænta að sér yrði greidd fyrir hádegi daginn eftir, og mundi hann þá skila af sér umboðinu með tilheyrandi bókum og skjölum. Með því að bankastjórnin þóttist eigi geta sint þessari kröfu, en taldi bankanum hins vegar áríðandi, að ná sem fyrst umráðum yfir áminstum verzlunarbókum, skjölum o. fl., beiddist hún aðstoðar bæjarfógetans í Reykjavík til þess að bækur þessar og skjöl o. fl. yrðu með beinni fógetagjörð tekin úr vörzlum áfrýjandans og fengin sér í hendur. Með úrskurði fógetaréttarins, uppkveðnum 21. okt. f. á. á skrifstofu fógetans, var þessi krafa tekin til greina, að því leyti að gjörðarbeiðandi skyldi settur inn í umráð yfir verzlunarbókum bændaverzlunarinnar Einars Markússonar & Co., ásamt tilheyrandi skjölum og peningakassa, er væri hjá áfrýjanda og hann hafði tekið við hjá verzlun þessari, svo og í umráð yfir fyr greindu skuldabréfi

fyrir 35,000 kr. Sama dag var svo fógetagjörðinni haldið áfram á heimili áfrýjanda, og afhenti hann þá bankastjórninni samkvæmt úrskurðinum 15 verzlunarbækur, skjalabunka, nokkur fleiri skjöl og trékassa með 54 aur. í, er hann tjáði vera eign bændaverzlunarinnar.

Þessum úrskurði og fógetagjörð hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 21. okt. f. á. og krafist þess, að hvorttveggja yrði felt úr gildi, að Landsbanki Íslands verði sektaður fyrir ólögmæta innsetningargjörð og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu hinna stefndu er þess krafist, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur í öllum greinum, og hvor krafan sem verði tekin til greina, krefjast þeir að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað.

Fyrir frávísunarkröfunni telja stefndu þá ástæðu, að fógetagjörðinni hafi að eins verið áfrýjað að nokkru leyti, þ. e. að eins því, er fram fór 21. okt., og þá að eins sjálfum úrskurðinum. En þetta, að úrskurðinum einum hafi verið áfrýjað, er þó ekki rètt, því að í áfrýjunarstefnunni er krafist, að fógetagjörðin 21. okt. ásamt úrskurðinum verði feld úr gildi. Hinsvegar hefir ekki verið áfrýjað framhalds fógetagjörð, er fram fór 24. s. m. þar er stefndu voru fengnar í hendur úr vörzlum áfrýjanda ýmsar bækur og skjöl og peningaskápur tilheyrandi bændaverzluninni, er áfrýjandi hafði eigi framselt við fyrri gjörðina. En þó að þessari framhaldsgjörð hafi eigi verið áfrýjað, virðist það eigi geta tálmað því, að dómur verði lagður á kröfu áfrýjanda um ónýting úrskurðarins og fógetagjörðarinnar 21. okt. Málinu verður því eigi vísað frá

yfirdómi í heild sinni, eins og stefndu hafa krafist, en krafa áfrýjanda í sóknarskjölum hans um að fógetagjörðin 24. okt. verði feld úr gildi, getur eigi komið til álita.

Kröfu sína fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandi nánar ákveðið á þá leið, að honum sé heimilt að halda í vörzlum sínum nefndum gögnum, hann hafi haldsrétt á þeim, þangað til stefndu hafi greitt honum kaup það eða endurgjald, er honum beri fyrir störf sín í þarfir bankans. Þetta endurgjald, er áfrýjandi telur sig eiga tilkall til hjá bankanum, er samkvæmt reikningi hans fyrir innheimtu á útistandandi skuldum bændaverzlunarinnar, fyrir að gera borgunarsamninga við sjálfskuldarábyrgðarmenn og viðskiftamenn verzlunarinnar, fyrir sölu á eignum hennar o. fl. Bankastjórnin heldur því aftur á móti fram, að áfrýjandi hafi fengið fulla greiðslu fyrir störf sín í þarfir bankans, er honum voru borgaðir reikningar hans fyrir 4 ferðir til Ólafsvíkur, sem fyr segir.

Sérstakan samning um umboðsreksturinn hafa málsaðilar ekki gjört, annan en umboðsskjalið, en í því er ekkert tiltekið um borgun fyrir starfið. Á annan hátt er það heldur ekki sannað gegn mótmælum stefndu, að áfrýjandi hafi áskilið, er hann tók að sér umboðið, eða stefndu heitið honum innheimtulaunum eða sölulaunum, auk þess, er honum var greitt samkvæmt reikningum hans, enda hefir áfrýjandi ekki í þessu máli sýnt fram á, að hann hafi samkvæmt umboðinu innheimt fé eða selt eignir tilheyrandi bændaverzluninni. Að vísu gjörði hann skriflega borgunarsamninga við nokkra viðskiftamenn verzlunarinnar, en þar sem áfrýjandi með úrskurðinum var undanþeginn að framselja þessa samninga, þá snertir það ekki þetta mál, þó að honum beri sérstök borgun fyrir

þá. Með því að það samkvæmt framansögðu er ósannað, að áfrýjandi eigi neina þá kröfu á hendur Landsbankanum, er heimili honum rétt, eftir að umboðsmensku hans fyrir bankann er lokið, til að halda fyrir bankastjórninni verzlunarbókum þeim og skjölum, er teknar voru úr vörzlum hans með fógetagjörð 21. okt. f. á., verður að telja gjörð þessa lögmæta, og ber því að staðfesta hana, svo og hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir málavöxtum er rétt að áfrýjandi greiði hinum stefndu málskostnað og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og fógetagjörð skal óraskað. Áfrýjandinn Einar M. Jónasson greiði hinum stefndu bankastjórum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans 30 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. dag marzmán.

Nr. 68/1910. Ólafur Björnsson
gegn
Lárusi H. Bjarnason.

Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur hinn stefndi lagaskólastjóri Lárus H. Bjarnason gegn áfrýjandanum Ólafi Björnssyni ritstjóra blaðsins Ísafoldar fyrir

meiðyrði um sig í grein með yfirskriftinni L. H. B. í 64. tölublaði. 36. árgangs téðs blaðs, er út kom 29. sept. 1909, en ummælin, sem átalin voru af stefnda, voru þau, að stefndi væri »höfundur einhverra ógeðslegustu sorpgreinanna, sem íslenzk tunga hefir verið notuð til«. Var málið dæmt á bæjarþinginu 20. okt. f. á. þannig, að ummælin voru dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandinn dæmdur samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að greiða sekt fyrir þau til landssjóðs 30 kr. eða sæta til vara 6 daga einföldu fangelsi. Svo var og áfrýjandinn með dóminum sektaður um 8 kr. til landdssjóðs fyrir óþarfa þrætu og dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 15 kr.

Dómi þessum og 2 úrskurðum, er kveðnir hafa verið upp meðan á málinu stóð 15. sept. f. á., hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. nóv. f. á. og krafist þess, að hinum áfrýjuðu úrskurðum verði hrundið og breytt samkvæmt kröfu hans fyrir bæjarþinginu og málinu vísað heim til nýrrar og betri meðferðar frá uppkvaðningu hins fyr fallna úrskurðar, eða til vara, að öðrum þeirra verði hrundið og breytt samkvæmt því er nú var sagt, og málinu vísað heim til nýrrar og betri meðferðar frá uppkvaðningu hans. En til vara krefst hann þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda fyrir undirrétti. Og loks krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum hjá stefnda, hvernig sem málið fer.

Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar af hendi áfrýjanda eftir mati yfirdómsins.

Viðvíkjandi hinum áfrýjuðu úrskurðum er það að

segja, að áfrýjandinn (stefndi fyrir bæjarþingsréttinum) taldi sig geta fært sér til réttlætingar eða afbötunar hinum umstefndu ummælum það, að þau væru sönn, eða að stefndi hefði gefið sér tilefni til þeirra, með því að rita og láta birta í blaðinu »Reykjavík«, sumpart án leyfis ritstjóra þess blaðs eða jafnvel í banni hans nafnlausar eða dulnefndar greinar, þar sem ráðist væri með illyrðum og ósannindum svo freklega á hann og föður hans (ráðherrann), að greinar þær mættu teljast ógeðslegri og sorpkendari en greinar, er birst höfðu í öðrum blöðum, er hin umstefndu ummæli voru rituð, og fór hann því fram á, til þess að færa sönnur á þessa fullyrðingu sína um höfundskap stefnda, að spurning væri lögð fyrir vitnið prentsmiðjustjóra Þorvarð Þorvarðsson (sbr. undirréttarskjal nr. 18, 2) þess innihalds, hvort vitninu væri kunnugt um, að stefnandi (L. H. B.) væri höfundur þar upptalinna greina í 10. árg. Reykjavíkur. En dómarinn úrskurðaði þá samkvæmt mótmælum stefnda, að spurningin yrði eigi lögð fyrir vitnið, sökum þess að svar vitnisins við þeirri spurningu virtist þýðingarlaust fyrir málið.

Þessi ástæða, sem var eina mótbáran, sem teljandi er frá stefnda hálfu gegn vitnaspurningunni, verður þó eigi talin nægileg til að hamla því, að áfrýjandinn fái umrædda spurningu lagða fyrir vitnið, því að það virðist ekki verða staðhæft, eins og málið lá fyrir og liggur enn, að það geti engin áhrif haft á úrslit málsins hvernig vitnið hefði svarað spurningunni og áfrýjandinn átti því heimting á að vitnið væri krafið svars um hana. Það verður því að breyta hinum áfrýjaða úrskurði þannig, að dómarinn sé skyldur að leggja 2. spurninguna á undirréttarskjali nr. 18 fyrir vitnið Þorvarð Þorvarðsson og vísa málinu heim

til nýrrar og löglegri meðferðar upp frá því, er það málsatriði var tekið undir úrskurð og til nýrrar dómsáleggingar á síðan.

Kostnaður af málskotinu virðist eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal úr gildi feldur, og ber undirdómaranum að leggja 2. spurninguna á undirréttarskjali nr. 18 fyrir vitnið Þorvarð Þorvarðsson og taka málið upp til nýrrar og löglegri meðferðar upp frá því. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 72/1910: Stefán Stefánsson gegn Birni Líndal f. h. Snæbjörns Björnssonar.

Dómur:

Samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 30. nóv. f. á. átti að taka þetta mál fyrir í yfirdóminum mánudaginn 6. þ. m., en áfrýjandi mætti þá eigi eða lét mæta af sinni hendi. En af hálfu stefnda kom í réttinn Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður og krafðist ómaksbóta handa honum fyrir að láta mæta árangurslaust í málinu. Þessa kröfu ber að taka til greina samkvæmt N. L.

1—4—34 og dæma stefnda ómaksbætur hjá áfrýjanda, er ákveðast 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Stefán Stefánsson greiði stefnda Birni Líndal fyrir hönd Snæbjörns Björnssonar 6 krónur innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. dag marzmán.

Nr. 74/1910: Hreppnefnd Gerðahrepps
gegn
Þórði J. Thoroddsen.

Dómur:

Í máli þessu lögsækir stefndi Þórður læknir Thoroddsen í Reykjavík áfrýjendurna, hreppsnefnd Gerðahrepps í Gullbringusýslu, um greiðslu á skuld til kaupfélags Rosmhvalanesshrepps, 827 kr. 20 aura, og var málið dæmt í gestaréttti Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. desbr. f. á., með þeim úrslitum, að hreppsnefndin var skylduð til að greiða stefnda, sem forstjóra kaupfélags Rosmhvalanesshrepps hina umstefndu upphæð með 5% vöxtum af henni frá 6. okt. f. á og í málskostnað 30 krónur.

Þessum dómi hefir hreppsnefnd Gerðahrepps skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. des. f. á. og fengið

til þess gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann, og hefir þess verið krafist fyrir yfirdóminum af áfrýjanda hálfu, að hreppsnefndin verði dæmd sýkn af kærum og kröfum stefnda, en til vara, að henni verði að eins gjört að greiða það af skuldinni, er Gerðahreppi ber að lúka af þessari skuld Rosmhvalanesshrepps hins forna á móts við Keflavíkurhrepp. Og hvernig sem málið fer, krefst hreppsnefndin þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málfærslulaun til hins skipaða málfærslumanns hreppsnefndarinnar fyrir undir- og yfirdómi eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda.

Áfrýjandinn hefir bygt sýknunarkröfu sína á því fyrst og fremst, að stefndi hafi eigi heimild til að innheimta skuld þá, er hér er stefnt um, hvorki sem forstjóri kaupfélags Rosmhvalanesshrepps né í eigin nafni; hann hafi hvorki sannað, að hann sem forstjóri kaupfélagsins hefði haft vald til að höfða mál fyrir félagsins hönd, og þó að svo hefði verið meðan félag þetta lifði og var til, þá væri nú alt öðru máli að gegna, 12 eða 13 árum eftir að félagið væri dautt og úr sögunni. Stefndi heldur því fram, að þessari sýknunarástæðu eigi ekki að sinna, sem of seint fram kominni, með því að hún hafi fyrst komið fram í 2. réttarhaldi í gestaréttinum, eftir að hreppsnefndin sjálf hafði í 1. réttarhaldi borið fram mótmæli gegn skuldinni, en með því að stefndi hreyfði þá eigi neinum mótmælum gegn framkomu þessarar varnarástæðu, verður henni ekki nú vísað á bug af greindri ástæðu. En um heimild stefnda til að krefjast skuldarinnar af kaupfélagsins

hálfu, sem skuldin er eignuð, er ekki upplýst annað í málinu en það, að stefndi hefir verið kosinn forstjóri kaupfélagsins á aðalfundi þess árið 1895, og að hann krafðist skuldarinnar bréflega af hreppsnefnd Rosmhvalanesshrepps, er Gerðahreppur er síðan orðinn til úr, árið 1903. Ekkert er heldur fram komið í málinu, er hnekki þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að kaupfélagið sé löngu hætt og fallið úr sögunni, og stefndi hefir ekki sýnt eða sannað neina heimild til að innheimta skuldir þess. En að svo vöxnu máli verður ekki séð að stefndi sé réttur sóknaraðili máls þessa, og verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda og án þess að til athugunar þurfi að koma aðrar ástæður hans, að sýkna hann af kröfum stefnda í málinu. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða málflutningskaup hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda fyrir undir- og yfirrétti, er ákveðst samtals 40 krónur. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður. Það vottast, að málfærsla hins skipaða málfærslumanns hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, hreppsnefnd Gerðahrepps, á að vera sýkn af kæru stefnda Þórðar J. Thoroddsens læknis í máli þessu. Stefndi greiði málflutningskaup hins skipaða málfærslumanns áfrýjandans fyrir undir- og yfirdómi, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar, 40 krónur; að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 3. dag aprílmán.

Nr. 11/1910: Sigurður Jónsson
gegn
skólanefnd og hreppsnefnd Hólshrepps.

Dómur:

Áfrýjandinn Sigurður Jónsson barnakennari í Bolungarvík höfðaði mál þetta fyrir gestaréttí Ísafjarðarsýslu gegn skólanefnd og hreppsnefnd Hólshrepps og krafðist þess, að nefndir þessar fyrir hönd hreppsins yrðu dæmdar til að greiða sér umsamið kennarakaup frá 1. okt. 1909 til 30. apr. 1910, 80 krónur á mánuði, eða alls 560 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi unz goldið yrði, og málskostnað að skaðlausu, en með dómi nefnds réttar uppkveðnum 15. febr. f. á. voru hinar stefndu nefndir sýknaðar af kærum og kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða þeim 40 kr. í málskostnað. Þessum dómi hefir áfrýjandinn með stefnu dags. 14. marz f. á. skotið til yfirdómsins og gjört þar hinar sömu kröfur og fyrir gestaréttinum, að viðbættri kröfu um málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Svo hefir og málflutningsmaður áfrýjanda krafist ómerkingar á nokkrum ummælum í varnarskjölum stefndu og sekta fyrir þau á hendur málfærslumanni þeirra.

Hinir stefndu hafa fengið gjafvarnarleyfi fyrir yfirdómi, dags. 14. maí f. á., og skipaðan málflutningsmann; hefir hann fyrir þeirra hönd krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, eins

og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málsvarnarlaun til sín.

Á meðferð málsins fyrir gestaréttinum hefir orðið sá galli, að sátta í því hefir verið leitað áður en réttarstefnan var lögð fram, en með því að gjöra má ráð fyrir, að sáttatilraun hafi þó verið gjörð um sakarefnið sem tilgreint er í stefnunni, þykir eigi nauðsynlegt fyrir þessa sök að vísa málinu ex officio frá undirréttinum.

Þegar lög nr. 59 22. nóv. 1907 um fræðslu barna gengu í gildi, hafði áfrýjandi nokkur ár verið aðalkennari við barnaskóla Hólshrepps í Bolungarvík samkvæmt munnlegum samningi við skólanefnd hreppsins. En í 23. gr. nefndra laga er það skilyrði meðal annars sett fyrir styrkveitingu úr landssjóði til heimangönguskóla, að kennarar við þá séu ráðnir með skriflegum samningi. Til að fullnægja þessu skilyrði samdi skólanefndin uppkast að ráðningarsamningi við áfrýjanda 2. okt. 1908, en samningur þessi var þá eigi, þótt hann sé dagsettur þann dag, að sögn skólanefndar undirskrifaður af henni né áfrýjanda, og dróst það fram eftir vetrinum, mest vegna veikinda áfrýjanda. En er hann var kominn á fætur, hélt skólanefndin fund til að fullgera samninginn og boðaði áfrýjanda á fundinn, en þó að hann kæmi ekki, ritaði nefndin undir samninginn og samrit eða eftirrit af honum í gjörðabók sinni, ætlaðist hún til, að áfrýjandi ritaði undir hvorttveggja og fól formanni sínum að annast það. Í janúarmán. 1909 fór formaður með samninginn og gjörðabókina til áfrýjanda til þess að fá undirskrift hans, en áfrýjandi tók þá til sín samninginn, án þess að undirskrifa hann eða gjörðabókina, en lofaði að koma síðar heim til formanns og skrifa undir bókina. Af þessu varð þó

aldrei, en eftir þetta tók samlyndi og samvinna nefndarinnar og áfrýjanda mjög að spillast, og þegar fram leið á vorið þótti áfrýjanda eigi mega standa lengur við svo búið, tjáði hann þá hreppsnefndinni frá málavöxtum, og kvaddi hún skólanefndina og áfrýjanda á fund með sér 31. maí. A þeim fundi bar áfrýjandi sakir á skólanefndina, gaf í skyn að hún hefði gjört afglöp, er gætu varðað skólann missi styrksins úr landssjóði, og bar fyrir sig álit lögfræðings í því efni; lauk svo, að skólanefndin beiddist lausnar frá starfa sínum, en síðar stendur í fundargjörðinni: »engar skýringar komu fram til þess að skólanefndin þyrfti að segja af sér, en fyrir ósk yfirkennarans og hótanir voru 4 hreppsnefndarmenn með því að samþykkja beiðni skólanefndarinnar«. Með því að skólanefndin hugði, að ákæra áfrýjanda um vanrækslu af hennar hendi, er varðað gæti missi landssjóðsstyrksins, ætti við það, að áfrýjandi hefði þá eigi enn skrifað undir ráðningarsamninginn, sem því væri ófullgjörður, svo að fyrgreindu skilyrði fræðslulaganna fyrir styrkveitingu væri eigi fullnægt, fór hún heim til áfrýjanda 6. júní og beiddi hann að skrifa undir samninginn, en áfrýjandi gaf ekkert út á það, sagðist eiginlega ekki viðurkenna skólanefnd þessa, með því að hún hefði sagt af sér og fengið lausn á fundinum 21. maí; lekk nefndin eigi önnur svör hjá honum og fór við svo búið. Sama dag var hreppsfundur haldinn í Hólshreppi, og bar skólanefndin þar fram tillögu um að áfrýjanda væri vikið frá kennarastarfinu og lýsti vantrausti sínu á honum; var tillagan samþykt með 28 atkv. gegn 12. Áfrýjandi var viðstaddur á fundinum og mótmælti tillögunni en endurtók kærur sínar á hendur skólanefndinni um afglöp, er hún hefði framið, og las upp lögfræðingsvottorð því til

stuðnings, en fekst þó ekki til að láta uppi hver þessi afglöp væru, þó að á hann væri skorað um það. Síðar í júnímánuði fann áfrýjandi umsjónarmann fræðslumálanna, Jón Þórarinsson, að máli á Ísafirði, og bar sig upp við hann út af því, að skólanefndin beitti sig órétti; hefir umsjónarmaðurinn í skjali dags. 17. júní f. á. látið uppi yfirlýsingu, er málsaðilar hafa komið sér saman um að telja jafngilda sem staðfestan vitnisburð, um viðtal þeirra áfrýjanda og önnur afskifti sín af þessu máli. Í skjali þessu skýrir umsjónarmaðurinn svo frá, að áfrýjandi hafi eigi greitt sér ákveðið svar við þeirri spurningu, hvort hann hefði verið að öllu samþykkur ráðningarsamningnum eða skrifað undir hann með nefndinni; að sér hafi virst aðalerindi áfrýjanda til sín vera, að leita ráða um það, hvort hann gæti ekki krafist launa sinna samkvæmt samningnum, þó að hann kendi ekki næsta ár við skólann, að hann (umsjónarm.) hafi ráðið áfrýjanda frá málssókn, en til þess að reyna heldur að jafna misklíðina, og hafi það orðið samkomulag þeirra, að umsjónarmaður færi til Bolungarvíkur og reyndi að miðla málum við hreppsnefndina og skólanefndina; að áfrýjandi hafi lýst því yfir við sig, að hann ætlaði ekki að hafa á hendi kenslu við skólann, nema þeirri skólanefnd, sem þá var, væri vikið frá, því hann gæti ekki unnið saman við hana, og veitt sér heimild til að láta nefndirnar vita þetta, sem hann og hafi gjört, er hann skömmu síðar átti fund við þær um málið, en hreppsnefndin hafi þá eigi talið sér fært að veita skólanefndinni lausn, og hafi því að hans áliti ekki átt annars kost en að láta áfrýjanda fara.

Á þessum fundi samþykti þá hreppsnefndin, að skólanefndin héldi áfram störfum sínum lögákveðinn tíma, en

auglýsti kennarastarfið laust til umsóknar. Þó að skólanefndin eftir þetta liti svo á, að áfrýjandi hefði sagt af sér kennarastarfinu, sendi hún honum þó bréflega uppsögn 15. ág., með því hún hafði heyrt eftir honum, að hann teldi eigi óhugsandi, að hann yrði framvegis kennari við skólann í Bolungarvík.

Í ráðningarsamningnum 2. okt. 1908 var áfrýjanda heitið 80 kr. mánaðarkaupi og áskilinn 7 mánaða uppsagnarfrestur af hálfu skólanefndar. Á þessu byggir hann kröfur sínar um að fá greiddar 7×80 kr., eða 560 kr., með því að sér hafi verið sagt upp kennarastarfinu heimildarlaust og í ótíma. Af hálfu hinna stefndu er því hinsvegar haldið fram, að samningurinn frá 2. okt. hafi aldrei náð gildi, með því að áfrýjandi hafi eigi undirskrifað hann fyr en um það leyti, er mál þetta hófst, og því eigi verið bundinn við hann, en þá hafi skólanefndin ekki verið það heldur, að áfrýjandi hafi með yfirlýsingu sinni bæði á fundinum 31. maí, og við umsjónarmann fræðslumálanna um að hann gæti ekki verið við skólann, nema því að eins, að skólanefndin færi frá, sagt af sér kennarastarfinu, úr því nefndu skilyrði var ekki fullnægt, og að framkoma áfrýjanda við yfirboðara hans, skólanefndina, hafi verið þannig vaxin, að réttmætt hafi verið að segja honum upp stöðunni fyrirvaralaust.

Þess er áður getið, að áfrýjandi tók við ráðningarsamningnum, án þess að skrifa jafnframt undir hann sjálfur, og það er óvefengt, að skólanefndinni hafi, áður en málið var höfðað, verið ókunnugt um, hvort hann hefði gjört það. Þegar nefndin kom til áfrýjanda 6. júní til að fá undirskrift hans, svaraði hann henni engu um það, og viðbára hans, að skólanefndin hefði fengið lausn, og hefði

ekki heimild til að skifta sér af því máli, var ástæðulaus, því þótt nefndin hefði fengið lausn á fundinum 31. maí, sem þó eigi varð raun á, þá bar henni að skila af sér nefndarstarfinu þannig, að löglega væri frá því gengið, en það gat nefndin því að eins, að hún hefði gjört gildan skriflegan ráðningarsamning við áfrýjanda. Henni var því bæði rétt og skylt að útkljá ráðningarmálið við hann, og krefjast þess að hann, sem hafði tjáð sig samþykkan samningnum, skrifaði undir hann, eða sýndi henni að hann hefði gjört það. Framburði áfrýjanda um, að það hefði verið annar samningur, sem nefndin kom með til undirskriftar, er mótmælt, og hann styðst eigi við neitt í málinu. Þess er og áður getið, að áfrýjandi bar opinberlega á nefndina, að hún hefði gjört sig seka í afglöpum, er gætu varðað skólann styrkmissi af almannafé, en fékst ekki til að segja hver þau afglöp væru; en þar sem það er óvefengt í málinu, að skilyrðum fyrir styrkveitingu í 23. gr. fræðslulaganna hafi verið fullnægt, öðrum en ákvæðinu um skriflegan samning við kennarann, er gild ástæða til að ætla, að afglöpin, er áfrýjandi bar á nefndina, hafi einmitt verið þau, að ráðningarsamningurinn við kennarann væri ófullgjörður. Til hins sama bendir hið óákveðna svar áfrýjandans til umsjónarmanns fræðslumálanna um þetta atriði. Áfrýjandi hefir að vísu lagt fram samninginn undirskrifaðan af honum sjálfum og skólanefndinni og fullyrt að hafa skrifað undir hann, þegar eftir að hann fekk hann í hendur, en hann hefir ekki reynt að sanna þetta, sem honum eftir öllum málavöxtum þó bar að gjöra, en hin tvíræða og hikandi framkoma hans, að því er þetta málsatriði snertir, bendir í gagnstæða átt, og styður framburð hinna stefndu um að áfrýjandi

hafi eigi undirskrifað samninginn fyr en um það leyti, er mál þetta var höfðað. Það verður eftir þessu eigi talið sannað, að ráðningarsamningurinn 2. okt. 1908 hafi verið fullgjörður og skuldbindandi fyrir semjendur, þegar áfrýjandi meðtók uppsögn nefndarinnar 15. ág. 1909, svo að hann hafi átt rétt á 7 mánaða uppsagnarfresti samkvæmt þeim samningi. En þótt svo hefði verið, breytir það ekki horfum málsins, því að það verður að telja sannað, bæði með vitnaskýrslum um hreppsfundinn 6. júní 1909 og skýrslu umsjónarmanns fræðslumálanna, að áfrýjandi hafi lýst því yfir opinberlega, svo að hinir stefndu gátu ekki leitt það hjá sér, að hann gæti ekki unnið saman við skólanefndina, sem þá var, enda verður að telja það vafalaust, að áfrýjanda og öðrum hlutaðeigendum hafi verið það ljóst eftir fundina 31. maí og 6. júní, að úr því mundi samvinna milli hans og nefndarinnar ekki geta lánast. En eftir því sem fram er komið í málinu verður eigi betur séð, en að áfrýjandi hafi aðallega átt sök á því, að svo var komið. Hann kærði skólanefndina fyrir hreppsnefnd, og gaf í skyn á hreppsfundi, að hún hefði gjört afglöp, er gætu svift skólann landssjóðsstyrk, og hafði hótanir í frammi, en hvorki þá né síðar hefir hann sýnt fram á, að þessar kærur ættu við rök að styðjast. Umrædd yfirlýsing áfrýjanda og andróður hans gegn skólanefndinni út af fyrir sig, og þó að samningurinn 2. okt. hefði verið í lagi, álízt því hafa veitt nefndinni næga heimild til að segja áfrýjanda upp kenslustarfinu eins og hún gjörði, og án þess neinn uppsagnarfrestur kæmi til greina, og þar sem áfrýjandi heldur því fram, að uppsögn nefndarinnar 15. ágúst sýni þó, að hún hafi þá eigi talið hann lausan við skólann, þá þarf eigi að leggja frek-

ari þýðingu í uppsögnina en þá, að nefndin hafi viljað láta áfrýjanda tvímælalaust vita, að kensla hans við skólann yrði eigi lengur notuð.

Af framangreindum ástæðum ber því að taka til greina kröfu hinna stefndu um sýknun í málinu og staðfesta gestaréttardóminn, einnig ákvæði hans um málskostnað. Svo verður að dæma áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar á meðal 25 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hinna stefndu.

Út af kröfu áfrýjanda um ómerking nokkurra ummæla, sem við höfð eru um hann o. fl. í varnarskjölunum, og sektir fyrir þau, virðist eiga að dæma ómerk orðin »að froðufella af reiði«, en ekki þykir næg ástæða til að láta þau varða sekt.

Að því leyti sem málið er flutt með gjafvörn vottast, að rekstur þess hefir verið lögmætur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Sigurður Jónsson greiði kostnað málsins fyrir yfirdómi, eins og það væri eigi gjafvarnarmál, þar með taldar 25 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hinna stefndu, Eggerts Claessens yfirréttarmálaflutningsmanns. Orðin »að froðufella af reiði« í varnarskjali talsmannsins 16. jan. þ. á. eiga að vera dauð og ómerk.

Ídæmdan kostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 24. dag aprílmán.

Nr. 71/1910: Halldór Jónsson
f. h. Nauteyrarhrepps
gegn
sjúkrahússnefnd Ísafjarðar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði hin stefnda sjúkrahússnefnd á Ísafirði, læknarnir Davíð Scheving og Eiríkur Kjerúlf og Jóh. Þorsteinsson, gegn hreppsnefnd Nauteyrarhrepps til greiðslu á legukostnaði Finnboga Péturssonar þurfamanns á sjúkrahúsi Ísafjarðar að upphæð kr. 1022,23, og með gestaréttardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 9. júlí f. á. var hreppsnefndin dæmd til að greiða sjúkrahússnefndinni þessa kostnaðarupphæð með 5% vöxtum og 1% dráttarvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og 50 kr. í málskostnað, svo var og oddviti nefndarinnar, Halldór Jónsson, dæmdur í 10 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, helminginn til sveitarsjóðs Nauteyrarhrepps, en helminginn í landssjóð.

Dómi þessum hefir nefndur oddviti fyrir hönd Nauteyrarhrepps skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. nóv. f. á. og fengið til þess gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann, er hefir krafist þess, aðallega að málinu verði vísað frá gestaréttinum og dómurinn ómerktur, til vara að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, og til þrautavara að áfrýjandi verði að eins dæmdur til að greiða stefnda kr. 620,30 vaxtalaust; svo krefst hann og, að sektarákvæði dómsins verði felt burtu og stefndi, hvernig sem málið fer, verði dæmdur til að greiða máls-

kostnað fyrir báðum réttum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningskaup til sín. — Af hálfu stefnda er þess aftur á móti krafist, að gestaréttardómurinn verði staðfestur í öllum greinum og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi, eftir réttarins mati.

Fyrir frávísunarkröfunni eru tilfærðar þær ástæður, að málið beri eigi undir dómstólana, en eigi að sæta úrlausn stjórnarvaldanna og að dómkrafa stefnda feli í sér ólöglega málasamsteypu (Subjectiv Cumulation) með því að sjúkrahússlæknirinn telji sér verulegan hluta kröfunnar fyrir læknishjálp, lyf og umbúðir, eða kr. 401,93, er stefnda bresti umráð yfir, og sé því eigi bær um að kalla eftir hjá áfrýjanda. Það er þó engin heimild til að vísa málinu frá fyrir þessar sakir. Hin fyrtalda ástæða á ekki við neina lagaheimild að styðjast, og kemur því eigi til álita, og hin síðartalda er eigi heldur á rökum bygð, því að þótt læknirinn væri réttur aðili að nokkrum hluta kröfunnar, en ekki stefndi, er eigi rétt að telja það ólöglega málasamsteypu, er eigi að varða frávísun málsins, en það ætti að valda sýknun áfrýjanda af þessum hluta kröfunnar, ef stefnda brysti heimild til að kalla eftir honum. En fyrir réttinum er það ómótmælt, að stefndi hafi goldið lækninum það sem honum bar af legukostnaðinum og eignast þann veg kröfu hans, og getur því téð ástæða eigi heldur komið til greina til sýknunar áfrýjanda af téðum 401 kr. 93 aur., eins og hann hefir farið fram á til þrautavara. Kemur þá til álita varakrafa áfrýjanda um að verða sýknaður af upphæðinni.

Fyrnefndur þurfamaður Finnbogi Pétursson var tekinn á fátækraframfæri í Nauteyrarhreppi á nýári 1909, og um sama leyti var honum komið til lækninga á sjúkra-

húsið á Ísafirði gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar. Við lok maímánaðar 1910 var legukostnaður hans orðinn alls kr. 1284,08, en upp í hann hefir hreppsnefndin goldið kr. 261,85, en eftir eru kr. 1022,23, sem mál þetta er risið af. Um ábyrgð hreppsnefndarinnar er því í fyrsta lagi haldið fram, að hún sé ógild samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, 53. gr. 2., en þar er svo fyrir mælt, að samþykki sýslunefndar þurfi til þess, að hreppsnefnd takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvílir beinlínis á hreppnum samkvæmt lögum, en bæði sé ábyrgðin til langframa, og hreppurinn hafi eigi haft beina skyldu til að takast hana á hendur, af því þurfamaðurinn hafi verið sveitlægur annarstaðar. Það sést nú eigi af málinu hvort hreppsnefndin hefir fengið samþykki sýslunefndar til að taka að sér ábyrgð á legukostnaðinum, en þó svo hefði ekki verið, þá skiftir það ekki máli um skuldbinding þá sem hér ræðir um, og ekki er til langframa, en verður að teljast hafa hvílt beinlínis á Nauteyrarhreppi, þó að þurfamaður sá, er hlut átti að máli, væri sveitlægur í öðrum hreppi. Í annan stað færir áfrýjandi það til, að hreppsnefndin hafi þó ekki ábyrgst meir af legukostnaðinum en 200 kr. á ári og tiltölulega fyrir part úr ári, enda hafi henni verið óheimilt að greiða meira samkvæmt 77. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905, og þá upphæð hafi hreppsnefndin greitt og meira til, en stefndi verði að leita endurgjalds hjá landssjóði á því, sem þar er fram yfir.

Eftir því sem fyrir liggur í máli þessu verður að álíta, að ábyrgðarskuldbinding hreppsnefndarinnar hafi í upphafi eigi verið bundin neinum skilyrðum eða takmörkum, en síðar virðist hreppsnefndin, og eftir að hún hafði

athugað 77. grein fátækralaganna, hafa komist að þeirri niðurstöðu, að fyrirmæli þeirrar lagagreinar leyfðu eigi að nefndin byndist frekari ábyrgð fyrir hreppinn en haldið er fram af áfrýjanda. En þessi skilningur á nefndu laga-ákvæði verður eigi talinn réttur. Tillag það úr landssjóði, er þar ræðir um, er styrkur veittur hreppsfélögum til að standast kostnað við sjúkrahússvist þurfamanna, og ber hreppsnefndinni að ganga eftir því fyrir hreppsins hönd, og sanna, að skilyrði, sem sett eru fyrir styrkveitingunni, séu fyrir hendi; en ákvæðið takmarkar ekki samningsfrelsi hreppsnefndarinnar, eða haggar við þeim skuldbindingum við sjúkrahúsið, er hún hefir tekið á sig, og getur það því alls ekki losað hreppsnefnd Nauteyrarhrepps við ábyrgð á legukostnaði oftnefnds þurfamanns í sjúkrahúsinu á Ísafirði.

Með því að aðrar varnir en þær, sem nú eru taldar, hafa eigi verið færðar gegn kröfum stefnda, verður að telja kröfurnar réttmætar og samkvæmt þeim dæma áfrýjanda til að greiða honum 1022 kr. 23 aura, eins og gjört er í hinum áfrýjaða dómi, þó svo, að vextir af þessari fjárhæð séu ákveðnir að eins 5% frá stefnudegi til borgunardags. Með því að ákvæði dómsins um málskostnað og sekt fyrir ósæmilegan rithátt þykir eftir atvikum eiga að samþykkja, verður þannig að staðfesta hann með áminstri breytingu.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda einnig að greiða stefnda og ákveðst hann 25 krónur.

Málfærsla hins skipaða talsmanns áfrýjanda hefir verið lögmæt, og bera honum í málflutningslaun 20 kr., er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að ársvextir af dómsupphæðinni teljist 5%. Áfrýjandi Halldór Jónsson fyrir hönd Nauteyrarhrepps greiði stefndu, sjúkrahúsnefnd Ísafjarðar, þeim Davíð Scheving, Eiríki Kjerúlf og Jóh. Þorsteinssyni 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, Birni Þórðarsyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist í málflutningslaun 20 kr. af almannafé.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 8. dag maímán.

Nr. 53/1910: Þorvaldur Jónsson
gegn
bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd
Ísafjarðarkaupstaðar.

Dómur:

Í fundargjörð heilbrigðisnefndar Ísafjarðarkaupstaðar 1. júlí f. á. segir svo: »Tilefni fundarins var, að á lóð Þorvaldar Jónssonar læknis var mykjuhaugur, er náði upp úr safngryfju og sást af götunni. Ákvað nefndin, að þak skyldi sett yfir safngryfju þessa, og þrifað til kringum hana eigi síðar en 8. þ. m. Verði þessu ákvæði eigi hlýtt, lætur

heilbrigðisnefndin tæma gryfjuna og fylla hana upp á kostnað eiganda«. Var þessi fundargjörð sama dag birt Þorvaldi lækni og bankastjóra Jónssyni, áfrýjanda þessa máls, og 11. s. m. kom nefndin aftur á fund á staðnum (þ. e. lóð áfrýjanda), og athugaði þá, að tekinn hafði verið kúfur ofan af safngryfjunni, svo að hún var ekki meir en barmafull, og þrifað í kringum hana, en hlemmur hafði ekki verið settur á hana. Fól nefndin formanni sínum, bæjarfógetanum á Ísafirði, að sjá um að framfylgt yrði fundarályktuninni 1. s. m. Samkvæmt því lét bæjarfógetinn taka áburðinn úr gryfjunni og færa burtu, en fylla hana með möl og aur. Kostnaðinn við þetta, kr. 7,15, sem greiddur var til bráðabirgða úr bæjarsjóði, krafðist bæjargjaldkerinn yrði tekinn lögtaki hjá áfrýjanda, og við fógetagjörð, sem í því skyni var haldin 11. ágúst, úrskurðaði fógetinn gegn mótmælum áfrýjanda, að lögtakið skyldi fara fram, en til að komast hjá lögtaki, greiddi áfrýjandi áminsta upphæð, auk lögtakskostnaðar, alls kr. 9,90, en áskildi sér jafnframt að áfrýja úrskurðinum, og hefir hann nú með stefnu dags. 21. sept. f. á. skotið til yfirdómsins nefndum fógetaúrskurði og lögtaksgjörð og krafist, að það verði felt úr gildi, og að bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar fyrir hönd bæjarsjóðsins verði dæmd til að endurgreiða sér lögtaksupphæðina kr. 9,90, og hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins. Svo er þess og krafist, að nokkur ummæli um áfrýjanda í framlögðu skjali dags. 28. nóv. f. á. frá Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni verði dæmd dauð og ómerk og bæjarfógetinn sektaður fyrir þau.

Af hálfu hinna stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgjörð verði staðfest, og að þeim,

hvernig sem málið fer, verði dæmdur málskostnaður eftir reikningi eða eftir mati réttarins.

Skýrslur málsins bera það með sér, að umgetin áburðargryfja var kassi, 4 ál. á hvorn veg, $1^1/_2$ að dýpt, grafin niður í einu horni á túni áfrýjanda milli Bankagötu og Póstgötu, þannig að ca. $^1/_4$ al. tók upp úr jörð, og að áfrýjandi hafði notað gryfjuna með þessum umbúnaði til áburðargeymslu í 12 ár óátalið. En að sögn formanns heilbrigðisnefndarinnar benti einn af »góðborgurum« bæjarins honum á það í fyrra sumar, að haugur væri kominn ofan á safngryfjuna og krafðist, að það væri eigi látið viðgangast, og varð þetta til þess, að heilbrigðisnefndin lét málið til sín taka; telur hún heimild vera fyrir ráðstöfun sinni í 17. og 18. gr. heilbrigðissamþyktar fyrir Ísafjarðarkaupstað 5. maí 1906. Fyrtalda greinin virðist þó eigi taka til þessa máls, en 18. gr. er svolátandi: »Ef peningshús eða safngryfja, sem eldri er en þessi samþykt, valda óþrifnaði, má heilbrigðisnefndin banna afnot þeirra, nema bætt sé og lagfært samkvæmt 17. gr«. En áfrýjandi heldur því aftur á móti fram, að þessi ráðstöfun nefndarinnar sé heimildarlaus, með því að áburðarkassinn eða gryfjan hafi engum óþrifnaði valdið.

Í fundargjörðinni 1. júlí f. á. er sú ástæða ein talin fyrir ályktun nefndarinnar, að mykjukúfur væri kominn ofan á gryfjuna og sæist frá götu; af þessu verður nú ekki frekar ráðið en það, að nefndinni hafi þótt óprýði að því, að láta áburðinn sjást frá almannafæri, enda hefir einn af heilbrigðisnefndarmönnunum, héraðslæknirinn, sem var ráðstöfuninni ósamþykkur, borið þetta sem vitni í málinu, en hinu hafa stefndu ekki haldið fram fyr en í málfærslunni hér við réttinn, að neinn óþrifnaður hafi

verið að gryfjunni. Það hefir eigi heldur verið reynt að sanna þetta, en hins vegar hafa nágrannar áfrýjanda og aðrir kunnugir menn borið það sem vitni, að í gryfjunni hafi að eins verið þur mykja, svo að ekkert rensli hafi verið frá henni og enginn óþefur, og vel þrifið í kringum hana, og í sömu átt fer vottorð frá 124 borgurum á Ísafirði, sem stefndu hafa tekið jafngilt sem vitnisburð fyrir rétti, að safngryfja áfrýjanda hafi aldrei valdið óþrifum. Með þessu verður að telja sannað, að eigi hafi neinn óþrifnaður stafað af safngryfjunni, og gat heilbrigðisnefndin því eigi af þeirri ástæðu bannað áfrýjanda að nota hana, eða stutt umgetna ráðstöfun sína við 18. gr. heilbrigðissamþyktarinnar. Þess er getið í fundargjörðinni, 1. júlí f. á,, að áburðargryfjan hafi sést frá götu, en þetta má þó telja vafasamt, einkum eftir að áfrýjandi hafði látið taka kúfinn ofan af henni, enda höfðu vitnin, sem um það voru spurð, ekki tekið eftir þessu, og eitt vitnið tekur það fram, að gryfjan, sem var 30—40 áln. frá götu, hafi eigi sést fyr en komið var fast að henni. En þó að hún hefði sést frá götu, svo að heilbrigðisnefndin samkvæmt 44. gr. i lögreglusamþykt fyrir kaupstaðinn 21. nóv. 1893 hefði getað lagt fyrir áfrýjanda að láta hlemm yfir kassann, þá gat þetta ekki heimilað nefndarmanni að ónýta kassann og gryfjuna, en að eins að láta vinna verk það á kostnað áfrýjanda, er hún hafði lagt fyrir hann, en hann talið sér óskylt að gjöra, þ. e. að láta lok yfir gryfjuna.

Það verður, af greindum ástæðum eigi álitið, að heimild hafi verið fyrir áminstri ráðstöfun heilbrigðisnefndarinnar, og varð áfrýjandi þá eigi krafinn um borgun fyrir hana, né lögtak gjört fyrir kostnaðinum. Fyrir því verður að nema úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgjörð og skylda hina stefndu bæjarstjórn til að endurgreiða áfrý-

janda lögtaksupphæðina, kr. 9,90. Svo er og rétt, eftir þeim úrslitum, að bæjarstjórnin greiði áfrýjanda málskostnað, sem ákveðst 30 kr.

Með því að fyrnefnt bréf frá Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni er eigi stýlað til yfirdómsins og eigi sést heldur, að það sé með hans vilja eða ráði framlagt í réttinum, verður hann eigi látinn sæta ábyrgð fyrir ummæli bréfsins. En málfærslumaður stefnda Magnús Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmaður hefir lagt fram bréfið og lýst því yfir, að hann geri það að einum hluta af vörn sinni í málinu. Verður hann því að bera ábyrgð á rithætti bréfsins, og kemst þá ekki hjá því að sæta sekt fyrir þessi ummæli: »að fleka samborgara sína til að undirskrifa annað eins lygaskjal», sem viðhöfð eru í bréfinu um áfrýjanda, og ákveðst sektin 10 kr. til fátækrasjóðs Reykjavíkur og 10 kr. til landssjóðs.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgjörð skal úr gildi feld, og ber hinni stefndu bæjarstjórn að greiða áfrýjanda Þorvaldi Jónssyni bankastjóra úr bæjarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar 9 kr. 90 a. og í málskostnað 30 kr. Magnús Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmaður greiði sekt 10 kr. í fátækrasjóð Reykjavíkur og 10 kr. í landssjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagri lagaaðför.

Mánudaginn 29. dag maímán.

Nr. 6/1911: Þórður Sveinsson
gegn
Tryggva Gunnarssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað af stefnda fyrverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssyni gegn Þórði Sveinssyni geðveikralækni á Kleppi út af ummælum um sig (stefnda) af hálfu áfrýjanda í ræðu á opinberum fundi, sem haldinn var í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík 7. febr. f. á., og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 18. ágúst s. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandi var, samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, dæmdur í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi og hin átöldu ummæli dæmd dauð og marklaus, svo skyldi og áfrýjandinn greiða stefnda málskostnað með 25 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. febr. þ. á. og hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður, bæði að því er snertir sekt, ómerkingu og málskostnað hins áfrýjaða dóms og honum tildæmdur málskostnaður bæði fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins, en til vara hefir hann krafist þess, að hin ídæmda sekt verði færð niður eftir því sem lög frekast leyfa og honum tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. — Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirrétti eftir mati réttarins.

Ummæli þau, sem átalin eru af stefnda sem meiðandi fyrir sig, eru þessi: að hann (áfrýjandi) taldi það tákn siðspillingar, að þessi bær (þ. e. Reykjavík) skyldi hafa kosið stefnda í bæjarstjórn í þetta sinn (þ. e. við síðustu bæjarstjórnarkosningar, sem fram fóru 29. jan. s. á.), að það hefði vitnast, að stjórn stefnda á Landsbankanum hefði bakað bankanum sem svarar 25000 kr. tjón á hverju ári meðan stefndi var við hann, að það hefði vitnast, að stefndi hefði bakað þessari þjóðstofnun tjón, sem svaraði 5 kr. nefskatti á hvert mannsbarn á landinu, og að það gæti verið álitamál hversu hart bæri að refsa fyrir svona aðgerðir, en að heiðra stefnda fyrir þær, það væri óafmáanlegur spillingarblettur.

Áfrýjandi heldur því fram, að hin umstefndu ummæli séu ekki ærumeiðandi, og tekur hann fram, að þótt hann hafi komist svo að orði um stefnda, að það væri tákn siðspillingar, eftir því sem á stóð, að kjósa hann í bæjarstjórn við síðustu kosningar, þá felist í ummælum þessum engin aðdróttun til stefnda um það, að hann væri miður virðingarverður maður. Á þetta verður þó ekki fallist, því þótt nefndum ummælum sé sérstaklega beint að nokkrum flokki kjósenda, þ. e. þeirra, er kosið hafa stefnda fyrir bæjarfulltrúa, þá snerta þau engu síður stefnda persónulega, þar eð þau verða að byggjast á því, að stefndi sé ekki heiðarlegur maður. — Þá hefir áfrýjandi tekið fram, að þar sem hann talar um tap Landsbankans, þá styðjist hann við skýrslu bankarannsóknarnefndar þeirrar, er ráðherra Íslands skipaði 26. ágúst 1909 til að rannsaka hag Landsbankans, og nái ekki neinni átt að telja hann (áfrýjanda) sekan um ærumeiðing fyrir ummæli sín þar að lútandi; hann hafi ekki annað gjört en að ryfja upp

úr nefndri skýrslu, sem sé opinber og hafi fult sönnunargildi, þar til henni sé hnekt, niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar um tjónið. Ummæli áfrýjanda um það, að stjórn stefnda á Landsbankanum hafi bakað bankanum 25000 kr. tjón á ári og landinu tjón er nemi 5 kr. á mann, geta nú ekki út af fyrir sig talist ærumeiðandi fyrir stefnda, og þarf því ekki að rannsaka hvaða sönnunargildi skýrsla rannsóknarnefndarinnar hefir að þessu leyti, en í sambandi við ummæli áfrýjanda um, að það geti verið álitamál, hversu hart beri að refsa fyrir svona tilgerðir, þá verða þau ærumeiðandi, því að þau ummæli verða að byggjast á því, að stefndi hafi stjórnað bankanum svo að refsingarvert væri, það gæti því að eins verið, að bankanum hefði af völdum stefnda verið bakað tjón af ásetningi eða vísvitandi hirðuleysi, en fyrir því eru í máli þessu engar sannanir framkomnar gegn mótmælum stefnda.

Hin átöldu ummæli hafa því af héraðsdómaranum réttilega verið talin meiðandi og móðgandi, og þar sem þau ekki eru réttlætt, hefir áfrýjandi réttilega verið sektaður fyrir þau samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með tilliti til þess, að hin átöldu ummæli eru flutt á fjölmennum fundi, verður sektarupphæðin að teljast hæfileg.

Með því að landsyfirdómurinn þannig felst á héraðsdóminn, bæði að því er snertir sektarupphæðina, ómerking hinna átöldu meiðyrða og ákvæði hans um málskostnað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti. Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi, geðveikralæknir Þórður Sveinsson, greiði stefnda, fyrverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. dag júnímán.

Nr. 3/1911: Ólafur Björnsson gegn Jóni Ólafssyni.

Dómur:

Í grein með fyrirsögn »Glæsilegir merkisberar« í blaðinu Ísafold, 37. árg. 57. tbl., sem út kom 3. sept. f. á., gjörði ritstjórinn, áfrýjandi þessa máls, Ólafur Björnsson, að umtalsefni meiðyrðamál, er hann hafði höfðað gegn stefnda, Jóni Ólafssyni alþingismanni, út af ummælum áfrýjanda í blaðinu Reykjavík 30. nóv. 1909. Tjáist hann hafa gjört ráðstöfun þegar sama daginn sem ummælin birtust til að draga mannorðsskemminn (þ: stefnda) fyrir lög og dóm, skýrði frá úrslitum málsins, að stefndi hefði verið dæmdur í 80 króna sekt og meiðyrðin ómerkt, og bætti síðan við, að stefndi hefði þá hér gjört illkvitna árás á einkahagslíf manns með því að skrökva upp frá rótum mannorðsskemmandi ærumeiðingum, sem ekki

hafi verið nokkur fótur fyrir; og síðar segir í greininni, að ekkert hafi það framkomið í málinu, er gefi ástæðu til að ætla annað, en að þessum mannorðsmeiðingum í garð áfrýjanda hafi í Reykjavíkinni verið skrökvað vísvitandi frá rótum.

Út af þessum o. fl. ummælum í Ísafoldargreininni höfðaði stefndi mál þetta gegn áfrýjanda og krafðist refsingar á hendur honum og ómerkingar á þessum ummælum: »mannorðsskemmi«, »skrökva upp frá rótum mannorðsskemandi ærumeiðingum«, »skrökva vísvitandi upp frá rótum« og nokkrum fleiri orðum. Lauk því máli svo á bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 15. des. f. á., að áfrýjandi var dæmdur í 30 króna sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi og í 15 kr. málskostnað til stefnda; svo voru hin tilvitnuðu ummæli dæmd dauð og ómerk. Dómi þessum hefir nú áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. febr. þ. á. (í stefnunni er dagsetning dómsins talin 22. des. f. á., en þetta virðist mega telja ritvillu) og krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður, og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer, en stefndi krefst, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Sýknarkröfu sinni til stuðnings heldur áfrýjandi því aðallega fram, að hin átöldu ummæli eigi við rök að styðjast, séu sönn. Stefndi hafi með Reykjavíkurgreininni skemt mannorð áfrýjanda og hafi því verið heimilt að nefna hann »mannorðsskemmir«. Stefndi hafi þózt ætla að sanna með vitnaleiðslu, að ummæli greinariunar væru sönn, en það hafi farið svo, að sannast hafi að

þeim var skrökvað upp frá rótum, og stefndi hafi eigi heldur tilgreint neinn sögumann, eða reynt að sýna fram á, að ummælunum hafi verið skrökvað upp af öðrum, og verði eigi frekari sannana krafist til þess að orðin »skrökva upp frá rótum« o. s. frv. og »skrökvað vísvitandi upp frá rótum« séu fyllilega réttlætt.

Það virðist nú eigi vera ástæða til að skilja svo orðið »mannorðsskemmir« að það eigi að vera almenn lýsing eða einkenning á stefnda, en eftir sambandinu er það viðhaft að eins út af meiðyrðunum, er getur um í greininni og stefndi var dæmdur fyrir. En í því sambandi verður þetta orð eigi talið óréttmætt, og þá eigi heldur saknæmt að lögum. Þar á móti hefir áfrýjandi eigi réttlætt þann áburð á stefnda, að hann hafi skrökvað upp frá rótum eða vísvitandi ummælum um áfrýjanda, er hann var dæmdur fyrir, því að þó að stefnda tækist eigi að sanna þau, eða tilgreina sögumann að þeim, verður ekki staðhæft að hann hafi ekki haft ástæðu til að ætla, að honum mundi takast það. Með því að áburður þessi er ærumeiðandi, verður að dæma hann dauðan og ómerkan og sekta áfrýjanda fyrir hann samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, og þykir sektin hæfilega metin 20 krónur og greiðist í landssjóð, en til vara sæti áfrýjandi 4 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd á réttum tíma. Um málskostnað fyrir undirrétti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli um stefnda Jón Ólafsson alþingismann eiga að vera dauð og ómerk. Áfrýjandi

Ólafur Björnsson ritstjóri greiði 20 kr. sekt í landssjóð, eða sæti 4 daga einföldu fangelsi ef sektin er eigi greidd á réttum tíma. Um málskostnað fyrir undirrétti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 12/1911: Réttvísin gegn Friðrik Jónssyni.

Dómur.

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu uppkveðnum 21. febrúar þ. á. var ákærði Friðrik Jónsson skósmiður á Sauðárkrók dæmdur samkvæmt 240. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. við tilsk. 8. sept. 1841, fyrir að afmarka og selja óleyfilega á, er annar maður átti, til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði Jónasar hreppsnefndarmanns Sveinssonar á Sauðárkrók 6 krónur. En dómi þessum hefir, eftir ósk hins dómfelda, verið skotið til yfirdómsins.

Síðastliðið haust þóttist Sigurður bóndi Jónsson í Litlugröf í Staðarhreppi þekkja á, er hann átti, í rétt verzlunar einnar á Sauðárkrók, og var ærin nýlega afmörkuð undir mark Michelsens nokkurs úrsmiðs þar í verzlunarstaðnum, en leifar af marki Sigurðar bónda voru enn

á kindinni. Við eftirgrenslan út af þessu kom það í ljós, að Michelsen hafði fengið ána kvöldið áður hjá ákærða ásamt 2 öðrum kindum, og voru nánari atvik að því þau er nú skal greina, samkvæmt skýrslu ákærða, er að öllu leyti kemur heim við frásögn Michelsens og annara vitna. Ákærði keypti haustið 1908 af Friðriki bónda Sigfússyni í Pottagerði í Staðarhreppi tvær gimbrar, hvítar og hyrndar, og voru þær með marki Friðriks: blaðstýft framan, fjöður aftan hægra, sýlt, biti framan, fjöður aftan vinstra, en ákærði markaði þær þegar í stað undir sitt mark: hvatrifað, gagnbitað hægra, miðhlutað í stúf, gagnbitað vinstra, og hafði ákærði síðan ærnar í fóðri hjá Friðriki í Pottagerði veturna 1908—9 og 1909—10. Veturinn 1909—10 seldi ákærði fyrnefndum Michelsen 4 ær, sem áttu ekki að afhendast fyr en haustið eftir (síðastliðið haust) og ætlaði Michelsen ærnar til lífs og hafði því áskilið að þær væru afhentar sér markaðar undir sitt mark. Á þá, er hér er um að ræða, telur ákærði sig hafa heimt í Staðarrétt 20. sept. síðastliðinn og afmarkaði hann hana við ljós sama kvöldið í fjárhúsi stjúpföður síns undir mark Michelsens: stýft, biti aftan, fjöður framan hægra, tvístýft aftan, fjöður framan vinstra, og voru þá viðstaddir stjúpfaðir ákærða og annar maður og hélt annar þeirra á ljósinu. Tveim dögum seinna færði svo ákærði Michelsen ána eins og fyr er sagt.

Ákærði hélt því fast fram framan af í prófunum, að ærin er Sigurður bóndi í Gröf þóttist þekkja sem sína, væri önnur ærin frá Pottagerði, og hefði hún því verið rétt eign sín. Þessari fullyrðing sinni hélt ákærði óbreyttri eins eftir að tilkvaddir menn af rannsóknardómaranum höfðu skoðað ána og lýst því áliti sínu um mörkin á

henni og annari kind (lambhrút), er einnig var skoðuð, »að í fyrsta lagi væri hægra eyra á kindum þessum fullhátt, til þess að geta hafa gegnum gengið þær markbreytingar, er yfirheyrði Friðrik Jónsson skýrir frá, og í öðru lagi findist ekki að framan votta fyrir bita, að minsta kosti ekki á lambhrútnum, eins og þó ætti að gera samkvæmt skýrslu yfirheyrða«. En síðan var Friðrik í Pottagerði, er hafði selt ákærða ána og haft hana síðan í geymslu fyrir ákærða, látinn athuga ána, og lét hann það álit sitt upp fyrir rétti, eftir grandgæfilega skoðun á henni, að vegna vöntunar á votti um bita á hægra eyra ærinnar efaðist hann um, að hún væri önnur ærin frá sér, en kannaðist þó við, að hún væri mjög lík annari ánni, er hann seldi ákærða.

Fyrir þessu áliti Friðriks bónda heygði ákærði sig og félst á, að sér hlyti að hafa skjátlast, er hann tók ána og eignaði sér hana, og samþykti að ærin væri fengin Sigurði bónda, sem eign hans. En hann fullyrti að þetta hefði orðið af gáleysi fyrir sér og misgrip, þar sem hann þóttist hafa þekt ána svo vel af útliti og svip, að hann hefði ekki athugað mark á henni nánara, en haft þá föstu sannfæring, að ærin væri sín eign, önnur Pottagerðisærin. Þessari fullyrðing sinni, að afmörkunin, ef hún hafi verið röng, hafi verið gáleysisverk, hélt ákærði fastri og fekst ekki til að játa, að hann hefði vitað annað en sitt mark væri á ánni, er hann afmarkaði hana.

Jafnvel þótt álit skoðunarmanna á mörkunum verði að teljast fremur ófullnægjandi eitt út af fyrir sig, virðist það þó mega telja sannað í málinu, að umrædd ær, sem Sigurður bóndi Jónsson hefir helgað sér með eiði, hafi verið hans eign og með hans marki, en eigi ær sú, er

ákærði keypti í Pottagerði, og að ákærði hafi því afhent Michelsen annars manns kind sem sína.

Það er ekki ástæða til að vefengja þann framburð ákærða, að hann hafi þózt þekkja kind þessa af svip og útliti sem sína eign, og að hann hafi, þegar hann dró sér hana úr Staðarrétt, verið sannfærður um að hún væri önnur Pottagerðisærin með sínu soramarki, og haft enn þessa sannfæringu, þegar hann gekk að kindinni til að afmarka hana í fjárhúsi stjúpföður síns. En óðruvísi verður að líta á staðhæfing ákærða um, að hann hafi afmarkað kindina af gáleysi eða hugsunarleysi, og eigi athugað, hvaða mark þá var á henni, því að þessi staðhæfing hans er með öllu ósennileg og óskiljanleg, þegar þess er gætt, hve gjörólík mörkin eru, soramark ákærða, hvatrifað, gagnbitað hægra, miðhlutað, gagnbitað vinstra, sem ákærði þóttist viss um að væri á kindinni, og mark Sigurðar í Litlugröf, vaglskorið aftan hægra, sneitt aftan, biti framan vinstra, er telja verður sannað, að verið hafi á henni. Próf málsins sína að ákærði er kunnugur sauðfjármörkum, og það verður þá eigi annað ætlað en að hann, jafnskjótt og hann sá og þreifaði á eyrum kindarinnar — en það varð hann auðvitað að gjöra til þess að geta breytt markinu — hafi hlotið að ganga úr skugga um, að það var ekki soramark hans, heldur mark annars manns. Það verður því að hafna framburði ákærða um að hann hafi afmarkað kindina af gáleysi og eigi athugað mark á henni, en líta svo á, að honum hafi verið ljóst er hann vann þetta verk, að kindin, sem hefir verið metin 10 kr. virði, var með annars manns marki og annars manns eign, og að hann þrátt fyrir það hafi markað hana í þeim tilgangi að hagnýta sér hana handa Michelsen.

Þetta brot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og hefir eigi fyr sætt refsingu fyrir neitt afbrot, heyrir undir 250 gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir hæfilegt að ákveða refsinguna fyrir það 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað samþykkjast. Svo ber og ákærða að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 12 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Friðrik Jónsson sæti 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. dag júnímán.

Nr. 7/1911: Magnús Þórðarson & Co.
gegn
G. Gíslason & Hay.

Dómur:

Einar lagaskólakennari Arnórsson fyrir hönd áfrýjendanna, Magnúsar Þórðarsonar & Co., þeirra Magnúsar Þórðarsonar, Þorsteins Jónssonar, Árna Filippussonar, Einars Jónssonar, Lyder Höjdals, Sigurðar Sigurfinnssonar, Ágústs Gíslasonar og Friðriks Svipmundarsonar, allra í Vestmannaeyjum, höfðaði mál þetta fyrir gestarétti í Reykjavík gegn stefnda G. Gíslason & Hay, til þess að fá þá dæmda til að greiða áfrýjendunum skaðabætur að upphæð 4700 kr. (auk vaxta) fyrir tjón, er áfrýjendurnir telja sig hafa orðið fyrir af völdum stefndu sökum vanrækslu þeirra í erindisrekstri fyrir áfrýjendur við kaup á fiskiskipi hingað frá Skotlandi. Var mál þetta dæmt í téðum rétti 7. jan. þ. á., þannig að stefndu voru sýknaðir af kærum og kröfum Einars Arnórssonar fyrir hönd áfrýjendanna og málskostnaður látinn falla niður, en borgun til setudómara í málinu Björns Þórðarsonar cand. juris, samkvæmt veittu gjafsóknarleyfi (sbr. lög nr. 44, 16. nóv. 1907) var ákveðin í dóminum 50 krónur og skyldi greiðast úr landsjóði.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. febrúar þ. á. og krafist þess, að stefndu verði skyldaðir með dómi til að greiða áfrýjendunum 4700 kr. með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir

mati yfirdómsins. Hinir stefndu hafa aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði algjörlega staðfestur og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandinn byggir kröfu sína á hendur stefndu á því, að þeir félagar hafi veturinn 1904—1905 falið stefndu að kaupa fyrir sig fiskiskip Reaper að nafni í Skotlandi, en stefndu hafi vanrækt að vátryggja skipið, eins og kaupendurnir höfðu lagt fyrir; hafi skipið svo orðið fyrir sjóskaða á leiðinni til Íslands, óvátryggt, og hafi það bakað eigendunum 700 kr. tjón. Svo hafi það og komið í ljós er til Íslands kom og fara átti að nota skipið til fiskiveiða, að það var stórgallað, maðksmogið og fúið, og fór svo, að eigendurnir seldu það öðrum fyrir einar 1600 krónur. Telja áfrýjendur að stefndu hafi í þessum erindisrekstri sýnt svo mikið skeytingarleysi, bæði með því að vanrækja að fá skipið vátrygt og með því að láta ekki skoðun fara fram á því áður en það var keypt, að þeir eigi að bæta áfrýjendum tjón það, er af þessu hefir hlotist fyrir þá, fyrnefndan sjóskaða, 700 kr. og mismuninn á verði skipsins, er áfrýjendurnir keyptu það, og því er þeir urðu að selja það fyrir, en þann mismun telja þeir 4000 kr., og alt tjónið, er þeir krefjast bóta fyrir, þess vegna 4700 krónur.

Hinir stefndu hafa mótmælt algjörlega þessari skýrslu áfrýjenda og þar á bygðum kröfum þeirra.

Þeir neita því, að þeim hafi verið falið eða þeir tekist á hendur kaupin á fiskiskipinu Reaper. Þau hafi haft á hendi og framkvæmt sendimaður frá áfrýjendunum, en stefndu að eins verið beðnir að aðstoða hann og leiðbeina í kaupunum, ef þörf gjörðist, eins og einnig stefndu

eftir beiðni áfrýjanda hefðu lagt út kaupverðið fyrir skipið og annað fé, er sendimaður eða erindreki áfrýjenda þurfti með til útbúnaðar skipsins og vátryggingar og til farmkaupa í það, til ferðarinnar til Íslands frá Skotlandi eftir kaupin. Styðst þessi skýrsla stefndu fullkomlega við bréf frá áfrýjendunum til hinna stefndu, dags. 30. nóv. 1904, sem þeir létu rita hinum stefndu, með sendimanni þeim, er fyr getur, um og gjörði kaupin á Reaper, en í bréfi þessu skýra áfrýjendurnir stefndu frá ráðstöfunum sínum um skipakaupin og lýsa óskum sínum um það, hverrar aðstoðar þeir vænti frá stefndu í þessu efni. Gefur bréf þetta frá áfrýjendunum ekki tilefni til að líta svo á, að ætlast hafi verið til annara afskifta af stefndu hálfu af skipakaupunum, en að þeir létu þar í té ráð sín og leiðbeiningar, að svo miklu leyti aðalerindrekinn, sendimaðurinn, leitaði þeirra, enda sést það og af öðrum skjölum málsins, að kaupin voru fullgerð af sendimanni einum, án þess að stefndu tækju nokkurn teljandi þátt í þeim, annan en að sjá um útborgun skipsverðsins, eftir tilvísun sendimannsins. Kaup skipsins voru þannig hvorki falin stefndu né gjörð af þeim og gat því ekki í því tilliti verið um neina vanrækslu að ræða af þeirra hálfu. Þá hafa stefndu einnig neitað því, að þeim hafi borið nokkur skylda til að annast vátryggingu skipsins til Íslands, eða að þeim verði gefin sök á því, að skipið fór frá Skotlandi óvátrygt. Í fyrnefndu bréfi 30. nóv. 1904 frá áfrýjendum til stefndu er að vísu tekið fram að áríðandi sé, að skipið verði vátrygt, og er stefndu skýrt þar frá því, að sendimanninum, sem átti að gjöra kaupin, hafi verið lagt fyrir, að afgera engin kaup, nema þetta, vátrygging skipsins, sé

fáanleg með viðunanlegum kjörum, »og er aðstoð yðar hér einnig nauðsynleg«, er bætt við í bréfinu; en á þessu er auðsætt, að ætlast var til að stefndu styddu að því, að skipið fengist vátrygt svo una mætti við, en það er einnig upplýst í málinu, að stefndu létu sér umhugað um vátryggingu skipsins og leituðu sjálfir fyrir sér um það; en að þó tókst svo til, að skipið sigldi til Íslands óvátrygt, var sendimanninum einum að kenna, því að þótt stefndu hefðu fengið honum fé til vátryggingarinnar, sem hann þóttist geta keypt betur en þeir, þá varð ekki úr því fyrir honum, að vátryggja skipið, en hann ritaði þó stefndu að hann hefði gjört það, og vissu þeir því ekki betur en að alt væri í lagi í því efni.

Það verður samkvæmt þessu ekki álitið, að áfrýjendurnir geti gefið hinum stefndu sök á því, hvernig kaupin á umræddu skipi voru af hendi leyst, né á því, að skipið var ekki, samkvæmt fyrirmælum kaupendanna, vátrygt áður en því var siglt til Íslands eftir kaupin, en þar af leiðir, að þeim verður þá heldur ekki gjört að skyldu, að bæta áfrýjendunum það tjón, er þeir telja sig hafa beðið við þetta. Það verður því að fallast á það, að gestarétturinn hefir sýknað stefndu fyrir kærum og kröfum áfrýjenda í þessu máli, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm bæði í aðalefni og um málskostnaðinn, að því leyti sem hann er látinn falla niður; en ákvæði dómsins um borgun til setudómarans á eigi við lög að styðjast og ber því að ómerkja það. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt, að áfrýjendurnir greiði stefnda 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði gestaréttardómsins um borgun til setudómarans á ómerkt að vera, en að öðru leyti skal gestaréttardóminum óraskað. Áfrýjendurnir Magnús Þórðarson & Co. í Vestmannaeyjum greiði stefndu G. Gíslason & Hay í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 17/1911: Þórður J. Thoroddsen gegn Þórarni Eyólfssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Þórður J. Thoroddsen læknir í Reykjavík fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn stefnda, Þórarni Eyólfssyni þurrabúðarmanni í Kongsgerði í Leiru, og krafðist greiðslu á skuld samkvæmt skuldabréfi dags. 29. nóvbr. 1912 að upphæð 116 kr. 61 e.

Var málið dæmt 19. okt. f. á. með þeim úrslitum, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir Þórður J. Thoroddsen áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu dags. 12. apríl þ. á. og krafist þess, að dómi þessum verði hrundið eða breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér hina umstefndu skuld ásamt

vöxtum frá sáttakærudegi og málskostnað, en til vara hefir hann krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 21 kr. 42 aur., ásamt vöxtum og málskostnað eftir réttarins mati. Hins vegar hefir stefndi krafist þess, að verða sýknaður af kröfum áfrýjanda, eða til vara, að honum verði heimilað að synja með eiði fyrir undirskrift sína, eða heimild öðrum veitta til að rita nafn hans undir hið framlagða skuldabréf, og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað, hvernig sem málið fer.

Svo sem fram er tekið, hefir áfrýjandi lagt fram skuldabréf dags. 29. nóv. 1912, þar sem stefndi skuldbindur sig til að greiða áfrýjanda umstefnda upphæð þannig: 16 kr. 61 e. fyrir 20 marz 1903 og eftirstöðvarnar 100 kr. á næstu 5 árum eða 20 kr. á ári. Telur áfrýjandi skuldabréf þetta bygt á verzlunarviðskiftum stefnda við verzlunarfélag Rosmhvalanesshrepps, er hann (stefndi) hafi skuldað 95 kr. 19 a., og ennfremur við fyrverandi verzlun Ólafs kaupmanns Ásbjörnssonar í Keflavík, er hann hafi skuldað 21 kr. 42 a., er samanlagt komi heim við upphæð skuldabréfsins. Stefndi hefir frá sinni hálfu neitað því eindregið, að hann hafi undirskrifað fyrnefnt skuldabréf eða gefið nokkrum manni heimild til þess að undirskrifa það fyrir hans hönd, og hefir hann nú krafist þess, að fá að neita undirskrift sinni með eiði.

Nafn stefnda er að vísu ritað undir skuldabréfið og einnig nöfn tveggja núlifandi manna, sem vitundarvotta, en annar þessara manna er að sögn áfrýjanda sjónlaus, sem eigi hefir verið mótmælt af stefnda, og getur því ekki nú borið vitni um það, hvort hans eiginhandarnafn sé undir skuldabréfið ritað, en áfrýjandi hefir lagt fram

sýnishorn af rithönd hans, sem stefndi að vísu ekki hefir neitað að væri lík rithönd annars vitundarvottsins, en engu að síður neitar stefndi því afdráttarlaust, að hann sjálfur eða nokkur annar maður eftir hans heimild hafi undirskrifað skuldabréfið. Hvað hinn vitundarvottinn snertir, þá hefir hann í vottorði, er lagt hefir verið fram í héraðsrétti, lýst yfir því, eftir því sem hann bezt minni, þá muni þar til nefndur maður, sem nú er látinn, með leyfi stefnda hafa ritað nafn hans undir oft nefnt skuldabréf. Vottorði þessu hefir verið mótmælt af stefnda, enda hefir það ekki verið staðfest fyrir rétti. Með gögnum þessum hefir áfrýjandi ekki gegn eindregnum mótmælum stefnda sannað undirskrift hans undir skuldabréfið, og verður því að láta úrslit þessa ágreiningsatriðis milli málsaðila vera komin undir eiði stefnda.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að þótt stefndi neiti með eiði undirskrift undir skuldabréfið, þá sé skuldakrafa hans eigi þar með fallin; skuldabréfsupphæðin sé bygð á því, að stefndi hafi samkvæmt framlögðum reikningum skuldað kaupfélagi Kosmhvalanesshrepps kr. 95,19, og verzlun Ólafs Ásbjörnssonar kr. 21,42, samtals kr. 116,61, og þessum skuldakröfum, er hann sé eigandi að, geti stefndi ekki gengið frá nema með eiði. Hér fyrir réttinum hefir stefndi haldið því fram, að kröfur þessar, þótt til hefði verið, séu ekki eign áfrýjanda, en þar sem mótmæli í þessa átt hafa ekki komið fram í héraði, heldur ætíð verið gengið út frá því í undirrétti, að áfrýjandinn sé eigandi þeirra, verða þau að teljast of seint framkomin, og verða ekki tekin til greina. Sömuleiðis verður ekki álitið að kröfur þessar séu fyrntar og verða því mótmæli stefnda þar að lútandi ekki tekin til greina.

Af kröfum þessum, samtals kr. 116,61 hefir stefndi neitað því, að hann hafi nokkurn tíma fengið 11 sekki af rugmjöli, er tilfærðir eru á reikninginum og nema kr. 65,45, heldur ekki kannast hann við skuld fyrir útteknar vörur í »Ásgeirsfélagi« kr. 25,97 og loks mótmælir hann framkominni vaxtakröfu kr. 13,05. Þar sem áfrýjandi hefir ekki gegn mótmælum stefnda fært neinar sannanir fyrir þessum liðum, samtals kr. 104,47, verða þeir að dragast frá hinni umstefndu kröfu, en eftirstöðvarnar kr. 12,14 ber stefnda að greiða. Stefndi hefir að vísu haldið því fram, að áfrýjandi hafi látið landsjóð greiða sér 68 kr. 50 au. í skaðabætur fyrir brenda muni stefnda tilheyrandi, en hafi að eins fært honum til reiknings 30 kr. af upphæð þessari, en gegn neitun áfrýjanda hefir stefndi ekki fært sönnur á, að áfrýjandi hafi tekið á móti meiru en 30 kr. af umræddum skaðabótum og verða þessar umþráttuðu 38 kr. 50 aur. því ekki teknar til greina til frádráttar kröfum áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit þessa máls þannig, að svo framarlega sem stefndi synjar fyrir það með eiði, að hann hafi undirritað eða gefið öðrum heimild til að rita nafn hans undir margnefnt skuldabréf, skal hann greiða áfrýjanda 12 kr. 14 a. ásamt 5 % vöxtum frá stefnudegi, en vera að öðru leyti sýkn af kröfum áfrýjanda, og fellur þá málskostnaður niður; en vinni stefndi ekki synjunareiðinn, ber honum að greiða áfrýjanda umstefnda skuld, kr. 116,61 ásamt 5 % vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og auk þess málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, er ákveðst 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Svo framarlega Þórarinn Eyólfsson eftir löglegan undirbúning á sinu varnarþingi synjar fyrir það með eiði, að hann hafi undirskrifað eða gefið öðrum manni heimild til þess fyrir hans hönd, að undirskrifa skuldabréf það til áfrýjanda Þórðar J. Thoroddsens, er fram hefir verið lagt í málinu og dagsett er 29. nóvbr. 1902, þá greiði hann áfrýjanda 12 kr. 14 a. með 5 % vöxtum frá stefnudegi þangað til borgun fer fram, en málskostnaður skal falla niður.

Vinni stefndi aftur á móti ekki eiðinn, skal hann greiða áfrýjanda 116 kr. 61 e. ásamt 5 % vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og auk þess málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi með 60 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. dag júlímán.

Nr. 2/1911: Magnús Jónsson
gegn
G. Gíslason & Hay.

Dómur:

Hinir stefndu, G. Gíslason & Hay, höfðuðu mál þetta fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda, Magnúsi

sýslumanni Jónssyni í Hafnarfirði til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér eftirstöðvar af reikningi yfir útlagðan kostnað við kaup á skipi m. m. 462 kr. 41 e. Var mál þetta dæmt í téðum rétti 7. jan. þ. á. þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefndu hina umsömdu upphæð, kr. 462,41, ásamt 6 % vöxtum frá 1. janúar 1910 til borgunardags svo og upp í málskostnað 50 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. jan. þ. á. og krafist þess aðallega, að verða algjörlega sýknaður af kröfum stefndu, en til vara, að hann verði ekki dæmdur til að greiða meira en 1/9 hluta kröfunnar, eða 51 kr. 35 a. og að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi verði látinn falla niður. Hinir stefndu hafa aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum atriðum, og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 30. nóvbr. 1904 skrifaði áfrýjandi, sem þá var sýslumaður í Vestmannaeyjum, þeim G. Gíslason & Hay bréf. Segir áfrýjandi í bréfinu, að nokkrir menn í Vestmannaeyjum hafi falið sér að skrifa stefndu til þess að leita hjálpar þeirra og leiðbeiningar til handa manni, er flutti bréfið til stefndu, en hjálp og leiðbeining þeirra átti aðallega að vera fólgin í því, að styðja mann þenna með ráðum og dáðum til þess að festa kaup á skipi nokkru, er sendimaðurinn hafði vísað þeim á, ásamt farmi í það heim til Vestmannaeyja. Biður áfrýjandi stefndu að leggja út peninga fyrir alt þetta fyrir kaupendurna. Til tryggingar eða greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem þeir G. Gíslason &

Hay kynnu að leggja fram í þessu skyni, sendi áfrýjandi þeim víxil, sem sparisjóður Vestmannaeyja hafði samþykt að greiða, að upphæð 6000 kr., og biður áfrýjandi stefndu að stýla reikninginn yfir kostnaðinn til Magnúsar Þórðarsonar & Co., Sjólyst Vestmannaeyjum. Stefndu urðu við tilmælum áfrýjanda og lögðu út peninga fyrir skipið, farminn og annað, er þurfti til þess að sktpið gæti lagt af stað heimleiðis. Sendu stefndu samkvæmt fyrirsögn bréfsins reikning yfir útgjöldin og ómakslaun sín til Magnúsar Þórðarsonar & Co. og reyndist reikningur þessi, er kom réttum hlutaðeigendum í hendur 21. jan. 1905, nokkru hærri en víxilupphæðin, er stefndu fengu greidda 28. marz s. á. En það sem ávantaði til fullnaðar greiðslu reikningsins, færðist áfrýjandi fyrir hönd kaupendanna undan að borga, vegna þess, að stefndu hefðu ekki vátrygt skipið hingað heim, eins og til hefði verið ætlast, en á heimleiðinni fekk skipið sjóskaða, er bakaði eigendunum 720 kr. tjón. Þá upphæð, sem á vantaði til fullnaðargreiðslu, sem með vöxtum til 1. jan. 1910 var orðin kr. 462,41, hafa stefndu krafist að áfrýjandi greiddi. Hafa stefndu haldið því fram, að áfrýjandi hafi með nefndu bréfi 30. nóvbr. 1904 skuldbundið sig til þess að greiða þeim allan kostnað þeirra út af skipakaupunum, enda hafi hann verið einn af kaupendum skipsins frá upphafi, og hafa þeir þessu til sönnunar lagt fram útdrátt úr bréfi frá áfrýjanda dags. í Vestmannaeyjum 24. febr. 1906.

Þessu hefir áfrýjandi neitað; heldur hann því fram, að hann hafi aldrei, beinlínis eða óbeinlínis, lofað eða undirgengist greiðslu á kostnaði þessum, hann hafi að eins ritað bréfið fyrir hönd Magnúsar Þórðarsonar & Co.,

eins og nefnt bréf beri með sér, og að hann hafi fyrst síðar orðið eigandi skipsins með hinum upprunalegu kaupendum, án þess að skuldir þeirra væru honum að nokkru viðkomandi, hvorki þessar né aðrar, enda hafi stefndu þegar í byrjun stýlað reikning sinn til Magnúsar Þórðarsonar & Co.

Áfrýjandi hefir að vísu ekki með berum orðum tekið það fram í umgetnu bréfi sínu, að hann tæki að sér greiðslu á útlögðum kostnaði stefndu út af skipakaupunum, en eftir orðalagi bráfsins verður að álíta, að stefndu hafi haft ástæðu til þess að líta svo á, að þeir ættu aðgang að áfrýjanda með greiðsluna, enda hafa þeir hiklaust gengið út frá því í bréfum sínum til áfrýjanda, að hann stæði þeim skil á greiðslunni, og áfrýjandi hefir í svarbréfum sínum til stefndu ekkert gert til þess að mótmæla þeim skilningi. Auk þess er það upplýst, að áfrýjandi hefir í bréfi til stefndu, dags. 6. nóvbr. 1905, talið sig einn meðal þeirra félaga um skipakaupin, er standa ættu skil á greiðslunni fyrir skipið, og hið sama kemur fram í bréfi áfrýjanda til þriðja manns, dags. 24. febr. 1906. Verður áfrýjandi því, samkvæmt eigin játningu sinni í bréfum þessum, að teljast einn meðal hinna upprunalegu kaupenda skipsins, enda hefir hann eigi gert neina grein fyrir því, hvenær hann hafi orðið meðeigandi skipsins, eða á annan hátt fært rök fyrir staðhæfingu sinni um það, að hann fyrst síðar eða eftir að skuldin til stefndu stofnaðist, hafi gengið inn í skipakaupin. En þar sem það verður að teljast sannað, að áfrýjandi hafi verið meðal hinna upprunalegu kaupenda, þá hafa stefndu einnig rétt til að krefjast greiðslu á skuld sinni að fullu hjá honum.

Þá hefir áfrýjandi krafist sýknunar af þeirri ástæðu, að stefndu hafi vanrækt að vátryggja skipið, eins os kaupendur hefðu lagt fyrir; hafi skipið svo, eins og áður er ávikið, orðið fyrir sjóskaða á leiðinni til Íslands óvátrygt, og hafi það bakað eigendunum 720 kr. tjón. Svo hafi það komið í ljós, er til Íslands kom, að skipið hafi verið stórgallað og óhæft til fiskiveiða, og hafi síðast verið selt á 1600 kr. Með þessu hafi stefndu sýnt svo mikla vanrækslu, að kaupendur skipsins og þá einnig áfrýjandi eftir almennum skaðabótareglum geti losnað við að greiða eftirstöðvarnar af andvirði skipsins. En svo sem fram hefir verið tekið, gefur bréf áfrýjanda ekki tilefni til að líta svo á, að ætlast hafi verið til annara afskifta af stefndra hálfu af skipskaupunum en að þeir létu í té ráð sín og leiðbeiningar, að svo miklu leyti sem aðalerindreki kaupendanna, sendimaðurinn, leitaði þeirra, og verður ekkert af skjölum málsins séð, að stefndu hafi tekið annan þátt í þeim, en að sjá um útborgun skipsverðsins, eftir tilvísun sendimannsins. Kaup skipsins voru þannig hvorki falin stefndu né gjörð af þeim, og getur því ekki í því tilliti verið um neina vanrækslu að ræða frá þeirra hálfu. Þá hafa stefndu neitað, að þeim hafi borið nokkur skylda að annast vátryggingu skipsins til Íslands, eða að þeim verði gefiu sök á því, að skipið fór frá Skotlandi óvátrygt. Í fyrnefndu bréfi 30. nóv. 1904 er að vísu tekið fram, að áríðandi sé, að skipið verði vátrygt, og stefndu skýrt frá, að sendimanni kaupendanna hafi verið lagt fyrir að afgera engin kaup nema þetta (vátrygging skipsins) sé fáanlegt með viðunanlegum kjörum, og »er aðstoð yðar einnig hér nauðsynleg« er bætt við í bréfinu, og er af þessu auðsætt, að ætlast er til að stefndu styddu að því,

að skipið fengist vátrygt, en það er upplýst í málinu, að stefndu létu sér umhugað um vátryggingu skipsins og leituðu sjálfir fyrir sér um það; en að þó tókst svo til, að skipið sigldi til Íslands óvátrygt, var sendimanninum einum að kenna, því að þótt stefndu fengju honum fé til vátryggingarinnar, sem hann þóttist geta keypt betur en þeir, þá varð þó ekki úr því fyrir honum að vátryggja skipið en hann skýrði þó stefndu frá því, að hann hefði gjört það, og vissu þeir því ekki betur, en að alt væri í lagi.

Það verður því samkvæmt þessu ekki álitið, að áfrýjandi eða meðeigendur hans í nefndu skipi geti gefið stefndu sök á því, hvernig kaupin voru af hendi leyst, né á því, að skipið var ekki samkvæmt fyrirmælum kaupendanna vátrygt, áður en því var siglt til Íslands, en þar af leiðir, að áfrýjandi getur ekki af þessum ástæðum komist hjá að greiða hina umstefndu skuld. Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans, og verður áfrýjandi einnig að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi er ákveðst 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal óraskaður. Áfrýjandinn, Magnús sýslumaður Jónsson, greiði stefndu G. Gíslason & Hay málskostnað fyrir yfirdómi með 25 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. dag júlímán.

Nr. 1/1911: Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar fyrir hönd Landsbankans gegn Einari M. Jónassyni.

Með umboðsskjali dags. 14. apríl 1909 fól stjórn Landsbankans stefnda Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni að innheimta hjá bændaverzluninni Einar Markússon & Co. í Ólafsvík skuld til bankans, 35000 kr., og var í sama skjalinu ítrekað eldra umboð handa stefnda til að ganga eftir 15000 kr. skuld, er bændaverzlunin ennfremur var í við bankann. Eftir eldra umboðinu fór stefndi í þessum erindum bankans 1 ferð til Ólafsvíkur í marzmánuði 1909 og eftir umboðinu 14. apríl 2 ferðir í apríl- og septembermán. s. á. Kostnaðinn við ferðir þessar greiddi bankastjórnin stefnda að fullu og auk þess 10 kr. kaup hvern dag er hann var á ferðinni. Í nóvembermánuði tóku nýjir menn við stjórn bankans og virðist hin nýja bankastjórn alllengi hafa verið í vafa um, hvort hún ætti að láta stefnda halda áfram greindu innheimtustarfi fyrir bankann. Í bréfi dags. 2. apríl 1910 lét stefndi bankastjórnina vita, að greiðsla sú, sem hann þangað til hafði fengið frá bankanum, hefði að eins verið þóknun fyrir ferðirnar, en ætti ekkert skylt við innköllunina, sem yrði talin samkvæmt taxta, ef ekki væru sérstakir samningar fyrir hendi, en tjáði sig hins vegar fúsan til að semja um fastákveðna borgun fyrir allan starfann, og í bréfi dags. 5. júní til banka-

stjórnarinnar kveðst stefndi hafa »hugsað sér svipað fyrirkomulag á samvinnu við bankann og að undanförnu, sem sé að bankinn kosti ferðir og 10 kr. á dag og 10% af innköllun«. Þessum málaleitunum stefnda svaraði bankastjórnin eigi bréflega, en viku síðar, 12. júní, fór stefndi enn vestur í Ólafsvík í erindum bankans, og fekk þá ferð borgaða eins og áður eftir reikningi og 10 kr. í dagkaup. Á ofanverðu sumri hætti stefndi að starfa fyrir bankann; kendi hann það bankastjórninni, með því að hún hefði breytt á móti umboðinu með því að ónýta ráðstafanir sínar og gjöra sér aðrar tálmanir í umboðsrekstrinum, og þar sem bankastjórnin þannig ætti sök á því, að hann lauk ekki innheimtustarfinu eins og til var ætlað í upphafi, taldi hann sig eiga rétt á borgun eins og hann hefði innheimt að fullu skuldir Bændaverzlunarinnar samtals 50000 kr. Til þess að framfylgja þeim rétti, sem bankastjórnin vildi ekki viðurkenna, höfðaði stefndi mál á bæjarþingi Reykjavíkur á hendur áfrýjendunum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum fyrir hönd Landsbankans, og voru kröfur hans þær, að áfrýjendur yrðu dæmdir til að greiða sér 10% af 50000 kr. eða 5000 kr., til vara 3500 kr. eða 10% af þeirri upphæð, er vænta mætti að inn hefði komið, ef skynsamlega hefði verið stjórnað, og til þrautavara innheimtulaun samkvæmt taxta, auk þóknunar fyrir þann hluta, er vænta hefði mátt af sjálfskuldarábyrgðarmönnum, og 6% vaxta af hverri þeirri upphæð, er honum yrði dæmd, og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Lauk málinu svo á bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 5. jan. þ. á., að áfrýjendurnir voru dæmdir til þess að greiða stefnda 243 kr. 82 a. með 6% ársvöxtum frá 26. ág.

1910 til borgunardags, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. janúar þ. á. og krafist að verða algjörlega sýknaðir í málinu, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað.

Af annari hálfu hefir stefndi gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 11. marz þ. á., og krafist þess fyrst og fremst, að úrskurður bæjarþingsins, uppkveðinn 13. okt. f. á., um að gæzlustjóri bankans, Jón Gunnarsson, yrði ekki leiddur sem vitni í málinu, verði feldur úr gildi og málinu vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar, en til vara hefir hann tekið upp allar kröfur sínar fyrir undirréttinum, hvort heldur aðalkröfu, varakröfu eða þrautvarakröfur, og enn til vara krefst hann að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og hvernig sem málið fer, að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu, eða eftir mati yfirdómsins.

Meðan málið var fyrir bæjarþinginu, kvaddi stefndi Jón Gunnarsson gæzlustjóra Landsbankans til að bera vitni í því, en þessu var mótmælt bæði af vitninu og málfærslumanni áfrýjanda, sökum þess, að gæzlustjórinn eftir stöðu sinni við bankann ætti að vera undanþeginn að bera vitni í málinu, og voru þessi mótmæli tekin til greina af undirdómaranum í hinum áfrýjaða úrskurði.

Þó að eigi verði álitið, að staða vitnisins sem gæzlustjóri við bankann geti leyst það undan vitnisskyldu í máli þessu, verður að telja það rétt, að undirdómarinn synjaði um vitnaleiðsluna, með því að eigi verður séð af spurningum þeim, er stefndi ætlaði að láta leggja fyrir þetta vitni, að það ráði neinu um úrslit málsins, hvernig vitnið mundi svara þeim. Það ber því eigi að fallast á

kröfu stefnda um ónýting úrskurðarins og heimvísun málsins.

Kröfuna um að bankinn greiði sér 5000 kr. telur stefndi sem fyr segir réttlætta með því, að bankastjórnin hafi misboðið sér og beitt sig gjörræði, svo að hann hafi neyðst til að láta af innheimtustarfinu áður en því var lokið. En þetta hefir stefnda gegn mótmælum áfrýjenda ekki tekist að sanna, og getur þá þessi krafa hans þegar af þeirri ástæðu eigi komið til álita. Þá er næsta krafa stefnda, að honum verði dæmd 10% af þeirri upphæð, er vænta mætti að inn hefði komið, ef skynsamlega hefði verið stjórnað og virðist hann áætla þetta hundraðsgjald 3500 kr. En eftir þessari áætlun verður ekki farið, og að öðru leyti er krafan svo óákveðin, að henni verður eigi sint gegn mótmælum áfrýjenda. Hins vegar hefir stefndi komið fram með reikning yfir fé, er hann telur sig hafa innheimt upp í skuld bændaverzlunarinnar Einar Markússon & Co. til bankans, nemur sú fjárhæð kr. 30869,51 og krefst stefndi 10% innheimtulauna af henni.

Áfrýjendurnir hafa mótmælt bæði því, að stefndi eigi rétt á innheimtulaunum auk borgunar þeirrar, er hann hefir fengið, og því, að hann hafi innheimt fyrir bankann fjárhæðir þær, sem taldar eru í reikningnum.

Fyrir kröfu sinni um 10% innheimtulaun telur stefndi það gilda ástæðu, að áfrýjendurnir hafi ekki svarað fyrgreindum bréfum sínum 2. apríl og 5. júní f. á., þar sem hann skýrði þeim frá, með hverjum kjörum hann hugsaði sér að halda áfram starfinu fyrir bankann, og þar sem hann í síðara bréfinu tiltók 10% innköllun auk borgunar eins og að undanförnu, því að þeir hafi með þessu þeg-

jandi gengið að kröfum hans í bréfinu, og í því trausti hafi hann farið í ferðina vestur 12. júní.

Það er viðurkent, að þessum bréfum stefnda hafi eigi verið svarað skriflega, en hins vegar verður að telja það vafalaust eftir skýrslum stefnda sjálfs, að bankastjórnin hafi svarað bréfunum munnlega. Um bréfið 2. apríl segir stefndi: Bréfið hafði þau áhrif, að í næsta sinn er eg kom í bankann, féllu orð hans (Björns Kristjánssonar bankastjóra) eitthvað á þá leið, að bankinn yrði að taka fyrir öll viðskifti við mig, ef eg héldi því fram, er í bréfinu stæði, en eg sló þá undan« o. s. frv. Þessu bréfi stefnda var þannig svarað að hans eigin sögn, og það á þá leið, að bankinn vildi alls eigi ganga að kröfum hans í bréfinu. Um bréfið 5. júní verður að líta eins á, að því hafi verið svarað munnlega. Stefndi getur þess, að frá því í nóvember til þess í júní hafi ekki gengið á öðru en bréfaskiftum og conferencer milli sín og (banka-)stjórnarinnar, og það verður því ekki annað ætlað, en að hann á málfundi, er hann að sjálfsögðu hefir átt við bankastjórnina í júnímánuði, áður en hann fór vestur 12. júní, hafi fengið svar við bréfi sínu 5. s. m., og hafi það ekki verið, er það sök stefnda, að hann trygði sér ekki loforð eða skuldbinding bankastjórnarinnar um borgun, er hann væri ánægður með, áður en hann fór þessa ferð. En stefndi heldur því nú eigi heldur fram, að áfrýjendurnir hafi berum orðum heitið sér innheimtulaunum eða annari ákveðinni borgun fyrir starfann, auk þess er honum var greitt, en hið fylsta, er hann virðist vilja herma upp á þá í þessu efni, eftir því sem ráðið verður af vitnaspurningu, er hann stýlaði Jóni Gunnarssyni gæzlustjóra, er loforð um, að starf hans fyrir bankann yrði sæmilega borgað, ef það

kæmi að góðum notum fyrir bankann. En þetta loforð er svo óákveðið og skilorðsbundið, að stefndi getur eigi bygt á því neinn rétt til frekari greiðslu frá bankanum en hann hefir fengið, enda hefir hann eigi sýnt fram á, að sú borgun sé eigi sæmilegt endurgjald fyrir störf hans í þarfir bankans.

Stefndi hefir þá, samkvæmt því er að framan segir, eigi sannað eða rökstutt nægilega, að honum beri meiri borgun fyrir áminst innheimtustarf hans í þarfir bankans en honum hefir þegar greidd verið, svo að eigi verður nauðsynlegt að rannsaka, hvort hann hefir innheimt fyrir bankann framangreinda reikningsupphæð, og ber því að taka til greina kröfu áfrýjenda um fulla sýknun í málinu. Ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað samþykkjast og málskostnaður fyrir yfirdómi þykir einnig eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson landsbankastjórar fyrir hönd landsbankans eiga að vera sýknir af kröfum stefnda Einars Jónassonar yfirréttarmálaflutningsmanns í þessu máli. Um málskostnað skal bæjarþingsdóminum óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 19/1911: Þórður J. Thoroddsen
gegn
Sveini Björnssyni f. h.
Thor E. Tulinius & Co.

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur uppkveðnum 22. desbr. f. á. var áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen læknir í Reykjavík dæmdur til að greiða stefnda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd firmans Thor E. Tulinius í Kaupmannahöfn verzlunarviðskiftaskuld að upphæð 366 kr. 2 aur., er firmað taldi sig eiga hjá honum, ásamt 6 % ársvöxtum frá 11. ágúst 1910 til borgunardags, og í málskostnað 20 krónur. En dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 18. apríl f. á, og krafist þess, að sér verði eigi gjört að greiða meira af nefndri skuldarupphæð en 15 kr. 26 a., sem hann fyrir undirréttinum kannaðist við að skulda, að hann verði leystur frá að greiða málskostnað fyrir undirrétti, og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirrétti. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Í maímánuði 1909 tókst firmað Thor E. Tulinius & Co. á hendur að kaupa inn vörur handa verzlun stefnda í Keflavík, með þeim skilmálum, að firmað fengi 5 % af vöruverðinu fyrir kaupin, en afsláttur, er gefinn yrði fyrir borgun út í hönd, skyldi aftur á móti falla til áfrýjanda, að vextir af skuld áfrýjanda á hlaupareikningi skyldu vera 1 % hærri en diskonto þjóðbankans, en þó

ekki undir 6 %, og að helmingur faktúruverðs varanna skyldi greiddur í Landsbankanum um leið og áfrýjandi fengi sendiskrá (konossement) afhenta, en fyrir hinum helmingnum skyldi áfrýjandi samþykkja 3 mánaða víxil. Viðskifti héldust milli málsaðila samkvæmt þessum skilmálum rúmlega 1 ár, en þá átti áfrýjandi ógreiddar firmanu 336 kr. 2 aur. eftir reikningi þess og er mál þetta risið út af þeirri skuld.

Eins og réttarkrafa áfrýjanda ber með sér, kannast hann ekki við að skulda annað af nefndri kröfu firmans en 15 kr. 26 a., hitt annað telur hann sér ekki hafa verið skylt að borga, en það sundurliðaði hann þannig:

1.	»Bankomkostninger« . .	kr. 117,72
2.	Vextir	— 207,12
3.	»Porto«	— 4,87
4.	Símskeyti	— 16,10

1. liðurinn »Bankomkostninger« kr. 117,72 er kostnaður af milligöngu bankanna við innheimtu faktúruverðsins hjá áfrýjanda og sendingu peninganna til Kaupmannahafnar til firmans. Það er að vísu ekki beint minst á kostnað þenna í fyrgreindum skilmálum milli málsaðilanna, og áfrýjandi hefir því talið hann sér óviðkomandi, en af bréfaskriftum aðilanna sést, að firmað hefir frá fyrsta gjört ráð fyrir því, að áfrýjanda bæri að greiða þenna kostnað og gjört honum reikning fyrir honum, og áfrýjandi ekki haft neinar athugasemdir við það að gjöra, og virðist hann yfir höfuð ekki hafa hafið nein mótmæli gegn þeirri reikningsaðferð firmans, fyr en í þessu máli. Verður áfrýjandi því að álítast hafa samþykt skilning firmans á þessu atriði skilmálanna og kemst því ekki hjá að greiða hér umræddan kostnað.

Um vaxtakröfuna heldur áfrýjandi því fram, að samkvæmt skilmálunum hefði hann því að eins átt að svara vöxtum af skuld sinni, ef hann léti lánsfrestinn líða hjá, er honum var ætlaður í skilmálunum, á faktúruupphæðinni; en vextirnir séu reiknaðir fyrir tímann frá því er firmað lét vöruna af hendi til þess, er áfrýjandi greiddi faktúruverðið í bankann samkvæmt skilmálunum. Þetta hafi eigi verið tilgangurinn og beri sér því eigi skylda til að greiða umrædda vexti 207 kr. 12 a. En á þenna skilning áfrýjanda verður ekki fallist. Hann átti samkvæmt skilmálunum að greiða vexti af skuld sinni á hlaupareikningi, en á hlaupareikning var faktúruverðið fært þegar er varan var afgreidd til áfrýjanda eða keypt handa honum, og þá var upphæðin orðin skuld áfrýjanda til firmans, og því þess vegna heimilt að reikna sér vexti af henni. Mótmæli áfrýjanda gegn þessum lið virðist því eigi heldur eiga að taka til greina.

Loks heldur áfrýjandi því fram, að sér séu heimildarlaust færðar til skuldar upphæðirnar kr. 4,87 og kr. 16,10, fyrir burðargjald og símskeyti, því að endurgjald fyrir það sé hvergi áskilið firmanu í skilmálunum. En þar sem hér er um umboðsrekstur að ræða, virðist firmað hafa átt heimting á að fá allan útlagðan kostnað endurgoldinn án tillits til ómakslaunanna (hundraðsgjaldsins), sem að eins var hærra en venja er til vegna afsláttarins, er áfrýjandi átti að fá; og með því að áfrýjandi hefir ekki vefengt það, að sá kostnaður, er hér er um að ræða, hafi verið í hans þarfir, þá verður að telja það hafa verið heimilt firmanu að reikna áfrýjanda gjöld þessi til skuldar, og verður því kröfu hans um úrfelling þeirra eigi sint.

Samkvæmt þessu verður engin af aðfinslum áfrýjanda við kröfu stefnda talin á rökum bygð, og verður þá, eins og undirdómurinn hefir gjört, að dæma hann til að greiða alla hina umstefndu skuld kr. 366,02. Það ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn í heild sinni einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen læknir, stefnda Sveini Björnssyni yfirdómsmálaflutningsmanni fyrir hönd firmans Thor E. Tulinius & Co. 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. dag júlímán.

Nr. 15/1911: Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar
gegn
Thor Jensen og Eggert Claessen
f. h. P. J. Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Við aukaniðurjöfnun á Akureyri sumarið 1909 var jafnað á Hrómund Jósefsson skipstjóra á síldveiðaskipinu

»Valur« fyrir hönd útgerðarmanna skipsins, hlutafélagsins »Valur«, 125 kr. aukaútsvari til bæjarsjóðs kaupstaðarins. Útsvar þetta krafðist bæjarstjórn Akureyrar, að bæjarfógetinn í Reykjavík tæki lögtaki hjá nefndum gjaldanda, en með úrskurði uppkveðnum 2. nóv. f. á. neitaði fógetinn að taka þá kröfu til greina. Þessum úrskurði hefir bæjarstjórnin, að fengnu gjafsóknarleyfi og skipuðum talsmanni, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8 apríl þ. á. en snúið málskotinu á hendur stjórnendum hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. sem varnaraðila, þeim Thor Jensen framkvæmdarstjóra og Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd félagsins, og er þess krafist fyrir hönd áfrýjanda, að hinn áfrýjaði úrskurður verði feldur úr gildi, að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma lögtakið og að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Hinir stefndu krefjast þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, fyrst og fremst fyrir þá sök, að áfrýjunarfresturinn, sem ákveðinn er í 11. gr. laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám áð undanfarins dóms eða sáttar, hafi verið liðinn, þegar áfrýjunarstefnan var tekin út. En þessi ákvörðun um sérstakan áfrýjunarfrest, þegar lögtaki er áfrýjað eftir framkomin mótmæli, á eftir orðum greinarinnar eigi við þegar svo stendur á sem hér, að lögtaksneitun er áfrýjað af lögtaksbeiðanda, og þar sem hinn reglulegi áfrýjunarfrestur var eigi liðinn, þegar áfrýjunarstefnan var tekin út, verður málinu eigi frávísað fyrir þessar sakir.

En stefndu telja ennfremur þá ástæðu fyrir frávísunarkröfunni, að þeir hafi eigi verið aðilar í málinu fyrir

undirrétti, og sé málið sér því óviðkomandi. Svo sem áður segir, var umrætt útsvar eigi lagt á stefndu og lögtaks á því hjá þeim var ekki krafist fyrir fógetaréttinum, svo að fógetinn hefir eigi og gat eigi úrskurðað neitt um það, hvort stefndu bæri að greiða útsvarið eða ekki. En hins vegar hefir áfrýjandi eigi fyrir yfirdóminum gjört neina tilraun til að sýna fram á, að stefndu séu komnir í stað h/f »Valur« að því er útsvar þetta snertir eða réttlæta á annan hátt, að kröfunni er nú beint á hendur þeim. Það er þannig í máli þessu leitað úrskurðar yfirdómsins um annað ágreiningsefni en það, er lagt var fyrir undirréttinn til úrlausnar, og ber því að taka til greina kröfu stefndu um frávísun málsins frá yfirdóminum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst 20 krónur.

Með því að gjafsóknarleyfið og talsmannsskipunin hljóðar um áfrýjun á úrskurði í útsvarsmáli við Hrómund Jósefsson skipstjóra á gufuskipinu »Valur«, en mál þetta er fyrir yfirdóminum sótt á hendur stefndu, verða hinum skipaða talsmanni ekki dæmd nein málflutningslaun.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar greiði stefndu Thor Jensen og Eggert Claessen fyrir hönd h/f P. J. Thorsteinsson & Co. 20 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 20/1911: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
B. H. Bjarnason.

Dómur:

Auk venjulegs vatnsskatts af íbúðarhúsi hefir bæjarstjórn Reykjavíkur krafist þess, að stefndi, Brynjólfur Bjarnason kaupmaður hér í bænum, greiði aukagjald 1‰ af virðingarverði húss hans nr. 7 við Aðalstræti. Byggir bæjarstjórnin kröfu sína á því, að í húsi þessu sé sölubúð, en umrætt aukagjald hafi verið innheimt af sölubúðum kaupstaðarins samkvæmt 2. gr. í bráðabirgðarreglugerð 30. desember 1909, um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

Þetta aukagjald hefir fyrir ársfjórðunginn frá 1. okt. til 31. desbr. 1909 og fyrir alt árið 1910 numið kr. 20,12. Með því stefndi neitaði að greiða aukagjald þetta, þá krafðist bæjarstjórnin lögtaks á þessum eftirstöðvum vatnsskattsins, en með úrskurði uppkveðnum 3. apríl þ. á. neitaði bæjarfógetinn í Reykjavík að framkvæma lögtakið. Þessum úrskurði hefir bæjarstjórnin skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 1. maí þ. á. og hefir krafist þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og fógeti skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, og stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefndi krafist þess, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og bæjarstjórn Reykjavíkur dæmd til þess, að greiða honum málskostnað fyrir fógetarétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi byggir mótmæli sín gegn greiðslu þessa auka-

gjalds á því, að 3. grein í lögum 22. nóvbr. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, heimili hvergi að lagt sé aukagjald á verzlunarhús sem slík; 3. grein nefndra laga heimili að eins aukagjald á þau fyrirtæki, þar sem vatnið sé notað beinlínis sem þáttur við rekstur fyrirtækisins sjálfs, og sé auðsjáanlega gengið út frá því, að vatnsnotkunin fari fram úr eða sé öðruvísi en til venjulegrar heimilisnotkunar, en þetta eigi sér ekki stað um verzlanir, þar þurfi yfirleitt minna vatn en til almennra heimilisþarfa, þar eð vatn sé þar eingöngu notað til þvotta og ræstingar.

Í 3. gr. í nefndum lögum 22. nóvbr. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, er veitt heimild til þess, að leggja sérstakt aukagjald á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa. Þetta ákvæði verður ekki skilið öðruvísi en svo, að það sé skilyrði fyrir því, að innheimta megi sérstakt aukagjald til vatnsveitunnar, að vatnsnotkunin sé öðruvísi eða fari fram úr vatnsnotkun til venjulegra heimilisþarfa, og annað verður heldur ekki álitið að felist í ákvæði 2. gr. í bráðabyrgðarreglugjörð 30. desbr. 1909 um aukagjald af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, enda kemur sú aðalregla ljóslega fram í reglugerðinni, að miða upphæð vatnsskattsins við vatnsnotkunina.

Þar sem ekki verður álitið, að vatnsnotkun verzlana yfirleitt, sé öðruvísi eða fari fram úr vatnsnotkun til venjulegra heimilisþarfa, er ekki heimild til þess alment, að leggja aukagjald á verzlunarhús, og um verzlun þá, er hér ræðir um, hefir því ómótmælt verið haldið fram, að vatn sé þar eingöngu notað til gólfþvotta og ræstingar.

Þar sem þessi vatnsnotkun fer ekki fram úr eða er öðruvísi en vatnsnotkun til venjulegra heimilisþarfa, brestur heimild til þess, að leggja aukagjald á hús stefnda. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð og eftir þessum úrslitum þykir rétt, að bæjarstjórnin greiði stefnda 40 kr. sem málskostnaðarendurgjald.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður skal vera óraskaður. Áfrýjandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, greiði stefnda, kaupmanni B. H. Bjarnason, 40 kr. upp í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 24/1911: Réttvísin gegn Sigurgarði Sturlusyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu uppkveðnum 27. sept. f. á. var Sigurgarður Sturluson bóndi á Eysteinseyri við Tálknafjörð dæmdur samkvæmt 270. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir að falsa póstkvittanir, og til að greiða landsímanum 45 aura í skaðabætur, svo og til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun

6 kr. til talsmanns síns við aukaréttinn P. A. Ólafssonar konsúls. Dómi þessum hefir verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er sannað með játningu ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, að hann, sem var stöðvarstjóri landsímans á Eysteinseyri frá okt. 1908 til júlí 1910, hafi ritað nafn bréfhirðingamannsins á Sveinseyri, Jóhannesar Sveinssonar, undir kvittanir, dags. í ágúst, október, nóvember og desember 1909 og í janúar, maí og júní 1910 fyrir mánaðarreikningum stöðvarinnar, er hann sendi með pósti til símastjórans á Ísafirði. Undir 5 hinar fyrst töldu af kvittunum þessum hafði hann fengið sér og fylt út prentuð eyðublöð, er póststjórnin notar, en tvær hinar síðustu skrifaði hann sjálfur að öllu leyti. Nefndur bréfhirðingamaður kannaðist við að hafa látið ákærða fá, í hugsunarleysi, að því er hann sagði, eitthvað af þessum eyðublöðum, en hann neitaði því eindregið, að hann hefði leyft ákærða að rita nafn sitt undir neina af kvittunum. Að vísu bar ákærði það fram við fyrsta prófið, að hann eitt sinn hefði spurt Jóhannes að því, hvort eigi mundi óhætt, að ákærði skrifaði viðurkenninguna sjálfur, og hefði Jóhannes svarað: »Eg veit ekki, það held eg«, en í næsta prófi leiðrétti ákærði þetta, sagðist muna að þessi orð Jóhannesar hefðu ekki átt við símareikninginn, en verið töluð í öðru sambandi. Þó að eðlilegast væri, að skilja það svo, er bréfhirðingamaðurinn afhenti ákærða eyðublöðin, að hann með því hafi viljað leyfa honum að nota þau og rita nafn sitt undir þau, þá verður þessum skilningi ekki haldið fram gegn afdráttarlausri og óvefengdri neitun Jóhannesar, enda var það hann sem kærði þenna verknað ákærða, og sjálfur hefir ákærði kannast

við, að hann hafi reynt að gera undirskriftirnar líkar því, er Jóhannes ritaði nafn sitt. Svo hefir hann og játað, að hann hafi útbúið kvittanirnar í þeim tilgangi að losast við að greiða bréfhirðingarmanninum gjald það, er honum bar, 5 aura fyrir hverja kvittun, og að hann hafi sett burðargjaldið á sumum kvittununum hærra en rétt var, til þess að draga sér mismuninn. Þessar játningar hefir ákærði ítrekað í réttarprófunum, og getur það ekki komið til greina, þó að hann hafi viljað afturkalla þær í viðtali við talsmann sinn fyrir undirrétti og í bréfi til talsmanns síns við yfirdóminn.

Eftir þessu verður að líta svo á, að ákærði hafi skrifað nafn Jóhannesar Þorgrímssonar undir áminstar kvittanir í heimildarleysi og í hegningarverðum tilgangi.

Við frágang ákærða á kvittunum þeim, er hann fylti út í eyðublöðin, virðist ekkert vera athugavert annað en það, að á 2 þeirra er þyngd bréfsins ekki tilgreind, en aftur á móti er önnur af kvittunum þeim, er ákærði bjó til að öllu leyti sjálfur, svo bersýnilega gölluð, að eigi varð vilst á henni, enda sá viðtakandi, símstjórinn á Ísafirði, að hún gat eigi verið frá réttum hlutaðeiganda.

Með framangreindu atferli sínu hefir ákærði dregið sér ranglega og fært landsímanum til reiknings 25 aura, gjöld fyrir póstkvittanir og 20 aura burðargjald, oftalið á kvittunum, og hefir verið krafist endurgjalds fyrir hönd landsímans fyrir þessa samtals 45 aura hjá ákærða; ber að taka þessa kröfu til greina, að því leyti sem ákærði hefir eigi þegar fullnægt henni.

Ákærði er fæddur 14 maí 1867 og hefir eigi áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot. Afbrot hans heyrir undir 270. gr. 2. málslið almennra hegningarlaga, að

nokkru leyti sbr. við 279. gr., og hefir hann unnið til refsingar, er þykir hæfilega ákveðin 4X5 daga fangelsi við vatn og brauð, en með því að undanfarin hegðun ákærða hefir verið góð og játning hans um brotið hreinskilin, fémæti það, er hann hefir dregið sér, er óverulegt og ætla má að hann hafi endurgoldið það, eða boðið fram fult endurgjald, þykir mega ákveða, að afplánun þessarar refsingar skuli frestað, og að refsingin skuli falla niður eftir 5 ár frá uppsögn þessa dóms samkvæmt lögum nr. 39 16. nóv. 1907, ef fullnægt er þargreindum skilyrðum.

Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist og ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 12 kr. til hvors.

Rekstur málsins við undirréttinn hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurgarður Sturluson, á að sæta 4X5 daga fangelsi við vatn og brauð, en fullnustu þessarar refsingar skal frestað og skal hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn þessa dóms, ef skilyrðum laga nr. 39 16. nóv. 1907 er fullnægt. Um málskostnaðargreiðslu og skaðabóta skal aukaréttardóminum óraskað. Allan áfrýjunarkostnað málsins ber ákærða að greiða, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmála-

flutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 kr. til hvors.

Ídæmd gjöld ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. dag ágústmán.

Nr. 14/1911: Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar
gegn
Thor Jensen og Eggert Claessen
f. h. P. J. Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Við aukaniðurjöfnun á Akureyri sumarið 1909 var jafnað á Björn Ólafsson skipstjóra á síldveiðaskipinu »Snorri Sturluson« fyrir hönd útgerðarmanna skipsins, hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í Reykjavík, 80 kr. aukaútsvari til bæjarsjóðs kaupstaðarins. Útsvar þetta, sem hlutafélagið vildi ekki borga, krafðist bæjarstjórn Akureyrar, að bæjarfógetinn í Reykjavík tæki lögtaki hjá gjaldanda, en með úrskurði, uppkveðnum 2. nóv. f. á., neitaði fógetinn að taka þá kröfu til greina. Þessum úrskurði hefir bæjarstjórnin, að fengnu gjafsóknarleyfi og með skipuðum talsmanni, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. apríl þ. á., og hefir talsmaður hennar krafist þess, að úrskurðurinn verði feldur úr gildi og fógetanum gjört að skyldu að framkvæma lögtakið, svo og

að þeir Thor Jensen framkvæmdarstjóri og Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd P. J. Thorsteinsson & Co. verði dæmdir til að greiða allan kostnað málsins að skaðlausu eins og það væri ekki gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg ómakslaun til sín. Hinir stefndu krefjast þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, og áfrýjandi, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Fyrir frávísunarkröfunni er færð sú ástæða, að áfrýjunarfresturinn, sem ákveðinn er í 11. gr. laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, hafi verið liðinn, þegar áfrýjunarstefnan var tekin út. En þessi ákvörðun um sérstakan áfrýjunarfrest, þegar lögtaki er áfrýjað eftir framkomin mótmæli, á eftir orðum greinarinnar ekki við, þegar svo stendur á sem hér, að lögtaksneitun er áfrýjað af lögtaksbeiðanda, og þar sem hinn reglulegi áfrýjunarfrestur var eigi liðinn þegar áfrýjunarstefnan var tekin út, verður málinu eigi frávísað fyrir þessar sakir.

Varakröfuna telja stefndu beri að taka til greina þegar af þeirri ástæðu, að útsvarið sé lagt á þá samkvæmt lögum nr. 46 13. nóvbr. 1903, er numin voru úr gildi með sveitastjórnarlögunum 10. nóv. 1905. En með því að ákvæði fyr nefndra laga, þau er útsvarsálagan var bygð á, eru óbreytt tekin upp í sveitarstjórnarlögin, verða stefndu eigi sýknaðir af þessari ástæðu.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að fyrgreint skip, »Snorri Sturluson«, eign stefndu, hafi stundað síldveiði með nót frá Akureyri 6 vikna tíma sumarið 1909, og að þessi veiði heimili útsvarsálögu á stefndu sam-

kvæmt fyr greindum lögum. En hinir stefndu mótmæla því, að skipið hafi stundað síldveiðar frá Akureyri 1909, en skýra frá, að skipið hafi það sumar verið að síldveiði 6 vikna tíma fyrir norðurlandi og veiðinni verið hagað þannig, að síldin hafi verið tekin í hringnót fyrir mynni Eyjafjarðar, svo hafi hún verið flutt til Akureyrar og afhent kaupmönnum þar, sem fyrirfram höfðu keypt allan afla skipsins, en ekkert af síldinni hafi verið verkað þar fyrir reikning stefndu. Að öðru leyti hafa þeir eigi átt nein viðskifti á Akureyri eða rekið þar neina atvinnu.

Þessa skýrslu hinna stefndu hefir áfrýjandi eigi hrakið, en eftir henni verður ekki litið svo á, að nefnt skip hafi sumarið 1909 stundað síldveiðar frá Akureyri, því að svo verður það ekki skoðað, að skipið flutti þangað og afhenti samkvæmt áðurgjörðum samningi síld, er það aflaði fyrir utan mynni Eyjafjarðar, og þetta eitt út af fyrir sig verður eigi heldur talið atvinna eða fyrirtæki, er útsvar verði lagt á. Það var þannig eigi heimild til að jafna áminstu aukaútsvari á stefndu og þá eigi heldur til að taka það lögtaki eftir kröfu áfrýjanda. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og eftir þeim úrslitum verður áfrýjandi að endurgjalda stefndu málskostnað, sem ákveðst 20 kr. Það vottast, að flutningur málsins af hendi hins skipaða talsmanns áfrýjanda hefir verið vítalaus og bera honum 20 kr. í málflutningslaun, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, greiði stefndu,

Thor Jensen og Eggert Claessen fyrir hönd h/f P. J. Thorsteinsson & Co. 20 kr. í málskostnað. Skipuðum talsmanni áfrýjanda, Oddi Gislasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, bera 20 kr. í málflutningslaun, er greiðist af almannafé.

Ídæmdur kostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 21/1911: Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps gegn H. Debell f. h. hins danska steinolíufélags.

Dómur.

Áfrýjandi máls þessa, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, lagði aukaútsvar til hreppsins fyrir fardagaárið 1910—11, á »hið danska steinolíufélag í Reykjavík, stofnun þess og starfsemi í Viðey« í Seltjarnarneshreppi. Félagið neitaði að greiða þetta útsvar, og áfrýjandi krafðist þá, að bæjarfógetinn í Reykjavík tæki útsvarið lögtaki, en með úrskurði uppkveðnum 3. apríl þ. á. neitaði fógetinn að framkvæma lögtakið. Þeim úrskurði hefir áfrýjandi nú skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. maí þ. á. á hendur framkvæmdarstjóra steinolíufélagsins H. Debell fyrir hönd félagsins, og krafist þess, að úrskurðurinn verði feldur úr gildi og fógetinn skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, svo og að stefndi verði dæmdur í

málskostnað eftir mati yfirdómsins. Aftur á móti krefst stefndi staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar hjá áfrýjanda eftir mati réttarins.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi reki í Viðey arðsama stofnun eða fyrirtæki, og sé því samkvæmt 36. gr. sveitastjórnarlaganna 10. nóv. 1905 heimild til að leggja á hann útsvar til Seltjarnarneshrepps, en stefndi mótmælir því, að starfsemi steinolíufélagsins í Viðey verði heimfærð undir þessa lagagrein, eða að nein lög önnur séu til fyrir þessari útsvarsálögu.

Eftir óvefengdum skýrslum málsins, þar á meðal sérstaklega samningi, dags. 21. marz 1908 milli steinolíufélagsins og eiganda Viðeyjar, hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co., er starfsemi og athafnir steinolíufélags í Viðey, þær er útsvarið er lagt á, svo vaxnar sem hér greinir: Félagið hefir leigt í Viðey tvær lóðarspildur og bygt hús á annari þeirra, er það notar til steinolíugeymslu og er geymsluplássið alt, bygt og óbygt, 1—2 þúsund ferálnir að flatarmáli. Félagið hefir trygt sér bryggjuafnot í Viðey handa skipum sínum, þeim er flytja steinolíu þangað, en hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. hefir tekið að sér fyrir ákveðna borgun að taka á móti steinolíunni, flytja hana á geymslustaðinn til varðveizlu og umsjónar, afhenda hana eftir fyrirmælum frá skrifstofu félagsins í Reykjavík og flytja hana úr geymslustaðnum, venjulega hingað til bæjarins eða þá út í skip, sem félagið hefir til flutninga hér við land. Annars hefir félagið engan mann í þjónustu sinni í Viðey. Það hefir eigi leyst borgarabréf þar til verzlunar eða annars atvinnureksturs, en öll viðskifti þess fara fram á skrifstofunni í Reykjavík.

Þó að umbúnaður félagsins í Viðey til steinolíugeymslu og starfræksla hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. þar fyrir félagsins hönd svo sem að framan er lýst, geti talist eitt atriði í atvinnurekstri þess, þá verður þetta atriði út af fyrir sig eigi talið arðsöm stofnun eða fyrirtæki, er heimilt sé að leggja á útsvar samkvæmt hinni tilvitnuðu grein sveitarstjórnarlaganna, þar sem hér er að eins um að tefla geymslu og flutning á vöru félagsins, er hefir kostnað í för með sér en engan arð. Áfrýjanda brast því lagaheimild til að leggja útsvar á stofnun og starfsemi félagsins í Viðey, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Eftir þeim úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, greiði stefnda H. Debell fyrir hönd hins danska steinolíufélags 30 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 26/1911: Réttvísin gegn Magnúsi Hjaltasyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi í Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 14. marz þ. á., var ákærði Magnús Hjaltason frá Meira-

hrauni í Skálavík dæmdur samkvæmt 169. gr. sbr. 47. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2 ára betrunarhúsvinnu fyrir að hafa gjört tilraun til þess að þröngva 14 ára gömlu stúlkubarni til samræðis við sig, og til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun 10 kr. til talsmanns síns við aukaréttinn yfirréttarmálaflutningsmanns Guðmundar Hannessonar. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins samkvæmt ósk ákærða.

Það er sannað með játningu ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, að ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður verið hegnt fyrir neitt lagabrot, hefir gjört sig sekan í eftirnefndum afbrotum.

Veturinn 1909—1910 var ákærði barnakennari í Skálavík í Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu við barnaskóla þar. Í skóla þessum voru þann vetur að eins tvö stúlkubörn. Hét annað barnið Ágústína Guðjóna Jónasdóttir, þá á 14. ári — fædd 15. ágúst 1896. Öðruhvoru megin áramótanna var stúlka þessi einu sinni í kenslustofunni í fríminútunum milli kenslustunda. Gekk ákærði þá að barninu, lagði það niður á gólfið, fór upp undir pils þess og þreifaði milli fóta þess utan á buxunum, og féll niður að barninu eða var að falla niður að því, þegar hann heyrði að gengið var um skólahússganginn og hurðinni að skólastofunni lokið upp; stóð ákærði þá upp og varð ekki meira úr; hefir ákærði játað að þetta hafi verið tilraun til þess að hafa samræði við barnið.

Hinn 27. okt. 1910 gisti ákærði hjá móðursystur nefndrar Ágústínu, Guðrúnu Jónasdóttur, er bjó ásamt 2 börnum sínum ein sér í húsi í Bolungarvík. Bjó Ágúst-

ína Guðjóna, sem var á vegum móðursystur sinnar, þar hjá henni. Svaf alt fólkið í sama herbergi, og var ákærði látinn sofa í öðru rúminu í herberginu hjá syni Guðrúnar, en í hinu rúminu svaf Guðrún ásamt dóttur sinni og Ágústínu Guðjónu. Um klukkan 6 um morguninn fór Guðrún og bæði börn hennar upp í barnaskóla, en Ágústína var eftir og voru þau ákærði því ein eftir og enginn annar maður í húsinu. Skömmu eftir að mæðginin voru farin, slökti ákærði ljósið í herberginu, fór yfir í rúmið til Ágústínu, lagðist ofan á hana, setti vangann á munn hennar, ýtti buxunum, sem stúlkan var í, niður um hana, svo þær rifnuðu, lagði hendur hennar á bak aftur og hélt þeim þar meðan á samræðinu stóð, ýtti fótum hennar sundur og setti lim sinn í hol barnsins, þó að eins broddinn, en ákærða losnaði þá sæði, er féll í og utan holsins, og hefir við læknisrannsók á barninu hymen virzt óskaddaður. Ákærði heldur því fram, að barnið hafi ekki neina verulega mótspyrnu sýnt, þó hefir hann játað, að Ágústína hafi sagt, að hún vildi ekki hafa þetta, en þá hafi hann lagt vangann fastar að munni hennar, og hefir barnið haldið því fram, að þá hafi hún engu hljóði getað komið upp, og hafi hún þó reynt það. Enn fremur hefir ákærði játað, að þegar hann eftir samræðið var kominn yfir í rúm sitt, hafi hann sagt við Ágústínu, að hann ætlaði að koma aftur yfir um til hennar, en úr því varð þó ekki vegna þess, að þá kom dóttir húsmóðurinnar inn í húsið, og loks hefir ákærði játað að hann hafi kyst og kreist Ágústínu, eftir að þau voru alklædd, og gefið henni í skyn, að hann mundi reyna að hafa samræði við hana aftur. Ágústína fór í skólann um morguninn, en þegar hún kom heim úr

skólanum, kvartaði hún um sárindi í kviðnum og í brjóstinu, og var þroti í brjóstinu, en sárindin voru horfin eftir rúma viku, og þrotinn horfinn, er læknirinn skoðaði stúlkuna að mánuði liðnum. Að öðru leyti hefir barnið ekki skemst á neinn hátt. Barn þetta hefir fengið vottorð um góða hegðun.

Í aukarétti 15. febr. þ. á. hefir ákærði að nokkru leyti gengið frá játningu sinni. Hefir hann í því réttarhaldi ekki viljað kannast við það, að hann hafi haldið höndunum á Ágústínu undir baki hennar eða þrýst vöngunum fastar að munni hennar, meðan á samræðinu stóð. En til þessarar afturköllunar, sem engin ný rök eru færð fyrir, verður ekkert tillit tekið.

Samkvæmt framanrituðu og skýrslum málsins yfirleitt er engin ástæða til að álíta, að Ágústína hafi samþykt aðfarir ákærða við hana, en hins vegar má telja það víst, að hún hefir ekki veitt honum þá mótspyrnu gegn tiltæki hans, að hann hafi getað gengið úr skugga um það, að áleitni hans hafi verið henni þvert um geð. Atferli hans verður því eigi talið nauðgun eða tilraun til nauðgunar, en það virðist eiga að heimfærast undir 275. gr. sbr., að því er fyrra brotið snertir, við 167. gr. og 47. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 12 mánaða betrunarhúsvinna. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist, og ákærða ber einnig að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn, 12 kr. til hvors.

Við rekstur málsins í undirrétti er það að athuga, að undirdómurinn hefir gefið út áfrýjunarstefnu í málinu áður en ákærði hafði lýst því yfir, að hann vildi ekki

una við dóminn, en úr þessu hefir verið bætt með því að hér fyrir réttinn hefir verið lagt vottorð frá hlutaðeigandi steínuvottum, um að ákærði hafi afdráttarlaust lýst yfir því, að hann vildi ekki una við dóminn. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Magnús Hjaltason sæti 12 mánaða betrunarhúsvinnu. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins skal óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Boga Brynjólfssonar, 12 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með öðför að lögum.

Mánudaginn 14. dag ágústmán.

Nr. 66/1910: Johan Balslev
gegn
hreppsnefnd Stykkishólmshrepps.

Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir gestaréttí Snæfellsness- og Hnappadalssýslu áfrýjandinn, Johan Balslev stórkaupmaður

í Kaupmannahöfn, gegn stefndu, hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, til að fá þá dæmda til að greiða sér kr. 11509,47 ásamt 6 % vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og var málið dæmt í nefndum rétti 13. júnímán. f. á., þannig, að hreppsnefndin var sýknuð af kærum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 18. nóv. f. á. og krafist þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjandanum þá upphæð, væntanlega kr. 10711,58, er þeir hafi borgað Guðmundi E. J. Guðmundssyni bryggjusmið upp í bryggjusmíði í Stykkishólmi eftir að þeir, samkvæmt tilkynningu áfrýjanda í bréfi 11. marz 1909, hafi fengið vitneskju um framsal Guðmundar til áfrýjanda á þeirri borgun, til vara að þeir verði dæmdir til að greiða áfrýjanda það, er þeir í sama skyni hafi borgað bryggjusmiðnum eftir 25. ágúst 1909, kr. 1970,71, og til þrautavara, að þeir verði dæmdir til að greiða áfrýjanda það, er þeir hafi borgað upp í sama verk eftir 6. okt. 1909. Hinir stefndu hafa af sinni hálfu krafist staðfestingar á dóminum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Með skjali, dags. í Kaupmannahöfn 10. marz 1909, framseldi bryggjusmiður Guðmundur E. J. Guðmundsson, er tekið hafði að sér fyrir umsamda borgun og hafði þá með höndum smíði á hafskipabryggju í Stykkishólmi, áfrýjandanum, til tryggingar skaðlausri greiðslu 13000 kr. skuldar til hans fyrir efni til bryggjunnar, rétt sinn til borgunar fyrir bryggjusmíðina hjá Stykkishólmshreppi, bæði þeirrar borgunar, er hann hafði unnið fyrir, og þeirrar, er kæmi síðar til fyrir fullgerð bryggjunnar; og

var tekið fram í skjalinu, að bryggjusmiðnum skyldi vegna framsalsins óheimilt að veita móttöku nokkru af borgun þessari, nema því að eins, að trygging væri fyrir því, að áfrýjandinn ætti vísar nefndar 13000 kr. að lokinni bryggjusmíðinni.

Frá þessu framsalsskjali kveðst áfrýjandi hafa skýrt hreppsnefndinni með bréfi, dags. daginn eftir 11. marz 1909, og lagt þar bann fyrir, að nokkur hluti eftirstöðvanna af borguninni fyrir bryggjusmíðina yrðu greiddar öðrum en sér, nema honum væru trygðar 13000 krónurnar, er smíðinni væri lokið. Áfrýjandi lét og fylgja bréfinu eftirrit og óskaði þess, að hreppsnefndin sendi eftirritið aftur með áritaðri viðurkenningu um móttöku bréfsins.

Þegar vænta mátti að bréf þetta hefði komið til Stykkishólms í hendur hreppsnefndarinnar eða í miðjum aprílmán. 1909, voru enn ógreiddar bryggjusmiðnum af borgun þeirri, er hann vann fyrir síðar með fullgerð bryggjunnar, kr. 10711,58, og með því stefndu greiddu honum síðar, þrátt fyrir tilkynningarbréf þetta, alla þá upphæð, hefir áfrýjandi talið þá hafa orðið með því skaðabótaskylda við sig, og krafist, að þeir yrðu dæmdir til að greiða sér nefnda upphæð, og er þetta aðalkrafa hans.

En nú er því neitað af stefndu, að þeir hafi nokkurn tíma fengið nefnt tilkynningar- og bannbréf áfrýjanda, er hann kveðst hafa sent þeim 11. marz 1909, og þeir hafa neitað því yfir höfuð, að þeir hafi öðlast nokkra vitneskju um framsal bryggjusmiðsins til áfrýjanda, það er bréfið átti að skýra þeim frá, fyr en seint á sumrinu, og þá var bryggjusmiðurinn sjálfur búinn að fá greidda mest alla borgunina fyrir bryggjuna. Þessari neitun

stefndu hefir ekki verið hnekt á neinn hátt af áfrýjanda hálfu, heldur ekki með mótmæltri utanréttaryfirlýsingu bryggjusmiðsins, sem fengin hefir verið eftir að málið kom fyrir yfirdóminn, um að stefndu hafi fengið tilkynningarbréfið 11. marz frá áfrýjanda og þess vegna verið kunnugt um framsal hans til áfrýjanda. Það verður því að ganga út frá því, að stefndu hafi ekkert vitað um framsalið á þessu tímabili og téð yfirlýsing bryggjusmiðsins getur eigi haft þá þýðingu, að stefndu, eins og áfrýjandi hefir krafist til vara, verði lagt fyrir að staðfesta þá neitun sína með eiði, um það, að þeir hafi fengið bréf áfrýjanda 11. marz og þar með vitneskju um framsalið. Ástæður þær, er áfrýjandi hefir bygt á aðalkröfu sína, eru því eigi á rökum bygðar og þarf hún því eigi frekari athugunar. Það er aftur á móti sannað í málinu, að með ábyrgðarbréfi frá áfrýjanda, dags. 10. ágúst 1909, sem kom til Stykkishólms 25. s. m. og oddviti hreppsnefndarinnar tók við 6. sept. s. á., fengu stefndu tilkynningu um framsal bryggjusmiðsins til áfrýjanda, og að stefndu hafa greitt bryggjusmiðnum eftir að þeir höfðu þannig fengið vitneskju um framsalið, ýmsar upphæðir, samtals 1970 kr. 71 e. Telur áfrýjandi því þessa upphæð heimildarlaust greidda öðrum en sér, og krefst skaðabótar er henni nemi hjá stefndu, og er þetta varakrafa hans. Þessari kröfu áfrýjanda verður þó heldur ekki sint, þegar af þeirri ástæðu, sem borin hefir verið fyrir af stefndu, að bréf áfrýjanda 10. ágúst 1909, var að eins ósönnuð sögusögn hans um framsalið, þar sem bréfinu fylgdu engin skilríki, er stefndu gætu bygt á gagnvart bryggjusmiðnum, en það sést af málinu, að hann eftir sem áður hefir álitið sig bæran um að kvitta fyrir greiðslu upp

í borgunina fyrir bryggjuna og sýndi með því, að hann viðurkendi ekki rétt áfrýjanda til borgunarinnar, og kemur þetta heim við það, er stefndu hafa borið fram í málinu, að hann hafi við þá talið sögusögn áfrýjanda um framsalið markleysu. Auk þess hafa og stefndu, að því er virðist, nægilega upplýst það, að aðrar upphæðir voru ekki greiddar af borgun bryggjunnar eftir að bréfið 10. ágúst kom þeim í hendur, en þær, er stefndu höfðu þegar áður skuldbundið sig samkvæmt ávísun eða ráðstöfun bryggjusmiðsins til að greiða öðrum fyrir hans hönd, og gátu þeir þá ekki verið skyldir til að rifta þeim skuldbindingum sínum fyrir tilkynninguna frá áfrýjanda, sem síðar kom. Þetta, sem nú hefir verið sagt um áður samþykta ávísun eða ráðstöfun bryggjuborgunarinnar, leiðir það og með sér, að þrautavarakrafa áfrýjanda, að stefndu verði skyldaðir til að greiða honum það, er þeir greiddu bryggjusmiðnum upp í brúarbygginguna eftir 6. okt. 1909, er þeim var birt sjálft framsalið og bréf áfrýjanda 11. marz 1909, — en það virðist hafa verið einar 125 krónur, — verður heldur eigi tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verður eigi álitið, að áfrýjandi eigi neina kröfu á hendur stefndu, sem virðast hafa greitt að fullu borgunina fyrir bryggjusmíðina, og ber því að staðfesta gestaréttardóminn að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefndu 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi Johan Balslev,

stórkaupmaður í Kaupmannahöfn, stefndu, hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, 40 — fjörutíu — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 67/1910: G. E. J. Guðmundsson
gegn
hreppsnefnd Stykkishólmshrepps.

Dómur:

Áfrýjandinn Guðmundur E. J. Guðmundsson bryggjusmiður höfðaði mál þetta fyrir gestaréttti Snæfellsness og Hnappadalssýslu gegn stefndu, hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, til greiðslu eftirstöðva af borgun fyrir smíði á hafskipabryggju í Stykkishólmi, er hann taldi sig eiga hjá hreppnum, 5875 kr., og til lúkningar skaðabóta að upphæð 3500 kr. Jafnframt höfðuðu stefndu gagnsök gegn áfrýjandanum og kröfðust skaðabóta af honum fyrir samningsrof, 2000 krónur. Var mál þetta dæmt í nefndum rétti 13. júní f. á. með þeim úrslitum, að málsaðilar voru dæmdir sýknir hvor af annars kröfum og málskostnaður látinn falla niður.

Nefndum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 18. nóv. f. á., og hefir hann eins og fyrir gestaréttinum krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér samtals 9375 krónur ásamt 6 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir undirrétti bæði í aðalsök og gagnsök, að

öðru leyti hefir hann krafist staðfestingar á gestaréttardóminum og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Hinir stefndu hafa af sinni hálfu krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur að öllu leyti og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Með samningi, undirrituðum af málsaðilum 9. og 10. des. 1907, tókst áfrýjandi á hendur að byggja hafskipabryggju í Stykkishólmi fyrir stefndu og leggja alt til bryggjunnar, efni og smíði, en hinir stefndu áttu að greiða fyrir verkið 38000 krónur, síðustu 8000 krónurnar þá er úttekt á mannvirkinu hefði farið fram.

29. apríl 1908 undirrituðu málsaðilar annan samning, þar sem áfrýjandi skuldbatt sig, í breytingar- og viðaukaskyni við hinn fyrri samning 9. des. 1907, til ýmsra breytinga á brúargerðinni, og loks urðu þeir 20. ágúst 1908 sammála um að breytt skyldi stefnu bryggjunnar og um nokkrar aðrar breytingar á henni.

Bryggjan var ekki fullbúin fyr en sumarið 1909 og var hún tekin út af verkfræðing 20. júlí 1909, sem áleit bryggjusmíðina í ýmsum atriðum ekki vera í samræmi við samningana, en að öðru leyti taldi verkið viðunanlega og samvizkusamlega af hendi leyst og að bryggjan væri yfirleitt fremur traustleg og gæti komið að tilætluðum notum.

Stefndu greiddu áfrýjanda eftir þetta það sem eftir stóð af hinni umsömdu borgun fyrir bryggjusmíðið 38000 krónunum, og að auki 3511 kr. 58 a. En áfrýjandi telur sig enn eiga hjá stefndu 5875 kr. til þess að breytingar þær á bryggjunni séu fullborgaðar, sem hann gjörði á henni eftir síðari ákvæðunum um gerð bryggjunnar, samningunum 29. apríl og 20. ágúst 1908, en til vara

krefst hann, að uppbót þessi verði ákveðin með mati óvilhallra manna. En nú nefnir samningurinn 29. apríl 1908, um breytingar á brúargerðinni og viðauka við hana, ekkert um aukaborgun til áfrýjanda fyrir þau afbrigði frá upprunalega samningnum 9. og 10. des. 1907, sem í þeim eru ákveðin, en verða sem viðaukasamningar við hinn upprunalega samning að álítast staðfesta eða láta óhögguð standa þau ákvæði í honum, sem engin breyting er á gjörð í þeim eða minst á, þar á meðal ákvæðin um borgunina til áfrýjanda fyrir brúargerðina, og hefir þá áfrýjandi skuldbundið sig til að framkvæma breytingarnar án aukinnar borgunar fyrir verkið. Það, að stefndu greiddu áfrýjanda fyrnefnda upphæð kr. 3511,58 fram yfir borgun þá, er hinn upprunalegi samningur til tók, verður eigi, eins og áfrýjandi heldur fram, skilið svo, að stefndu hafi með því viðurkent skyldu sína að greiða áfrýjanda borgun fyrir breytingarnar, og þeim verður því síður lögð slík skylda á herðar, gegn mótmælum þeirra, sem það virðist upplýst í málinu, að áfrýjandi hefir ekki fullnægt svo sem skyldi hvorki hinum upprunalega samningi né skuldbindingum sínum samkvæmt viðaukasamningunum. Krafa áfrýjanda um frekari borgun fyrir bryggjugerðina verður því ekki tekin til greina.

Skaðabótakröfu sína rökstyður áfrýjandi með því, að stefndu hafi sagt sér rangt til um það, er hann tók að sér bryggjusmíðið, að nægur sandur væri til í hana þar í grendinni, en er þetta eigi reyndist rétt, hafi það bakað honum mikinn aukakostnað, að verða að flytja sand langt að til bryggjunnar. Stefndu hafa neitað því að hafa fullyrt nokkuð við áfrýjanda eða sagt í þessu efni, en telja auk þess rangt, að áfrýjandi hefði eigi getað fengið næg-

an sand í nánd við bryggjuna. Með því að áfrýjandi hefir engar sönnur fært á mál sitt um þessi atriði gegn téðri neitun stefndu, þá verður hér um ræddri kröfu hans heldur eigi sint.

Það verður samkvæmt þessu að fallast á niðurstöðu gestaréttardómsins, bæði að því er aðalefni hans snertir, og málskostnaðarákvæði hans, og ber að staðfesta hann að öllu leyti. Í málskostnað þykir rétt að áfrýjandi greiði stefndu 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Guðmundur E. J. Guðmundsson greiði stefndu, hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 21. dag ágústmán.

Nr. 28/1911: Pétur Jónsson
gegn
Sæmundi Halldórssyni og
Jóhannesi V. H. Sveinssyni.

Dómur:

Áfrýjunarstefna í máli þessu, dags. 12. júní þ. á. var lögð fram í yfirdóminum ákveðinn dag 7. þ. m., og

var málfærslumanni áfrýjanda þá með samþykki gagnaðila veittur frestur til málsútlistunar til 14. þ. m. En þann dag mætti enginn af hendi áfrýjanda, en Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður mætti af hendi hinna stefndu og krafðist að þeim væru dæmdar bætur fyrir árangurslausa komu umboðsmanns þeirra í réttinn. Þessa kröfu ber samkvæmt N. L. 1—4—34 að taka til greina og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 8 kr. í ómakslaun.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Pétur Jónsson greiði stefndu Sæmundi Halldórssyni og Jóhannesi V. H. Sveinssyni 8 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 4. dag septembermán.

Nr. 30/1911: Valdstjórnin
gegn
Emil Strand, Matthíasi Matthíassyni og Hreggviði Þorsteinssyni.

Dómur:

Mál þetta hefir verið höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Emil Strand, Matthíasi Matthíassyni kaupmanni og Hreggviði Þorsteinssyni verzlunarmanni, öllum

í Reykjavik, fyrir áfengisveitingar, en með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 19. apríl þ. á., hafa hinir ákærðu verið sýknaðir af kærum valdstjórnarinnar og ákveðið að málskostnaður skuli greiddur úr landssjóði. Þessum dómi hefir af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í september 1910 stofnaði kærði, Emil Strand, ásamt nokkrum mönnum öðrum félag hér í bænum, er nefnist »Borgaraklúbbúrinn í Reykjavík«. Gerðist ákærði, Strand, formaður félagsins, en meðkærðu Matthías Matthíasson og Hreggviður Þorsteinsson voru síðar kosnir í stjórn með honum. Það er sannað í máli þessu, með eigin játningu ákærðu, og öðrum gögnum, að ákærði Strand hefir í herbergjum félagsins haft um hönd, að því er ráða má í allstórum stíl, veitingar áfengra drykkja og aðrar veitingar, án þess að hafa leyfi yfirvaldanna til að veita áfengi.

En því er haldið fram, að þessar áfengisveitingar hafi að eins farið fram innan vébanda Borgaraklúbbsins og í félagsins þágu, og einungis miðlimum félagsins hafi verið seldir áfengir drykkir. Ákærði, Emil Strand, var framkvæmdarstjóri félagsins, hann hefir annast innkaup á öllum vörum til veitinga, hann greiðir allan kostnað við þær, við húsaleigu og mannahald, en fyrir það fær hann gjöld þau, er greiðast til félagsins, inngöngueyri, árgjöld og ágóðann af veitingunum, og ber hann samkvæmt lögum félagsins ábyrgð á öllum peningamálefnum klubbsins, þannig að verði halli á klúbbhaldinu ber hann (Strand) hallann, en meðstjórnendur og félagar svara að eins til árgjaldsins og inntökueyrisins, en ekki virðist hafa verið gert ráð fyrir neinum tekjuafgangi. Kaup Strands er

óákveðið, en kærði hefir skýrt frá, að kaup hans hafi átt að ákveðast, er reikningur félagsins verði gerður upp, sem sé ákveðið að gjört verði 1. ágúst þ. á. Svo hefir hann og skýrt frá, að verð á öllum veitingum hafi verið ákveðið af stjórninni fyrirfram einu sinni fyrir alt, og hafi það verð verið samþykt af félagsmönnum.

Samkvæmt hinum prentuðu lögum félags þessa var tilgangurinn með stofnun þess sá, að gefa félagsmönnum kost á að koma saman til skemtana við spil, tafl o. s. frv. og til fræðslu, einkum dagblaðalesturs. Félagið átti að halda samkomusal og skyldi salurinn vera opinn fyrir félagsmenn alla daga á þeim tímum, sem félagsstjórnin ákvæði. Eftir því sem ráða má af því, sem fram er komið í málinu, virðist stjórn Klúbbsins upphaflegn hafa ráðið því, hverjum veitt skyldi inntaka í félagið, en á fundi 26. desbr. f. á. var gjörð sú ályktun, að til inntöku í félagið þurfti samþykki meiri hluta félagsmanna, sem mættir væru í Klúbbnum, þegar stjórnin héldi fundi, en engu að síður virðist stjórnin eftir sem áður hafa ráðið mestu um inntöku nýrra félagsmanna. Auk þess er eftir lögunum hverjum félagsmanni heimilt að hafa einn utanfélagsmann með sér í samkomusal félagsins.

Með því að kaup kærða, Strands, hefir verið óákveðið, og með því að svo hefir verið ákveðið, að ef halli yrði á rekstri klúbbsins, þá ætti hann að bera hallann, þá verður að líta svo á, að umræddar áfengisveitingar, þótt þær gangi undir nafni félagsins, í rauninni séu reknar af kærða, Strand, og til hagsmuna fyrir hann. Kærði, Strand, hefir ennfremur að mestu leyti eða öllu verið einráður um inntöku manna í félagið, að minsta kosti til bráðabirgða, og þannig tekið hjá sjálfum sér leyfið til að

selja áfengi hverjum sem hann vildi, og veitingar þær, er þannig fóru fram, gátu ekki helgast af félagsskapnum. Hefir því ákærði gjört sig sekan um ólöglega veitingu áfengra drykkja, og þykir rétt að hann sæti fyrir sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, sem samkvæmt 15. gr. laga 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja ákveðst 100 krónur.

Aftur á móti virðist eftir þessari niðurstöðu eiga að sýkna kærðu Matthías Matthíasson og Hreggvið Þorsteinsson með því að þeir ekki geta talist hafa gerst sjálfir sekir um ólöglegar veitingar, en það virðist ekki komast undir hegningarákvæði nefndra laga, þótt þeir gætu talist hafa verið með í verki um veitingarnar að yfirvarpi.

Um málskostnað virðist rétt, að kærði Emil Strand borgi kostnað við mál þetta fyrir undirdómi og yfirrétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðst 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu, Matthías Matthíasson og Hreggviður Þorsteinsson eiga að vera sýknir af kærum valdstjórnarinnar í þessu máli.

Ákærði, Emil Strand, greiði 100 króna sekt í bæjarsjóð Reykjavíkur. Svo greiði hann allan kostnað við mál þetta fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda

við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 krónur til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 33/1911: Valdstjórnin
gegn
Anders Peter Bendtsen, Karli Lárussyni og Guðmundi Sigurðssyni.

Dómur:

Mál þetta hefir verið höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Anders Peter Bendtsen, Karli Lárussyni kaupmanni og Guðmundi Sigurðssyni klæðskera, öllum í Reykjavík, fyrir áfengisveitingar, en með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 29. maí þ. á., hafa hinir kærðu Karl Lárusson og Guðmundur Sigurðsson verið sýknaðir af kærum valdstjórnarinnar, en kærði Anders Peter Bendtsen var dæmdur í 250 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ólöglegar veitingar áfengra drykkja svo og til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Þessum dómi hefir af hálfu valdstjórnarinnar verið skotið til landsyfirdómsins.

Það er sannað í máli þessu með eigin játningu kærðu og öðrum gögnum, að kærði, Anders Peter Bendtsen hefir í húsum sínum haft um hönd, að því er ráða

má í all stórum stíl, áfengisveitingar og aðrar veitingar á síðastliðnu vori, án þess að hafa leyfi yfirvaldanna til þess að veita áfenga drykki.

En því er haldið fram, að þessar áfengisveitingar hafi að eins farið fram innan vébanda félags nokkurs nýmyndaðs, er nefnist »Skemtiklúbbur Reykjavíkur«, og í þess þágu. Kærðu eru stjórn félags þessa, Bendtsen formaður og framkvæmdarstjóri. Hann kaupir allar vörur til veitinganna, greiðir allan kostnað við þær og mannahald, og ber fyrir það gjöld þau, er greiðast til félagsins, inngöngueyri, árgjöld og mánaðargjöld, og ágóðann af veitingunum, þannig að verði halli á þessum veitingum, ber hann, Bendtsen, hallann, en verði afgangur eftir urskurði aðalfundar, skal afgangurinn ganga til heilsuhælisins á Vífilsstöðum. Kaup Bendtsens er óákveðið, eða var það að minsta kosti framan af.

Samkvæmt hinum prentuðu lögum umræddds félags er tilgangur þess »að styrkja og víkka umgengnislífið« með samkomum og sameiginlegum skemtunum; innan og utanbæjarmeðlimir eru teknir inn með kúlukosningu, en eftir uppástungu eins meðlims og að fengnu samþykki allrar stjórnarinnar má taka aðkomumenn inn í klúbbinn sem mánaðarmeðlimi gegn 2 kr. gjaldi um mánuðinn. Þessum reglum um inntöku í félagið virðist samt aldrei hafa verið fylgt. Á fyrsta fundi stjórnar félagsins var kærða, Bendtsen veitt leyfi til að taka alt að 75 meðlimum inn í félagið; kúlukosning virðist aldrei hafa fram farið. Allir dátar og foringjar af varðskipinu »Islands Falk«, eru gjaldfrjálsir meðlimir. Auk þess er eftir lögunum heimilt félagsmönnum að taka með sér aðkomumenn (utanbæjar) svo marga að því er virðist, sem

vill, að eins mega þessir aðkomumenn ekki panta eða borga áfenga drykki.

Félagsskapur sá, sem að framan er lýst, verður nú eigi talinn þannig vaxinn, að hann geti réttlætt hinar átöldu áfengisveitingar. Ákvæðum félagslaganna um upptöku félagsmanna hefir, eins og áður er getið, eigi verið fylgt, en formaður félagsins, kærði Bendtsen, hefir að mestu leyti verið einráður um það, hverjir yrðu félagsmenn, og þannig ráðið því sjálfur, hverjum hann veitti áfengi; og menn, sem eigi voru í félaginu (skipshöfnin á Íslands Falk), hafa átt kost á að kaupa og neyta áfengis í veitingastofu félagsins. Eftir þessu verður eigi álitið að um lögbundinn félagsskap hafi verið að tefla. Þá voru og ákærða, Bendtsen, eigi ætluð ákveðin laun, en hann átti að taka borgun fyrir starf sitt í þarfir félagsins af ágóða veitinganna, og ef þær bæru sig ekki, átti hann að bera hallann. Það verður því að líta svo á, að umræddar áfengisveitingar, þótt þær gangi undir nafni félagsins, í rauninni séu reknar af kærða Bendtsen og til hagsmuna fyrir hann, og að hann því hafi gjörst sekur um ólöglegar veitingar áfengra drykkja. Það verður því að fallast á, að undirdómurinn hefir dæmt kærða Bendtsen í sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur samkvæmt lögum 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, og þykir sektin samkvæmt 15. grein nefndra laga hæfilega ákveðin 150 krónur.

Aftur á móti virðist eftir þessari niðurstöðu eiga að sýkna kærðu, Karl Lárusson og Guðmund Sigurðsson, með því að þeir ekki geta talist hafa gerst sjálfir sekir um ólöglegar veitingar, en það virðist ekki komast undir hegningarákvæði nefndra laga, þótt þeir gætu talist hafa

verið með í verki um veitingarnar að yfirvarpi. Þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði undirdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann með framangreindri breytingu á sektarákvæðinu.

Kærða Bendtsen ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo að sektin ákveðst 150 krónur. Kærði, Anders Peter Bendtsen, á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 krónur til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. dag septembermán.

Nr. 27/1911: Guðmundur Jónasson
gegn
Hannesi Thorsteinson f. h.
Salomon Davidsens.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls Guðmundur Jónasson kaupmaður í Skarðsstöð hefir skotið til yfirdómsins 2 úrskurðum, uppkveðnum í fógetarétti Dalasýslu 27. og 28. apríl þ. á., í aðfararmáli milli hans og Hannesar Thorsteinsons kand. jur. fyrir hönd Salomon Davidsens stórkaupmanns í Kaupmannahöfn, og krafist þess, að úrskurðirnir verði að öllu úr gildi feldir, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum.

Af hálfu stefnda hefir eigi verið mætt í yfirdóminum og ber því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1799 2. gr. að dæma málið eftir skjölum þeim, er áfrýjandi hefir lagt í dóm.

Með fógetagjörð 23. júlí 1909 lét stefndi gjöra fjárnám hjá áfrýjanda til lúkningar skuld, kr. 3753,64, samkvæmt landsyfirréttardómi 1. febr. 1909 í ýmsum fjármunum honum tilheyrandi, þar á meðal í sauðfénaði, 60 hrútum, 25 ám, er virtur var á samtals 1265 kr. Fjárnámsgjörð þessari skaut áfrýjandi til yfirdómsins, og var hún staðfest með dómi 31. okt. f. á., en meðan á málskotinu stóð, voru fjárnámsmunirnir í vörzlu áfrýjanda. En síðastliðið vor krafðist stefndi, að fógetinn tæki þá úr höndum áfrýjanda og fengi sér til umráða til sölu á nauðungaruppboði, og tók fógetinn þá kröfu til greina

með úrskurðinum 27. apríl þ. á., en með því að fyrgreindur sauðfénaður kom þá ekki fram, og var að sögn áfrýjanda ekki til, krafðist stefndi framhaldsfjárnáms fyrir matsupphæð fénaðarins kr. 1265,00, svo og fyrir áföllnum vöxtum og aðfararkostnaði, samtals kr. 2374,94, og með úrskurðinum 28. apríl f. á. félst fógetinn einnig á þá kröfu, þó svo, að 88 kr. skyldu dragast frá henni, og var samkvæmt því framhaldsfjárnám gjört fyrir kr. 2286,94.

Fyrir fógetaréttinum studdi áfrýjandi mótmæli sín gegn afhendingu fjármunanna við það tvent, að umboð manns þess, er mætti við gjörðina fyrir stefnda, næði eigi til þess að heimta munina framselda, en að eins til þess að krefjast uppboðssölu á þeim, og að stefndi hefði glatað rétti sínum eftir fjárnáminu, með því að hann hefði eigi látið fara fram sölu á munununum í tækan tíma lögum samkvæmt. En hvorugt þetta er á rökum bygt. Umboðið verður að teljast fullnægjandi, með því að umboðsmanninum er þar falið að framkvæma sérhvað það, sem með þarf til þess að uppboðið nái fram að ganga, og felst þar í að sjálfsögðu, að ná umráðum yfir fjármununum. Þá er hitt eigi heldur rétt, að stefndi hafi mist fjárnámsréttinn fyrir það, að hann hafi eigi í tækan tíma komið fram nauðungaruppboði eða komið fénu úr höndum áfrýjanda, með því að eigi er neitt framkomið um það í málinu, að áfrýjandi sé lýstur gjaldþrota eða að aðrir lánardrotnar hans hafi gjört fjárnám hjá honum, sbr. lög um aðför 4. nóv. 1887, 50. gr., enda hafa engin mótmæli gegn fjárnáminu komið fram frá öðrum lánardrottnum áfrýjanda. Þá er því ennfremur haldið fram, fyrir yfirdóminum, að fjárnámsgjörðin 23. júlí 1909 hafi eigi verið lögð fram til að fara eftir við afhendinguna, og

sé úrskurðurinn 27. apríl þannig af þeirri ástæðu hrein endileysa. En engin ástæða er til að ónýta úrskurðinn fyrir þessa sök, með því að málsaðilar voru í fógetaréttinum ásáttir um, að hinir afhentu munir væru þeir sömu og teknir voru fjárnámi við gjörðina 23. júlí 1909, enda hefir það eigi heldur verið véfengt fyrir yfirdóminum, að svo hafi verið. Með því að önnur andmæli gegn afhendingargjörðinni, er til álita geti komið, hafa eigi komið fram, verður að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, uppkveðinn 27. apríl þ. á.

Fyrir ógilding framhaldsfjárnámsins er hér fyrir réttinum aðallega talin sú ástæða, að engin aðfararheimild hafi verið framlögð við fógetagjörðina og eigi heldur hin fyrri fjárnámsgjörð. En þetta verður eigi talið nauðsynlegt, þar sem dómurinn, er heimilar fjárnámið, var lagður fram við fógetagjörðina 23. júlí 1909, en aðförin 28. apríl 1911 var framhald þeirrar gjörðar, og var þá nægilegt að aðfararheimildin var lögð fram við fyrri gjörðina, enda var enginn ágreiningur um þetta atriði milli málsaðila fyrir fógetaréttinum og eigi bar þeim heldur á milli neitt, er máli skifti um það, er fram fór við hina fyrri fjárnámsgjörð, svo að fyrir þá sök bæri nauðsyn til að leggja hana fram.

Áfrýjandi skýrði frá því í fógetaréttinum, að hann gæti eigi svarað til sauðfénaðarins, er löghald var lagt á við hina fyrri fjárnámsgjörð og metinn var á 1265 kr., því að hrútarnir hefðu aldrei verið til og ærnar hefðu ekki verið sérkendar við fjárnámið. Engu að síður heldur hann því fram, að stefni eigi ekki rétt á frekara fjárnámi, þó að fénaður þessi gengi frá, með því að hann hafi gjört sig ánægðan með munina, er fjárnámi voru

teknir, enda hefðu þeir verið alt of lágt virtir, svo að þeir, sem eftir eru, séu nægilegir til lúkningar skuldinni, svo sé og eigi heimild til að halda áfram fjárnámi, meðan eigi sé sannað með uppboðssölu, að andvirði munanna nægði ekki.

Við fjárnámsgjörðina 23. júlí 1909 áskildi stefndi framhaldsfjárnám fyrir áfallandi vöxtum og kostnaði, og eigi verður gjört ráð fyrir að hann hafi talið fjárnámið fullnægjandi að öðru leyti eða gjört sig ánægðan með það, nema því að eins að munirnir allir, er hann fekk fjárnám á, kæmu fram til uppboðssölu, en þar sem þetta eftir skýrslu áfrýjanda ekki getur orðið, án þess að stefnda verði gefin sök í því efni, verður hann að eiga rétt á, að aðrir fjármunir áfrýjanda verði teknir fjárnámi í stað þeirra, er frá hafa gengið, án þess að uppboðssala fari fyrst fram á munum þeim, sem eftir eru, og í því efni skiftir það eigi máli, hvort munir þessir hafi verið rétt metnir við hina fyrri fjárnámsgjörð, með því að sú gjörð stendur óröskuð. Það verður því að telja framhaldsfjárnámið löglegt að því er kemur til umgetinna 1265 kr.

Af fjárnámskröfunni hefir áfrýjandi að öðru leyti að eins mótmælt nokkrum póstum á ferðakostnaðarreikningi umboðsmanns stefnda, sérstaklega fæðispeningum 40 kr. og dagpeningum 10 kr. á dag, er hann telur of háa, svo og, vegna vantandi sannana, 4 kr. fyrir flutning á og úr skipi og 4 kr. til þjóna. En með því að áfrýjandi hefir eigi sýnt fram á, að fæðispeningar og dagpeningar umboðsmannsins séu hærri en hæfilegt er og venjulegt að gjalda fyrir slíkar innheimtuferðir, og með því að eigi er venja að taka kvittanir fyrir síðarnefndum gjöld-

um, þykir eigi heldur eiga að taka þessi mótmæli áfrýjanda til greina, og ber því einnig að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð uppkveðinn 28. apríl þ. á.

Kröfu áfrýjanda um ómerking nokkurra ummæla, er umboðsmaður stefnda lét bóka í fógetaréttinum og sekt fyrir þau, er eigi ástæða til að taka til greina.

Eftir úrslitum málsins, og með því að stefndi hefir eigi mætt í yfirdóminum, á málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjuðu úrskurðum skal óraskað. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 2. dag. októbermán.

Nr. 8/1911: Bátaábyrgðarfélag Vestmanneyja gegn hinu danska steinolíuhlutafélagi.

Dómur:

Í máli þessu, sem höfðað var í héraði og rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, lögsótti bátaábyrgðarfélag Vestmanneyja framkvæmdarstjóra félagsins, A. Philipsen, fyrir hönd hlutafélagsins eða til vara fyrir sína eigin hönd til greiðslu á skaðabótum, sem bátaábyrgðarfélagið hafði orðið að greiða fyrir missi tveggja vélarbáta, sem vátrygðir höfðu verið í félaginu, kr. 7936,80 auk 6 % ársvaxta frá

15. okt. 1909 til greiðsludags, og var málið dæmt í nefndum rétti 22. september f. á. með þeim úrslitum, að hið stefnda steinolíufélag og framkvæmdarstjóri þess, A. Philipsen, voru sýknaðir af kröfum áfrýjanda, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir bátaábyrgðarfélagið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 27. febr. þ. á. Hefir þess nú verið krafist af bátaábyrgðarfélagsins hálfu, að aukaréttardóminum verði hrundið og breytt þannig, að hið danska steinolíuhlutafélag verði dæmt til þess að greiða áfrýjanda fyrnefnda upphæð, kr. 7936,80 með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað fyrir undir- og yfirdómi, hvernig sem málið fer, eftir mati yfirdómsins. Hið stefnda steinolíuhlutafélag hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða því málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinn 20. febrúar 1908 töpuðust 2 vélarbátar frá Vestmanneyjum, »Bergþóra« og »Njáll«, með þeim atvikum, að bátar þessir, er voru þann dag í fiskileit frá eyjunum, ásamt flestum öðrum vélarbátum þar, hreptu storm mikinn á heimleiðinni og dimmviðri og stöðvuðust þá vélarnar í þeim, svo að þeir urðu að leita hjálpar hjá botnvörpuskipum, er þeir hittu fyrir, og fengu að festa sig aftan í þau, en slitnuðu síðan aftan úr skipum þessum, og hurfu út í myrkrið og storminn, svo að þeir sáust ekki framar. Bátar þessir voru vátrygðir í bátaábyrgðarfélagi Vestmanneyja, sem samkvæmt lögum sínum hefir orðið að greiða bætur fyrir missi þeirra $^4/_5$ af verði bátanna, eða samtals 7936 kr. 80 aur. fyrir báða bátana, en bátaábyrgðarfélagið heldur því fram, að töpun

bátanna hafi orsakast af vondri steinolíu, er bátarnir höfðu til vélanna og seld hafi verið af hinu danska steinolíuhlutafélagi í Reykjavík eða framkvæmdarstjóra þess, sem góð olía í steinolíuhreyfivélar, og telur því að stefndi eigi að bæta sér tjón það, sem bátaábyrgðarfélagið hefir orðið fyrir við missi bátanna, og greiðslu vátryggingarupphæðarinnar til eigenda bátanna, og höfðaði því mál þetta í héraði gegn stefnda.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að hin umgetna steinolía hafi verið frá stefndu og sérstaklega með henni mælt af steinolíufélaginu, sem góðri mótorolíu, en við brúkun hafi hún reynst afarilla, vélarnar óhreinkast svo af sóti úr henni, að iðulega hafi orðið að hreinsa þær, og þetta hafi valdið stöðvun vélanna í bátum þeim, »Njáli« og »Bergþóru«, er mál þetta ræðir um. Hafi þeir við það orðið ósjálfbjarga og orðið að leita á náðir botnvörpuskipanna, er þeir síðan slitnuðu aftan úr sökum óveðurs. Olían sé því rétt álitin orsök í því, að bátarnir fórust, og eigi stefndu að bæta skaða þenna.

Stefndi hefir aftur á móti neitað því, að hin umrædda steinolía hafi verið vond eða orsakað það að bátarnir fórust. Orsökin til þess hafi fyrst og fremst verið ofveður það, er á var skollið og olli því, að margir vélarbátar treystust eigi að ná landi, heldur lögðust fyrir akkeri, þar sem helst var afdrep. Í öðru lagi af því að legufæri »Njáls« og »Bergþóru« hafi ekki verið svo traust, sem skyldi, þannig að formenn þeirra treystust ekki að leggjast við þau, og ennfremur hafi kunnáttu vélgæzlumannanna verið svo ábótavant, að hún hafi orsakað stöðvun vélanna, þar sem þeir hafi ekki borið skyn á hreinsun véla og meðferð.

Hvað gæði steinolíunnar snertir, þá hefir því verið haldið fram, að hér hafi verið um tvær steinolíutegundir að ræða, aðra verri og aðra betri, sem þó hafi verið seldar undir sama merki sem góð olía, og hafa verið leidd þar í eyjunum mörg vitni þessu til sönnunar. Hefir áfrýjandi látið taka sýnishorn af olíu þeirri, er steinolíuhlutafélagið hafði til sölu í Vestmanneyjum, annað af hinni betri olíu, en hitt af hinni svokölluðu verri olíu, og hafa sýnishorn þessi að tilhlutun áfrýjanda verið rannsökuð á efnarannsóknarstofunni hér í bænum. Auk þess lét steinolíuhlutafélagið taka um 204 tunnur af olíubirgðum sínum í Vestmanneyjum og flytja þaðan og voru að því er virðist þær tunnur sérstaklega til þess valdar, er menn þar í eyjunum álitu að hefðu hina verri olíu að geyma; hafa að tilhlutun stefndu verið tekin sýnishorn af 10 af þessum tunnum sem útvaldar voru af handahófi og hafa sýnishorn þessi verið rannsökuð á efnarannsóknarstofu Steins í Kaupmannahöfn, og auk þess hefir olía af tveimur umræddum tunnum verið reynd á mótorum hér í bænum. Enn fremur hafa fram farið vitnaleiðslur um það, hvort olía sú, sem steinolíuhlutafélagið keypti af Godthaabsverzlun hér í bænum, hafi verið send til Vestmanneyja og seld þar sem Standard White olia, sem steinolíuhlutafélagið verzlar með.

Það verður nú svo að álíta, að vitni þau, sem leidd hafa verið í Vestmanneyjum, séu flest nokkuð skyld máli þessu sökum afstöðu sinnar til Bátaábyrgðarfélags Vestmanneyja, sem þau eru flest meðlimir í og fjárhagslega viðriðin, og auk þess vantar vitnin þá sérþekkingu, sem skyldi, þar sem innihald vitnisburðanna aðallega snýst um gæði olíunnar. Vitnisburðir þessir geta því eigi út

af fyrir sig talist full sönnun í máli þessu, heldur verða þeir að skoðast í sambandi við framkomin vottorð um rannsóknir þær á gæðum olíunnar, er fram hafa farið, bæði af efnarannsóknarstofunni í Reykjavík og af Steins Laboratorium í Kaupmannahöfn.

Í hinu fyrra vottorði kemur það fram, að sýnishorn þau af olíunni, sem rannsökuð hafa verið undir merkjunum G. 1 og G. 2 og B 1 og B 2, og sem komið hafa þangað með óröskuðu innsigli Vestmanneyjasýslu, hafa reynst mjög lík, svo að naumast getur verið um tvær olíutegundir að ræða, og ber í þessu efni að taka tillit til þess, að olíutegund sú, sem hér ræðir um, Standard White, er ekki talin bezta olíutegund steinolíuhlutafélagsins. Vottorðið frá Steins Laboratorium, sem einnig verður að álíta að sé um umrædda olíu, sýnir hið sama. Af báðum hinum framkomnu vottorðum sést það ennfremur, að hin rannsakaða olía hefir reynst fremur góð, þannig að hún verður að teljast hæf til notkunar á vélarbáta.

Það verður þannig ekki talið sannað, að hin umgetna olía hafi verið óbrúkleg á mótorvélar, eða að olían hafi verið orsök til þess, að vélarbátarnir »Njáll« og »Bergþóra« fórust 20. febr. 1908, en af þessu leiðir þegar, að hið stefnda steinolíufélag ber ekki ábyrgð á slysi þessu.

Það skal og tekið fram, að vitnaleiðslur þær, sem fram hafa farið í Reykjavík, til þess að sanna að olía sú, er steinolíuhlutafélagið keypti af Godthaabsverzlun, hafi verið send til Vestmanneyja og seld þar sem Standard White olía og með tunnumerki félagsins, sanna ekkert í þessu efni, enda er það ósannað, að sú olía hafi verið óhæf til mótorvéla.

Samkvæmt framansögðu ber því, svo sem undirdómarinn hefir gjört, að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði undirdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann einnig að þessu leyti. Samkvæmt þessum úrslitum virðist rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Þá er í hinum áfrýjaða dómi ákveðið, að setudómaranum greiðist 50 kr. Þar sem þetta ákvæði hefir ekki við lög að styðjast, er það felt úr gildi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, hið danska steinolíuhlutafélag í Reykjavík, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, bátaábyrgðarfélags Vestmanneyja, í máli þessu.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 30 kr., er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. dag októbermán.

Nr. 18/1911: Stefán Stefánsson
gegn
Birni Líndal f. h. Snæbjarnar Björnssonar.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi Björn Líndal yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd Snæbjarnar Björnssonar á Búð-

arnesi gegn áfrýjanda Stefáni Stefánssyni bónda á Efsta-Samtúni til greiðslu á eftirstöðvum af jarðarverði, en áfrýjandi gagnstefndi málinu og krafðist skaðabóta hjá stefndu fyrir samningsrof. Lauk málinu með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 13. maí f. á. svo, að áfrýjandi skyldi greiða stefnda 308 kr. 3 a. með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, að ummæli áfrýjanda um stefnda, »sviksamlegt athæfi« og »fölsun« voru dæmd dauð og ómerk, að stefndi var sýknaður í gagnsökinni, og málskostnaður í aðalsökinni og gagnsökinni látinn falla niður. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. apríl þ. á. og krafist þess að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Dómsgjörðir undirréttarins bera það eigi með sér, að leitað hafi verið um sættir í gagnsökinni, og verður því að vísa henni frá gestaréttinum.

Með afsalsbréfi, dags. 15. febr. 1908 seldi stefndi áfrýjanda jörðina Efsta-Samtún í Glæsibæjarhreppi fyrir 1500 kr., og eru það eftirstöðvar af því kaupverði, sem stefndi krefur áfrýjanda um í þessu máli, og taldi hann þær við upphaf málsins 421 kr. 78 a. En síðar viðurkendi hann, að áfrýjandi hefði greitt 90 kr. af þessum eftirstöðvum og dró því þá upphæð með vöxtum, als 90 kr. 39 a. frá kröfu sinni, svo að hún varð 321 kr. 39 a. Að öðru leyti er samkvæmt reikningum málsaðila yfir viðskifti þeirra út af jarðakaupunum að eins ágreiningur milli þeirra um eftirtalda pósta.

Áfrýjandi telst hafa greitt stefnda 1 kr., er eigi sé tilfærð í reikningi hans, og með því að stefndi hefir eigi nægilega mótmælt því, verður að draga þessa krónu frá kröfu hans.

Áfrýjandi telur borgun fyrir dagsverk, er hann hefir látið stefnda í té, 2 kr. 59 aur., en stefndi telur þessa borgun 3 kr., og verður í þessu atriði að fara eftir reikningi stefnda, þar sem honum verður eigi dæmt frekara en hann hefir krafist. Þá reiknar áfrýjandinn sér 7 kr. í húsaleigu fyrir geymslu á ýmsum lausafjármunum fyrir stefnda, en þessi upphæð getur ekki komið til frádráttar gegn mótmælum stefnda, með því að honum er ekki löglega gagnstefnt til greiðslu á henni.

Stefndi reiknar sér 6 % ársvexti af kröfu sinni frá 14. maí 1908 til borgunardags 12. nóv. 1909 og telur þá vaxtaupphæð 35 kr. 35 a. Fyrir yfirdóminum hefir þessari vaxtakröfu verið mótmælt af hendi áfrýjanda, en með því að hann hefir í reikningi þeim, er hann lagði fram í gestaréttinum, viðurkent að stefnda beri 6 % vextir af eftirstöðvum jarðarverðsins frá greindum tíma $^{14}/_{5}$ 1908, verður þessum mótmælum ekki sint. Í reikningi þessum taldi hann þó vextina að eins 32 kr. 61 e., sem aðallega lá í því, að hann reiknaði þá aðeins til 17. okt. 1909. En þar sem upphæðin, er vextina ber að reikna af, er rétt talin 385 kr. 53 a. og stefnda var heimilt að reikna þá til stefnudags, verður vaxtakrafan 34 kr. 70 a. eða 65 a. lægri en stefndi telur hana, og verður krafa hans að lækka um þá upphæð. Samkvæmt framansögðu verður krafa stefnda, eins og hún er ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, eigi færð niður, en það ber að taka til greina kröfu hans um staðfestingu dómsins að þessu

leyti. Svo felst og yfirdómurinn á ákvæði dómsins um ómerking framangreindra ummæla og um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gagnsökinni vísast frá gestaréttinum. Að öðru leyti á gestaréttardómurinn að vera óraskaður Áfrýjandi Stefán Stefánsson greiði stefnda Birni Líndal fyrir hönd Snæbjarnar Björnssonar 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 37/1911: Réttvísin
gegn
Óla Magnúsi Arngrímssyni.

Úrskurður.

Áður en dómur er lagður á þetta mál, þykir nauðsynlegt að fengnar verði skýrslur um það, hvort sár það á handlegg Axels Andersens, er hann hlaut af skoti ákærða, sé gróið, að hve miklu leyti handleggurinn hefir náð aftur afli og hreyfingu, og hvort hann verður álitinn notfær að meira eða minna leyti eða ónýtur með öllu til áreynslu.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að útvega umgetnar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 13. dag nóvembermán.

Nr. 5/1911: Hjálmar Sigurðsson
gegn
G. Gíslason & Hay.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hið stefnda firma G. Gíslason & Hay fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Hjálmari kaupmanni Sigurðssyni í Stykkishólmi til greiðslu á verzlunarviðskiftaskuld að upphæð 2158 kr. 68 a. auk vaxta frá 1. jan. 1910, en upphæðina færði stefndi síðar undir rekstri málsins niður um 1500 kr. Hjálmar Sigurðsson höfðaði gagnsókn gegn firmanu og krafðist hjá því bóta fyrir vanefndir á samningum m. m., 5000 króna með vöxtum, eða til vara fullkomnari reikningsskila að viðlögðum dagsektum. Málið var dæmt í nefndum rétti 31. desbr. f. á. á þá leið, að áfrýjandinn var skyldaður til að greiða stefnda 658 kr. 68 a. með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1910 til borgunardags, og stefndu voru sýknaðir af kröfum áfrýjanda í gagnsóknarmálinu. Málskostnaður í aðalsök og gagnsök var látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 15. febr. þ. á., og krafist þess, að hann

verði alsýknaður af kröfum stefndu í málinu, en að stefndu verði skyldaðir til að greiða sér alt að 5000 krónum í bætur fyrir vanefndir á samningum og vanhöld á ýmsum afsláttum, sem stefndu hafi ranglega haldið fyrir honum, svo og til vaxtagreiðslu og málskostnaðar að skaðlausu; en til vara hefir hann krafist þess, að stefndu verði dæmdir til, að viðlögðum dagsektum, að leggja fram sundurliðaða frumreikninga fyrir kaup á útlendum vörum fyrir áfrýjanda og sölu á íslenzkri vöru fyrir hann eða slútseðla fyrir greindri sölu eða að minsta kosti til að leggja fram afskriftir af öllum þeim bókum, er þeir héldu um viðskifti við hann, svo og til að greiða málskostnað eftir mati réttarins. Stefndu hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 8. apríl þ. á., og krafist þess, að firmanu auk upphæðar þeirrar með vöxtum, er dómurinn nefnir, verði dæmdir 6 % ársvextir af 1500 krónum frá 1. jan. 1910 til 9. júní s. á. og málskostnaður með 125 krónum eða til vara eftir réttarins mati.

Með því að málsskjölin bera það ekki með sér, að leitað hafi verið um sættir í gagnsóknarmáli því, er aðaláfrýjandi höfðaði gegn firmanu G. Gíslason & Hay fyrir gestaréttinum, þá ber að vísa því frá undirdómi.

Hvað ágreining málsaðila að öðru leyti snertir, eru málavextir þessir: Hinn 24. marz 1909 gjörðu málsaðilar, sem höfðu haft samningsbundin verzlunarviðskifti síðan 1905, nýjan samning um framhald viðskiftanna og var aðalinntak þess samnings: 1. stefndu tóku að sér að kaupa útlendar vörur og selja íslenzkar vörur fyrir áfrýjanda gegn 2 ½ % ómakslaunum; 2. áfrýjandi skyldi greiða á tilteknum tímum í viðskiftareikning sinn við

stefndu ákveðnar fjárhæðir í peningum eða íslenzkum vörum eftir því verði er stefndu fengi selt þær fyrir, og vera skuldlaus við stefndu 31. desbr. 1909; 3. áfrýjandi skyldi greiða 6 % ársvexti af skuldinni við stefndu eins og hún væri á hverjum tíma, en stefndu svara áfrýjanda 6 % ársvöxtum af andvirði íslenzku vörunnar frá söludegi til nýjárs, 1. jan. 1910; 4. öll skuld áfrýjanda við stefndu skyldi fallin í gjalddaga ef áfrýjandi héldi eigi samninginn og áfrýjandi þá greiða 5 % af skuld sinni og skyldu reiknast einnig þar af 6 % ársvextir. En yrðu samningsrof af hálfu stefndu, skyldi áfrýjandi laus við vaxtagreiðslu frá þeim degi; 5. afrit af verzlunarbókum stefndu skyldi vera full sönnun fyrir skuld áfrýjanda, nema hann gæti sannað hið gagnstæða.

Samkvæmt reikningi stefndu yfir viðskifti þeirra aðilanna eftir að samningurinn 24. marz 1909 var gjörður, en af þeim reikningi hefir verið lagt fram í yfirdóminum staðfest eftirrit úr verzlunarbókum stefndu, skuldaði áfrýjandi stefndu 1. jan. 1910 að meðtöldum áskildum skaðabótum fyrir greiðsluvanskil rúmlega hina umstefndu upphæð, 2155 kr. 68 aur., en 9. júní 1909 voru greiddar upp í skuldina af áfrýjanda hálfu eins og áður er sagt 1500 kr. og varð þá sjálf skuldin, auk vaxta, 658 kr. 68 a., sem áfrýjandi var með gestaréttardóminum skyldaður til að greiða stefndu.

Áfrýjandi hefir nú bygt neitun sína að greiða skuld þessa á því, að í reikningi stefndu vanti að færa honum til góða afslátt á útlendum vörum, er stefndu hafi keypt fyrir hann sem umboðsmenn hans, en tekið til sín, og afslátt á farmgjaldi, er eins hafi farið um, og svo muni honum eigi hafa verið talið til góða óskert verð það, er

fengist hafi fyrir íslenzkar vörur, er stefndu hafi selt fyrir hann. Telur áfrýjandi að stefndu hafi með þessu haft af honum þau ár öll, 1905—1909, er þeir hafi haft á hendi umboðsmensku fyrir hann, alls að minsta kosti 5000 kr.

Áfrýjandi hefir þó ekki getað fært neinar sönnur á það, að reikningur stefndu sé rangur í þessu tilliti, eða að þar vanti að tilfæra nokkuð honum til góða, hvorki fyr né síðar. Krafa hans um sýknun af þessari ástæðu verður því ekki tekin til greina og skaðabótakrafa hans kemur ekki til álita þegar af þeirri ástæðu, að gagnsökinni var vísað frá undirrétti.

En þá kemur til álita varakrafa áfrýjanda um að stefndu verði dæmdir til að gjöra honum fyllri reikningsskil, með því að láta honum í té frumreikninga frá verzlunarhúsum þeim, er stefndu hafi verzlað við fyrir áfrýjanda, eða að minsta kosti afrit af öllum bókum stefndu, er þeir hafi fært yfir viðskifti þeirra aðilanna, einnig faktúrubækur og »slúttseðla«bækur o. s. frv. Telur áfrýjandi sig eiga heimting á slíkum sönnunargögnum frá stefndu hálfu, þar sem hér sé um venjulegar verzlunarumboðskröfur að ræða, og sérstaklega þar sem hann hafi ástæðu til að gruna, að honum hafi ekki komið til góða allar þær ívilnanir frá heildsöluhúsum þeim, er stefndu skiftu við fyrir hann, er þau veittu, og honum bar svo sem umbjóðanda. Þessi krafa áfrýjanda getur eins og málið liggur fyrir að eins komið til álita sem krafa um sýknun að svo komnu, vegna vantandi reikningsskila. Í þessu tilliti sést það af málinu, að áfrýjandi hefir sjaldnast fengið aðrar faktúrur eða reikninga, en þá sem útgefnir hafa verið af stefndu sjálfum, en þetta hefir átt sér stað alla tíð meðan viðskiftin milli málsaðilanna hafa stað-

ið, og áfrýjandi aldrei kvartað yfir því eða beiðst frekari reikninga eða sannanagagna, og er hann, eftir að viðskiftin höfðu staðið þannig yfir 4 ár, endurnýjaði samning sinn við stefndu 14. marz 1909, var ekki áskilin eða gjörð nein breyting á þessu, en áfrýjaedi gaf þá, í þeim samningi, viðurkenningu fyrir skuld sinni við stefndu eins og þeir töldu hana þá vera. Nú er svo ákveðið í greindum samningi, að afrit úr verzlunarbókum stefndu skuli vera full sönnun fyrir skuld áfrýjanda, nema hann geti sannað hið gagnstæða, en þetta ákvæði hlýtur að skiljast svo, að með því að leggja fram, eins og stefndu hafa gjört, staðfest og óvefengt afrit af reikningi áfrýjanda í höfuðbókum stefndu — að frekari afritum þarf ekki þetta ákvæði að lúta — hafi stefndu fullnægt sönnunarskyldu sinni gagnvart áfrýjanda um kröfu þeirra á hendur honum, og geti hann því ekki krafist af þeim frekari reikningsskila.

Það verður því að fallast á það, að gestaréttardómurinn hefir dæmt áfrýjanda til að greiða stefndu umræddar 658 kr. 68 a. ásamt 6 % vöxtum frá 1. jan. 1910 til borgunardags, en auk þess verður einnig að skylda hann samkvæmt gagnkröfu stefnda til að greiða þeim hina sömu vexti af 1500 krónum þeim, er fyr er getið, frá 1. jan. 1910, til þess tíma, er þær voru greiddar stefndu, 9. júní 1910. Svo verður og eftir þessum úrslitum samkvæmt gagnkröfu stefndu og ákvæði fyrgreinds samnings að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað allan, er virðist hæfilega ákveðinn 80 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnsókn áfrýjanda vísast frá gestaréttinum. Áfrýjandinn Hjálmar Sigurðsson greiði stefndu G. Gíslason & Hay 658 kr. 68 a. með 6 % ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1. jan. 1910 til borgunardags og auk þess 6 % ársvexti af 1500 krónum frá 1. jan. 1910 til 9. júní s. á. Í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti greiði áfrýjandi stefndu 80 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 13/1911: Th. Thorsteinsson gegn Tryggva Gunnarssyni, Ásgeiri Sigurðssyni og Jóni Jónssyni fyrir hönd þilskipaábyrgðarfélagsins við Faxaflóa.

Dómur.

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur Th. Thorsteinsson kaupmaður hér í bænum gegn stefndu, fyrverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssyni, Ásgeiri Sigurðssyni konsúl og Jóni Jónssyni útvegsbónda fyrir hönd Þilskipaábyrgðarfélagsins við Faxaflóa, til þess að fá þá fyrir hönd félagsins dæmda til að greiða sér 5000 kr. skaðabætur fyrir skemdir á skipi hans Guðrúnu Soffíu.

Var málið dæmt á bæjarþinginu hinn 22. desember f. á. með þeim úrslitum, að hinir stefndu voru fyrir hönd þilskipaábyrgðarfélagsins sýknaðir af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. apríl þ. á., og hefir hann krafist þess, að dómi þessum verði hrundið og breytt þannig, að stefndu verði vegna þilskipaábyrgðarfélagsins dæmdir til að greiða áfrýjandanum hina umstefndu upphæð 5000 kr. ásamt 6 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og til að greiða honum málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinir stefndu hafa gagnáfrýjað málinu og hafa þeir aðallega krafist þess, að máli þessu verði vísað frá undirrétti, en til vara, að undirdómurinn verði staðfestur, þó þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirréttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að fiskiskútan Guðrún Soffía, eign áfrýjanda, varð fyrir talsverðum skemdum í ofviðri hér á höfninni nóttina milli 27. og 28. febrúar f. á. fyrir árekstur annara skipa, og af því að nefnt skip rak upp úr því á land og brotnaði að mun. Skip þetta var vátrygt gegn sjóskaða í þilskipaábyrgðarfélaginu við Faxaflóa, en stjórn félagsins hefir neitað að greiða skaðann.

Stefndu byggja kröfu sína um frávísun málsins frá gestaréttinum á því, að samkvæmt 30. grein félagslaganna eigi ágreiningur milli embættismanna félagsins og annara félagsmanna ekki undir úrslit dómstólanna heldur undir fullnaðarúrslit aðalfundar, og sé hér einmitt um slíkan ágreining að ræða, þar sem stjórn félagsins hafi

eigi viljað sinna kröfu félagsmanns (áfrýjanda) um bætur fyrir skipið úr félagssjóði. Í nefndri grein félagslaganna segir þó ekki annað en það, að ágreiningnum skuli skjóta til aðalfundar og skeri hann úr með atkvæðagreiðslu, en í þessu ákvæði þarf ekki að felast frekara en það, að leita hafi átt aðalfundar um ágreininginn og hann að ályktа um hann fyrir félagsins hönd — og því ákvæði virðast málsaðilar samdóma um að hafi verið nægilega fullnægt — en eigi hitt, að félagsmaðurinn skuli með því útilokaður frá að almennum lögum að mega leita réttar síns gegn félaginu fyrir dómstólum landsins.

Frávísunar- og ómerkingarkrafan verður því ekki tekin til greina.

Sýknunarkröfu sína byggja stefndu aðallega á því, að þá er skaða þann bar að höndum, sem áfrýjandi krefst bóta fyrir, hafi hvorki skipstjóri eða stýrimaður á umræddu skipi, Guðrúnu Soffíu, verið á því, en það sé skýrt tekið fram í 20. gr. félagslaganna, að félagið bæti ekki skaða á skipum, þegar svo stendur á, en hér hafi ekki verið fyrir hendi neinar af þeim undantekningum, sem lögin heimili frá þeirri reglu.

Upphaf umgetinnar 20. gr. félagslaganna hljóðar þannig: »Þótt félagsskip farist eða laskist á þeim tíma, sem það er í ábyrgð, þá tekur þó félagið engan þátt í þeim skaða:

a) Þegar ekki er í skipinu skipstjóri eða stýrimaður og háseti, nema skipshöfnin hafi þurft að bjarga lífi sínu, þó getur stjórnarnefndin gjört þá undantekningu, að einungis einn háseti sé í skipinu þegar það liggur aðgjörðarlaust í góðri höfn og er hætt við fiskiveiðar og flutningaferðir«.

Áfrýjandi viðurkennir að vísu, að hvorki stýrimaður né skipstjóri hafi verið í skipinu, er því barst á, án þess undantekningar þær frá reglunni í staflið a í nefndri grein, er þar eru nefndar, væru fyrir hendi. En hann (áfrýjandi) heldur því fram, að umrætt ákvæði 20. gr. eigi að eins við þegar skip eru í sjóskaðaábyrgð á fiskiveiðum, en geti þar á móti ekki átt við þegar skip sé vátrygt í hafnarlegu samkvæmt 16. gr. laganna; um þessa ábyrgð (ábyrgð skips í hafnarlegu áður en það leggur út til fiskiveiða) gildi að eins hið almenna ákvæði í 20. gr. c félagslaganna, að félagið bæti ekki skaða, þá er skip ferst fyrir hirðuleysi eða vangá, en hér sé engu líku til að dreifa. Á þetta verður þó ekki fallist. Orðalagið í upphafi 20. gr. er svo víðtækt, að ákvæði greinarinnar í staflið a verður að gilda einnig um ábyrgð í hafnarlegu, þar sem undantekning að því er þá ábyrgð snertir hefir ekki verið gjörð í lögunum.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að kröfunni um það, að skipstjóri eða stýrimaður væri í skipinu, er það liggur í tryggri höfn, hafi aldrei verið fylgt í framkvæmd, enda sé hún svo afarósanngjörn í garð skipseigenda og gagnstæðileg reglum slíkra ábyrgðarfélaga, þar sem það vitanlega sé ekki að jafnaði á valdi skipseiganda, hvort skipstjóri eða stýrimaður sé í skipi eða ekki, og loks heldur áfrýjandi því fram, að það hefði í því tilliti, sem hér er um að ræða, ekki farið neitt öðruvísi um skipið, þótt skipstjóri og stýrimaður hefðu verið í því. Stefndu hafa mótmælt þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að þilskipaábyrgðarfélagið hafi ekki framfylgt áður hinni umgetnu reglu í 20. gr. laganna, og hvað sem annars mætti segja um greindar ástæður áfrýjanda, virðist eigi hægt að taka

þær til greina gegn alveg ljósum ákvæðum félagslaganna, sem ótvírætt leysa félagið frá skaðabótaskyldu, þegar svo stendur á sem hér um ræðir, að hvorki skipstjóri né stýrimaður var í skipinu, er því barst á.

Það verður því að fallast á það, að undirdómarinn hefir sýknað stefndu af kröfum áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði undirdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandinn Th. Thorsteinsson greiði stefndu, Tryggva Gunnarssyni, Ásgeiri Sigurðssyni og Jóni Jónssyni fyrir hönd þilskipaábyrgðarfélagsins við Faxaflóa 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. dag nóvembermán.

Nr. 34/1911: Einar M. Jónasson
gegn
Þorbjörgu Armannsdóttur.

Dómur:

Áfrýjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir gestaréttti Mýra- og

Borgarfjarðarsýslu á hendur stefndu Þorbjörgu Ármannsdóttur ekkju á Stóra-Kálfalæk, til greiðslu á eftirstöðvum húsbyggingarkostnaðar, kr. 1601,58, með vöxtum frá 7. des. 1909 til greiðsludags. Var málið dæmt í gestaréttinum 12. júlí þ. á. og stefnda sýknuð, en málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. júlí þ. á. og krafist þess, að gestaréttardóminum verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans verði teknar til greina og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum. Af hendi stefndu er krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Í ársbyrjun 1907 réðst Oddur heitinn Jónsson, bóndi á Stóra-Kálfalæk, maður stefndu, í að reisa íbúðarhús á nefndri eignar- og ábúðarjörð sinni, og samdist svo með honum og Sigurði Jóhannssyni trésmið og kaupmanni á Ökrum, að Sigurður tók að sér að koma upp húsinu og leggja alt til þess, smíði og efni, þó með hliðsjón af því efni, er Oddur hafði þegar aflað sér; átti efnið að vera með Reykjavíkurverði, að viðbættum flutningskostnaði; húsið átti að vera úr timbri, járnvarið 11×10 ál. að stærð, ein lofthæð með porti og beinu risi, kjallaralaust og viðbyggingarlaust. Að öðru leyti átti Sigurður að ráða gerð hússins, og borgun fyrir efni og smíði skyldi greiðast smámsaman eftir ástæðum. Samningur þessi var munnlegur, en aðalatriði hans voru eftir skýrslu stefndu þau er nú var sagt, og er sú skýrsla ekki vefengd af áfrýjanda.

Smíði hússins var að mestu leyti lokið í aprílmánuði 1908, og þá meðtók Oddur reikning frá Sigurði yfir byggingarkostnaðinn, dags. 7. apríl, að upphæð 4611 kr.

28 a., sem þó að sögn Sigurðar eigi var fullnaðareikningur, en Oddur fekk þó eigi annan reikning frá Sigurði, og dó svo 7. jan. 1909, að hann hafði eigi fengið lokareikning yfir byggingarkostnaðinn og hafði hann þá greitt Sigurði samtals 4781 kr. 28 a. En nálægt 2 mánuðum eftir lát Odds barst ekkju hans reikningur, dags. 20. febr. 1909, yfir eftirstöðvar kostnaðarins að upphæð 1992 kr. 17 a. Stefnda, sem situr í óskiftu búi eftir mann sinn, neitaði að borga þennan viðbótarreikning, en Sigurður Jóhannsson framseldi þá áfrýjanda kröfu sína á hendur henni til eignar og umráða, og er skuldin talin 1601 kr. 58 a. í reikningi þeim, sem framsalið er ritað á og dags. er 7. des. 1909, en það er sú upphæð, sem stefnt er um í máli þessu.

Stefnda heldur því fram, að hún sé eigi að eins skuldlaus við Sigurð Jóhannsson út af húsasmíðinni, heldur hafi honum verið greitt langt fram yfir það, er honum bar að réttu, og sé því máli svo varið, að Sigurður hafi í reikningum sínum talið stórum mun meira af alskonar efni, einkum timbri, en í húsið hafi getað farið, enda séu reikningarnir svo rangir og ósamhljóða, að ekkert sé á þeim byggjandi. Hið oftalda efni telur hún nema 1979 kr. 40 a. og hefir sundurliðað ítarlega, hvað oftalið sé af hverri efnistegund fyrir sig, og til sönnunar máli sínu hefir stefnda látið gjöra nákvæma lýsing á húsinu, stærð þess og gerð og efnistegundum, er í það hafa verið notaðar, og eftir þeirri lýsingu hafa 2 húsasmiðir látið uppi álit sitt um það, og hve mikið og hvers virði efni það hafi verið, sem í húsið var notað; hafa þeir komist að þeirri niðurstöðu að þetta efni hafi verið 2766 kr. 85 a. virði, auk farfa, sem þeir

áætla að hafi kostað 100 kr. Að líkri niðurstöðu hafði annar húsasmiður komist, sem fenginn var eftir uppástungu Sigurðar til að athuga húsið og efni í það; taldi hann efni í húsinu tæpra 3000 kr. virði. En í hinum framselda reikningi 7. des. 1909, sem málsóknin er bygð á, er talið efni í húsið fyrir 4986 kr. 07 a.

Áfrýjandi hefir eigi mótmælt því, að áminstar álitsgjörðir húsasmiðanna séu réttar, eða staðhæft að meira efni hafi farið í húsið, en þeir telja. En hann heldur því fram, að mikill afgangur hafi orðið af efninu, sem stefnda, eða maður hennar hafi notað í aðrar smíðar, en nokkru af því hafi þau fargað. En aðallega telur þó áfrýjandi það kröfu sinni til stuðnings, að Oddur Jónsson hafi samþykt reikning Sigurðar Jóhannssonar 7. apríl 1908, kr. 4611,28, með því að hann hafi greitt upphæð hans að fullu, án þess að vefengja hann, en sú reikningsupphæð er mest öll fyrir efni í húsið, að frádregnum tæpum 300 kr. fyrir flutning þess frá Reykjavík.

Stefnda neitar því, að Oddur hafi viðurkent eða viljað viðurkenna þennan reikning réttan, honum hafi þvert á móti þótt hann of hár, en vegna veikinda, þar sem hann hafi verið við rúmið og rúmfastur að öðruhvoru meðan á húsasmíðinni stóð, hafi hann eigi getað talið eða mælt efni það, er Sigurður Jóhannsson flutti og lagði til hússins, en hann hafi þá haft ótakmarkað traust til Sigurðar, að hann mundi eigi færa til reiknings meira efni en hann hefði lagt til. Við lok aprílmánaðar 1908 hafi Oddur verið búinn að greiða Sigurði 4580 kr., og ekki búist við að þurfa að bæta miklu við, og af því hann þjáðist af lungnatæringu og bjóst við dauða sínum bráðlega, hafi hann viljað fá viðskifti sín við Sigurð út-

kljáð sem fyrst, en ekki fengið það; Sigurður hafi dregið það á langinn, og þegar þeir töluðust síðast við um viðskiftin, 7. nóv. 1908, hafi Sigurður ekki fengist til að segja hvað hann teldi til skuldar hjá Oddi. Eftir þessari skýrslu stefndu, sem áfrýjandi hefir ekki borið á móti, er eigi heimilt að líta svo á, sem Oddur hafi samþykt umgetinn reikning 7. apríl 1908, eða afsalað sér öllum aðfinslum við hann, en það verður að gjöra ráð fyrir, að hann hafi viljað geyma sér að athuga reikningsviðskifti þeirra Sigurðar öll í heild sinni og fá leiðrétt það, sem rangt kynni að vera í þeim, og þá einnig í reikningnum 7. apríl 1908, þangað til fullnaðarreikningur kæmi, og að hann eftir málavöxtum hafi haft rétt til þess.

Samkvæmt því sem áður er sagt, verður að telja það viðurkent í málinu, að eigi hafi verið notað meira efni í húsið, en fyrir tæpar 3000 kr. Um annað eða meira efni sömdu þeir eigi Oddur og Sigurður, en hafi afgangur orðið af því efni, er Sigurður flutti að Stóra-Kálfalæk, og þau notað hann, stefnda eða maður hennar, eða ráðstafað honum í sínar þarfir, ber henni að sjálfsögðu að borga hann. Stefnda hefir nú lýst ranga sögusögn áfrýjanda um hann, að nokkrum efnisleifum hafi verið fargað, og hann hefir eigi reynt að sanna það. Að öðru leyti hefir stefnda skýrt svo frá, að enginn teljandi afgangur hafi orðið af öðru efni en trjám og gólfborðum eða klæðningsborðum, og að þessi afgangur hafi verið notaður til að smíða úr gafla í 9 rúmstæði og 2 smáborð, en til einkis annars, og hefir áfrýjandi eigi hnekt þessari skýrslu.

Þessar efnisleifar virðast þá ekki hafa verið svo verulegar, að þær geti ráðið neinu um úrslit málsins,

ekki sízt, er þess er gætt, sem stefnda heldur fram og ómótmælt er af áfrýjanda, að í húsið hafi verið notað nokkuð af efni, er Oddur Jónsson hafði fengið frá öðrum en Sigurði Jóhannssyni, og stefnda telur verið hafa 60 borð 12 fóta, 28 þakjárnsplötur 8 fóta, 4 tré 22 fóta og auk þess nokkuð af rekavið.

Áfrýjandi hefir þannig eigi hrundið skýrslu stefndu, um að efni til hússins sé oftalið um 1974 kr. 40 a. eða sannað að Sigurður Jóhannson hafi látið í té meira efni en stefnda kannast við, en í því efni verður ekki farið eftir reikningum Sigurðar, með því að þeir eru í mörgum greinum ónáknæmir og ósamhljóða, og stefnda virðist hafa sýnt fram á það, að mótmæli hennar gegn reikningunum eigi við rök að styðjast. Það verður því að fallast á, að héraðsdómarinn hefir sýknað stefndu, og með því að málskostnaðarákvæði gestaréttarins einnig samþykkist, ber að staðfesta dóminn að öllu leyti.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Áfrýjandi hefir í sóknarskjali við yfirdóminn viðhaft ítrekuð brígsl um undirdómarann fyrir hlutdrægni og verður því að sæta sekt fyrir ósæmilegan rithátt, er ákveðst 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til fátækrasjóðs Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Áfrýjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður greiði

sekt til landssjóðs 10 kr. og til fátækrasjóðs Reykjavíkur 10 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 46/1911: Réttvísin
gegn
Halldóri Þorsteinssyni og Antoni Birni Tómassyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 25. marz þ. á., voru hinir ákærðu, Halldór Þorgrímsson og Anton Björn Tómasson, dæmdir samkvæmt 230. gr. ninna almennu hegningarlaga í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða in solidum allan kostnað málsins, þar með talin varnarlaun til hins skipaða talsmanns þeirra í héraði, Einars bónda Sigfússonar á Stokkahlöðum, 8 krónur.

Dómi þessum er skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða Halldórs Þorgrímssonar, en fyrir hönd réttvísinnar hefir málinu verið áfrýjað til yfirdómsins að því er báða hina ákærðu snertir.

Í máli þessu er það sannað með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum, að þeir aðfaranótt hins 24. október 1910 tóku 2 tilslegnar tunnur, fullar af kjötmeti, á opnu geymslusvæði austan við hús Kolbeins kaupmanns Árnasonar á Oddeyri og veltu þeim heim að húsi hins ákærða Halldórs Þorgrímssonar og létu þær

þar inn í afþiljað og lokað geymsluskýli undir útdyratröppum hússins. Næsta morgun sló ákærði Halldór Þorgrímsson tunnur þessar upp, og kom þá í ljós, að í þeim voru rullupylsur. Hinir ákærðu hafa haldið því fram, að þeir þá þegar hafi ásett sér að koma tunnum þessum aftur til skila og ætlað sér að gera það leynilega, svo að ekki yrði uppvíst um tiltæki þeirra, en úr því varð þó eigi nein framkvæmd að öðru leyti en því, að ákærði Halldór Þorgrímsson flutti aðra tunnuna úr húsi sínu og velti henni nokkuð áleiðis, þangað er hún var tekin, og skildi við hana þar. Hina tunnuna faldi hann í móhlaða í hinu nefnda geymsluskýli, og þar fanst hún að kvöldi hins 5. nóvbr. f. á. Hefir ákærði Halldór Þorgrímsson haldið því fram, að hann, sem fyrir hittist í skýlinu nefnt kvöld, hafi þá verið að losa tunnuna úr móhlaðanum, til þess þá um nóttina að velta henni burtu. Hinir ákærðu hafa haldið því fram, að þeir hafi verið mjög druknir nótt þá, er þeir frömdu verk þetta og því gjört það undir áhrifum ölvímunnar, en eftir atvikum málsins verður ekki álitið, að þeir hafi verið svo mjög ölvaðir, að úr sakhæfi þeirra geti dregið.

Tunnunum hefir verið skilað aftur og skaðabóta hefir ekki verið krafist.

Framangreint afbrot hinna ákærðu, sem eru komnir langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki hefir áður verið hegnt fyrir neitt afbrot, hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 230. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og er hegningin hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir hvorn þeirra. Og með því yfirdómurinn felst á ákvæði aukaréttarins um málskostnað, ber að staðfesta hann í

öllum greinum. Hinir ákærðu verða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 12 kr. til hvors þeirra.

Rannsókn málsins hefir dregist alllengi, en fyrir þeim drætti hefir undirdómarinn fært nægilegar ástæður; að öðru leyti vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukarétterdómurinn á að vera óraskaður. Hinir ákærðu Halldór Þorgrímsson og Anton Björn Tómasson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 12 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 4. dag desembermán.

Nr. 9/1911: Lyder Höydal
gegn
Jóni Björnssyni f. h. Landt & Rickertsen

Dómur:

Með skjali, dags. 31. des. 1907 veðsetti áfrýjandi þessa máls Lyder Höydal kaupmaður í Vestmannaeyjum

firmanu Landt & Rickertsen í Hamborg meðal annars verzlunarlóð er hann átti þar í kaupstaðnum 3700 □ ál. að stærð, til tryggingar 6929 kr. 35 a. skuld með 6 % vöxtum og innheimtukostnaði, og árið eftir, 26. sept., gaf hann aftur út veðskuldabréf til firmans fyrir 8967 kr. — þar í fólgin skuldin eftir eldra bréfinu — og seldi skuldeiganda að veði 2 pakkhús, auk hins fyrnefnda veðs. Samkvæmt þessum bréfum og með skýrskotun til 15. gr. og 16. gr. laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar krafðist Jón Björnsson kaupmaður í Reykjavík í umboði Landt & Rickertsens fjárnáms í hinum veðsettu eignum fyrir eftirstöðvum skuldarinnar, er hann taldi vera 6505 kr. 2 a., auk vaxta og kostnaðar. Við þá fógetagjörð, sem fram fór 23. okt. f. á., neitaði fógetinn aðför samkvæmt veðskuldabréfinu 26. sept. 1908, með því að afrit eitt af þessu bréfi var lagt fram, en eigi skuldabréfið sjálft, sem tjáist vera glatað, en samkvæmt veðskuldarbréfinu 31. des. 1907 var fjárnám gjört í fyrgreindri verzlunarlóð áfrýjanda til lúkningar skuldareftirstöðvunum kr. 6505,02 með vöxtum og kostnaði.

Þessari fjárnámsgjörð hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. marz þ. á. og krafist þess, að fjárnámið verði felt úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér bætur fyrir skaða, er hann hafi beðið af fjárnáminu, eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að fjárnámið verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Í fyrgreindum lögum 16. des. 1885, 15. gr., sem hin áfrýjaða fjárnámsgjörð er bygð á, er meðal annars

það skilyrði sett fyrir fjárnámi eftir veðskuldabréfum, að þau séu þinglesin. Veðskuldabréfið 31. des. 1907, er fógetinn tók gilt sem heimild fyrir fjárnáminu, var að vísu fyrirfram innfært í veðmálabók Vestmanneyjasýslu 24. febr. 1908 til þinglesturs á næsta manntalsþingi samkvæmt tilskipun 24. apríl 1833, 4. gr., en bréfið ber það eigi með sér sjálft og ekki önnur skjöl málsins, að það hafi verið lesið á næsta manntalsþingi né síðar. Það er þannig eigi sannað, að fyrnefndu skilyrði fyrir lögmæti fjárnámsins sé fullnægt, og ber fyrir þá sök að taka til greina kröfu áfrýjanda og ógilda fjárnámsgjörðina.

Kröfu sína um bætur fyrir tjón, er fjárnámið hafi bakað honum, hefir áfrýjandi eigi sannað eða rökstutt svo, að hún verði tekin til greina gegn mótmælum stefnda, en málskostnað fyrir yfirdómi þykir stefndi eiga að greiða áfrýjanda, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð er úr gildi feld. Stefndi Jón Björnsson fyrir hönd Landt & Rickertsen greiði áfrýjanda Lyder Höydal 25 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 39/1911: Þórarinn Gunnarsson
gegn
Thor Iensen og Eggert Claessen f. h.
h/f. P. J, Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Áfrýjandinn Þórarinn Gunnarsson, sjómaður í Hafnarfirði, höfðaði mál þetta fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn hinum stefndu stjórnendum hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. til að fá þá dæmda til að greiða sér fyrir eigin hönd og 3. annara manna, skaðabætur fyrir riftingu á skiprúmssamningi, samtals 1136 kr. 32 a., ásamt 6 % vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnað, en málið var dæmt í neíndum rétti 31. marz þ. á. þannig, að stefndu voru sýknaðir af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 11. sept. þ. á., og krafist hins sama og fyrir gestaréttinum og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati yfirdómsins; en stefndu hafa krafist staðfestingar á gestaréttardóminum og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Hinn 12. jan. 1910 voru þeir áfrýjandinn og þrír menn aðrir, Guðmundur Ólafsson, Þorsteinn Guðmundsson og Jóhannes Narfason, er framselt hafa áfrýjandananum kröfur sínar í þessu máli, ráðnir hásetar á botnvöruskip hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. Frey, sem félagið gjörði þá út á fiskiveiðar hér við land. Þessir menn, sem ráðnir voru með fastákveðnu mánaðarkaupi, voru óslitið á skipinu til 28. sept. s. á., nema hvað áfrýjandinn fór af því 6. júlí, er það fór snöggva

ferð til Englands til aðgerðar, en hann var lögskráður á skipið aftur þegar það kom þaðan 23. s. m. En fyrnefndan dag, 28. sept., voru allir þeir félagar og 3 menn aðrir lögskráðir úr skiprúmi, með því að félagið afréð þá að hætta fiskiveiðunum og nota skipið til vöruflutninga. Áfrýjandinn heldur því nú fram, að stefndu hafi rofið skiprúmssamninginn við áfrýjanda og félaga hans með því að láta þá fara af skipinu 28. sept., því að þeir hafi verið ráðnir á skipið meðan það væri á fiskiveiðum á árinu, en skipið hafi haldið fiskiveiðunum áfram eftir nefndan dag og jafnvel allan tímann til ársloka, og krefst hann því skaðabóta hjá félaginu fyrir þá félaga alla fyrir samningsrof, bæði kaups og fæðispeninga, þann tímann allan, er eftir var ársins, samtals 1136 króna 32 a. ásamt vöxtum, svo sem áður er tekið fram. Hinir stefndu hafa neitað því, að ráðningarskilmálarnir hafi verið svo sem áfrýjandi heldur fram og að þeir hafi bakað sér nokkra skaðabótaskyldu gagnvart honum eða félögum hans.

Í viðskiftabókum ofangreindra háseta stendur að vísu, að þeir séu ráðnir á skipið Frey meðan skipinu er haldið út á fiskiveiðum, eða »meðan skipið er á fiskiveiðum þetta ár«, en skipshafnarskráin og vottorð lögskráningarstjóra, er skráð var á hana, virðist sýna það nægilega, að allir hlutaðeigendur hafa, þegar fyrir lögskráningarstjóra kom, verið sammála um, að ráðningin á skipið hafi átt að gilda að eins til 1. okt. 1910, en fyrir skráningarstjóra var gjörð sú breyting á þeim ráðningartíma, með samþykki áfrýjanda og félaga hans, að þeir skyldu vera ráðnir á skipið »að eins fyrir þann tíma, er skipið er á fiskiveiðum þetta ár, og var ástæðan til þessarar breytingar, sem gjörð var eftir ósk útgerðarmanna og samþykt

af hásetunum, sú, eftir því sem ómótmælt er borið fram af stefndu, að búist var við að skipinu mundi trauðlega verða haldið út á fiskiveiðum alt fram til 1. okt. og vildu þá útgerðarmenn ekki vera bundnir við ráðningu mannanna lengur en þeir þurftu þeirra við.

Eins og áður er sagt, var áfrýjandi og félagar hans lögskráðir af skipinu 28. sept., því að þá ákvað félagið að hætta úthaldinu til fiskiveiða og láta skipið fást við vöruflutninga að eins, en að sú ráðstöfun var meira en að yfirskyni gjörð, eins og áfrýjandi vill halda fram að verið hafi, sést á því, að félagið lét þá 7 háseta af 10 alls fara af skipinu, án þess að taka aðra í staðinn, svo að skipið hafði að eins þann mannafla eftir, er þurfti til flutningaferðanna. Það breytti í engu þessari ákvörðun skipsins, sem gjörð hafði verið — svo að talið verði að úthaldi skipsins til fiskiveiða hafi verið haldið áfram — þó að skipið væri látið draga fyrir fisk öðru hvoru meðan það beið byrjar eða tækifæris til að fara ferðir þær, er það átti að notast til og það síðar fór. En að þeim ferðum afstöðnum var skipinu lagt í vetrarlagi 17. nóv. og menn allir lögskráðir af því, og í vetrarlagi lá skipið eitthvað fram í desember, en þá var það gjört út af nýju til fiskiveiða og var að þeim þangað til í febrúar næsta ár.

Það getur nú enginn vafi á því verið eftir framanskráðum ráðningarskilmálum, að áfrýjanda og félögum hans hefir eigi verið neinn óréttur gjör, þótt þeir væru lögskráðir af skipinu fyrnefndan dag 28. sept. og hefðu ekki atvinnu á því nefndan tíma, fram í desbr., er því var ekki haldið úti á fiskiveiðum, og getur þá heldur

ekki verið um neinar skaðabætur til þeirra að ræða fyrir þann tíma.

En áfrýjandi virðist halda því fram, að félaginu hafi að minsta kosti verið skylt að kalla þá félaga til skips, samkvæmt ráðningarsamningnum við þá, er skipið var aftur í desember s. á. gjört út á fiskiveiðar, en þetta hafi það eigi gjört, og eigi þeir því bætur fyrir það hjá félaginu. Sérstaklega telur áfrýjandi, að sér sjálfum hafi borið réttur til þess að komast aftur á skipið, er það fór á fiskiveiðar af nýju, sökum þess, að er hann var lögskráður aftur á skipið 23. júlí, svo sem fyr er getið, hafi hann, eins og stendur í skipshafnarskránni, verið ráðinn á skipið »meðan það er á fiskiveiðum þetta ár«. Á þetta verður þó ekki fallist. Fyrri ráðningin þeirra félaga allra á skipið, er gjörist 12. jan. 1910, sem lýst er hér að framan, átti bersýnilega að gilda að eins fyrir þá útgerð skipsins, sem ráðgert var að lokið yrði í síðasta lagi 1. okt. og hin síðari lögskráning áfrýjanda gat eðlilega, þar sem um sömu fiskiútgerð skipsins var að ræða sem fyr, ekki orðið skoðuð öðruvísi en sem endurnýjun hinna fyrri skilmála, er hann, eins og hinir aðrir félagar hans, hafði áður undirgengist. Það er því hvorttveggja, að það verður eigi álitið, að í þessu tilliti hafi heldur neinn réttur verið brotinn á áfrýjanda eða félögum hans, enda væri eigi unt að dæma bætur fyrir þann attvinnumissi, er af því réttarbroti hefði leitt, þar sem engin nánari skýrsla er í málinu gefin um það, hvenær útgerð skipsins hófst þetta síðara skifti.

Samkvæmt framanrituðu verður að fallast á þá niðurstöðu gestaréttardómsins, að hann sýknaði hina stefndu af kærum og kröfum áfrýjandans í þessu máli og sömu-

leiðis á málskostnaðarákvæði hans, en eftir úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Þórarinn Gunnarsson greiði hinum stefndu, Thor Jensen og Eggert Claessen f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co. í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. dag. desembermán.

Nr. 53/1911: Einar Arnórsson gegn Einari M. Jónassyni.

Dómur:

Eftir kröfu áfrýjanda, Einars Arnórssonar háskólakennara, gjörði bæjarfógetinn í Reykjavík fjárnám 23. ág. þ. á. í 1/8 hluta Nýjatúns, eign stefnda Einars M. Jónassonar yfirréttarmálaflutningsmanns fyrir 1260 kr. skuld með 6 % vöxtum frá 10. maí þ. á. samkvæmt veðskuldabréfi dags. þann dag. Þessari fjárnámsgjörð hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. okt. þ.

á. og krafist staðfestingar á henni og málskostnaðar að skaðlausu hjá stefnda.

Stefndi hefir krafist frests til að gagnáfrýja málinu, en áfrýjandi mótmælt því, með því að stefndi hafi haft nægan tíma til gagnáfrýjunar, og er málið þannig lagt undir úrskurð réttarins eða dóm.

Stefndi hefir tvisvar áður tekið út áfrýjunarstefnu í máli þessu, en lagt hvoruga þeirra fyrir yfirdóminn og hefir því málskotið fallið niður í bæði skiftin. Afrýjandi hafði því eðlilega ástæðu til að leita staðfestingardóms á fjárnámsgjörðinni. Staðfestingarstefnan var birt stefnda 1. f. m. með fast að þriggja vikna fyrirvara, og er það nægur frestur til gagnáfrýjunar, en í stað þess tók stefndi út þriðju aðaláfrýjunarstefnu í málinu nefndan dag. Með því að stefndi þannig hefir sýnt viðleitni til að tefja málið og með því að hann, eins og nú var sagt, hefir haft nægan tíma til gagnáfrýjunar, verður krafa hans um frest í þessu skyni eigi tekin til greina gegn mótmælum áfrýjanda.

Það ber því nú að leggja dóm á efni málsins, og með því að framangreint veðskuldabréf 10. maí þ. á. fullnægir fyrirmælum laga 16. des. 1885 í 15. gr. um fjárnám eftir veðskuldabréfum án undanfarins dóms eða sáttar, ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um staðfesting fjárnámsgjörðarinnar.

Eftir málavöxtum þykir það og rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð skal óraskað. Stefndi Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda Einari Arnórssyni 15 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 18. dag desembermán.

Nr. 55/1911: Réttvísin gegn Jóni Jónssyni.

Dómur:

Í máli þessu, sem skotið er til yfirdómsins af réttvísinnar hálfu, var ákærði, Jón Jónsson Þurrabúðarmaður á Seyðisfirði, dæmdur í aukarétti nefnds kaupstaðar 4. ágúst þ. á. fyrir sifjaspell samkvæmt 163. gr. sbr. 41. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun 5 kr. til talsmanns síns Stefáns Th. Jónssonar konsúls.

Ákærði er fæddur 23. apríl 1878 og kvæntist fyrir nálægt 10 árum Gróu Jónsdóttur ekkju, þá 42 ára gamalli; hafa þau eigi átt börn saman, en dóttir Gróu af fyrra hjónabandi, Ingibjörg Sigurðardóttir, fædd 3. ágúst 1888, hefir lengst af dvalið hjá þeim síðan þau giftust. Það er nú með játningu þeirra ákærða og Ingibjargar

þessarar löglega sannað, að þau hafi átt saman holdlegt samræði þrisvar sinnum á tímabilinu frá nóvember 1909 til febrúar 1910. Þegar ákærði fyrsta sinni fór fram á það við Ingibjörgu, kveðst hún hafa sagt, að þetta væri eigi rétt, en látið þó að ósk hans, án frekari ummæla, og í síðari skiftin lét hún ákærða ráða, mótmælalaust af hennar hálfu. Þ. 3. sept. f. á. ól Ingibjörg sveinbarn, er hún lýsti ákærða föður að, og kannaðist hann við faðernið.

Sér til málsbóta hefir ákærði talið það, að hann hafi enga hugmynd haft um, að téðar samfarir hans við stjúpdóttur hans væru hegningarverðar eða saknæmari en þó að hann ætti slík mök við aðrar konur, en þó að eigi sé ástæða til að véfengja þennan framburð ákærða, getur eigi sú vanþekking samkvæmt 43. gr. hegningarlaganna losað hann við refsingarábyrgð fyrir brot hans.

Um sakhæfi ákærða er því haldið fram af talsmanni hans við undirréttinn og yfirdóminn, að hann sé bjáni, og er þetta bygt á skýrslum sóknarprests ákærða og héraðslæknisins á Seyðisfirði. En þessar skýrslur sýna að eins það, að ákærði hefir verið seinþroska og að hann er tornæmur, greindarlítill og fákunnandi, en eftir þeirri lýsingu er eigi heimilt að telja hann bjána. Og við réttarprófin virðist framkoma hans eigi hafa verið bjánaleg, en framburður hans þar hiklaus og nægilega skýr. Þegar þess ennfremur er gætt, að ákærði veitir heimili forstöðu og vinnur algenga vinnu á sjó og landi, verður eigi séð, að andlegum þroska hans sé svo áfátt, að það eigi að koma til greina við ákvörðun hegningarinnar.

Framangreint brot ákærða, sem eigi hefir áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot, hefir undirdómarinn réttilega

heimfært undir 163. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir hæfilegt að meta refsingu fyrir það 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, og ákærða ber einnig að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn, 12 kr. til hvors.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Jónsson sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Um málskostnað í héraði skal aukarèttardóminum óraskað. Allan áfrýjunarkostnað málsins greiði ákærði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar 12 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 54/1911: Réttvísin gegn Sigríði Jósafatsdóttur.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir

nauðsynlegt að útvegaðar verði ítarlegri skýrslur um þau atriði, er nú skal greina:

1. Hvernig fjárhag Teits bónda Jóhannssonar sé varið; hvort og að hve miklu leyti hann eigi ábúðarjörð sína og hvort honum komi tekjur annarstaðar frá en af búi sínu.
2. Hvaðan peningar þeir hafi verið, er hann hafði, þá er brann á Hraunhálsi.
3. Hvernig hafi verið um úttekt hans í kaupstað og skuldir hans þar síðan kona hans dó.
4. Hvort Sigríður eigi sjálf nokkrar eigur eða hafi haft eða hafi nokkrar sjálfstæðar tekjur.
5. Hvenær hún hafi farið að hafa reikning fyrir sig í kaupstaðnum og hvað hafi leitt til þess.
6. Hvort hún hafi haft eigin reikning þar síðan er kona Teits dó, og hvernig úttekt hennar þá hafi verið varið.
7. Hvernig hún hafi fyrirfarandi greitt þar skuldir sínar.
8. Hvort Teiti hafi verið kunnugt úm skuldir hennar þar.
9. Af hverju skuld sú hafi stafað, er Sigríður ætlaði að greiða sýslumanni í dánarbú eitthvert með 100 kr. af fé því, er hún tók frá Teiti.
10. Hvernig Teitur hafi lagt til búsins.
11. Hvort vörur þær, er Sigríður tók út og skuldir hennar stöfuðu frá, geta álitist hafa verið nauðsynlegar til framfærslu heimilisins.
12. Hvort úttekt hennar hafi gengið til nokkurs annars en heimilisþarfa eða hún hafi hagnýtt hana til sérstakra þarfa, er heimilinu voru óviðkomandi.
13. Hvort Sigríður hélt illa á því, er búinu var lagt.

14. Hvort hún réð öðruvísi yfir því er kom á heimilið fyrir úttekt hennar, en öðrum forða búsins.
15. Hvað leiddi Sigríði til þess að taka af peningum Teits til þess að borga eigin skuld hans til kaupmanns.
16. Hvort Sigríður átti kú þá, er hún segist hafa veðsett fyrir skuld sinni, eða Davíð ær þær, er hann veðsetti fyrir sömu skuld.

Um þessi atriði öll og fleiri, er geta orðið til að skýra framkomu ákærðu, ber að fá sem fyrst skýrslu heimilismanna á Hraunhálsi og kaupmanna og annara, er um þau geta gefið upplýsingar.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega skýrslur þær, er að framan greinir, svo fljótt sem verða má.

Hæstaréttardómar 1911.

Fimtudaginn 5. október 1911.

Nr. 339 Hæstaréttarmálaflutningsmaður Asmussen
gegn
Jónasi Hannesi Jónssyni
(verjandi Bagger)

er kærður er fyrir rangan framburð fyrir rétti.

Aukaréttardómur Reykjavíkur kaupstaðar 22. október 1910: Akærði Jónas Hannes Jónsson skal sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo skal hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 20. febrúar 1911: Ákærði Jónas Hannes Jónsson sæti 14 daga einföldu fangelsi. Svo greiði hann og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Magnúsar Sigurðssonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er taldar eru í hinum áfrýjaða dómi og ekkert verulegt þykir athugavert við, verður að fallast á það, að ákærða sé refsað samkvæmt 149. gr. hegningarlaganna og refsingin ákveðin eins og gjört er í dómnum. Auk þess verður hann að greiða málskostnað fyrir öllum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Um refsing þá, er Jónas Hannes Jónsson hefir verið dæmdur í, skal landsyfirréttardóminum óraskað. Svo greiði og ákærði málskostnaðinn, þar með talin málflutningslaun þau, er ákveðin eru í landsyfirréttardóminum og málflutningslaun fyrir hæstarétti til hæstaréttarmálaflutningsmannanna Asmussen og Bagger 30 kr. til hvors þeirra.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 256—257 hér að framan.

Fimtudaginn 23. nóvember 1911.

Nr. 18 Frithjof kaupm. Örtenblad (Harboe)
gegn
Ásgeiri kaupm. Péturssyni (Rée)

um þá grein, hvort kaupheild (Parti) síldar, er áfrýjandi tók við, var hluti af umsömdu vörukaupi eða sérstakt vörukaup.

Gestaréttardómur Akureyrarkaupstaðar 27. febrúar 1908: Stefndi Frithjof Örtenblad greiði sækjanda Valdemar Thorarensen f. h. Ásgeirs Péturssonar kr. 13998 — þrettán þúsund níu hundruð níutíu og átta krónur — með vöxtum 6 % p. a. frá stefnudegi til borgunardags, en á að öðru leyti að vera sýkn af kröfum sækjandans. Málskostnaður falli niður. Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 8. marz 1909: Hinn áfrýjaði gestaréttardómur og fógetaúrskurður með eftirfarandi fjárnámsgjörðum eiga að vera óraskaðir, þó svo, að fjárnámsupphæðin sé 9736 kr. 93 a. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar:

Ágreiningurinn milli málsaðilanna er fyrir hæstarétti um það eitt, hvort stefndi hafi látið af hendi og áfrýjandi hafi tekið við þeim 357 tunnum síldar, er um getur í dómnum, svo sem hluta af þeim 1000 tunnum, er um ræðir í samningnum 7. september 1907, eða hvort áfrýjandi hafi keypt þær sérstaklega auk áminstrar stærri kaupheildar. Eftir skýrslum þeim, sem fengnar hafa verið í málinu, þar með töldum einkum ýmsum vitnaskýrslum framkomnum eftir uppsögn dómsins, verður að líta svo á, að hinar 357 tunnur síldar séu ekki látnar úti upp í áðurgreindar 1000 tunnur síldar, en séu sjálfstæður vörupóstur, er borga skyldi sérstaklega. Samkvæmt þessu verður hæstiréttur að fallast á þá niðurstöðu, er dómur-

inn hefir komist að, en við þetta athugast, að það, sem stefndi hefir meðtekið upp í viðskiftin milli málsaðila eftir uppsögn gestaréttardómsins, verður að sjálfsögðu að dragast frá upphæð þeirri, er stefnda er dæmd.

Því dæmist rétt vera:

Landsyfirréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Frithjof kaupmaður Örtenblad nú í Gautaborg greiði stefnda Ásgeiri kaupmanni Péturssyni 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti. Svo greiðir og áfrýjandi 10 krónur í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 195—206 hér að framan.

Föstudaginn 19. febrúarmán. 1912.

Nr. 10: Björn kaupm. Guðmundsson í Reykjavík í umboði firmans Fredriksen & Co. í Mandal í Noregi (Kondrup)
gegn
J. Gautesen skipstjóra sjálfs hans vegna og vegna eiganda og útgjörðarmanna skipsins Mod frá Haugesund, J. An. Christensen o. fl. (Möldrup)
um skaðabætur fyrir skipstapa.

Gestaréttardómur Reykjavíkur kaupstaðar 2. okt.

1907: Hinir stefndu J. Gautesen skipstjóri og eigendur og útgerðarmenn skipsins Mod frá Haugesund J. An. Christensen o. fl. greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn sækjanda Birni Guðmundssyni fyrir hönd Fredriksen & Co. í Mandal 11660 kr. með 5 % vöxtum frá stefnudegi þangað til borgað er. Málskostnaður falli niður. Dóminum að fullnægja innan 3 daga frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hins íslenzka landsyfirréttar 27. júlí 1908. Áðaláfrýjendurnir J. Gautesen skipstjóri og eigendur og útgerðarmenn gufuskipsins Mods frá Haugesund J. An. Christensen o. fl. greiði in solidum gagnáfrýjanda Birni Guðmundssyni fyrir hönd Fredriksen & Co. í Mandal 261 kr. 67 a. með 5 % vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en séu að öðru leyti sýknir af kærum og kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem taldar eru í hinum áfrýjaða dómi, sem í öllu verulegu má fallast á, og með því að nýjar skýrslur, er lagðar hafa verið fyrir hæstarétt, fremur styrkja það, að hið týnda skip hafi verið hér um bil 24000 kr. virði, er það fórst, ber að staðfesta dóminn.

Málskostnaður fyrir hæstarétti þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Landsyfirréttardómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður. Aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi greiði í dómsmálasjóð 10 kr. hvor.

Ástæður landsyfirréttardómsins eru prentaðar á bls. 63—72 hér að framan.

Landsyfirréttardómar 1912.

Mánudaginn 8. dag janúarmán.

Nr. 53/1911: Einar M. Jónasson
gegn
Einari Arnórssyni.

Dómur:

Með því að fógetagjörðir in forma um fjárnám það, sem áfrýjað er í þessu máli, hafa eigi verið lagðar fram fyrir yfirdóminn, eins og boðið er í N. L. 1—6—10 sbr. 1—5—13, ber að vísa málinu frá yfirdóminum, og skylda áfrýjanda eftir kröfu stefnda til að greiða honum málskostnað, sem ákveðst 10 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn Einar M. Jónasson greiði stefnda Einari Arnórssyni 10 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. dag janúarmán.

Nr. 4/1911: Hlutafélagið Separator Depot, Alpha Laval
gegn
hlutafélaginu Kaupfélagið Hekla.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði hlutafélagið Separator Depot Alpha Laval gegn kaupfélaginu Hekla á Eyrarbakka, til þess að fá það dæmt til að greiða sér skuld að upphæð kr. 4022,19. Var málið dæmt í gestarétti Árnessýslu hinn 17. jan. 1911 á þá leið, að hið stefnda kaupfélag var sýknað af öllum kröfum áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. febr. f. á., og hefir þess verið krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð, kr. 4022,19, með 6 % vöxtum frá 1. jan. 1908 til borgunardags, svo og málskostnað fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins. Af stefnda hálfu hefir þess hins vegar verið krafist, að gestardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Skuld þessa telur áfrýjandi svo til komna, að Gestur Einarsson bóndi á Hæli hafi árið 1904 fengið kaupfélaginu Heklu í hendur söluumboð á skilvindum, er hann hafði í umboðssölu fyrir hlutafélagið Separator Depot Alpha Laval, og hafði kaupfélagið jafnframt tekið við umboðssöluvörum þeim, er Gestur hafði þá fyrirliggjandi og selt þær, en í stað þess að greiða andvirði skilvindn-

anna beina leið til eigendanna, hafi kaupfélagið greitt það í heimildarleysi til Gests. Samkvæmt viðskiftareikningi við kaupfélagið Heklu, sem áfrýjandi hefir lagt fram, hefir Gestur lagt inn í reikning sinn við kaupfélagið 12. júlí 1905, 10 skilvindur fyrir kr. 956,25 og 19. sept. s. á. 50 skilvindur fyrir kr. 4250,00, eða alls skilvindur fyrir kr. 5206,25. Þessa upphæð hefir umboðsmaður áfrýjanda fyrir undirrétti talið kaupfélaginu Heklu skylt að greiða h/f. Separator Depot, Alpha Laval, að frádregnu andvirði fyrir vörur, er Gestur Einarsson hafi fengið út í reikning sinn við kaupfélagið í septbr., oktbr. og nóvbr. mánuðum 1905, er nema samtals kr. 361,01, með því að heimild fyrir þeirri greiðslu til Gests kynni að geta talist sem falin í bréfi h/f. Sep. Dep., A. L. til Kristjáns Jóhannessonar, kaupfélagsstjóra Heklu, dags. 8. sept. 1905. Þegar þessar kr. 361,01 eru dregnar frá áðurnefndri upphæð, kr. 5206,25, verða eftir kr. 4845,24, er áfrýjandi telur kaupfélaginu Heklu til skuldar, en með því að fyrir vangá hefir eigi verið stefnt fyrir hærri upphæð en kr. 4022,19, þá verði eigi meira krafist í máli þessu.

Hin stefnda stjórn kaupfélagsins Heklu hefir hins vegar neitað því eindregið, að nefnt kaupfélag hafi tekið við nokkrum vörum af Gesti Einarssyni til umboðssölu fyrir h/f. Sep. Dep., A. L. og heldur því fram, að kaupfélagið Hekla hafi eigi komist í viðskiftasamband við Seperator Depot Alpha Laval fyr en eftir að kaupfélaginu var veitt einkasala fyrir Árnes- og Rangárvallasýslu á skilvindum hlutafélagsins 3. marz 1906. Söluumboð það, sem kaupfélagsstjóri Heklu, Kristján Jóhannesson, fekk árið 1904, hafi verið veitt honum sjálfum en ekki kaup-

félaginu Heklu. Skilvindur þær, er Hekla fekk frá Gesti Einarssyni 1905, hafi Gestur haft í umboðssölu og honum jafnheimilt að taka við andvirði þeirra eins og kaupfélaginu Heklu að greiða honum það.

Skjöl málsins bera það með sér, að árið 1904 fekk Gestur Einarsson bóndi á Hæli skilvindur í umboðssölu hjá áfrýjanda, hlutafélaginu Separator Depot, Alpha Laval, en 15. september s. á. skrifaði Kr. Jóhannesson, verzlunarstjóri kaupfélagsins Heklu, áfrýjanda, tjáði honum, að Gestur Einarsson hefði falið sér sölu á skilvindum félagsins og sendi áfrýjanda jafnframt skilagrein fyrir þeim vörum, sem hann hefði tekið á móti hjá Gesti. Með bréfi dags. 7. október s. á. samþykti áfrýjandi þetta, en samt sem áður verður ekki annað séð, en að áfrýjandi hafi haldið áfram að hafa skilvindur í umboðssölu hjá Gesti Einarssyni. Hinn 28. janúar 1906 skrifaði áðurnefndur verzlunarstjóri Heklu, Kr. Jóhannesson, áfrýjanda, tjáði honum, að það hefði orðið að samkomulagi milli Heklu og Gests Einarssonar, að Hekla fengi söluumboð á skilvindum áfrýjanda og fór hann jafnframt fram á það, að áfrýjandi veitti Heklu einkasöluumboð fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur á nefndum skilvindum. Með bréfi dags. 3. marz s. á. veittu svo áfrýjendurnir Heklu hið umbeðna einkasöluumboð á skilvindum þeirra, en 26. s. m. ritaði Hekla áfrýjendunum, að þeir tækju ekki við skilvindum þeim, sem Gestur Einarsson hefði undir höndum, heldur að eins þeim, sem Kr. Jóhannesson hefði haft undir höndum. Hinn 25. maí næst á eftir pantaði Hekla ýmsar skilvindutegundir hjá áfrýjanda, og gat þess þá jafnframt, að af einni tegund, Viola, hefðu þeir nægar birgðir, þar eð þeir hefðu fengið 50 skilvind-

ur af þeirri tegund hjá Gesti Einarssyni; tók Hekla það fram í bréfinu, að andvirði fyrir skilvindur þessar hafi verið fært Gesti til tekna, og muni andvirði þeirra verða greitt honum jafnóðum og skilvindurnar seljist; en umræddar 50 skilvindur hafði kaupfélagið Hekla fengið hjá Gesti Einarssyni hinn 19. septbr. 1905. Út af skilvindum þessum, svo og 10 skilvindum, er Hekla hafði fengið hjá Gesti 12. júlí s. á., er mál þetta risið.

Milli málsaðila er ágreiningurinn um það, hvort það hafi verið Kristján Jóhannesson sjálfur eða kaupfélagið Hekla, er tók við söluumboði á skilvindum hlutafélagsins, Separator Depot Alpha Laval árið 1904, en þetta atriði virðist engu skifta um úrslit máls þessa, þar eð það er viðurkent í málinu, að áfrýjanda hafa verið gjörð full skil fyrir skilvindum þeim, er Kr. Jóhannesson tók á móti hjá Gesti. Að því er snertir þær 10 skilvindur, sem færðar eru inn í reikning Gests Einarssonar við Heklu 12. júlí 1905, hefir h/f. Seperator Depot, Alpha Laval aldrei farið fram á að fá andvirði þeirra greitt til sín, eða einu sinni minst á þær í bréfum sínum, fyr en umboðsmaður þess í máli þessu í orði kveðnu hefir talið verð þeirra með í kröfu sinni gegn hlutafélaginu Heklu, en hefir hins vegar lagt aðaláherzluna á hinar 50 skilvindur, nefndar Violaskilvindur, er Hekla fekk hjá Gesti 19. septbr. 1905, og mál þetta aðallega snýst um. En um þessar 50 skilvindur er það að segja, að svo sem fram hefir verið tekið, skýrði Hekla, eftir að hún hafði fengið umboðssölu á skilvindum h/f. Seperator Depot, Alpha Laval, nefndu hlutafélagi frá því í bréfi, dags. 25. maí 1906, í sambandi við pöntun á ýmsum skilvindutegundum, að hún hefði nægar birgðir af Violategundinni, með

því að Hekla hefði fengið 50 af þeirri tegund frá Gesti, og tók það jafnframt fram berum orðum, að honum hefði verið færðar þær til tekna, og að hann tæki við verði þeirra jafnóðum og þær seldust. Með sama bréfi sendi Hekla yfirlit yfir viðskifti sín við h/f. Seperator Depot, Alpha Laval frá upphafi til þess dags. Þessu bréfi svaraði hlutafélagið Separator Depot, Alpha Laval 18. júlí s. á. á þá leið, að það hefði yfirfarið reikningana og telji þá rétta, en gerir enga athugasemd við það, að Gesti Einarssyni verði greitt andvirðið fyrir umræddar 50 Violaskilvindur. Leið svo fram til ársins 1908. Á því tímabili átti kaupfélagið Hekla stöðug viðskifti við h/f. Separator Depot, Alpha Laval og voru reikningar samdir og samþyktir við árslokin 1906 og 1907, án þess að þessar 50 skilvindur frá Gesti væru teknar í reikningana eða á þær minst af hálfu h/f. Separator Depot, Alpha Laval, að það hefði nokkra kröfu á hendur Heklu út af þessum skilvindum, þar til er yfirréttarmálaflutningsmaður Sveinn Björnsson skýrir frá því í bréfi til verzlunarstjóra Kr. Jóhannessonar 24. júní 1908, að Hekla verði krafin um andvirði oftnefndra 50 skilvindna, og er þeirri kröfu síðan haldið fram af hálfu h/f. Separators Depot, Alpha Laval, en með því þannig í full 2 ár að láta fyrirfarast að hefja andmæli gegn því, að andvirði véla þessara væri greitt Gesti Einarssyni, verður að fallast á það, að h/f. Separator Depot, Alpha Laval, hafi gefið hlutafélaginu Heklu fulla ástæðu til þess að ætla, að hlutafélagið tæki þennan greiðslumáta gildan, og afleiðingin af þessu tómlæti áfrýjanda verður sú, að hann hefir fyrirgjört rétti sínum til þess nú, eftir að Hekla er búin að greiða andvirði skilvindnanna til Gests Einarssonar, að fá andvirði

vélanna greitt beint til sín, þótt það, sem eigandi umræddra véla, upprunalega hefði átt heimting á því. Umboðsmaður áfrýjanda heldur því fram hér fyrir réttinum, að Gestur Einarsson hafi ætlast til þess, að Hekla greiddi andvirði skilvindnanna beint til h/f. Separator Depot, Alpha Laval, og að Hekla hafi enga heimild haft til þess að nota andvirði vélanna til skuldajafnaðar á verzlunarreikningi hans við kaupfélagið, en fullyrðing þessari hefir verið mótmælt af stefnda, og styðst ekki við neitt, sem fram er komið í málinu, enda er því ekki einu sinni haldið fram, að Gestur hafi hafið nein mótmæli gegn greiðslumáta kaupfélagsins, en eftir því sem fyrir liggur verður að álíta, að honum hafi verið fullkunnugt um það, að andvirði vélanna var fært honum til tekna í viðskiftareikningi hans við Heklu.

Samkvæmt framansögðu verður yfirdómurinn að fallast á það, að hið stefnda kaupfélag hefir verið sýknað af kröfum áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, hlutafélagið Seperator Depot, Alpha Laval, greiði stefnda, kaupfélaginu Heklu, 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 50/1911: Björn Gíslason
gegn
Einari M. Jónassyni.

Dómur.

Mál þetta höfðaði stefndi, yfirréttarmálaflutningsmaður Einar M. Jónasson, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Birni Gíslasyni, útgerðarmanni, fyrir ærumeiðingar í grein með nafni áfrýjanda undir, er birtist í Þjóðólfi 21. tbl. 63. árgangs hinn 27. maí f. á. með yfirskriftinni »Aðsent«, og var málið dæmt í nefndum rétti 5. okt. f. á., þannig, að flest hin átöldu ummæli í blaðagreininni voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur fyrir þau samkvæmt 217. gr. sbr. 218. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga í 200 kr. sekt til landsjóðs, eða til vara í 50 daga einfalt fangelsi, svo skyldi og áfrýjandi greiða stefnda 1000 kr. í skaðabætur fyrir traustsspjöll og í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 24. okt. f. ár, og hefir hann krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu af kærum og kröfum stefnda, en stefndi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, eða til vara að málskostnaður verði látinn falla niður. Hinn

stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur.

Ummæli þau í áðurnefndri Þjóðólfsgrein, sem átalin hafa verið í máli þessu af stefnda sem meiðandi fyrir hann, og sem til álita geta komið fyrir yfirdóminum, eins og málið liggur fyrir, eru þessi: »vasaprokurator«, »braskari«, »sem hann braskaði inn á mig og sveik mig á«, »þessu lýgur dóninn«, »eða heimsku sinni, sem kemur fyrir sama«, »Ekki lýginni líkt að tarna!«, »Auðvitað varð dóninn að afturkalla það, og slepti eg honum í það sinn við að komast undir manna hendur í svipinn«, »Eða hvað hefir þú gjört við 150 kr. víxil, sem eg fekk þér til innköllunar síðastl. sumar?« »Hvað hefir þú gjört við 150 kr., sem eg greiddi þér upp í 380 kr. víxil Þórðar Eiríkssonar, en sem þú ekki svífist að kiefja hann um að fullu?« og »Hvað gekk þér til, þegar þú að mér óafvitandi og óviljandi tókst 6 stórskipsegl, sem eg átti, og seldir síðastliðið sumar í Ólafsvík? Því hefir þú enga skilagrein gjört mér fyrir þessu tiltæki þínu?« »Ef þú ekki svarar fullnægjandi þessum spurningum, hefir þú vissulega með háttalagi þínu unnið þér inn tukthús, og flengingu í aukagetu«.

Það verður að fallast á það, að héraðsdómarinn hefir talið ummæli þessi, sem áfrýjandinn hefir að engu leyti réttlætt, freklega meiðandi, móðgandi og óvirðandi fyrir stefnda, ýmist ein sér eða í sambandi hver við önnur, og ber því að dæma þau dauð og ómerk og verður áfrýjandi að sæta ábyrgð fyrir þau.

Afrýjandi hefir borið fyrir sig sér til varnar, að hin átalda grein, eins og hún bendir sjálf til, sé full afsakanlegt svar upp á ærumeiðandi árás á hann af stefnda

hálfu í grein, er birtist 3 dögum áður í blaðinu Ingólfi, með fyrirsögninni »Landsbankastjórarnir«, en í grein þeirri skýrir stefndi frá því, að hann hafi gjört ráðstafanir til sakamálshöfðunar gegn áfrýjanda fyrir sviksamlegt athæfi, og krefst áfrýjandi fullkominnar sýknunar í málinu af þessum sökum. Nefnd grein í Ingólfi greinir reyndar ekki nafn áfrýjanda, en þar er atvikum lýst svo ákveðið, að það er sannað, að þar getur ekki verið átt við annan mann en áfrýjanda, enda er því eigi heldur beint neitað af stefnda, að greinin eigi við hann. Með því að stefndi í grein þessari hafði að fyrra bragði dróttað sviksamlegu athæfi að áfrýjanda og skýrt frá því, að hann, áfrýjandi, hefði gjört ráðstafanir til sakamálshöfðunar gegn honum, og stefndi hefir ekki réttlætt þessa ærumeiðandi aðdróttun að neinu leyti, en kæru hans yfir áfrýjanda virðist ekki hafa verið sint af yfirvöldunum, verður að telja aðdróttunina ástæðulausa og óréttmæta, og þykir þá rétt að tekið sé tillit til tilefnis þess, er stefndi hefir með henni gefið til árásar áfrýjanda á hann. Sektin fyrir hin átöldu ummæli, er mál þetta snýst um, og sem af héraðsdómaranum voru réttilega heimfærð undir 217. gr., sbr. 218. gr. og 219. gr. alm. hegningarlaga, þykir því með skírskotun til 221. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 150 kr. eða til vara 35 daga einfalt fangelsi. Að því er snertir skaðabótakröfu stefnda á hendur áfrýjanda, þá hefir stefndi ekki sannað eða fært neinar líkur fyrir, að grein áfrýjanda hafi spilt að neinu högum hans, svo að tjón hafi hlotist af, og það verður eigi heldur talið sjálfsagt eða sennilegt, að greinin, sem er fljótfærnislega samin, og bersýnilega framkomin að eins í þeim tilgangi að ná sér niðri á stefnda fyrir áðurgjörða árás, hafi spilt atvinnu hans eða

áliti, svo að bætur eigi að koma fyrir; þykir því eigi næg ástæða til að dæma stefnda skaðabætur hjá áfrýjanda samkvæmt kröfu hans.

Um málskostnað í héraði samþykkist ákvæði bæjarþingsdómsins, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Björn Gíslason greiði 150 króna sekt til landsjóðs, sæti ella 35 daga einföldu fangelsi ef sektin er ekki öll greidd í ákveðinn tíma. Um ómerking meiðyrða og um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdóminum óraskað, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 29. dag janúarmán.

Nr. 29/1911: Þórður J. Thoroddsen
gegn
Ólafi V. Ófeigssyni o. fl.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Ólafur V. Ófeigsson verzlunarstjóri í Keflavík, fyrir sína hönd og fyrir hönd Ágústs Jónssonar bónda í Höskuldarkoti, Ársæls Jónssonar

bónda sama staðar, Guðna Jónssonar bónda á Vatnsnesi og Einars Jónssonar fyrrum hreppstjóra í Keflavík, fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn áfrýjanda Þórði J. Thoroddsen lækni, til þess að fá hann dæmdan til að greiða reikningslán nr. 90 við Íslandsbanka, er Þórður J. Thoroddsen hafði tekið þar, en stefnendur voru ábyrgðarmenn fyrir, eða til vara að losa þá við ábyrgð fyrir reikningsláni þessu. Var mál þetta dæmt í nefndum rétti 30. marz f. á. þannig, að Þórður J. Thoroddsen var dæmdur til þess, að viðlögðum 4 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur dóminum ófullnægt, að leysa stefnendur innan 20 daga frá lögbirtingu dómsins, frá ábyrgð þeirra á umgetnu reikningsláni að eftirstöðvum hinn 31. des. 1910 kr. 8849,63, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum af láninu frá nefndum degi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Þórður J. Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 21. júní f. á., og hefir hann krafist þess aðallega, að verða algjörlega sýknaður í málinu af kröfum hinna stefndu, en til vara að hann verði ekki dæmdur til að losa stefndu úr meiri ábyrgð en c. 480 kr. og hann jafnframt losaður við dagsektirnar, og að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndu hafa af sinni hálfu krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Árin 1901—1906 héldu aðilar máls þessa úti í félagi til fiskiveiða skipi einu er Sjöstjarnan hét. Eftir fiskiútgerð þessa hvíldu allmiklar skuldir á málsaðilum, sem voru risnar af útgerðinni. Sumarið 1909 höfðaði áfrý-

jandi mál gegn hinum stefndu til þess að fá þá til að greiða sér þann hluta af skuldum þessum, sem hann taldi þá skylda til að borga. Því máli lyktaði svo, að málsaðilar gjörðu sætt með sér fyrir gestaréttí Gullbringu- og Kjósarsýslu, 2. júlí 1909 þess efnis, að stefndu skyldu greiða eftirstöðvar af láni að upphæð 5000 kr. í Landsbankanum innan 15. júlí s. á. Því næst segir í sættinni »að allar frekari kröfur milli málsparta út af nefndu fiskiskipi (þ. e. Sjöstjörnunni) skuli falla burtu, og sætt þessi gildi sem fullnaðarviðurkenning milli nefndra málsparta — — — út af öllum viðskiftum þeirra — — — út af sameign þeirra í nefndu skipi«. Hinir stefndu fullnægðu sætt þessari á réttum tíma, með því að greiða umrætt lán til Landsbankans fyrir 15. júlí 1909. Gaf áfrýjandi út skriflega viðurkenningu stefndu til handa 10. júlí 1909 um það, að þeir hafi þann dag fullnægt sættinni. Í viðurkenningarskjali þessu lýsir áfrýjandi hina stefndu »lausa við allar krö.ur af minni (ɔ: áfrýjanda) hendi, að því er nefnt úthald (ɔ: fiskiskipsins Sjöstjörnunnar) snertir og alla ábyrgð þar af leiðandi, og skyldu nokkrar kröfur verða gerðar hér eftir, áður ókunnar, leiðandi af kaupum eða úthaldi Sjöstjörnunnar, þá lýsi eg (ɔ: áfrýjandi) mig skyldan til að fullnægja þeim, án þess þeir þurfi nokkuð að láta af hendi rakna í því skyni«.

Síðan hefir það komið fram, að eftir úthald eða kaup nefnds skips var skuld við Íslandsbanka, reikningslán nr. 90, tekið 1. nóvbr. 1904, að upphæð 31. desbr. 1910 kr. 8849,63. Var áfrýjandi lántakandi að láni þessu en stefndu sjálfskuldarábyrgðarmenn. Það virðist ljóst, að samkvæmt sættinni 2. júlí og viðurkenningarskjali áfrýjanda 10. júlí 1909, átti áfrýjandi að greiða þær

skuldir, sem ógreiddar voru þá eftir af skuldum út af samfélagi þeirra um skipið, enda höfðu stefndu að öllu fullnægt sínum skuldbindingum; stefndu höfðu og fulla ástæðu til að skilja yfirlýsingu áfrýjanda 10. júlí 1909 þannig, að hann þá þegar hefði leyst þá frá ábyrgð framangreinds reikningsláns í Íslandsbanka, auk þess sem hann (áfrýjandi), þá tók að sér að standa straum af skuldum vegna úthaldsins, er koma kynnu síðar fram. En hinn 26. jan. 1911 krafði Íslandsbanki hina stefndu um greiðslu á reikningsláni nr. 90, kr. 8849,63 ásamt vöxtum og dráttarvöxtum frá 1. jan. 1911 til greiðsludags, en með því að þeir greiddu ekki lánið, eða sömdu um greiðslu þess við Íslandsbanka, fekk bankinn dóm yfir þeim og hefir fjárnám verið framkvæmt hjá þeim samkvæmt dóminum.

Þegar stefndu voru krafðir um greiðslu ábyrgðarlánsins, þá höfðuðu þeir mál þetta gegn áfrýjanda og kröfðust þess, að hann greiddi lánið eða leysti þá úr áhyrgðinni fyrir því. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að einungis 4480 kr. stafi frá félagsskap málsaðila um skipið. Hinn hlutinn sé einkaskuld sín (áfrýjanda) sem stefndu hafi ábyrgst fyrir sig, og þessu til sönnunar hefir áfrýjandi vísað til skilagreinar fyrir útgerðarkostnaði skipsins 1904—1906, dagsettrar 4. júlí 1905, er fram hefir verið lögð í málinu, en í reikningi þessum er skuldin til Íslandsbanka talin 4480 kr., en reikningur þessi sýnir að eins það, að áfrýjandi hefir síðar tekið út úr reikningsláni nr. 90, er samkvæmt samningi við bankann mátti vera alt að 10,000 kr. Þar á móti sannar hann ekkert um það, að áfrýjanda hafi verið heimilt að taka nokkuð út úr reikningsláni nr. 90 í sínar eigin þarfir, þvert á

móti þar sem áfrýjandi hefir viðurkent, og haldið því fram, að 4480 kr., sem ógreiddar voru af umræddu reikningsláni 4. júlí 1906, hafi hvílt á skipsfélögunum út af útgerðinni, þá leiðir af því, að lánið hefir verið ætlað til skipsins eða úthalds þess, en úr því svo var, þá virðist það ólíklegt, að nokkur hluti þess mætti fara til einkaþarfa áfrýjanda, enda hefir hann ekki gagnvart mótmælum stefndu, upplýst hversu mikinn hluta reikningsláns-ins honum hafi verið heimilt að nota til einkaþarfa sinna. Staðhæfing áfrýjanda um það, að nokkur hluti lánsins tilheyri skipsfélaginu og nokkur hluti honum sjálfum, og að stefndu hafi ábyrgst þann hluta lánsins fyrir áfrýjanda persónulega, er því sé sættinni frá 2. júlí 1909 óviðkomandi, getur því ekki orðið tekin til greina.

Þar sem nú verður að líta svo á, að lánseftirstöðvarnar allar stafi frá félagsskap málsaðila um skipið, að áfrýjandi hafi eigi einungis lofað að leysa stefndu frá ábyrgð á láni þessu, heldur jafnvel með yfirlýsingu sinni 10. júlí 1909 gefið þeim ástæðu til að halda, að hann þá þegar hefði gjört það, og þar sem stefndu áttu fulla heimtingu á því, er þeir höfðu fullnægt sættinni 2. júlí 1909, að áfrýjandi leysti þá einnig frá ábyrgð á skuldum þeim út af Sjöstjörnunni, er hann hafði tekið að sér að greiða, þá verður yfirdómurinn að fallast á það, að héraðsdómarinn hefir dæmt áfrýjanda til þess að leysa stefndu frá ábyrgð þeirra á eftirstöðvum umrædds reikningsláns nr. 90 við Íslandsbanka ásamt vöxtum og dráttarvöxtum 6 1/4 % p. a. og þar sem dómurinn einnig felst á ákvæði gestaréttardómsins um dagsektir fyrir hvern dag, er hann lætur dóminum ófullnægt, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum ber áfrý-

janda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal órakskað. Áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen greiði stefndu, Ólafi V. Ófeigssyni, Agúst Jónssyni, Ársæl Jónssyni, Guðna Jónssyni og Einari Jónssyni 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 18. dag marzmán.

Nr. 2/1912: Réttvísin gegn Katrínu Jónsdóttur

Dómur:

Með aukaréttardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 26. nóv. f. á. var hin ákærða Katrín Jónsdóttir, bústýra í Keflavík, dæmd samkvæmt 240 gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 12 krónur í málsvarnarlaun og ferðakostnað til talsmanns hennar fyrir

aukaréttinum, Ágústs Jónssonar hreppstjóra í Keflavík; en dómi þessum hefir hluteigandi sýslumaður eftir ósk ákærðu og samkvæmt tilskipun 24. jan. 1838 skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu ákærðu, sem styðst við aðrar skýrslur málsins, að hún síðastliðinn vetur eða vor þáði og tók til sín 5 króna peningaseðil, er dóttir hennar, 13 ára gömul, hafði fengið að gjöf hjá annari telpu 12 ára gamalli, Kristínu Antonsdóttur, og var ákærðu þó kunnugt um, að telpa þessi hafði stolið seðlinum frá húsmóður sinni og fóstru. Það er og á sama hátt sannað, að fyrir 20 krónur, er áminzt dóttir ákærðu hafði um líkt leyti þegið af nefndri Kristínu og Kristín hafði einnig stolið frá fóstru sinni, keypti sama dóttir ákærðu og einnig Kristín þessi ýmislegt til heimilisþarfa ákærðu, kaffi, kramvöru og fl., og hirti ákærða muni þessa og það sem af gekk af peningunum, um 4 kr., þótt hún vissi hvernig fé þetta var fengið. Þá er það enn sannað, að ákærða í maímánuði síðastl. tók við til geymslu fyrir nefnda Kristínu 50 króna seðli, er Kristín skýrði henni frá, að hún hefði stolið frá fóstru sinni og sömuleiðis böggli með kramvöru, er Kristín hafði keypt handa sjálfri sér fyrir peninga, er hún hafði stolið frá sömu. Loks er það sannað, að ákærða tók við af Kristínu þessari, til að leggja launung á, 1 kr. 36 a., er Kristín hafði að hennar vitund stolið úr peningaboxi í brauðsölubúð þar í Keflavík.

Ákærða hefir skilað aftur mest öllu því, er hún á fyrgreindan hátt tók á móti.

Afbrot ákærðu, sem er komin langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki hefir áður sætt hegningu eða ákæru

fyrir neitt lagabrot, er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 240. gr. alm. hegningarlaga, en refsingin fyrir það þykir hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hann með nefndri breytingu, að því er hegninguna áhrærir. Ákærðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða, Katrin Jónsdóttir, sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að verða óraskaður.

Ákærða greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 12 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 40/1911: Eigendur Hrútafells með Hrútafellskoti
gegn
eigendum Skarðshlíðar og Drangshlíðar
með Drangshlíðardal.

Dómur:

Eigendur jarðanna Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu höfðuðu mál þetta gegn eigendum jarðanna Hrútafells með Hrútafellskoti í sama hreppi, út af ágreiningi um landamerki nefndra jarða, og var málið dæmt í merkjadómi sýslunnar 24. október 1910. En 28. nóv. s. á. afsalaði einn af sækjendunum, Vilborg Jónsdóttir á Steinum, eigandi $^1/_2$ Drangshlíðardals, þessa eign sína að gjöf Lilju Hjartardóttur í Núpakoti, og var gjafabréfið þinglesið á manntalsþingi Austur-Eyjafjallahrepps 2 júní f. á.

Nú hafa áfrýjendurnir skotið merkjadómi þessum til yfirdómsins með stefnu dags. 18. sept. f. á. og stefnt eigendum Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal, þeim er sóttu málið fyrir merkjadómi, en ekki hinum nýja eiganda að $^1/_2$ Drangshlíðardal, Lilju Hjartardóttur. Með því að réttum aðilum málsins þannig er eigi öllum stefnt við áfrýjun þessa, verður eigi, svo löglegt sé, sbr. 13. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882, dómur lagður á málið, eins og það liggur fyrir, og með því að eigi er heimild til gegn mótmælum stefnda að veita frest, sem áfrýjendur fara fram á, til að stefna Lilju Kjartansdóttur, verður eigi hjá því komist, að vísa málinu frá yfirdóminum, og verða áfrýjendur samkvæmt því að greiða hinum stefndu eigendum Skarðshlíðar og

Drangshlíðar með Drangshlíðardal, eftir kröfu þeirra, málskostnað fyrir yfirdómi sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Áfrýjendurnir Þorsteinn Þorsteinsson, Tómas Tómasson, Brynjólfur Tómasson og Sigurður Ólafsson greiði stefndu Jóni Hjörleifssyni, Gissurri Jónssyni, Elínu Sigurðardóttur og Birni Edvard Jónassyni 15 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 11/1912: Hlutafélagið Gutenberg
gegn
Sturlu Jónssyni og Einari M. Jónassyni.

Dómur:

Í skuldamáli, sem hlutafélagið Gutenberg í Reykjavík höfðaði gegn Sturlu kaupmanni Jónssyni og yfirréttarmálaflutningsmanni Einari M. Jónassyni, báðum til heimilis í Reykjavík, gekk dómur í gestarétti Reykjavíkur 3. febr. þ. á., á þá leið, að stefndu Sturla Jónsson og Einar M. Jónasson voru dæmdir til þess að greiða hlutafélaginu Gutenberg 400 kr. ásamt 5 % vöxtum af upphæðinni frá 1. nóvbr. 1911 til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir hlutafélagið Gutenberg áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dagsettri 27. f. m. og krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum atriðum og stefndu dæmdir til að greiða hlutafélaginu hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi. Með því að hinir stefndu hafa ekki mætt í málinu í yfirdómi, þótt áfrýjunarstefnan hafi verið þeim löglega birt, þá ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfesting dómsins til greina, og með tilliti til þess, að stefndu hafa neytt áfrýjanda til að leita staðfestingardóms með því að áfrýja málinu til yfirdómsins með óþarflega löngum fresti, þá ber þeim að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi með 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Stefndu Sturla Jónsson og Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda hlutafélaginu Gutenberg málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. dag aprílmán.

Nr. 43/1911: Hreppsnefnd Gerðahrepps
gegn
Þórði J. Thoroddsen.

Dómur:

Í máli þessu lögsækir stefndi, Þórður læknir Thor-

oddsen í Reykjavík, áfrýjanda, hreppsnefnd Gerðahrepps í Gullbringusýslu, um greiðslu á skuld til kaupfélags Rosmhvalanesshrepps, 827 kr. 20 aur., og var málið dæmt í gestarétti Gullbringu og Kjósarsýslu 14. ág. f. á. með þeim úrslitum, að hreppsnefndin var skylduð til að greiða stefnda, sem forstjóra kaupfélags Rosmhvalaneshrepps, hina umstefndu upphæð með 5 % vöxtum af henni frá 30. maí f. á. og í málskostnað 50 kr.

Þessum dómi hefir hreppsnefnd Gerðahrepps skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. okt. f. á. og fengið til þess gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann, og hefir þess verið krafist fyrir yfirdóminum af áfrýjanda hálfu, að hreppsnefndin verði dæmd sýkn af kærum og kröfum stefnda, en til vara, að henni verði að eins gjört að greiða það af skuldinni, er Gerðahreppi beri að lúka af þessari skuld Rosmhvalanesshrepps hins forna á móts við Keflavíkurhrepp. Og hvernig sem málið fer, krefst hreppsnefndin þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málfærslukaup til hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar fyrir undir- og yfirdómi, eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda.

Ágreiningur sá, er hér ræðir um, hefir áður komið fyrir yfirdóminn, en í máli því, sem þá lá fyrir, var hreppsnefnd Gerðahrepps sýknuð af kröfum stefnda, með því að hann hafði ekki gegn mótmælum hreppsnefndarinnar sannað heimild sína til að innheimta skuldina. Stefndi hefir því höfðað mál þetta að nýju gegn hreppsnefndinni til þess að sanna, að hann sé réttur aðili máls-

ins og í raun og veru hafi heimild til þess að innheimta hina umræddu skuld.

Í máli þessu hefir áfrýjandi enn bygt sýknarkröfu sína aðallega á því, að stefndi hafi ekki heimild til þess að innheimta hina umstefndu skuld, hvorki sem forstjóri kaupfélags Rosmhvalanesshrepps né í eigin nafni, hann hafi hvorki sannað, að hann sem forstjóri kaupfélagsins hefði haft vald til þess að höfða mál fyrir félagsins hönd, og þó svo hefði verið, meðan félag þetta lifði og var til, þá væri nú alt öðru máli að gegna, 12—13 árum eftir að félagið væri dautt og úr sögunni.

Um heimild sína til að krefjast skuldarinnar af kaupfélagsins hálfu hefir stefndi upplýst það, að hann var kosinn forstjóri kaupfélagsins á síðasta aðalfundi í félaginu árið 1895, í öðru lagi hefir hann lagt fram eftirrit af bráðabirgðalögum fyrir kaupfélag Rosmhvalanesshrepps, en í 9. gr. þeirra laga er ákveðið: »Framkvæmdarvaldið er hjá aðalforstjóra, hann er málsaðili gegn þriðja manni« o. s. frv. Um innheimtu á skuldum félagsins er að vísu eigi sérstaklega tekið fram í lögunum, hver hana skuli hafa á hendi, en samkvæmt hinum tilvitnuðu orðum í 9. gr. félagslaganna, virðist innheimta þeirra vera innifalin í stöðu stefnda sem aðalforstjóra.

Hvað sérstaklega viðvíkur heimild stefnda til þess að innheimta skuldir félagsins, eftir að það hætti að starfa, hefir stefndi skýrt frá, að eftir síðasta árið, sem vörur voru pantaðar frá útlöndum, en það virðist hafa verið árið 1896, hafi félagið verið komið í töluverða skuld við umboðsmann sinn í útlöndum og við Landsbankann, sökum þess, að félagsmenn hafi ekki borgað eða getað borgað hinar pöntuðu vörur. Á síðasta aðalfundi í fé-

laginu árið 1895 hafi stefndi, svo sem tekið hefir verið fram, verið kosinn aðalforstjóri félagsins og hafi honum borið að sjá um greiðslu á skuldum þessum; hafi hann samkvæmt 10. gr. félagslaganna haft rétt til þess að ganga að deildarstjórunum um borgun á því, er félagið stóð í skuld um. Hafi þá samist svo, að deildarstjórarnir hafi afhent honum inneign félagsins hjá félagsmönnum til innheimtu, svo að hann gæti staðið í skilum fyrir félagsins hönd. Þessi skýrsla stefnda, sem ekki er sérstaklega mótmælt af áfrýjanda, styðst við vottorð þriggja manna úr stjórn félagsins, sem kosnir voru í hana samtímis stefnda á aðalfundi félagsins 1895. Er í vottorðum þeirra tekið fram, að stefndi að ráðstöfun og vilja félagsstjórnarinnar og fyrir félagsins hönd hafi tekið að sér að innkrefja útistandandi skuldir félagsins, er það hætti vörupöntun hjá L. Zöllner í Newcastle, og að annast með því fé áhvílandi skuldir félagsins, og enn fremur hafa nokkrir af deildarstjórum félagsins lýst yfir því, að þeir, er félagið hætti vörupöntun, hafi afhent stefnda allar útistandandi skuldir í deildum þeirra hjá félagsmönnum til innheimtu, og hafi hann því heimild til að innkalla skuldirnar fyrir félagsins hönd óátalið af fulltrúaráðinu.

Með þessum nýju gögnum í málinu verður að álíta, að stefndi hafi sannað heimild sína til þess að ganga eftir eða innheimta skuldir félagsins, þar með talið hina umstefndu skuld, einnig eftir að félagið, sem eingöngu virðist hafa verið pöntunarfélag, hætti vörupöntun.

Að því er réttmæti hinnar umstefndu skuldakröfu snertir, þá ritaði stefndi hreppsnefnd Rosmhvalanesshrepps bréf hinn 1. ág. 1903, þar sem hann krafðist þess, að hreppsnefndin samkvæmt eldri ábyrgðarskuldbindingum

sínum greiddi sér af hreppsfé úttekt nokkurra tilgreindra bjargþrotamanna við kaupfélagið, sem þeir hefðu ekki getað greitt sjálfir, og nam þetta samtals kr. 827.20.

Á hreppsnefndarfundi er þar næst var haldinn hinn 23. sepbr. 1903, var bréf þetta lagt fram. Neitaði nefndin því ekki, að hún hefði ábyrgst úttekt umgetinna bjargþrotamanna, eða hreyfði neinum andmælum gegn upphæð kröfunnar, heldur samþykti meiri hluti nefndarinnar að greiða skuldina á næstu fjórum árum vaxtalaust. Þótt tveir menn úr nefndinni hafi á fundi þessum neitað að samþykkja greiðsluna, nema með vissum skilyrðum, þá verður þó að álíta, að meiri hluti nefndarinnar hafi skuldbundið hreppsfélagið til að greiða hina umræddu upphæð. Þá hefir áfrýjandi það að athuga, að skuldin hafi átt að greiðast á 4 árum, en það sýni, að hér sé um skuldbinding til langframa að ræða, sem hreppsnefndin eigi án samþykkis sýslunefndar hafi getað tekið á sig, en í þessu tilliti skiftir það eigi máli, hvort hreppsnefndin hefir skuldbundið sig til að greiða hina umstefndu upphæð á einu eða fleirum árum, heldur hvort hún hafi viðurkent hana og lofað að greiða hana, en það hefir hún gjört með fundarályktuninni 23. septbr. 1903. Með tilvitnun til bréfs stjórnarráðsins 15. júní 1908 um skifti á Rosmhvalanesshreppi hinum forna í Gerða- og Keflavíkurhrepp, hefir áfrýjandi loks haldið því fram, að hinni stefndu hreppsnefnd beri í öllu falli eigi að greiða meir en $^{47}/_{100}$ af hinni umstefndu skuld á móts við Keflavíkurhrepp, en þar sem hér að lútandi skuldbinding er gefin stefnda áður en umrædd hreppaskifting fór fram, verður að álíta, að skifti þessi séu honum óviðkomandi, og verður hann að hafa rétt til þess að snúa sér til áfrýjanda

með greiðslu allrar skuldarinnar, þannig að hreppsnefndir beggja hinna umræddu hreppa verða að svara ein fyrir báðar og báðar fyrir eina til hennar að fullu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Svo ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Það vottast að málsfærsla hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda hefir verið lögmæt og ber honum í málaflutningslaun fyrir undir og yfirrétti 40 kr., sem greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður. Áfrýjandinn, hreppsnefnd Gerðahrepps, greiði stefnda, lækni Þórði J. Thoroddsen 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Hinum skipaða málaflutningsmanni áfrýjanda Oddi Gíslasyni greiðist málflutningskaup fyrir undir og yfirdómi 40 kr. úr landssjóði.

Nr. 60/1911: Páll Einarsson
gegn
Lárusi H. Bjarnason.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Páll Einarsson borgarstjóri fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Lárusi H. Bjarnason prófes-

sor út af ummælum á bæjarstjórnarfundi 1. júlí f. á., er áfrýjandi taldi meiðandi fyrir sig; stefndi hann vitnum til að bera um það, að stefndi hefði viðhaft þessi ummæli, en með úrskurði nefnds réttar uppkveðnum 31. ág. f. á. var synjað um framgang vitnamálsins, og með dómi réttarins 19. okt. f. á. var stefndi sýknaður í málinu, en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum og úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. des. f. á. og krafist þess, að dómurinn og úrskurðurinn verði feldir úr gildi og málinu vísað heim til löglegri meðferðar, þannig að honum verði leyft að leiða vitni, en til vara að dómnum verði hrundið, öll hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk og stefndi sektaður fyrir þau, og að hann, hvernig sem málinu lýkur, verði dæmdur til að greiða málskostnað.

Stefndi krefst aftur á móti, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Ummælin, sem átalin eru og stefndi á að hafa haft um og við áfrýjanda eru þessi: »Altsvo máttu halda áfram að ljúga í blöðin«, »það er vítavert að ljúga«, og að hann (stefndi) hafi oft heyrt áfrýjanda segja ósatt. Þessi orð eiga, eins og þegar er sagt, að hafa verið töluð, sum á bæjarstjórnarfundinum sjálfum og sum í fundarsalnum meðan hlé varð á fundinum. Afrýjandi leit svo á, að hið opinbera ætti sókn á þessu máli samkvæmt 102 gr. hegningarlaganna, ritaði því bæjarfógetanum í Reykjavík 7. júlí og krafðist þess, að rannsókn væri hafin og stefndi látinn sæta ábyrgð samkvæmt nefndri lagagrein, og 10. s. m. sendi hann bæjarfógeta samskonar

kæru út af nokkrum hinna átöldu ummæla, er stefndi samkvæmt fundarskýrslu í blaðinu Ísafold átti að hafa viðhaft um áfrýjanda á sama bæjarstjórnarfundi. Bæjarfógetinn leitaði úrskurðar stjórnarráðsins um kærur þessar, og tilkynti áfrýjanda í bréfi 14. s. m., að stjórnarráðinu þætti ekki ástæða til að láta taka málið upp af hálfu valdstjórnarinnar. Daginn eftir, 15. júlí, kærði áfrýjandi málið fyrir sáttanefnd, og var því stefnt til sátta og sáttatilraun gjörð 25. s. m.

Þann 27. s. m. var réttarstefna gefin út, og réttardagur ákveðinn 17. ágúst, og skyldi þá fara fram vitnaleiðsla um hin átöldu orð. En í því réttarhaldi mótmælti stefndi vitnaleiðslunni, með því að hún væri orðin um seinan samkvæmt N. L. 1—13—22, og þessi mótmæli tók dómurinn til greina með hinum áfrýjaða úrskurði.

Með því að áfrýjandi þóttist hafa fullnægjandi sannanir fyrir því, að stefndi hefði viðhaft hin umstefndu orð um áfrýjanda, meðan hann var að embættisverki eða út af því, verður það eigi talið ástæðulaust, að hann gerði ráð fyrir, að valdstjórnin mundi láta málið til sín taka, og beindi því þá leið, áður en hunn tók það upp sem einkamál, og með því að dráttur á málshöfðuninni frá 1.—15. júlí, er af þessu leiddi, þykir eigi hafa verið óþarfur eða óhæfilega langur, verður eigi heldur álitið, að þessi dráttur eigi að vera þess valdandi, að áfrýjandi hafi samkvæmt N. L. 1—13—22 glatað rétti sínum til að afla sér þingsvitnis um orð stefnda. Og eigi verður eftir atvikum álitið, að áfrýjandi hafi fyrirgjört þessum rétti, þó að sáttanefnd tæki málið fyrir eigi fyrr en 25. júlí. Aftur á móti sést eigi, að fullnægjandi

ástæða hafi verið til þess að ákveða svo langan stefnufrest, 3 vikur, eins og gjört var. Þessu til réttlætingar er að vísu fram komin sú skýrsla, að héraðsdómarinn hafi komið sér saman við málaflutningsmenn í Reykjavík, um að eigi yrði tekin fyrir mál á bæjarþinginu frá miðjum júlímán. til miðs ágústmán., að dómarinn hafi skýrt áfrýjanda frá þessu samkomulagi, mælzt til að áfrýjandi leyfði, að málið yrði eigi tekið fyrir á bæjarþingi fyr en eftir miðjan ágúst og getið þess um leið, að hann byggist eigi við, að þetta kæmi að sök, og að áfrýjandi hafi látið sér þetta nægja, og samþykt að stefnudagur væri ákveðnn 17. ágúst. En þessi frestun var eigi gerð með samþykki stefnda, og gat eigi svift hann neinum rétti, þar sem eigi var um lögboðið þinghlé að ræða. Dráttur sá, er fyrir þessa sök varð á vitnaleiðslunni, er því eigi nægilega réttlættur, og verður þá eigi álitið, að heimild áfrýjanda til að leiða vitni um áminnst ummæli stefnda, hafi getað varðveizt gegn mótmælum stefnda. Það verður því að telja rétt, að héraðsdómarinn tók þessi mótmæli til greina, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir að úrskurður þessi var genginn á bæjarþinginu, var því haldið fram af hálfu áfrýjanda, að stefndi hefði viðurkent, eða eigi mótmælt því nægilega, að hann hefði talað hin umstefndu orð. Í fyrsta réttarhaldi málsins, var skorað á málfærslumann stefnda að lýsa yfir því, hvort ummælin væru rétt hermd eftir stefnda, og málfærslumaðurinn, sem er bæjarfulltrúi og var á bæjarstjórnarfundinum 1. júlí, svaraði þeirri áskorun svo, að hann hefði aldrei heyrt stefnda viðhafa þau orð, er stefnt er fyrir, og hann gæti því eigi farið að viðurkenna fyrir réttinum, að þau hafi verið sögð. Þó að þessi yfirlýsing

út af fyrir sig verði eigi talin fullnægjandi neitun þess, er um var spurt, virðist áfrýjandi þó hafa lagt þann skilning í hana, þar sem hann þó taldi nauðsynlegt að fá ummælin sönnuð með þingsvitni, og þegar áfrýjandi síðar í málinu hreifði þessu atriði, neitaði stefndi því eindregið, að hann hefði viðhaft ummælin; verður þessi skýring á hinni fyrri yfirlýsingu eftir þessum málavöxtum eigi talin of seint framkomin.

Að öðru leyti hefir áfrýjandi eigi sannað á stefnda hin umstefndu orð. Vottorð 3 manna, sem áfrýjandi hefir lagt fram í þessu skyni, er eigi staðfest fyrir rétti, og koma því eigi til álita gegn mótmælum stefnda.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda, og með því að málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eigi að greiða stefnda, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Páll Einarsson borgarstjóri greiði stefnda Lárusi H. Bjarnason prófessor 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 62/1911: Guðmundur Egilsson
gegn
Jónasi Þorsteinssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði trésmiður Guðmundur Egilsson í Reykjavík fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jónasi Þorsteinssyni steinsmið samastaðar, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér 120 kr. umboðslaun fyrir sölu á húsi. Var málið dæmt í nefndum rétti 21. desember f. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. desbr. f. á. og krafist þess, að dóminum verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða honum 120 kr. með 6 % ársvöxtum frá 26. nóvbr. 1910 til greiðsludags, og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum að skaðlausu eða eftir mati yfirdómsins.

Með skrifl. yfirlýsingu dags. 21. febr. 1909 lofaði stefndi að greiða áfrýjanda 120 kr., »ef að þeir herrar keyptu húsið nr. 19 A (eign stefnda) við Grettisgötu Ólafur Helgason eða Þórður Þórðarson«. Eftir því sem komið er fram í málinu virðist verða að skilja yfirlýsingu þessa svo, að með henni lofi stefndi stefnanda 120 kr. sölulaunum, ef það takist fyrir tilstilli áfrýjanda að selja öðrum hvorum hinna þar nefndu manna umgetna húseign stefnda.

Það er viðurkent í málinu, að nokkru síðar, það verður ekki séð af skjölum málsins hve löngu síðar, hafi stefndi makaskift nefndri húseign við umræddan Þórð Þórðarson.

Telur áfrýjandi að kaup þessi hafi orðið fyrir sína milligöngu og eigi hann því heimting á sölulaunum samkvæmt greindri yfirlýsingu stefnda. En stefndi neitar því, að áfrýjandi hafi haft nein þau afskifti af húsakaupunum, að réttlætt geti þessa kröfu hans; heldur hann því fram, og það styrkist við annað, sem fram er komið í málinu, að Þórður hafi komið til sín ótilkvaddur af áfrýjanda og án hans vitundar og vakið máls á makaskiftunum; þá hafi að vísu ekkert samist með þeim Þórði, og áfrýjandi hafi eftir það fengið Þórð með sér til stefnda í sínum erindum, en þá hafi samningar ekki komist á og frekari samningaumleitanir hafi þá verið taldar árangurslausar, en að síðan hafi makaskiftin komist á eftir nýjar samningaumleitanir milli semjanda án milligöngumanns.

Með því nú áfrýjandi hefir ekki fært sönnur á það gegn mótmælum stefnda, að makaskiftin hafi orðið fyrir hans (áfrýjanda) tilstilli, verður að fallast á það, að undirdómurinn hefir sýknað stefnda af kröfum áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Afrýjandinn Guðmundur Egilsson greiði stefnda Jónasi Þorsteinssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 4/1912: Páll Einarsson
gegn
Lárusi H. Bjarnason.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Páll Einarsson, borgarstjóri í Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Lárusi H. Bjarnason prófessor, fyrir grein með fyrirsögninni: »Ísafold, borgarstjóri og sannleikurinn«, í blaðinu Lögréttu, er út kom 19. júlí f. á., en nafn stefnda stendur undir grein þessari. Var málið dæmt í nefndum rétti hinn 11. jan. þ. á. þannig, að stefndi var samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga dæmdur í 40 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara 6 daga einfalt fangelsi og ýms þeirra ummæla í téðri grein, sem sérstaklega voru átalin, voru dæmd dauð og ómerk. Svo var og stefndi dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 20 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu 3. febrúar þ. á. og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur í þá hegningu, sem lög frekast leyfa og að hin umstefnda grein í heild sinni, eða þau orð og ummæli hennar, sem sérstaklega voru átalin fyrir undirrétti, verði dæmd dauð og ómerk. Ennfremur hefir hann krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi. Stefndi, sem hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 5. s. m. hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnanda í málinu og sér dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum.

Ummæli þau í fyrgreindri grein, sem átalin eru sérstaklega af áfrýjanda sem ærumeiðandi fyrir hann, eru

þessi: »Eg gríp sára-sjaldan til svipunnar, þó að rakki beri gin og rófu hátt og gjammi nokkuð glannalega að mér. Og aldrei til annars en skemta mér við breytinguna, sem á skepnunni verður. Glannagjammið verður að auðvirðilegu útburðarvæli og haus og rófa dregst með jörðu«, . . . »að maður stendur að baki ritstjóranum, sem þótt einsýnn sé, ætti þó að sjá sóma sinn,« . . . »Eg átaldi þetta gjörræði, en í stað þess að láta sér segjast, frestaði maðurinn, sem er þrárri en nokkur önnur skepna sem eg þekki« . . . »Maður skyldi nú ætla, að nokkurn veginn vitiborinn maður hefði látið sér nægja þetta svar bæjarstjórnarinnar, en Páll Einarsson var ekki af baki dottinn,« . . . »Með þessari fundaryfirlýsingu var P. E. lýstur ósannindamaður að óhróðurssögu um einn af bæjarfulltrúunum,« . . . og hafði maðurinn þó hvorki kallað hann »Lammedriver« né klipið hann í handlegginn« . . . Í fundarhléinu . . . vítti eg P. E., sem var að ráfa um gólfið í öngum sínum út af yfirlýsingu bæjarstjórnarinnar, fyrir uppspuna hans um »fundarspjöllin«. P. E. rausaði eitthvað út af því, en eg gleymdi því fljótt sem ótal öðrum meinlokum hans«, . . . »eg hélt að kunninginn væri að gera gys að lagakunnáttu P. E., sem bæði eg og aðrir hafa rekist á, að er næsta lítil«, . . . enda ótrúlegt, jafnvel um P. E., að hann gæti skilið greinina svo, úr því að hann fann hana, að hún ætti við hér,« »En vitið þá ekki nægilegt til að sjá, að hann hjó ekki fjarri 228. gr. hegningarl., sem leggja fangelsi eða sektir eða betrunarhúsvinnu alt að einu ári við »bersýnilega röngum kærum«. »Sú grein liggur ekki fjær P. E. en 102. gr. mér,« »Og vildi eg nú að síðustu gefa P. E. það góða ráð, aftur á Nesið víkja,« »því að þó að ekki

kunni þar nú að vera »svo mikill maturinn«, sem áður fyr, þá eru þó áreiðanlega betri bithagar í Garðasókn fyrir virðingasjúkan mann og getulítinn heldur en í Reykjavík. Hér »inponerar« hann mönnum ekki«.

Tilefni hinnar umstefndu greinar var það, að á bæjarstjórnarfundi í Reykjavík hinn 15. júní f. á. lagði aðaláfrýjandi til, að eitt af málum þeim, sem þá voru á dagskrá, skyldi rætt fyrir lokuðum dyrum, en samkvæmt fundarsköpum bæjarstjórnarinnar skal skorið úr því með atkvæðafjölda umræðulaust, hvort mál skuli rætt fyrir opnum dyrum eða lokuðum. Í samræmi við þetta bar aðaláfrýjandi nefnda tillögu sína undir atkvæði og greiddu 1 eða 2 bæjarfulltrúar atkvæði með henni og skoðaði aðaláfrýjandi hana þá samþykta án þess að leita mótatkvæða. Lagði hann þá fyrir dyravörð, að láta áheyrendur fara út. En í þessum svifum krafðist gagnáfrýjandi, að mótatkvæða væri leitað um tillöguna, en fekk því eigi framgengt. Varð af þessu ókyrð á fundinum, og frestaði aðaláfrýjandi honum litlu síðar, að því er virðist vegna ókyrðar þessarar, því að tilgangslaust hefði verið að vísa áheyrendunum út, ef tilætlunin hefði eigi verið í fyrstu að útkljá það mál, sem atkvæðagreiðslan var um, áður en fundarhlé var gert. Aðaláfrýjandi leit nú svo á, að gagnáfrýjandi hefði, með kröfu sinni um mótatkvæði, gefið tilefni til umræddrar ókyrðar og með því valdið fundarspjöllum og verður að telja það sannað, að aðaláfrýjandi hafi verið þess valdandi, að blaðið Ísafold, flutti þá fregn 24. júní f. á., að gagnáfrýjandi hefði gjört fundarspjöll á umræddum fundi. Þessi frásögn var svo ítrekuð í því tölublaði sama blaðs, sem kom út hinn 8. júlí s. á. Gagnáfrýjandi leit aftur á móti svo á, að um

engin fundarspjöll hefði verið að ræða af sinni hendi á fundi þessum, og meiri hluti bæjarstjórnar hefir verið honum samdóma um þetta. Það er því ósannað, að gagnáfrýjandi hafi gert fundarspjöll á bæjarstjórnarfundi hinn 15. júní f. á. Með því að aðaláfrýjandi þannig hefir eigi fært sönnur á umrædda sögusögn sína, sem virðist eiga að teljast niðrandi fyrir gagnáfrýjanda, verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi eigi sök á því, að gagnáfrýjanda þótti nauðsyn á, að hrinda sögusögn þessari, og ber því samkvæmt 221. gr. hinna alm. hegningarlaga að hafa tillit til þessa, ef álíta verður að hin umstefnda grein varði við lög, enda hefir gagnáfrýjandi til vara gjört þetta að kröfu sinni.

Að því er snertir fyrsta kaflann, sem átalinn er, í hinni umstefndu grein, orðin: «Eg gríp . . . dregst með jörðu«, þá verður eigi gegn neitun gagnáfrýjanda talið sannað, að í þeim sé átt við aðaláfrýjanda, og geta þau því hvorki orðið ómerkt né gagnáfrýjandi dæmdur í hegningu fyrir þau. Hins vegar verða öll önnur framangreind sérstaklega átalin ummæli greinarinnar að teljast ýmist meiðandi eða niðrandi fyrir aðaláfrýjanda. Sérstaklega skal það tekið fram, að jafnvel þótt það gæti ekki talist rétt, að aðaláfrýjandi leitaði ekki mótatkvæða um, hvort mál skyldi rætt fyrir lokuðum dyrum á bæjarstjórnarfundi, þykir það eigi réttlæta nægilega fyrri hluta setningarinnar: »Eg átaldi — eg fekk«, svo að jafnvel þótt aðaláfrýjanda hafi eigi tekist að sanna, að gagnáfrýjandi hafi gert fundarspjöll á téðum bæjarstjórnarfundi, verða orðin: »Með þessari fundaryfirlýsingu — einn af bæjarfulltrúunum« að teljast varða við lög. Ber því að ómerkja öll þau ummæli umstefndrar greinar, sem sam-

kvæmt framangreindu teljast meiðandi eða niðrandi fyrir aðaláfrýjanda og dæma gagnáfrýjanda í sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. nefndra laga. Þykir sektin, með tilvísun til 221. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin í bæjarþingsdóminum 40 kr. og komi 6 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún ekki er greidd á réttum tíma. Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður fyrir yfirdómi eiga að falla niður, en málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins skal standa óbreytt.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Lárus H. Bjarnason prófessor, greiði til landssjóðs 40 kr. eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Framantalin meiðandi og óvirðandi ummæli um aðaláfrýjanda eiga að vera dauð og ómerk. Um málskostnað fyrir undirrétti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 52/1911: Det danske Petroleums Aktieselskab
gegn
Anton Bjarnasen

Dómur:

Í byrjun septembermánaðar f. á., fekk Anton Bjarnasen verzlunarstj. í Vestmanneyjum, sem stefndur er í þessu

máli, 100 tunnur af steinolíu frá útlöndum; voru tunnur þessar merktar þannig, að yfir þveran botninn miðjan var letrað orðið: »Rocklight«, þar fyrir ofan í bogdreginni línu orðin »Extra Refined« og fyrir neðan í bogdreginni línu orðið »Petroleum«; innan efri boglínunnar fyrir ofan »Rocklight« var mörkuð stjarna og í neðri boglínunni hálfmáni (tunglrönd) hvorutveggja með rauðum lit. Fulltrúi áfrýjanda, Det danske Petroleums Aktieselskab, Holger Debell, var staddur í Vestmanneyjum þegar steinolían kom þangað, og með því að honum þótti sem merki það á tunnunum, er nú var lýst, væri eftirstæling á skrásettu vörumerki umbjóðenda sinna, og því ólöglegt og andstætt rétti þeirra, krafðist hann, að sýslumaðurinn í Vestmanneyjum lýsti fyrir stefnda lögbanni gegn því, að hann seldi eða afhenti öðrum áminsta steinolíu, en með fógetaréttarúrskurði 2. sept. f. á. neitaði sýslumaðurinn að framkvæma þessa gjörð. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. okt. f. á. og krafist þess, að úrskurðinn verði feldur úr gildi og fógetinn skyldaður til að framkvæma lögbannið, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir undir- og yfirrétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir fógetaréttinum og yfirdómi eftir mati dómsins.

Í Lögbirtingablaðinu, er út kom 19. apríl f. á., var auglýst tilkynning um vörumerki, er áfrýjandi lét skrásetja 18. s m. svo látandi.

»Lýsing á merkinu: Hringmyndað einkunnarmerki og stendur efst á því í boga: Extra Refined. Undir þeim orðum stendur í tveim línum: D. D. P. A. og Rock-

light. Fyrir neðan hið síðasttalda orð eru 3 stjörnur, og neðst í línu bogadreginni niður á við orðið: Petroleum. Merkið, sem áður er skrásett í Kaupmannahöfn 11. marz 1911 samkv. tilsk. dags. 21. febr. s. á., er að eins skrásett fyrir steinolíu og alls konar steinolíuafurðir, nafta og aðra lýsingarvökva. Orðið Rocklight skal nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Áfrýjandi lítur svo á, að merkið á framangreindum olíutunnum stefnda sé í heild sinni svo áþekt hinu skrásetta vörumerki sínu, að hætt sé við, að á þeim verði vilst, þó að þau séu ólík í einstökum atriðum; merkið sé því ólöglegt samkvæmt 14. gr. vörumerkjalaganna 13. nóv. 1903, og stefnda óheimilt að selja steinolíu með þessu merki.

Framanskráð lýsing á vörumerki áfrýjanda og merkinu á olíutunnum stefnda sýnir, að ekki er annað sameiginlegt með merkjum þessum en orðin: »Extra Refined Rokhlight Petroleum«. Það getur nú samkvæmt 5. gr., 1. og 8. gr. nefndra laga ekki komið til mála, að orðin Extra Refined Petroleum eigi tilkall til verndar sem skrásett vörumerki eða partur úr því.

Aftur á móti segir í tilkynningunni um orðið »Rocklight«, að það eigi að nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir þar greindar vörutegundir, sbr. 5. gr. vörumerkjalaganna, og heldur áfrýjandi því fram, að þetta orð eigi við sérstaka vörutegund og einkenni hana frá öðrum steinolíutegundum.

Stefndi neitar þessu að vísu og staðhæfir, að orðið »Rocklight« sé alment notað í útlendu máli um steinolíu yfirleitt, og sé ekki heimilt að nota það sem vörumerki út af fyrir sig eða nota það sem tilbúið heiti, enda hafi

þessi sama olíutegund, er var í tunnum stefnda, sannanlega verið seld í Reykjavík og víðar með sama merki löngu áður en áfrýjandi fekk skrásett umrætt vörumerki. En þennan framburð sinn hefir stefndi eigi sannað, og vantar því upplýsingar um, að áfrýjanda hafi brostið heimild til að fá orðið Rocklight skrásett sem sérstaklega tilbúið heiti á ákveðinni tegund steinolíu. Eftir þessu verður að álíta, að réttur áfrýjanda til að nota téð orð í vörumerki sínu sé því til fyrirstöðu, að stefndi selji eða afhendi steinolíu í eða úr ílátum merktum orðinu »Rocklight«, og bar fógetanum því samkvæmt kröfu áfrýjanda að lýsa fyrir stefnda lögbanni gegn þvílíkri sölu eða afhendingu. En að því er merkið á nefndum steinolíutunnum stefnda að öðru leyti snertir, á úrskurðurinn að vera óraskaður.

Eftir málavöxtum þykir stefndi eiga að greiða áfrýjanda málskostnað, og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Samkvæmt kröfu áfrýjanda, Det danske Petroleums Aktieselskab, ber fógetanum í Vestmanneyjum að lýsa fyrir stefnda, Anton Bjarnasen, lögbanni gegn því, að hann selji eða afhendi steinolíu í eða úr ílátum merktum með orðinu »Rocklight«. Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða úrskurði óraskað. Stefndi greiði áfrýjanda 25 kr. í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 37/1911 Réttvísin
gegn
Óla Magnúsi Arngrímssyni.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 28. marz f. á., var ákærði, Óli Magnús Arngrímsson bóndi á Öndverðarnesi, dæmdur samkv. 209. gr. almennra hegningarlaga, samanborinni við 206. gr. sömu laga, til þess að sæta 20 daga fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi og til að greiða matsveini á vélarbátnum »Aldan« frá Seyðisfirði, Axel Andersen, 843 kr. skaðabætur fyrir áverka; svo og til þess að greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Dómi þessum hefir, samkvæmt ósk hins ákærða, verið skotið til landsyfirdómsins.

Það er sannað í máli þessu með eigin játningu ákærða sjálfs og öðrum skýrslum, að hann, hinn 31. maí 1910, skaut á nefndan vélarbát tveim skotum og særði einn skipverja, og eru hin nánari atvik að þessum atburði þannig vaxin:

Þriðjudaginn hinn 31. maí 1910 lá vélarbáturinn »Aldan« frá Seyðisfirði fram undan bænum Öndverðarnesi á Snæfellsnesi, og var báturinn á fiskiveiðum. Skipverjar voru 7 að tölu, allir Norðmenn, nema einn Íslendingur; fór skipstjórinn ásamt 3 hásetum í land, gengu þar í fuglabjarg og tóku þar, eftir þeirra eigin sögusögn, um 20 egg. Kona hins ákærða varð vör við mannaferðina, og lét mann sinn, sem var við fiskverkun, vita að menn voru komnir í fuglabjargið, en það liggur í nánd við bæ ákærða, Öndverðarnes. Ákærði gekk þá

út á bjargið og hitti skipverja og atyrti þá fyrir eggjaránið, en þeir brugðust illa við, sögðu honum að »halda kjafti«, og kváðust mundu fara um alt bjargið, en ákærði kvaðst þá skyldi sýna þeim, hvort þeir mættu fara í bjargið. Hann fór því næst heim og sótti kúlubyssu, hlóð hana og gekk að því búnu aftur niður á bjargið. Hann sá þá engan mann á bjarginu, en vélarbátur skipverja lá þá um 40—50 faðma frá landi, og skaut hann nú tveim skotum á bátinn. Þá er ákærði fór heim að sækja kúlubyssu sína héldu skipverjar inn með bjarginu, en þegar þeir heyrðu skotin, gengu þeir upp á bjargið, og sáu þá ákærða, ásamt konu hans og syni þeirra. Þeir feðgar höfðu þá báðir skotvopn í höndum, en eftir kröfu Norðmannanna sýndu þeir byssurnar og létu af hendi skot þau, sem þeir höfðu meðferðis. Ákærði hefir haldið því fram, að Norðmennirnir hafi lagt hendur á þá feðga, en sannanir eru ekki fengnar fyrir því. Konan, þeir feðgar og skipverjar urðu nú öll samferða, þar til þau komu á móts við skipið; þá var kallað til þeirra frá bátnum að þar væri einn maður særður af skoti. Skildi þar með þeim, og héldu skipverjar um borð.

Þá er ákærði skaut á bátinn voru þar 3 menn, þar á meðal matsveinninn, Axel Andersen frá Aalesund; svaf hann í rúmi sínu frammi í vélarbátnum, og varð hann fyrir báðum skotunum, og hefir hann skýrt svo frá, að hann hafi vaknað við sársauka í lærinu, sem hann hélt að væri krampi; en litlu á eftir heyrði hann skothljóð og fann til mikils sársauka í vinstri handlegg, og kom það í ljós við nánari athugun, að hann hafði orðið fyrir tveim skotum. Önnur kúlan fór í gegnum lærið á Andersen og fanst í buxum hans; hefir kúlan verið sýnd ákærða, og

kannaðist hann við, að hún væri mátuleg fyrir byssu sína, enda getur enginn vafi verið á því, að ákærði hefir skotið báðum kúlunum, sem særðu Andersen.

Mótorbáturinn fór til Reykjavíkur með hinn særða mann, og var hann lagður þar á spítala og hefir verið lögð fram í málinu skýrsla héraðslæknisins í Reykjavík um áverkann, dagsett 12. ágúst 1910. En samkvæmt henni fór önnur kúlan í gegnum hægra lærið á Andersen, en það sár greri fljótlega og hefir ekki sakað fótinn hið minsta. Þá var á vinstri upphandlegg gat eftir stóra kúlu og handleggurinn mölbrotinn. Á rúmum tveimur mánuðum greri þó sárið að mestu leyti, og í vottorði sínu lýsir héraðslæknirinn, sem hafði manninn til lækningar, ástandi hans að öðru leyti svo, að beinið sé vaxið saman, máttur haldist í handleggnum, en axlarliðurinn sé mjög hreifingarlítill, aflið miklu minna og handleggurinn titri við áreynslu. Telur héraðslæknirinn manninn úr allri hættu og lítinn eða engan vafa á því, að hann geti unnið fyrir sér, en tæplega við því að búast, að hann nokkru sinni nái sér til fulls, en til þess að fá fulla vissu um það, að hve miklu leyti handleggurinn nái afli og hreyfingu, þurfi nokkra mánuði enn. Með því að vottorð þetta þótti ekki fullnægjandi til að byggja á því dóm í málinu, ákvað landsyfirdómurinn með úrskurði uppkveðnum 16. okt. f. á., að fengnar væru nýjar skýrslur um það, hvort sárið á handlegg Axels Andersen væri gróið, að hve miklu leyti handleggurinn hefði náð afli og hreyfingu og hvort hann yrði álitinn notfær að meira eða minna leyti eða ónýtur með öllu til áreynslu. Samkvæmt úrskurði þessum hafa verið útvegaðar nýjar skýrslur frá Noregi, en þangað hafði hinn særði maður verið sendur, er hann

fór úr sjúkrahúsinu hér í bænum. Bera þessar skýrslur með sér, að Axel Andersen hefir vegna skotsársins á handleggnum legið á spítala í Noregi frá 5. sept. til 5. apríl 1911; hefir heilbrigðisástand hans síðast verið rannsakað hinn 5. jan. þ. á.; hefir læknir sá, er þá rannsókn framdi, gefið þá skýrslu, að sárin væru nú gróin, en handleggurinn hefði ekki náð eðlilegri hreyfingu og afli í handleggnum væri að miklum mun minna; yfir höfuð er það álit læknisins, að Andersen muni aldrei ná sér til fulls og vinnuþol handleggsins hafi minkað um helming. Hinn særði maður hefir nú krafist þess, að hinn kærði verði dæmdur til þess að greiða honum kostnað við spítalalegu, læknishjálp og ferð hans til Noregs og auk þess skaðabætur að upphæð 4,500 kr.

Að því er verknað ákærða snertir, þá hefir hann stöðugt haldið því fram, að hann hafi haft þann eina tilgang með skotunum, að fæla mennina frá bjarginu og þannig verja eign sína, en hann hafi ekki ætlað sér að skemma eða særa nokkurn mann, þótt svona slysalega vildi til. Kannast hann að vísu við það, að sér hafi verið kunnugt um það, að í bát af þessari stærð, sem hér ræðir um, sofi menn framan til í skipinu, en hann heldur því fram, að hann hafi ætlað sér að láta kúluna koma framar í bátinn, nær stefninu, og auk þess hafi hann ekki búist við, að nokkrir menn væru þá staddir frammi í bátnum. Þessa skýrslu hins ákærða verður að telja rétta, og er henni ekki hnekt með framburði þeirra tveggja háseta, er á bátnum voru staddir auk Andersens. Þeir hafa að vísu borið, að þeir hafi verið staddir uppi á þilfari, er þeir sáu mann með byssu koma fram á klettana, og hafi þeim sýnst hann miða á þá; forðaði annar sér niður í véla-

rúmið, aftan til í bátnum, en hinn, er var staddur framar á þilfarinu, fór ofan í hásetarúmið, en gagnvart þessu hefir ákærði stöðugt haldið því fram, að hann að eins hafi séð einn mann á þilfarinu, og hafi hann verið farinn niður undir þiljur aftanvert á bátnum, er hann hleypti af byssunni. Hinsvegar verður að álíta, að menn þessir hafi ekki með neinni vissu getað séð, hvar á skipið ákærði miðaði.

Áverkar þeir, er hlutust af skotum ákærða, verða þannig eigi taldir hafa orðið af ásetningi, og það verður heldur eigi sagt um þá, að ákærði hafi hlotið að sjá þá fyrir sem líklega eða ekki ósennilega afleiðingu af verknaði hans; má í því tilliti meðal annars minna á skýrslu ákærða, sem verður að taka trúanlega, um það, að hann hafi miðað byssunni framan á skipið, nær stefninu en hásetarúmið var, og að hann vissi ekki af neinum manni frammi í skipinu. En þó að álitið yrði, að ákærði hefði að öðru leyti sýnt af sér óvarkárni eða gáleysi með skotum sínum, þá yrði honum ekki hegnt fyrir slíkt gáleysi, þar sem fyrgreindar upplýsingar um áverkana, bæði í vottorði héraðslæknisins og skýrslum frá Noregi eigi sýna, að líkamsskemdir þær, er hlutust af skotunum, hafi reynzt svo verulegar, að þær verði heimfærðar undir 206. gr. hegningarlaganna, og þegar svo er ástatt, er ekki heimild til að refsa fyrir gáleysisverk, sbr. 209. gr. hegningarlaganna.

Það ber samkvæmt þessu að dæma ákærða sýknan af broti því gegn 18. kap. hegningarlaganna, er hann hefir verið ákærður fyrir, en þar af leiðir, að eigi verða teknar til álita í þessu máli kröfur þær um kostnaðarendurgjald og aðrar skaðabætur út af áverkunum, er gjörðar

hafa verið í málinu, en hlutaðeiganda, matsvein Axel Andersen, geymist réttur til að sækja ákærða um þær í öðru máli.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, af almannafé, þar með málaflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Óli Magnús Arngrímsson á að vera sýkn af ákæru rettvísinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfiréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 3/1912: Guðjón Knútsson
gegn
stjórnendum Slippfélagsins,
Tryggva Gunnarssyni,
Asgeiri Sigurðssyni og
Jes Zimsen.

Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur áfrýj-

andinn Guðjón Knútsson skipstjóri í Reykjavík, gegn stefndu, stjórnendum Slippfélagsins í Reykjavík, Tryggva Gunnarssyni fyrverandi bankastjóra, Asgeiri Sigurðssyni kaupmanni og Jes Zimsen kaupmanni, öllum í Reykjavík, til þess að fá þá dæmda til fyrir félagsins hönd að greiða sér 2722 kr. 40 aur. skaðabætur. Var málið dæmt á bæjarþinginu 31. ágúst f. á. á þá leið, að stefndu voru sýknaðir af kröfum áfrýjanda, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. febr. þ. á., og gjörir hann þær réttarkröfur, að bæjarþingsdóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum hinar umstefndu skaðabætur kr. 2722,40 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og til þess að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndu hafa hinsvegar krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Mál þetta er risið út af því, að árið 1905 var þilskip eitt, sem áfrýjandi átti í félagi við 4 menn aðra, tekið upp á slippinn til viðgerðar. Úr henni varð þó eigi, og var skipið selt við opinbert uppboð að ráðstöfun Slippfélagsins 9. okt. 1905, vegna þess, að eigendur skipsins voru ófáanlegir til að taka það út af slippnum, þrátt fyrir áskoranir. Telur áfrýjandi að Slippfélagið hafi svikið sig um að láta gjöra við skipið og síðan látið selja það í heimildarleysi, og eigi því að greiða í skaðabætur alls kr. 8167,20, en sér sem eiganda 1/3 þess þriðjunginn þar af, eða kr. 2722,40.

I undirrétti voru stefndu sýknaðir af þeirri ástæðu, að áfrýjandi hafði ekki sannað, að hann ætti 1/3 skipsins,

og að eignarfélagsskapnum væri slitið milli sameigendanna, þannig að hver einstakur hafi heimild til að heimta sinn hluta út af fyrir sig, en hér fyrir réttinum hefir áfrýjandi lagt fram afsalsbréf til sín fyrir $^1/_8$ hluta skipsins svo og vottorð meðeigenda sinna um það, að sameign þeirra að skipinu eða andvirði þess hafi verið að fullu lokið, er hann byrjaði mál þetta, og hafi hann því fulla heimild til þess að ganga eftir sínum hluta af skaðabótunum fyrir skipssöluna. Með þessum skýrslum, er ekki hefir verið mótmælt, hefir áfrýjandi sannað heimild sína til málssóknar þessarar. Þá hafa stefndu haldið því fram, að sökin sé fyrnd, þar sem henni hafi eigi verið stefnt til dóms fyr en 15. febr. 1911, en þar sem hér er um að ræða skaðabótakröfu utan samningsmála, sem að eins fyrnist á 10 árum, verður ekki fallist á þessa sýknunarástæðu. Þá hafa stefndu bygt sýknunarkröfur sínar á því, að salan hafi verið með öllu heimil, er eigendur skipsins sintu því ekki að taka það út af slippnum, er ekki varð úr aðgerðinni. Skjöl málsins bera það með sér, að hinn 27. janúar 1905 hefir forstjóri slippsins gefið eigendum skipsins loforð um, að skipið skyldi verða tekið á slippinn til aðgerðar, þegar búið væri að gjöra við önnur skip, er stóðu á honum. Samkvæmt þessu loforði var skipið tekið á slippinn hinn 10. marz s. á. Eftir að byrjað var að gjöra við skipið, kom það í ljós, að skipið þurfti meiri aðgerðar við en forstjóri slippsins hafði búist við, og meiri en svo, að honum þætti ráðlegt að leggja út í. Ritaði hann því áfrýjanda hinn 21. júní 1905, skýrði honum frá ástandi skipsins og lýsti yfir því, að það, að hans dómi, mundi engan veginn svara kostnaði að gjöra við það; gæti hann eða Slippfélagið því ekki tekist á hendur

aðgerð á því. Skoraði hann jafnframt á áfrýjanda að skýra stjórn Slippfélagsins frá því, hvað hann ætlaði að gjöra við skipið.

Halda stefndu því fram, að eftir þetta hafi eigendur skipsins fallist á, að gagngerð viðgerð á því mundi ekki svara kostnaði, en hafi hins vegar óskað eftir, að einhver ómyndar aðgerð á því færi fram, en slíka aðgerð hafi Slippfélagið ekki tekið í mál að taka að sér, heldur skorað að eigendurna að taka við skipinu. Þar sem þeir sintu því engu, skoraði Slippfélagsstjórnin bréflega hinn 10. júlí 1905 á þá að taka skipið af slippnum, og þar sem þeir sintu því ekki, stefndu þeir eigendum þess fyrir sáttanefnd með kæru dags. 14. sept. næst á eftir, og reyndu til að fá þá til þess að taka skipið af slippnum, en sú sáttatilraun reyndist árangurslaus. Hinn 21. s. m. birtu stefndu eigendum skipsins, og þar á meðal áfrýjanda, aðvörun um það, að ef þeir ekki væru búnir að taka skipið af slippnum fyrir hinn 5. okt. s. á., þá mundi Slippfélagið láta selja það við opinbert uppboð fyrir reikning þeirra. Með því að eigendurnir gjörðu enn engar ráðstafanir um skipið, var það, svo sem að framan er sagt, selt við opinbert uppboð hinn 9. okt. s. á. fyrir 850 kr. — Áfrýjandi heldur því nú fram, að Slippfélagið hafi skilyrðislaust tekið að sér að gjöra við skipið, en í stað þess að inna viðgerðina af hendi, hafi félagið heimildarlaust látið selja skipið.

Svo sem fram hefir verið tekið, skýrði forstjóri slippsins eigendum umrædds skips frá því hinn 21. júní, að Slippfélagið sæi sér ekki fært að gjöra við skipið, vegna þess, hve skemdirnar á því væru yfirgripsmiklar, og verður ekki séð, að eigendurnir hafi þar eftir krafist þess, að

viðgerðin færi fram, og enn síður er það gegn mótmælum stefndu sannað, að eigendurnir hafi lagt fram nægilegt fé fyrir viðgerðarkostnaðinum, eða boðið fram tryggingu fyrir því, að fé væri fyrir hendi til að greiða þann kostnað. En þar sem þetta er ekki sannað af hálfu áfrýjanda, verður að líta svo á, að Slippfélagið hafi ekki verið skylt að framkvæma hina yfirgripsmiklu viðgerð á skipinu; en af þessu leiðir þá ennfremur, að Slippfélagið hafði rétt til þess að krefjast þess af eigendum skipsins, að þeir tækju það af slippnum; og úr því að þeir sintu ekki þeirri kröfu, þótt löglega væru aðvaraðir, verður að álíta, að Slippfélagið hafi haft heimild til þess að láta selja skipið fyrir reikning eigendanna, og að það beri enga ábyrgð á því tjóni, er af þeirri ráðstöfun kann að hafa leitt fyrir áfrýjanda.

Með því samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda, verður hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur staðfestur. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Guðjón Knútsson, greiði stefndu, Tryggva Gunnarssyni, Asgeiri Sigurðssyni og Jes Zimsen fyrir hönd Slippfélagsins málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 3/1912. Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Olafi Árnasyni.

Dómur:

Með úrskurði, uppkveðnum 9. janúar þ. á., neitaði bæjarfógetinn í Reykjavík að verða við kröfu áfrýjandans, bæjarstjórnar Reykjavíkur, um að framkvæma lögtak hjá stefnda, Ólafi kaupmanni Árnasyni, fyrir aukaútsvari, að upphæð 200 kr., er niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafði lagt á stefnda fyrir árið 1911, og hefir bæjarstjórnin með stefnu dags. 9. febr. þ. á. skotið þeim úrskurði til yfirdómsins og krafist þess, að hann verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að úrskurðurinn verði staðfestur að öllu leyti og stefnda dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir réttarins mati, hvernig sem málið fer.

Útsvar það, er krafist er lögtaks fyrir hjá stefnda, telur bæjarstjórn Reykjavíkur hann skyldan til að greiða, með því að hann hafi haft fastan bústað eða fast aðsetur í Reykjavík alt árið 1911, og því verið útsvarsskyldur þar. Það verður líka að teljast vera fengin full sönnun fyrir því í málinu með viðurkenningu stefnda, að hann hafi leigt handa sér og notað sem húsráðandi yfir alt árið 1911 íbúð í Reykjavík, haft þar hjú (ráðskonu) í sinni þjónustu og haldið þar dúk og disk bæði fyrir fjölskyldu sína (börn sín), sem dvöldu þar að staðaldri, og fyrir sjálfan sig þá tímana, sem hann var nærstaddur í Reykjavík, en

það var ekki nema með köflum. Með því að gjörast þannig heimilismaður í Reykjavík fyrir sig og fjölskyldu sína, virðist enginn vafi á því, að stefndi verður að teljast hafa haft fast aðsetur í Reykjavík nefnt ár, og því verið þar skattskyldur, og það skiftir því ekki máli, hvort hann hefir verið þar sjálfur nærstaddur lengur eða skemur, en þetta atriði hefir verið látið ráða úrslitum í hinum áfrýjaða úrskurði. Það ber samkvæmt þessu að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi og skylda fógetann til að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð.

Málskostnað þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda, og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógeta-úrskurður skal úr gildi feldur, og ber fógetanum að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi Ólafur kaupmaður Árnason áfrýjandanum innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 17/1912: Réttvísin gegn Bergþóri Björnssyni og Sigríði Jónsdóttur.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Norðurmúlasýslu, uppkveðnum

27. nóv. f. á., voru hin ákærðu, Bergþór Björnsson áður bóndi á Giljum á Jökuldal og bústýra hans sýknuð af ákæru sóknarans í máli, er höfðað var, af réttvísinnar hálfu, gegn honum fyrir manndráp og sauðaþjófnað og gegn henni fyrir verknað þann, er ræðir um í 195. eða 196. gr. hinna alm. hegningarlaga.

En varðhaldskostnað sinn og annan málskostnað voru hin ákærðu dæmd til að greiða in solidum.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar og eftir beiðni ákærða Bergþórs Björnssonar.

Þegar rannsókn var hafin í málinu í marzmánuði f. á., bjó ákærði Bergþór Björnsson á eignarjörð sinni Giljum á Jökuldal, og ákærða Sigríður Jónsdóttir var bústýra hans. Þau voru tvö ein á heimilinu, og annað fólk hafði ekki verið þar um veturinn. Arið 1909 höfðu þau átt barn saman, er fæddist ófullburða og dó skömmu eftir fæðinguna. Um haustið 1910 og fram eftir vetrinum þóttust nágrannar ákærðu verða þess varir af útliti hennar, að hún væri barnshafandi, en ekki löngu eftir nýárið virtist útlit hennar aftur breytt þannig, að hún væri orðin léttari. Þar sem þó eigi varð vart við neina fjölgun á Giljum, vaknaði sá grunur, að ákærða hefði alið barnið og fargað því, eða komið því undan með aðstoð eða í samráði við meðákærða. Um þetta atriði ákærunnar eru skýrslur málsins og upplýsingar aðallega framburður ákærðu, sem eins og fyr segir voru ein á heimilinu allan veturinn, en framburður þeirra fer eigi saman og er mjög sundurleitur í verulegum atriðum.

Eftir skýrslu ákærðu, Sigríðar Jónsdóttur, varð hún þunguð í 2. sinn af völdum meðákærða í sláttarbyrjun

eða í 14. viku sumars 1910. Þá um haustið mæltist hún til þess við hann, að hann tæki vetrarmann, til þess að hún þyrfti eigi að hirða kýrnar um veturinn, eins og hún væri á sig komin, eða að minsta kosti að lóga lömbunum, til þess að hann gæti bætt kúahirðingunni á sjálfan sig, en hann færðist undan hvorutveggja, svo að hún varð að hirða kýrnar auk innanbæjarstarfanna um veturinn. Ekki sagði ákærða öðrum en meðákærða frá því, að hún væri vanfær, en tjáist hinsvegar ekki hafa reynt að leyna því á nokkurn hátt.

Föstudagsmorguninn 9. des. var ákærða lasin og treysti sér ekki í fjósið, og beiddi Bergþór að gjöra fjósaverkin fyrir sig, en hann neitaði því, svo hún varð að gjöra þau sjálf. Að þeim loknum fór hún að þvo föt, og þá versnaði henni svo í bakinu og taugunum, að hún varð að leggja sig fyrir eftir miðdaginn; ekki datt henni þó í hug, að hún væri búin að taka léttasótt, enda átti hún ekki von á sér fyr en um sumarmál. Um kl. 6, þegar Bergþór kom inn, beiddi hún hann að ná í kvenmann, sem fengist hefði við ljósmóðurstörf, sér til aðstoðar, en hann færðist undan því og áleit, að verkir þeir, er hún kvartaði um, mundu líða frá aftur; kl. um 7 bjó hann um ákærðu og lét skinn undir hana í rúmið; beiddi hún hann þá enn að fara til næsta bæjar og útvega kvenmann til hjálpar, en hann færðist undan því af sömu ástæðum og áður. Eftir það elnaði henni sóttin og kom legvatnið nokkru síðar, og var Bergþór þá yfir henni. Um miðnætti kom frá ákærðu einhver »böggull« í mjög sárri kviðu og mikið blóð á eftir, heyrði hún þá eitthvað »snökt« og spurði Bergþór, sem var hjá henni og hjúkraði henni, hvað þetta væri, en hann sagði, að hana varðaði

ekkert um það, hún hefði enga ánægju af að sjá það, tók næturgagnið og lét það upp í rúmið, og fór það sem frá henni kom, í næturgagnið. Bæði þá um nóttina og morguninn eftir beiddi ákæ·ða Bergþór að fara til næsta bæjar, til að útvega einhvern til að vera hjá sér, og sjá það, er af henni hefði fæðst, en hann neitaði því, og vildi ekki heldur lofa henni að sjá það eða segja henni, hvað það væri, sagði, að hún hefði þá ekki orð á því, ef hann segði henni það ekki, en sjálf var hún svo máttfarin að hún gat ekki reist sig til að aðgæta það, og Bergþór sagði henni, að hann hefði brent burðinn daginn eftir.

Þessari skýrslu ákærðu er nú framburður meðákærða mjög ósamhljóða. Hann þykist ekki hafa vitað með vissu, að Sigríður væri vanfær fyr en hún veiktist í desembermánuði, og hann kannast eigi við, að hún hafi beðið sig að taka vetrarmann þá um haustið, eða að hún hafi kvartað um lasleika um morguninn daginn sem hún veiktist. Í fyrstu prófunum hélt hann því fram, að eigi hefði komið annað en blóð frá Sigríði í veikindum hennar í desember, en síðar kannaðist hann við, að hún hefði fætt af sér ofurlitla barnsmynd, er ekkert lífsmark hefði verið með, og í síðustu prófum málsins breytti hann enn þessari skýrslu á þá leið, að lífsmark hefði verið með barnsmyndinni, það hafi hann ráðið af því, að fæturnir bærðust á barninu, er hann tók á móti því, en hann tók eigi eftir andardrætti eða hjartslætti, og barnið gaf ekki hljóð frá sér; hann skildi á milli og batt um naflastrenginn, laugaði barnið í volgu vatni, lét það innan í lérefts-klút og þar utan yfir vaðmálspjötlu, og lagði barnið í þessum umbúðum undir yfirsængina hjá móðurinni, til þess að það fengi hita af henni. Barnið lifði, að því er

ákærði ætlar, í lengsta lagi eina klukkustund eftir það, þá hættu að minsta kosti fæturnir að hreifast, og hvorki hann né móðirin gátu merkt neitt lífsmark með því. Nokkru eftir það tók ákærði barnið úr rúminu frá móðurinni, lagði það til og lagði það á borð í baðstofunni; þar lá barnið þangað til um miðjan dag daginn eftir, þá lét ákærði það í ofninn í umbúðunum og brendi það, en með því að beinakögglar voru óbrunnir í öskunni, fór hann með þá fram í eldhús og brendi þá til ösku í hlóðunum ásamt fylgjunni. Barnið var rétt skapaður drengur og 3 merkur að þyngd, virtist honum og meðákærðu barnið vera svo lítið og líflítið, að ekki væri einu sinni reynandi að næra það. Þau komu sér saman um að brenna barnið, álitu bæði, að það væri eigi saknæmt, vegna þess hve lítið það var og líflítið, en þau iðraði brátt þessa tiltækis og óttuðust, að þau hefðu gjört rangt. Þess vegna komu þau sér saman um að gjöra sem minst úr öllu og neita því, að Sigríður hefði alið nokkurt barn eða fóstur. Barnið kom svo löngu fyrir tímann, að hvorugu þeirra datt í hug, að fæðingin væri í nánd, og það var svo langt frá því, að ákærði óskaði að svona færi, að hann þvert á móti langaði til að eiga barn með Sigríði. Hann neitar því, eða minnist þess ekki að Sigríður hafi beðið sig að útvega hjálp, þegar hún veiktist, og hann hafði eigi grun um, að fæðing væri í nánd fyr en svo langt var komið, að hann mátti ekki yfirgefa Sigríði til að leita hjálpar.

Þó að framburður hinna ákærðu væri í fyrstu á annan veg í ýmsum atriðum heldur en framangreindar skýrslur þeirra, þá hafa þau að lokum hvort um sig haldið fast við þessar skýrslur, ítrekað þær, og haldið því fram hvort fyrir sig, að þar sem þeim bæri á milli, væri

skýrsla hins röng, en sín rétt. Aðrar upplýsingar um þetta kæruatriði hafa ekki fengist; barnið eða fóstrið, sem ákærða ól, hefir eigi komið fram til rannsóknar, enda má gjöra ráð fyrir, eftir framburði hinna ákærðu, sem að því leyti er eigi ósamhljóða, að ákærði hafi brent það.

Með því að eigi er hnekt framburði ákærðu um það, að hún hafi orðið barnshafandi í 14. viku sumars 1910 og því eigi átt von á sér fyr en um sumarmál næsta ár, að hún hafi eigi reynt að leyna því að hún var vanfær, þó að hún hefði ekki orð á því við aðra en meðákærða, að henni hafi eigi dottið í hug, er hún veiktist í desember 1910, að það væri léttasótt, að hún, þegar hún fann að svo mundi þó vera, hafi beðið meðákærða að útvega hjálp, og að hún hafi engan þátt átt í meðferð hans á barninu eða samþykt hana, þá verður það eigi talið sannað, að hún hafi alið barn í dulsmáli eða að öðru leyti farið óviðurkvæmilega að ráði sínu við barnsfarirnar, og verður því að sýkna hana af ákærunni í máli þessu.

Eftir þessu getur ekki verið spurning um, að ákærði verði álitinn meðsekur í brotum þeim, sem ræðir um í 195. gr. eða 196. gr. hegningarlaganna, og eftir framburði hans, sem fara verður eftir að því er til hans kemur, með því að annað er ekki sannað, verður eigi heldur litið svo á, að breytni hans við barnsfarir meðákærðu verði heimfærð undir neitt annað ákvæði í 17. kapítula nefndra laga, og ber því að sýkna hann af ákærunni um manndráp.

Ákæran á hendur Bergþóri Björnssyni um sauðaþjófnað er bygð á framburði meðákærðu einnar. Hún hefir haldið því fram við prófin, oft og eindregið, að ákærði hafi lógað og hagnýtt sér að ófrjálsu 7 kindur,

meðan þau bjuggu á Giljum; kveðst hún hafa verið fjarverandi, þegar hann tók þessar kindur og skar þær, en fundið slátrið, þegar hún kom heim, nema kindarhausana, þeim hafði hann, að því er hann sjálfur sagði henni, kastað í Jökulsá, sem rennur fyrir neðan túnið á Giljum, til þess að hún sæi ekki mörkin og gæti eigi komið upp um hann. Í fyrsta skifti hafi það verið á túnaslætti 1908, að hann hafi slátrað á og lambi og seinna um haustið 2 kindum veturgömlum; haustið 1909 hafi hann slátrað sauð, og að áliðnu sumri 1910 á og lambi. Ákærða segist hafa fundið að þessu við meðákærða og rifist við hann út af því, og eitt skifti hafa orðið svo reið, að hún hafi helt niður kindarblóðinu, þegar hún kom heim, en þá hafi hann slegið til hennar og atyrt hana fyrir að fara þannig með matinn. Ákærða kveðst þó annars hafa matreitt slátrið úr hinum stolnu kindum, því að hún hafi eigi þorað annað fyrir Bergþóri, og hún hafi eigi heldur þorað að kæra hann eða álitið það til neins, þar sem hún gat eigi sannað neitt upp á hann, en vissi, að hann mundi þræta. Að kindurnar hafi verið stolnar segist hún vita bæði af því, að ákærði bar ekki á móti því, af því að hann fleygði kindarhöfðunum í ána og af fjártölu þeirra á haustin.

Ákærði hefir stöðugt og afdráttarlaust neitað þessum framburði meðákærðu, fullyrt að hann sé gjörsamlega rangur og staðhæft, að hann hafi enga kind tekið að ófrjálsu og engri kind slátrað á Giljum, svo að meðákærða væri eigi við og hjálpaði til. Með því að engar aðrar skýrslur eru framkomnar í málinu um að ákærði hafi gjört sig sekan í sauðþjófnaði, verður einnig að sýkna hann af þeirri ákæru.

Yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, og ber því samkvæmt framansögðu að staðfesta þennan dóm í öllum greinum.

Allan áfrýjunarkostnað málsins þykir eftir þessum úrslitum eiga að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 7/1912.

Gunnar Egilsson
gegn
Birni Kristjánssyni.

Dómur:

Í grein með fyrirsögn »Bankarannsóknarnefndin m.

m.«, er birtist í blaðinu Ingólfi, 38. tbl. 1911, stendur svo látandi kafli: »Birtist nokkurn tíma um hina eldri stjórn bankans nokkuð því líkt, sem borið hefir verið á hina núverandi bankastjórn; en þeim þykir vænst að þegja, sem óneitanlega bendir til þess, að ekki hafi þeir hreint mjöl í pokanum. Á nú maður eins og Björn Kristjánsson ekki einungis að sitja sem bankastjóri, heldur einnig sem þingmaður, án þess að hreinsa nafn sitt, eða ber ekki landsstjórnin siðferðislega ábyrgð á slíku, að menn, sem æruleysissakir hafa verið bornar á, eitri ekki meir út frá sér en þörf er á eða nauðsynlegt virðist, því með slíkum mönnum færist spillingin ofanfrá og niður á við, en undir greinina var ritað sjálfstæðismaður«.

Í meiðyrðamáli, sem stefndi, Björn bankastjóri Kristjánsson höfðaði út af téðum greinarkafla fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, var áfrýjandi Gunnar Egilsson, ritstjóri blaðsins Ingólfs, með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 1. febr. þ. á., sektaður um 100 kr. til landssjóðs, en skyldi sæta 20 daga einföldu fangelsi, ef sektin væri eigi greidd á réttum gjalddaga; hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk, og áfrýjanda gjört skylt að greiða stefnda 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. febr. þ. á., og krafist að málinu verði vísað frá undirréttinum, en til vara að verða algerlega sýknaður; að stefndi verði sektaður fyrir óþarfa þrætu og dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst aftur á móti, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi.

Áfrýjandi telur þá ástæðu fyrir frávísunarkröfunni, að hin átöldu ummæli hafi eigi verið tilgreind í sáttakærunni, og sé málið því eigi lagt löglega til sátta. En með því að stefndi í sáttakærunni tilnefnir, svo að ekki er um að villast, hina umstefndu blaðagrein, og tjáist vilja koma fram ábyrgð á hendur áfrýjanda út af meiðandi og móðgandi ummælum í henni, með því að tölublað það af Ingólfi, er greinin stendur í, var lagt fram í sáttanefndinni, og með því að ekkert annað í greininni heldur en framan ritaður kafli tekur til stefnda persónulega, er ekki ástæða til að ætla, að eigi hafi verið leitað sátta um sakarefnið, og þá eigi heldur til að vísa málinu frá undirréttinum fyrir þá sök.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að í hinum átalda greinarkafla sé rétthermd frásögn um það, að á stefnda hafi verið bornar æruleysis sakir, og að hann hafi ekki borið þær af sér; á þessu hafi greinarhöfundurinn hneikslast, því að hann telji það óhæfu, að maður í jafnábyrgðarmikilli stöðu eins og stefndi þegi við alvarlegum sakargiftum, er bornar séu á hann opinberlega; og með því að almenningur leggi oft trúnað á slíkar sakargiftir, þó að þær séu ósannar, þá valdi það siðspillingu með þjóðinni að láta þær óátaldar; tilgangur greinarinnar sé sá einn, að hvetja stefnda til að hrinda af sér áburðinum og finna að því, að hann hafi látið það ógjört, en alls ekki að ærumeiða hann. Ummælin geti því ekki verið saknæm. Af þessum ástæðum krefst áfrýjandinn sýknunar í málinu.

Stefndi álítur hins vegar, að í ummælum greinarinnar felist sjálfstæð ásökun um sakargiftir, án þess að vísað sé til ummæla, er aðrir hafi haft um stefnda, eða

vikið að neinni heimild fyrir téðri ásökun, en henni sé slegið fram óákveðið, og um leið gefið í skyn, að áburðurinn sé á rökum bygður.

Það er sannað í málinu og ómótmælt, að á stefnda hafi opinberlega verið bornar ýmsar sakir, þar á meðal að hann hafi látið alþingi (þingnefnd) í té falska skýrslu um lán Landsbankans, bersýnilega í þeim tilgangi, að láta svo sýnast, sem svo og svo mikið af lánunum hljóti að tapast, og að þessi skýrsla innihaldi á ýmsum stöðum bláber ranghermi og ósannindi. Eru þessi ummæli tekin upp í nefndarálit frá alþingi, og síðar prentuð í blöðunum Lögréttu (VI, 36.) og Ingólfi (IX, 32).

Auk þess hefir nafngreindur maður í síðarnefndu blaði (IX, 21.) beint til stefnda ýmsum aðdróttunum, þar á meðal um sviksamlega breytni. Það er og viðurkent, að stefndi hafi eigi hrundið af sér þessum áburði.

Samkvæmt þessu er það að vísu rétt hermt í hinni umstefndu grein, að á stefnda hafi, áður en greinin kom út, verið bornar sakir, sem virðast hafa gengið svo nærri æru hans, að þær mætti nefna æruleysissakir. En þó að stefndi hafi ekki hrundið af sér þeim áburði, eða gert neinar ráðstafanir til þess, þá getur það engan veginn metist til réttlætingar því, að með prentun hins umstefnda greinarkafla er það alveg alment og án þess séð verði, við hvaða sakargiftir er átt, borið út um stefnda, að hann hafi verið sakaður um æruleysisverk, og jafnframt gefið í skyn, að líkur bendi til þess, að æruleysisáburður þessi á stefnda muni ekki hafa verið ástæðulaus með öllu.

Áfrýjandi verður þannig að sæta ábyrgð fyrir ummælin og ber að fallast á það, að þau eru í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi dæmd dauð og ómerk og áfrý-

jandi sektaður fyrir þau, og virðist sektin hæfilega ákveðin 60 kr. eða 12 daga einfalt fangelsi, ef sektin er ekki greidd í tæka tíð. Yfirdómurinn felst og á málskostnaðarákvæði dómsins, og verður hann því staðfestur með áminstri breytingu á sektarupphæðinni. Áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að hin ídæmda sekt sé 60 kr., eða 12 daga einfalt fangelsi, ef sektin er eigi greidd í réttan gjalddaga. Afrýjandinn, Gunnar Egilsson, greiði stefnda, Birni Kristjánssyni bankastjóra, í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 32/1911: Carl P. M. Nielsen
gegn
Jóni Þorsteinssyni,
Gunnlaugi Marteinssyni og
Ingimundi Halldórssyni

Dómur:

Mál þetta var af hálfu áfrýjanda Carls P. M. Niel-

sens stórkaupmanns í Kaupmannahöfn höfðað fyrir gestaréttí Akureyrarkaupstaðar gegn hinum stefndu, Jóni Þorsteinssyni, Gunnlaugi Marteinssyni og Ingimundi Halldórssyni, öllum til heimilis í Ólafsfirði, til greiðslu á 6000 króna skuld fyrverandi kaupmanns á Akureyri, Magnúsar Þórðarsonar, er nefndur stórkaupmaður taldi hina stefndu hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á. En með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 15. apríl f. á., voru hinir stefndu dæmdir sýknir af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir nú af hálfu Carls P. M. Nielsens verið skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. júlí f. á., og er þess krafist, að dómurinn verði úr gildi feldur, en að kröfur áfrýjanda fyrir gestaréttinum verði teknar til greina þannig, að stefndu verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða áfrýjanda 6000 krónur með 6 % ársvöxtum frá 10. febrúar 1910, er gestaréttarstefnan var útgefin, til borgunardags; svo verði stefndu og dæmdir til að greiða áfrýjanda allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi. Af hálfu stefndu hefir þess verið krafist, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kröfum áfrýjanda, og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Með skjali dags. Akureyri og Olafsfirði 24. og 30. apríl 1908, skuldbundu hinir stefndu sig gagnvart áfrýjandanum til að ábyrgjast skaðlaust sem sjálfskuldarábyrgðarmenn alt að 6000 krónum af þeirri upphæð, er kaupmaður Magnús Þórðarson kynni á hverjum tíma sem væri að skulda áfrýjandanum fyrir vörur eða peningalán samkvæmt samningi, er þeir áfrýjandinn og Magnús Þórðarson gjörðu sín í milli 20. marz 1908, eða eins og það

er orðað á frummálinu: »indtil 6000 Kroner af det Belöb, som af Köbmand Magnús Thordarson til enhver Tid maatte skyldes Hr. Carl P. M. Nielsen for Varer eller kontante Forstrækninger i Henhold til den mellem Carl P. M. Nielsen og Magnús Thordarson oprettede Overenskomst af 20. Marts 1908«. Eftir samningi þessum 20. marz 1908 var áfrýjandi skyldur til að lána Magnúsi Þórðarsyni í vörum eða peningum til verzlunar þeirrar, er hann hafði þá fyrir nokkru stofnað, alt að 25,000 krónum, eða eftir atvikum 30,000 krónur, og voru í samningnum að öðru leyti ákvæði sett um það, hvernig viðskiftunum milli þeirra skyldi hagað. Þessi viðskifti virðast þó ekki hafa staðið lengur en út árið 1908. Þá var skuldin orðin yfir 26,000 krónur eftir reikningi áfrýjanda, og höfðaði hann síðan mál það, er nú er fyrir yfirdóminum gegn ábyrgðarmönnum Magnúsar, hinum stefndu, til að fá þá dæmda til að greiða það af skuldinni, er þeir höfðu ábyrgst fyrir Magnús, og gjörði fyrir yfirdómi kröfur þær í málinu, er fyr eru greindar. Það er ekki borið á móti því af hálfu hinna stefndu, að þeir hafi undirritað framangreint ábyrgðarskjal, dags. 24. og 30. apríl 1908, og að Magnús Þórðarson kaupmaður hafi með samþykki þeirra fengið það áfrýjanda til tryggingar skuld hans við áfrýjanda; því er heldur ekki neitað, að skuld Magnúsar Þórðarsonar, sem stefndu eiga að svara til, ef á annað borð nefnt ábyrgðarskjal verður talið skuldbindandi fyrir þá, nemi þeirri upphæð, er áfrýjandi gjörir kröfu til í máli þessu. En því er neitað af stefndu, að ábyrgðarskjalið sé að neinu leyti skuldbindandi fyrir þá, og telja þeir sig af þeim sökum ekki skylda til að greiða hina umstefndu skuldarupphæð. Að umrætt ábyrgðarskjal sé

ekki skuldbindandi fyrir stefndu, byggja þeir á því, að með tilvitnuninni í enda skjalsins til samningsins 20. marz 1908 (samkv. samningi, er þeir Carl P. M. Nielsen (áfrýjandinn) og Magnús Þórðarson gjörðu sín á milli 20. marz 1908) sé þessi samningur gjörður að óaðskiljanlegum hluta ábyrgðarskjals hinna stefndu og gildi þess skjals þar með bundið því skilyrði, að öll ákvæði samningsins væru uppfylt af áfrýjanda, þar á meðal sérstaklega ákvæði 2 greinar samningsins, þó að ekkert sé að öðru leyti á slíkt skilyrði minst í ábyrgðarskjalinu. Þessi skilningur stefndu á ábyrgðarskjalinu er þó ekki á neinum rökum bygður. Í því er, eins og orð skjalsins, sem tilfærð eru hér að framan, sýna augljóslega, að eins áskilið, að skuld Magnúsar Þórðarsonar, er stefndu undirgengust ábyrgð á, skuli stafa frá vöruláni eða peninga, er Magnús Þórðarson hafi fengið hjá áfrýjanda í viðskiftasambandi því, er skapað var með samningnum 20. marz 1908, en það getur enginn vafi verið á því, og því er heldur ekki neitað í málinu, að skuld sú, er hér um ræðir og krafist er borgunar á í þessu máli, stafi frá þessu viðskiftasambandi. Á tilvitnuninni í ábyrgðarskjalinu verður þannig eigi bygð nein takmörkun á gildi þess, slík sem stefndu vilja halda fram, og það er því óþarft að rannsaka hér frekar útlistanir þær á einstökum ákvæðum nefnds samnings 20. marz 1908, sérstaklega 2. gr. hans, er þessi skoðun stefndu hefir gefið þeim tilefni til. Það er nægilegt fyrir úrslit þessa máls að geta þess, að eins og stefndu sjálfir hafa ekki í ábyrgðarskjalinu bundið gildi ábyrgðar sinnar við einstök ákvæði samningsins 20. marz 1908, eins sést það ekki af neinu í málinu, að áfrýjandinn eða Magnús Þórðarson, aðilar samningsins

sjálfir, hafi ætlast til, að hann að neinu leyti væri stefndu viðkomandi, og þar sem stefndu hafa sérstaklega haldið því fram, að þeir hafi verið leystir frá ábyrgðarskuldbinding sinni fyrir það, að áfrýjandi ekki þegar í stað vildi taka ábyrgð þeirra gilda, þegar Magnús Þórðarson bauð honum hana, þá gat tilkynning um þetta, sem áfrýjandi sendi Magnúsi Þórðarsyni, engin áhrif haft á skyldu stefndu til að standa við ábyrgðarskuldbinding þeirra, því að Magnús Þórðarson, sem hafði fengið ábyrgðarskuldbindinguna hjá stefndu og átti ráðin yfir henni, leysti ekki stefndu frá ábyrgðinni, heldur lét áfrýjanda halda ábyrgðarskjalinu, og fekk hann síðar til að taka það gilt, með því að bæta það upp með varaábyrgð annara manna, sem undirgengust að svara til skuldarinnar ef svo reyndist, að stefndu gætu eigi greitt hana af hendi, er til kæmi. Samkvæmt því, er að framan hefir verið tekið fram, og með því að það er alveg heimildarlaust eftir orðum ábyrgðarskjalsins að takmarka ábyrgð stefndu við þá upphæð, er skuld Magnúsar Þórðarsonar færi fram úr 25,000 krónum, eins og stefndu virðast hafa ætlast til, að gjört yrði til vara, þá verður að álíta hina stefndu skylda til að svara sem sjálfskuldarábyrgðarmenn til þess hluta af skuld Magnúsar Þórðarsonar til áfrýjanda, er þeir eru lögsóttir fyrir í máli þessu, og ber því að dæma þá til þess samkvæmt kröfum áfrýjanda að greiða honum einn fyrir alla og allir fyrir einn hina umkröfðu skuldarupphæð, 6,000 krónur, með 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1910 til borgunardags. Svo þykir og rétt, að þeir greiði áfrýjanda einnig in solidum málskostnað fyrir báðum réttum, er ákveðst 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, Jón Þorsteinsson, Gunnlaugur Marteinsson og Ingimundur Halldórsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjandanum, Carl P. M. Nielsen, stórkaupmanni í Kaupmannahöfn 6,000 — sex þúsund — krónur, með 6 % ársvöxtum frá 10. febrúar 1910 til borgunardags, og í málskostnað fyrir báðum dómum 60 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 49/1911 Halldór Jónasson
gegn
Eyólfi Jónssyni.

Dómur:

Áfrýjandi þessa máls, Halldór Jónasson, kaupmaður á Siglufirði, var með gestaréttardómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, uppkveðnum 10. júní f. á., dæmdur til að greiða stefnda, Eyólfi Jónssyni, útbússtjóra á Seyðisfirði, 4311 kr. 78 aura, með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, til lúkningar skuld Magnúsar Blöndals, fyr kaupmanns á Akureyri, til Aalgaards Uldvarefabrikker í Noregi, er áfrýjandi hafði gjörst sjálfskuldarábyrgðarmaður að, en málskostnaður fyrir gestaréttinum var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 14. október f. á. og haldið fram öllum sömu kröfum og fyrir undirréttinum, aðallega að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara að verða að eins dæmdur til að greiða þann hluta umstefndrar skuldar vaxtalausan, er stefndi sannar að sé innheimt vinnnulaun og kostnaður á dúkum, eða sé að minsta kosti vinnulaun og kostnaður á dúkum, er Magnús Blöndal hafi skuldað stefnda samkvæmt yfirlýsingn 23. júlí 1900 og Kommissionær-Instrux 22. maí 1897, þó þannig, að frá þessari upphæð verði dregnar kr. 3,600, sem greiddar hafa verið samkvæmt reikningi stefnda; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum. Stefndi krefst aftur á móti, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru sem nú skal greina. Árin 1898—1906 var Magnús Blöndal, áður kaupmaður á Akureyri, umboðsmaður fyrir áðurnefndar klæðaverksmiðjur í Noregi, þó svo, að hann skyldi gera stefnda, sem var aðalumboðsmaður verksmiðjanna hér á landi, reikningsskil fyrir umboðsrekstri sínum. Starf Magnúsar Blöndals, samkvæmt erindisbréfi hans, var það, að taka við ull og tuskum frá viðskiftamönnum, senda þetta verkefni til verksmiðjanna, taka á móti unninni vöru frá þeim og afhenda hana eigendum gegn borgun vinnulaunanna. Gjaldfrest á vinnulaunum mátti hann eigi veita, og gjörði hann það, skyldi hann samstundis standa verksmiðjunni skil á þeim upphæðum, er hann veitti líðun á. Þessum reglum skuldbatt Magnús Blöndal sig til að fylgja með yfirlýsingu, dags. 23. júlí 1900, sem að framan getur. Þegar Magnús Blöndal hætti

umboðsrekstrinum 1906, var hann kominn í töluverða skuld við verksmiðjurnar og fekk hann þá áfrýjanda og 2 menn aðra til að gerast ábyrgðarmenn fyrir skuldinni; er ábyrgðarskjalið, sem áfrýjandi undirskrifaði 2. maí 1906, þannig orðað, að hann tekur að sér ábyrgð, sem sjálfskuldarábyrgðarmaður »in solidum« á skaðlausri greiðslu á upphæðum þeim, er kaupmaður Magnús Blöndal skuldar og framvegis kann að skulda stefnda fyrir vinnulaun og kostnað á dúkum frá Aalgaards ullarverksmiðjum í Noregi. Þetta ábyrgðarskjal afhenti Magnús Blöndal stefnda og í skjali dags. 21. ágúst s. á. gaf hann út viðurkenningu um að hann skuldaði stefnda vegna »Aalgaards Uldvarefabrikker« kr. 7911,78, og lofaði að borga skuldina með jöfnum afborgunum á 4 árum og að auki 5% vexti p. a. af eftirstöðvum skuldarinnar 1. janúar 1907, unz hún væri að fullu greidd. Þessi viðurkenning kemur heim við reikning frá stefnda yfir allar tóvörusendingar frá verksmiðjunum til M. Blöndal, meðan hann hafði umboðið og er skuld hans samkvæmt reikningnum hin sama og hin viðurkenda upphæð. Í ársbyrjun 1909 hafði M. Blöndal greitt kr. 3,600 af skuldinni, en ógreitt var eftir reikningi stefnda, að meðtöldum vöxtum, kr. 5564,52, og þá upphæð krafðist stefndi að fá sér dæmda fyrir undirréttinum, en með dómnum voru vextirnir, kr. 1252,74, feldir burtu, og koma þeir því eigi til álita, með því að málinu er eigi gagnáfrýjað.

Til stuðnings kröfum sínum heldur áfrýjandi því aðallega fram, að orðin í viðurkenningarskjali M. Blöndal, »skulda . . . . . vegna Aalgaards Uldvarefabrikker«, séu miklu víðtækari en orð ábyrgðarskjalsins: »skuldar fyrir vinnulaun og kostnað á dúkum frá Aalgaards ullarverk-

smiðjum«; hann staðhæfir, að M. Blöndal hafi átt önnur skuldaskifti við verksmiðjur þessar heldur en þau, er lúta að vinnulaunum og kostnaði á dúkum; á þeim skuldaskiftum beri hann enga ábyrgð, en þau séu talin með í viðurkenningarskjalinu og reikningi stefnda, þó að það sjáist eigi af honum, enda sé hann illa sundurliðaður, og orðið »tóvinnureikningur«, sem haft er um því nær alla gjaldliði hans, svo ónákvæmt, að í honum geti falist ýmislegt annað en vinnulaun og kostnaður á dúkum. Ennfremur álítur áfrýjandi, að í hinni umstefndu upphæð séu talin óinnheimt vinnulaun fyrir dúka, sem M. Blöndal hafi eigi borið ábyrgð á, og fyrir dúka, sem hafi brunnið í eldsvoða hjá honum haustið 1906, svo og heimildarlaust reiknaðir vextir af skuld M. Blöndals á hverju ári meðan viðskiftin stóðu.

Við þessar varnarástæður áfrýjanda er það fyrst að athuga, að hann hefir eigi sýnt fram á eða bent á neinar líkur til þess, að M. Blöndal hafi átt önnur viðskifti við nefndar verksmiðjur heldur en þau, sem sprottin voru af umboðsrekstri hans fyrir verksmiðjurnar samkvæmt erindisbréfi hans. Orðin: skuldar vegna »Aalgaards Uldvarefabrikker« geta að vísu verið víðtækari, en þau þurfa eigi að vera það, og ekkert, sem fram er komið í málinu, bendir á að þau séu það. Áfrýjandi hefir eigi leitt nein rök að því, að verksmiðjurnar hafi yfirleitt átt nein önnur viðskifti hér á landi, heldur en að vinna dúka úr verkefni, er þeim var sent héðan, né að M. Blöndal hafi haft á hendi nein önnur störf fyrir verksmiðjurnar heldur en þau, er að þessum viðskiftum lúta, eða það hann hafi meðtekið neitt frá verksmiðjunum, og þó að í reikningi stefnda sé talin að eins upphæð tóvinnureikninganna, er fylgdu

hverri vörusendingu frá verksmiðjunum, en ekki nefndir viðskiftamenn, er vörurnar voru unnar fyrir, þá er, eftir því, sem að öðru leyti er framkomið í málinu, engin ástæða til að ætla, að þar sé um aðra tóvinnu að ræða en vinnu á dúkum. Með viðurkenningarskjalinu 21. ágúst 1906 hefir M. Blöndal viðurkent réttan þennan reikning, sem skjalið sýnilega er miðað við, og með því að reikningurinn, þó að hann verði að teljast nægilega sundurliðaður, ber ekki með sér, að þar sé talið neitt það, er eigi á skylt við ábyrgð áfrýjanda, og áfrýjandi hefir heldur eigi sýnt fram á það með neinum rökum, eða gert það á neinn hátt sennilegt, að þvílíkir póstar felist þó í reikningnum, verður sú varnarástæða hans, að viðurkenning M. Blöndal taki yfir aðrar kröfur en þær, er áfrýjandi hefir ábyrgst, eigi talin á rökum bygð. Hið sama er um vexti, er áfrýjandi segir vera talda með í reikningnum, að þeir sjást eigi þar tilfærðir og stefndi neitar að svo sé.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að M. Blöndal beri ekki að borga öll þau vinnulaun og kostnað á dúkum, er talið sé í reikningnum, en þar frá eigi að dragast óinnheimt vinnulaun og vinnulaun fyrir brunna dúka, sem fyr segir. Áfrýjandi hefir þó eigi gegn mótmælum stefnda fært sönnur á það, að M. Blöndal hafi átt óinnheimt vinnulaun eða að dúkar frá verksmiðjunum hafi brunnið hjá honum, en þótt svo hafi verið, verður að líta svo á, að M. Blöndal hafi með skjalinu 21. ágúst 1906 skuldbundið sig til að standa stefnda skil á vinnulaunum af öllum þeim dúkum, er hann þá hafði meðtekið, en eftir það meðtók hann enga dúka frá verksmiðjunni, hvort sem hann hafði innheimt vinnulaunin eða afhent dúkana ellegar ekki. Varakrafa áfrýjanda um

frádrátt þessara vinnulauna frá kröfu stefnda getur því eigi komið til álita, enda er ekkert upplýst um upphæð þeirra.

Enn hefir áfrýjandi fyrir yfirdóminum talið sér til sýknunar þá ástæðu, að hann sé með öllu laus við ábyrgðina, sakir vanrækslu stefnda og tómlætis að ganga eftir skuldinni hjá M. Blöndal. Stefndi hefir mótmælt þessari varnarástæðu sem ótímabærri, af því að hún kom eigi fram við undirrétt, og krafist að hún verði að engu metin, og verður að fallast á þá kröfu.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaðan hin sama sem í hinum áfrýjaða dómi, og ber því að staðfesta hann að því leyti sem honum er áfrýjað.

Eftir málavöxtum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardóminum skal óraskað. Áfrýjandi Halldór kaupmaður Jónasson greiði stefnda Eyjólfi útbússtjóra Jónssyni 60 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Ár 1912, mánudaginn 9. september.

Nr. 22/1911

O. M. Rönnevig fyrir hönd Cornelius Odland
gegn
Clement Clementsen fyrir hönd eigenda og skipshafnar skipsins Ruth.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Clement Clementsen skipstjóri fyrir hönd eigenda fiskiskipsins »Ruth« frá Færeyjum, og skipshafnar sama skips, fyrir gestaréttí Reykjavíkur gegn O. M. Rönnevig skipstjóra, fyrir hönd eigenda gufuskipsins »Falken« frá Haugasundi, Cornelius Odland, til greiðslu á 40565 kr. 15 aur. í skaðabætur. Lauk málinu svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 12. nóvbr. 1910, að nefndur O. M. Rönnevig, fyrir hönd Cornelius Odland, var dæmdur til að greiða stefnda vegna eigenda »Ruths« og skipshafnarinnar 26420 kr. 95 aura og 200 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir nú yfirréttarmálaflutningsmaður Lárus Fjeldsted, f. h. eigenda gufuskipsins Falken, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 8. maí f. á., og hefir hann krafist þess, að gestaréttardóminum verði breytt þannig, að áfrýjandinn verði ekki dæmdur til að greiða stefnda hærri skaðabætur en 15210 kr. 85 aura. Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 21. desember f. á., og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til greina, þannig að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 40565 kr. 15 aura, auk 5%

vaxta af upphæðinni frá 1. janúar 1909 eða til vara frá dagsetningu yfirdómsstefnunnar, og 1000 kr. í málskostnað, eða til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur í 500 kr. málskostnað fyrir yfirdómi.

Mál þetta er svo tilkomið, að laugardagsmorguninn hinn 30. maí 1908 sigldi fiskigufuskipið »Falken« frá Haugasundi á fiskiskútuna »Ruth« frá Færeyjum fram undan Snæfellsjökli. Við ásiglinguna braut »Falken« »Ruth« svo, að hún sökk eftir örlitla stund, með öllu sem innanborðs var, nema mönnum var bjargað. Flutti »Falken« skipshöfnina af »Ruth« til Reykjavíkur. Dvaldist skipshöfnin þar 4 daga, en skipstjórinn varð eftir og dvaldi hann alls í Reykjavík 29 daga. Til tryggingar skaðabótakröfu sinni á hendur eigenda »Falken« lét stefndi leggja löghald á skipið og fór löghaldsgjörðin fram hér í Reykjavík 2. júní s. á., en með stefnu dags. 9. s. m., höfðaði svo stefndi mál þetta til staðfestingar löghaldsgjörðinni og til þess að fá eiganda skipsins dæmdan til að greiða umkrafðar skaðabætur, kr. 40.565.15.

Í máli þessu eru málsaðilar á eitt sáttir um það, að áfrýjanda sé skylt að greiða stefnda bætur fyrir tjón það, sem hlotist hafi beint af ásiglingunni, með því »Falken« hafi átt sök á ásiglingunni, en um hitt kemur málsaðilum ekki saman, hve mikið tjón »Ruths« hafi verið. Verður því að athuga hvern lið skaðabótakröfunnar fyrir sig, eftir því sem komið er fram undir rekstri málsins.

I. Stefndi hefir krafist 15000 kr. bóta fyrir skipið með rá og reiða. Áfrýjandi mótmælir því, að skipið hafi verið svo mikils virði. En með virðingargjörð framkvæmdri 11. jan. 1908, af virðingarmanni vátryggjanda skipsins,

var það metið 15000 kr. virði, og má með þeirri virðingargjörð, sem staðfest hefir verið með eiði í sambandi við eiðfesta álitsgjörð tveggja annara kunnugra manna um verð á skipinu, sem þeir álíta að hafi verið rétt metið 14500 kr., telja fengna nægilega sönnun fyrir því, að skipið hafi verið 14500 kr. virði er það fórst. Verður þá 1. liður skaðabótanna, eins og dómurinn hefir ákveðið hann, færður niður um 500 kr.

II. Þá hefir stefndi krafist bóta fyrir útbúnað skipsins, vistaforða o. fl., er á skipinu var þegar það sökk. Hefir hann talið verðmæti þetta 4230 kr. 05 a., þegar skipið lagði út til fiskiveiða hingað til lands í byrjun maímánaðar 1908, en þá var það útbúið til fiskiveiða hér við land til 5 mánaða. Telur stefndi svo til, að draga megi 700 kr. frá fyrir því, sem eytt hafi verið handa skipshöfninni og eyðst hafi á annan hátt þann tæpa mánaðartíma, sem leið frá því skipið lagði á stað, þar til það sökk. Hefir því stefndi gjört kröfu til 4230 kr. 05 au. ÷ 700 kr. eða 3530 kr. 05 au.

Eigendur skipsins hafa í málinu lagt fram skrá yfir muni þá, þessum lið tilheyrandi, sem fylgt hafi skipinu er það lagði út á fiskiveiðar, og hafa þeir talið þá muni 4256 kr. 05 au. virði. Ennfremur hefir sú skrá verið yfirfarin af kunnugum mönnum, dómkvöddum þar til í Færeyjum, og hafa þeir eiðfest það álit sitt, að sá útbúnaður og sá vistaforði, sem nefnd skrá greinir, sé hæfilegur og hið tilgreinda verð sanngjarnt. Að eins álíta þeir, að komast hefði mátt af með nokkru minna af sykri til útgerðarinnar en skráin sýnir, og nemur sá munur að eins 26 kr. Hefir stefndi í samræmi við þetta lagt upphæðina 4230 kr. 05 au. til grundvallar kröfu sinni. Fyrir

undirrétti hefir aðaláfrýjandi ekki mótmælt því, að virði þess, er þegar hefir verið eytt af forðanum, er skipið sökk, sé sanngjarnlega ákveðið af stefnda 700 kr. Hér fyrir réttinum hefir hann haldið því fram, að þetta sé of lágt metið; réttara sé að telja, að $^1/_5$ hluti af forðanum hafi eyðst frá því er skipið lagði út þar til það sökk, og auk þess beri að draga 200—300 krónur frá fyrir það, hversu miklu meira sé eytt af vistaforða skipsins meðan ekki sé farið að fiska, en þessar aðfinslur verða, sem ofseint framkomnar, ekki teknar til greina, enda virðast þær ekki á rökum bygðar.

Það ber því, svo sem í hinum áfrýjaða dómi, að taka kröfu stefnda undir þessum lið til greina með 3530 kr. 05 au.

III. Þá telur stefndi tjón það, sem skipverjar á »Ruth« hafi beðið, hafi numið 5572 kr. 20 au. Hafa skipverjar hver um sig gefið lista yfir hluti þá, er þeir hafi mist, og sett verð á; þessa skýrslu sína hafa þeir staðfest fyrir sjórétti í Færeyjum. Einnig hafa dómkvaddir menn í Færeyjum yfirfarið skrár skipverja um tapaða muni og verð á þeim, og hafa þeir metið svo, sem til útbúnaðar svo mörgum mönnum, sem á »Ruth« voru, til 5 mánaða fiskiveiða, þyrfti 5640 kr. Það er auðvitað, að ekki verður til þess ætlast, að skipverjar geti fært fullar sönnur á tjón sitt að þessu leyti, en á hinn bóginn virðist ekki við athugun hinna einstöku kröfuliða verða bygt algjörlega á skýrslu þeirra né á áliti hinna dómkvöddu manna. Þykir rétt að meta svo, að skipstjóri hafi mist 600 kr. virði, en hver annara skipverja til uppjafnaðar 200 kr. eða til samans kr. 3.600.00.

IV. Þá hefir stefndi krafist 3000 kr. skaðabóta fyrir missi afla þess, sem í skipinu var. Það eru að vísu

eðlilega ekki færðar fullar sönnur á það, hve mikill afli í skipinu hafi verið er það sökk, en eftir skýrslum skipstjóra og skipshafnar virðist mega byggja á því, að í skipinu hafi verið 9000 til 9500 tals af þorski og öðrum fiski, mikið þorskur, og verður að álíta, að svo mikill afli sé fullra 3000 kr. virði. Þessa kröfu ber því að taka til greina með 3000 kr., svo sem gjört er í hinum áfrýjaða dómi.

V. Stefndi hefir krafist endurgjalds á kostnaði við dvöl skipshafnarinnar af »Ruth« hér í bænum og heimsendingu, að upphæð 840 kr. 90 aura. Var aðaláfrýjandi í undirrétti dæmdur til að greiða þessa upphæð, og þar sem aðaláfrýjandi hefir ekki hér fyrir réttinum komið fram með neinar aðfinslur við þenna lið, ber að taka hann til greina.

VI. Enn krefst stefndi skaðabóta fyrir atvinnutjón skipverja, með því að þeir hafi allir orðið að bíða hér talsverðan tíma fyrst, sumir að vísu fengið atvinnu rétt eftir heimkomuna, sumir löngu seinna og sumir alls enga það sumar, og enginn þeirra hafi fengið eins góða atvinnu og á »Ruth«.

Það er sjálfgefið, að eigi eru færðar sönnur á það, að skipverjar hafi þurft að bíða alt það atvinnutjón, sem krafist er bóta fyrir og nemur 7922 kr., enda virðist ekki eiga að taka svo víðtæka skaðabótakröfu til greina, né þurfa að rannsaka hana nánara. Þær einar skaðabætur, sem hér koma til greina, eru atvinnumissir skipshafnarinnar fyrir tímann frá því skipið sökk og þangað til skipverjar voru komnir heim. Þykir rétt að meta þessar bætur þannig: handa skipstjóra 150 kr. og fyrir hvern annan háseta 30 kr. eða handa skipshöfninni allri, að skipstjóra meðtöldum, 600 kr.

VII. Loks krefst gagnáfrýjandi 4700 kr. til handa eigenda skipsins »Ruth« fyrir ábatamissi eða arðstjón. Þessa kröfu þykir ekki næg ástæða til að taka til greina.

Þá hefir gagnáfrýjandi krafist 5% vaxta af skaðabótakröfu sinni frá 1. jan. 1909 eða til vara frá dagsetningu yfirdómsstefnunnar.

En krafan um vexti af skaðabóta-upphæðinni var í hinum áfrýjaða dómi réttilega talin of seint framkomin og því ekki tekin til greina, og getur hún þá ekki heldur að neinu leyti komist að fyrir yfirdómi, gegn mótmælum aðaláfrýjanda.

Ákvæði undirdómsins um málskostnað staðfestast, og í málskostnað fyrir yfirdómi ber aðaláfrýjandanum að greiða stefnda 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandinn O. M. Rönnevig, f. h. Cornelius Odland, greiði gagnáfrýjanda Clement Clementsen, vegna eigenda og skipshafnar fiskiskipsins »Ruth«, 14.500 kr. + 3.530 kr. 05 au. + 3.600 kr. + 3000 kr. + 840 kr. 90 au. + 600 kr. eða samtals 26.070 kr. 95 au.

Svo greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi 300 kr.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Ár 1912, mánudaginn 16. september.

Nr. 59/1911

Jósef Jóhannesson
og
Pétur Þorgrímsson
gegn
Útbúi Íslandsbanka á Akureyri.

Dómur:

Með samningi dags. 14. marz 1907 veitti stefndi, Útbú Íslandsbanka á Akureyri, N. Lilliendahl og Jósef Jósefssyni, kaupmönnum þar, reikningslán að upphæð 5000 kr., og undir þennan samning rituðu áfrýjendurnir Jósef Jóhannesson járnsmiður, Pétur Þorgrímsson verzlunarmaður og tveir menn aðrir sem sjálfskuldarábyrgðarmenn in solidum fyrir láninu, en með því að eigi var staðið í skilum af hálfu lánþega samkvæmt lánssamningnum, höfðaði útbúið mál þetta á hendur áfrýjendum fyrir gestaréttí Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, til greiðslu á láninu, og voru þeir með dómi réttarins, uppkveðnum 11. nóv. f. á., dæmdir til að greiða útbúinu 3797 kr. 98 aur. með 5 ½ % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags 18. nóv. f. á. og krafist algerðrar sýknunar í málinu, annaðhvort skilyrðislaust eða gegn því, að þeir staðfesti með eiði þann framburð sinn, að þeir hafi sagt upp ábyrgð sinni við útbússtjórann skömmu eftir að hún var stofnuð og boðist til að borga skuldina eins hún var þá, og útbússtjórinn tekið þá uppsögn gilda; svo krefjast þeir og málskostnaðar, en til vara að verða að

eins dæmdir til að greiða stefnda 282 kr. 51 e. vaxtalaust, með því skilyrði þó, að hann sýni útborgunarheimild fyrir þessari upphæð, og að málskostnaður verði þeim dæmdur eða látinn falla niður; ennfremur til vara, að þeim verði að eins gjört að greiða 1/4 hluta af kröfunni hvorum eða til ítrustu vara helming hennnar in solidum, en málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi hefir krafist staðfestingar á gestaréttardómnum og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér báðir fyrir einn og einn fyrir báða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Fáum dögum eftir að framangreint reikningslán var stofnað, 19. marz 1907, og eftir að lánþegar höfðu notað 282 kr. 51 e. af lánsupphæðinni, lagði annar þeirra, Jósef Jósefsson, á stað í ferð til útlanda, en fórst í þeirri ferð, og urðu afdrif hans kunn málsaðilum fyrir lok sama mánaðar. Eftir lát Jósefs hélt hinn lánþeginn, Lilliendahl, áfram að nota reikningslánið handa sjálfum sér til ársloka 1909; síðast greiddi hann upp í lánið 100 kr. 16. jan. 1911, og eftir reikningi útbúsins var skuld hans með vöxtum og viðskiftagjaldi 14. marz s. á. 3797 kr. 98 aur., sem áfrýjendurnir hafa verið dæmdir til að greiða stefnda.

Skuld þessa álíta áfrýjendurnir sér óskylt að greiða, og telja þar til fyrst þá ástæðu, að reikningslánssamningurinn 14. marz 1907, hafi glatað gildi sínu við fráfall Jósefs Jósefssonar og þar með ábyrgð þeirra, því að hún hafi verið veitt fyrir lánþega báða í sameiningu; eftir lát Jósefs hafi því Lilliendahl verið óheimilt að nota lánið, og útbúinu að greiða meir af lánsupphæðinni en búið var, og ábyrgð áfrýjenda taki þá að eins til þeirrar upphæðar, er lánþegar tóku út af láninu áður en Jósef dó, og þó því

að eins til þeirrar upphæðar, að sú greiðsla hafi farið löglega fram, þ. e. lánþegar báðir kvittað fyrir henni, því að þeir hafi tekið lánið í félagi til að nota það til verzlunar, er þeir ætluðu að reka í félagsskap; taka áfrýjendur það sérstaklega fram, og er því ekki mótmælt, að þeir hafi tekist á hendur ábyrgðina aðallega vegna Jósefs, sem þeir þektu og höfðu traust og álit á, en ekki vegna Lilliendahls, sem hafi þeim verið lítt kunnur og mundi hafa orðið erfitt að fá ábyrgðarmenn, ef hann hefði ekki verið í félagsskap við Jósef, og þannig notið hans og hafi þetta verið stjórn útbúsins kunnugt, er hún veitti lánið. Ennfremur halda áfrýjendurnir því fram, að þeir hafi farið til útbúsins er þeir fréttu lát Jósefs, hitt þar útbússtjórann og spurt hve mikið væri lánað; hafi þeim verið svarað 2—300 kr. og þeir tjáð sig fúsa til að greiða þessa upphæð, en jafnframt krafist þess, að eigi væri meira lánað upp á þessa ábyrgð, er þeir teldu sig með öllu lausa við eftir dauða Jósefs; þessu hafi útbússtjórinn svarað vel og sagt að lánið yrði samstundis afmáð úr bókum bankans, en þær 2—300 kr., sem notaðar væru af láninu, þyrftu þeir eigi að greiða, því þær mundu greiðast úr búi Jósefs og af hinum lánþeganum.

Þessari frásögn áfrýjenda hefir stefndi mótmælt, en hitt má telja viðurkent, að stefndi hafi eigi gjört áfrýjendum viðvart um, að útbúið héldi áfram að láta Lilliendahl nota reikningslánið og enn síður fengið samþykki þeirra til þess.

Þótt það sé eigi sannað, að áfrýjendurnir hafi sagt upp ábyrgð sinni við dauða Jósefs, og uppsögnin verið tekin gild af stefnda, og þó að það atvik, að stefnda var kunnugt um, að áfrýjendurnir höfðu gerst ábyrgðarmenn

fyrir reikningsláninu einkum vegna Jósefs Jósefssonar, geti eigi út af fyrir sig gert ábyrgðina ógilda, þá ber á það að líta, að við fráfall annars lánsþegans var orðin svo veruleg breyting á reikningslánsviðskiftum stefnda við lánþegana og aðstaða áfrýjendanna þá einnig önnur og svo miklum mun lakari, að svo verður að líta á, að stefnda hafi eigi verið heimilt að halda nefndum viðskiftum áfram við Lilliendahl eftir dauða Jósefs upp á ábyrgð áfrýjenda, án þeirra samþykkis. Þeir verða því eigi dæmdir til að greiða stefnda þann hluta reikningslánsins með viðskiftagjaldi og vöxtum, er Lilliendahl notaði eftir að stefnda var kunnugt orðið um afdrif Jósefs, en fyrir þann tíma höfðu, eins og að framan er sagt, að eins verið notaðar kr. 282,51 af láninu. Þessa upphæð, sem báðir lánþegar virðast hafa tekið og kvittað fyrir, ber að dæma áfrýjendurna til að greiða stefnda með 5 ½ % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, en að öðru leyti eiga þeir að vera sýknir af kröfum stefnda í þessu máli.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjendurnir, Josef Jóhannesson og Pétur Þorgrímsson greiði stefnda, útbúi Íslandsbanka á Akureyri, 282 kr. 51 e. með 5 ½ % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Ár 1912, mánudaginn 30. sept.

Nr. 28/1912 Réttvísin
gegn
Jóni Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 25. marzmán. þ. á., var hinn ákærði, Jón Jónsson húsmaður í Vinaminni á Bakka í Bakkadal í Dalahreppi, dæmdur fyrir nauðgunartilraun við dóttur sína, til þess samkvæmt 162. gr. og 169. gr., sbr. 46. gr. almennra hegningarlaga að sæta 1 árs betrunarhússvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til talsmanns síns þar, Magnúsar prests Þorsteinssonar, 5 krónur. En þessum dómi hefir, eftir ósk ákærða, verið skotið til landsyfirdómsins.

Á heimili ákærða, Vinaminni á Bakka, hefir verið hjá honum kona hans og dóttir þeirra hjóna, Kristjana að nafni, 19 ára gömul, og er ákærði í máli þessu sakaður um að hafa gjört tilraun til að nauðga þessari dóttur sinni til samræðis við sig. Það er í þessu efni sannað með eigin játningu ákærða, að hann hefir fleirum sinnum á árunum 1910 og 1911 reynt með fortölum að fá dóttur sína til að leyfa sér samræði við sig og að hann ennfremur hefir tvisvar sinnum beitt valdi í þessu skyni. Fyrra skiftið sem þetta átti sér stað var haustið 1910. Þá voru þau feðginin tvö ein heima. Tók þá ákærði dóttur sína á kné sér og fór að kyssa hana, en lagði hana síðan upp í loft þvers um yfir rúm þar við hliðina

á, þannig að fæturnir héngu niður á gólfið. Fletti hann hana síðan klæðum og leysti ofan um hana buxurnar og dró þær ofan á kné henni og lá ofan á henni á meðan, þannig að hann lá á knjánum á gólfinu, en efri hluti líkama hans hvíldi ofan á henni upp um brjóstin. Opnaði hann síðan buxnaklaufar sínar, en hún brauzt þá um og hótaði að segja móður sinni frá athæfi hans, og hætti ákærði þá við og hnepti sjálfur upp um hana buxunum, en Kristjana hljóp til móður sinnar og lét hana renna grun í hvað skeð hefði.

Síðara skiftið, sem ákærði beitti valdi til þess að komast yfir dóttur sína, var laugardagskvöld eitt litlu fyrir jól 1911. Voru þau feðginin þá ein saman á leið heim til sín frá Austmannsdal, en dimt var orðið og rigning. Er þau voru nýkomin á stað, tók ákærði í hönd dóttur sinni og fór að leiða hana, af því að sleipt var. Fór þá ákærði að mælast til við hana, að hún leyfði sér samræði við sig, en hún anzaði því engu. En er þau síðan komu að svonefndum Bakkastekk, leiddi ákærði dóttur sína inn í stekkinn og tók báðum höndum utan um hana, og hélt henni fastri með vinstri hendinni, en með hægri hendinni tók hann upp pils hennar og hélt þeim upp með vinstri hendinni, leysti svo ofan um hana og reyndi að færa sundur læri hennar, en það tókst ekki, því að dóttir hans hélt þeim fast saman og ýtti ákærða frá sér með höndunum. Kannast ákærði við að hann hafi í þessum stympingum komið við dóttur sína innanlærs með hendinni, því þá hafi hún kallað upp að hún klagaði hann, en annars muni hann ekki eftir hverju handtaki sínu. En um þetta leyti rankaði hann við sér og slepti dóttur sinni, og fylgdust þau síðan að heim,

án þess frekar í skærist, en ákærði var þá ákaflega reiður dóttur sinni fyrir mótstöðuna, og sýnir það meðal annars, að ákærði hefir ekki horfið góðmótlega frá fyrirætlun sinni.

Því hefir verið haldið fram af talsmanni ákærða, að hann mundi vera svo veikladur á geðsmunum, að hann gæti ekki borið ábyrgð gjörða sinna, en skýrslur málsins gefa ekki tilefni til að ætla, að um neinn slíkan sjúkdóm eða veiklun geti verið að ræða, og þó að ákærði fyrir nokkrum árum hafi ekki verið heill heilsu, þá hefir honum verið talin bötnuð sú vanheilsa fyrir löngu og ekkert borið á henni síðan, að því er upplýst virðist.

Með atferli því, er að framan er lýst, hefir ákærði, eins og héraðsdómarinn hefir álitið, gjört sig sekan um brot samkvæmt 162. gr. og 169. gr., sbr. 46. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og með því að refsingin fyrir það þykir hæfilega ákveðin í aukaréttardómnum, 1 árs betrunarhússvinna, og yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er þykja hæfilega ákveðin 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Jón Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins.

þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Ár. 1912, mánudaginn 11. nóvember.

Nr. 15/1912

Lárus Fjeldsted
fyrir hönd
Waldemar Petersens
gegn
F. C. Möller.

Dómur:

F. C. Möller umboðssali, sem stefndur er í máli þessu, var í bæjarþingi Reykjavíkur 14. des. f. á. dæmdur til að greiða umbjóðanda sínum, Waldemar Petersen stórkaupmanni í Kaupmannahöfn, oftekin umboðslaun kr. 793.34 með 6% ársvöxtum frá 16. maí f. á. til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir Lárus Fjeldsted yfirréttarmálaflutningsmaður, fyrir hönd Waldemars Petersens, áfrýjað til yfirdómsins, með stefnu dags. 16. apríl þ. á., og krafist þess, að krafa hans fyrir undirrétti á hendur stefnda, kr. 1694.28, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, verði að fullu tekin til greina, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi.

F. C. Möller hefir gagnáfrýjað dómnum með stefnu dags. 18. maí þ. á. og krafist fullrar sýknunar í málinu og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi í aðalsökinni var um nokkur ár umboðssali eða farandsali á Íslandi og Færeyjum fyrir aðaláfrýjanda, og var samningur um það gjörður milli þeirra, dags. 12. sept. 1906. Þar er svo ákveðið, að stefndi gjöri sér ferðir um Ísland og Færeyjar til að selja vörur frá verzlun áfrýjanda; skuli hann innheimta andvirði þeirra og fá í sölulaun 10% af nettóverði þeirra, en af China Lívselexir 5%; þó skildu sölulaun falla niður að nokkru eða öllu leyti af þeim vörum, er eigi væru borgaðar að fullu, og endurgreiðast af stefnda, ef þau hefðu til hans gengið. Svo var og um samið, að stefndi skyldi bera ábyrgð (del credere) á 10% af þeim upphæðum, er á brysti, að full borgun greiddist fyrir vörur þær, er hann seldi.

Samkvæmt reikningi áfrýjanda, sem nær til 24. apríl 1909, hefir stefndi reiknað sér og meðtekið sölulaun kr. 1416.85 af óborguðum vörum, og þá upphæð telur áfrýjandi hann eiga að endurgreiða eftir samningnum, þó að frádregnum kr. 28.43, sölulaunum af upphæð, er áfrýjanda galzt eftir að málið var höfðað, og verður krafa hans um endurgreiðslu á sölulaunum þannig kr. 1388.42. Þá telur áfrýjandi og, að stefndi eigi eftir ábyrgðar-ákvæði samningsins að greiða sér 10% af ófáanlegum skuldum, kr. 9293.71 fyrir vörur, er hann hafi selt, eða kr. 929.37. Verður skuld stefnda, þegar þessar upphæðir eru taldar honum til útgjalda, kr. 1694.28. Með hinum áfrýjaða dómi var ábyrgðarkrafan feld burtu, en krafan um endur-

greiðslu sölulauna tekin til greina að fullu, án frádráttar fyrgreindra kr. 28.43.

Aðaláfrýjandi hefir krafist að gagnsökinni verði vísað frá dómi, en engin rök fært fyrir þeirri kröfu, og kemur hún því eigi til álita.

Fyrir kröfu sinni um fulla sýknun hefir stefndi fyrst talið þá ástæðu, að samningurinn 12. sept. 1906 hafi verið gjörður að eins til málamynda (pro forma); það hafi aldrei verið tilætlunin að beita honum, því hafi áfrýjandi skýlaust lofað stefnda, og þessu til sönnunar eða styrkingar sé það, að reikningurinn hafi eigi verið gerður upp 3ja hvern mánuð, eins og samningurinn ákveði. Þetta sannar þó ekki, að samningurinn í heild sinni hafi átt að vera markleysa og gegn mótmælum áfrýjanda er eigi heimild til að álíta, að svo hafi verið. Þetta getur því eigi orðið stefnda til sýknunar. En hann heldur því þessu næst fram, að samningurinn hafi fyrir uppsögn sína verið orðinn ógildur 1. nóv. 1907, en eftir þann tíma hafi öll þau vörukaup gjörzt, er hin umkröfðu sölulaun eða ábyrgð séu talin af eða miðuð við; hann hafi að vísu fyrir bænarstað áfrýjanda tekið við pöntun á þessum vörum, en það hafi ekki komið samningnum við, og að öðru leyti hafi hann alls ekki verið í þjónustu áfrýjanda, boðið út vörur né ferðast fyrir hann. Af bréfi áfrýjanda til stefnda, dags. 23. sept. 1907, sést það, að stefndi hafði þá sagt upp samningnum þannig, að honum skyldi slitið 1. nóv. 1907, en eftir það virðist hann þó hafa haldið áfram umboðsmenskunni, sem áður, þangað til áfrýjandi með bréfi 26. sept. 1908, sagði samningnum upp til slita 1. maí 1909, og áfrýjandi heldur því fram, að samningurinn hafi verið í fullu gildi þangað til hann sagði hon-

um upp, verður að álíta þetta rétt, með því að stefndi í fyrsta varnarskjali sínu fyrir undirrétti hefir kannast við, að hann hafi haft áminst starf á hendi fyrir áfrýjanda, þangað til hann sagði stefnda upp seint á árinu 1908, og þó að stefndi síðar í málinu hafi viljað breyta þessari skýrslu sinni, virðist það ekki verða tekið til greina gegn mótmælum áfrýjanda. Áfrýjandi á þannig samkvæmt ákvæðum samningsins tilkall til endurgreiðslu á sölulaunum af þeim vörum, er selzt hafa fyrir milligöngu stefnda en ekki borgast. En þar sem stefndi vill kenna það tómlæti og eftirgangsleysi áfrýjanda, að þessar vöruskuldir eru ekki innheimtar að mestu eða miklu leyti, þá er þessi staðhæfing eigi sönnuð, enda virðist hún eigi skifta máli, með því að ákvæði samningsins um endurgreiðslu sölulauna verður að skilja svo, að það eigi við alla þá vörupósta, sem ógreiddir voru þegar samningnum var slitið og reikningar gjörðir upp milli málsaðila og með því að enginn ágreiningur er um upphæð þessara vörupósta og að stefndi hafi meðtekið sölulaun af þeim, verður að telja það rétt, að áfrýjandi hefir í reikningnum fært stefnda til skuldar sölulaunin, sem eru eins og áður segir kr. 1388.42.

Ákvæði samningsins um ábyrgð stefnda verða þar á móti eigi skilin svo, að hann eigi að svara til 10% af öllum ógreiddum vöruskuldum, þegar hann hætti starfinu, en þessi ábyrgð verður að eins álitin ná til þeirra upphæða, er ófáanlegar reynast hjá kaupendum. Þetta viðurkennir og áfrýjandi með því að krefjast eigi ábyrgðar stefnda samkvæmt samningnum á öllum þeim skuldum, sem ógreiddar voru þegar honum var slitið. Hefir hann lagt fram skrá yfir viðskiftamenn, er hann telur sumа

gjaldþrota og aðra svo félausa, að ekkert sé af þeim að hafa, þótt að þeim sé gengið. Eru það samtals kr. 9293,71, er hann telur ófáanlegar. Stefndi telur hins vegar að þessir menn, eða flestir þeirra, geti borgað skuldir sínar, ef eftir sé kallað með nægu fylgi. Það verður nú að álítast sannað, að bú sumra þessara manna hafi verið tekin til meðferðar sem þrotabú, en um það, hvort nokkuð eða hve mikið hafi verið greitt úr búunum upp í skuldirnar, eru engar upplýsingar, aðrar en skýrsla áfrýjanda sjálfs um 2 eða 3 af búunum. Um aðrar skuldir hefir áfrýjandi ekki heldur sannað gegn mótmælum stefnda, að þær séu ófáanlegar. Með því að þannig vantar ábyggilega skýrslu um þessa kröfu, verður hún ekki tekin til greina, og ber að sýkna stefnda af henni.

Eftir framansögðu hefir yfirdómurinn komist að sömu niðurstöðu eins og héraðsdómarinn, þó svo, að dómsupphæðin, sem fyr er getið, færist niður um kr. 28,43, og verður því kr. 764.91. Með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann með nefndri breytingu.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi F. C. Möller greiði áfrýjanda Lárusi Fjeldsted fyrir hönd Valdemar Petersens 764 kr. 91 eyri með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1911 til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Ár 1912, mánudaginn 25. nóv.

Nr. 47/1911.

Magnús Sigurðsson
yfirréttarmálaflutningsmaður
fyrir hönd
h/f O. Wathnes Arvinger í Kaupmannahöfn og Kr. Berg hæstaréttarmálaflutningsmanns, fyrir ráðsmenn (administratora) téðs hlutafélags

gegn

firmanu G. Gíslason & Hay.

Dómur:

I marzmánuði 1910 seldu stefndu, firmað G. Gíslason & Hay í Leith, h/f. O. Wathnes Arvinger í Stavanger kolafarm og gáfu stefndu út víxil fyrir andvirðinu £ 276 : 3 : 8, sem samþyktur var til greiðslu 8. júní s. á. af T. Wathne f. h. hlutafélagsins. Víxillinn fekst þó eigi greiddur í gjalddaga og var hann þá afsagður fyrir greiðslufall. Litlu síðar var félagið, sem treystist ekki til að standa í skilum við skuldheimtumenn sína, tekið undir stjórn (administration) manna, er meiri hluti skuldheimtumanna skipaði, til þess að koma eignum félagsins í sem mest verð, og var það gert með samþykki stjórnar þess og þannig, að félagið skyldi halda áfram störfum fyrir það og varð hæstaréttarmálaflutningsmaður Kr. Berg í Stavanger forstjóri administrationarinnar.

Eftir að stefndu G. Gíslason & Hay höfðu um hríð staðið í bréfaskiftum við hlutafélagið í Stavanger og nefndan Kr. Berg f. h. administrationarinnar, til þess að fá

greidda víxilskuldina, án þess það leiddi til árangurs, sneru stefndu sér loks að eignum félagsins, er þeir töldu það eiga á Íslandi, og fengu framkvæmda 30. maí 1911 fyrir fógetarétti Suður-Múlasýslu kyrsetningu á húseignum félagsins á Reyðarfirði ásamt bryggjum og lóð o. fl. þar, og auk þess á innieign félagsins þar hjá Rolf Johansen 7500 kr., en upphæð þessi var ógreitt andvirði útistandandi skulda Reyðarfjarðarverzlunar hlutafélagsins O. Wathnes Arvinger, er Johansen hafði keypt 30. sept. 1910, og voru fjármunir þessir kyrsettir til tryggingar greiðslu fyrtéðs víxils, kr. 5026.53, ásamt 6% ársvöxtum frá gjalddaga víxilsins, 1/8% þóknun af upphæð víxilsins og kostnaði við innheimtu hans. Höfðuðu síðan stefndu 13. maímánaðar 1911 mál fyrir gestarétti Suður-Múlasýslu til staðfestingar kyrsetningargerðinni og til greiðslu víxilskuldarinnar m. m., og stefndu til þess samkv. op. br. 30. nóv. 1821, sem handhafa og umsjónarmanni hinna kyrsettu eigna, áðurnefndum Rolf Johansen kaupmanni fyrir hönd hlutafélagsins O. Wathnes Arvinger í Stavanger, þar sem þeir töldu hlutafélag þetta búsett utan ríkisins og ekki hafa hér annan umboðsmann en nefndan handhafa og umsjónarmann hinna kyrsettu eigna. Gekk síðan dómur í málinu fyrir nefndum rétti hinn 19. júní-mán. s. á., þannig að kyrsetningargjörðin 30. maí 1911 var staðfest og stefndi, kaupmaður Rolf Johansen, var fyrir hönd h/f. O. Wathnes Arvinger í Stavanger í Noregi dæmdur til að greiða h/f. G. Gíslason & Hay í Reykjavík víxilupphæðina £ 276 : 3 : 8 eða kr. 5026.53 með 6% ársvöxtum frá 10. júní 1910 til borgunardags, 1/8% af upphæð víxilsins og upp í annan kostnað kr. 302.50.

Þessum dómi og áðurnefndri kyrsetningargerð 30. maí 1911 hefir nú áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 12. okt. f. á., og hefir hann krafist þess fyrir hönd umbjóðenda sinna, að þeir verði sýknaðir af öllum kærum og kröfum G. Gíslasonar & Hay og dóminum hrundið og kyrsetningargerðin verði ógilt, sem hver önnur markleysa, að G. Gíslason & Hay verði dæmdir í skaðabætur, 2000 kr. eða aðra hæfilega upphæð eftir réttarins mati og að þeir verði dæmdir í málskostnað fyrir yfir- og undirdómi, eftir mati yfirdómsins. Stefndu hafa aftur á móti krafist staðfestingar á dóminum og sýknunar af skaðabótakröfum áfrýjanda og málskostnaðarkröfum, en að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi. Áfrýjandi heldur því fram, að eignir þær á Reyðarfirði og innieign, er stefndu hafi fengið hina áfrýjuðu kyrsetningargerð framkvæmda í til tryggingar víxilskuld sinni á hendur firmanu h/f. O. Wathnes Arvinger í Stavanger, er hafi keypt af þeim áðurnefndan kolafarm, séu ekki og hafi ekki verið eign þessa firma eða administratora þess, heldur hafi átt þær annað firma samnefnt h/f. O. Wathnes Arvinger í Kaupmannahöfn, eða réttara administratorar þess félags, sem einnig eru áfrýjendur þessa máls sem slíkir, eða Kr. Berg hæstaréttarmálaflutningsmaður í Stavanger fyrir þeirra hönd. Hafi þannig kyrsetningin verið gjörð í annara manna eignum og hljóti því að teljast fullkomin markleysa og verða úr gildi feld. Staðfestingarmálið hefði þá einnig að sjálfsögðu verið ólöglega höfðað með öllu, þar sem hér sé um firma að ræða, sem er skrásett í Kaupmannahöfn og því danskt-íslenzkt firma, er ekki hafi verið lög til að

stefna til staðfestingarmálsins sem utanríkismönnum, samkvæmt opna bréfinu 30. nóv. 1821.

Stefndu hafa neitað því, að um 2 sjálfstæð firma væri að ræða, svo sem áfrýjandi heldur fram, og þeir staðhæfa, að firmað O. Wathnes Arvinger sé í raun og veru að eins eitt með aðalskrifstofu og lögheimili í Stavanger en undirskrifstofu í Kaupmannahöfn. Skiftingin í tvö firma hafi altaf verið til málamynda, að eins gjörð til þess, að verzlanir félagsins hér á Íslandi gætu gengið óáreittar samkvæmt íslenzkum lögum. En þó að stefndu hafi fært ýms rök til þess, að félögin séu í raun og veru eitt firma, og vitnisburður fyrverandi verzlunarstjóra hlutafélagsins O. Wathnes Arvinger, fyrnefnds Rolf Johansens, bendi í sömu átt, þá sýna hins vegar framlagðir útdrættir úr firmaskránum, að firman hafi samtímis verið tvö, samnefnd að vísu en mismunandi að stjórn, höfuðstól og fl., annað búsett í Stavanger en hitt í Kaupmannahöfn, og ennþá eigi næg rök fram komin til að hnekkja staðhæfing áfrýjanda um sjálfstæði firmanna hvors gagnvart öðru. En stefndu hafa neitað því að hinar kyrsettu eignir hafi, eins og áfrýjandi heldur fram, verið eign Kaupmannahafnarfirmans, þó að þetta firma væri til eins og sjálfstætt eða einfalt firma, eða administratora þess, umbjóðenda áfrýjanda. Áfrýjandi byggir þá fullyrðingu sína, að Kaupmannahafnarfirmað O. Wathnes Arvinger, en ekki Stavanger-firmað samnefnda, hafi áður átt eignirnar sem kyrsettar voru, á því, að eftir firmaskránni er Kaupmannahafnar-firmað talið reka verzlun á Íslandi, meðal annars á Reyðarfirði, en hinar kyrsettu eignir stöfuðu einmitt, bæði fasteignir og útistandandi skuldir, frá verzlun O. Wathnes Arvinger þar, og í öðru lagi á því, að á veð-

bókarvottorði, sem fram var lagt við kyrsetningargerðina 30. maí 1911, sést, að veðskuldir þær, er þá hvíldu á hinum kyrsettu fasteignum, höfðu verið á lagðar með skuldabréfum útgefnum 1904 af »stjórn hlutafélagsins O. Wathnes erfingjar í Kaupmannahöfn«. En áfrýjandi heldur því ekki fram, að þessi eignarréttur Hafnar-firmans hafi staðið óbreyttur þegar kyrsetningin fór fram, heldur hafi þá administratorar Kaupmannahafnarfirmans undir forstöðu Kr. Bergs hæstaréttarmálafærslumanns í Stavanger, fyrir kaup á eignunum úr hendi firmans, verið orðnir sjálfstæðir eigendur eignanna, enda hafi þeir þess vegna tekið þátt í áfrýjun þessa máls. Þessi sögusögn áfrýjandans um eignarréttinn að hinum kyrsettu eignum þegar kyrsetningin fór fram, kemur þó, hvernig sem hann hefir verið áður, bersýnilega í bága við ofangreindar skýrslur málsins og getur sérstaklega ekki samrýmst þeim upplýsingum, sem felast í bréfum þeim, sem lögð eru fram í málinu og farið hafa á milli annars umbjóðanda áfrýjandans, Kr. Bergs hæstaréttarmálfærslumanns, sem administrators Stavangerfirmans og hinna stefndu út af greiðslu víxils þess og kolaskuldar, er kyrsetningin og mál þetta er sprottið af, því að þessi bréf, einkanlega bréf Kr. Bergs 1. okt. og 10. desbr. 1910, samanborin við bréf þau frá stefndu, sem þau eru svar upp á, verða ekki skilin á annan hátt en þann, að það sé Stavangerfirmað eða Stavangerbúið — úr því um tvö firma með nafninu O. Wathnes Arvinger er að ræða, einsog áfrýjandi hefir haldið fram, sem þá hefir verið orðið eigandi eigna þeirra, er kyrsetningin var síðar gjörð í.

Með þessum bréfum og öðrum skýrslum, sem áfrýjandi hefir ekki getað hnekt, verður að teljast fengin

full sönnun fyrir því, að áfrýjendur þessa máls, Kaupmannahafnarfirmað O. Wathnes Arvinger og administratorar þess firma hafi eigi verið eigendur eigna þeirra, er kyrsetningin 30. maí 1911 fór fram í, og voru þeir því ekki bærir að krefjast breytinga, hvorki á gjörð þessari né hinum áfrýjaða dómi, og ber því að sýkna hina stefndu af kröfum og kærum áfrýjanda og staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm. Það þykir rétt að áfrýjandi greiði hinum stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 80 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á óraskaður að vera. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi, yfirréttarmálaflutningsmaður Magnús Sigurðsson, fyrir hönd h/f. O. Wathnes Arvinger í Kaupmannahöfn og Kr. Bergs, fyrir administratorana í því hlutafélagi, hinum stefndu G. Gíslason & Hay 80 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 27/1912

Réttvísin
gegn
Hjálmari Þorgilssyni.

Dómur:

Hinn ákærði, Hjálmar Þorgilsson bóndi á Hofi á Höfðaströnd, var fyrir aukarétti Skagafjarðarsýslu saksóttur

fyrir þjófnað, og féll dómur aukaréttarins í sakamálinu hinn 28. júní þ. á., á þann veg, að ákærði var sýknaður af ákæru sóknarans í málinu, en honum var gert að greiða allan af málinu og varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með taldar 8 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í héraði, Jóns hreppstjóra Jónssonar á Hafsteinsstöðum. En þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins eftir kröfu hins ákærða.

Seint í septembermánuði í fyrrahaust rak ákærði um 50 kindur til Hofsóss til slátrunar; við slátrunina kom það í ljós, að ákærði átti ekki 2 af kindunum, hvítan lambhrút og mórauðan lambhrút, er annar var eign Rögnvaldar Jónssonar en hinn Páls Erlendssonar. Um lambhrút Rögnvaldar hefir ákærði eigi gefið aðra skyrslu en þá, að hann hafi af vangá eða í misgripum lent í sláturfé sínu, og er hann varð þess var, lét hann kalla Rögnvald til og afhenti honum afurðir lambsins, sem þá var búið að slátra, og virðast þeir þá hafa samið þetta mál með sér. Af skýrslum málsins verður það eigi séð, hvernig þessi lambhrútur hafi lent í fé ákærða. Með tilliti til hins lambsins, mórauða lambhrútsins, sem reyndist eign Páls Erlendssonar, hefir ákærði haldið því fram, að lamb þetta hafi hann fengið hjá Sveini bónda Sveinssyni í Garðshorni og borgað verð fyrir, en að hann hafi aldrei athugað eyrnamark á því, en lambið var með marki Páls Erlendssonar. Það er nú og sannað í málinu, að ákærði hafði nokkru áður en hann rak féð til slátrunar, keypt »vonina« í mórauðum lambhrút hjá nefndum Sveini Sveinssyni; í fyrstu rétt þar á eftir afhenti síðan Sveinn ákærða mórauðan lambhrút, og staðhæfir ákærði að þetta sé sama lambið og það, er við slátrunina reyndist að vera eign

Páls Erlendssonar og honum var þá afhent. Það er að vísu nokkuð ósennilegt að ákærði, er tjáist að vera fjárglöggur maður, hafi vilst svo á þessum tveim lambhrútum, eins og hér hefir verið frá skýrt, en gegn eindreginni og staðfastri neitun hans hefir það eigi orðið sannað, að hann hafi kastað eign sinni á lömbin með vitneskju um, að þau væru lögleg eign annara manna, og verður eigi frekara staðhæft í þessu efni, en að meðferð hans á greindum kindum hafi stafað af vangá.

Þar sem það ennfremur við rannsókn máls þessa hefir komið fram, að nóttina milli 12. og 13. okt. 1910 hurfu 8 kindur úr vörzlum sambýlismanns ákærða og að grunur hefir fallið á ákærða um að vera valdur að hvarfi þessara kinda; að Þorsteini Ólafssyni þurrabúðarmanni á Hofsós hafi sama haustið horfið blámerkt kind, og að ákærði hafi hinn 18. okt. þá um haustið lagt inn til kaupfélags Skagfirðinga kindargæru merkta með dökk-ljósbláum vatnsfarfa; að Geirfinnur Trausti Friðfinnsson bóndi á Hólum hafi haustið 1908 fundið trippi, er var hans eign, meðal hrossa, sem ákærði rak til markaðs á Grafarós, og að haustið 1910 hafi horfið 2 kindur úr bæjarrekstri, er kom að Hofi, — þá er það ekki gegn neitun ákærða sannað með hinum ítarlegu prófum málsins, að ákærði hafi verið valdur að áminstu kindahvarfi, að hann hafi lagt inn nefnda blámerkta kindargæru, eða að hann hafi kastað eða ætlað að kasta eign sinni á áminst trippi.

Samkvæmt því, sem hér hefir verið tekið fram, verður að fallast á það, að ákærði, sem eigi hefir áður verið ákærður né sætt refsingu, er með hinum áfrýjaða dómi sýknaður af ákæru sóknarans í þessu máli. Eftir öllum málsatvikum þykir eigi rétt að leggja sakarkostnaðinn á

ákærða, er hafður var í varðhaldi nær mánaðartíma meðan á rannsókninni stóð, sbr. lög 28, 26. okt. 1893, 8. gr., og verður því að greiða hann allan af almanna fé, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 8 kr., og málflutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15. kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hjálmar Þorgilsson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir yfirdómi greiðist af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til Jóns Jónssonar á Hafsteinsstöðum 8 kr., og málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Nr. 29/1912: Eggert Claessen fyrir hönd hins danska steinolíuhlutafélags gegn Jóni kaupmanni Árnasyni.

Dómur:

Með bréfi dags. 29. jan. þ. á. synjaði vörumerkja-

skrásetjarinn í Reykjavík stefnda Jóni kaupmanni Árnasyni um að skrásetja vörumerki, er stefndi tilkynti til skrásetningar 27. s. m., þangað til dómur væri genginn í máli, er áfrýjandi, »hið danska steinolíuhlutafélag«, hafði höfðað gegn stefnda fyrir heimildarlaus afnot af þessu vörumerki, er félagið taldi svo líkt skrásettu vörumerki sínu, að á þeim yrði vilzt. Í nefndu máli gekk dómur 28. marz þ. á. á þá leið, að stefnda skyldi óheimilt að nota hið umstefnda vörumerki, með því að hann hefði eigi gert þær ráðstafanir til verndar rétti sínum, sem um getur í síðustu málsgrein 11. gr. laga 13. nóv. 1903 um vörumerki. Að þannig gefnu tilefni, og með því að stefndi taldi rétt sinn til vörumerkisins eldri og betri en rétt áfrýjanda, höfðaði hann mál gegn áfrýjanda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, til þess að fá viðurkendan rétt sinn á á vörumerkinu og fá það síðan skrásett. Var honum með dómi nefnds réttar uppkveðnum 20. júní þ. á. dæmt rétt að fá umstefnt vörumerki skrásett með þeim einkarétti til að nota það, er hann hafði heimting á, þegar hið danska steinolíuhlutafélag tilkynti það. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 29. júlí f. á., og krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að stefnda verði eigi úrskurðaður réttur til þess að fá vörumerkið skrásett, og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Stefndi mótmælir kröfum áfrýjanda.

Það er nægilega sannað í máli þessu, að stefndi seldi steinolíu árin 1910 og 1911 í tunnum auðkendum með vörumerki eins og því, er hann beiddist skrásetningar á. En í aprílmán. 1911 lét áfrýjandinn skrásetja vörumerki

fyrir steinolíu, steinolíuafurðir o. fl., og taldi hann merkið á steinolíutunnum stefnda svo líkt skrásettu merki sínu, að um þau yrði vilzt, og að stefnda væri því óheimilt að selja steinolíu í þannig merktum ílátum; fekk hann dóm fyrir þeirri kröfu 28. marz þ. á. slíkan sem fyr segir.

Það er líkt með vörumerkjum áfrýjanda og stefnda, að í báðum merkjunum er orðið Rocklight letrað yfir miðjum tunnubotninum í beinni línu, fyrir ofan það í hringboga upp á við orðin Extra Refined og fyrir neðan það í hringboga niður á við orðið Petroleum. Það er augljóst, að orðin Extra Refined Petroleum eru svo almennt nafn og lýsingarorð á vörutegundum af þessu tagi, að öllum verður að vera heimilt að nota þau í vörumerki sínu. En áfrýjandi heldur því fram, að orðið Rockligth sé sérstakt tilbúið heiti á vörutegundum þeim, sem taldar eru í skrásetningu vörumerkis hans. Það er þó, eins og fyr segir, sannað, að stefndi verzlaði árið áður en áfrýjandi lét skrásetja vörumerki sitt, með steinolíu í tunnum með vörumerki því, er hann síðar leitaði skrásetningar á; svo er það og upplýst af áfrýjanda sjálfum, að önnur verzlun hér í bænum hafi selt steinolíu með nafninu Rocklight þegar árin 1901 og 1902. Eftir þessu hefir þá áfrýjandi eigi fyrstur notað eða tekið upp orðið Rocklight sem sérstakt tilbúið heiti á ákveðinni tegund steinolíu, og hann hefir eigi heldur sýnt fram á, og jafnvel eigi haldið því fram, að hann hafi frá réttum hlutaðeigandi öðlast rétt til að nota orðið á greindan hátt; hann getur því eigi fært sér í nyt í þessu efni ákvæði 5. gr. 1. málsgr. vörumerkjalaganna 13. nóv. 1903, en það verður að líta svo á, að skrásetning þessa orðs í vörumerki áfrýjanda sé eigi því til fyrirstöðu, að stefndi noti það í vörumerki

sínu og fái það skrásett með þeim einkarétti, sem tiltekinn er í hinum áfrýjaða dómi.

Með því að yfirdómurinnn einnig felst á málskostnaðar ákvæði bæjarþingdómsins, ber að staðfesta hann.

Stefndi hefir eigi krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi, og er þá rétt, að hann falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 37/1912: Jón Árnason
gegn
Holger Debell fyrir hönd hins danska steinolíuhlutafélags.

Dómur:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 28. marz þ. á., var áfrýjanda Jóni kaupmanni Arnasyni í Reykjavík eftir kröfu stefnda, Holger Debell fyrir hönd »hins danska steinolíuhlutafélags«, dæmt óheimilt að nota á steinolíu og allskonar steinolíuafurðir, nafta eða aðra lýsingarvökva, vörumerki, er stefndi taldi of líkt skrásettu vörumerki sínu, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. sept. þ. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði

algerlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda, og stefndi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Tildrög málsins eru þau, að stefndi lét skrásetja í Reykjavík 12. apríl 1911 vörumerki, er þannig er lýst í vörumerkjaskránni: »Hringmyndað einkunnarmerki og stendur efst á því í boga: *Extra Refined.* Undir þessum orðum stendur í tveim línum: *D. D. P. A.* og *Rocklight.* Fyrir neðan hið síðast talda orð eru þrjár stjörnur og neðst í línu bogadreginni niður á við orðið *Petroleum.* Merkið, sem áður er skrásett í Kaupmannahöfn 11. marz 1911 samkv. tilsk. 21. febr. s. á., er að eins skrásett fyrir steinolíu og allskonar steinolíuafurðir, nafta og aðra lýsingarvökva. Orðið Rocklight skal nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Eftir að skrásetning þessi var birt í Lögbirtingablaðinu 19. apríl f. á., hafði áfrýjandi til sölu hér í bænum og víðar steinolíu í tunnum, er letrað var á botn þeirra í hringboga upp á við: Extra Refined, í hringboga niður á við: Petroleum, yfir þveran botninn milli boglínanna orðið Rocklight; fyrir ofan það dreginn fimmhyrnd stjarna og fyrir neðan tunglrönd hvorttveggja með rauðum lit.

Þetta merki telur stefndi vera svo líkt sínu skrásetta vörumerki, að áfrýjanda sé óheimilt að nota það eða selja steinolíu og steinolíuafurðir í þannig merktum ílátum.

Framanskráð lýsing á vörumerki stefnda og merkinu á olíutunnum áfrýjanda sýnir, að ekki er annað sameiginlegt með merkjum þessum en orðin Extra Refined

Rocklight Petroleum. Það getur nú samkv. 5 gr. 1., sbr. 8. gr. laga, 13 nóv. 1903 um vörumerki ekki komið til mála að orðin Extra Refined Petroleum eigi tilkall til verndar sem skrásett vörumerki eða partur úr því. En stefndi heldur því fram, að það eitt, að áfrýjandi noti orðið Rocklight á steinolíuílátum sínum, sé nóg til þess, að hann hafi gengið á rétt steinolíufélagsins, með því að þetta sé sérstakt tilbúið heiti fyrir ákveðnar vörutegundir, þær er taldar eru í skrásetningartilkynningu stefnda.

Samkvæmt 5. gr. 1. nefndra laga skal eigi skrásetja vörumerki, ef það einungis eru tölustafir, bókstafir eða orð, er eigi hafi svo einkennilegt lag, að þau megi teljast mynd; þó eru undan tekin frá þessu ákvæði orð, sem eru sérstakt tilbúið heiti fyrir ákveðnar vörutegundir, sem tilgreindar eru í tilkynningunni samkvæmt 3. gr. Orðið Rocklight er nú í vörumerki stefnda skráð með almennu letri, og fyrtéða undantekning verður að skilja svo, að hún eigi við orð, sem tilkynnandi hefir tekið upp sjálfur sem sérstakt tilbúið heiti á vörutegundinni, en ekki við orð, er annar maður hefir tekið upp áður og notað á sömu vörutegund. En eftir því, sem fram er komið í málinu, hefir stefndi eigi fyrstur tekið upp orðið Rocklight sem tilbúið heiti á sérstakri steinolíutegund, en það verður að telja sannað, að þetta orð hafi verið notað af öðrum sem nafn á steinolíu, áður en stefndi lét skrásetja vörumerki sitt, og að áfrýjandi hafi árið á undan, 1910, selt steinolíu í tunnum áletruðum þessu orði. Samkvæmt þessu, sbr. og 8. gr. sömu laga, gat stefndi þá eigi, með því að láta skrásetja framangreint vörumerki, svift áfrýjanda rétti til þess að nota orðið Rocklight fyrir vörumerki eða hluta vörumerkis eða selja steinolíu með því nafni.

Fyrir því ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í þessu máli.

Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Jón kaupmaður Árnason á að vera sýkn af kröfum stefnda, Holger Debell fyrir hönd »hins danska steinolíuhlutafélags«.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 2. desember 1912.

Nr. 41/1912: Þorsteinn Þorkelsson gegn Þorsteini Gunnarssyni.

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 7. marz þ. á., var áfýjandi máls þessa, Þorsteinn Þorkelsson, sjómaður hjer í bænum, dæmdur til að greiða stefnda, Þorsteini Gunnarssyni fyrverandi lögregluþjóni, húsaleiguskuld, að upphæð 40 kr., með 5% ársvöxtum frá 18. okt. f. á. til borgunardags og málskostnað 15 kr. Þessum dómi hefir áfrýjandi, að fengnu uppreistarleyfi, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. okt. þ. á., og krafist fullrar sýknunar í málinu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati yfirdómsins, og til vara, að málskostn-

aður verði látinn falla niður, hvernig sem málið fer. Stefndi krefst staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Málið er risið af því, að stefndi leigði áfrýjanda með munnlegum samningi íbúð, 2 herbergi með eldhúsi og geymslurúmi, í húsi sínu nr. 73 við Laugaveg frá 14. maí til 1. okt. f. á., gegn 10 kr. leigu um mánuðinn. Íbúð þessa notaði áfrýjandi ekki, og fekk stefndi enga leigu af henni í 4 mánuði af leigutíma áfrýjanda, og telur því áfrýjanda eiga að greiða sér 40 kr. í leigu fyrir þennan tíma eftir samningnum. Áfrýjandi telur sér hinsvegar óskylt að greiða þessa húsaleigu af þeirri ástæðu, að húsnæðið hafi eigi, þegar hann ætlaði að flytja í það, verið laust úr ábúð fyrri leigjanda, sem hafi búið áfram í öðru herberginu alt sumarið, en hitt herbergið verið harðlæst, og lykill eigi afhentur áfrýjanda, svo að honum hafi verið fyrirmunað að nota húsnæðið.

Það er viðurkent, að hinn fyrri leigjandi hafi notað að einhverju leyti annað hinna leigðu herbergja í fyrrasumar, en hann hefir borið það sem vitni og kona hans, *að* það hafi verið án leyfis stefnda, þó að hann, að þeirra hyggju, hafi vitað um það, *að* þau hafi leigt hjá stefnda 2 önnur herbergi á sama gólfi í húsinu, og ætlað að flytja þangað 14. maí, en þau hafi haldið áfram eftir þenna dag að nota annað hinna herbergjanna, af því að enginn hafi gefið sig fram til að flytja í þau, en þau hafi verið reiðubúin til burtflutnings úr þeim 14. maí, enda hafi stefndi sagt upp leigu á þeim með nægum fyrirvara. Af þessu skýrslum, sem áfrýjandi hefir eigi hrundið, verður nú eigi séð, að nein fyrirstaða hafi þurft að vera á því, að áfrýjandi flytti í herbergin á umsömdum tíma, en hann virð-

ist enga ráðstöfun hafa gert í þá átt, aðra en þá, að hann fekk leyfi stefnda til að flytja eitthvað af búslóð sinni 13. maí í kjallarann undir húsinu; að öðru leyti er það ósannað gegn mótmælum stefnda, að áfrýjandi hafi borið sig eftir eða gengið eftir húsnæðinu, að hann hafi tjáð stefnda, að herber in væru eigi laus, eða beiðst aðgerða hans í því efni, en um sama leyti keypti hann sjálfur hús hér í bænum og flutti sig í það. Það er eftir þessu engin ástæða til að ætla, að nein fyrirstaða hafi verið á því, að áfrýjandi gæti notað hina leigðu íbúð umsaminn tíma, og getur sú varnarástæða því eigi tekist gild. Þar sem aðrar sýknunarástæður eru eigi tilfærðar fyrir yfirdóminum og ekkert er að öðru leyti fram komið, er hnekt geti kröfu stefnda, verður að taka hana til greina, og með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Afrýjandi Þorsteinn Þorkelsson greiði stefnda Þorsteini Gunnarssyni 20 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 19/1912 Þórður J. Thoroddsen
gegn
hreppsnefnd Keflavíkurhrepps.

Dómur:

Í máli þessu er áfrýjað fógetaúrskurði Reykjavíkurkaupstaðar 3. nóv. f. á., er ákveður að lögtak skuli fram fara hjá áfrýjanda fyrir aukaútsvari til Keflavíkurhrepps, en fógetanum, sem úrskurðinn kvað upp, hefir eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn með löglegum fyrirvara, og þar sem hann hefir eigi sint stefnunni, né fallið frá lögskipuðum stefnufresti, verður ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum, og ber áfrýjandanum að greiða hinum skipaða málafærslumanni hreppsnefndarinnar, sem flutt hefir málið óaðfinnanlega af gjafsóknar hafa hálfu, 12 krónur í ómakslaun.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen greiði málafærslumanni stefnda, yfirréttarmálafærslumanni Oddi Gíslasyni í ómakslaun 12 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagri lagaaðför.

Mánudaginn 9. desember 1912.

Nr. 13/1912: Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps
gegn
C. D. Tulinius Efterfölger.

Dómur:

Haustið 1909 lagði áfrýjandinn, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, aukaútsvar, að upphæð 300 kr., á síldarveiðafélag Tuliniusar á Eskifirði, það er síldveiðafélag hins stefnda C. D. Tulinius Efterfölger, og er svo að orði komist, að aukaútsvarið »sé lagt á síld, sem hinn stefndi veiddi með nót fyrir landi Reyðarfjarðarhrepps«. Hinn stefndi greiddi eigi aukaútsvarið, og krafðist þá hreppsnefndin þess, hinn 21. okt. 1910, að gjaldið yrði tekið lögtaki. Var síðan fógetaréttur Suður-Múlasýslu settur og haldinn í útsvarsmáli þessu hinn 12. janúar 1911, en þá vék hinn reglulegi fógeti úr sæti í réttinum, og var úrskurður eigi kveðinn upp um málið fyr en 20. nóvbrm. f. á., af settum fógeta, og með þeim úrslitum, að kröfu hreppsnefndarinnar var hrundið og lögtakið fekk eigi framgang. Þessum fógetaréttarúrskurði hefir hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. apríl þ. á., og hefir hún til þess fengið gjafsókn og skipaðan málafærslumann; hefir hann fyrir hreppsnefndarinnar hönd gert þær réttarkröfur, að fógetaréttarúrskurðurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að fógetinn verði dæmdur til að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin ómakslaun til málafærslumannsins. A hinn bóginn

hefir þess verið krafist af hálfu stefnda, C. D. Tulinius Efterfölger, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, eða eftir mati réttarins.

Það er sannað í málinu, og játað af stefnda, að hann hafi sumarið 1909 veitt síld fyrir landi nokkurra jarða í Reyðarfjarðarhreppi, með því að kasta síldarnót fyrir landi þessara jarða, króa þar fyrir síldina og draga nótina þar að landi, enda látið síldina standa þar í nótinni skemmri eða lengri tíma, unz hún var sótt eða henni ráðstafað á annan hátt. Þó að það sé nú rétt, sem stefndi hefir borið fram, að ekkert af þessari síld hafi verið flutt á land í Reyðarfjarðarhreppi, og að veiðin að öllu leyti hafi verið rekin frá Eskifirði, þá verður þó að líta svo á, eftir því, sem skýrt er frá að framan, að stefndi hafi rekið síldarveiði með nót, sem fyrirtæki eða atvinnu í Reyðarfjarðarhreppi sumarið 1909, og var þá áfrýjanda heimilt að leggja útsvar til hrepps á hann nefnt ár, sjá lög nr. 43, 10. nóvbr. 1905, 36 gr. 2. málsl. Það verður því að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi, og leggja fyrir fógetann að framkvæma eða láta framkvæma hjá stefnda lögtak fyrir áminstu aukaútsvari. Svo verður stefndi eftir þessum úrslitum að greiða málafærslukaup til hins skipaða málfærslumanns hreppsnefndarinnar fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 krónur, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður. — Það vottast að sókn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn skal úr gildi feldur, og

ber fógetanum í Suður-Múlasýslu að framkvæma, eða láta framkvæma lögtak hjá stefnda C. D. Tulinius Efterfölger fyrir aukaútsvari til Reyðarfjarðarhrepps frá árinu 1909 að upphæð 300 kr. Stefndi greiði málflutningskaup til hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar, 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagri aðför að lögum.

Nr. 14/1912: Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps
gegn
Torger og Fridrik Clausen.

Dómur:

Haustið 1909 lagði hreppsnefndin í Reyðarfjarðarhreppi aukaútsvar á »síld, er menn nokkrir veiddu með nót fyrir landi hreppsins« þá um sumarið, þar á meðal 200 kr. aukaútsvar á stauranótafélag í Hólmabót, er hinir stefndu Torger og Fridrik Clausen áttu eða veittu forstöðu. Hinir stefndu neituðu að greiða útsvarið með því að heimili þeirra og allur atvinnurekstur væri í Eskifjarðarhreppi, og krafðist þá hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps þess með bréfi 25. okt. 1910, að það væri tekið lögtaki. Kom málið fyrir fógetarétt Suður-Múlasýslu 12. jan. 1911, en þá vék hinn reglulegi fógeti sæti í réttinum. Var síðan málið tekið fyrir af settum fógeta 5. desbr. 1911, og úrskurður kveðinn upp í því 30. s. m. á þá leið, að kröfu

hreppsnefndarinnar var hrundið, og fekk lögtakið eigi framgang. Þessum úrskurði fógetaréttarins hefir hreppsnefndin skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. apríl þ. á., og hefir hún fengið til þess gjafsókn, og skipaðan málflutningsmann; hefir hann krafist þess fyrir hönd hreppsnefndarinnar, *að* hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og fógeti dæmdur til að framkvæma hið umbeðna lögtak, og *að* stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða allan kostnað málsins að skaðlausu eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg ómakslaun til málfærslumannsins. Hinir stefndu bræður, Torger og Fridrik Clausen, hafa hins vegar krafist þess, að fógetaréttarúrskurðurinn verði staðfestur, og áfrýjandi, hreppsnefndin, dæmd til þess að greiða þeim hæfilegan málskostnað, eftir mati réttarins.

Það er sannað í málinu og viðurkent af hinum stefndu, að þeir hafa sumarið 1909 um all-langan tíma, liðuga 4 mánuði eftir sögn áfrýjanda, haft botnvörpu eða stauranót til að veiða síld í örskamt undan landi í sjónum innanvert við túnið á Hólmum í Reyðarfjarðarhreppi. Áminst nót, eða öllu heldur kví, var svo gerð, að staurar voru reknir niður í sjávarbotninn í hring með c. 3 faðma millibili og á þá strengd botnvarpa, er myndaði botninn og hliðarnar á þessari veiðikví; op var á kvínni, þar er að landi vissi, og gekk veiðin þar inn í kvína; svo var ennfremur nót strengd á trjám frá kvínni til lands. Þetta veiðarfæri notuðu hinir stefndu til að afla síldar sumarið 1909. Hinir stefndu hafa þannig rekið síldarveiði með nót sem fyrirtæki eða atvinnu í Reyðarfjarðarhreppi sumarið 1909, og var hreppsnefndinni þar fyrir heimilt að leggja á þá aukaútsvar til hreppsins samkvæmt lögum nr. 43,

10. nóvember 1905, 36. gr. 2. málsl., þrátt fyrir það, þótt þeir ættu heimili í öðrum hreppi við sama fjörð og eigi hefðu aðsetur eða dvöl í Reyðarfjarðarhreppi, og án tillits til þess, að ekkert af síldinni, sem þeim aflaðist, var flutt á land í þessum hreppi. — Það verður fyrir því að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi, og leggja fyrir fógetann að framkvæma eða láta framkvæma hjá hinum stefndu lögtak fyrir áminstu aukaútsvari. Svo verða hinir stefndu og eftir þessum úrslitum málsins að greiða málfærslukaup til hins skipaða málfærslumanns hreppsnefndarinnar fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 krónur, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður. Það vottast, að sókn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn skal úr gildi feldur, og ber fógetanum í Suður-Múlasýslu að framkvæma eða láta framkvæma lögtak hjá hinum stefndu, Torger og Fridrik Clausen, fyrir aukaútsvari til Reyðarfjarðarhrepps frá árinu 1909, að upphæð 200 krónur. Hinir stefndu greiði málflutningskaup til hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar, 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. desember 1912.

Nr. 26/1912: Hreppsnefnd Bessastaðahrepps
gegn
Jóni Þórarinssyni.

Dómur:

Með bréfi, dags. 23. desbr. f. á., fór sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu þess á leit við bæjarfógetann í Reykjavík, samkvæmt beiðni hreppsnefndaroddvitans í Bessastaðahreppi, að hann innheimti, ef á þyrfti að halda með lögtaki, ógreitt aukaútsvar Jóns Þórarinssonar fræðslumálastjóra til Bessastaðahrepps fyrir fardagaárið 1910—11, að upphæð 8 krónur. Var stefndi síðan krafinn borgunar á gjaldi þessu í fógetarétti Reykjavíkur 9. jan. þ. á., en hann neitaði að greiða það og taldi sig eigi hafa verið skyldan til að greiða útsvar í Bessastaðahreppi, og þau mótmæli tók fógetinn til greina með úrskurði uppkveðnum 27. s. m., er ákvað, að hið umbeðna lögtak ætti eigi fram að fara. Þessum úrskurði hefir verið áfrýjað af hreppsnefndarinnar hálfu til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. júlí f. á., og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málfærslumann, en hann hefir krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi numinn og bæjarfógetinn skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak á útsvari og kostnaði, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað allan eftir mati yfirréttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir um nokkur ár verið eigandi að 2 hndr.

í jörðinni Hliði á Álftanesi (í Bessastaðahreppi). Árið eftir að hann eignaðist jarðarhluta þennan, fekk hann sér útskift úr jörðinni sínum hluta af landinu, og hlaut þá alls 1564 □ faðma, og var rúmur helmingur þess garðræktarland, eða vel fallið til að hafa þar garðrækt, en hitt var tún, sem gefið hefir af sér mest 10 hesta af heyi. Stefndi girti land þetta og gerði þar matjurtagarð og heyjaði þar, auk þess sem hann hagnýtti sér hagbeit þar og leigði fjörurnar fyrir þangskurð gegn ákveðnu gjaldi. En stefndi notaði landið þannig að eins eitt ár. Næsta ár og síðan, þar á meðal fardagaárið 1910—11, hafði stefndi eigi önnur afnot af jarðarpartinum en þau, að hann tók til sín hey það, er féll af túninu, en annar maður sló það og hirti og flutti heim til stefnda í Hafnarfirði, gegn því að hafa í staðinn ókeypis afnot matjurtagarðsins, og voru um þetta munnlegir samningar milli þeirra fyrir öll árin.

Því er nú haldið fram af áfrýjanda, að umrætt útsvar, 8 kr., hafi verið réttilega lagt á stefnda, samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, þar sem stefndi hafi fardagaárið 1910—11 haft leiguliða afnot af greindum jarðarparti sínum á Hliði, er hann hirti af honum hey það, er þar féll til á jörðinni. Stefndi staðhæfir aftur á móti, að hann hafi afhent öðrum manni, þeim er áður er áminst, jarðarpartinn gegn eftirgjaldi í heyi, er félli af túninu, og hafi hann því ekki haldið eftir neinum leiguliðaafnotum af partinum, heldur að eins þegið eftirgjald eftir eign sína, er hann tók við heyinu.

Eins og fyr er getið, voru samningar milli stefnda og manns þess, er haft hefir afnotin af matjurtagarðinum, að eins munnlegir, en maður þessi hefir, eftir að hinn

áfrýjaði úrskurður var feldur, verið krafinn vitnisburðar um það fyrir rétti, hvernig afnotum hans af jarðarpartinum hafi verið varið samkvæmt samningum hans við stefnda, og hefir hann gefið þá skýrslu þar að lútandi, og stefndi ekki mótmælt henni beint sem ósannri eða rangri, að hann hafi af jarðarparti stefnda að eins haft afnot matjurtagarðs þess, er þar var, og fyrir þau afnot ein átt að skila heyinu þurru af túninu heim til stefnda. Samkvæmt þessari vitnaskýrslu, sem teljast verður viðurkend rétt vera af stefnda, verður að líta svo á, að stefndi hafi sjálfur haft afnot af jarðarparti sínum, að undanskildum matjurtagarðinum, og að ræktun hans á túninu eða heyöflun þar hafi verið leigulíða-afnot af jarðarpartinum, og kemur þetta heim við það, sem viðurkent er í málinu, að stefndi hefir umrædd ár öll greitt sjálfur skatta og skyldur af jarðeign þessari til hins opinbera. Samkvæmt þessu verður að álíta Bessastaðahreppi hafi, samkvæmt áðurgreindri grein sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, verið heimilt að leggja aukaútsvar á stefnda til hreppsins, og ber því að skylda fógetann til að framkvæma lögtak það, er um var beðið. Málskostnaður þykir mega falla niður. Hinum skipaða málfærslumanni hreppsnefndarinnar, sem hefir flutt málið óaðfinnanlega, ákveðast 20 kr. í málfærslulaun, og greiðast þau úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal úr gildi feldur, og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna lögtak. Málskostnaður fellur niður, og greiðir lands-

sjóður hinum skipaða málfærslumanni áfrýjanda Gísla yfirréttarmálaflutningsmanni Sveinssyni málfærslukaup fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Nr. 50/1912: Réttvísin gegn Guðna Einarssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt að leita með réttarrannsókn frekari upplýsinga um þau atriði, er nú skal greina:

1. Fá skýrslu ákærða um það, hvernig Ólafur sá Jónsson, er hann kveðst hafa selt umgetin smíðatól o. fl., hafi verið í hátt og hvernig klæddur.
2. Fá skýrslu heimilisfólks á Melstað á Bráðræðisholti um það, hvort Ólafur Jónsson, sá er hér geti verið um að ræða, hafi þekst þar.
3. Yfirheyra fólk það í Hjálpræðishernum, er upplýsingar gæti gefið um gistingu ákærða þar nóttina milli 6. og 7. jan. þ. á., sbr. réttarhald 9. jan. og 14. febr. þ. á.
4. Yfirheyra menn þá, er upplýsingar gætu gefið um erindagerðir ákærða hér í bænum 6. og 7. jan. þ. á. (sbr. réttarhald 9. jan. þ. á.).
5. Yfirheyra Guðmund kaupmann Þórðarson í Gerðum, og ef þörf þykir heimilsfólk hans, um hvað kunnugt hafi verið um peningaeign ákærða, er hann fór þaðan til Reykjavíkur 6. jan. þ. á.

6. Fá upplýsingar þær, sem fengist geta hér innanlands um sannindi þess, er ákærði hefir frá skýrt um viðskifti sín við Sigvalda Hákonarson.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og þær aðrar upplýsingar, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt sem verða má.

Lbs - Hbs / Benediktssafn
100728297-0 8.